Hæstaréttardómar 1992 - 2. bindi

Útgáfa 3.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Hæstaréttar. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

HÆSTARÉTTARDÓMAR 1992

Efnisskrá til bráðabirgða

2. hefti

Bls.

Aðfarargerð 1092
Aðfinnslur 704, 710, 961, 973, 1029, 1060, 1224, 1231, 1235, 1268, 1276, 1281, 1356, 1367, 1383, 1386, 1402
Aðild 784, 872, 1336
Áfrýjun 877, 1224
Ákæra 852, 1193
Ákæru vísað frá héraðsdómi 1396
Áskorunarmál 767, 771
Ávana- og fíkniefni 710
Biðlaun 651, 671, 682
Bifreiðar:
Einkamál .....
Opinber mál 732, 790, 821, 899, 1089
Bifreiðaskrá 913
Blekking 1252
Brot á friðhelgi einkalífs 825
Dagsektir 1009
Dómarar 1056, 1340
Dómsátt felld úr gildi 1274, 1286
Einkaleyfi 1389
Endurgreiðsla 1033
Endurkrafa 997
Endurskoðendur 1101
Faðerni 858
Farbann 787
Farbanni aflétt 985
Farmflutningur 1178
Fasteignagjöld 1360
Fasteignakaup 1022, 1040
Fasteignasala 1022
Fasteignaskattar 1323, 1326
Félagsaðild 747, 1209
Félög 1405
Fjárdráttur 966, 1101
Fjárnám 931, 1240, 1292, 1375

Bls.
Fjárnám fellt úr gildi 875
Fjárnámsgerð úr gildi felld 1400
Fjársvik 796, 815, 1077
Forgangskrafa 800, 1308, 1331, 1356
Fávísun:
a) frá Félagsdómi 1295
b) frá héraðsdómi 1052, 1276, 1281, 1336, 1377, 1393
c) frá Hæstarétti 650, 761, 775, 980, 1006, 1100, 1204, 1305, 1329, 1375
Frávísunardómur staðfestur 837, 844, 858, 1235
Frávísunardómur sakadóms felldur úr gildi 852
Frávísunarkröfu hafnað 1193
Frestur 764, 819, 1100, 1204
Fyrning 1314, 1323, 1326
Fölsun 717
Geðrannsókn 758, 1206
Gerðardómur 691
Gjaldþrot 865, 945, 1197
Gjaldþrotalög 1073, 1276, 1281
Gjaldþrotaskipti 1033, 1308, 1331, 1356, 1405
Greiðslustaður 1022
Greiðslustöðvun 800
Gæsluvarðhald 641, 644, 758, 830, 1206, 1288, 1290, 1301, 1303
Gæsluvarðhald fellt úr gildi 1019
Hagstofa Íslands 858
Hald 646
Handveð 1197
Hefð 747, 1209
Heimvísun 862, 882, 973, 1219, 1386
Hjón 1292
Hlutafélög 1092
Innsetningargerð 1329, 1343, 1348, 1389
Kaupsamningur 1240
Krafa um opinbera ákæru 825
Kröfugerð 882
Kærumál:
Aðfinnslur 1231, 1235, 1276, 1281, 1356, 1367, 1383, 1386, 1402
Aðild 1336
Ákæra 852, 1193
Ákæru vísað frá héraðsdómi 1396
Bifreiðaskrá 931
Dómarar 1056, 1340
Dómsátt felld úr gildi 1274, 1286
Einkaleyfi 1389
Faðerni 858

Bls.
Farbann 787
Farbanni aflétt 985
Fasteignagjöld 1360
Fasteignaskattur 1323, 1326
Félög 1405
Fjárnám 931, 1292, 1375
Fjárnámsgerð úr gildi felld 1400
Forgangskrafa 1308, 1331, 1356
Frávísun:
a) Frá Félagsdómi 1295
b) frá héraðsdómi 1276, 1281, 1336, 1377, 1393
c) frá Hæstarétti 650, 761, 1006, 1100, 1305, 1329, 1375
Frávísunardómur sakadóms felldur úr gildi 852
Frávísunardómur staðfestur 837, 844, 858, 1235
Frávísunarkröfu hafnað 1193
Frestur 764, 1100
Fyrning 1314, 1323, 1326
Geðrannsókn 758, 1206
Gjaldþrotalög 1276, 1281
Gjaldþrotaskipti 1308, 1331, 1356, 1405
Gæsluvarðhald 641, 644, 758, 830, 1206, 1288, 1290, 1301, 1303
Gæsluvarðhald fellt úr gildi 1019
Hagstofa Íslands 858
Hald 646
Heimvísun 1386
Hjón 1292
Innsetningargerð 1329, 1343, 1348, 1389
Launakrafa 1331
Lögbann 1389
Löghald 832, 937
Lögtak 1314, 1323, 1326, 1377, 1386
Lögveð 1356, 1360
Meðalganga 837, 844
Nauðungaruppboð 1006, 1298, 1352, 1360, 1367, 1393, 1402
Ómerking 1386, 1393
Skaðabótakröfu vísað frá 1389
Skattar 1314, 1377
Skipti 1259
Trygging 937
Uppboð 1383
Uppboðsafsal 1352
Vítur 1323, 1326
Þinglýsing 931, 1231, 1305
Þjóðskrá 858

Bls.
Laun í veikindaforföllum ... 1002
Launakrafa ... 1331
Leyfisveiting ... 1101
Líkamsárás ... 825, 1060
Lóðarréttindi ... 747, 1209
Læknar ... 691
Læknaráð ... 1250
Lögbann ... 1389
Löghald ... 832, 937, 1009
Lögheimili ... 1073
Lögskýring ... 821, 1002
Lögtak ... 1314, 1323, 1326, 1377, 1386
Lögveð ... 1356, 1360
Málskostnaður ... 1029, 1224
Meðalganga ... 837, 844
Nauðgun ... 704
Nauðungaruppboð .. 961, 980, 1006, 1029, 1219, 1224, 1298, 1352, 1360, 1367, 1393, 1402
Nytjastuldur ... 790
Opinberir starfsmenn ... 651, 671, 682
Orlof ... 651, 671, 682
Ólögmætir viðskiptahættir ... 1101
Ómaksbætur ... 702
Ómerking ... 862, 882, 973, 1052, 1219, 1386 1393
Ráðningarsamningur ... 651
Reynslulausn ... 732, 1089
Riftun ... 945, 1033
Sakarkostnaður ... 821
Samningar ... 886
Sératkvæði ... 651, 671, 691, 862, 956, 987, 1092, 1197
Siðareglur ... 691
Sinubrenna ... 913
Sjálfsábyrgð ... 767, 771
Sjálfskuldarábyrgð ... 997
Sjómenn ... 1002
Skaðabótakröfu vísað frá ... 1389
Skaðabætur, skaðabótamál ... 1040, 1077, 1178
Skattar ... 1314, 1377
Skilasvik ... 1101
Skilorð ... 1060, 1077, 1101
Skilnaðarsamningur ... 945
Skipti ... 1259
Skírlífisbrot ... 916, 956
Skjalafals ... 796, 815, 939

Bls.
Skuldabréf 997
Skuldajöfnuður 1197
Skuldamál 780, 784, 865, 872, 882
Skyldusparnaður 966
Stefnubirting 1092
Sýkna 916, 966, 1268
Sýkna að svo stöddu 1209
Sönnun 886, 916, 966
Sönnunargögn 1052
Takmörkun ábyrgðar 1178
Tilraun 1077
Tilraun til manndráps 987
Tolllagabrot 1268
Tómlæti 717
Trygging 937
Umboð 780, 1022
Umferðarlög 732, 790, 821, 899, 1089
Uppboð 877, 1383
Uppboðsafsal 1352
Uppgjör 886
Útburðargerð 775
Útivist í héraði 767, 771, 1052
Útivistardómar 702, 703, 885, 1048, 1049, 1050, 1051
Vanefndauppboð 980
Vanlýsing 767, 771
Varnarþing 882
Vátrygging 1077
Veðskuldabréf 717
Verðbréfamiðlun 1101
Verjandi 1268
Verksamningur 1009
Verslunarkaup 1092
Vítur 862, 1323, 1326
Víxlar, Víxilmál 780
Þinglýsing 931, 1231, 1305
Þjóðskrá 858
Þóknun aðstoðarmanns 800
45. gr. hæstaréttarlaga 872
261. gr. alm. hgl. nr. 19/1940 1252

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LXIII. árgangur. 2. hefti. 1993

Mánudaginn 30. mars 1992.

Nr. 141/1992. **Ákæruvaldið**

gegn

Daníel Birgi Ívarssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar. Var kærunni lýst, þegar úrskurðurinn var kveðinn upp.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og sér veitt frelsi. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 24. mars 1992.

Ár 1992, þriðjudaginn 24. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Birnu Björnsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Ríkissaksóknari hefur krafist þess, að ákærða, Daníel Birgi Ívarssyni gæslufanga, kt. 280173-3989, til lögheimilis að Akurgerði 12, Reykjavík, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi áfram með vísan til 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, uns dómur gengur í máli hans í héraði, þó ekki lengur en til miðvikudagsins 20. maí nk. kl. 16.00. Til stuðnings kröfunni vísaði ríkissaksóknari til ákæru, dagsettrar 19. mars sl., og gagna henni fylgjandi.

Ákærði hefur mótmælt kröfunni.

Málavextir.

Með úrskurði sakadóms Reykjavíkur 22. janúar sl. var ákærða gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til 31. janúar sl. vegna grunar um skjalafals og þjófnað. Þá var ákærða með úrskurði sakadóms Reykjavíkur 17. febrúar sl. gert að sæta gæsluvarðhaldi til 24. febrúar sl. vegna grunar um meinta aðild hans að broti gegn 252. gr. almennra hegningarlaga.

Gæsluvarðhald yfir ákærða var framlengt með úrskurði sakadóms Reykjavíkur, upp kveðnum 24. febrúar sl., og ákærða gert að sæta gæsluvarðhaldi áfram allt til síðdegis í dag kl. 16.00 með vísan til 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, um meðferð opinberra mála.

Hinn 19. þ. m. var gefin út ákæra á hendur ákærða og meðákærða, Einari Birni Ingvasyni, fyrir brot gegn almennum hegningarlögum nr. 19, 1940. Er ákærða gefið að sök að hafa staðið að ráni í félagi við Einar Björn Ingvason með því að hafa 16. febrúar sl. ráðist með nælonsokka yfir höfði sér inn í söluturn við Dalbraut 1 í því skyni að taka þar fjármuni, og hafi þeir með ógnandi framkomu og ofbeldi neytt Vilborgu Sigurðardóttur afgreiðslustúlku til að opna búðarkassann og tekið úr honum um 20.000 krónur í reiðufé og 3.500 krónur í tékkum og hlaupið síðan á brott.

Enn fremur eru ákærða gefin að sök tólf brot, er varða innbrotsþjófnað, skjalafals, fjársvik og ólögmæta meðferð fundins fjár á tímabilinu frá október 1991 fram í febrúar 1992.

Ákærði hefur við rannsókn mála þessara játað að hafa staðið að framangreindum brotum. Brot þessi geta varðað fangelsisrefsingu samkvæmt XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Samkvæmt fyrirliggjandi sakavottorði hlaut ákærði árið 1989 skilorðsbundna frestun ákæru vegna brota á almennum hegningarlögum. Þá var ákærði 9. janúar 1990 dæmdur til þriggja mánaða skilorðsbundins fangelsis í þrjú ár.

Ákærði er heimilislaus, en hefur sagt, að hann hafi loforð um dvalarstað. Hann hefur verið atvinnulaus frá nóvember síðastliðnum og á við fíkniefnavandamál að stríða.

Eins og rakið hefur verið, hefur ákærði játað að hafa verið nokkuð sam-

fellt í afbrotum í u.þ.b. hálft ár, m.a. eftir að hafa sætt gæsluvarðhaldi í janúar sl.

Þykir dóminum vera hætta á, að ákærði haldi áfram brotum, haldi hann óskertu frelsi. Þykir því rétt með vísan til 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 að taka kröfu ríkissaksóknara til greina og ákveða, að ákærði sæti áfram gæsluvarðhaldi, eins og nánar greinir í úrskurðarorði.

Úrskurðarorð:

Ákærði, Daníel Birgir Ívarsson, skal sæta gæsluvarðhaldi áfram, uns dómur gengur í máli hans í héraði, þó ekki lengur en til miðvikudagsins 20. maí nk. kl. 16.00.

Mánudaginn 30. mars 1992.

Nr. 142/1992. **Ákæruvaldið**
gegn
Ólafi Kristjánssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar. Var kærunni lýst innan kærufrests 26. mars 1992.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldstíminn verði styttur verulega.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaðar hefur ekki verið krafist.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 25. mars 1992.

Mánudaginn 23. mars sl. um kl. 18.30 var handtekinn á Keflavíkurflugvelli við komu frá Lúxemborg Georg Arnar Tómasson, kt. 020566-2999, eftir að á honum höfðu fundist innan klæða liðlega 1.936 g af ætluðum hassefnum í 20 einingum eða plötum, en tæplega 0,5 g af amfetamíni að auki.

Nefndur aðili, sem var í gær úrskurðaður í gæsluvarðhald, hefur skýrt svo frá, að hann hafi haldið flugleiðis til Lúxemborgar 20. þessa mánaðar, en þaðan með lest til Amsterdam í því skyni að sækja þangað um 2 kg á hassefnum fyrir Ólaf Kristjánsson, kt. 090369-4909, enda sá aðili kostað

utanförina og heitið Georg Arnari 350.000 kr. þóknun fyrir flutninginn.

Georg Arnar kvaðst hafa átt að sækja efnin til Rotterdam til systur Ólafs Kristjánssonar, sem þar væri búsett. Þessi áætlun hefði þó breyst degi fyrir brottför og Ólafur áðurnefndur þá sagt, að efnin yrðu afhent í Amsterdam og svo orðið.

— — —

Af hálfu lögregluyfirvalda í Reykjavík er með vísan til ofanritaðs krafist, að Ólafi Kristjánssyni verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt að kl. 15.00 fimmtudaginn 9. apríl nk. Réttargæslumaður Ólafs kannast við rannsóknarþörf varðandi ofangreint, en mótmælti lengd gæsluvarðhaldskröfu.

Niðurstöður.

Verið er að rannsaka ætluð umtalsverð brot gegn lögum nr. 65, 1974, og reglugerð nr. 16, 1986.

Framburður aðila stangast samkvæmt ofanskráðu á um grundvallaratriði. Ólafur Kristjánsson hefur gögnum samkvæmt og hér fyrir dómi dregið stórlega úr sínum gjaldeyriskaupum á þessu ári. Einnig er af gögnum víst og samkvæmt framburði Ólafs Kristjánssonar og Georgs Arnars Tómassonar, að þeir voru sömu daga seint í fyrra mánuði í sömu borg í Hollandi og samkvæmt framburði beggja einnig Ólafur Már Jóhannsson.

Að ofangreindu athuguðu verður ekki talið, að 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 girði fyrir beitingu gæsluvarðhalds Ólafs Kristjánssonar, sem borinn er alvarlegum sökum og skýrt hefur verulega rangt frá nýlegum gjaldeyriskaupum sínum. Verður því talið rétt í þágu rannsóknarhagsmuna og með vísan til 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, að gera Ólafi Kristjánssyni að sæta gæsluvarðhaldi frá kl. 18.30 að telja 25.3. 1992 allt að fimmtudegi 9.4. nk. kl. 15.00.

Úrskurðarorð:

Ólafur Kristjánsson, kt. 090369-4909, sæti gæsluvarðhaldi allt að kl. 15.00 fimmtudag 9. apríl 1992.

Mánudaginn 30. mars 1992.

Nr. 126/1992. **Ákæruvaldið**

gegn

Eiríki Franzsyni.

Kærumál. Hald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 1. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 19. mars 1992, sem barst Hæstarétti 20. sama mánaðar. Í kærunni er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Ríkissaksóknari hefur sent Hæstarétti greinargerð. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Þá hefur Kristján Stefánsson hæstaréttarlögmaður, sem í kærumáli þessu gætir hagsmuna varnaraðila, sent Hæstarétti greinargerð. Þar er ítrekuð krafa um, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og þess jafnframt krafist, að varnaraðila verði fengin umráð þeirra verðmæta, sem hald var lagt á samkvæmt úrskurðinum. Jafnframt er krafist kærumálskostnaðar.

Í greinargerðinni er því haldið fram, að inneign á gjaldeyrisreikningum þeim í Íslandsbanka hf., sem hald var lagt á, séu m.a. lífeyrisgreiðslur, sem varnaraðili hafi fengið vegna lífeyrisréttinda, er hann njóti erlendis. Bent er á, að varnaraðila hafi ekki gefist kostur á að tjá sig fyrir dómi um kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins, áður en hald var lagt á umrædd verðmæti. Engin gild rök hafi verið til launungar í því efni af hálfu rannsóknaraðila. Þá er því haldið fram, að ekkert hafi komið fram enn við rannsókn málsins, er sýni eða gefi vísbendingu um, að inneignar á nefndum bankareikningum hafi verið aflað á refsiverðan hátt í tengslum við brot, sem rannsóknin beinist að, þannig að ætla megi, að fé þetta verði gert upptækt.

Ýmis gögn hafa borist Hæstarétti eftir uppkvaðningu hins kærða úrskurðar. Er þar á meðal ýtarleg greinargerð Rannsóknarlögreglu

ríkisins til ríkissaksóknara af tilefni þessa kærumáls. Í henni kemur fram, að húsleit hafi verið gerð hjá varnaraðila og hald lagt á mikið magn skjala af ýmsu tagi, flest á þýsku og ensku. Mörg þessara skjala varði samskipti varnaraðila eða fjölskyldu hans við erlend vátryggingafélög, þar sem krafist sé bóta vegna ýmissa sjúkdóma og læknisverka. Er sérstaklega skírskotað til bréfaskipta varnaraðila við nafngreint vátryggingafélag í Vín. Þá er vitnað til gjaldeyrisreikninga þeirra í Íslandsbanka hf., sem greinir frá í hinum kærða úrskurði, en síðan segir í greinargerðinni:

„...má af þeim ráða, að kærður njóti eftirlaunagreiðslna erlendis frá og má ætla að mánaðarleg yfirfærsla nemi u.þ.b. 50.000 krónum á mánuði. Þá er einnig að finna innborganir, sem nema verulegum fjárhæðum og er enn óljóst hvaðan þær stafa, en þó má ætla, að þar sé um að ræða sjúkrabætur frá hinu erlenda tryggingarfyrirtæki í Wien sem áður er getið. Sé það rétt má fullyrða ef miðað er við þau gögn, sem RLR hefur undir höndum, t.d. reikninga sem sagðir eru útgefnir af íslenskum læknum og fylgja margvíslegum bréfaskiptum kærða til margnefnds tryggingafélags, að bætur þessar hafi verið fengnar með svikum og skjalafalsi."

Síðar segir:

„Kærður hefur haldið því fram, að hann sé óvinnufær vegna heilsubrests og hafi þ.a.l. ekki stundað launaða vinnu um árabil. Svo mikið er víst, að ekki sést það á skattframtölum hans fyrir sl. 3 ár, að hann hafi sjálfur haft einhverjar tekjur, ekki heldur þær lífeyrisgreiðslur, sem lögmaður hans heldur fram, að myndað hafi hinn digra sjóð hans í Íslandsbanka hf."

Enn fremur segir í greinargerðinni:

„Séu hreyfingar á reikningi kærða nr. 101014 fyrir tímabilið 1.7.85 - 31.12.91 skoðaðar og útborganir af reikningnum lagðar við innistæðuna, sem var á reikningnum, er hann var haldlagður, kemur í ljós, að þær nema samtals USD 114.038,84 eða á gengi 17. þ.m. (59,39) samtals kr. 6.772.776,70.

Samsvarandi tölur fyrir reikning nr. 560004 yfir tímabilið 31.12.90 - 17.03.92 eru þær, að innstæða við haldlagningu var SEK 267.840,13. Útborganir af reikningnum námu SEK 121.978,20 eða samtals SEK 389.818,33 eða á gengi 17. þ.m. (9,9032) samtals kr. 3.860.409,90.

Samanlagt nemur veltan (innborganir) inn á þessa reikninga kr. 10.633.176 frá 1.7. 1985.

Af þessu má sjá með óyggjandi hætti, að fjárhæðir sem fyrirfundust á reikningum kærða í Íslandsbanka hf. samanstanda af öðru og meira en lífeyrisgreiðslum einum saman. Þá er það einnig rangt sem kærður heldur fram í skýrslu, sem tekin var af honum 19. þ.m. að „eftirlaunin er hann hafi fengið send hafi ekki verið hreyfð nema eitthvað smávegis af þeim". Til staðfestingar þessari staðhæfingu vísast til meðfylgjandi reikningsyfirlits, sbr. fskj. nr. 11.

Loks má nefna það, að samkvæmt upplýsingum yfirlæknis sjúkrahúss Keflavíkur hefur hvorki kærður, eiginkona hans eða börn legið á sjúkrahúsinu frá árinu 1988 til þessa dags."

Með skírskotun til þess, sem að framan er rakið, og forsendna hins kærða úrskurðar þykir rétt, að hann standi óhaggaður.

Kærumálskostnaður verður eigi dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 17. mars 1992.

Ár 1992, þriðjudaginn 17. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi:

RLR hefur krafist þess, að henni verði með úrskurði heimilað að leggja hald á fjármuni, sem Eiríkur Franzson, kt. 240440-6289, Faxabraut 2 A, Keflavík, varðveitir á tveimur gjaldeyrisreikningum í Íslandsbanka í Keflavík, nr. 101014 og 560004.

Rannsóknarlögregla ríkisins vinnur nú að ætluðum brotum kærða, eiginkonu hans og sonar gegn 155. og 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940. Rannsókn þessi hófst að beiðni þriggja tryggingafélaga og Tryggingastofnunar ríkisins, og standa þessir aðilar sameiginlega að rannsóknarbeiðninni. Er málavöxtum lýst svo í stuttu máli, að kærði, eiginkona hans og sonur hafi fengið greiddar verulegar fjárhæðir frá tryggingafélögunum og Tryggingastofnun ríkisins vegna 7-8 atburða erlendis frá því í desember 1988 til nóvembermánaðar sl. Hafi grunur vaknað um, að sömu kostnaðarreikningar hafi verið greiddir oftar en einu sinni í nokkrum tilvikum, — einnig, að skýrslur eða staðfestingar frá lögreglu í Austurríki væru tilbún-

ingur og jafnvel kostnaðarreikningarnir sjálfir. Félögin hafi nú borið saman gögn sín, og augljóst þyki, að í þremur tilvikum hafi sami kostnaður verið greiddur framangreindum aðilum oftar en einu sinni.

Kærði, sem sætt hefur gæsluvarðhaldi frá 13. þ. m., hefur játað að hafa falsað fjölmörg skjöl og framvísað þeim við tryggingafélög og þannig fengið greiddar verulegar fjárhæðir í bætur.

Að undangengnum úrskurði þess efnis, að forsvarsmönnum Íslandsbanka hf. væri rétt og skylt að láta RLR í té upplýsingar um öll bankaviðskipti kærða, Eiríks, þ. m. t. upplýsingar um allar inneignir á reikningum hans í framangreindum banka, hefur RLR nú fengið þær upplýsingar frá bankanum, að kærði, Eiríkur, eigi þar tvo gjaldeyrisreikninga og að heildarfjárhæð innstæðna á þeim m. v. gengi dagsins í dag nemi samtals 4.041.022,02 kr.

Verið er að rannsaka ætluð brot kærða gegn 155. og 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940. Með vísan til framangreindrar málavaxtalýsingar og skírskotun til 43. gr. laga nr. 74, 1974, svo og sjónarmiða þeirra, sem fram koma í 69. gr. almennra hegningarlaga, þykir rétt að taka kröfu RLR um haldlagningu fjármuna á gjaldeyrisreikningum kærða til greina, eins og nánar greinir í úrskurðarorði.

Úrskurðarorð:

Rannsóknarlögreglu ríkisins skal vera heimilt að leggja hald á fjármuni, sem kærði, Eiríkur Franzson, varðveitir á tveimur gjaldeyrisreikningum, nr. 101014 og 560004, í Íslandsbanka hf. í Keflavík.

Mánudaginn 30. mars 1992.

Nr. 129/1992. **Jóhanna Tryggvadóttir og Heilsuræktin**
gegn
Steinunni Kristjánsdóttur.

Kærumál. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 17. mars 1992. Kærður er úrskurður bæjarþings Hafnarfjarðar, sem kveðinn var upp sama dag í bæjarþingsmáli nr. 576/1991.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Hinn kærði úrskurður er kveðinn upp af Gunnari Aðalsteinssyni héraðsdómara. Úrskurðurinn er án forsendna, og er úrskurðarorð svohljóðandi:

„Kröfu stefndu um frávísun málsins er hrundið."

Úrskurði, sem hafnar kröfu um frávísun máls frá héraðsdómi, verður ekki skotið einum sér til Hæstaréttar með kæru samkvæmt 1. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Ber því að vísa kæru sóknaraðila sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Kærumáli þessu er vísað sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Sóknaraðilar, Jóhanna Tryggvadóttir og Heilsuræktin, greiði varnaraðila, Steinunni Kristjánsdóttur, 20.000 krónur í kærumálskostnað.

Þriðjudaginn 31. mars 1992.

Nr. 489/1989. **Iðnaðarráðherra f.h. Orkustofnunar og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**
(Ingibjörg Rafnar hdl.)
gegn
Snorra Páli Snorrasyni
(Viðar Már Matthíasson hrl.)
og gagnsök.

Opinberir starfsmenn. Orlof. Biðlaun. Ráðningarsamningur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. desember 1989, sem árituð var um birtingu af lögmanni gagnáfrýjanda 4. janúar 1990. Krefjast aðaláfrýjendur þess aðallega, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá lund, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum gagnáfrýjanda og sér dæmdur málskostnaður úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara er þess krafist, að dæmdar fjárhæðir verði verulega lækkaðar og málskostnaður verði felldur niður.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 26. janúar 1990 með vísan til heimildar í 3. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá leið, að aðaláfrýjendur verði dæmdir til að greiða sér aðallega 523.402 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. febrúar 1988 til greiðsludags, eins og nánar er tilgreint í kröfugerð hans. Til vara krefst gagnáfrýjandi þess, að aðaláfrýjendur verði dæmdir til að greiða sér 186.791 krónu með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga, sem hér segir: Af 147.897 krónum frá 1. febrúar 1988 til 28. sama mánaðar, en af 186.791 krónu frá 1. mars sama ár til greiðsludags. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti ásamt dráttarvöxtum af honum frá og með 15. degi eftir dómsuppsögu samkvæmt vaxtalögum.

Í máli þessu er annars vegar deilt um greiðslur vegna ótekins orlofs við starfslok gagnáfrýjanda hjá Orkustofnun 1987 og hins vegar um rétt hans til biðlauna, eftir að hann lét af störfum, eða bóta vegna uppsagnar hans. Eru málsatvik og málsástæður aðila rækilega rakin í hinum áfrýjaða dómi.

Telja verður upplýst í málinu, að af hálfu yfirmanna Orkustofnunar hafi það verið vel þegið, að starfsmenn á borð við gagnáfrýjanda tækju orlof utan hins hefðbundna sumarleyfistíma, og hafi orlofstaka að sumrinu verið brotakennd. Helgaðist þetta af eðli starfa þeirra, en gagnaöflun, sem þeim fylgdi, fór fyrst og fremst fram að sumrinu. Yfirmaður gagnáfrýjanda hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að starfsmönnum hafi verið gert ljóst, að það væri vel þegið, að þeir tækju ekki allt frí sitt á sumarorlofstíma. Verður að telja, að gagnáfrýjandi hafi mátt skilja þetta sem tilmæli um að fresta orlofstöku fram yfir sumartímann. Með hliðsjón af þessu og að öðru leyti með vísan til raka héraðsdóms verður staðfest sú niðurstaða hans, að gagnáfrýjandi hafi öðlast rétt til að fá ótekið orlof sitt greitt með yfirvinnukaupi samkvæmt gr. 4.7.2. í kjarasamningi stéttarfélags hans og fjármálaráðherra, sbr. 4. mgr. 16. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Í héraðsdómi er gerð grein fyrir gögnum og sjónarmiðum, sem fram hafa komið í málinu varðandi fastar yfirvinnugreiðslur til gagnáfrýjanda. Aðaláfrýjendur halda því fram, að samið hafi verið um greiðslu fyrir ákveðið vinnuframlag, sem næmi 360 klukkustundum á ári og dreifðist jafnt á alla mánuði ársins. Gagnáfrýjandi kveður hér hins vegar um að ræða greiðslu fyrir svokallaða óunna yfirvinnu og miðað hafi verið við ákveðinn stundafjölda á mánuði, sem ætíð hafi verið greitt fyrir, jafnt í orlofi sem annars. Krefst hann þess, að tekið verði tillit til þessa við uppgjör á óteknu orlofi, þar sem greiðslur þessar hafi verið hluti af föstum launum sínum.

Ekki þykir það ráða úrslitum við úrlausn þessa ágreiningsefnis, hvort litið verði á umræddar yfirvinnugreiðslur sem hluta af föstum launum gagnáfrýjanda eða ekki. Upplýst er í málinu, að af þessum föstu yfirvinnugreiðslum var jafnan greitt orlofsfé. Verður að fallast á þá röksemd aðaláfrýjenda, að greiðsla samkvæmt kröfu gagnáfrýjanda í þessu efni við uppgjör á óteknu orlofi feli í sér tví-

greiðslu. Verða aðaláfrýjendur því sýknaðir að þessu leyti af kröfum gagnáfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir mega staðfesta niðurstöðu hans um kröfu gagnáfrýjanda um biðlaun.

Ráðningarsamningur gagnáfrýjanda var einungis gerður til eins árs. Þau ákvæði samningsins, sem aðaláfrýjendur byggja á, kveða ekki skýlaust á um rétt til uppsagnar fyrir lok umsamins starfstíma. Ber, eins og hér stendur á, að túlka þau gagnáfrýjanda í hag. Að þessu athuguðu verður staðfest niðurstaða héraðsdóms um, að uppsögn gagnáfrýjanda hafi verið óheimil, og um bætur honum til handa vegna hennar.

Samkvæmt framansögðu verður niðurstaða málsins sú, að aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda samtals 119.543 krónur, sem sundurliðast svo:

1. Yfirvinna í stað dagvinnu í óteknu orlofi	kr. 77.907
2. Bætur vegna ólögmætrar uppsagnar (yfirvinna í janúar og febrúar 1988 auk orlofs, 11,59%)	— 41.636

Dráttarvextir af fjárhæðinni ákveðast eins og greinir í dómsorði.

Dæma ber aðaláfrýjendur til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 80.000 krónur, og er þá ekki tekið tillit til sölu- og virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, iðnaðarráðherra f.h. Orkustofnunar og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Snorra Páli Snorrasyni, 119.543 krónur með árlegum dráttarvöxtum sem hér segir: 51,6% af 98.509 krónum frá 1. - 29. febrúar 1988, 45,6% af 119.543 krónum frá 1. mars til 30. apríl 1988, 44,4% frá 1. maí til 30. júní 1988, 40,8% frá 1. til 31. júlí 1988, 56,4% frá 1. til 31. ágúst 1988, 49,2% frá 1. til 30. september 1988, 23,6% frá 1. til 31. október 1988, 27,6% frá 1. til 29. nóvember 1988, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Leggja skal dráttarvexti við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. febrúar 1989.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda 80.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
Péturs Kr. Hafstein hæstaréttardómara.

Ég er sammála meiri hluta dómenda um það, að ekki sé lagagrundvöllur til að fallast á kröfu gagnáfrýjanda um greiðslu biðlauna. Þá er ég einnig samþykkur þeirri niðurstöðu meiri hlutans, að gagnáfrýjandi eigi ekki rétt á að fá fastar og umsamdar yfirvinnustundir greiddar vegna ótekins orlofs síns.

Af framburði stefnanda og annarra starfsmanna Orkustofnunar í þessu máli og hæstaréttarmálunum nr. 490 og 491/1989 er ljóst, að lítið skipulag hefur verið á töku sumarorlofs hjá stofnuninni. Fram er komið, að starfsmönnum hefur verið ljóst, að það væri „vel þegið" og „litið með velþóknun" af yfirmönnum, að þeir tækju sumarorlof sem mest utan hins eiginlega sumarorlofstíma 15. maí til 30. september. Skýrist það af eðli starfa Orkustofnunar, meðal annars þeirra, er lúta að jarðfræðirannsóknum og öðrum skyldum verkefnum. Gagnáfrýjandi í hæstaréttarmálinu nr. 490/1989, Ómar Bjarki Smárason jarðfræðingur, lýsti fyrir dómi orlofstöku hjá Orkustofnun meðal annars með svofelldum orðum: „Það var kannski skilningur manna að vissu leyti, að það væri óæskilegt, að margir væru í fríi yfir háannatímann, yfir sumartímann. En að öðru leyti þá vorum við nokkuð frjáls með það hvenær við tókum okkar orlof...við þurftum í raun og veru eingöngu að hafa samstarf við okkar nánasta yfirmann, alla vega varðandi stuttan orlofstíma. Það má segja það í jarðfræðinni, þá í raun og veru finnst manni óeðlilegt að fara í langt sumarleyfi yfir sumartímann, því þetta er sá tími, sem manni nýtist best í vinnu, útivinnu og annað því um líkt."

Í málinu er ekki fram komið, að gagnáfrýjanda hafi nokkru sinni verið synjað um töku orlofs á sumarorlofstíma. Ekki er heldur í ljós leitt, að yfirmenn hans hafi nokkru sinni beðið hann ákveðið og formlega að taka ekki sumarorlof að hluta eða öllu leyti eða

fresta því. Þeirri afstöðu yfirmanna til frestunar orlofs, sem að framan er lýst, verður ekki jafnað til beiðni um frestun í skilningi laga og kjarasamninga um orlofsmál. Af gögnum málsins verður ráðið, að næstu fjögur ár fyrir starfslok gagnáfrýjanda hjá Orkustofnun tók hann drjúgan hluta orlofs á sumarorlofstíma, 14,5 daga 1984, 16 daga 1985, 13,5 daga 1986 og 8 daga 1987.

Með hliðsjón af framansögðu er ekki unnt að fallast á það, að gagnáfrýjandi hafi unnið sér rétt til greiðslu yfirvinnukaups vegna ótekins orlofs á þeirri forsendu, að af töku þess hafi ekki orðið vegna beiðni yfirmanns, sbr. 4. mgr. 16. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. og samhljóða greinar 4.7.2. í þeim kjarasamningum ríkisins við BHMR og Félag íslenskra náttúrufræðinga, sem á er byggt í málinu. Þessi ákvæði verður jafnan að skýra þröngt, svo að ekki fari á milli mála, að yfirmaður sé að ráðstafa verkefnum og þar með þeim fjármunum ríkisins, sem hann vegna starfa síns er bær að fara með.

Gagnáfrýjandi starfaði hjá Orkustofnun frá því í mars 1976, og var hann jafnan ráðinn með tímabundnum ráðningarsamningum að undanskildum tveimur fyrstu árunum, er skriflegir samningar virðast ekki hafa verið gerðir. Giltu þeir ýmist eitt, tvö eða þrjú ár í senn. Með síðasta samningnum var gagnáfrýjandi ráðinn frá 1. mars 1987, og skyldi ráðningu ljúka sjálfkrafa 28. febrúar 1988. Viðurkennt er, að sá samningur var sérstaklega gerður vegna verkefna Orkustofnunar fyrir Hitaveitu Reykjavíkur að Nesjavöllum.

Í prentuðu meginmáli þeirra ráðningarsamninga, sem gerðir voru við gagnáfrýjanda og almennt eru notaðir af hálfu ríkisins, segir svo: „Gagnkvæmur uppsagnarfrestur samkvæmt samningi þessum skal vera þrír mánuðir, nema tekið sé fram að ráðningu ljúki sjálfkrafa.“ Ekki er unnt að fallast á, að þetta orðalag ráðningarsamnings, sem gerður er til ákveðins tíma með sérstakri áritun, girði fyrir uppsögn endranær með þriggja mánaða fyrirvara, þegar til hennar liggja málefnalegar ástæður. Starfsmaður á að vísu almennt að geta treyst því, að hann fái að gegna starfi sínu þann tíma allan, sem um var samið í upphafi, ef hann gerist ekki brotlegur í starfanum. Hins vegar geta þær aðstæður skapast í rekstri ríkisstofnunar, meðal annars vegna ákvarðana fjárveitingavaldsins, sem gera það óhjákvæmilegt að segja upp föstum starfsmönnum eða stytta starfs-

tíma þeirra, sem ráðnir eru tímabundinni ráðningu. Það er í andstöðu við grunnreglur laga nr. 38/1954, að síðarnefndir starfsmenn njóti þá betri réttar að þessu leyti en fastráðnir ríkisstarfsmenn.

Það er óumdeilt, að uppsögn gagnáfrýjanda kom eingöngu til vegna verulegs samdráttar í fjárveitingum til Orkustofnunar á árinu 1988. Með hliðsjón af því og aðstæðum að öðru leyti verður þannig að telja, að heimilt hafi verið að segja gagnáfrýjanda upp störfum með þriggja mánaða fyrirvara hinn 29. september 1987.

Gagnáfrýjandi fékk greidd dagvinnulaun í janúar og febrúar 1988. Þær greiðslur voru samkvæmt framansögðu umfram skyldu, og verða aðaláfrýjendur þegar af þeirri ástæðu ekki dæmdir til að greiða gagnáfrýjanda frekar vegna þessara mánaða.

Með vísun til þess, sem að framan er rakið, tel ég rétt að sýkna aðaláfrýjendur af öllum kröfum gagnáfrýjanda og dæma hann til þess að greiða þeim málskostnað.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. september 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. september sl., höfðaði Snorri Páll Snorrason, Víghólastíg 16, Kópavogi, gegn iðnaðarráðherra, Arnarhvoli, Reykjavík, f.h. Orkustofnunar, Grensásvegi 9, Reykjavík, og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Arnarhvoli, Reykjavík, með þingfestingu málsins 29. nóvember 1988 fyrir bæjarþingi Reykjavíkur.

Dómkröfur stefnanda eru þær aðallega, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða sér 523.402 kr. með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum].

Til vara gerir stefnandi þær kröfur, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða sér 186.791 kr. með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum].

Stefnandi krefst í báðum tilvikum málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Loks krefst stefnandi þess í báðum tilvikum, að málskostnaður skuli bera dráttarvexti samkvæmt lögum nr. 25/1987 frá og með 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómkröfur stefndu eru þær aðallega, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður úr hendi hans að mati dómsins.

Til vara eru dómkröfur stefndu þær, að stefnukröfurnar verði stórlega lækkaðar og málskostnaður í því tilviki látinn falla niður.

Málavextir.

Stefnandi er jarðfræðingur að mennt. Hann hóf störf sem slíkur hjá Orkustofnun í mars 1976 og starfaði þar til 31. desember 1987, en honum var sagt upp störfum frá þeim tíma með bréfi, dags. 29. september 1987. Ekki var gerður skriflegur ráðningarsamningur við stefnanda í upphafi. Það var ekki fyrr en á árinu 1978, að skriflegur tímabundinn ráðningarsamningur var gerður. Stefnandi starfaði framvegis hjá Orkustofnun samkvæmt slíkum samningum, en þeir urðu alls sjö talsins frá upphafi til loka starfstímans. Síðasti ráðningarsamningurinn var gerður í febrúar 1987, og átti hann að gilda til 28. febrúar 1988.

Stefnanda voru greidd föst dagvinnulaun ásamt orlofi af þeim fyrir janúar og febrúar 1988, samtals 138.784 kr. Stefnandi telur sig eiga rétt á því að fá yfirvinnu greidda fyrir þessa mánuði.

Stefnandi telur, að verulega vanti á, að uppgjör vegna orlofs, sem hann hafði ekki tekið, er starfstíma lauk, sé í samræmi við rétt sinn samkvæmt kjarasamningi.

Þá telur stefnandi, að staða sín hafi verið lögð niður og í samræmi við starfstímann eigi hann rétt til biðlauna í sex mánuði, þ.e. frá 1. janúar til 30. júní 1988.

Verði ekki fallist á kröfuna um biðlaun, telur stefnandi sig eiga rétt á skaðabótum vegna ólögmætrar riftunar á ráðningarsamningi, sem hljóti a.m.k. að jafngilda staðgengilslaunum fram til 28. febrúar 1988.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar á eftirfarandi hátt:

Aðalkrafa:

a) Greidd verði yfirvinna í óteknu sumarorlofi, þ.e.: ógreidd yfirvinnulaun í sumarleyfi 597,76 (173,33 x 1,7766) (38,5 x 8 x 597,76)	kr.	184.105
Áður greidd dagvinnulaun í sumarorlofi, sbr. launaseðil, dags. 18.12. 1987	kr.	106.198
Ógreitt	kr.	77.907
b) Greidd verði yfirvinna í orlofi, þ.e.: yfirvinna pr./mán. 30 klst. x 1,776 = 53,3 x 597,76	kr.	31.859
Samtals	kr.	109.766

Kröfur vegna vangoldinna launa á biðlaunatíma:

a) Föst yfirvinna 30 klst. pr./mán.

Tímakaup í yfirvinnu er 1% af mánaðarlaunum frá 1. jan. 1988 til 31. maí s. á., en 1,0385% af sama stofni frá 1. júní 1988.

Janúar 1988: Miðað er við 143. lfl., 5. þrep.				
Föst yfirvinna 30 x 615,79	kr.	18.471		
Orlof á yfirvinnu 18.480 kr. x 11,59%	kr.	2.141	kr.	20.612
Febrúar 1988:				
Föst yfirvinna 30 x 628	kr.	18.840		
Orlof á yfirvinnu 18.840 kr. x 11,59%	kr.	2.184	kr.	21.024
Mars 1988:				
Dagvinna	kr.	62.800		
Föst yfirvinna 30 x 628,-	”	18.840		
Orlof á 81.640 kr. x 11,59%	”	9.462	kr.	91.102
Apríl 1988:				
Dagvinna	kr.	62.800		
Föst yfirvinna 30 x 628	”	18.840		
Orlof á 81.640 kr. x 11,59%	”	9.462	kr.	91.102
Maí 1988:				
Dagvinna	kr.	62.800		
Föst yfirvinna 30 x 628	”	18.840		
Orlof á 81.640 kr. x 11,59%	”	9.462	kr.	91.102
Júní 1988: Miðað er við 143. lfl., 6. þrep.				
Dagvinna	kr.	67.434		
Föst yfirvinna 30 x 700,30	”	21.009		
Orlof á 88.443 x 11,59%	”	10.251	kr.	98.694
Aðalkrafa samtals			kr.	523.402

Varakrafa:

a) Vegna orlofsuppgjörs, sjá niðurstöðutölu í þeim þætti aðalkröfu kr. 109.766

b) Bætur vegna ólögmætrar riftunar á ráðningarsamningi.

Janúar:				
Meðaltal yfirvinnu 55,5 klst.				
á 615,69 kr. pr./klst.				
(143. lfl., 5. þrep)	kr.	34.171		
Orlof 11,59%	”	3.960	kr.	38.131
Febrúar:				
Meðaltal yfirvinnu 55,5 klst.				
á 628 kr. pr./klst.				
(143. lfl., 5. þrep)	kr.	34.854		
Orlof 11,59%	”	4.040	kr.	38.894
	Samtals		kr.	186.791

Stefnandi lýsti því fyrir dóminum, að frá því í apríl 1985 hefði hann starfað á jarðfræðikortlagningadeild, sem væri undirdeild jarðhitadeildar Orkustofnunar. Þar hefði hann unnið undir stjórn Kristjáns Sæmundssonar. Árið 1985 kvaðst stefnandi hafa farið fram á að fá sumarleyfi í 2-3 vikur í júní. Því hefði verið fremur illa tekið, en kurteislega af Kristjáni. Kristján hefði aldrei skipulagt sumarleyfi undirmanna sinna sér vitanlega.

Stefnandi kvaðst aðallega hafa unnið að jarðfræðirannsóknum, en þeim væri ekki hægt að sinna, þegar snjór væri, og helst yrði að vera bílfært á þá staði, þar sem þær færu fram. Starfsannir sínar hefðu verið mestar á sumrin.

Stefnandi sagði, að vorið 1987 hefði Orkustofnun gert samning við Hitaveitu Reykjavíkur um rannsóknir vegna Nesjavallaveitu, sem hefði átt að ljúka 1. október sama ár. Stefnandi, sem vann að þessu verkefni, kvaðst hafa orðið að vinna mjög ,,stíft'' um sumarið og einungis tekið sér frí tvær helgar og komið þá til vinnu á þriðjudegi.

Stefnandi kvað fasta yfirvinnu hafa fyrst komið til á árinu 1980. Starfsmenn hefðu fengið mismarga yfirvinnutíma greidda, og hefðu þeir fengið fleiri tíma, sem betri samningsaðstöðu hefðu haft á almennum vinnumarkaði að sögn Hauks Tómassonar, yfirmanns jarðhitadeildar. Haukur hefði annast samningsgerð vegna þessarar yfirvinnu. Aldrei hefði verið gerður neinn áskilnaður um, að þessir tímar væru unnir. Kvaðst stefnandi hafa litið á þá sem hreina launauppbót, og hefði það verið almennt viðhorf á Orkustofnun. Yfirmenn hefðu engin fyrirmæli gefið um þessa yfirvinnu, og yfirvinnugreiðslur hefðu hvorki verið skertar í orlofi starfsmanna né veikindum.

Stefnandi kvaðst nokkrum sinnum hafa óskað eftir ótímabundnum ráðningarsamningi. Deildarstjórar hefðu lofað að gera það, sem þeir gætu, til

þess að svo mætti verða, en sagt, að erfitt væri við ríkisvaldið að eiga. Stefnandi kvaðst hafa mátt búast við því að verða endurráðinn, hefði ekki komið til niðurskurður á fjárveitingum til Orkustofnunar. Allan síðari hluta starfstíma síns hefði hann verið ráðinn til ákveðinna verkefna, og hefði hann sinnt margvíslegum verkefnum á stofnuninni.

Stefnandi kannaðist við, að sér hefði verið sagt, að hann yrði ekki endurráðinn, eftir að ráðningarsamningur sinn rann út árið 1987. Þá hefði hann verið endurráðinn til verkefnisins fyrir Hitaveitu Reykjavíkur, og segja mætti, að ráðningin hefði grundvallast á því verkefni. Stefnandi kvaðst hafa gert þá kröfu að vera ráðinn til árs, en hann hefði ekki sætt sig við neinn skammtímasamning. Stefnandi kvaðst ekki kannast við, að lífeyrisréttindi sín hefðu nokkur áhrif haft á það, að hann var ráðinn til eins árs. Stefnandi kvaðst hafa verið atvinnulaus fyrstu fjóra mánuðina eftir áramót 1987/1988, en þá farið að vinna hjá Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Guðmundur Pálmason, forstöðumaður jarðhitadeildar Orkustofnunar, kom fyrir dóminn og gaf skýrslu.

Guðmundur kvaðst hafa samið við stefnanda um, að hann fengi greidda 30 yfirvinnutíma á mánuði. Guðmundur kvað hafa verið samið við langflesta starfsmenn á Orkustofnun um einhvern fjölda yfirvinnutíma, sem hefði verið meðaltal greitt í hverjum mánuði. Þetta hefði verið greiðsla fyrir ýmiss konar ónæði, sem starfsmenn verði fyrir heima hjá sér vegna vinnu sinnar utan venjulegs vinnutíma og eins fyrir lestur fagtímarita og bóka. Það hefði verið skýrt tekið fram við starfsmennina, að ekki væri verið að semja við þá um greiðslur fyrir óunna yfirvinnu. Af hálfu stofnunarinnar hefði ekki verið haft eftirlit með þessari vinnu.

Kristján Sæmundsson, deildarstjóri í jarðhitadeild Orkustofnunar, kom fyrir dóminn og gaf skýrslu.

Kristján kvaðst hafa verið næsti yfirmaður stefnanda. Hann hefði ekki tekið þátt í samningum við stefnanda um fasta mánaðarlega yfirvinnu. Kristján kvað starfsmennina hafa getað fært tíma við hvers konar lestur fræðibóka og tímarita á vinnuskýrslur.

Kristján kvað orlofstöku þeirra starfsmanna, sem hann stjórnaði, hafa heyrt undir sig. Ekkert fast skipulag hefði verið á orlofstökunni, en rætt hefði verið um það, hvernig starfsmenn hefðu viljað taka orlof. Orlofstakan hefði verið starfsmönnum í sjálfsvald sett, en vel hefði verið þegið, að það væri tekið utan orlofstímabilsins, og það hefði starfsmönnum verið gert ljóst.

Lögð var fram í málinu orðsending, dags. 15.9. 1988, svohljóðandi:

„Varðar sumarleyfi Snorra Páls Snorrasonar, fyrrum starfsmanns Orkustofnunar.

Það hefur verið vel þegið, að starfsmenn hafi tekið sumarfrí utan tíma-

bilsins 15. maí - 30. sept., vegna þess að sumarið er háannatími í rannsóknum jarðfræðinga á jarðhitadeild, en þeim að öðru leyti í sjálfsvald sett, hvenær þeir tækju sumarfrí sín. Síðastliðin þrjú ár hefur S. P. S. tekið hluta sumarleyfis síns á hefðbundnum sumarleyfistíma (15. maí - 30. sept.) sem hér segir:

Ár 1985: 16 daga af 24 dögum.
" 1986: 13 daga af 27 dögum.
" 1987: 8,5 daga af 27 dögum.

Málið liggur fyrir eins og að ofan greinir."

Orðsendingin er undirrituð af Kristjáni Sæmundssyni.

Kristján kvað stefnanda ekki hafa óskað eftir sumarleyfistöku árið 1987, sem honum hefði verið synjað um.

Gunnar Björnsson, fyrrum starfsmannastjóri í Orkustofnun, nú deildarstjóri í Launaskrifstofu ríkisins, kom fyrir dóminn. Hann skýrði svo frá, að stefnanda hefði verið tilkynnt við ráðningu hans árið 1986, en þá hefði hann verið ráðinn fram í febrúar 1987, að hann yrði ekki endurráðinn að þeim tíma loknum. Hins vegar hefði staðið svo á, þegar þessi samningur rann út, að Hitaveita Reykjavíkur hefði óskað eftir, að lokið yrði fyrir áramót 1987/1988 ákveðnu verkefni. Þá hefði stefnanda verið boðinn ráðningarsamningur til áramóta 1987/1988. Þá hefði stefnandi farið yfir á lausráðningarkjör. Við það hefði hann átt að greiða lífeyri í Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda í stað Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Þá hefði stefnandi misst rétt til láns úr þeim lífeyrissjóði, sem hann hefði átt von á, og því verið ráðinn að formi til fram í febrúar 1988 samkvæmt eigin ósk, til þess að lánsréttindin féllu ekki niður. Báðir aðilar hefðu þó vitað, að verkefninu yrði lokið í desember og þá myndi stefnandi hætta störfum. Vitnið kvað alveg ljóst, að stefnandi hefði ekki getað búist við því að fá áframhaldandi ráðningu eftir áramót 1987/1988, enda þótt ekki hefði komið til niðurskurður á fjárveitingum til stofnunarinnar.

Haukur Tómasson, forstjóri vatnsorkudeildar Orkustofnunar, kom fyrir dóminn. Hann kvað alla yfirmenn og sérfræðinga á stofnuninni hafa fengið greiðslu fyrir metna yfirvinnu, sem samið hefði verið um á milli forstjóra deilda og starfsmanna hverrar deildar til eins árs í senn. Tímafjöldi þessarar yfirvinnu hefði verið breytilegur frá manni til manns. Yfirmenn hefðu þótt líklegri til að vinna meira heima og því fengið fleiri tíma. Mikil yfirvinna hefði leitt til samdráttar á fastri yfirvinnu. Eftirspurn eftir starfsmönnum með ákveðna menntun, svo sem stærðfræði- og tölvumenntun, hefði leitt til aukningar á fastri yfirvinnu. Haukur kvaðst hafa tjáð mönnum, að þeir fengju þessa yfirvinnu fyrir lestur og ónæði, en ekki gefið fyrirmæli um hana að öðru leyti. Yfirvinna þessi hefði fallið niður, þegar menn hefðu verið í endurmenntunarleyfum. Yfirvinnan hefði ekki verið felld

niður í orlofi, en tekið hefði verið tillit til þess í mati á yfirvinnutímunum.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að samningar hans við yfirmenn á Orkustofnun um yfirvinnu hafi verið þess efnis, að hann fengi greiddar 30 yfirvinnustundir mánaðarlega án þess að leggja vinnu á móti. Unnin yfirvinna hefði verið greidd sérstaklega. Þessa óunnu yfirvinnu hefði hann fengið greidda mánaðarlega jafnt í orlofi sem annars á starfstímanum.

Óumdeilt sé, að stefnandi hafi átt ótekið orlof við lok starfstímans, sem nam 1,7766 mánuðum. Hefði stefnandi tekið það orlof allt á starfstímanum, hefði hann fengið greiddar 53,3 yfirvinnustundir. Þá er því haldið fram af stefnanda, að yfirmenn sínir hafi beðið sig að taka ekki orlof á orlofstíma, en það hafi einnig leitt af eðli starfa í stofnuninni. Yfirlýsing yfirmanns stefnanda, Kristjáns Sæmundssonar, frá 15. september 1989 sýni þetta.

Eins komi fram í bréfi Jakobs Björnssonar orkumálastjóra o.fl. til iðnaðarráðuneytisins, dags. 3. jan. 1989, að Kristján hafi tjáð stefnanda, að frestun orlofs fram yfir háannatíma væri litin með velþóknun af stofnuninni. Yfirlýsingar af þessu tagi séu ekkert annað en beiðni um frestun orlofstöku. Þess sé ekki krafist samkvæmt kjarasamningi, að beiðni um frestun orlofstöku sé gerð með formlegum hætti, og verði því að túlka í hverju tilviki, hvort beiðni hafi komið fram.

Þá bendir stefnandi á, að samkvæmt gr. 4.5.1. í kjarasamningnum ákveði yfirmaður í samráði við starfsmenn, hvenær orlof skuli veitt. Ákvæði sama efnis sé að finna í 2. mgr. 16. gr. laga nr. 38/1954. Í framangreindu ákvæði kjarasamningsins sé kveðið á um, að yfirmanni sé skylt að verða við óskum starfsmanna sinna um það, hvenær orlof skuli veitt, og skuli það veitt á sumarorlofstíma, sé þess óskað af hálfu starfsmanns og því verði við komið vegna starfa stofnunarinnar.

Yfirmaður stefnanda, Kristján Sæmundsson, hafi ekki sinnt þessari skyldu sinni.

Samkvæmt þessu verði að telja sannað, að beiðni yfirmanns um orlofstöku stefnanda utan sumarorlofstíma hafi legið fyrir.

Stefnandi eigi ekki að missa neinn rétt vegna þess, að hann hafi orðið við beiðni yfirmanna sinna um að fresta því að taka orlof. Orlofsþega sé ekki skylt skv. gr. 4.4.2. í kjarasamningi Félags íslenskra náttúrufræðinga og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs frá 1987, sbr. sömu gr. í aðalkjarasamningi BHMR frá 1986, að una því að taka orlof utan sumarorlofstíma að beiðni yfirmanns, án þess að aukaorlof eða aukagreiðsla komi til.

Orlof, sem hafi ekki verið tekið á sumarorlofstíma að beiðni yfirmanns,

eigi að greiða með yfirvinnukaupi, en ekki dagvinnukaupi, samkvæmt grein 4.7.2. í framangreindum kjarasamningi. Af hálfu stefnanda er því mótmælt, að ákvæði 4.7.2. gr. kjarasamningsins eigi aðeins við, þegar starfsmaður taki ekkert orlof á sumarorlofstíma.

Samkvæmt gr. 4.4.2. í kjarasamningnum eigi starfsmaður rétt á því að fá 160 vinnuskyldustunda orlof sitt á sumarorlofstímabilinu og allt að fullu orlofi á sama tíma, verði því komið við vegna starfa stofnunarinnar. Það orlof, sem stefnandi hafi tekið hafi fallið á þessar vinnuskyldustundir.

Stefnandi hafi starfað hjá Orkustofnun í 11 ár og mátt líta svo á, að ráðningarsamningur hans væri ótímabundinn í raun. Staða hans hafi verið lögð niður, meðan á starfstíma hans stóð, og þegar af þeirri ástæðu eigi stefnandi rétt á biðlaunum.

Í ráðningarsamningi stefnanda segi, að um réttindi og skyldur launþegans fari eftir lögum og reglum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins að svo miklu leyti sem öðruvísi sé ekki mælt fyrir í samningnum og með tilliti til þess, að um ráðningu, en ekki skipun eða setningu sé að ræða. Af þessu leiði, að stefnandi hafi notið réttarstöðu samkvæmt lögum nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og beri biðlaun samkvæmt 14. gr. þeirra laga, þar sem staða hans hafi verið lögð niður.

Því er mótmælt af hálfu stefnanda, að undirskilið hafi verið við gerð síðasta ráðningarsamnings, að hann hætti störfum um áramót 1987/1988, enda þótt ráðningartíminn væri til febrúarloka 1988. Ráðning stefnanda hafi ekki verið bundin sérstökum verkefnum, enda þótt hann hafi unnið að sérstöku verkefni síðasta árið. Lífeyrisréttindi stefnanda hafi engu ráðið um lengd ráðningarsamnings hans.

Uppsagnarbréf stefnanda hafi verið eins og þeirra, sem hafi verið með ótímabundinn ráðningarsamning.

Þá beri til þess að líta, að stefnandi hafi staðið mjög höllum fæti í samskiptum við Orkustofnun, þar sem hann hafi ekki fengið fasta ráðningu. Stefnandi hafi í raun haft ótímabundna ráðningu, og í ljósi allra aðstæðna beri að víkja til hliðar ráðningarlokum miðað við 28. febrúar 1988 samkvæmt 36. gr. samningalaganna.

Fjárhæð biðlauna beri að miða við föst dagvinnulaun og fasta óunna yfirvinnu. Auk þess eigi stefnandi rétt á því að fá orlof af þessum launagreiðslum.

Verði ekki fallist á það, að stefnandi eigi rétt á biðlaunum, eigi hann rétt á skaðabótum vegna uppsagnar um áramót 1987/1988, sem nemi staðgengilslaunum í janúar og febrúar 1988 miðað við meðaltalslaun síðustu tveggja ára að frádregnum þeim launum, sem hann hafi fengið greidd fyrir þá mánuði. Óheimilt sé að slíta tímabundnum ráðningarsamningi, og stefn-

andi hafi aldrei gengist undir annan skilning en þann, sem ákvæði samningsins hafi að geyma.

Málsástæður og lagarök stefndu.

Af hálfu stefndu er því harðlega mótmælt, að samið hafi verið við stefnanda um, að hann fengi greiddar mánaðarlega 30 yfirvinnustundir fyrir óunna yfirvinnu. Þessar greiðslur hafi verið fyrir metna, en ómælda unna yfirvinnu utan vinnustaðar og venjulegs vinnutíma. Við mat á árlegu heildarmagni þessarar yfirvinnu hafi verið tekið mið af fjarvistum vegna orlofs og því ekki um það að ræða, að yfirvinna væri greidd í orlofi. Hins vegar hafi greiðslum vegna yfirvinnunnar verið dreift jafnt á alla mánuði ársins af hagkvæmnisástæðum. Því eigi sú krafa stefnanda, að við uppgjör á óteknum orlofsdögum verði greidd yfirvinna miðað við 30 stundir á mánuði, hvorki stoð í samningi stefnanda við Orkustofnun né réttarreglum. Í þessari kröfu stefnanda felist í reynd krafa um, að þessi yfirvinna verði tvígreidd. Stefnandi hafi fengið samkvæmt kjarasamningi greitt orlof ofan á þessa yfirvinnu. Í orlofi fái starfsmenn greidd föst mánaðarlaun auk þess, að miðað sé við það, að þeir ráðstafi til sinna þarfa á þeim tíma því orlofsfé, sem greitt hafi verið af greiddri yfirvinnu, sem til hafi fallið innan orlofsávinnsluársins. Engin lagastoð sé fyrir því að greiða orlofslaun í neinni mynd ofan á greitt orlof eða orlofsfé.

Af hálfu stefndu er því mótmælt, að ótekið orlof stefnanda vegna orlofsávinnsluársins 1986/1987 og fyrri tíma eigi að gera upp með yfirvinnukaupi. Stefndu mótmæla því einnig, að réttur til slíkrar greiðslu skapist við það, að ekki sé unnt að taka orlof eða ljúka orlofstöku á sumarorlofstímabili, en gr. 4.4.2. og gr. 4.5.1. í kjarasamningnum verði að skýra saman, þannig, að starfsmaður eigi einungis rétt á að fá 160 vinnuskyldustunda orlof á sumarorlofstímabili, verði því við komið vegna starfa stofnunar.

Stefndu kveða meginreglu 4. mgr. 16. gr. laga nr. 38/1954 og kjarasamnings þá, að starfsmönnum sé almennt óheimilt að taka vinnu í stað orlofs gegn endurgjaldi. Ákvæði gr. 4.7.2. kjarasamningsins um greiðslu yfirvinnukaups fyrir vinnu í orlofi sé undantekningarregla, sem beri að skýra þröngt. Þetta ákvæði kjarasamningsins eigi aðeins við í þeim tilvikum, að starfsmaður hafi þurft samkvæmt ósk yfirmanns að taka vinnu algerlega í stað orlofs eða hluta þess, svo að hann hafi ekki átt þess kost að taka orlof á yfirstandandi orlofstökuári né heldur á því næsta, þ.e. fyrir 30. september 1988 í því tilviki, sem hér um ræði. Fyrst hefði komið til eftir þann dag, að ótekið orlof vegna orlofstökuársins 1986/1987 yrði greitt með yfirvinnukaupi.

Þessu skilyrði, að stefnandi hafi verið beðinn af yfirmanni sínum að fresta orlofstöku, sé hér ekki fullnægt. Stefnandi hafi aldrei verið um það

beðinn. Starfsmönnum Orkustofnunar hafi það verið í sjálfsvald sett, hvenær þeir tóku orlof, enda þótt það hafi verið vel þegið, að þeir tækju orlof utan sumarorlofstímabilsins. Stefnandi hafi ekki haldið því fram, að hann hafi óskað eftir því að fara í orlof, sem honum hafi verið synjað um. Stefnandi hafi og tekið orlof í 8,5 daga á sumarorlofstímabilinu árið 1987, og næstu ár á undan hafi hann einnig tekið hluta orlofs síns á sumarorlofstímabilinu. Vandséð sé, hvernig þessar staðreyndir fari saman við staðhæfingar stefnanda um, að starfsannir, eðli verkefna og beiðni yfirmanns um frestun orlofstöku hafi almennt meinað honum að taka sumarorlof. Af þessum sökum séu skilyrði ekki til að greiða stefnanda yfirvinnukaup í óteknu orlofi.

Þá er því hafnað af hálfu stefndu, að stefnandi eigi rétt á biðlaunum. Stefndu telja, að skilja verði ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954 þannig, að hún taki einungis til fastráðinna ríkisstarfsmanna, sem hafi ótímabundna stöðu, er varanlega sé stofnað til á vegum ríkisins. Bætur séu greiddar vegna missis starfsöryggis, sem fylgi varanleika stöðunnar. Þessi sjónarmið eigi ekki við um stefnanda. Stefnandi hafi verið ráðinn tímabundið og hafi aldrei staðið annað til boða. Ráðning stefnanda hafi ætíð verið tengd verkefnum, sem kölluðu tímabundið á aukinn starfsmannafjölda, og til starfs hans hafi aldrei verið stofnað varanlega.

Ekki hafi staðið til að endurnýja ráðningarsamning við stefnanda í febrúar 1987, en það hafi breyst, þegar Hitaveita Reykjavíkur hafi óskað eftir frekari rannsóknum á Nesjavöllum, er gert hafi verið ráð fyrir, að stæðu út árið 1987. Af tillitssemi við stefnanda hafi ráðningarsamningur við hann verið endurnýjaður til eins árs og því fram yfir áramót 1987/1988, svo að hann fullnægði skilyrðum til áframhaldandi aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Stefnandi hafi enga réttmæta ástæðu haft til að ætla, að hann hefði ótímabundinn ráðningarsamning.

Þá benda stefndu á, að stefnandi hafi ekki gegnt starfi, sem stofnað hafi verið til ótímabundið að undangenginni auglýsingu skv. 5. gr. laga nr. 38/1954 af stjórnvöldum, sem hafi haft til þess heimild skv. 1., sbr. 6. og 7. gr. laga nr. 97/1974 um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana.

Verði niðurstaðan hins vegar sú, að stefnandi teljist eiga rétt til biðlauna, þá byggi stefndu á því, að biðlaunagreiðslur skv. 14. gr. laga nr. 38/1954 takmarkist af ráðningartímanum, sé hann skemmri en sá biðlaunatími, sem jafnan skuli greiða. Stefnandi eigi því ekki rétt til biðlauna nema til loka febrúar 1988, sem hann hafi þegar fengið greidd föst laun fyrir. Kröfum stefnanda um greiðslu á 30 yfirvinnustundum á mánuði og orlofsfé á þá yfirvinnu á biðlaunatíma sé harðlega mótmælt. Telja verði, að greiðsluskylda biðlauna skv. 14. gr. laga nr. 38/1954 takmarkist við þau föstu mánaðarlaun, sem fylgt hafi starfinu.

Stefndu hafna með öllu varakröfu stefnanda um greiðslu staðgengilslauna og halda því fram, að reglur um greiðslu staðgengilslauna eigi sér hér enga stoð, auk þess sem enginn hafi verið ráðinn í stað stefnanda.

Stefnanda hafi verið sagt löglega upp starfi með samningsbundnum uppsagnarfresti. Þrátt fyrir það hafi hann fengið greidd tveggja mánaða laun eftir starfslok, allt til loka ráðningartímabilsins. Stefnanda hafi því verið greiddar fullar bætur vegna uppsagnarinnar, yrði litið svo á, að uppsögn innan ráðningartímabilsins hafi verið óheimil.

Niðurstaða dómsins.

Óumdeilt er í málinu, að stefnandi hafði við starfslok sín hjá stefndu, Orkustofnun, ekki tekið orlof, er svaraði 1,7766 mánuðum. Starfslokin gerðu stefnanda ókleift að taka orlof árið 1988. Óumdeilt er, að stefnandi á rétt til kaupgreiðslna fyrir ótekið orlof, en aðilar deila um, hverjar þær skuli vera.

Stefnanda voru greiddar allt frá árinu 1980 fastar yfirvinnustundir mánaðarlega, síðast 30 stundir. Stefnandi skilaði engum vinnuskýrslum um þá yfirvinnu, og ekki var fylgst með því á annan hátt af yfirmönnum hans, hvort hann vann allar þessar stundir, einhverjar þeirra eða engar. Þetta fyrirkomulag mun hafa tíðkast meginhluta þess tíma, sem starfsmönnum Orkustofnunar var greidd yfirvinna af þessu tagi. Forsvarsmenn Orkustofnunar sögðu fyrir dóminum, að þessi yfirvinna hefði verið ætluð sem greiðsla fyrir lestur fagbóka og fagtímarita og vegna ónæðis utan venjulegs vinnutíma. Þá mun þessi yfirvinna að einhverju leyti hafa verið tekin upp til þess að bæta samkeppnisaðstöðu Orkustofnunar um sérmenntaða starfsmenn í einstökum starfsgreinum. Starfsmennirnir fengu yfirvinnu þessa greidda jafnt í orlofi sem annars. Einn af forsvarsmönnum Orkustofnunar sagði, að yfirvinnan hefði verið miðuð við ákveðinn fjölda stunda á ári og honum síðan dreift jafnt á alla mánuði ársins af hagkvæmnisástæðum. Ekki hefði átt að greiða yfirvinnu í orlofi, og í endurmenntunarleyfum hefðu starfsmenn ekki fengið yfirvinnu þessa greidda.

Óupplýst er, að nokkur fyrirvari hafi verið gerður um það af hálfu stefndu í samningum við stefnanda eða aðra starfsmenn um yfirvinnuna eða í framkvæmd allt þar til eftir starfslok stefnanda, að yfirvinnan skyldi ekki greidd í orlofi. Samningar um yfirvinnu þessa munu hafa verið munnlegir, og það, sem fram er komið um þá í málinu, þykir benda til þess, að miðað hafi verið við ákveðinn stundafjölda á mánuði fremur en ári. Fyrirkomulag og framkvæmd á yfirvinnu þessari þykir hafa verið með þeim hætti, að líta verði á hana sem hluta af föstu, umsömdu kaupi stefnanda, sem hann hafi átt rétt á að fá greitt í orlofi sem annars.

Ber því að taka til greina þá kröfu stefnanda, að hann fái 53,3 yfirvinnustundir greiddar vegna ótekins orlofs síns.

Næst skal vikið að þeirri kröfu stefnanda, að hann fái annað kaup sitt í óteknu orlofi (dagvinnukaup) greitt með yfirvinnu.

Aðilar eru sammála um það, að ekki geti stofnast réttur starfsmanni til handa til þess að fá dagvinnu í óteknu orlofi greidda með yfirvinnukaupi, nema því aðeins að yfirmaður hafi beðið starfsmanninn um að fresta orlofstöku fram yfir sumarorlofstímabil. Því er enn fremur haldið fram af stefndu, að greiðsla yfirvinnu komi ekki til fyrr en að loknu sumarorlofstímabili næsta árs og því aðeins að starfsmaður hafi ekki getað tekið orlofið fyrir það tímamark.

Aðilar deila hins vegar um, hvort stefnandi hafi frestað töku orlofs að beiðni yfirmanns eða ekki.

Ekki hefur komið í ljós í málinu, að frá yfirmanni stefnanda hafi komið bein tilmæli um, að hann frestaði orlofstöku, og ekki virðist sami yfirmaður hafa með neinum beinum afskiptum skipulagt orlofstöku þeirra starfsmanna, sem unnu undir hans stjórn. Hins vegar liggur fyrir yfirlýsing yfirmanns stefnanda um, að það hafi verið vel þegið, að starfsmenn tækju orlof utan sumarorlofstímabilsins, vegna þess að sumarið sé háannatími í rannsóknum jarðfræðinga í jarðhitadeild Orkustofnunar, en þar vann stefnandi. Að öðru leyti segir yfirmaðurinn starfsmönnum hafa verið í sjálfsvald sett, hvenær þeir tækju orlof.

Líta verður svo á, að hér sé um að ræða óbein tilmæli til starfsmanna um að fresta a.m.k. að einhverju leyti orlofstöku vegna eðlis þeirra starfa, sem unnin voru í stofnuninni. Væntanlega hafa yfirmennirnir litið með velþóknun á, að starfsmenn yrðu við tilmælunum. Samkvæmt gr. 4.5.1. í kjarasamningi hvíla ákveðnar skyldur á yfirmanni að skipuleggja orlofstöku starfsmanna, sem ekki verður séð, að yfirmaður stefnanda hafi rækt. Verður að líta svo á, eins og hér hagar til, að hin óbeinu tilmæli yfirmanns stefnanda, sem að framan eru rakin, nægi til þess, að stofnast hafi réttur stefnanda til handa samkvæmt gr. 4.7.2. í kjarasamningi að fá ótekið orlof sitt greitt með yfirvinnukaupi að öðrum skilyrðum fullnægðum.

Eins og fyrr greinir, voru starfslok stefnanda hjá stefndu um áramót 1987/1988. Því gat stefnandi ekki flutt orlofið til ársins 1988 og tekið það þá, sbr. ákv. 3. mgr. 16. gr. laga nr. 38/1954 og gr. 4.7.2. í kjarasamningi. Stefnanda var því ókleift að taka orlof með venjulegum hætti árið 1988. Burtséð frá (sic) því, hvort rétt kunni að vera eða ekki sú skýring stefndu á gr. 4.7.2. í kjarasamningi, að ótekið orlof eigi ekki að greiða með yfirvinnukaupi fyrr en eftir lok næsta orlofstökuárs, eftir að orlofið féll til, þá þykir, eins og hér stendur á, verða að skýra þessa samningsgrein svo,

að stefnandi eigi samkvæmt henni rétt á því að fá dagvinnu í óteknu orlofi greidda með yfirvinnukaupi. Hér ber einnig að hafa í huga ákv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1971.

Starfstími stefnanda hjá stefndu, Orkustofnun, var alllangur, en þó var hann ætíð ráðinn með tímabundnum ráðningarsamningum. Stefnandi gerði tilraunir til þess að fá ótímabundna ráðningu, en þær tókust ekki.

Uppsögn stefnanda og fleiri starfsmanna stefndu, Orkustofnunar, var afleiðing samdráttar hjá stofnuninni, en starfsemi hennar hélt engu að síður áfram.

Ekki verður litið svo á, að stefnandi hafi gegnt fastri stöðu í skilningi 14. gr. laga nr. 38/1954, eins og hann heldur fram, en það verður að telja skilyrði þess, að réttur til biðlauna stofnist samkvæmt þeirri lagagrein.

Eins og hér stendur á, þykir 36. gr. samningalaga nr. 7/1936 ekki geta breytt þessari niðurstöðu.

Samkvæmt framansögðu ber að hafna því, að stefnandi eigi rétt til biðlauna.

Í síðasta ráðningarsamningi stefnanda er kveðið á um, að starf hans hefjist 1. mars 1987 og ljúki sjálfkrafa 28. febrúar 1988. Starfinu lauk 31.12. 1987 vegna uppsagnar stefndu, Orkustofnunar, á ráðningarsamningnum.

Gegn mótmælum stefnanda þykir ekki sannað, að ráðning hans hafi í raun einungis átt að standa til áramóta 1987/1988, eins og haldið er fram af stefndu þrátt fyrir skýr ákvæði ráðningarsamningsins um ráðningu til 28. febrúar 1988.

Það ákvæði ráðningarsamningsins, sem hér skiptir máli, er svohljóðandi:

„Gagnkvæmur uppsagnarfrestur samkvæmt samningi þessum skal vera þrír mánuðir, nema tekið sé fram, að ráðningu ljúki sjálfkrafa."

Ráðningu stefnanda átti að ljúka sjálfkrafa 28. febrúar 1988, eins og fyrr greinir.

Framangreint ákvæði þykir verða að skýra svo, að sé starfsmaður ráðinn með þeim hætti, að ráðningu ljúki sjálfkrafa á ákveðnum tíma, sé óheimilt að segja honum upp störfum á ráðningartímanum, nema til komi ávirðingar, er varði starfsmissi.

Niðurstaðan er því sú, að stefnda, Orkustofnun, hafi verið óheimilt að segja stefnanda upp störfum á ráðningartíma hans, og eigi því stefnandi rétt til bóta af þeim sökum. Þykir rétt að miða þær bætur við það kaup, sem stefnandi hefði sannanlega fengið greitt, hefði hann unnið út ráðningartímann.

Stefnandi hefur þegar fengið greidda dagvinnu fyrir mánuðina janúar og febrúar 1988. Samkvæmt því, sem fyrr greinir í dóminum, þykir stefnandi einnig eiga rétt á að fá greiddar 30 yfirvinnustundir hvorn mánuð til við-

bótar, þar sem líta verður á þessa yfirvinnu sem fast kaup hans, sem hann hefði fengið greitt, hefði hann starfað út ráðningartímann. Hins vegar þykir stefnandi ekki eiga rétt á frekari yfirvinnu, eins og hann gerir kröfu til, þar sem óvíst er, hvort yfirvinna hefði fallið til á þessum tíma. Er þá sérstaklega haft í huga, að samkvæmt vinnuskýrslum stefnanda vann hann 5 yfirvinnustundir í janúar og febrúar 1987 og 18 yfirvinnustundir í janúar og febrúar 1988.

Þá þykir stefnandi eiga rétt á því að fá greitt orlof af því yfirvinnukaupi, sem honum er tildæmt vegna uppsagnarinnar, en þær orlofsgreiðslur hefðu fallið til á ráðningartímanum, hefði hann unnið hann til loka.

Niðurstaða dómsins, að því er varðar fjárhæðir, sem stefndu greiði stefnanda, er því þessi:

1.	Yfirvinna í óteknu orlofi	kr.	31.859
2.	Yfirvinna í stað dagvinnu í óteknu orlofi	”	77.907
3.	Yfirvinna í janúar 1988	”	18.471
	Orlof 11,59%	”	2.141
4.	Yfirvinna í febrúar 1988	”	18.840
	Orlof 11,59%	”	2.184
	Samtals	kr.	151.402

Málskostnaður, sem stefndu greiði stefnanda, þykir hæfilega ákveðinn 62.000 kr.

Friðgeir Björnsson yfirborgardómari kvað upp þennan dóm.

Dómsorð:

Stefndu, iðnaðarráðherra f.h. Orkustofnunar og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, greiði in solidum stefnanda, Snorra Páli Snorrasyni, 151.402 kr. með 51,6% dráttarvöxtum á ári af 130.378 kr. frá 1. febrúar 1988 til 28. febrúar 1988, með 45,6% dráttarvöxtum af 151.402 kr. frá 1. mars 1988 til 30. apríl 1988, með 44,4% dráttarvöxtum á ári frá 1. maí til 30. júní 1988, með 40,8% dráttarvöxtum á ári frá 1. júlí 1988 til 31. júlí 1988, með 56,4% dráttarvöxtum á ári frá 1. ágúst 1988 til 31. ágúst 1988, með 49,2% dráttarvöxtum á ári frá 1. september 1988 til 30. september 1988, með 23,6% dráttarvöxtum á ári frá 1. október 1988 til 31. október 1988, með 27,6% dráttarvöxtum á ári frá 1. nóvember 1988 til 29. nóvember 1988 og með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. febrúar 1989 og síðan árlega þann dag.

Stefndu greiði in solidum stefnanda 62.000 kr. í málskostnað, og ber hann dráttarvexti samkvæmt lögum nr. 25/1987 frá og með 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Þriðjudaginn 31. mars 1992.

Nr. 490/1989. **Iðnaðarráðherra f.h. Orkustofnunar og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**
(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)
gegn
Ómari Bjarka Smárasyni
(Viðar Már Matthíasson hrl.)
og gagnsök.

Opinberir starfsmenn. Orlof. Biðlaun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. desember 1989, sem árituð var um birtingu af lögmanni gagnáfrýjanda 4. janúar 1990. Krefjast þeir þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá lund, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum gagnáfrýjanda og sér dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda. Til vara krefjast þeir þess, að dæmdar fjárhæðir verði verulega lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 26. janúar 1990 með vísan til heimildar í 3. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Krefst hann þess aðallega, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá leið, að aðaláfrýjendur verði dæmdir til að greiða sér 683.373 krónur með dráttarvöxtum frá 1. febrúar 1988 til greiðsludags samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, eins og nánar greinir í kröfugerð hans, auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og aðaláfrýjendur dæmdir til að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu er annars vegar deilt um greiðslur vegna ótekins orlofs við starfslok gagnáfrýjanda hjá Orkustofnun 1987 og hins vegar um rétt hans til biðlauna, eftir að hann lét af störfum. Eru málsatvik og málsástæður aðila rækilega rakin í hinum áfrýjaða dómi.

Telja verður upplýst í málinu, að af hálfu yfirmanna Orkustofnunar hafi það verið vel þegið, að starfsmenn á borð við gagnáfrýjanda tækju orlof utan hins hefðbundna sumarleyfistíma, og hafi orlofstaka að sumrinu verið brotakennd. Helgaðist þetta af eðli starfa þeirra, en gagnaöflun, sem þeim fylgdi, fór fyrst og fremst fram að sumrinu. Gagnáfrýjandi kveðst hafa litið svo á, að tilmæli lægju fyrir frá yfirmönnum sínum um að taka ekki orlof á sumarorlofstíma. Í ljósi framanritaðs þykja ekki efni til að hafna því, að hann hafi mátt líta svo á. Með hliðsjón af því og að öðru leyti með vísan til raka héraðsdóms verður staðfest sú niðurstaða hans, að gagnáfrýjandi hafi öðlast rétt til að fá ótekið orlof sitt greitt með yfirvinnukaupi samkvæmt gr. 4.7.2. í kjarasamningi stéttarfélags hans og fjármálaráðherra, sbr. 4. mgr. 16. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Í héraðsdómi er gerð grein fyrir gögnum og sjónarmiðum, sem fram hafa komið í málinu varðandi fastar yfirvinnugreiðslur til gagnáfrýjanda. Aðaláfrýjendur halda því fram, að samið hafi verið um greiðslu fyrir ákveðið vinnuframlag, sem næmi 360 klukkustundum á ári og dreifðist jafnt yfir alla mánuði ársins. Gagnáfrýjandi kveður hér hins vegar um að ræða greiðslu fyrir svokallaða óunna yfirvinnu og miðað hafi verið við ákveðinn stundafjölda á mánuði, sem ætíð hafi verið greitt fyrir, jafnt í orlofi sem annars. Krefst hann þess, að tekið verði tillit til þessa við uppgjör á óteknu orlofi, þar sem greiðslur þessar hafi verið hluti af föstum launum sínum.

Ekki þykir það ráða úrslitum við úrlausn þessa ágreiningsefnis, hvort litið verði á umræddar yfirvinnugreiðslur sem hluta af föstum launum gagnáfrýjanda eða ekki. Upplýst er í málinu, að af þessum föstu yfirvinnugreiðslum var jafnan greitt orlofsfé. Verður að fallast á þá röksemd aðaláfrýjenda, að greiðsla samkvæmt kröfu gagnáfrýjanda í þessu efni við uppgjör á óteknu orlofi feli í sér tvígreiðslu. Verða aðaláfrýjendur því sýknaðir að þessu leyti af kröfum gagnáfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms verður staðfest niðurstaða hans um kröfu gagnáfrýjanda um biðlaun.

Samkvæmt framansögðu verður niðurstaða málsins sú, að aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda yfirvinnu í stað dagvinnu í óteknu

orlofi, 30.491 krónu. Dráttarvextir af fjárhæðinni ákveðast eins og í dómsorði greinir.

Dæma ber aðaláfrýjendur til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 60.000 krónur, og er þá ekki tekið tillit til sölu- og virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, iðnaðarráðherra f.h. Orkustofnunar og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Ómari Bjarka Smárasyni, 30.491 krónu með árlegum dráttarvöxtum sem hér segir: 51,6% frá 1. til 29. febrúar 1988, 45,6% frá 1. mars til 30. apríl 1988, 44,4% frá 1. maí til 30. júní 1988, 40,8% frá 1. til 31. júlí 1988, 56,4% frá 1. til 31. ágúst 1988, 49,2% frá 1. til 30. september 1988, 23,6% frá 1. til 31. október 1988, 27,6% frá 1. til 29. nóvember 1988 og með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Leggja skal dráttarvexti við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. febrúar 1989.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda 60,000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði

Péturs Kr. Hafstein hæstaréttardómara.

Ég er sammála meiri hluta dómenda um það, að ekki sé lagagrundvöllur til að fallast á kröfu gagnáfrýjanda um greiðslu biðlauna. Þá er ég einnig samþykkur þeirri niðurstöðu meiri hlutans, að gagnáfrýjandi eigi ekki rétt á að fá fastar og umsamdar yfirvinnustundir greiddar vegna ótekins orlofs síns.

Af framburði stefnanda og annarra starfsmanna Orkustofnunar í þessu máli og hæstaréttarmálunum nr. 489 og 491/1989 er ljóst, að lítið skipulag hefur verið á töku sumarorlofs hjá stofnuninni. Fram er komið, að starfsmönnum hefur verið ljóst, að það væri „vel þegið" og „litið með velþóknun" af yfirmönnum, að þeir tækju sumarorlof sem mest utan hins eiginlega sumarorlofstíma 15.

maí til 30. september. Skýrist það af eðli starfa Orkustofnunar, meðal annars þeirra, er lúta að jarðfræðirannsóknum og öðrum skyldum verkefnum. Gagnáfrýjandi lýsti fyrir dómi orlofstöku hjá Orkustofnun meðal annars með svofelldum orðum: „Það var kannski skilningur manna að vissu leyti, að það væri óæskilegt, að margir væru í fríi yfir háannatímann, yfir sumartímann. En að öðru leyti þá vorum við nokkuð frjáls með það hvenær við tókum okkar orlof ... við þurftum í raun og veru eingöngu að hafa samstarf við okkar nánasta yfirmann, alla vega varðandi stuttan orlofstíma. Það má segja það í jarðfræðinni, þá í raun og veru finnst manni óeðlilegt að fara í langt sumarleyfi yfir sumartímann, því þetta er sá tími, sem manni nýtist best í vinnu, útivinnu og annað því um líkt."

Í málinu er ekki fram komið, að gagnáfrýjanda hafi nokkru sinni verið synjað um töku orlofs á sumarorlofstíma. Ekki er heldur í ljós leitt, að yfirmenn hans hafi nokkru sinni beðið hann ákveðið og formlega að taka ekki sumarorlof að hluta eða öllu leyti eða fresta því. Þeirri afstöðu yfirmanna til frestunar orlofs, sem að framan er lýst, verður ekki jafnað til beiðni um frestun í skilningi laga og kjarasamninga um orlofsmál. Af gögnum málsins verður ráðið, að næstu þrjú ár fyrir starfslok gagnáfrýjanda hjá Orkustofnun tók hann drjúgan hluta orlofs á sumarorlofstíma, 9,5 daga 1985, 22 daga 1986 og að minnsta kosti 16 daga 1987.

Með hliðsjón af framansögðu er ekki unnt að fallast á það, að gagnáfrýjandi hafi unnið sér rétt til greiðslu yfirvinnukaups vegna ótekins orlofs á þeirri forsendu, að af töku þess hafi ekki orðið vegna beiðni yfirmanns, sbr. 4. mgr. 16. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. og samhljóða greinar 4.7.2. í þeim kjarasamningum ríkisins við BHMR og Félag íslenskra náttúrufræðinga, sem á er byggt í málinu. Þessi ákvæði verður jafnan að skýra þröngt, svo að ekki fari á milli mála, að yfirmaður sé að ráðstafa verkefnum og þar með þeim fjármunum ríkisins, sem hann vegna starfa síns er bær að fara með.

Með vísun til þess, sem að framan er rakið, tel ég rétt að sýkna aðaláfrýjendur af öllum kröfum gagnáfrýjanda og dæma hann til þess að greiða þeim málskostnað.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. september 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. september sl., höfðaði Ómar Bjarki Smárason, kt. 160450-2239, Tómasarhaga 27, Reykjavík, gegn iðnaðarráðherra, kt. 170441-4949, Arnarhvoli, Reykjavík, f.h. Orkustofnunar, Grensásvegi 9, Reykjavík, og fjármálaráðherra, kt. 140543-3229, f.h. ríkissjóðs, Arnarhvoli, Reykjavík, með þingfestingu málsins 29. nóvember 1988.

Dómkröfur stefnanda eru þær aðallega, að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða sér 683.373 kr., með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum].

Til vara gerir stefnandi þær dómkröfur, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða sér 42.964 kr. með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum].

Enn fremur krefst stefnandi í báðum tilvikum málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Loks krefst stefnandi þess í báðum tilvikum, að málskostnaður skuli bera dráttarvexti samkvæmt l. nr. 25/1987 frá og með 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómkröfur stefndu eru þær aðallega, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins, — til vara, að stefnukröfurnar verði stórlega lækkaðar og málskostnaður í því tilviki látinn falla niður.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Stefnandi er jarðfræðingur að mennt og lauk BS-prófi í jarðfræði frá Háskóla Íslands árið 1975. Stefnandi telst hafa starfsaldur hjá ríkinu frá því í nóvember 1975, en störf hans hafa öll verið hjá Orkustofnun. Þar vann hann sumurin 1974, 1977 og 1978. Samfleytt vann stefnandi frá því í júní 1975 þar til í september 1976. Þá vann stefnandi samfleytt frá 3. september 1982 til 31.12. 1987, fyrst á grundvelli munnlegs ráðningarsamnings, en frá 21. nóvember 1982 samkvæmt skriflegum ráðningarsamningum. Samningslok miðuðust að jafnaði við 31. desember ár hvert, en samningur síðan endurnýjaður til sama tíma næsta ár, síðast til 31. des. 1987.

Með bréfi Orkustofnunar, dags. 29. september 1987, var stefnanda tilkynnt, að ráðningarsamningur hans yrði ekki endurnýjaður eftir 31. desember 1987. Í bréfinu kemur fram, að uppsögnin stafi af fyrirsjáanlegum samdrætti í fjárveitingum, sem leiði til samdráttar í verkefnum.

Stefnandi átti ótekið orlof, þegar starfstíma hans lauk, er svarar 3/5 úr mánuði, sem hann reiknar til 104 vinnustunda. Stefnandi hefur fengið greitt dagvinnukaup í þennan tíma, en telur, að hann eigi þess í stað að fá greitt yfirvinnukaup.

Þá telur stefnandi, að hann eigi að auki að fá greidda yfirvinnu í þennan tíma, sem svari 30 stundum á mánuði.

Stefnandi telur, að í raun hafi staða sín verið lögð niður, og reisir aðalkröfu sína á því, að hann eigi rétt til biðlauna í sex mánuði frá 31. 12. 1987 að telja, en hann hefur engin laun af því tagi fengið. Stefnandi telur, að á biðlaunatímanum eigi hann að fá greidda dagvinnu, 30 yfirvinnutíma hvern mánuð, og orlof af hvoru tveggja.

Samkvæmt þessu sundurliðar stefnandi kröfur sínar svo:

„Aðalkrafa:

Kröfur vegna orlofsuppgjörs 18.12. 1987:

a) Greidd verði yfirvinna í óteknu sumarorlofi, þ.e. ógreidd yfirvinnulaun í sumarleyfi pr./klst. 692,97 (173,33 x 0,6) (13 x 8 x 692,97) kr. 72.069
Áður greidd dagvinnulaun í sumarorlofi " 41.578

Ógreitt kr. 30.491

b) Greidd verði yfirvinna í orlofi, þ.e.: yfirvinna pr./mán., 30 klst. x 0,6 = 18,00 x 692,97 kr. 12.473

Samtals kr. 42.964

Kröfur vegna biðlauna á biðlaunatíma:

a) Föst yfirvinna 30 klst. pr./mán. Tímakaup í yfirvinnu er 1% af mánaðarlaunum frá 1. jan. 1988 til 31. maí 1988, en 1,0385% af sama stofni frá þeim tíma. Miðað er við 148. lfl., 5. þrep, frá 1. janúar til 31. maí, en sama launaflokk, 6. þrep, í júní 1988.

Janúar 1988:

Dagvinnulaun	kr.	71.376
Föst yfirvinna 30 x 713,76	"	21.413
Orlof á laun 92.789 x 11,59%	"	10.754
Samtals	kr.	103.543

Febrúar 1988:

Dagvinnulaun	kr.	72.803
Föst yfirvinna 30 x 728,03	"	21.841
Orlof 94.644 x 11,59%	"	10.969
Samtals	kr.	105.613

Mars 1988:			
Dagvinnulaun		kr.	72.803
Föst yfirvinna 30 x 728,03		"	21.841
Orlof 94.644 x 11,59%		"	10.969
	Samtals	"	105.613
Apríl 1988:			
Dagvinnulaun		"	72.803
Föst yfirvinna 30 x 728,03		"	21.841
Orlof 94.644 x 11,59		"	10.969
	Samtals	kr.	105.613
Maí 1988:			
Dagvinnulaun		kr.	72.803
Föst yfirvinna 30 x 728,03		"	21.841
Orlof 94.644 x 11,59%		"	10.969
	Samtals	kr.	105.613
Júní 1988:			
Dagvinnulaun		kr.	78.175
Föst yfirvinna 30 x 811,85		"	24.356
Orlof á yfirvinnu 102.531 x 11,59%		"	11.883
Samtals		kr.	114.414
	Aðalkrafa samtals	kr.	683.373

Varakrafa:

Varakrafan er um rétt orlofsuppgjör, eins og stefnandi telur, að það eigi að vera. Um sundurliðun þess vísast til fyrsta hluta aðalkröfu. Fjárhæð varakröfu er 42.964 kr."

Stefnandi starfaði á jarðhitadeild Orkustofnunar undir stjórn Guðmundar Pálmasonar, forstöðumanns þeirrar deildar.

Hann kvað mestar starfsannir í deildinni hafa verið um sumartímann, en útivinna í jarðfræði væri bundin því, að snjólaust væri. Talið hefði verið óæskilegt, að margir starfsmenn væru í orlofi um háannatímann, en að öðru leyti hefði það verið starfsmönnum nokkuð frjálst, hvenær þeir tóku orlof; þó hefðu þeir þurft að hafa samband við yfirmann sinn um orlofstökuna. Sumarið 1987 kvaðst stefnandi hafa haft umsjón með nemendum jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna, og hefði það verið bindandi fyrir sig.

Stefnandi kvaðst hafa samið við Guðmund Pálmason um fasta yfirvinnu á mánuði. Hann hefði fyrst fengið slíka yfirvinnu greidda á árinu 1984 og

ætíð litið á hana sem uppbót á dagvinnukaup og ekki talið, að henni fylgdi nein vinnuskylda. Sama hafi átt við aðra starfsmenn á Orkustofnun. Í upphafi hafi þessi yfirvinna verið hugsuð sem greiðsla fyrir lestur fagrita, en sú hugsun hafi verið gengin yfir, þegar hann hafi fengið þessa yfirvinnu. Stefnandi kvaðst hafa fært á vinnuskýrslur alla þá yfirvinnu, sem hann hefði unnið. Fasta yfirvinnan hefði ekki verið skert í orlofi og ekki heldur, þegar hann hefði sótt námskeið eða ráðstefnur.

Stefnandi taldi, að hann hefði mátt eiga von á því að vera ráðinn áfram hjá Orkustofnun, ef ekki hefði komið til samdráttur í fjárveitingum. Guðmundur Pálmason hefði gefið í skyn, að hann þyrfti ekki að óttast að missa vinnu sína öðrum fremur.

Guðmundur Pálmason, forstöðumaður jarðhitadeildar Orkustofnunar, kom fyrir dóminn og gaf skýrslu.

Guðmundur kvað hafa verið samið við langflesta starfsmenn á Orkustofnun um einhvern fjölda yfirvinnutíma, sem hefði verið metið meðaltal yfir allt árið, en af hagkvæmnisástæðum dreift jafnt á alla mánuði ársins til greiðslu. Þetta hefði verið greiðsla fyrir ýmiss konar ónæði, sem starfsmenn verði fyrir heima hjá sér vegna vinnu sinnar utan venjulegs vinnutíma, og eins fyrir lestur fagtímarita og bóka. Það hefði verið skýrt tekið fram við starfsmennina, að ekki væri verið að semja við þá um greiðslur fyrir óunna yfirvinnu. Af hálfu stofnunarinnar hefði ekki verið haft eftirlit með þessari vinnu.

Guðmundur sagðist ekki hafa haft beint samband við stefnanda um orlof hans, en stefnandi hefði heyrt beint undir undirdeildarstjóra í svokallaðri borholujarðfræðideild, sem væri undirdeild jarðhitadeildar. Að jafnaði væri reynt að koma til móts við óskir starfsmanna um orlof, en hins vegar vissu starfsmennirnir mætavel, að það væri misheppilegt fyrir starfsemi stofnunarinnar, að tekið væri orlof á mismunandi tímum, en sumarið væri venjulega mesti annatíminn. Að jafnaði gæti útivinna, sem unnin væri í stofnuninni, ekki farið fram á öðrum tímum árs vegna veðurs, dagsbirtu og annarra aðstæðna.

Guðmundur kvaðst ekki minnast þess, að hann hefði nokkru sinni rætt við stefnanda um réttarstöðu hans samkvæmt ráðningarsamningum.

Gunnar Björnsson, fyrrv. starfsmannastjóri í Orkustofnun, nú deildarstjóri í Launaskrifstofu ríkisins, kom fyrir dóminn. Hann kvað tímabundna ráðningarsamninga hafa verið gerða, vegna þess að verkefni hefðu verið breytileg og heimildir til ráðninga farið eftir árlegum fjárveitingum til stofnunarinnar. Þeir starfsmenn, sem ráðnir hefðu verið með þessum hætti, hefðu mátt gera ráð fyrir því að vera endurráðnir, væru fjárveitingar til.

— — —

Niðurstaða dómsins.

Óumdeilt er í málinu, að stefnandi hafði við starfslok sín hjá stefndu, Orkustofnun, ekki tekið orlof, er svaraði 0,6 mánuðum. Starfslokin gerðu stefnanda ókleift að taka orlof árið 1988. Óumdeilt er, að stefnandi á rétt til kaupgreiðslna fyrir ótekið orlof, en aðilar deila um, hverjar þær skuli vera.

Stefnanda voru greiddar allt frá árinu 1984 fastar yfirvinnustundir mánaðarlega, síðast 30 stundir. Stefnandi skilaði engum vinnuskýrslum um þá yfirvinnu, og ekki var fylgst með því á annan hátt af yfirmönnum hans, hvort hann vann allar þessar stundir, einhverjar þeirra eða engar. Þetta fyrirkomulag mun hafa tíðkast meginhluta þess tíma, sem starfsmönnum Orkustofnunar var greidd yfirvinna af þessum tagi.

Yfirmaður stefnanda í Orkustofnun, sem gaf skýrslu fyrir dóminum, sagði, að þessi yfirvinna hefði verið ætluð sem greiðsla fyrir lestur fagbóka og fagtímarita og vegna ónæðis utan venjulegs vinnutíma. Þá hefur fram komið, að yfirvinna þessi hafi að einhverju leyti verið tekin upp til þess að bæta samkeppnisaðstöðu Orkustofnunar um sérmenntaða starfsmenn í einstökum starfsgreinum. Starfsmennirnir fengu yfirvinnu þessa greidda jafnt í orlofi sem annars. Einn af forsvarsmönnum Orkustofnunar sagði, að yfirvinnan hefði verið miðuð við ákveðinn fjölda stunda á ári og honum síðan dreift jafnt á alla mánuði ársins af hagkvæmnisástæðum.

Óupplýst er, að nokkur fyrirvari hafi verið gerður um það af hálfu stefndu í samningum við stefnanda eða aðra starfsmenn um yfirvinnuna eða í framkvæmd allt þar til eftir starfslok stefnanda, að yfirvinnan skyldi ekki greidd í orlofi. Samningar um yfirvinnu þessa munu hafa verið munnlegir, og það, sem fram er komið um þá í málinu, þykir benda til þess, að miðað hafi verið við ákveðinn stundafjölda á mánuði fremur en ári. Fyrirkomulag og framkvæmd á yfirvinnu þessari þykir hafa verið með þeim hætti, að líta verði á hana sem hluta af föstu, umsömdu kaupi stefnanda, sem hann hafi átt rétt á að fá greitt í orlofi sem annars.

Ber því að taka til greina þá kröfu stefnanda, að hann fái greiddar 18 yfirvinnustundir vegna ótekins orlofs síns.

Næst skal vikið að þeirri kröfu stefnanda, að hann fái annað kaup sitt í óteknu orlofi greitt með yfirvinnukaupi.

Aðilar eru sammála um það, að ekki geti stofnast réttur starfsmanni til handa til þess að fá dagvinnu í óteknu orlofi greidda með yfirvinnukaupi, nema því aðeins að yfirmaður hafi beðið starfsmanninn að fresta orlofstöku fram yfir sumarorlofstímabil. Því er enn fremur haldið fram af stefndu, að greiðsla yfirvinnu komi ekki til fyrr en að loknu sumarorlofstímabili næsta árs og því aðeins að starfsmaður hafi ekki getað tekið orlofið fyrir það tímamark.

Aðilar deila hins vegar um, hvort stefnandi hafi frestað töku orlofs að beiðni yfirmanns eða ekki.

Ekki hefur komið í ljós í málinu, að frá yfirmanni stefnanda hafi komið bein tilmæli um, að hann frestaði orlofstöku, og ekki virðist sami yfirmaður hafa með neinum beinum afskiptum skipulagt orlofstöku þeirra starfsmanna, sem unnu undir hans stjórn. Hins vegar hefur komið fram í málinu, að það hafi verið vel þegið, að starfsmenn tækju orlof utan sumarorlofstímabilsins, vegna þess að sumarið sé háannatími í rannsóknum jarðfræðinga Orkustofnunar, en stefnandi var einn þeirra.

Líta verður svo á, að hér sé um að ræða óbein tilmæli til starfsmanna um að fresta a.m.k. að einhverju leyti orlofstöku vegna eðlis þeirra starfa, sem unnin voru í stofnuninni. Væntanlega hafa yfirmennirnir litið með velþóknun á, að starfsmenn yrðu við tilmælunum, og ekki verður séð, að starfsmennirnir hafi haft beinan hag af því að fresta töku orlofs til næsta árs. Samkvæmt gr. 4.5.1. í kjarasamningi hvíla ákveðnar skyldur á yfirmanni að skipuleggja orlofstöku starfsmanna, sem ekki verður séð, að yfirmaður stefnanda hafi rækt. Verður að líta svo á, eins og hér hagar til, að hin óbeinu tilmæli yfirmanns stefnanda nægi til þess, að stofnast hafi réttur stefnanda til handa samkvæmt gr. 4.7.2. í kjarasamningi að fá ótekið orlof sitt greitt með yfirvinnukaupi að öðrum skilyrðum fullnægðum.

Eins og fyrr greinir, voru starfslok stefnanda hjá stefndu um áramót 1987/1988. Því gat stefnandi ekki flutt orlofið til ársins 1988 og tekið það þá, sbr. ákv. 3. mgr. 16. gr. laga nr. 38/1954 og gr. 4.7.2. í kjarasamningi. Stefnanda var því ókleift að taka orlof með venjulegum hætti árið 1988. Burtséð frá (sic) því, hvort rétt kunni að vera eða ekki sú skýring stefndu á gr. 4.7.2. í kjarasamningi, að ótekið orlof eigi ekki að greiða með yfirvinnukaupi fyrr en eftir lok næsta orlofstökuárs, eftir að orlofið féll til, þá þykir, eins og hér stendur á, verða að skýra þessa samningsgrein svo, að stefnandi eigi samkvæmt henni rétt á því að fá dagvinnu í óteknu orlofi greidda með yfirvinnukaupi. Hér má einnig hafa í huga ákv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1971.

Starfstími stefnanda hjá stefndu, Orkustofnun, var alllangur, en þó var hann ætíð ráðinn með tímabundnum ráðningarsamningum. Í síðasta ráðningarsamningi stefnanda er kveðið á um, að starf hans hefjist 1. mars 1987 og ljúki sjálfkrafa 31.12. 1987. Stefnanda var sagt upp störfum með bréfi, dags. 29. september 1987.

Uppsögn stefnanda og fleiri starfsmanna stefndu, Orkustofnunar, var afleiðing samdráttar hjá stofnuninni, en starfsemi hennar hélt engu að síður áfram.

Ekki verður litið svo á, að stefnandi hafi gegnt fastri stöðu í skilningi 14. gr. laga nr. 38/1954, eins og hann heldur fram, en það verður að telja

skilyrði þess, að réttur til biðlauna stofnist samkvæmt þeirri lagagrein.

Eins og hér stendur á, þykir 36. gr. samningalaga nr. 7/1936 ekki geta breytt þessari niðurstöðu.

Samkvæmt framansögðu ber að hafna því, að stefnandi eigi rétt til biðlauna.

Niðurstaða dómsins, að því er varðar fjárhæðir, sem stefndu greiði stefnanda, er því þessi:

1.	Yfirvinna í óteknu orlofi	kr.	12.473
2.	Yfirvinna í stað dagvinnu í óteknu orlofi	"	30.491
	Samtals	kr.	42.964

Rétt þykir að miða upphafstíma vaxta við 1. febrúar 1988.

Málskostnaður, sem stefndu greiði stefnanda, þykir hæfilega ákveðinn 40.000 kr.

Friðgeir Björnsson yfirborgardómari kvað upp þennan dóm.

Dómsorð:

Stefndu, iðnaðarráðherra f.h. Orkustofnunar og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, greiði in solidum stefnanda, Ómari Bjarka Smárasyni, 42.964 kr. með 51,6% dráttarvöxtum á ári frá 1. febrúar 1988 til 28. febrúar 1988, með 45,6% dráttarvöxtum á ári frá 1. mars 1988 til 30. apríl 1988, með 44,4% dráttarvöxtum á ári frá 1. maí til 30. júní 1988, með 40,8% dráttarvöxtum á ári frá 1. júlí 1988 til 31. júlí 1988, með 56,4% dráttarvöxtum á ári frá 1. ágúst 1988 til 31. ágúst 1988, með 49,2% dráttarvöxtum á ári frá 1. september 1988 til 30. september 1988, með 23,6% dráttarvöxtum á ári frá 1. október 1988 til 31. október 1988, með 27,6% dráttarvöxtum á ári frá 1. nóvember 1988 til 29. nóvember 1988 og með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. febrúar 1989 og síðan árlega þann dag.

Stefndu greiði in solidum stefnanda 40.000 kr. í málskostnað, og ber hann dráttarvexti samkvæmt lögum nr. 25/1987 frá og með 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Þriðjudaginn 31. mars 1992.

Nr. 491/1989. **Iðnaðarráðherra f.h. Orkustofnunar og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**
(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)
gegn
Gunnari Johnsen
(Viðar Már Matthíasson hrl.).

Opinberir starfsmenn. Orlof. Biðlaun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. desember 1989. Krefjast þeir þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá lund, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnda og sér dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti úr hans hendi. Til vara krefjast þeir þess, að dæmdar fjárhæðir verði verulega lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að áfrýjendur verði dæmdir til að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu er annars vegar deilt um greiðslur vegna ótekins orlofs við starfslok stefnda hjá Orkustofnun 1987 og hins vegar um fjárhæð biðlauna hans mánuðina janúar - júní 1988. Eru málsatvik og málsástæður aðila rækilega rakin í hinum áfrýjaða dómi.

Í orlofsuppgjöri til stefnda 18. desember 1987 kemur fram, að stefndi átti inni við starfslok 27 daga vegna orlofs 1987 og 1 dag frá árinu 1986. Viðurkennt er af hálfu áfrýjenda, að stefndi hafi verið beðinn um að fresta orlofstöku sinni fram yfir sumarorlofstíma 1987. Með hliðsjón af því og að öðru leyti með vísan til raka héraðsdóms verður staðfest sú niðurstaða hans, að stefndi hafi öðlast rétt til að fá ótekið orlof sitt greitt með yfirvinnukaupi samkvæmt gr. 4.7.2. í kjarasamningi stéttarfélags hans og fjármálaráðherra, sbr. 4. mgr. 16. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Í héraðsdómi er gerð grein fyrir gögnum og sjónarmiðum, sem

fram hafa komið í málinu varðandi fastar yfirvinnugreiðslur til stefnda. Áfrýjendur halda því fram, að samið hafi verið um greiðslu fyrir ákveðið vinnuframlag, sem næmi 300 klukkustundum á ári og dreifðist jafnt á alla mánuði ársins. Stefndi kveður hér hins vegar um að ræða greiðslu fyrir svokallaða óunna yfirvinnu og miðað hafi verið við ákveðinn stundafjölda á mánuði, sem ætíð hafi verið greitt fyrir, jafnt í orlofi sem annars. Krefst hann þess, að tekið verði tillit til þessa við uppgjör á óteknu orlofi, þar sem greiðslur þessar hafi verið hluti af föstum launum sínum.

Ekki þykir það ráða úrslitum við úrlausn þessa ágreiningsefnis, hvort litið verði á umræddar yfirvinnugreiðslur sem hluta af föstum launum stefnda eða ekki. Upplýst er í málinu, að af þessum föstu yfirvinnugreiðslum var jafnan greitt orlofsfé. Verður að fallast á þá röksemd áfrýjenda, að greiðsla samkvæmt kröfu stefnda í þessu efni við uppgjör á óteknu orlofi feli í sér tvígreiðslu. Verða áfrýjendur því sýknaðir að þessu leyti af kröfum stefnda.

Svo sem fram kemur í héraðsdómi, deila aðilar í máli þessu ekki um rétt stefnda til biðlauna samkvæmt 14. gr. laga nr. 38/1954 frá 1. janúar til 30. júní 1988, og greiddu áfrýjendur honum dagvinnulaun þann tíma og orlofsfé af þeim launum. Aðilar deila hins vegar um það, hvað teljist til fastra launa í skilningi greinarinnar, er greiða skuli á biðlaunatíma.

Óumdeilt er, að stefndi hafði í starfi sínu hjá Orkustofnun um árabil fengið greiddar fastar yfirvinnustundir mánaðarlega án þess að þurfa að gera sérstaka grein fyrir þeirri vinnu. Einnig er upplýst, að greitt var auk þess fyrir yfirvinnu samkvæmt vinnuskýrslum. Hinar föstu yfirvinnugreiðslur byggðust á samkomulagi milli stefnda og yfirmanns hans hjá Orkustofnun, en í héraðsdómi eru, sem fyrr segir, rakin sjónarmið aðila varðandi tilurð og grundvöll þeirra.

Þegar allt það er virt, sem fram hefur komið í málinu um þetta efni, er fallist á þá niðurstöðu héraðsdóms, að framkvæmd greiðslna þessara hafi verið með þeim hætti, að líta verði á þær sem hluta af föstum launum, er fylgdu starfi stefnda samkvæmt 1. mgr. 14. gr. laga nr. 38/1954. Ekki þykir það eiga að hafa áhrif á þessa niðurstöðu, að samið var um greiðslurnar milli stefnda og yfirmanns hjá Orkustofnun, en ekki viðkomandi ráðuneytis. Fyrir

liggur, að launadeild áfrýjanda, fjármálaráðuneytis, hafði lengi innt þessar greiðslur af hendi og hafði þar með vitneskju um þær.

Samkvæmt þessu verður staðfest niðurstaða héraðsdóms um greiðslu 25 yfirvinnustunda á mánuði til stefnda á biðlaunatíma.

Stefndi krefst þess einnig, að greitt verði orlof á yfirvinnu á biðlaunatíma. Með vísan til raka héraðsdóms þykir bera að staðfesta niðurstöðu hans um þessa kröfu.

Samkvæmt framansögðu verður niðurstaða málsins sú, að áfrýjendur greiði stefnda samtals 201.208 krónur, sem sundurliðast svo:

1. Yfirvinna í stað dagvinnu í óteknu orlofi kr. 69.687
2. Yfirvinna, 25 klukkustundir á mánuði, og orlof á hana á biðlaunatíma, janúar til júní 1988 — 131.341

Dráttarvextir af fjárhæðinni ákveðast eins og í dómsorði greinir.

Dæma ber áfrýjendur til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 100.000 krónur, og er þá ekki tekið tillit til sölu- og virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Áfrýjendur, iðnaðarráðherra f.h. Orkustofnunar og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, greiði stefnda, Gunnari Johnsen, 201.028 krónur með árlegum dráttarvöxtum sem hér segir: 51,6% af 90.812 krónum frá 1. til 29. febrúar 1988, 45,6% af 112.359 krónum frá 1. til 31. mars 1988, 45,6% af 133.906 krónum frá 1. til 30. apríl 1988, 44,4% af 155.453 krónum frá 1. til 31. maí 1988, 44,4% af 177.000 krónum frá 1. til 30. júní 1988, 40,8% af 201.028 krónum frá 1. til 31. júlí 1988, 56,4% frá 1. til 31. ágúst 1988, 49,2% frá 1. til 30. september 1988, 23,6% frá 1. til 4. október 1988, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Leggja skal dráttarvexti við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. febrúar 1989.

Áfrýjendur greiði stefnda 100.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. október 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. september 1989, höfðaði Gunnar Johnsen, kt. 231049-6149, Dalsbyggð 10, Reykjavík, gegn iðnaðarráðherra, Arnarhvoli, Reykjavík, f.h. Orkustofnunar, Grensásvegi 9, Reykjavík, og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Arnarhvoli, Reykjavík, með þingfestingu fyrir bæjarþingi Reykjavíkur 4. október 1988.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða sér 224.774 kr. með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum svo og málskostnað].

Dómkröfur stefndu eru þær aðallega, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og sér tildæmdur málskostnaður úr hendi hans að mati dómsins.

Til vara krefjast stefndu þess, að stefnukröfurnar verði stórlega lækkaðar og málskostnaður í því tilviki látinn falla niður.

Málavextir.

Stefnandi hóf störf hjá stefndu, Orkustofnun, í september 1975. Ráðning hans var upphaflega tímabundin til eins árs, en síðasti ráðningarsamningur er dagsettur 7. janúar 1977, og gilti hann frá 1. febrúar s.á. Ritað er á samninginn, að „staðan sé heimiluð", og í samningnum er tekið fram, að gagnkvæmur uppsagnarfrestur sé þrír mánuðir. Stefnandi starfaði sem eðlisfræðingur í jarðhitadeild Orkustofnunar og tók síðustu tíu árin laun sem verkefnisstjóri/deildarverkfræðingur.

Með bréfi stefndu, Orkustofnunar, dags. 29. september 1987, var stefnanda tilkynnt, að vegna verulegs samdráttar í fjárveitingum til stofnunarinnar og þar af leiðandi samdráttar í verkefnum væri honum sagt upp störfum frá og með 30. september 1987. Uppsagnarfrestur var talinn þrír mánuðir, til 31. desember 1987, en þann dag hætti stefnandi störfum hjá stefndu.

Þegar stefnandi lét af störfum hjá stefndu, hafði hann ekki tekið orlof, er svaraði 1,2921 mánuði. Stefnandi fékk 18. desember 1987 greitt dagvinnukaup þennan tíma, en telur sig eiga rétt á að fá yfirvinnukaup greitt í stað dagvinnu. Þá telur stefnandi, að hann eigi rétt á að fá greidda yfirvinnu, sem svari 25 stundum á mánuði á sama tíma. Stefnandi fékk greidd biðlaun í sex mánuði, frá áramótum 1987/1988 til júníloka. Upphæð biðlaunanna var miðuð við dagvinnu þessa sex mánuði, en stefnandi telur sig eiga rétt á 25 stundum í yfirvinnu á sama tíma auk orlofs af því kaupi. Í samræmi við þetta sundurliðar stefnandi kröfur sínar svo:

„Kröfur vegna orlofsuppgjörs 18.12. 1987:

a) Greidd verði óunnin yfirvinna í óteknu sumarorlofi, þ.e.:

Ógreidd yfirvinnulaun í sumarleyfi pr./klst. 735,17 (173,33 x 1,2921)	kr.	164.678
Áður greidd dagvinnulaun í sumarleyfi, sbr. launaseðil, dags. 18.12. 1987	kr.	94.991
Ógreitt	kr.	69.687

b) Greidd verði yfirvinna í orlofi, þ.e.:

Yfirvinna pr./mán. 25 klst. x 1,2921 = 32.30 x 735,17	kr.	23.746
Samtals	kr.	93.433

Kröfur vegna vangoldinna launa á biðlaunatíma:

a) Föst yfirvinna 25. klst. pr./mán. Tímakaup í yfirvinnu er 1% mánaðarlauna frá janúar 1988 til maí 1988, en 1,0385 af mánaðarlaunum frá 1. júní 1988.

Janúar 1988: Miðað er við 150. lfl.,				
5. þrep, 25 x 757,22	kr.	18.931		
Orlof á yfirvinnu 19.309 x 11,59	"	2.194	kr.	21.125
Febrúar 1988:				
Föst yfirvinna 25 x 772,36	"	19.309		
Orlof 19.309 x 11,59%	"	2.238	kr.	21.547
Mars 1988:				
Föst yfirvinna 25 x 772,36	"	19.309		
Orlof 19.309 x 11,59%	"	2.238	kr.	21.547
Apríl 1988:				
Föst yfirvinna 25 x 772,36	"	19.309		
Orlof 19.309 x 11,59%	"	2.238	"	21.547
Maí 1988:				
Föst yfirvinna 25 x 772,36	"	19.309		
Orlof 19.309 x 11,59%	"	2.238	kr.	21.547
Júní 1988:				
Föst yfirvinna 25 x 861,29	"	21.532		
Orlof á yfirvinnu 21.532 x 11,59%	"	2.496	kr.	24.028
Krafa samtals			kr.	224.774

Stefnandi lýsti því fyrir dóminum, að árið 1984 hefði hann samið um við Guðmund Pálmason, forstöðumann jarðhitadeildar í Orkustofnun, að fá fasta yfirvinnu greidda. Frá og með mars 1986 mun yfirvinna þessi hafa verið 25 klst. á mánuði. Stefnandi kvað sinn skilning hafa verið þann, að um væri að ræða aukagreiðslur, án þess að vinna kæmi á móti, og þetta væri leið til þess að bæta launin. Stefnandi kvaðst hafa fært þann tíma, sem hann hefði varið til lestrar fræðirita, á vinnuskýrslur og fengið þannig þá vinnu greidda. Sama máli hefði gegnt um vinnu vegna ónæðis, sem hann hefði orðið fyrir utan reglulegs vinnutíma.

Stefnandi heldur því fram, að hann hafi ekki tekið orlof á sumarorlofstíma að beiðni yfirmanns síns.

Í bréfi stefndu, Orkustofnunar, til iðnaðarráðuneytisins, dagsettu 8. nóvember 1988, kemur fram, að þessari staðhæfingu stefnanda er ekki mótmælt.

Guðmundur Pálmason, forstöðumaður jarðhitadeildar Orkustofnunar, kom fyrir dóminn og gaf skýrslu.

Guðmundur kvað hafa verið samið við langflesta starfsmenn í Orkustofnun um einhvern fjölda yfirvinnutíma, sem hefði verið metið meðaltal yfir allt árið, en af hagkvæmnisástæðum dreift jafnt á alla mánuði ársins til greiðslu. Þetta hefði verið greiðsla fyrir ýmiss konar ónæði, sem starfsmenn verði fyrir heima hjá sér vegna vinnu sinnar utan venjulegs vinnutíma, og eins fyrir lestur fagtímarita og bóka. Það hefði verið skýrt tekið fram við starfsmennina, að ekki væri verið að semja við þá um greiðslur fyrir óunna yfirvinnu. Af hálfu stofnunarinnar hefði ekki verið haft eftirlit með þessari vinnu.

— — —

Niðurstaða dómsins.

Óumdeilt er í málinu, að stefnandi hafði við starfslok sín hjá stefndu, Orkustofnun, ekki tekið orlof, er svaraði 1,2921 mánuði. Starfslokin gerðu stefnanda ókleift að taka orlof árið 1988. Óumdeilt er, að stefnandi á rétt til kaupgreiðslna fyrir ótekið orlof, en aðilar deila um, hverjar þær skuli vera.

Stefnanda voru greiddar allt frá árinu 1984 fastar yfirvinnustundir mánaðarlega, síðast 25 stundir. Stefnandi skilaði engum vinnuskýrslum um þá yfirvinnu, og ekki var fylgst með því á annan hátt af yfirmönnum hans, hvort hann vann allar þessar stundir, einhverjar þeirra eða engar. Þetta fyrirkomulag mun hafa tíðkast meginhluta þess tíma, sem starfsmönnum Orkustofnunar var greidd yfirvinna af þessu tagi.

Yfirmaður stefnanda í Orkustofnum, sem gaf skýrslu fyrir dóminum, sagði, að þessi yfirvinna hefði verið ætluð sem greiðsla fyrir lestur fagbóka

og fagtímarita og vegna ónæðis utan venjulegs vinnutíma. Þá hefur fram komið, að yfirvinna þessi hafi að einhverju leyti verið tekin upp til þess að bæta samkeppnisaðstöðu Orkustofnunar um sérmenntaða starfsmenn í einstökum starfsgreinum. Starfsmennirnir fengu yfirvinnu þessa greidda jafnt í orlofi sem annars. Einn af forsvarsmönnum Orkustofnunar sagði, að yfirvinnan hefði verið miðuð við ákveðinn fjölda stunda á ári og honum síðan dreift jafnt á alla tólf mánuði ársins af hagkvæmnisástæðum.

Óupplýst er, að nokkur fyrirvari hafi verið gerður um það af hálfu stefndu í samningum við stefnanda eða aðra starfsmenn um yfirvinnuna eða í framkvæmd allt þar til eftir starfslok stefnanda, að yfirvinnan skyldi ekki greidd í orlofi. Samningar um yfirvinnu þessa munu hafa verið munnlegir, og það, sem fram er komið um þá í málinu, þykir benda til þess, að miðað hafi verið við ákveðinn stundafjölda á mánuði fremur en ári. Fyrirkomulag og framkvæmd á yfirvinnu þessari þykir hafa verið með þeim hætti, að líta verði á hana sem hluta af föstu, umsömdu kaupi stefnanda, sem hann hafi átt rétt á að fá greitt í orlofi sem annars.

Ber því að taka til greina þá kröfu stefnanda, að hann fái greiddar 32,30 yfirvinnustundir vegna ótekins orlofs síns.

Næst skal vikið að þeirri kröfu stefnanda, að hann fái annað kaup sitt í óteknu orlofi greitt með yfirvinnu.

Fyrir liggur í málinu viðurkenning stefndu. Orkustofnunar, á því, að stefnandi hafi verið beðinn að fresta orlofstöku sinni fram yfir sumarorlofstímabil 1987. Þá hefur komið fram í málinu, að það hafi verið vel þegið, að starfsmenn Orkustofnunar tækju orlof utan sumarorlofstímabilsins, vegna þess að sumarið sé þar háannatími.

Aðilar eru sammála um það, að ekki geti stofnast réttur starfsmanni til handa til þess að fá dagvinnu í óteknu orlofi greidda með yfirvinnukaupi, nema því aðeins að yfirmaður hafi beðið starfsmanninn að fresta orlofstöku fram yfir sumarorlofstímabil.

Því er haldið fram af stefndu, að greiðsla yfirvinnu komi ekki til fyrr en að loknu sumarorlofstímabili næsta árs og því aðeins að starfsmaður hafi ekki getað tekið orlofið fyrir það tímamark.

Eins og fyrr greinir, voru starfslok stefnanda hjá stefndu um áramót 1987/1988. Því gat stefnandi ekki flutt orlofið til næsta árs og tekið það þá, sbr. ákv. 3. mgr. 16. gr. laga nr. 38/1954 og gr. 4.7.2. í kjarasamningi. Stefnanda var því ókleift að taka orlof með venjulegum hætti árið 1988. Burtséð frá (sic) því, hvort rétt kunni að vera eða ekki sú skýring stefndu á gr. 4.7.2. í kjarasamningi, að ótekið orlof eigi ekki að greiða með yfirvinnukaupi fyrr en eftir lok næsta orlofstökuárs, eftir að orlofið féll til, þá þykir, eins og hér stendur á, verða að skýra þessa samningsgrein svo,

að stefnandi eigi samkvæmt henni rétt á því að fá dagvinnu í óteknu orlofi greidda með yfirvinnukaupi. Má hér einnig hafa í huga ákvæði 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1971.

Stefnanda voru greidd biðlaun í sex mánuði frá 1. janúar 1988 að telja, sem svöruðu launum fyrir dagvinnu. Einnig var honum greitt orlofsfé af þeim launum. Aðilar deila því ekki um rétt stefnanda til biðlauna, heldur einungis um það, hver þau skuli vera.

Að framan var komist að þeirri niðurstöðu, að líta yrði á þá 25 yfirvinnutíma, sem stefnandi fékk greidda mánaðarlega, sem hluta af föstu kaupi hans, sem greiða bæri honum í óteknu orlofi. Þetta leiðir sjálfkrafa til þess, að taka ber til greina þá kröfu stefnanda, að hann fái einnig þessa yfirvinnu greidda á biðlaunatíma.

Fyrir liggur, að stefnanda hefur verið greitt orlof af því dagvinnukaupi, sem honum var greitt á biðlaunatímanum. Þykir verða að skoða það sem viðurkenningu stefndu á því, að hann eigi rétt á að fá orlof greitt á þau laun, sem honum bera á biðlaunatímanum. Niðurstaða dómsins verður því sú samkvæmt þessari viðurkenningu, að stefnandi eigi rétt á að fá greitt orlof af hinni föstu yfirvinnu, sem að framan var talið, að hann ætti rétt á að fá greidda á biðlaunatímanum.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, er niðurstaða dómsins sú, að kröfur stefnanda beri að taka til greina að fullu, þó þannig, að samkvæmt kröfu stefnanda um upphafstíma vaxta þykir rétt, að vextir leggist við höfuðstól 1. febrúar, í fyrsta sinn árið 1989.

Málskostnaður, sem stefndu greiði stefnanda, þykir hæfilega ákveðinn 80.000 kr.

Friðgeir Björnsson yfirborgardómari kvað upp þennan dóm, en uppsaga dómsins hefur dregist nokkuð vegna annarra embættisskyldna dómarans.

Dómsorð:

Stefndu, iðnaðarráðherra f.h. Orkustofnunar og fjármálaráðherra f.h. ríkisskjóðs, greiði in solidum stefnanda, Gunnari Johnsen, 224.774 kr. með 51,6% dráttarvöxtum á ári af 114.548 kr. frá 1. febrúar 1988 til 28. febrúar 1988, með 45,6% dráttarvöxtum á ári af 136.105 kr. frá 1. mars 1988 til 31. mars 1988, með 45,6% dráttarvöxtum á ári af 157.652 kr. frá 1. apríl 1988 til 30. apríl 1988, með 44,4% dráttarvöxtum á ári af 179.199 kr. frá 1. maí 1988 til 31. maí 1988, með 44,4% dráttarvöxtum á ári af 200.746 kr. frá 1. júní 1988 til 30. júní 1988, með 40,8% dráttarvöxtum af 224.774 kr. frá 1. júlí 1988 til 31. júlí 1988, með 56,4% dráttarvöxtum á ári frá 1. ágúst 1988 til 31. ágúst 1988, með 49,2% dráttarvöxtum á ári frá 1. september 1988 til 30. september 1988, með 23,6% dráttarvöxtum á ári frá

1. október 1988 til þingfestingardags, 4. október 1988, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. febrúar 1989 og síðan árlega þann dag.

Stefndu greiði in solidum stefnanda 80.000 kr. í málskostnað, og beri hann dráttarvexti samkvæmt lögum nr. 25/1987 frá og með 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Þriðjudaginn 31. mars 1992.

Nr. 350/1989. **Guðmundur Bergsteinn Jóhannsson**
(Jóhann Salberg Guðmundsson hrl.)
gegn
Magnúsi Sigurðssyni
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

Gerðardómur. Siðareglur. Læknar. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. september 1989. Hann gerir eftirfarandi dómkröfur:

„1. Að felldur verði úr gildi dómur gerðardóms Læknafélags Íslands, upp kveðinn 29. apríl 1987, í málinu: Guðmundur Bergsteinn Jóhannsson gegn Magnúsi Sigurðssyni.

2. Að viðurkennt verði, að áfrýjanda hafi verið rétt og skylt að veita yfirboðurum sínum og hærra settum embættismönnum umbeðnar upplýsingar.

3. Að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti."

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

I.

Kröfu sína um ógildingu gerðardómsins styður áfrýjandi þeim rökum, að eigi hafi verið virtar gildandi reglur um skipan gerðardómsins og starfshætti, eins og nánar er greint frá í héraðsdómi.

Í fyrsta lagi telur áfrýjandi, að dómurinn sé ekki rétt skipaður. Ekki hafi verið farið eftir því ákvæði í siðareglum lækna, sem samþykktar voru á aðalfundi Læknafélags Íslands 1978, að annar þeirra dómara, sem kosinn er af Læknafélagi Íslands, skuli vera héraðslæknir. Í stað héraðslæknis hafi verið kosinn heilsugæslulæknir, og sé það í brýnni andstöðu við skýr fyrirmæli siðareglnanna. Þótt lög um heilbrigðisþjónustu hafi tekið breytingum og heilsugæslulæknar sinni nú mörgum þeim störfum, sem áður voru

á hendi héraðslækna, þá er hlutverk og starf héraðslækna enn skýrlega afmarkað í lögum. Þeir eru sérstakir ráðunautar heilbrigðisstjórnar um allt, sem við kemur heilbrigðismálum héraðsins, og skulu þeir fylgjast með því, að þar sé fylgt lögum og reglum um heilbrigðismál, sbr. 8. gr. laga nr. 59/1983 um heilbrigðisþjónustu. Þegar litið er til þess og afdráttarlauss ákvæðis 3. mgr. IV. kafla siðareglna lækna, verður að telja, að kjósa hafi átt héraðslækni í gerðardóminn í stað heilsugæslulæknis.

Í öðru lagi telur áfrýjandi, að gerðardómur hafi ranglega hafnað kröfu sinni um ruðning dómara sem of seint fram kominni. Eins og lýst er í héraðsdómi, þá kom krafa áfrýjanda um ruðning eins hinna föstu dómara fram með bréfi hans 6. júní 1986. Áfrýjandi hafði tilnefnt mann í dóminn hinn 16. mars 1986 og skilað greinargerð til dómsins 19. sama mánaðar. Það var ekki fyrr en eftir að gerðardómurinn hafði komið saman í fyrsta skipti á óformlegan fund, sem ekki var bókaður, til að ræða málsmeðferðina, að áfrýjandi fékk vitneskju um þá afstöðu viðkomandi gerðardómara, að hann styddi málstað stefnda. Það er grundvallarsjónarmið, að gerðardómur sé skipaður mönnum, sem aðilar treysta, sbr. og 8. mgr. IV. kafla siðareglnanna. Líta verður svo á, að áfrýjandi hafi sett fram kröfu sína um ruðning, jafnskjótt og hann fékk vitneskju um það, að fyrrnefndur gerðarmaður væri vilhallur stefnda, en eiginleg dómstörf voru þá ekki hafin. Á það ber og að líta, að engin tímamörk eru sett, hvað þetta varðar, í IV. kafla siðareglnanna.

Í þriðja lagi byggir áfrýjandi kröfu sína á því, að gerðardómurinn hafi brotið það ákvæði IV. kafla siðareglnanna, að dæma skuli í hverju máli svo fljótt sem verða má og eigi síðar en innan misseris, frá því að málsaðilar kusu dómara, nema aðilar hafi komið sér saman um lengri frest. Aðilar höfðu tilnefnt dómara af sinni hálfu í gerðardóminn 16. mars 1986, en dómur var ekki kveðinn upp fyrr en 29. apríl 1987, sjö og hálfum mánuði eftir að frestur var liðinn samkvæmt framansögðu.

Þegar litið er til þess, sem að framan er rakið, verður að telja, að svo miklir ágallar séu á málsmeðferð gerðardómsins, að óhjákvæmilegt sé að fella hann úr gildi. Að þessari niðurstöðu fenginni er ekki ástæða til að fjalla um þá málsástæðu áfrýjanda, að í gerðardóminum sé ekki gerð fullnægjandi grein fyrir því ákvæði

í 1. gr. III. kafla siðareglnanna, sem áfrýjandi er talinn hafa brotið gegn.

II.

Áfrýjandi krefst þess í öðru lagi, að viðurkennt verði, að sér hafi verið rétt og skylt að veita yfirboðurum sínum og hærra settum embættismönnum umbeðnar upplýsingar. Með dómi Hæstaréttar frá 27. október 1988 var kveðið á um það, að gerðardómurinn skæri ekki úr um þetta efni og að áfrýjandi ætti lögvarða hagsmuni af því að fá úr því leyst af dómstólum.

Fram er komið í málinu, að hvorki heilbrigðis- og tryggingaráðuneytið né landlæknir áttu frumkvæði að öflun upplýsinga þeirra, sem mál þetta snýst um, en áfrýjandi hafði kynnt þeim málið og taldi sig hafa samþykki þeirra. Ekki er fram komið, að áfrýjandi hafi haft fullkomið samráð við stefnda, sem var yfirlæknir heilsugæslustöðvarinnar, áður en skýrslan var gerð. Í ljós er leitt, að tryggingayfirlæknir óskaði eftir því við áfrýjanda, að hann gæfi umbeðnar upplýsingar. Tryggingayfirlæknir er ekki yfirmaður áfrýjanda með boðvald gagnvart honum. Verður samt við það að miða, að áfrýjandi hafi aflað umbeðinna upplýsinga í trausti þess, að tryggingayfirlæknir kæmi fram á vegum sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunar ríkisins. Samkvæmt framansögðu er ljóst, að áfrýjanda var ekki, eins og hér stóð á, skylt að veita framangreindum aðilum þessar upplýsingar, en telja verður, að honum hafi verið það heimilt.

III.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Felldur er úr gildi dómur gerðardóms Læknafélags Íslands frá 29. apríl 1987 í málinu Guðmundur Bergsteinn Jóhannsson gegn Magnúsi Sigurðssyni.

Viðurkennt er, að áfrýjanda, Guðmundi Bergsteini Jóhannssyni, var heimilt að veita Tryggingastofnun ríkisins, heilbrigðis- og tryggingaráðuneytinu og landlækni umbeðnar upplýsingar.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði

Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Í máli þessu er deilt um úrskurð frá gerðardómi codex ethicus Læknafélags Íslands í gerðardómsmáli milli aðila. Um skipan og störf þessa gerðardóms gilda ákvæði í siðareglum lækna, sem settar eru á vegum Læknafélags Íslands. Höfðu gildandi reglur verið samþykktar á aðalfundi félagsins 1978. Samkvæmt þeim er dómurinn skipaður þremur föstum dómendum ásamt tveimur, er málsaðilar nefna til hverju sinni. Eru tveir hinna föstu dómenda kjörnir á aðalfundum félagsins, á víxl til tveggja ára í senn. Í reglunum frá 1978 var svo um mælt, að annar þeirra skyldi vera úr hópi héraðslækna. Eigi að síður höfðu aðalfundir félagsins gert þá ráðstöfun að kjósa heilsugæslulækni í þetta sæti í dóminum, áður en deila aðila kom til. Eru forsendur að þessu ræddar í hinum áfrýjaða dómi. Auk þeirra verður að líta til þess, að um er að ræða kjör frá hendi þeirrar valdstofnunar, sem sett hafði reglurnar sjálfar. Að öllu athuguðu eru ekki efni til að líta svo á, að þessi tilhögun fari í bága við siðareglurnar, svo að dómskipan í máli aðila hafi verið ólögmæt.

Samkvæmt ákvæðum siðareglnanna á málsaðili rétt á að ryðja einum hinna föstu dómenda úr gerðardóminum, og taki þá varamaður sæti hans. Kröfu um slíkan ruðning þarf ekki að rökstyðja, og er rétturinn ekki háður því, að um sé að ræða vanhæfi til meðferðar hins einstaka máls, sem lagt er fyrir dóminn. Eðlilegt er að neyta þessa réttar, áður en gerðardómsmeðferð byrjar, um leið og aðilar tilnefna eigin fulltrúa í dóminn, enda fyrir fram kunnugt um hina föstu dómendur. Krafa áfrýjanda um ruðning í máli sínu var síðar til komin og auk þess byggð á staðhæfingum, sem fremur horfðu til vanhæfissjónarmiða. Ljóst er, að hinn umdeildi gerðarmaður taldi sig ekki vanhæfan til meðferðar málsins, og ósannað er, að staðhæfingar áfrýjanda hafi átt við gild rök að styðjast. Eru ekki efni til að vefengja úrlausn gerðardómsins um kröfu áfrýjanda né heldur hæfi dómsins.

Um meðferð gerðardómsmálsins er það ljóst, að hún sætti verulegum töfum á undirbúningsstigi og síðan aftur, eftir að gerðardómurinn var kominn saman og krafa áfrýjanda um formhlið málsins var komin fram. Hins vegar var málið rekið með eðlilegum

hraða, eftir að það komst á skrið. Tafir af þessu tagi eru of algengar til þess, að unnt sé að hrinda úrskurði gerðardómsins vegna þeirra einna saman.

Telja verður eftir atvikum, að áfrýjanda hafi ekki verið skylt að veita þær upplýsingar, sem um er deilt í málinu, eins og rakið er í atkvæði annarra dómenda. Álitamál er, hvort lögvarðir hagsmunir hans nái til að fá skorið úr því einu, hvort honum hafi verið þetta heimilt, og reifun málsins um það atriði er ekki tæmandi.

Með þessum athugasemdum tel ég, að staðfesta beri hinn áfrýjaða dóm með vísan til forsendna hans. Ég er samþykkur þeirri ákvörðun annarra dómenda, að málskostnaður falli niður.

Dómur aukadómþings Árnessýslu 18. júlí 1989.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi þriðjudaginn 13. júní sl., er höfðað með stefnu, birtri þriðjudaginn 6. október 1987.

Stefnandi er Guðmundur Bergsteinn Jóhannsson, Stuðlaseli 27, Reykjavík (nnr. 3082-4105).

Stefndi er Magnús Sigurðsson, Seylum, Ölfushreppi, Árnessýslu (nnr. 6281-9014).

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. „Að felldur verði úr gildi dómur gerðardóms skv. codex ethicus Læknafélags Íslands, upp kveðinn 29. apríl 1987, í málinu: Guðmundur B. Jóhannsson gegn Magnúsi Sigurðssyni. Dómsorð hljóðar svo: „Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður."

2. Þess er krafist „í framhaldi af framangreindri kröfu um ógildingu á dómi nefnds gerðardóms, að viðurkennt verði með dómi, að stefnanda hafi verið rétt og skylt og með öllu frjálst og vítalaust að láta greindum yfirboðurum sínum og hærra settum embættismönnum í té umbeðnar upplýsingar, sbr. nánar hér á eftir".

Þá krefst stefnandi þess, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Af hálfu stefnda eru þær kröfur gerðar, að kröfur stefnanda í málinu verði eigi teknar til greina og stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu.

Í þinghaldi 16. maí 1988, eftir að leitað hafði verið árangurslaust um sættir og áður en aðalflutningur skyldi hefjast, gerði stefndi þá kröfu, að málinu yrði vísað frá dómi. Þessu mótmælti stefnandi, og var síðan ágreiningurinn um frávísunarkröfuna sóttur og varinn munnlega af aðilum og

málið tekið til dóms eða úrskurðar um frávísunarkröfuna. Dómur var upp kveðinn 15. júní 1988 á þá leið, að 2. kröfulið stefnu í málinu var vísað frá dómi, en ákvörðun málskostnaðar látin bíða efnisdóms um 1. kröfulið. Þennan dóm kærði stefnandi til Hlæstaréttar með bréfi, dagsettu 23. júní 1988, og krafðist þess, að frávísunardómurinn yrði felldur úr gildi og að lagt yrði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Þá krafðist stefnandi kærumálskostnaðar úr hendi stefnda. Hinn 27. október 1988 kvað Hæstiréttur upp dóm í málinu, og var hinn kærði frávísunardómur úr gildi felldur og málinu vísað heim í hérað til efnismeðferðar og dómsálagningar að nýju, en kærumálskostnaður var felldur niður.

Málavextir.

Málavextir eru þeir, að með bréfi til forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins, heilbrigðisráðuneytis og landlæknis, dagsettu 18. apríl 1984, sendu Guðmundur B. Jóhannsson, stefnandi máls þessa, og Sigurður Ingi Sigurðsson, heilsugæslulæknar á Selfossi, þessum aðilum „yfirlit til samanburðar á upphæðum reikninga lækna við Heilsugæslustöðina á Selfossi miðað við fjölda tímapantana á stofu", og náði yfirlitið yfir allt árið 1983 og janúar- og febrúarmánuð 1984.

Einn lækna heilsugæslustöðvarinnar, Magnús Sigurðsson, stefndi í máli þessu, taldi bréfi þessu stefnt gegn sér og að með því hefðu læknarnir gerst brotlegir við 1. gr. III. kafla siðareglna lækna, og kærði þá fyrir siðanefnd læknafélagsins. Siðanefndin kvað upp þann úrskurð 5. mars 1985, að nefndir læknar hefðu með ritun nefnds bréfs brotið gegn 1. gr. III. kafla codex ethicus Læknafélags Íslands, og veitti þeim af því tilefni áminningu.

Þessari niðurstöðu siðanefndar vildi stefnandi máls þessa ekki una og áfrýjaði úrskurði siðanefndar til gerðardóms skv. codex ethicus Læknafélags Íslands með bréfi, dagsettu 1. apríl 1985, og krafðist þess, að honum yrði hnekkt. Gerðardómurinn kvað síðan upp dóm í málinu 29. apríl 1987, þar sem úrskurður siðanefndar var staðfestur, að því er varðaði Guðmund B. Jóhannsson, stefnanda máls þessa.

Í rekstri málsins bar stefnandi fram kröfu um ruðning eins hinna „föstu dómenda" samkvæmt heimild í reglum um dóminn, en þeirri kröfu var hafnað sem of seint fram kominni.

Við meðferð málsins voru rofnir allir frestir, sem settir eru í reglum um dóminn.

Stefnandi vildi eigi una dómi gerðardómsins og höfðaði því mál þetta fyrir dómi.

— — —

Forsendur og niðurstaða.

Um fyrri stefnukröfu:

Krafa stefnanda um ómerkingu á dómi gerðardómsins er reist á því, að skipan dómsins og starfshættir hafi eigi verið í samræmi við gildandi reglur, og hefur stefnandi nefnt þrjár ástæður fyrir því.

Skal nú vikið að fyrstu ástæðunni, þ.e.a.s. þeirri, að Læknafélag Íslands hafi ekki kosið héraðslækni í dóminn. Ákvæði codex um það, að annar þeirra manna, er Læknafélag Íslands kýs í dóminn, skuli vera héraðslæknir, er frá tíð eldra skipulags, þegar verkefni héraðslæknis voru að mestu leyti önnur en þau eru nú. Nú hefur starfi hinna gömlu héraðslækna verið skipt þannig upp milli heilsugæslulækna og héraðslækna, að heilsugæslulæknar vinna að meginhluta almenn læknisstörf, en héraðslæknar að meginhluta stjórnunarstörf. Læknafélagið hefur hins vegar ekki breytt nefndu ákvæði í codex, og ljóst er, að lög frá Alþingi breyta ekki sjálfkrafa codex lækna, hvorki að því er varðar orðalag né merkingu hugtaka. Hugtakið héraðslæknir verður því í þessu sambandi að skýra í samræmi við breytta löggjöf með hliðsjón af því, hver tilgangurinn hafi verið með þessu ákvæði, þegar það var sett. Það er sameiginlegt með hinum gömlu héraðslæknum og heilsugæslulæknum nú, að meginstarf þeirra er almennar lækningar í héraði. Það verður því samkvæmt eðli málsins að teljast í samræmi við codex að kjósa heilsugæslulækni í dóminn, og verður dómurinn samkvæmt því að teljast að þessu leyti rétt skipaður.

Þá er og á það að líta, að stefnandi gerði ekki athugasemd við þessa skipan dómsins, jafnskjótt og tilefni var til, og gerði það ekki fyrr en eftir, að dómur honum í óhag var fallinn. Með því að senda dóminum greinargerð án þess að gera athugasemd við skipan hans telst hann hafa samþykkt hann eins og hann var skipaður og á því engan rétt á því að fá dóminn felldan úr gildi af þessum sökum.

Önnur ástæða stefnanda er sú, að hann hafi átt rétt á því að ryðja Sigursteini Guðmundssyni úr dóminum, en þeirri kröfu hafi ranglega verið hafnað, og þar að auki hafi meðferð gerðardómsins á þeirri kröfu eigi verið nægjanlega formleg.

Rétturinn til þess að ryðja einum hinna föstu dómenda úr dóminum verður auðvitað að vera þeim takmörkunum háður, sem leiðir af öðrum réttarfarsreglum, þ. á m. þeirri almennu réttarfarsreglu, að málsástæður, mótmæli og kröfur skulu jafnan koma fram, jafnskjótt og tilefni verður til, en að öðrum kosti megi ekki taka slíkar yfirlýsingar til greina.

Þar að auki er auðvitað ljóst, að krafa um ruðning dómara verður að koma fram, áður en dómurinn byrjar að fjalla um málið.

Með bréfi gerðardómsins, dagsettu 19. febrúar 1986, var stefnanda tilkynnt um hina föstu dómendur, þ. á m. Sigurstein Guðmundsson, og

var þess jafnframt óskað, að stefnandi tilnefndi lækni í dóminn af sinni hálfu. Hér var strax komið tilefni til þess að bera fram kröfu um ruðning dómara, og hefði verið eðlilegast, að hún hefði verið sett fram, um leið og stefnandi tilnefndi mann í dóminn með bréfi, dagsettu 16. mars 1986, en stefnandi lét þar enga kröfu fylgja um ruðning dómara. Þremur dögum síðar er greinargerð hans dagsett, og hefur ekki komið fram í málinu, að krafa um ruðning dómara hafi verið sett fram, þegar hún var send dóminum.

Kröfu um ruðning setur stefnandi ekki fram fyrr en með bréfi, dagsettu 6. júní 1986, en þá hafði gerðardómurinn þegar komið saman og fjallað um málið. Tilefni hinnar síðbúnu kröfu um ruðning virðist hafa verið það, að stefnandi hafði fregnað af lokuðum fundi dómara um málið, að Sigursteinn Guðmundsson hefði við umfjöllun málsins á fundinum lýst yfir stuðningi sínum við málstað stefnda, og virðist stefnandi hafa fengið þessa frétt af lokuðum dómarafundi hjá þeim lækni, er hann tilnefndi í dóminn, sbr. bréf þess læknis til stefnanda, dags. 13. maí 1988.

Ljóst er af þessu, að krafan um ruðning dómara kom alls ekki fram, jafnskjótt og tilefni var til, og kom þar að auki fram, eftir að dómurinn var byrjaður að fjalla um málið og sá dómari, er ruðningarkrafan beindist að, hafði tjáð sig á lokuðum dómarafundi um málið.

Samkvæmt þessu var gerðardóminum óheimilt að taka þessa síðbúnu kröfu um ruðningu dómara til greina, og kemur þar einnig til tillit til stefnda, þar sem sá, er ryðja átti, hafði á lokuðum dómarafundi lýst stuðningi við málstað hans.

Um meðferð gerðardómsins á ruðningarkröfu stefnanda er eftirfarandi að segja:

Í starfsreglum gerðardómsins er ekkert, sem býður, að formlegan úrskurð þurfi um kröfu um ruðningu dómara.

Þær starfsreglur dómsins í codex ethicus, sem hér koma einkum til álita, eru í fyrsta lagi reglan í 4. tölulið, að allar ákvarðanir dómsins, bæði í sambandi við málflutning og úrskurð, skuli reisa á meiri hluta atkvæða, og í öðru lagi reglan um, að gerðardómurinn hlíti um málsmeðferð að öðru leyti en fyrir er mælt í codex þeim réttarfarsreglum, sem tíðkast hér á landi á hverjum tíma, svo fremi málsaðilar hafi ekki komið sér saman um annað. Hina síðarnefndu reglu ber að túlka með hliðsjón af því, að almennt er litið svo á, að eigi beri að gera jafnstrangar kröfur um málsmeðferð fyrir gerðardómi og fyrir almennum dómstólum, og er þar af leiðandi rétt að líta svo á, að með réttarfarsreglum sé þarna átt við þær reglur, er hlíta beri við málsmeðferð í gerðardómum, enda ekkert í codex, sem bendir til þess, að ætlast sé til, að beitt skuli ströngustu reglum um meðferð mála fyrir almennum dómstólum.

Meðferð gerðardómsins á kröfu stefnanda um ruðningu Sigursteins Guðmundssonar úr dóminum var samkvæmt þeim gögnum, sem stefnandi hefur lagt fram í málinu, svo sem nú skal greina:

Hinn 7. ágúst 1986 kom gerðardómurinn saman, og voru þar allir föstu dómararnir þrír, Tómas Helgason, Gunnlaugur Snædal og Sigursteinn Guðmundsson. Einnig var þar Skúli Johnsen, sem stefnandi hafði tilnefnt í dóminn, en fjarverandi var Brynleifur Steingrímsson, sem stefndi hafði tilnefnt í dóminn. Dómendur tóku til meðferðar kröfu stefnanda um, að Sigursteinn Guðmundsson viki úr dóminum. Síðan segir svo í plaggi því, sem stefnandi hefur lagt fram um fund þennan: „Krafa Guðmundar kemur ekki fram fyrr en eftir, að dómurinn er byrjaður að fjalla um áfrýjun Guðmundar B. Jóhannssonar á úrskurði siðanefndar vegna kæru Magnúsar Sigurðssonar á hendur Guðmundi. Eftir umræður um kröfu Guðmundar var ákveðið að fela formanni að kveða upp úrskurð um kröfuna."

Formaður gerðardómsins, Tómas Helgason, sendi síðan stefnanda svofellt bréf, dagsett 26. ágúst 1986:

„Vísa til bréfs frá 6. júní 1986, þar sem farið er fram á, að Sigursteinn Guðmundsson víki úr gerðardómi.

Að vel athuguðu máli og eftir dómarafund 7. ágúst 1986, þar sem mættir voru auk undirritaðs Gunnlaugur Snædal, Skúli Johnsen og Sigursteinn Guðmundsson, hefur verið ákveðið að hafna ósk um, að Sigursteinn víki úr dóminum, með því að óskin sé of seint fram komin.

Þessi ósk kemur ekki fram fyrr en eftir, að dómurinn hefur haldið fund til að fjalla um mál ykkar Magnúsar Sigurðssonar. Á slíkum fundi er að sjálfsögðu rætt um fram komin gögn í viðkomandi máli, og jafnvel þó að einhver telji á þeim tíma, að rök annars málsaðila séu betri en hins, eru slík ummæli algjörlega óbindandi og viðkomandi aðili opinn fyrir nýjum rökum í málinu og tekur endanlega afstöðu, þegar öll gögn liggja fyrir. Er því ljóst, að Sigursteinn hefur ekki tekið afstöðu fyrir fram í málinu og hann er jafnóhlutdrægur og hæfur til að dæma í því og aðrir meðlimir gerðardómsins."

Hinn 18. mars 1987 kom gerðardómurinn saman, og voru allir dómendur mættir nema Sigursteinn Guðmundsson. Í plaggi því, er stefnandi hefur lagt fram um fundinn, segir svo: „Rædd var krafa Guðmundar B. Jóhannssonar um, að einn dómenda, Sigursteinn Guðmundsson, viki úr dómi vegna þess, að komið hefði fram stuðningur hans við málstað Magnúsar Sigurðssonar. Á fundi gerðardóms 7. ágúst 1986 var formanni falið að kveða upp úrskurð um þetta mál, án mótmæla. Formaður kvað síðan upp úrskurð um, að hafnað skuli þessari beiðni, að Sigursteinn víki úr dómi, þar sem ósk sé of seint fram komin. Vísast að öðru leyti til bréfs formanns til

Guðmundar Jóhannssonar læknis, dags. 26. ágúst 1986. Fyrri ákvörðun formanns staðfest."

Þegar þessi málsmeðferð gerðardómsins er virt, kemur í ljós, að á fundi gerðardómsins 7. ágúst 1986 voru þeir fjórir dómendur, sem mættir voru, þ.e.a.s. meiri hluti dómenda, sammála um, að krafan væri of seint fram komin, vegna þess að dómurinn hefði verið byrjaður að fjalla um málið, áður en hún kom fram. Formanni var síðan falið að kveða upp úrskurð, eins og það er orðað, en niðurstaða og rökstuðningur hafði þegar verið ákveðin af fundinum, og verk formannsins var því ekki annað en koma ákvörðun dómsins í formlegan búning.

Með bréfi dómsformanns, dags. 26. ágúst 1986, var stefnanda tilkynnt þessi ákvörðun, og er í bréfinu vísað til dómarafundarins 7. ágúst 1986 og tekið fram, hverjir hafi þar verið mættir. Bæði bréf formannsins og annað, sem fram hefur komið í málinu, sýnir, að formaðurinn hefur ekki staðið einn að þessari ákvörðun, heldur meiri hluti dómenda og reyndar allir að lokum.

Hinn 18. mars 1987 komu fjórir dómendur á fund, þ.e.a.s. meiri hluti. Þar staðfestu þeir allir þessa ákvörðun, að hafna kröfu stefnanda um ruðningu Sigursteins, þar sem hún væri of seint fram komin.

Krafa stefnanda var því til meðferðar á tveimur dómarafundum, þar sem fjórir dómsmanna af fimm voru mættir í bæði skiptin og allir sammála um ákvörðun eða staðfestingu ákvörðunar í bæði skiptin.

Allir dómendurnir fimm hafa þannig staðið að þessari ákvörðun, þar af hafa þrír samþykkt hana tvisvar.

Ótvíræður sameiginlegur vilji allra dómsmanna stóð að baki þeirri ákvörðun, sem tekin var.

Þessi málsmeðferð í gerðardómi verður samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, að teljast nægilega vönduð.

Þriðja ástæða stefnanda er sú, að dómurinn hafi rofið tímamörk um málsmeðferð, sem honum eru sett í codex. Enda þótt dómurinn hafi rofið tímamörk, sem codex setur um málsmeðferð, hefur það engin áhrif á gildi dómsins, og ber ekki að ógilda hann af þeirri ástæðu. Hins vegar gætu stórfelld og ítrekuð brot á þessum verklagsreglum codex um tímamörk valdið því, að læknafélagið gerði einhverjar ráðstafanir almennt vegna þeirra, en brot á þessum verklagsreglum hafa hvorki áhrif á gildi einstakra dóma né valda því, að þá beri að ógilda.

Um síðari stefnukröfu:

Sýkna verður stefnda af síðari stefnukröfunni í máli þessu þegar af þeirri ástæðu, að stefnanda var alls ekki skylt að láta landlækni og tryggingayfir-

lækni umræddar upplýsingar í té. Honum var þetta ekki skylt af mörgum ástæðum, og eru þessar helstar: Í fyrsta lagi vegna þess, að umrædd upplýsingagjöf verður ekki talin hafa verið í verkahring hans, enda hefur ekkert komið fram í málinu, sem bendir til þess, eins og t.d., að hann hafi verið yfirmaður heilsugæslustöðvarinnar. Í þessu sambandi skal tekið fram, að í bréfum landlæknis og tryggingayfirlæknis, sem stefnandi hefur lagt fram í málinu, er tekið fram, að þeir hafi óskað eftir umræddum upplýsingum, og hér fyrir dómi hefur landlæknir staðfest, að einungis hafi verið um ósk að ræða. Í öðru lagi vegna þess, að tryggingayfirlæknir var ekki yfirmaður hans og landlæknir bað ekki um þessar upplýsingar að fyrra bragði, heldur óskaði eftir þeim, þegar stefnandi sagði honum, að þær væru tiltækar. Í þriðja lagi vegna þess, að þegar tekið er mið af siðareglum lækna um samskipti þeirra, var honum þetta ekki skylt að landslögum, en þegar reglur um starfsskyldur lækna eru túlkaðar, ber að sjálfsögðu ávallt að hafa í huga siðareglur lækna og gæta þess að túlka ekki landslög svo, að þau stangist að nauðsynjalausu á við eðlilegar og skikkanlegar (sic) siðareglur lækna, og er hér m.a. átt við 1. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og dæma stefnanda til þess að greiða stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 150.000 kr., þar með talinn söluskattur.

Dómsuppsaga í máli þessu hefur dregist vegna mikilla embættisanna dómarans.

Þorsteinn Skúlason héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Magnús Sigurðsson, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Guðmundar Bergsteins Jóhannssonar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda 150.000 kr. í málskostnað.

Miðvikudaginn 1. apríl 1992.

Nr. 478/1990. **Steinbjörg hf.**

gegn

Byggðastofnun,
Hólmi hf.,
Samábyrgð á fiskiskipum,
Sparisjóði Mýrasýslu,
Fjárheimtunni hf.,
Lífeyrissjóði Vestfjarða og
Fiskveiðasjóði Íslands.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Steinbjörg hf., sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 10.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Miðvikudaginn 1. apríl 1992.

Nr. 268/1991. **Gísli Jón Höskuldsson**

gegn

Lauri O. Henttine og
Auði G. Henttine f.h. Málara hf.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Gísli Jón Höskuldsson, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 10.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Einnig greiði áfrýjandi stefndu, Lauri O. Henttine og Auði G. Henttine f.h. Málara hf., sem sótt hafa dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 12.000 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 1. apríl 1992.

Nr. 78/1992. **Sala og markaður hf.**

gegn

Íslandsbanka hf.,
Gjaldheimtunni í Reykjavík,
Sigurði Sigurjónssyni,
Valgeiri Pálssyni og
Vilhjálmi H. Vilhjálmssyni.

Útivistardómur

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sala og markaður hf., sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 10.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Miðvikudaginn 1. apríl 1992.

Nr. 118/1992. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
X
(Örn Clausen hrl.).

Nauðgun. Aðfinnsla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 2. mars 1992 að ósk ákærða. Dómkröfur ákæruvalds eru þær, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur.

Ákærði og kærandi munu hafa kynnst nokkuð á öldurhúsum fyrir hið umrædda kvöld, en þá fóru þau saman á vínveitingahús. Síðar um nóttina fóru þau til frekari gleðskapar að A í Reykjavík. Húsráðendur þar telja sig ekki hafa orðið vara við sérstakan samdrátt þeirra á milli þá né fyrr um kvöldið. Þegar leið á nóttina, gengu húsráðendur og maður, sem einnig var þarna gestkomandi, til náða, en ákærði og kærandi urðu eftir í stofu íbúðarinnar, eins og nánar er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Allt þetta fólk mun hafa verið mjög ölvað.

Ákærði heldur því staðfastlega fram, að samfarir hans við kæranda að A aðfaranótt 17. maí 1990 hafi verið með samþykki hennar, þótt hún hafi að vísu andmælt eitthvað í fyrstu. Húsráðendur hafa báðir borið, að þeir hafi sitt í hvoru lagi komið að þeim í samförum á stofugólfinu án þess að merkja, að um átök eða nauðung hafi verið að ræða. Af gögnum málsins verður ekki séð, að vettvangur beri nokkur merki átaka, og engar skemmdir urðu á fatnaði kæranda.

Kærandi neitaði því við lögreglurannsókn, að hún hefði orðið vör við, að nokkur kæmi fram í stofu, á meðan hún og ákærði voru á stofugólfinu. Fyrir dómi sagði kærandi hins vegar, að hún hefði orðið vör einhverra mannaferða, en ekki getað kallað á hjálp, þar sem ákærði hefði haldið hendi fyrir munni hennar, auk þess sem hann hefði haldið höndum hennar föstum. Ljósmyndir af vettvangi

sýna, að opið er úr stofu fram á stuttan gang fyrir framan svefnherbergi og salerni.

Í vottorði Arnars Haukssonar kvensjúkdómalæknis, dags. 17. maí 1990, segir meðal annars: „Y er nokkuð þrútin í andliti eftir drykkju, en það örlar fyrir roða umhverfis munn, sem gæti verið eftir grip, þó ekki mar (ca. 4 klst. frá atburði). Ekki fleiður eða sár innanvert á vörum. Marblettur er innan á vinstra legg og eymsl yfir æðahnút á hægra fæti (sem er bæklaður/visinn eftir lömunarveikina). Ekki að sjá aðra ytri áverka."

Samkvæmt framansögðu voru aðstæður á vettvangi, ásigkomulag og fatnaður kæranda með þeim hætti, að ekki veitir sérstaka vísbendingu um, að nauðung hafi verið beitt. Er varhugavert að telja sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þann verknað, er í ákæru greinir, sbr. 108. gr. laga nr 74/1974 um meðferð opinberra mála. Verður hann því sýknaður af kröfum ákæruvaldsins í málinu. Með þeirri niðurstöðu verður eigi dæmt um bótakröfu kæranda, sbr. 3. mgr. 146. gr. laga nr. 74/1974.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, 130.000 krónur.

Héraðsdómur var kveðinn upp 13. desember 1990. Hann var birtur skipuðum verjanda ákærða 7. janúar 1991. Dómsgerðum í málinu fylgir yfirlýsing ákærða um, að hann óski áfrýjunar málsins til Hæstaréttar. Verjandi hans sagði við flutning málsins í Hæstarétti, að þessi yfirlýsing hefði verið send héraðsdómara innan hálfs mánaðar frá því, að verjanda var birtur dómurinn. Hins vegar voru dómsgerðir ekki sendar ríkissaksóknara fyrr en rúmu ári síðar, 28. febrúar 1992, eftir að dómurinn hafði verið birtur ákærða sjálfum í sakadómi Kópavogs 9. janúar sama ár. Þessi dráttur á afgreiðslu málsins var ástæðulaus.

Dómsorð:

Ákærði, X, er sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 130.000 krónur.

Dómur sakadóms Kópavogs 13. desember 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. nóvember sl., er höfðað af hálfu ákæruvaldsins með ákæruskjali, dagsettu 23. júlí 1990, á hendur X, f. 1943,....., Kópavogi. Er hann ákærður fyrir nauðgun með því að hafa aðfaranótt fimmtudagsins 17. maí 1990 með líkamlegu ofbeldi þröngvað Y [...] til holdlegs samræðis á stofugólfi í íbúð á 4. hæð til hægri að ....., Reykjavík, þar sem þau voru gestkomandi.

Telst þetta varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940. Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Málavextir.

Fimmtudaginn 17. maí 1990 var lögreglan kölluð að ..... 4. hæð til hægri, þar sem vitnið Y sagði ákærða hafa neytt sig til samræðis gegn hennar vilja. Var vitnið Y talsvert undir áhrifum áfengis eins og ákærði.

Ákærði og vitnið Y eru sammála um, að miðvikudaginn 16. maí 1990 hafi ákærði komið á heimili vitnisins og borðað þar ásamt henni og sambýlismanni hennar. Eftir kvöldverð hafi vitnið og ákærði farið saman í veitingahúsið Ölkjallarann við Austurvöll og verið þar til lokunar, um kl. 1.00. Þaðan hafi þau haldið ásamt fleira fólki, sem þau höfðu hitt í Ölkjallaranum, í leigubifreiðum upp í ...., en þar héldu ákærði og vitnið Y áfram drykkju ásamt því fólki, sem komið hafði með þeim. Fyrst eftir að komið var þangað, sat fólk og spjallaði saman. Svo héldu húsráðendur til svefns ásamt ....., sem var einnig þarna staddur. Eftir það eru ákærði og vitnið Y ein að mestu leyti til frásagnar um þá atburði, sem ákært er út af. Fljótlega sofnaði vitnið. Vitnið kveðst hafa sofnað í sófa, sem í íbúðinni er, en fyrir dómi hefur ákærði skýrt svo frá, að vitnið hafi sofnað í stól, en ekki sófa. Vitnið kveðst hafa vaknað við, að ákærði hafi rifið sig fram úr sófanum og hent sér á gólfið. Ákærði hafi gripið fyrir munn sér, er hún reyndi að hrópa á hjálp. Ákærði hafi nær strax byrjað að gyrða (sic) niður um vitnið buxnapils, sokkabuxur og nærbuxur, sem vitnið hafi verið í. Vitnið hafi reynt að losna frá ákærða, en hann hafi verið miklu sterkari, og því hafi vitnið ekki getað losnað undan honum. Allan tímann hafi ákærði haldið fyrir munn vitnisins og það því ekki komið upp hljóði. Vitnið kveðst ekki vera visst um, hvort ákærði hafi klætt sig alveg úr að neðan eða hvort ákærði gyrti (sic) fatnaðinn einungis niður að hnjám eða niður á leggi. Vitnið kveður ákærða hafa klætt sjálfan sig úr buxum og nærbuxum, meðan ákærði hafi legið ofan á því, eftir að hafa gyrt niður (sic) um það. Vitnið segir, að ákærði hafi ekki klætt sig úr neinu að ofan né þuklað brjóst þess. Kveður vitnið ákærða hafa fært sundur á sér lærin og þröngvað getnaðarlim sínum inn í sig og viðhaft samfarahreyfingar. Vitnið

kveðst hafa fundið greinilega fyrir getnaðarlim ákærða inni í sér og að ákærða hafi orðið sáðfall. Meðan á þessu hafi staðið, hafi vitnið reynt að streitast á móti og losna frá ákærða, en vegna krafta ákærða og líkamsþunga hafi vitnið mátt sín lítils. Jafnframt hafi ákærði haldið stöðugt fyrir munn þess, svo að vitnið hafi ekki komið upp hljóði, þótt vitnið hafi reynt að kalla á hjálp.

Ákærði kveðst hafa vakið vitnið Y upp með því að kyssa það. Reyndar hafi vitnið tekið því illa í fyrstu, en hafi síðan mýkst. Ákærði kveðst hafa klætt vitnið úr buxum, sokkabuxum og nærbuxum og gyrt (sic) fatnaðinn niður að hnjám vitnisins, þar sem þau hafi legið á gólfinu. Ákærði kveður vitnið ekki hafa hreyft mótmælum við því, að hann gyrti niður (sic) um hana fötin og að samfarir hafi verið með fullu samþykki vitnisins. Ákærði kveðst halda, að sér hafi orðið sáðlát, en kveðst þó ekki muna það. Reyndar kveðst ákærði hafa verið svo drukkinn eins og allir í íbúðinni, að hann muni þetta eins og í þoku.

Samkvæmt framburði annarra vitna, þeirra X og Z, sem voru húsráðendur í umræddu samkvæmi, voru allir þar mjög ölvaðir, og kveðast þau ekki muna mjög vel eftir atburðum þetta kvöld. Af framburði húsráðenda er þó ljóst, að þau komu bæði að, þar sem meint nauðgun átti sér stað, án þess að telja eitthvað óeðlilegt á seyði, enda kveðast þau þá myndu hafa komið vitninu Y til hjálpar. Það var ekki fyrr en um morguninn, er þau komu fram, að vitnið skýrði frá því, að ákærði hefði hauðgað sér. Og í framhaldi af því hringdi vitnið í lögregluna.

Álit dómara.

Í máli þessu eru ákærði og vitnið Y ein til frásagnar um flest það, sem gerðist umrædda nótt. Verður því, þar sem gögn málsins benda ekki til annars, að taka tillit til framburðar ákærða. Það liggur fyrir í málinu, að vitnið Y sofnaði, eftir að húsráðendur höfðu haldið til svefnherbergja sinna. Ákærði og vitnið eru ekki sammála um, hvar vitnið hafi sofnað, þ.e., hvort vitnið hafi sofnað í stól eða sófa. Verður að gera ráð fyrir því, að vitnið hafi sofnað í stólnum, sbr. framburð ákærða fyrir dómi, og einnig er það sennilegast miðað við staðinn, þar sem samfarirnar áttu sér stað. Ljóst er, að vitnið var mótfallið atlotum ákærða í upphafi, um það eru ákærði og vitnið sammála. Hins vegar heldur ákærði því fram, að vitnið hafi verið samþykkt samförum, en vitnið segir, að ákærði hafi neytt sig til samræðis gegn vilja þess. Er vitnið fór í læknisskoðun 17. maí sl., ca. 4. klst. eftir samfaratíma, kemur fram, sbr. dómskjal 5, bls. 1, að roði er um munn, en ekki sár né mar. Marblettur er á vinstra fæti. Aðrir ytri áverkar sáust ekki. Í kvensjúkdómaskoðun fundust ekki heldur neinir áverkar né meiðsl. Það kom fram hjá vitninu Z fyrir dómi, að það hefði

vaknað um nóttina til að fara á klósettið og komið að, þar sem ákærði og vitnið lágu á gólfinu og ákærði ofan á. Fannst henni allt vera í lagi, og engin hróp komu frá vitninu Y, svo að vitnið Z fór aftur að sofa. Vitnið X bar fyrir dómi, að það hefði vaknað um nóttina við eitthvert tal frammi og farið fram. Þar hafi ákærði legið ofan á vitninu Y, og fannst vitninu X þau hafa samfarir án þess að heyra nokkuð til þeirra. Vitnið fór því að sofa á nýjan leik og varð ekki vart neins frekar, fyrr en það vaknaði um morguninn og fór fram úr. En þá sagði vitnið Y honum, að ákærði hefði nauðgað sér. Ákærði viðurkenndi í framburði sínum fyrir dómi, að vitnið Y hefði verið mótfallið atlotum sínum í fyrstu og að ákærði hefði lagt hönd sína yfir munn henni. Roði umhverfis munn konunnar bendir til þess, að ákærði hafi lagt hönd sína þétt að munni henni í einhvern tíma, og gæti það skýrt, hvers vegna vitnin, sem komu að ákærða og konunni, urðu ekki vör við neitt athugavert. Að öllu þessu athuguðu og sérstaklega því, að ákærði viðurkennir, að konan hafi mótmælt í fyrstu, verður ekki talið, að samfarirnar hafi farið fram með hennar samþykki. Samkvæmt því verður talið, að ákærði hafi þröngvað Y til samræðis í skilningi 194. gr. hgl.

Ákvörðun refsingar.

— — —

Ákærði hefur ekki áður gerst sekur um slíka háttsemi, sem ákært er fyrir, og að teknu tilliti til 70. gr. laga nr. 19/1940 verður refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár.

Rétt þykir, að ákærði greiði allan sakarkostnað málsins, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Arnar Clausen hrl., 65.000 kr., og saksóknarlaun 65.000 kr., en Björn Helgason saksóknari flutti málið af hálfu ríkissaksóknara.

Skaðabætur.

Sett var fram skaðabótakrafa frá Y, og þykir rétt að taka hér upp upphaf bótakröfunnar:

„Ég undirrituð, Y, geri þá kröfu, að X greiði mér 350.000 krónur, -þrjú hundruð og fimmtíu þúsund,- skv. 3. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74 frá 1974 í bætur fyrir þann miska, sem hann gerði mér með nauðungarverknaði sínum hinn 17. maí sl., sbr. 264. gr. alm. hegningarlaga nr. 19 frá 1940. Þá er krafist dráttarvaxta á þá fjárhæð, sbr. 15. gr. vaxtalaga nr. 25 frá 1987, sbr. 10. gr. sömu laga, frá 17. maí 1990 til greiðsludags."

Fjárhæð bótakröfunnar er ósundurliðuð, en nægilega rökstudd.

Ákærði hefur eindregið hafnað bótakröfunni, en eins og málavöxtum er

háttað, þykir hæfilegt að taka hana til greina með 350.000 kr., og bera skal hún dráttarvexti í samræmi við 15. gr. laga nr. 25/1987, sbr. 10. gr. sömu laga, frá 19. júní 1990 til greiðsludags.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómsorð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í tvö ár. Ákærði greiði Y 350.000 kr. í miskabætur ásamt dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 19. júní til greiðsludags. Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 65.000 kr., og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 65.000 kr.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 2. apríl 1992.

Nr. 349/1991. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Þorra Jóhannssyni
(Magnús Thoroddsen hrl.).

Ávana- og fíkniefni. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Máli þessu var að ósk ákærða áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 12. mars 1991 og einnig af hálfu ákæruvalds til þyngingar refsingu.

I.

Eins og greinir í hinum áfrýjaða dómi, var gerð leit í farangri ákærða við komu hans til Keflavíkurflugvallar með flugvél frá Kaupmannahöfn 20. maí 1989. Í framburði Þórðar Erics Hilmarssonar rannsóknarlögreglumanns og Elíasar Kristjánssonar tollvarðar fyrir sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum kemur fram, að þeir hafi unnið saman að leitinni og þá fundist hass í vasa á buxum í tösku ákærða.

Efni það, sem fannst, var rannsakað og vegið á Rannsóknastofu í lyfjafræði við Háskóla Íslands og reyndist vera 0,67 gr. af kannabis, sem er sama magn og tilgreint er í ákæru.

Af hálfu ákærða er því haldið fram, að Þórður Eric hafi einn leitað, en tollvörðurinn hafi komið í leitarklefann, þegar Þórður Eric hafi verið að ljúka leitinni. Þá hafi Þórður Eric þóst finna efnið og með einhverjum ráðum fengið tollvörðinn til að bera ljúgvitni.

Eftir uppsögu héraðsdóms óskaði skipaður verjandi ákærða fyrir Hæstarétti þess, að teknar yrðu skýrslur af þremur samferðamönnum ákærða, sem sætt hefðu sams konar leit. Var það gert í sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum 6. febrúar 1992 og skýrslurnar lagðar fram í Hæstarétti. Báru þeir allir, að óeinkennisklæddur lögreglumaður og tollvörður hefðu annast leit á þeim og í farangri þeirra.

II.

Ekkert er fram komið í máli þessu, sem dregur úr trúverðugleika framburðar þeirra Þórðar Erics Hilmarssonar og Elíasar Kristjánssonar um tildrög þess, að hass fannst í buxnavasa ákærða við fyrrnefnda leit. Er brot ákærða því sannað.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað, svo sem í dómsorði segir.

Við meðferð máls þessa í héraði sinnti ákærði ekki ábendingu dómara um að óska eftir skipun verjanda, en hélt sjálfur uppi vörnum með ósönnuðum stóryrðum í garð lögreglumannsins Þórðar Erics Hilmarssonar. Ber að átelja ákærða fyrir þessi ummæli hans.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Magnúsar Thoroddsen hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 28. ágúst 1990.

Ár 1990, þriðjudaginn 28. ágúst, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Bjarna Stefánssyni ftr. og þá upp kveðinn dómur í máli ákæruvaldsins gegn Þorra Jóhannssyni.

Málið, sem dómtekið var 27. ágúst 1990, er höfðað með ákæruskjali, dags. 7. mars 1990, á hendur Þorra Jóhannssyni, Hringbraut 54, Reykjavík, kt. 250163-6579, „fyrir að hafa 20. maí 1989 flutt með sér hingað til lands frá Kaupmannahöfn 0,67 g af hassi, sem fannst við leit í farangri hans við komu til Keflavíkurflugvallar".

Ofangreind háttsemi ákærða er í ákæruskjali talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75, 1982, sbr. lög nr. 13, 1985, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16, 1986.

Þess er krafist af hálfu ákæruvaldsins, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu sakarkostnaðar og til að sæta upptöku á framangreindu hassi samkvæmt 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974, og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 16, 1986.

Ákærði hefur náð sakhæfisaldri og hefur samkvæmt sakavottorði, dags. 20. júlí 1990, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1979 20.6. Sakadómur Reykjavíkur. Sátt: 20.000 kr. sekt f. brot gegn 244. gr. alm. hgl.
1980 11.1. Fíkniefnadómur. Nr. 1100. Sátt: 30.000 kr. sekt f. brot gegn l. nr. 65, 1974, um áv- og fíkn. og rg. nr. 390, 1974.
1982 13.12. Fíkniefnadómur. Nr. 1778. Sátt: 1.200 kr. sekt f. brot g. l. nr. 65, 1974, um áv- og fíkn. og rg. nr. 390, 1974.
1985 13.5. Fíkniefnadómur. Nr. 2366. Sátt: 3.500 kr. sekt f. brot g. l. nr. 65, 1974, um áv- og fíkn. og rg. nr. 390, 1974.
1985 6.6. Sakadómur Reykjavíkur. Nr. 311. Dómur: Fangelsi 30 daga, skb. 3 ár, f. brot g. 1. mgr. 155. gr. alm. hgl.
1988 7.2. Sakadómur Reykjavíkur. Nr. 1400. Sátt: 5.000 kr. sekt f. brot g. 21. gr. umfl.

Málsatvik.

Hinn 20. maí 1989 var gerð líkamsleit á ákærða, Þorra Jóhannssyni, á Keflavíkurflugvelli eftir komu hans flugleiðis frá Kaupmannahöfn. Leit þessa gerðu Þórður Eric Hilmarsson, rannsóknarlögreglumaður við ávana- og fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík, og Elías Kristjánsson, tollvörður á Keflavíkurflugvelli. Við nefnda leit fannst lítilræði af hassi í buxnavasa í farangri ákærða.

Ákærði var af ofangreindum aðilum boðaður til skýrslugjafar hjá ávana- og fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík 22. maí 1989, en fékk síðan að fara frjáls ferða sinna.

Við vigtun lögreglu reyndist hið ætlaða hass vega 0,5 g og var sérgreint á efnaskrá nr. 2307 og þar skráð svo:

„Brúnt hass ..... 0,5 g."

Einnig var tekið fram á nefndri efnaskrá, að ofangreind fíkniefni hefðu við litaprófun lögreglu gefið jákvæða svörun sem kannabis.

Ákærði sinnti ekki ítrekaðri boðun lögreglu til yfirheyrslu, og að lokum var hann handtekinn 2. september 1989 og færður til yfirheyrslu.

Við nefnda lögregluyfirheyrslu kvaðst ákærði ekki hafa verið með hass í fórum sínum, er leitin var gerð, við fyrrnefnda komu frá Kaupmannahöfn. Kvað ákærði lögreglumanninn og tollvörðinn hafa logið því á sig, að hann hefði verið með hass í fórum sínum. Sakaði ákærði ofangreinda aðila um blákalda lygi gagnvart sér og persónulegar ofsóknir. Ákærði kvað lögreglumanninn í fyrstu hafa verið einan við framkvæmd leitarinnar, en tollvörðurinn hefði ekki komið þar nærri fyrr en við lok leitarinnar og ekkert hass hefði fundist.

Vitnið Elías Kristjánsson tollvörður var yfirheyrt af lögreglu vegna þessa máls 5. september 1989. Kvaðst vitnið hafa verið við skyldustörf á vinnustað sínum 20. maí 1989 og kvaðst hafa ákveðið að gera líkamsleit á ákærða, er var að koma flugleiðis frá Kaupmannahöfn í umrætt sinn. Vitnið kvað Þórð Eric Hilmarsson rannsóknarlögreglumann hafa aðstoðað sig við leitina, sem fór fram í þar til gerðum klefa, og hefði Þórður fundið hassmola í vasa á buxum, er geymdar voru í ferðatösku ákærða. Áður hefðu þeir gert líkamsleit á ákærða, en ekkert fundist. Vitnið kvað ákærða hafa sagt, er hassmolinn fannst: „Æ, gleymdi ég þessu hérna?" Sérstaklega spurt um, hvort annar hvor þeirra hefði verið einn við leit á ákærða, kvað vitnið svo ekki hafa verið. Vitnið kvað ákærða síðan hafa verið boðaðan til skýrslugjafar hjá ávana- og fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík mánudaginn 22. maí 1989.

Vitnið Þórður Eric Hilmarsson rannsóknarlögreglumaður var yfirheyrt af lögreglu vegna þessa máls 18. september 1989. Við nefnda yfirheyrslu kvaðst vitnið hafa aðstoðað Elías Kristjánsson tollvörð við að gera líkamsleit á ákærða á Keflavíkurflugvelli við komu þess síðarnefnda frá Kaupmannahöfn 20. maí 1989. Einnig hefðu þeir leitað í farangri ákærða, og við þá leit hefði fundist hassmoli í vasa á buxum, er voru í farangri ákærða. Vitnið kvaðst muna viðbrögð ákærða, er molinn fannst, og hefði ákærði sagt: „Æ, var lús eftir í vasanum?" Vitnið kvað ákærða ekki hafa verið handtekinn í umrætt sinn vegna fyrirhugaðrar leitar á fleiri farþegum og einnig þess, að ákærði kannaðist við að eiga nefndan hassmola, en ákærði hefði verið boðaður til yfirheyrslu hjá ávana- og fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík mánudaginn 22. maí 1989.

Sérstaklega spurt kvaðst vitnið ekki hafa byrjað leit, fyrr en nefndur tollvörður var kominn inn í leitarklefann, enda væri það föst starfsregla, að leit á fólki færi ekki fram, nema tveir væru viðstaddir. Vitnið kvað það hins vegar hafa getað gerst, að vitnið hefði farið með ákærða inn í leitarklefann, en þá hefði verið beðið með leit, þar til tollvörðurinn kom.

Hinn 10. janúar 1990 var ákærða af embætti þessu boðið að ljúka ofangreindu máli með dómsátt. Ákærði hafnaði þeim málalokum og kannaðist ekki við ofangreint brot sitt. Kvaðst ákærði ekki hafa verið með fíkniefni á sér í umrætt sinn og kvaðst telja lögreglu hafa komið fíkniefnunum fyrir á sér.

Hinn 11. janúar 1990 sendi lögregla ofangreind ætluð fíkniefni, sérgreind á efnaskrá nr. 2307, Rannsóknastofu í lyfjafræði við Háskóla Íslands. Svohljóðandi niðurstaða, dags. 23. janúar 1990, barst frá nefndri stofnun:

„Ávana- og fíknilyf og -efni.- Matsgerð nr. 1066:

Beiðni lögreglunnar í Reykjavík, sem dagsett er 11. 1. 1990, sbr. hjálagt ljósrit (ref. 90007).

Sýni E-2307-A: Sýnið var brúnn köggull, 0,67 g að þyngd. Með tiltækum rannsóknaraðferðum mátti staðfesta, að sýnið væri kannabis og magn tetrahýdrókannabínóls væri 88 mg/g.

Sýnið var þannig kannabis samkvæmt framansögðu.

F.h. Rannsóknastofu í lyfjafræði
Magnús Jóhannsson (sign.).“

Málið var sent ríkissaksóknara 20. febrúar 1990 og ákæra gefin út 7. mars 1990.

Ákærða var birt ákæra 25. apríl 1990 hér fyrir dómi og hann yfirheyrður um sakarefni. Ákærði var mjög ókurteis í nefndri dómsyfirheyrslu og viðhafði ýmis stóryrði í garð dómara, en sérstaklega þó í garð Þórðar Erics Hilmarssonar rlm. og kvað hann m.a. glæpamann og fíkniefnaneytanda.

Ákærði kvað sakarefni í ákæruskjali vera rangt og kvaðst ekki hafa verið með fíkniefni í sínum fórum við komu hingað til lands frá Kaupmannahöfn 20. maí 1989. Ákærði kvaðst ekki hafa neytt fíkniefna, á meðan hann dvaldist í Kaupmannahöfn. Ákærði kvað Þórð Eric Hilmarsson hafa gert líkamsleit á sér á Keflavíkurflugvelli við heimkomuna, en engin fíkniefni hefðu fundist í fórum ákærða. Ákærði tók það fram, að Þórður hefði verið einn við framkvæmd leitarinnar, en tollvörður hefði komið, er Þórður var að ljúka leitinni.

Ákærði ítrekaði það við nefnda dómsyfirheyrslu, að engin fíkniefni hefðu fundist í fórum sínum og skýrsla tollvarðar um fund á fíkniefnum væri uppspuni. Ákærði kvaðst því ekki hafa verið boðaður til yfirheyrslu hjá lögreglu.

Ákærði kvaðst hafa verið undir áhrifum áfengis, er ofangreint gerðist, en þó hefði hann ekki getað talist drukkinn. Ákærði kvaðst hafa drukkið nokkra bjóra í flugvélinni á leiðinni heim. Einnig kvaðst ákærði hafa drukkið eitthvað af áfengi daginn áður. Ákærði tók það fram, að hann myndi glöggt eftir nefndri líkamsleit.

Ákærði kvaðst telja, að Þórður hefði þóst finna efnið á sér og með einhverjum ráðum fengið tollvörðinn til að bera ljúgvitni.

Í lok nefndrar dómsyfirheyrslu tók ákærði það fram óspurður, að hann væri þeirrar skoðunar, að öll fíkniefni ættu að vera leyfileg hérlendis á sama hátt og áfengi.

Vitnið Þórður Eric Hilmarsson rlm., kt. 190752-3809, var yfirheyrt vegna þessa máls hér fyrir dómi. Við nefnda dómsyfirheyrslu kvaðst vitnið hafa vakið athygli Elíasar Kristjánssonar tollvarðar á fjórum aðilum, er voru að koma flugleiðis frá Kaupmannahöfn í umrætt sinn. Kvað vitnið nefndan tollvörð hafa ákveðið, að leitað skyldi á þessum fjórum aðilum, en einn þeirra var ákærði.

Vitnið kvaðst hafa aðstoðað nefndan tollvörð við líkamsleit á ákærða og einnig við leit í farangri hans. Sérstaklega spurt kvað vitnið leitina ekki hafa hafist, fyrr en vitnið og tollvörðurinn voru báðir komnir með ákærða inn í leitarklefann.

Vitnið kveðst hafa fundið lítilræði af ætluðu hassi í vasa á buxum, er voru í farangurstösku, er ákærði kvað vera sína. Vitnið kvað nefndan tollvörð hafa verið viðstaddan, er vitnið fann hið ætlaða hass.

Vitnið kvað ákærða hafa sagt: „Æ, var lús eftir í vasanum?" — er vitnið fann hið ætlaða hass.

Vitnið Elías Kristjánsson tollvörður, kt. 310854-2719, var yfirheyrt hér fyrir dómi vegna þessa máls. Við nefnda dómsyfirheyrslu kvað vitnið þrjá aðila hafa komið flugleiðis hingað til lands frá Kaupmannahöfn umrætt sinn. Vitnið kvaðst hafa ákveðið að gera leit á þessum þremur aðilum, en einn þeirra hafi verið ákærði í máli þessu.

Vitnið kvað Þórð Eric Hilmarsson rlm. hafa aðstoðað sig við leitina á ákærða og kvað þá hafa gert líkamsleit á ákærða í þar til gerðum leitarklefa, og einnig hefði verið gerð leit í farangri ákærða. Vitnið kvað sig minna, að Þórður Eric hefði farið með ákærða inn í leitarklefann, en vitnið kvaðst hafa komið þar skömmu síðar. Eftir að vitnið kom inn í leitarklefann, kvað vitnið þá hafa byrjað leitina og Þórður Eric fundið ætlað hass í vasa á buxum, er voru í farangri ákærða. Sérstaklega spurt kvaðst vitnið hafa verið viðstatt, er Þórður Eric fann hið ætlaða hass.

Vitnið kvað ákærða hafa sagt: „Æ, gleymdi ég þessu hérna?" — er hið ætlaða hass fannst.

Niðurstöður.

Telja verður fullsannað með framburði ofangreindra tveggja vitna þrátt fyrir neitun ákærða, Þorra Jóhannssonar, að ákærði hafi, eins og í ákæruskjali greinir, gerst sekur um að hafa 20. maí 1989 flutt með sér hingað til lands frá Kaupmannahöfn 0,67 g af hassi, sem fannst við leit í farangri hans við komu til Keflavíkurflugvallar.

Brot ákærða þykja í ákæruskjali réttilega heimfærð til refsiákvæða og því varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75, 1982, sbr. lög nr. 13, 1985, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16, 1986.

Ákærði hefur samkvæmt ofanskráðu unnið til refsingar. Með vísan til þess auk annars ofanritaðs þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 16.000 kr. í fésekt til ríkissjóðs, enda komi í sektar stað fimm daga fangelsi, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Samkvæmt þessu og með vísan til 141. gr. laga nr. 74, 1974, ber að dæma ákærða til greiðslu sakarkostnaðar.

Þá ber, svo sem í ákæruskjali er krafist, og með vísan til 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974, og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 16, 1986, að dæma ákærða til að sæta upptöku á 0,67 g af hassi, sem sérgreind eru á efnaskrá nr. 2307 sem 0,5 g.

Dómsorð:

Ákærði, Þorri Jóhannsson, kt. 250163-6579, til heimilis að Hringbraut 54, Reykjavík, skal greiða 16.000 kr. í fésekt til ríkissjóðs, en sæta í sektar stað fimm daga fangelsi, greiðist sektin ekki innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Upptæk skulu til eyðingar 0,67 g af hassi, sérgreind á efnaskrá nr. 2307 sem 0,5 g.

Föstudaginn 3. apríl 1992.

Nr. 358/1989. **Óskar Þorleifsson**
(Ásgeir Thoroddsen hrl.)
gegn
Jóhönnu Þorgrímsdóttur
(Þórólfur Kr. Beck hrl.),
Friðriki Björgvinssyni
(Kristinn Sigurjónsson hrl.),
Eggerti Andréssyni og
Sigurbergi Gröndal Ragnarssyni.

Veðskuldabréf. Fölsun. Tómlæti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Gunnar M. Guðmundsson og Garðar Gíslason og Sveinn Snorrason hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. september 1989. Hann gerir þessar dómkröfur:

„A.

Á hendur stefndu, Jóhönnu Þorgrímsdóttur.

Aðallega:

1) Að áfrýjandi verði sýknaður af öllum kröfum stefndu í málinu.

2) Að stefnda verði dæmd in solidum með Friðriki Björgvinssyni til greiðslu á skuld samkv. skuldabréfi, að fjárhæð samtals kr. 233.441, stimpilgjaldi kr. 112 auk 52,8% ársvaxta af kr. 233.441 frá 04.07.1988 til 01.08.1988, en með 56,2% ársvöxtum frá þeim degi til 01.09.1988, en 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 01.10.1988, 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 25.10. 1988, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

3) Að staðfestur verði til tryggingar framangreindri skuld veðréttur og uppfærsluréttur í efri hæð hússins nr. 22 við Selvogsgrunn í Reykjavík ásamt tilheyrandi hlutdeild í lóðarréttindum og sameign í samræmi við veðskuldabréf, út gefið 22. febrúar 1984 og merkt í þinglýsingabók nr. 6182.

Til vara:

1) Að áfrýjandi verði sýknaður af öllum kröfum stefndu í málinu.

2) Að stefnda verði dæmd til að þola staðfestingu á veðrétti og

uppfærslurétti í 25% efri hæðar hússins nr. 22 við Selvogsgrunn í Reykjavík ásamt tilheyrandi hlutdeild í lóðarréttindum og sameign í samræmi við veðskuldabréf, út gefið 22. febrúar 1984 og merkt í þinglýsingabók nr. 6182.

Í bæði aðal- og varakröfu er krafist málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti að mati hins virðulega réttar.

Þess er jafnframt krafist, að málskostnaður beri dráttarvexti samkv. 10. gr. laga nr. 25/1987 15 dögum eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Þess er jafnframt krafist, að dráttarvextir leggist bæði við höfuðstól dómkröfu og höfuðstól málskostnaðar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxta.

B.

Á hendur stefnda Friðriki Björgvinssyni.

Að stefndi verið dæmdur in solidum með stefndu, Jóhönnu Þorgrímsdóttur, til greiðslu á skuld samkv. skuldabréfi, að fjárhæð samt. kr. 233.441, stimpilgjaldi kr. 112 auk 52,8% ársvaxta af kr. 233.441 frá 04.07.1988 til 01.08.1988, en með 56,2% ársvöxtum frá þeim degi til 01.09.1988, en með 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 01.10.1988, en með 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 01.11.1988, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Einnig er krafist málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti að mati hins virðulega réttar.

Þess er jafnframt krafist, að málskostnaður beri dráttarvexti samkv. 10. gr. laga nr. 25/1987 15 dögum eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Þess er jafnframt krafist, að dráttarvextir leggist bæði við höfuðstól dómkröfu og höfuðstól málskostnaðar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxta.

C.

Á hendur stefndu Eggerti Andréssyni og Sigurbergi Gröndal Ragnarssyni.

Að þeir verði dæmdir til að þola staðfestingu á veðrétti og uppfærslurétti í efri hæð hússins nr. 22 við Selvogsgrunn í Reykjavík ásamt tilheyrandi hlutdeild í lóðarréttindum og sameign í samræmi við veðskuldabréf, út gefið 22. febrúar 1984 og merkt í þinglýsingabók nr. 6182."

Stefnda, Jóhanna Þorgrímsdóttir, krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi Friðrik krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda verði gert að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti. Áður en málið var flutt í Hæstarétti, tilkynnti lögmaður hans, að ekki yrði mætt við flutning málsins.

Stefndu Eggert Andrésson og Sigurberg Gröndal Ragnarsson hafa hvorki sótt né látið sækja þing.

Eins og fram kemur í hinum áfrýjaða dómi, falsaði stefndi Friðrik nöfn stefndu, Jóhönnu, Eggerts og Sigurbergs á umrætt skuldabréf, sem hafði því ekkert lagagildi gagnvart þeim. Við það sat áfram þrátt fyrir yfirlýsingu þá, er stefnda, Jóhanna, gaf út 4. september 1984. Eigi eru heldur efni til að fallast á, að stefnda, Jóhanna, hafi með aðgerðaleysi samþykkt skuldbindingu samkvæmt bréfinu, eftir að henni varð fölsunin ljós.

Samkvæmt þessu og með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, að því er varðar stefndu, Jóhönnu, Eggert og Sigurberg. Verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefndu, Jóhönnu, málskostnað eins og í dómsorði segir.

Vegna fölsunar stefnda Friðriks á nöfnum þinglesinna eigenda íbúðarinnar að Selvogsgrunni 22, efri hæð, á skuldabréfinu var veðsetning íbúðarinnar til tryggingar skuldbindingu hans sjálfs ógild.

Fjárkröfur sínar á hendur stefnda Friðriki byggir áfrýjandi á því, að sér hafi verið heimilt að gjaldfella bréfið 4. júlí 1985, þar sem stefndi hafi verið búsettur í Bandaríkjunum með óþekktu heimilisfangi. Ómöguleiki hafi því hindrað kröfueiganda í því að láta skuldara vita um greiðslustað skuldabréfsins. Kröfufjárhæðin sé höfuðstóll bréfsins að viðbættum samningsvöxtum frá 25. febrúar 1984 til 4. júlí 1985, 20.002,50 krónum, og dráttarvöxtum af samanlagðri fjárhæð frá þeim degi til 4. júlí 1988.

Eins og atvikum máls þessa er háttað, ber að fallast á, að heimilt hafi verið að gjaldfella skuldabréfið 4. júlí 1985, og verður stefndi Friðrik því dæmdur til að greiða fjárhæð þess ásamt vöxtum og málskostnaði, eins og í dómsorði segir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur, að því er varðar stefndu, Jóhönnu Þorgrímsdóttur, Eggert Andrésson og Sigurberg Gröndal Ragnarsson.

Áfrýjandi, Óskar Þorleifsson, greiði stefndu, Jóhönnu Þorgrímsdóttur, 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Veðsetning stefnda Friðriks Björgvinssonar á framangreindri íbúð er ógild.

Stefndi Friðrik greiði áfrýjanda, Óskari Þorleifssyni, 75.000 krónur með ársvöxtum sem hér segir: 20% frá 22. febrúar 1984 til 4. júlí 1985, 42% frá þeim degi til 1. september 1985, 45% frá þeim degi til 1. mars 1986, 33% frá þeim degi til 1. apríl 1986, 27% frá þeim degi til 1. mars 1987, 30% frá þeim degi til 14. apríl 1987, en síðan með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 til greiðsludags. Áfallnir dráttarvextir skulu leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 4. júlí 1986.

Stefndi Friðrik Björgvinsson greiði áfrýjanda samtals 70.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. júní 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. júní 1989, er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, sem þingfest var 10. desember 1987, af Jóhönnu Þorgrímsdóttur, nnr. 5063-2571, Reykjamörk 16, Hveragerði, á hendur Óskari Þorleifssyni, nnr. 6947-6317, Flyðrugranda 2, Reykjavík. Hinn 25.október 1988 var þingfest gagnstefna.

Endanlegar dómkröfur aðila eru þessar:

Aðalsök.

Dómkröfur stefnanda eru aðallega, að ógilt verði með dómi að öðru leyti en því, er persónulega skuldbindingu Friðriks Björgvinssonar varðar, veðskuldabréf, út gefið af Friðriki Björgvinssyni og sagt skv. texta bréfsins út gefið af Jóhönnu Þorgrímsdóttur 22. febrúar 1984 í Reykjavík til handhafa, að höfuðstól 75.000 kr., tryggt með 6. veðrétti og uppfærslurétti samhliða samhljóða veðskuldabréfi í efri hæð hússins nr. 22 við Selvogs-

grunn í Reykjavík, ásamt tilheyrandi hlutdeild í lóðarréttindum og sameign, en bréf þetta, sem er lítra 6182, skyldi greiða með tveimur jöfnum afborgunum á tólf mánaða fresti, í fyrsta skipti 25.11. 1984, og bera 20% ársvexti.

Til vara er gerð sú krafa, að fyrrgreindur 6. veðréttur og uppfærsluréttur í fasteigninni skv. greindu veðskuldabréfi verði ógiltur með dómi og að staðfest verði, að stefnanda sé heimilt að aflýsa veðskuldabréfi þessu af fyrrgreindum eignarhluta í fasteigninni nr. 22. við Selvogsgrunn í Reykjavík.

Krafist er málskostnaðar úr hendi aðalstefnda, Óskars Þorleifssonar, skv. gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur aðalstefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum dómkröfum aðalstefnanda.

Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi aðalstefnanda skv. gjaldskrá LMFÍ.

Gagnsök.

Dómkröfur gagnstefnanda, Óskars Þorleifssonar, á hendur gagnstefndu, Jóhönnu Þorgrímsdóttur, eru aðallega:

1. Að viðurkenndur verði veðréttur sá, sem aðalstefnandi krefst ógildingar á, og að gagnstefnda verði dæmd til greiðslu skuldabréfsins, að fjárhæð 233.441 kr., og stimpilgjalds 112 kr. auk [nánar tilgreindra vaxta].

2. Verði ekki fallist á kröfu samkvæmt 1. lið, er þess krafist, að gagnstefndu verði gert að greiða 233.441 kr. og stimpilgjald 112 kr. auk [nánar tilgreindra vaxta].

Til vara krefst gagnstefnandi þess, að veðrétturinn skv. skuldabréfinu, dags. 22.2. 1984, verði viðurkenndur, að því er varðar eignarhluta Friðriks Björgvinssonar í Selvogsgrunni 22, eins og hann var á þeim tíma, er skuldabréfið var undirritað, þ.e. 25% af íbúðinni á efstu hæð hússins.

Þá er krafist málskostnaðar [...].

Gagnstefnda krefst sýknu af öllum kröfum gagnstefnanda og málskostnaðar úr hans hendi samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Með sakaukastefnu, sem þingfest var 8. nóvember 1988, sakaukastefnir gagnstefnandi, Óskar Þorleifsson, Friðriki Björgvinssyni, áður til heimilis að Löngulíð 25, Reykjavík, nú Austurgötu 9, Hofsósi, kt. 050545-2889, nnr. 2447-2051. Endanlegar dómkröfur eru þær aðallega, að Friðrik verði dæmdur in solidum ásamt gagnstefndu, Jóhönnu Þorgrímsdóttur, til greiðslu skuldabréfsins, að fjárhæð 233.441 kr., og stimpilgjalds, 112 kr., auk [nánar tilgreindra vaxta].

En verði ekki á það fallist, er til vara krafist greiðslu á 233.441 kr. og stimpilgjalds, 112 kr. Þá er krafist málskostnaðar [...].

Af hálfu sakaukastefnda, Friðriks Björgvinssonar, eru þær dómkröfur

gerðar, að honum verði aðeins gert að greiða höfustól veðskuldabréfsins, 75.000 kr., ásamt 20% ársvöxtum frá 22.2. 1984 til stefnubirtingardags, en með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum frá stefnubirtingardegi til greiðsludags, að áfallnir vextir leggist við höfuðstól, í fyrsta sinn ári eftir stefnubirtingu. Þess er krafist, að málskostnaður verði felldur niður.

Með sakaukastefnu, sem þingfest var 25. október 1987, sakaukastefnir gagnstefnandi, Óskar Þorleifsson, Eggerti Andréssyni, Selvogsgrunni 22, 104 Reykjavík, kt. 170833-3419, og Sigurbergi Gröndal Ragnarssyni, Austurbrún 23, Reykjavík, kt. 161148-2109, og gerir þær kröfur á hendur þeim, að þeir verði in solidum dæmdir til að þola veðrétt skv. umdeildu veðskuldabréfi, út gefnu 22.2. 1984 af Jóhönnu Þorgrímsdóttur í Reykjavík til handhafa, upphaflega að fjárhæð 75.000 kr., tryggt með 6. veðrétti, ásamt samhljóða veðbréfi, í efri hæð hússins nr. 22 við Selvogsgrunn, Reykjavík, en hvíli nú á 2. veðrétti. Bréfið sé merkt lítra 6182 og skyldi greiða með jöfnum afborgunum á næstu tveimur árum 25.11. ár hvert, í fyrsta skipti 25.11. 1984, og bera 20% ársvexti.

Ekki er krafist málskostnaðar í þessum þætti málsins.

Af hálfu þeirra Eggerts og Sigurbergs hefur ekki verið sótt þing.

Málsatvik, málsástæður og lagarök.

Aðalsök.

Í aðalsök kveður stefnandi málavexti vera þá, að 22. febrúar 1984 hafi Friðrik Björgvinsson gefið út tvö samhljóða skuldabréf. Samkvæmt texta bréfanna séu hann og Jóhanna Þorgrímsdóttir útgefendur að báðum bréfunum. Þetta hafi hann gert án heimildar Jóhönnu, og hafi hann falsað undirskrift hennar undir bréfin. Einnig hafi undirskrift tveggja votta að undirritun bréfanna verið fölsuð. Mál þetta snúist um annað þessara bréfa. Hafi efni þess verið lýst að ofan í dómkröfum.

Hinn 18. nóvember 1986 hafi verið kveðinn upp í sakadómi Reykjavíkur áfellisdómur vegna fölsunar þeirrar, sem mál þetta varðar, en aflýsing hinna fölsuðu veðskuldabréfa hafi eigi fengist framkvæmd á grundvelli þess dóms.

Hinn 11. júní 1987 hafi verið þingfest í bæjarþingi Reykjavíkur mál til ógildingar bréfsins samkvæmt XIX. kafla laga nr. 85/1936. Í þinghaldi 17. nóvember 1987 hafi verið staðfest, að varnar- og vörsluaðili bréfsins væri Óskar Þorleifsson, og hafi ógildingarmálið þá verið hafið og mál það höfðað, er hér sé til úrlausnar.

Stefnandi kveðst hafa selt fasteignina að Selvogsgrunni 22, Reykjavík, Eggerti Andréssyni, en við söluna hafi hún skuldbundið sig til þess að aflýsa hinu umdeilda skuldabréfi af eigninni.

Stefnandi kveðst byggja á því, að veðskuldabréf þetta sé falsað, og geti

stefndi, Óskar, því eigi öðlast neinn rétt samkvæmt bréfinu, hvorki samkvæmt reglum um viðskiptabréf né heldur traustfangsreglum.

Af hálfu stefnda í aðalsök, Óskars Þorleifssonar, er á því byggt, að þegar umdeilt veðskuldabréf hafi verið gefið út 22. febrúar 1984, hafi þau Friðrik og Jóhanna bæði verið þinglýstir eigendur samkvæmt kaupsamningi að hinni veðsettu eign. Samkvæmt skjölum málsins hafi eignarhluti stefnanda verið 75%, en Friðriks 25%. Kaupsamningur hafi verið dags. 2. september 1983, og honum hafi verið þinglýst 31. okt. s.á. Í yfirlýsingu, sem dagsett sé 4. september 1984, komi fram, að með bréfi, dags. 8. ágúst 1984, hafi nefndur Friðrik lýst yfir því, að Jóhanna, stefnandi aðalsakar, mætti eiga sinn eignarhluta í Selvogsgrunni 22. Í framangreindri yfirlýsingu lýsi stefnandi yfir, að samkvæmt yfirlýsingu Friðriks og með því að hún hafi tekið að sér allar skuldbindingar varðandi eignina, þá sé hún eini eigandi eignarinnar. Svo sem fram hafi komið, sé þessi yfirlýsing dags. 4. september 1984, en umdeildu skuldabréfi hafi verið þinglýst á eignina 23. febrúar 1984. Hinn 20. júní 1984 hafi verið þinglýst láni frá Byggingarsjóði ríkisins, og hafi stefnandi þá fengið veðbókarvottorð, þar sem umdeilt skuldabréf komi fram. Með yfirlýsingu sinni lýsi stefnandi yfir, að hún taki að sér allar skuldbindingar varðandi eignina og hafi þar með skuldbundið sig til að greiða umdeilt skuldabréf, enda hafi hún tekið við eignarhluta Friðriks.

Stefndi, Óskar, kveðst hafa keypt skuldabréfið í góðri trú hjá verðbréfasala. Þegar ekki hafi verið greitt af skuldabréfinu, hafi verið beðið um uppboð á eigninni. Þá hafi komið fram mótmæli af hálfu stefnanda. Síðan hafi verið höfðað ógildingarmál, en það hafið.

Stefndi kveðst til stuðnings kröfum sínum vísa til almennra reglna kröfu- og samningaréttar um greiðslu fjárskuldbindinga.

Gagnsök.

Gagnstefnandi, Óskar Þorleifsson, kveðst styðja dómkröfur sínar þeim rökum, að gagnstefnda, Jóhanna, hafi tekið að sér allar skuldbindingar varðandi íbúðina að Selvogsgrunni 22, sem áður hafi bæði verið í eigu hennar og Friðriks Björgvinssonar, með yfirlýsingu sinni, dags. 4. september 1984, þar með talið veðskuldabréf það, sem hér sé um deilt. Telja verði, að Jóhönnu hafi verið kunnugt um, að umrætt veðskuldabréf hafi hvílt á eigninni, þar sem því hafi verið þinglýst á eignina 22. febrúar 1984, um það bil sex mánuðum áður en Jóhanna hafi ein orðið eigandi að eigninni. Veðskuldabréfi frá Byggingarsjóði ríkisins hafi auk þess verið þinglýst á eignina 20. júní 1984, þ.e. á milli þess, að falsaða veðskuldabréfinu var þinglýst, og þess, að Jóhanna varð ein eigandi eignarinnar. Í bréfi Byggingarsjóðs ríkisins sé sagt, að á undan þeim veðrétti, sem það veiti, hvíli veðskuldir, að fjárhæð 360.000 kr. Hafi Jóhönnu því mátt vera ljóst, þegar

hún skrifaði undir síðastnefnt veðskuldabréf, að umdeilt veðskuldabréf frá 22. febrúar 1984 hlyti að hvíla á eigninni. Liggi þetta í augum uppi, þegar skoðuð séu þau skjöl, sem þinglýst hafi verið á eignina á þeim tíma, og fjárhæð þeirra. Gera megi ráð fyrir, að Jóhanna hafi fengið veðbókarvottorð við lántökuna hjá Byggingarsjóði ríkisins til þess að leggja þar fram. Af þessu megi vera ljóst, að Jóhönnu hafi hlotið að vera kunnugt um viðkomandi skuldabréf, og þar sem hún með yfirlýsingu 8. ágúst 1984 viðurkenni að hafa tekið við öllum skuldbindingum varðandi eignina, verði að líta svo á, að umrætt veðskuldabréf sé þar á meðal. Loks hafi Jóhanna látið þinglýsa nokkrum skuldabréfum á Selvogsgrunn 22, eftir að hún var ein orðin eigandi eignarinnar, en áður en hún hafi hafist handa um að reyna að fá umdeildu veði aflýst af eigninni. Á þeim skuldabréfum séu taldar upp þær veðskuldir, sem hvíli á eigninni á undan viðkomandi láni, og sé umdeilt bréf ávallt þar á meðal. Líði um það bil tíu mánuðir, frá því að hún gefur út fyrsta veðskuldabréfið, eftir að hún er ein orðin eigandi, þar til hún kæri umdeilt veðskuldabréf til Rannsóknarlögreglu ríkisins 9. júlí 1985. Nær eitt og hálft ár sé þá liðið, frá því að umdeildu veðskuldabréfi hafi verið þinglýst á Selvogsgrunn 22. Á þeim tíma hafi Jóhanna hvað eftir annað kannast við veðsetninguna. Af þessu megi draga þá ályktun, að Jóhanna hafi í raun samþykkt framangreinda veðsetningu, eða í það minnsta sé réttur hennar fallinn niður sökum tómlætis.

Gagnstefnandi kveðst hafa keypt umdeilt veðskuldabréf í góðri trú hjá verðbréfasala 3. maí 1984. Með yfirlýsingu sinni, dags. 4. september 1984, hafi gagnstefnda stofnað rétt til handa gagnstefnanda, svokallað þriðjamannsloforð, sem lúti að viðurkenningu hins umdeilda veðréttar eða að minnsta kosti greiðslu þeirrar skuldar, sem veðbréfið hljóði um.

Gagnstefnandi gerir eftirfarandi grein fyrir fjárkröfu sinni:

1) Að hún nemi höfuðstól skuldabréfsins, 75.000 kr., auk samningsvaxta til 25.2. 1985, er bréfið hafi verið gjaldfellt, 15.000 kr., samtals 90.000 kr., og hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum af þeirri fjárhæð frá 1.3. 1985, sem lagðir séu við höfuðstól 1.3. ár hvert, síðast 1.3. 1988. Dráttarvextir frá 1.3. 1985 til 1.3. 1986 nemi 40.500 kr., frá 1.3. 1986 til 1.3. 1987, 35.887 kr. og frá 1.3. 1987 til 1.3. 1988 67.054 kr. Samtals nemi stefnufjárhæðin því 233.441 kr.

2) Verði ekki fallist á, að heimilt hafi verið að gjaldfella veðskuldabréfið 25.2. 1985, sé þess krafist, að miðað verði við, að skuldabréfið hafi verið gjaldfellt 4.7. 1985, og útreikningur dráttarvaxta og vaxtavaxta sé miðaður við þann dag. Krafa þessi sé á því reist, að gagnstefnda, Jóhanna, hafi viðurkennt að hafa fengið tilkynningu frá lögmanni gagnstefnanda, Óskars, um gjaldfellingu og vanskil veðskuldabréfsins 4. júlí 1985. Gagnstefnufjárhæðin nemi þá höfuðstól veðskuldabréfsins auk samningsvaxta

frá 22.2. 1984 til 4.7. 1985, 20.002,50 kr., samtals 95.002,50 kr., auk hæstu lögleyfðra dráttarvaxta af þeirri fjárhæð frá 4.7. 1985, sem lagðir séu við höfuðstól 4.7. ár hvert, síðast 4.7. 1988. Dráttarvextir frá 4.7. 1985 til 4.7.1986 nemi 37.051 kr., frá 4.7. 1986 til 4.7. 1987 37.371 kr. og frá 4.7. 1987 til 4.7. 1988 76.241 kr. Samtals nemi fjárhæðirnar 245.665,50 kr. Ef miðað sé við gjaldfellingu 4.7. 1985 og uppfærslu dráttarvaxta miðað við þann dag, verði gagnstefnufjárhæðin því hærri en sú fjárhæð, sem upphaflega var krafist. Til þess að forðast ágreining vegna þessa sé gagnstefnufjárhæðin samkvæmt þessum lið því lækkuð um 12.224,50 kr. og verði 233.441 kr.

Til stuðnings varakröfu sinni bendir gagnstefnandi á, að á þeim tíma, er Friðrik hafi undirritað skuldabréfið, hafi hann verið eigandi að 25% íbúðar á efri hæð húseignarinnar að Selvogsgrunni 22 og hafi því haft fulla heimild til þess að veðsetja sinn hluta eignarinnar, svo að það væri bindandi fyrir síðari eigendur.

Gagnstefnandi kveðst reisa kröfur sínar á almennum reglum kröfuréttar og samningaréttar um greiðslu fjárskuldbindinga og stofnun loforða svo og á reglum veðréttarins um stofnun slíkra réttinda, þ.e. samningsveðs í fasteignum. Um stofnun loforðs sér til handa telur hann, að sérstaklega megi vísa til dóma Hæstaréttar frá árinu 1936, 294. bls., og 1983, 691. bls.

Af hálfu gagnstefndu, Jóhönnu Þorgrímsdóttur, er því mótmælt, að yfirlýsing hennar, dags. 4. september 1984, um yfirtöku allra skuldbindinga varðandi íbúð að Selvogsgrunni 22 hafi náð til umdeilds veðskuldabréfs. Verði að telja, að það hafi verið forsenda af sinni hálfu, að um lögmætar skuldbindingar væri að ræða og að hún hafi einungis verið að taka á sig slíkar skuldbindingar. Gagnstefnda kveðst byggja á því, að sér hafi verið ókunnugt um tilvist umrædds veðskuldabréfs og annars samhljóða og um það, að þau hvíldu á íbúð sinni allt þar til um miðjan september 1984. Þá hafi hún gert sér ferð á fasteignasöluna Fasteignamarkaðinn til að ganga frá afsali til kaupanda fasteignar sinnar, íbúðar að Hrísateigi 10, Reykjavík, og til að ganga frá flutningi veða af þeirri fasteign yfir á efri hæð Selvogsgrunns 22, Reykjavík. Hafi hún þá rekið augun í það, að á meðal þeirra áhvílandi veðskulda, sem taldar hafi verið upp, hafi verið tvö handhafaskuldabréf á 5. veðrétti, dags. 22. febrúar 1984, að fjárhæð 75.000 kr. hvort, sem hún hafi ekki kannast við, sbr. vitnisburð Sigríðar Pálsdóttur, þáverandi starfsmanns á fasteignasölunni. Hafi hún í fyrstu talið, að hún hefði í ógáti skrifað undir fjögur skuldabréf í stað tveggja, en tvö veðskuldabréf, nær samhljóða hinum fölsuðu, höfðu verið gefin út 21. nóvember 1983 og þinglýst næsta dag, merkt lítra 32703 og 32704. Fullyrðingum lögmanns gagnstefnanda um, að gagnstefnda hafi, áður en hér greinir, öðlast vitneskju um umdeilt veðskuldabréf, og um, að það hvíldi

á íbúð hennar, er mótmælt sem órökstuddum og röngum. Sérstaklega er þeirri fullyrðingu mótmælt, að gagnstefnda hafi „trekk í trekk" kannast við veðsetninguna.

Gagnstefnda kveðst hafa verið krafin um greiðslu nefnds skuldabréfs með símskeyti frá Lögheimtunni hf., sem dagsett sé 4. júlí 1985, og innheimtubréfi frá sama fyrirtæki, dags. 5. júlí 1985. Þá þegar hafi hún og eiginmaður sinn, Ólafur Garðarsson, gert ráðstafanir til þess að kynna sér tilurð bréfsins. Hafi hann farið til borgarfógetaembættisins í Reykjavík og orðið sér úti um ljósrit af frumriti bréfsins. Hafi þau þá strax séð, að bréfið var falsað. Nokkrum dögum síðar, 9. júlí 1985, kveðst gagnstefnda hafa kært atferli sakaukastefnda í gagnsök, Friðriks Björgvinssonar, til Rannsóknarlögreglu ríkisins. Síðan kveðst hún hafa leitað aðstoðar Þórólfs Kristjánssonar Beck hrl., og hafi hann tilkynnt Lögheimtunni hf. með bréfi, dags. 15. ágúst 1985, um fölsunina og um, að umdeilt skuldabréf yrði ekki greitt. Í uppboðsmáli vegna vanefnda á greiðslum skuldabréfsins hafi lögmaðurinn síðan borið fram mótmæli fyrir hönd gagnstefndu.

Byggt sé á því, að gagnstefnda hafi verið í villu um fölsun umdeilds skuldabréfs, allt þar til hún hafði kynnt sér tilurð þess í kjölfar greiðslukröfu Lögheimtunnar hf. Því er haldið fram, að hún hafi, eftir að henni varð fölsunin ljós, mótmælt kröfunni án ástæðulauss dráttar og komið upplýsingum um fölsunina á framfæri við umboðsmann gagnstefnanda.

Varakröfu gagnstefnanda kveður hún hafnað á þeirri forsendu, að Friðrik Björgvinsson, sakaukastefndi í gagnsök, hafi ekki haft heimild til að veðsetja sinn hluta húseignarinnar án samþykkis þáverandi afsalshafa. Fyrir liggi, að hann hafi einnig falsað nöfn þeirra, og því hafi enginn veðréttur stofnast.

Kröfur sínar á hendur Friðriki Björgvinssyni kveðst gagnstefnandi, Óskar Þorleifsson, reisa á því, að með undirskrift sinni á skuldabréfið hafi stefndi, Friðrik, skuldbundið sig á ótvíræðan hátt til greiðslu skuldabréfsins. Hann hafi og viðurkennt, að eigin undirskrift sín væri ófölsuð.

Gagnstefnandi gerir eftirfarandi grein fyrir fjárkröfu sinni á hendur Friðriki Björgvinssyni:

1) að hún nemi höfuðstól skuldabréfsins, 75.000 kr., auk samningsvaxta til 25.2. 1985, er bréfið hafi verið gjaldfellt, 15.000 kr., samtals 90.000 kr., og hæstu lögleyfðra dráttarvaxta af þeirri fjárhæð frá 1.3. 1985, sem lagðir séu við höfuðstól 1.3. ár hvert, síðast 1.3. 1988. Dráttarvextir frá 1.3. 1985 til 1.3. 1986 nemi 40.500 kr., frá 1.3. 1986 til 1.3. 1987 35.887 kr. og frá 1.3. 1987 til 1.3.1988 67.054 kr. Samtals nemi stefnufjárhæðin því 233.441 kr.

2) Verði ekki fallist á, að heimilt hafi verið að gjaldfella veðskuldabréfið 25.2. 1985, sé þess krafist, að miðað verði við, að skuldabréfið hafi

verið gjaldfellt 4.7. 1985 og útreikningur dráttarvaxta og vaxtavaxta sé miðaður við þann dag. Stefnufjárhæðin nemi þá höfuðstól veðskuldabréfsins auk samningsvaxta frá 22.2. 1984 til 4.7. 1985, 20.002,50 kr., samtals 95.002,50 kr., auk hæstu lögleyfðra dráttarvaxta af þeirri fjárhæð frá 4.7. 1985, sem lagðir séu við höfuðstól 4.7. ár hvert, síðast 4.7. 1988. Dráttarvextir frá 4.7. 1985 til 4.7. 1986 nemi 37.051 kr., frá 4.7. 1986 til 4.7. 1987 37.371 kr. og frá 4.7. 1987 til 4.7. 1988 76.241 kr. Samtals nemi fjárhæðirnar 245.665,50 kr. Ef miðað sé við gjaldfellingu 4.7. 1985 og uppfærslu dráttarvaxta miðað við þann dag, verði gagnstefnufjárhæðin því hærri en sú fjárhæð, sem upphaflega var krafist. Til þess að forðast ágreining vegna þessa sé gagnstefnufjárhæðin samkvæmt þessum lið því lækkuð um 12.224,50 kr. og verði 233.441 kr.

Gagnstefnandi kveðst reisa kröfu sína á almennum reglum kröfuréttar og samningaréttar um greiðslu fjárskuldbindinga.

Stefndi, Friðrik, heldur því fram til stuðnings dómkröfum sínum, að skuld þessi sé samkvæmt handhafaveðskuldabréfi, sem stefndi hafi aldrei verið krafinn greiðslu á fyrr en með birtingu stefnu í máli þessu. Kveður hann, að sér hafi verið allsendis ókunnugt um handhöfn bréfsins fyrr og sér því verið óskylt að greiða samkvæmt þeim reglum, sem gildi um handhafaskuldabréf. Beri sér því aðeins að greiða höfuðstól bréfsins með 20% ársvöxtum frá 22. febrúar 1984.

Kveðst hann hafa viðurkennt að hafa gefið út hið umstefnda skuldabréf og bera ábyrgð á greiðslum þess sem útgefandi. Til tryggingar greiðslu hafi öll efsta hæð hússins nr. 22 við Selvogsgrunn í Reykjavík verið veðsett. Heldur hann því fram, að Jóhönnu Þorgrímsdóttur hafi alla tíð verið kunnugt um tilvist skuldabréfsins og hvernig það hafi verið til komið. Andvirði þess kveður hann hafa gengið til þess að greiða kaupverð efstu hæðar Selvogsgrunns 22 í Reykjavík, sem þau Jóhanna hafi fest kaup á sameiginlega. Með bréfi, dags. 8. apríl 1984, kveðst hann hafa gefið Jóhönnu eignarhluta sinn, 25% í téðri fasteign. Með yfirlýsingu, dags. 4. september 1984, þinglýstri 6. september s.á., hafi Jóhanna lýst yfir, að hún tæki við öllum skuldbindingum varðandi eignina. Skuldabréfinu hafi verið þinglýst 22. febrúar 1984, tæpum sex mánuðum áður. Jóhanna hafi síðan margveðsett eignina fram að því, að hún kærði stefnda, Friðrik, til Rannsóknarlögreglu ríkisins 9. júlí 1985, og hafi þá verið liðið nærfellt eitt og hálft ár, frá því að veðskuldabréfinu hafi verið þinglýst. Til veðsetningar hafi hún væntanlega þurft að verða sér úti um veðbókarvottorð, þar sem skýrlega hafi komið fram um áhvílandi veðskuldir eignarinnar. Þá tekur hann fram, að með yfirlýsingu, dags. 25. september 1986, falli Jóhanna frá kröfum um greiðslu á 52.000 kr., sem hún hafi gert í sakadómi Reykjavíkur í opinberu máli, sem höfðað hafi verið á hendur stefnda, Friðriki.

Hér hafi verið um að ræða fé, sem hún hafi greitt af samhljóða bréfi á sama veðrétti, sem til komið hafi verið með nákvæmlega sama hætti. Verði það ekki skýrt með öðrum hætti en hún hafi samþykkt veðsetninguna eftir á án tillits til þess, hvernig nafnritun hennar á bréfinu hafi verið til komin. Verði ekki á það fallist, að með þessu hafi hún samþykkt veðsetninguna, verði að telja, að hún hafi glatað rétti sínum sökum aðgerðarleysis. Loks telur hann, að hann hafi einn verið eigandi 25% íbúðarinnar að Selvogsgrunni 22, þegar veðsetning fór fram, og verði að telja, að sér hafi verið heimil veðsetning þess hluta. Kveðst hann vísa til eftirtalinna Hæstaréttardóma til stuðnings kröfu sinni: 1933, 491, 1980, 1974, 1979, 211.

Dómkröfur sínar á hendur gagnstefndu, Eggerti Andréssyni og Sigurbergi Gröndal Ragnarssyni, styður gagnstefnandi, Óskar Þorleifsson, þeim rökum, að þeim sé stefnt inn í mál þetta til að þola umræddan veðrétt á húseigninni nr. 22 við Selvogsgrunn, þar sem þeir séu skráðir sem eigendur að nefndri húseign, og vísar hann til almennra reglna kröfuréttar, samningaréttar og veðréttar. Kveður hann Eggert Andrésson vera núverandi þinglýstan eiganda íbúðarinnar á efstu hæð að Selvogsgrunni 22, en Sigurberg Gröndal Ragnarsson vera eiganda samkvæmt kaupsamningi.

Niðurstaða.

Rétt þykir að fjalla sameiginlega um aðalsök og gagnsök aðilanna Jóhönnu Þorgrímsdóttur og Óskars Þorleifssonar.

Með dómi sakadóms Reykjavíkur, sem kveðinn var upp 10. nóvember 1986, er upplýst, að undirskrift aðalstefndu, Jóhönnu, sem útgefanda á skuldabréfi því, sem hér um ræðir, sem og undirskrift þáverandi þinglýstra eigenda um veðheimild og undirskrift votta eru falsaðar af Friðriki Björgvinssyni. Hann skrifaði sjálfur undir sem annar útgefandi bréfsins og hefur staðfest þá undirritun sem rétta. Bréfið er því falsað að öllu öðru leyti en því, er varðar persónulega skuldbindingu Friðriks Björgvinssonar. Ósannað er, að Jóhann Þorgrímsdóttir hafi verið samþykk útgáfu bréfsins og veðsetningu sameignar þeirra. Friðrik hafði því ekki samþykki hennar fyrir veðsetningunni sem sameiganda. Varð hún því hvorki skuldbundin til greiðslu skuldarinnar né til þess að þola veðsetningu allrar eignarinnar efri hæðar hússins nr. 22 við Selvogsgrunn í Reykjavík.

Friðrik Björgvinsson skyldi samkvæmt sameiginlegum kaupsamningi hans og Jóhönnu Þorgrímsdóttur, dagsettum 2. september 1983 og mótteknum til þinglýsingar 27. október 1983, vera eigandi 25% ofangreindrar eignar. Með bréfi, dagsettu 8. ágúst 1984, lýsir hann yfir því, að Jóhanna megi eiga eignarhluta sinn. Yfirlýsing Jóhönnu um, að hún sé nú ein eigandi íbúðarinnar, er dagsett 4. september 1984 og móttekin til þinglýsingar 6. sama mánaðar. Afsal til hennar er samkvæmt ljósriti veðmálabókar dags.

19. febrúar 1985 og þinglesið 13. sama mánaðar (sic). Af þessu má sjá, að Friðrik fékk aldrei afsal fyrir eigninni og öðlaðist því aldrei óskilyrtan rétt til hennar.

Ætla verður, að tilgangur sameignarinnar hafi verið að nýta hana til búsetu eigenda og að greint prósentuhlutfall eignarhluta þeirra hafi átt að vera leiðbeinandi um skiptingu eignarinnar, ef til búskipta kæmi. Veðsetning annars eigenda á eignarhluta sínum við slíkar aðstæður hlýtur að teljast óvenjuleg. Ljóst þykir, að Friðrik hafi ætlað sér að veðsetja alla eignina, en ekki aðeins sinn eignarhluta, enda er sá skilningur í samræmi við hljóðan bréfsins. Ljóst er, að veðsetning annars hluta eignarinnar en hans eigin sérstaklega var Friðriki óheimil án samþykkis Jóhönnu. Þar sem hann tilgreindi ekki, að hann væri sérstaklega að veðsetja sinn hluta, verður ekki á það fallist, að Friðrik hafi með hinu umdeilda skuldabréfi stofnað til gildrar veðsetningar í 25% eignarhluta sínum.

Enn fremur er rétt að veita því athygli, að hefði hann ekki falsað nöfn sameiganda og þinglesinna eigenda á bréfið, hefði það ekki fengist þinglesið á eignina. Bréf, sem þannig er til komið, að það sjálft er, að því er veðréttinn varðar, ógilt vegna fölsunar og fæst þinglesið vegna fölsunar, þykir ekki vera fullnægjandi grundvöllur veðsetningar. Óskar Þorleifsson þykir því ekki hafa öðlast neinn rétt samkvæmt skuldabréfinu sem slíku, þrátt fyrir það að hann væri grandlaus um fölsunina.

Sú yfirlýsing aðalstefnanda, Jóhönnu, frá 4. september 1984, að hún hafi tekið að sér „allar skuldbindingar" varðandi eignina, verður ekki gegn mótmælum hennar talin taka til annars en áhvílandi veðbanda, er löglega hafði verið til stofnað.

Þeirri staðhæfingu Jóhönnu hefur ekki verið hnekkt, sem á sér stoð í vætti vitnis og dómskjölum, að sér hafi ekki verið ljóst, að tilgreint veðskuldabréf væri þinglesið á eignina, fyrr en um miðjan september 1984 og að hún hafi þá enn um hríð verið í villu um tilurð þess. Verður ekki á það fallist, að vegna frekari veðsetninga og öflunar veðbókarvottorða vegna þeirra hafi hún hlotið eða átt að gera sér fyrr grein fyrir því, að hin fölsuðu bréf hvíldu á eigninni, enda er ekkert upplýst um það, hvernig að þessum lántökum var staðið. Þykir ekki sannað, að hún hafi sýnt slíkt tómlæti, að það eigi að varða hana réttarspjöllum. Samkvæmt þessu verður ekki talið, að Jóhanna Þorgrímsdóttir hafi skuldbundið sig síðar til greiðslu og/eða veitt heimild til veðsetningar samkvæmt efni hins falsaða skuldabréfs.

Niðurstaðan í þessum þætti málsins er því sú með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, að aðalkrafa stefnanda í aðalsök er tekin til greina að öllu leyti, en gagnstefnda skal vera sýkn af öllum kröfum gagnstefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að aðilar beri hvor sinn kostnað af þessum þætti málsins.

Að því er varðar kröfu Óskars Þorleifssonar á hendur stefnda, Friðriki Björgvinssyni, er aðeins deilt um upphafstíma vaxta. Ósannað er, að Friðrik hafi verið krafinn um greiðslu fyrr en með birtingu sakaukastefnu 1. nóvember 1988. Verður hann því eigi krafinn um dráttarvexti fyrr en frá þeim degi, þar sem hér er um handhafaskuldabréf að ræða. Skal stefndi því greiða stefnanda 75.000 kr. auk samningsvaxta til stefnubirtingardags, 1. nóvember 1988, og dráttarvaxta frá þeim degi skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 til greiðsludags. Kröfugerð stefnanda er sett þannig fram, að dráttarvextir eru reiknaðir og lagðir við höfuðstól, svo sem nánar er skýrt í málatilbúnaði. Þykir í þessari framsetningu felast almenn krafa um, að vextir verði lagðir við höfuðstól á tólf mánaða fresti, og er hún tekin til greina þannig, að dráttarvexti má leggja við höfuðstól í fyrsta sinn 1. nóvember 1989.

Þegar til þess er litið, að ósannað er, að stefndi hafi verið krafinn um greiðslu dómkröfunnar fyrr en með stefnu í máli þessu, sem og til þess, að fallist hefur verið á sjónarmið stefnda um dráttarvexti, þykir málskostnaður í þessum þætti málsins úr hendi stefnda, Friðriks Björgvinssonar, til stefnanda, Óskars Þorleifssonar, hæfilega ákveðinn 25.000 kr., og hefur þá verið tekið tillit til söluskatts.

Af hálfu stefndu, Eggerts Andréssonar og Sigurbergs Gröndals Ragnarssonar, hefur ekki verið sótt þing, og er þeim þó löglega stefnt. Er því farið með mál þeirra samkvæmt 118. gr. laga nr. 85/1936. Það athugast, að lýsing hins umdeilda veðskuldabréfs er hér röng í stefnu að því leyti, að ekki er getið Friðriks Björgvinssonar sem útgefanda.

Í ljósi þeirrar niðurstöðu í aðalsök, að með hinu umdeilda skuldabréfi hafi ekki stofnast veðréttur í eigninni efri hæð að Selvogsgrunni 22, Reykjavík, þykir þessi galli þó eigi eiga að standa í vegi fyrir efnisdómi í þessum þætti málsins, og skulu stefndu með vísan til greindrar niðurstöðu vera sýknir af kröfum stefnanda. Málskostnaður dæmist ekki.

Dóminn kvað upp Hjördís Hákonardóttir borgardómari.

Dómsorð:

Ógilt skal vera að öðru leyti en því, er varðar persónulega skuldbindingu útgefandans, Friðriks Björgvinssonar, veðskuldabréf til handhafa, út gefið 22. febrúar 1984 af Friðriki Björgvinssyni og einnig sagt út gefið af Jóhönnu Þorgrímsdóttur, að fjárhæð 75.000 kr., sem greiða skyldi með tveimur jöfnum afborgunum á tólf mánaða fresti, í fyrra skipti 25. nóvember 1984, og bera 20% vexti, tryggt með 6. veðrétti samhliða samhljóða veðskuldabréfi í efri hæð hússins nr. 22 við Selvogsgrunn í Reykjavík ásamt tilheyrandi hlutdeild í lóðarréttindum og sameign, þinglesið og merkt litra 6182.

Gagnstefnda, Jóhanna Þorgrímsdóttir, skal vera sýkn af öllum kröfum gagnstefnanda, Óskars Þorleifssonar.

Hvor aðili beri sinn kostnað af þessum þætti málsins.

Sakaukastefndi í gagnsök, Friðrik Björgvinsson, skal greiða gagnstefnanda, Óskari Þorleifssyni, 75.000 kr. ásamt 20% ársvöxtum frá 22. febrúar 1984 til 1. nóvember 1988, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og 25.000 kr. í málskostnað. Dráttarvexti má leggja við höfuðstól á tólf mánaða fresti, sbr. 12. gr. laga nr. 25/1987, í fyrsta sinn 1. nóvember 1989.

Sakaukastefndu í gagnsök, Eggert Andrésson og Sigurberg Gröndal Ragnarsson, skulu vera sýknir af dómkröfum gagnstefnanda, Óskars Þorleifssonar.

Föstudaginn 3. apríl 1992.

Nr. 414/1991. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Halldóri Lárusi Péturssyni
(Haraldur Blöndal hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Reynslulausn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. október 1991 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákæruvalds til þyngingar. Við munnlegan flutning málsins orðaði ríkissaksóknari kröfur sínar þannig: „Að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, að því er varðar sakfellingu samkvæmt ákæru og greiðslu sakarkostnaðar, en að refsing verði, að teknu tilliti til skilorðsrofa á reynslulausn frá 1. apríl 1989 á óafplánuðum eftirstöðvum refsinga, samtals 280 dögum, þyngd og ákærði verði dæmdur til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar málsins, þ.m.t. saksóknarlaun til ríkissjóðs."

Skipaður verjandi ákærða gerði svofelldar kröfur: „Að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá leið aðallega, að ákærði verði sýknaður, en til vara, að honum verði einungis gerð vægasta refsing að lögum. Þess er krafist, að allur sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði lagður á ríkissjóð, þ.m.t. málsvarnarlaun verjanda."

Símon Sigvaldason, fulltrúi yfirsakadómarans í Reykjavík, kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Ýmis ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

I.

Ákæra í máli þessu var gefin út 21. febrúar 1991, og var ákærða gefið að sök að hafa ekið „þriðjudaginn 30. október 1990, sviptur ökuréttindum ævilangt, bifreiðinni R-76615 norður Grensásveg í Reykjavík yfir leyfðum hámarkshraða og fyrir að yfirgefa vettvang án þess að gera viðeigandi ráðstafanir, eftir að hafa rekist á bifreið-

ina R-38516, sem ekið var í veg fyrir bifreið ákærða á móts við Ármúla".

Þetta var talið varða við 1. mgr. 10. gr., 1. mgr. 37. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess var krafist, að ákærði yrði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

II.

Um atvik vísast til héraðsdóms og þess, sem segir hér á eftir.

Laust eftir kl. 16 hinn 30. október 1990 varð árekstur á mótum Grensásvegar og Ármúla í Reykjavík. Þar skullu saman sendibifreiðin R-38516, sem maður að nafni Gunnar Örn Hauksson ók, og fólksbifreiðin R-76615, sem ákærði er sakaður um að hafa ekið. Hann neitar, að svo hafi verið. Ökumennirnir áttu tal saman, en sá, sem ók R-76615, fór af vettvangi, meðan Gunnar Örn hringdi til lögreglunnar. Nokkur vitni hafa gefið skýrslur í málinu.

Í fyrstu var nafngreindur maður, S, grunaður um að hafa ekið R-76615. Skyldi sakbending fara fram í lögreglustöðinni við Hverfisgötu, og var ákærði boðaður þangað af ástæðum, sem ekki eru að fullu ljósar. Fór svo, að bæði S og ákærði voru meðal þeirra manna, sem vitni sáu. Sakbendingin fór fram 1. nóvember 1990.

Vitnin, sem komu til sakbendingar, voru níu. Eitt bar um mann, sem það sá við Álakvísl nokkru eftir áreksturinn. Af hinum átta sögðu fimm, að ákærði hefði ekið R-76615, þegar árekstur varð. Það voru fyrrnefndur Gunnar Örn Hauksson, Þorfinnur Kristjánsson, sem kom á árekstrarstað á bifreið sinni, Theódór Helgason, sem kveðst hafa séð báða ökumennina við og í húsinu, sem hringt var frá í lögregluna, Margrét Sigurðardóttir og Þorsteinn M. Kristjánsson, sem sáu báða ökumennina við sama hús. Enn eitt vitni benti á ákærða, en lýsti vafa. Eitt vitni benti á annan mann, en annað kvaðst ekki þekkja ökumanninn í hópi þeirra, sem vitnin sáu við sakbendinguna.

Verjandi ákærða hefur gert margvíslegar athugasemdir við sakbendinguna 1. nóvember 1990 og vísað til leiðbeininga um framkvæmd sakbendinga, sem er að finna í Handbók rannsóknarlögreglumanna. Þessar leiðbeiningar hafa verið lagðar fram í málinu og eru svohljóðandi: „1. Annar maður á að annast

sakbendingu en sá, sem hefur með höndum rannsókn máls að öðru leyti.

2. Sakborningi skal stillt upp á meðal manna, 7-10 talsins, sem eru svipað á sig komnir, að því er snertir aldur, hæð, háralit og útlit almennt, sbr. Hrd. 1969, bls. 14.

3. Sakborningur má velja sér stað í röðinni, og hann getur skipt um stöðu öðru hverju, ef honum sýnist svo.

4. Vitni mega ekki hafa þekkt neinn í röðinni áður, sbr. Hrd. 1969, bls. 14.

5. Vitnum má ekki sýna myndir af sakborningi, áður en sakbending fer fram, sbr. Hrd. 1969, bls. 14.

6. Vitnum skal haldið aðgreindum og leiða þau fyrir röðina eitt í senn. Þess skal vandlega gætt, að vitni, sem þegar hafa verið leidd fram, geti ekki haft samband við hin, sem eftir eru, sbr. Hrd. 1969, bls. 14, og 3. mgr. 102. gr. l. 74/1974.

7. Ef hætta er talin á, að vitni verði fyrir óþægindum vegna atbeina síns, má hafa það dulbúið eða láta það benda á sakborning óséð.

8. Vitni má ekki benda eða yfirleitt gefa til kynna, hvern það telur sökunaut, fyrr en það hefur yfirgefið herbergið.

9. Ef fleiri en einn sökunautur eru í sakbendingarröð, á að láta vitni vita um það, svo að það geti bent á báða (alla), ef það kannast við þá.

10. Þátttakendur í sakbendingarröð mega ekki tala eða hreyfa sig, nema til þess sé ætlast.

11. Gera skal nákvæma skýrslu um allar aðstæður við sakbendingu."

Verjandi ákærða taldi, að rannsóknarlögreglumaður sá, sem stjórnaði rannsókn atvika 30. október, hefði haft of mikil afskipti af sakbendingunni, þó að annar væri í skýrslum talinn hafa stjórnað henni. Þá hefði átt að tilkynna ákærða, að hann væri grunaður, en svo hafi bersýnilega verið. Þá hafi honum ekki verið leyft að velja sér stað í röðinni eins og grunuðum manni. Eitt vitni hafi kannast við tvo af þeim sjö mönnum, sem vitnin sáu, og vitnin hafi í nokkrum mæli ræðst við, áður en sakbendingin fór fram.

Ákærði hefur sagt svo frá, að um kl. 16 hinn 30. október 1990 hafi hann verið í húsi Rannsóknarlögreglu ríkisins í Kópavogi.

Hann kveðst hafa farið með strætisvögnum heim til sín í Álftahóla 4 og þaðan með strætisvögnum til að sækja dóttur sína á dagheimilið Laugaborg við Leirulæk. Á grundvelli gagna, sem liggja frammi í málinu, er talið af hálfu ákærða, að hann hafi farið úr lögregluhúsinu kl. 16.10 og komið í dagheimilið kl. 17.15. Ekki hefur verið aflað upplýsinga um ferðir strætisvagna, sem hugsanlegt er, að ákærði hafi ferðast með.

III.

Í máli þessu verður að byggja á skýrslum þeirra, sem bentu á ákærða í sakbendingunni 1. nóvember 1990. Á sakbendingunni voru ekki þeir annmarkar, að það rýri að marki sönnunargildi þeirra skýrslna, sem að framan eru raktar. Ber að líta til þess, að hún fór fram tveimur dögum eftir áreksturinn og að ekkert er fram komið, sem bendi til, að vitnin hafi haft samráð á þann hátt, að máli skipti.

Frásögn ákærða af ferðum sínum á þeim tíma, sem áreksturinn varð, er ekki trúverðug. Þó að ekki sé fram komið, hvernig ferðum strætisvagna var háttað, er á það að líta, að ákærði bar fyrir dómi 24. apríl 1991, að hann hefði komið heim til sín milli kl. 16.30 og 16.40. Verður frásögn hans ekki skilin með öðrum hætti en þeim, að hann hafi þá í flýti farið að sækja dóttur sína, þar sem sambýliskona hans, sem það ætlaði að gera, hafi komist að raun um það í sama mund, að bifreið hennar, þ.e. bifreiðinni R-76615, hefði verið stolið. Þó er ljóst, að konan skýrði lögreglunni frá bílstuldinum símleiðis kl. 16.10.

Þess er að geta, að fyrir Hæstarétt hafa verið lögð gögn um líklegan ökuhraða miðað við lengd hemlafara.

Þegar framanskráð er virt, ber að staðfesta niðurstöðu sakadóms um sakfellingu.

IV.

Staðfesta ber niðurstöðu sakadóms um færslu til refsiákvæða.

Í bréfi Fangelsismálastofnunar ríkisins 5. mars 1991 segir m.a.: „... þann 1. apríl 1989 var Halldóri Lárusi Péturssyni, kt. 060358-6489, veitt reynslulausn skilorðsbundið í 2 ár á 280 daga eftirstöðvum eftirtalinna refsinga:

1. 7 mánaða fangelsi að frádreginni 90 daga gæsluvarðhaldsvist samkvæmt dómi sakadóms Reykjavíkur, upp kveðnum 6. ágúst 1987.

2. 3 mánaða fangelsi samkvæmt dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 29. október 1987.

3. 12 mánaða fangelsi að frádreginni 8 daga gæsluvarðhaldsvist samkvæmt dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 29. október 1987.

4. 2 mánaða fangelsi samkvæmt dómi sakadóms Reykjavíkur, upp kveðnum 28. október 1988.

5. 4 mánaða fangelsi, að frádreginni 38 daga gæsluvarðhaldsvist samkvæmt dómi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, upp kveðnum 21. október 1988.

Halldór Lárus hefur ekki afplánað framangreindar eftirstöðvar".

Samkvæmt 1. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 3. gr. laga nr. 16/1976, ber í þessu máli að ákveða refsingu fyrir brot það, sem að framan er lýst, með hliðsjón af þeirri 280 daga refsivist, sem ólokið var. Verður í því sambandi farið eftir reglum 60. gr. hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, og 77. gr. sömu laga, svo og, eins og sakaferli ákærða er háttað, 72. gr. Er refsingin hæfilega ákveðin fangelsi 10 mánuðir.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest. Um áfrýjunarkostnað fer eins og í dómsorði segir.

Dómsorð:

Ákærði, Halldór Lárus Pétursson, sæti fangelsi 10 mánuði.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Haralds Blöndals hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 29. ágúst 1991.

Ár 1991, fimmtudaginn 29. ágúst, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Símoni Sigvaldasyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 416/1991: Ákæruvaldið gegn Halldóri Lárusi Péturssyni, sem tekið var til dóms 20. ágúst sl.

Málavextir eru þessir:

Þriðjudaginn 30. október 1990 kl. 16.20 var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt um bifreiðaárekstur á gatnamótum Grensásvegar og Ármúla hér í borg. Hafði árekstur orðið þar skömmu áður með bifreiðunum R-76615 og R-38516, en ökumaður bifreiðarinnar R-76615 hafði ekið á brott af vettvangi. Að sögn Gunnars Arnar Haukssonar, ökumanns bifreiðarinnar R-38516, hafði árekstur bifreiðanna borið að með þeim hætti, að hann ók bifreið sinni austur Ármúla og beygði norður Grensásveg, en bifreiðinni R-76615 var á sama tíma ekið norður Grensásveg. Ökumaður kvaðst hafa litið eftir umferð til hægri (sic), norður Grensásveg, en hann ekki orðið var við umferð um götuna og því ekið inn á Grensásveg. Í því kvað ökumaður mikið högg hafa komið á bifreið sína, er bifreiðin R-76615 skall á henni. Ökumanni bifreiðarinnar R-76615 lýsti Gunnar Örn sem karlmanni, u.þ.b. 35 ára, dökkhærðum og um 175 cm á hæð.

Í lögregluskýrslu er skráð eftir ökumanni, Gunnari Erni, að ökumaður bifreiðarinnar R-76615 hefði strax viljað semja um uppgjör á tjóni vegna árekstrarins án afskipta lögreglu, en hann ekki viljað á það fallast. Hefðu þeir farið inn í hús Hitaveitu Reykjavíkur við Grensásveg, þar sem ökumaður R-38516 ætlaði að hringja á lögreglu. Segir í skýrslum, að er ökumaður R-38516 kom út úr húsi Hitaveitunnar skömmu síðar, eftir að hafa hringt til lögreglu, hefði bifreiðin R-76615 verið horfin á brott af vettvangi ásamt ökumanni.

Er lögreglumenn voru á vettvangi, fengu þeir tilkynningu frá stjórnstöð lögreglu þess efnis, að bifreiðinni R-76615 hefði verið stolið frá Álftahólum 4, Reykjavík, fyrr þann dag. Eftir skýrslugerð á vettvangi fór lögregla að Álftahólum og hafði þar tal af eiganda bifreiðarinnar, Kristínu Gísladóttur. Fram kom í máli Kristínar, að hún hefði ákveðinn mann grunaðan um þjófnaðinn, að nafni Stefán Almarsson. Kvaðst Kristín hafa lent í deilum við Stefán og því telja, að hann vildi hefna sín. Kristín kvaðst hafa lagt bifreiðinni við Blikahóla fyrr þann morgun til að fela hana fyrir Stefáni. Hefði hún ætlað að nota bifreiðina síðdegis þennan dag, en þá hefði bifreiðin verið horfin. Kristín upplýsti, að hún hefði í sínum fórum kveikjulásslykla bifreiðarinnar, en hún kvaðst ekki vita um aukalykla hennar, en þó gætu þeir verið í hanskahólfi bifreiðarinnar.

Um klukkan 18.40 sama dag kom Kristín Gísladóttir, Álftahólum 4, Reykjavík, á lögreglustöð og tilkynnti um þjófnað á bifreiðinni R-76615. Sagðist hún telja Sigurð Stefán Almarsson, er að framan greinir, hafa stolið bifreiðinni.

Miðvikudaginn 31. október 1990 um kl. 8.10 voru lögreglumenn á leið um Álakvísl í Reykjavík, er þeir urðu varir við bifreiðina R-76615, þar sem hún stóð mannlaus fyrir utan hús nr. 104. Við athugun reyndist bifreiðin

töluvert skemmd. Var afturhurð og jafnframt vinstri hlið öll dælduð og rispuð. Tekið var fram í lögregluskýrslu, að bifreiðin hefði verið ólæst. Í framhaldi af þessu héldu lögreglumennirnir áleiðis að Álakvísl 74 og handtóku þar Sigurð Stefán Almarsson. Var Sigurður Stefán færður á lögreglustöð og þar tekinn til yfirheyrslu. Kvaðst hann saklaus af kæruefninu. Því til staðfestu kvaðst hann geta nefnt til vitni, er gætu borið um það, að hann hefði verið heima hjá sér þriðjudaginn 30. október 1990. Tók Sigurður Stefán fram, að hann hefði sambýlismann Kristínar Gísladóttur, eiganda bifreiðarinnar, Halldór Lárus Pétursson, grunaðan um að hafa verið ökumann bifreiðarinnar, er áreksturinn varð á mótum Grensásvegar og Ármúla. Hefðu þeir Halldór Lárus deilt sín á milli í síma að kvöldi þriðjudagsins 30. október 1990.

Fimmtudaginn 1. nóvember 1990 fór fram sakbending á lögreglustöðinni við Hverfisgötu í Reykjavík, þar sem aðilar þeir, er höfðu orðið vitni að árekstrinum á mótum Grensásvegar og Ármúla 30. október, voru beðnir að benda á ökumann bifreiðarinnar R-76615. Í sakbendingunni voru meðal annarra kærði, Sigurður Stefán Almarsson, og Halldór Lárus Pétursson. Halldór Lárus var boðaður á lögreglustöðina og honum skýrt frá því, að sakbending færi þar fram. Af samtals níu vitnum bentu sjö á ákærða, Halldór Lárus Pétursson, sem ökumann bifreiðarinnar R-76615, þá er hún lenti í árekstri við bifreiðina R-38516 30. október 1990 á gatnamótum Grensásvegar og Ármúla.

Ákærði, Halldór Lárus Pétursson, var í framhaldi af sakbendingunni færður til skýrslugjafar á lögreglustöð. Ákærði þverneitaði því hjá lögreglu að hafa ekið bifreiðinni R-76615 þriðjudaginn 30. október 1990. Ákærði kvaðst hafa lagt leið sína til Rannsóknarlögreglu ríkisins þennan dag á fund Eggerts Bjarnasonar rannsóknarlögreglumanns um klukkan 16.00. Ákærði kvaðst hafa farið í strætisvagni á staðinn. Hann hefði ekki staldrað við nema stutta stund hjá RLR. Hann hefði auk Eggerts Bjarnasonar rætt við roskinn mann, er hefði verið í afgreiðslu RLR. Er ákærði hélt heim á leið, kvaðst hann hafa ferðast enn á ný með strætisvagni og farið rakleitt heim til sín að Álftahólum. Þegar þangað var komið, kvaðst ákærði hafa frétt hjá sambýliskonu sinni, að bifreið hennar, R-76615, hefði verið stolið. Skömmu síðar, um kl. 16.30 til 16.40, hefði hann tekið strætisvagn frá Álftahólum að dagheimilinu Laugaborg við Leirulæk til að sækja dóttur sína, er þar var í dagvistun. Þar hefði ákærði verið um kl. 17.00. Varðandi klæðnað sinn þennan dag upplýsti ákærði, að hann hefði verið klæddur í bláar gallabuxur og brúnan leður-mittisjakka með gulum röndum.

Ákærði kom fyrir dóm 22. maí 1991. Hélt hann þar fast við fyrri framburð sinn hjá lögreglu og kvaðst vera saklaus af því, sem sér væri gefið að sök í ákæru. Hann hefði ekki ekið bifreiðinni R-76615 umræddan dag.

Um ferðir sínar þriðjudaginn 30. október 1990 skýrði ákærði frá á sama hátt og hjá lögreglu. Hann staðhæfði sem áður, að hann hefði komið heim til sín að Álftahólum frá Rannsóknarlögreglu ríkisins um kl. 16.45 til 16.50. Ákærði tók fram fyrir dómi, að hann hefði verið boðaður af lögreglu í sakbendingu þá, er fram fór á lögreglustöð 1. nóvember 1990, en fyrir sakbendinguna hefðu tveir lögreglumenn yfirheyrt sig.

Verður nú gerð grein fyrir framburði vitna við lögregluransókn málsins og hér fyrir dómi.

Eftirtalin vitni tóku þátt í sakbendingu þeirri, er fram fór á lögreglustöðinni við Hverfisgötu 1. nóvember 1990: Gunnar Örn Hauksson, Engihjalla 19, Kópavogi, Þorfinnur Kristjánsson, Stafnaseli 2, Reykjavík, Heiða Hilmarsdóttir, Álakvísl 104, Reykjavík, Guðmundur Skúlason, Furugrund 68, Kópavogi, Margrét Sigurðardóttir, Sævangi 46, Hafnarfirði, Þorsteinn Kristjánsson, Jöldugróf 8, Reykjavík, Jóhannes Guðmundsson, Austurbrún 6, Reykjajvík, Sigurjón Haraldsson, Fannafold 70, Reykjavík, og Theódór Helgason, Jöldugróf 20, Reykjavík.

Vitnið Gunnar Örn Hauksson var ökumaður bifreiðarinnar R-38516. Vitnið hefur skýrt frá því, að umræddan dag hafi það verið við störf á sendiferðabifreið og verið á leið austur Ármúla að gatnamótum Ármúla og Grensásvegar. Hefði það ekið inn á Grensásveg og beygt til norðurs. Á þeim tíma kvaðst vitnið hafa litið suður Grensásveg til að aðgæta umferð. Vitnið kvaðst enga umferð hafa séð, og því hefði það ekið rakleitt inn á Grensásveg, en rétt á eftir hefði það heyrt hemlahljóð, og hefði þá bifreiðin R-76615 skollið á bifreið vitnisins. Vitnið kveðst hafa stigið út úr bifreiðinni og rætt við ökumann hinnar bifreiðarinnar, er hefði viljað semja um bætur vegna tjónsins. Vitnið kvaðst hafa viljað kalla til lögreglu, en það hefði ökumaður hinnar bifreiðarinnar verið ósáttur við. Þá kveðst vitnið hafa haldið til húss Hitaveitunnar í Reykjavík á Grensásvegi til að hringja á lögreglu, og hefði ökumaður R-76615 fylgt sér eftir, en síðan horfið á brott. Hefðu starfsmenn Hitaveitunnar tjáð sér, að ökumaðurinn hefði ekið á brott í bifreiðinni. Vitnið kvaðst telja um það bil 10 mínútur hafa liðið, frá því að árekstrinn varð, þar til ökumaður R-76615 hvarf á brott. Fyrir dómi kvaðst vitnið ekki geta gert grein fyrir klæðnaði ökumanns né útliti hans að öðru leyti. Í sakbendingu á lögreglustöð 1. nóvember 1990 kvaðst vitnið hafa borið kennsl á ökumann R-76615 og bent á ákærða í máli þessu, Halldór Lárus Pétursson.

Vitnið Þorfinnur Kristjánsson kvaðst hafa verið að erinda við hús nr. 9 við Grensásveg þriðjudaginn 30. október 1990, og hefði það veitt athygli rauðri fólksbifreið, þar sem henni hefði verið ekið með ofsahraða norður Grensásveg. Skömmu síðar kvaðst vitnið hafa veitt því athygli, að árekstur hefði orðið með þeirri bifreið og annarri bifreið, er hefði verið ekið eftir

Grensásvegi til norðurs af Ármúla. Hefðu ökumenn bifreiðanna staðið við bifreiðarnar eftir árekstur og verið eitthvað að deila sín á milli. Ökumanni bifreiðar þeirrar, er ekið var norður Grensásveg, lýsti vitnið sem meðalmanni á hæð, 176-180 cm, dökkskolhærðum, með yfirvaraskegg, í mittisjakka og sennilega 35-40 ára. Í sakbendingu á lögreglustöð 1. nóvember 1990 kvaðst vitnið hafa bent á ökumann þann, er hefði ekið rauðu fólksbifreiðinni norður Grensásveg umræddan dag. Benti vitnið á ákærða, Halldór Lárus Pétursson.

Í sakbendingu á lögreglustöð og fyrir dóminn hefur komið vitnið Heiða Hilmarsdóttir. Vitnið kvaðst hafa verið statt við heimili sitt að Álakvísl 104 þriðjudaginn 30. október 1990. Hefði vitnið tekið eftir rauðri fólksbifreið, er hefði verið lagt fyrir framan heimili sitt, og hefði vinstri framhluti hennar verið skemmdur, sennilega eftir árekstur. Veitti vitnið athygli karlmanni, er hefði stigið út úr bifreiðinni og gengið á brott frá henni. Manni þessum lýsti vitnið sem um 180 cm á hæð, dökkhærðum, með há kollvik, slétt hár, og hefði viðkomandi verið klæddur brúnleitum mittisjakka og í gallabuxum. Í lögregluskýrslu er skráð eftir vitninu, að þetta hafi verið um kl. 16.30. Á lögreglustöð í sakbendingu er skráð eftir vitninu, að það hafi talið ákærða, Halldór Lárus Pétursson, líkastan þeim manni, er hefði verið staddur við bifreiðina þennan dag. Þá tók vitnið fram, að það hefði ekki getað fullyrt það, þar sem það hefði séð á vanga mannsins og á eftir honum, en ekki beint framan í hann. Fyrir dómi kvað vitnið, að í sakbendingunni hefði það ekki getað bent á þann mann, er hefði gengið á brott frá bifreiðinni R-76615 30. október 1990, en hann hefði verið dökkhærður og frekar hár vexti, í vinnufötum og jafnvel í gallabuxum.

Verður nú gerð grein fyrir framburði sex vitna, er öll voru stödd í húsakynnum Hitaveitu Reykjavíkur við Grensásveg umrætt sinn.

Vitnið Guðmundur Skúlason hefur komið fyrir dóminn til skýrslugjafar, auk þess sem vitnið mætti á lögreglustöð í sakbendingu 1. nóvember 1990. Vitnið kvaðst hafa setið inni í kaffistofu Hitaveitu Reykjavíkur við Grensásveg 30. október 1990. Ekki kvaðst vitnið hafa séð með eigin augum árekstur þann, er varð þar fyrir utan, en inn í hús Hitaveitunnar hefðu komið tveir menn og annar þeirra viljað fá að hringja á lögregluna vegna árekstrarins. Hafi hinn aðilinn þá gengið á brott út úr húsinu. Þeim, er hvarf á brott, lýsti vitnið sem frekar lágvöxnum manni með yfirvararskegg og rauðbrúnt hár. Vitnið kvaðst hafa borið kennsl á þennan mann í sakbendingu á lögreglustöðinni og bent á ákærða, en þó kvaðst það fyrir dómi ekki geta sagt til um það með fullri vissu, þar sem það hefði séð manninum rétt bregða fyrir í dyrum kaffistofunnar.

Vitnið Margrét Sigurðardóttir kvaðst hafa setið við glugga í húsi Hitaveitunnar, og hefði það heyrt, er árekstur varð þar fyrir utan. Hefði það

veitt því athygli, að ökumenn bifreiðanna hefðu deilt, og því næst hefðu þeir gengið inn í hús Hitaveitunnar. Skömmu síðar hefði annar ökumaðurinn horfið á brott á bifreiðinni. Ökumanni þessum lýsti vitnið sem karlmanni, háum, sennilega um 165-170 cm, dökkhærðum og með yfirvararskegg. Þetta hefði sennilega verið um kl. 16.00. Vitnið kvaðst hafa borið kennsl á ökumann bifreiðarinnar í sakbendingu á lögreglustöð, og benti vitnið á ákærða, Halldór Lárus Pétursson.

Vitnið Þorsteinn Kristjánsson kvaðst hafa heyrt hemlahljóð og í framhaldi af því árekstur fyrir utan hús Hitaveitunnar 30. október 1990. Út um glugga hefði það séð ökumenn bifreiðanna deila. Deilur þeirra hefðu endað með því, að ökumaður annarrar bifreiðarinnar hefði ekið á brott. Var sá í gallabuxum og í ljósbláum jakka, fremur lágvaxinn, með dökkt hár og með yfirvararskegg. Þessa atburði kvað vitnið hafa gerst um kl. 16.15 til 16.20. Vitnið kvað 10 til 15 mínútur hafa liðið, frá því að árekstur-inn varð, þar til lögregla kom á staðinn. Í sakbendingu á lögreglustöðinni 1. nóvember 1990 kvaðst vitnið hafa bent á þann ökumann, er ók á brott, og hefði það verið ákærði, Halldór Lárus Pétursson.

Vitnið Jóhannes Guðmundsson kvaðst ekki hafa séð, er framangreindur árekstur varð. Vitnið kvaðst hafa litið út um gluggann á húsi Hitaveitunnar eftir árekstur-inn og séð ökumenn bifreiðanna ræða saman. Hefðu þeir báðir gengið saman að húsinu, en skömmu síðar hefði annar þeirra gengið þaðan á brott og ekið á brott. Þetta hefði verið um kl. 16.00. Ökumaðurinn hefði horfið á brott af vettvangi um 10 til 15 mínútum eftir árekstur-inn. Manni þessum lýsti vitnið á þá leið, að hann hefði verið um 170 cm á hæð, dökkskolhærður og með yfirvararskegg. Ekki kvaðst vitnið hafa veitt eftirtekt klæðnaði mannsins. Vitnið gat ekki bent á ökumann þennan í sakbendingu á lögreglustöð 1. nóvember 1990.

Vitnið Sigurjón Haraldsson kvað ökumenn tveggja bifreiða hafa komið í hús Hitaveitunnar umrætt sinn, og hefði annar þeirra viljað hringja á lögreglu. Á meðan hefði hinn ökumaðurinn staðið þar skammt frá skamma stund, en síðan farið út og ekið á brott. Þetta hefði gerst klukkan rúmlega 16.00. Framangreindum ökumanni, er fór á brott, lýsti vitnið sem í meðallagi háum, dökkhærðum og með yfirvararskegg. Ekki hefði það veitt athygli klæðnaði hans. Fyrir dómi kvaðst vitnið ekki hafa getað sagt til um það með vissu, hver hefði verið þessi tiltekni ökumaður, er það kom á lögreglustöð 1. nóvember 1990 í sakbendinguna. Í lögregluskýrslu er skráð eftir vitninu að lokinni sakbendingu, að það hafi ekki verið visst, hver hefði komið inn í kaffistofu Hitaveitunnar, og hefði það að lokum bent á lögreglumann úr hópi aðila í sakbendingarröð.

Vitnið Theódór Helgason kvaðst ekki hafa séð árekstur bifreiðanna fyrir utan hús Hitaveitunnar, en ökumenn hefðu verið að ræða saman við bif-

reiðarnar, er það leit út um glugga hússins. Báðir ökumenn hefðu komið í hús Hitaveitunnar til að fá afnot af síma. Hefði þá ökumaður annarrar bifreiðarinnar horfið á brott. Hefði sá ökumaður verið dökkhærður og með yfirvararskegg, um það bil 175 cm á hæð, í grænni mittisúlpu og í ljósum buxum. Ekki kvaðst vitnið muna nákvæmlega, hvenær atburðirnir urðu, en þó hefði það sennilega verið fyrir kl. 16.00. Í sakbendingunni á lögreglustöðinni 1. nóvember 1990 benti vitnið á ákærða, Halldór Lárus Pétursson, sem ökumann þeirrar bifreiðar, er ekið var brott af vettvangi.

Fyrir dóminn hefur komið sem vitni Linda Björk Pétursdóttir, starfsstúlka á dagheimilinu Laugaborg við Leirulæk. Vitnið skýrði frá því, að ákærði, Halldór Lárus Pétursson, hefði komið á dagheimilið 30. október 1990 í þeim erindagjörðum að sækja dóttur sína. Í lögregluskýrslu, er tekin var af vitninu 1. nóvember 1990, upplýsti vitnið, að ákærði hefði komið á dagheimilið um kl. 17.15. Á þeim tíma kvað vitnið ákærða hafa verið klæddan í græna mittisúlpu. Um klæðnað ákærða að öðru leyti gat vitnið ekki borið. Vitnið kvað ákærða hafa fengið dóttur sína afhenta, og hefði hann horfið á brott skömmu síðar. Fyrir dómi kvaðst vitnið ekki geta sagt til um það með vissu, hvenær ákærði hefði komið á dagheimilið, en kvað það vera skráð í mætingabók á dagheimilinu. Samkvæmt gögnum, er bárust dóminum frá dagheimilinu, er skráð, að ákærði hefði sótt dóttur sína kl. 17.15 30. október 1990. Ekki gat vitnið borið um það, með hvaða hætti ákærði kom á dagheimilið né hvernig hann fór þaðan. Þá kvað vitnið ákærða hafa haft það á orði, að hann væri að flýta sér, þar sem beðið væri eftir sér úti í bíl.

Sambýliskona ákærða, Kristín Gísladóttir, kom sem vitni til skýrslugjafar á lögreglustöð 1. nóvember 1990 og fyrir dóm fimmtudaginn 30. maí 1991. Hjá lögreglu skýrði vitnið svo frá, að sambýlismaður sinn, ákærði, Halldór Lárus Pétursson, hefði þriðjudaginn 30. október 1990 um kl. 14.00 til 15.00 farið frá heimili þeirra, Álftahólum 4, á fund Rannsóknarlögreglu ríkisins í Kópavogi. Þangað kvað vitnið ákærða hafa farið með strætisvagni. Vitnið kvað ákærða hafa komið heim aftur milli klukkan 16.00 og 16.30. Í því kvaðst vitnið hafa ætlað að sækja dóttur sína og ákærða í bifreið sinni, R-76615, en þá tekið eftir því, að bifreiðin var horfin frá heimili þeirra. Kvaðst vitnið þá hafa hringt til lögreglu og tilkynnt um þjófnaðinn. Vegna þessa kvað vitnið ákærða hafa farið með strætisvagni áleiðis niður að dagheimilinu Laugaborg til að sækja dóttur þeirra, og hefði klukkan þá verið um 16.45. Hefði ákærði komið heim aftur einhvern tíma eftir kl. 17.00. Vitnið kvað ákærða hafa verið klæddan í bláar gallabuxur og verið í brúnum leður-mittisjakka.

Framburður vitnisins fyrir dómi var um atvik samhljóða fyrri skýrslugjöf hjá lögreglu. Nánar skýrði vitnið þó svo frá, að um kl. 16.15 til 16.20 hefði

vitnið ætlað að sækja dóttur sína á dagheimili, en þá orðið þess vart, að bifreið sín var horfin. Kvaðst vitnið strax hafa hringt á lögreglu til að tilkynna um þjófnaðinn. Skömmu síðar, um kl. 16.30 til 16.40, hefði ákærði fyrst komið heim. Hefði hann staldrað við örstutta stund, áður en hann hefði farið með strætisvagni að ná í dóttur þeirra á dagheimilinu. Hefði ákærði komið þaðan um kl. 17.30 til 1745. Um klæðnað ákærða þennan dag bar vitnið með sama hætti og hjá lögreglu.

Vitnið Helen Guðjónsdóttir kvaðst hafa verið að störfum í afgreiðslu hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins þriðjudaginn 30. október 1990. Vitnið kvað ákærða, Halldór Lárus Pétursson, hafa komið þangað um kl. 15.30. Vitnið kvaðst hafa hætt störfum um kl. 16.00 þann dag, og á þeim tíma, um kl. 16.00 til 16.05, hefði ákærða verið vísað út úr húsi rannsóknarlögreglunnar. Það kvað vitnið Gunnleif Kjartansson lögreglufulltrúa hafa gert. Vitnið kvaðst hafa veitt ákærða eftirtekt, þar sem hann gekk í áttina að lögreglustöðinni í Kópavogi. Klæðnaði ákærða umræddan dag kvaðst vitnið ekki hafa tekið sérstaklega eftir.

Vitnið Gunnleifur Kjartansson, lögreglufulltrúi hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins, staðfesti, að ákærði hefði verið í húsakynnum rannsóknarlögreglunnar umræddan dag og farið þaðan um kl. 16.00 til 16.10. Ekki kvaðst vitnið hafa veitt því eftirtekt, með hvaða hætti það gerðist.

Vitnið Eggert Norðdahl Bjarnason rannsóknarlögreglumaður staðfesti, að ákærði, Halldór Lárus Pétursson, hefði komið til fundar við sig, en ekki kvaðst vitnið muna fyrir víst, hvort það hefði verið þriðjudaginn 30. október 1990. Vitnið kvað ákærða hafa komið til fundar við sig um kl. 15.30 til 16.00, og hefði hann staldrað við í mjög stuttan tíma, um 5 mínútur. Vitnið kvað klukkuna því hafa verið um eða rétt yfir 16.00, er ákærði fór á brott. Vitnið skýrði einnig frá því, að Gylfi Jónsson rannsóknarlögreglumaður hefði haft samband við sig um þetta leyti til að staðfesta, að ákærði hefði komið til fundar við sig.

Vitnið Gylfi Jónsson rannsóknarlögreglumaður stjórnaði rannsókn þessa máls. Aðspurt um, með hvaða hætti grunur hefði fallið á ákærða vegna málsins, kvað vitnið það hafa komið upp við rannsóknina á þeim tíma, sem grunur beindist að Sigurði Stefáni Almarssyni, að hugsanlegt hefði verið, að ákærði hefði verið sá, er ók bifreiðinni R-76615 30. október 1990. Hefði ákærði þá verið boðaður í sakbendinguna á lögreglustöðinni, og hefði hann fallist á það. Ekki kvað vitnið ákærða hafa verið formlega yfirheyrðan fyrir sakbendinguna, og ekki vildi það fullyrða neitt um það, hvort ákærða hefði verið bent á það fyrir sakbendinguna, að hann væri grunaður í málinu. Þá kvaðst vitnið aðspurt ekki muna eftir því, hvort það hefði haft samband við Eggert Bjarnason rannsóknarlögreglumann á þeim tíma, er rannsókn málsins fór fram, til

þess að fá staðfest, hvort ákærði hefði komið til fundar við Eggert 30. október 1990.

Vitnið Jón Otti Gíslason aðstoðarvarðstjóri kom fyrir dóm og staðfesti þær frumlögregluskýrslur, er vitnið gerði um árekstur bifreiðanna R-76615 og R-38516 30. október 1990.

Niðurstöður.

Verjandi ákærða hefur krafist þess, að máli þessu verði vísað frá dómi, þar sem eigi hafi verið sótt dómþing af hálfu ákæruvaldsins. Ákæruvaldi er ekki skylt skv. 130. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74, 1974, að sækja dómþing í máli sem þessu, og getur það því eigi leitt til frávísunar málsins frá dómi. Er frávísunarkröfu verjandans því hafnað.

Svo sem rakið er hér að framan, hefur ákærði neitað sök í máli þessu. Með framburði vitnanna Helenar Guðjónsdóttur, Gunnleifs Kjartanssonar og Eggerts Norðdahls Bjarnasonar, er voru að störfum hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins þann dag, er hér um ræðir, er sannað, að ákærði hafi yfirgefið húsnæði rannsóknarlögreglunnar klukkan 16.00 til 16.10, en árekstur bifreiðanna R-76615 og R-38516 var tilkynntur til lögreglu klukkan 16.20. Fjölmörg vitni urðu að árekstrinum. Vitnin Gunnar Örn Hauksson, ökumaður bifreiðarinnar R-38516, Þorfinnur Kristjánsson, Margrét Sigurðardóttir, Þorsteinn Kristjánsson og Theódór Helgason bentu öll með öruggri vissu á ákærða sem ökumann R-76615 í sakbendingu þeirri, er fram fór á lögreglustöðinni við Hverfisgötu 1. nóvember 1990. Þá kvaðst vitnið Guðmundur Skúlason vera þess nánast fullvisst, að ákærði hefði verið ökumaður R-76615. Vitnin Jóhannes Guðmundsson og Sigurjón Haraldsson gátu ekki bent á ákærða í sakbendingunni, en lýsing þeirra á ökumanni kemur heim og saman við klæðnað og útlit ákærða. Vitnið Heiða Hilmarsdóttir veitti því athygli, er ökumaður R-76615 yfirgaf bifreiðina við Álakvísl og samkvæmt lýsingu vitnisins á ökumanni kemur hún einnig heim og saman við ákærða. Þó gat vitnið ekki bent á ákærða í sakbendingunni á lögreglustöð. Þá hefur vitnið Kristín Gísladóttir, sambýliskona ákærða, borið, að ákærði hafi komið heim milli klukkan 16.00 og 16.30, eftir að vitninu var orðið ljóst, að bifreiðin var horfin frá heimili þess, og hafði tilkynnt þjófnaðinn til lögreglu.

Með vísan til framanritaðs og þá sérstaklega samhljóða framburðar vitnanna Gunnars Arnar Haukssonar, Þorfinns Kristjánssonar, Margrétar Sigurðardóttur, Þorsteins Kristjánssonar og Theódórs Helgasonar er sannað þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hefur verið ökumaður bifreiðarinnar R-76615, er framangreindur árekstur varð, og að hafa ekið á brott af vettvangi eftir áreksturinn.

Vitnið Þorsteinn Kristjánsson veitti athygli bifreiðinni R-76615, skömmu áður en árekstur bifreiðanna varð. Kvað vitnið þar um ofsaakstur hafa verið að ræða. Þá kemur fram í skýrslu lögreglunnar, að lengd hemlafara bifreiðarinnar R-76615 hafi verið samkvæmt mælingu 48 metrar. Á Grensásvegi er hámarkshraði á akbraut 50 km m.v.klst. Telst samkvæmt þessu sannað, að ákærði hafi ekið yfir lögleyfðum hámarkshraða.

Framangreind háttsemi ákærða varðar við 1. mgr. 10. gr., 1. mgr. 37. gr. og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Sakaferill.

Samkvæmt sakavottorði ákærða og öðrum upplýsingum, er liggja frammi í málinu, fékk hann í júní 1973 skilorðsbundna ákærufrestun fyrir þjófnað. Þá hefur ákærði tvívegis gengist undir sáttir vegna umferðarlagabrota, í mars 1973 og í september 1981. Þar fyrir utan hefur ákærði frá árinu 1974 tíu sinnum gengist undir sáttir fyrir áfengislagabrot og brot gegn lögum nr. 65 frá 1964 um ávana- og fíkniefni. Ákærði hefur frá 1974 hlotið samtals fimmtán refsidóma. Er þar um að ræða þrjá dóma fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni. Aðrir dómar eru vegna brota á almennum hegningarlögum og umferðarlögum og flestir fyrir þjófnað, nytjastuld og skjalafals. Þá fékk ákærði reynslulausn í tvö ár á eftirstöðvum refsingar, 280 dögum, 1. apríl 1989. Frá 18. desember 1986 hefur ákærði sætt [fimm refsidómum, síðast 28. október 1988 (2 mánaða fangelsi fyrir umferðarlagabrot), veitt 1. apríl 1989 reynslulausn af eftirstöðvum refsingar, 280 dögum].

Refsing.

Ákærða var 1. apríl 1989 veitt reynslulausn í tvö ár á eftirstöðvum refsingar, 280 dögum. Með broti því, sem mál þetta er risið af, hefur ákærði rofið skilorð þeirrar reynslulausnar. Eins og atvikum þessa máls er háttað, þykir þó rétt að láta reynslulausnina halda sér, sbr. 3. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Ákærði hefur með broti því, sem hér er til meðferðar, unnið sér til refsingar skv. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga. Með vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga, sakaferils ákærða og atvika allra þykir refsingin hæfilega ákveðin 30 daga varðhald.

Sakarkostnaður.

Samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74, 1974, ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Haralds Blöndals hrl., 45.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Halldór Lárus Pétursson, sæti varðhaldi 30 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Haralds Blöndals hrl., 45.000 krónur.

Föstudaginn 3. apríl 1992.

Nr. 316/1989. **Félag bókagerðarmanna**
(Guðmundur Markússon hrl.)
gegn
Sigurði Eyjólfssyni
(Magnús Óskarsson hrl.).

Lóðarréttindi. Félagsaðild. Hefð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 18. ágúst 1989 að fengnu áfrýjunarleyfi 21. júlí s.á. Eru dómkröfur hans þær, að stefnda verði gert skylt að fjarlægja sumarbústað sinn af landareign áfrýjanda, Miðdal í Laugardal, innan 30 daga frá uppkvaðningu dóms í máli þessu áfrýjanda að kostnaðarlausu og að viðlögðum dagsektum, 1.000 krónum á dag, er renni til áfrýjanda. Þá verði stefnda gert að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Að ákvörðun málsaðila var málið flutt í héraði, án þess að aðilar eða fyrirsvarsmenn þeirra væru kvaddir til skýrslugjafar eða vitni leidd.

I.

Með afsali 17. október 1941 eignaðist Hið íslenska prentarafélag (HÍP) jörðina Miðdal í Laugardalshreppi í Árnessýslu. Á árinu 1980 stofnaði félagið Félag bókagerðarmanna ásamt tveimur öðrum stéttarfélögum og sameinuðust þau í því. Samkvæmt yfirlýsingu 12. febrúar 1988, er afhent var til þinglýsingar 12. apríl sama ár, er áfrýjandi eigandi jarðarinnar frá þeim tíma.

Stefndi er eigandi að sumarbústað, sem stendur í hverfi slíkra bústaða í landi þessarar jarðar. Er hann einn af 14 bústöðum, sem Byggingarfélag prentara byggði fyrir félagsmenn sína á árinu 1942,

en fleiri bústaðir hafa síðar komið til. Var bústaðurinn upphaflega talinn nr. 8, en lóð hans er auðkennd sem nr. 10 við B-götu í hverfinu. Stefndi hefur notað bústaðinn að staðaldri fyrir sig og fjölskyldu sína, frá því að hann var byggður. Hann hefur ræktað lóðina og greitt ýmis gjöld af henni og tekið þátt í kostnaði við vegalagningu og girðingar.

Með yfirlýsingu stjórnar Byggingarfélags prentara 12. desember 1942 var það staðfest, hverjir væru eigendur umræddra 14 sumarbústaða, og var hún afhent til þinglýsingar 25. júlí 1944. Í fasteignabók er yfirlýsingu þessari lýst sem leigusamningi og lóð bústaðarins talin leigulóð. Ekki er fram komið, að stefndi hafi hreyft athugasemdum við þeirri lýsingu.

Um bústaðinn sjálfan er það upplýst, að hann er byggður úr hleðslusteini, og verður hann ekki fjarlægður af lóðinni nema með niðurrifi. Er stærð hans 68 rúmmetrar, en lóðarstærð 1685 fermetrar.

II.

Lóðarréttindi stefnda í Miðdal, sem um er deilt í máli þessu, má rekja til samþykktar, sem gerð var á aðalfundi Hins íslenska prentarafélags 29. mars 1942, um að nýta jörðina undir sumarbústaði fyrir einstaklinga innan prentarastéttarinnar og starfsmannafélög prentsmiðjanna. Var þar ákveðið, að félagið myndi leggja til ókeypis lóð undir bústaðina á því svæði, sem skipulagt hefði verið í þessu augnamiði, eins og um getur í hinum áfrýjaða dómi. Í samþykktinni kom meðal annars fram, að félagið myndi láta gera teikningar að bústöðunum og sjá um byggingu þeirra auk þess að leggja vatnsæðar og frárennsli að og frá þeim og sjá síðar fyrir rafmagni til þeirra. Einnig myndi félagið ábyrgjast lán fyrir hluta af byggingarkostnaði. Á fundinum var kosin sumarbústaðanefnd til að annast framkvæmdir.

Í framhaldi þessa var stofnað Byggingarfélag prentara 21. apríl 1942 og því settar samþykktir 7. júní sama ár, sem stjórn HÍP staðfesti með áritun daginn eftir. Samkvæmt þeim var það tilgangur félagsins að koma upp sumarbústöðum í Miðdal fyrir félaga sína í samræmi við fyrrgreinda aðalfundarsamþykkt, eins og til er vitnað í hinum áfrýjaða dómi. Tekið var fram, að einungis félagsmenn

HÍP gætu orðið meðlimir þess. Skyldu stofnendur hafa forgangsrétt að bústöðum fyrir þeim, er síðar gengju í félagið. Meðal annarra ákvæða samþykktanna voru þessi:

„8. gr. ... Ef kvæntur félagsmaður deyr, skal ekkja hans njóta sömu réttinda og hann hafði í félaginu. Enginn má framleigja bústað sinn nema með leyfi félagsstjórnar.

9. gr. ... Við inngöngu í félagið skal hver félagsmaður skrifa undir skuldbindingu um að hann sé háður samþykktum félagsins, eins og þær eru eða verða á hverjum tíma."

Stefndi var meðal stofnenda að þessu félagi, en hann er lærður prentari og starfaði að þeirri iðn sem félagsmaður í HÍP. Var honum úthlutað bústað sínum nr. 8 samkvæmt hlutkesti 10. júní 1942. Ekki er fram komið, hvort stefndi skrifaði undir sérstaka skuldbindingu, eins og áskilið var í 9. gr., en hann undirritaði samþykktirnar sjálfar ásamt öðrum stofnendum.

Um starfsemi Byggingarfélags prentara eftir árið 1942 liggja ekki fyrir skýr gögn í málinu, en áfrýjandi kveður það hafa starfað sem deild innan HÍP. Hafi starfsemin verið lögð niður eftir allmörg ár, en fasteignanefnd HÍP tekið við stjórn mála varðandi sumarbústaði í Miðdal. Af hálfu stefnda eru þessar upplýsingar ekki sérstaklega vefengdar, en áfrýjandi hefur ekki upplýst, hvenær þessi umskipti áttu sér stað eða með hvaða hætti.

Hins vegar er upplýst, að á árinu 1963 var sett „reglugerð um lóðir og byggingar í sumarbústaðalandi HÍP í Miðdal". Er hún talin samþykkt á stjórnarfundi félagsins 23. september 1963, eins og um getur í hinum áfrýjaða dómi. Stefndi sat í stjórninni sem varaformaður á þessum tíma, en um hlut hans að málinu er ekkert upplýst. Í lokagrein þessarar reglugerðar sagði, að með samþykkt hennar væru fallnar úr gildi eldri samþykktir varðandi bústaðahverfið í Miðdal. Af gögnum málsins verður ekki séð, að hún hafi átt sér annan undanfara en fyrrgreindar samþykktir Byggingarfélags prentara. Á hinn bóginn hafa síðan verið settar allmargar reglugerðir um sama efni á vegum HÍP og áfrýjanda, þannig að ein tók við af annarri. Er hin fyrsta, sem tilfærð er í málinu, samþykkt á aðalfundi HÍP 19. maí 1966, en hin síðasta á fundi í Félagi bókagerðarmanna 11. maí 1985.

Í reglugerðum þessum var tekið fram, að lóðir í Miðdal væru

eign stéttarfélagsins, og ákvæði sett um aðild bústaðaeigenda að lóðunum. Segir þannig meðal annars í yngstu reglugerðinni, að einungis Félag bókagerðarmanna, félagsmenn þess og starfshópar bókagerðarmanna geti átt sumarbústaði í Miðdal. Þó geti þeir, sem hverfi úr félaginu, haldið lóðarréttindum með undanþágu frá félagsstjórn. Komi til þess, að bústaður falli í eigu annarra en félagsmanns eða maka hans við andlát, gjaldþrot eða aðra löggerninga, sé afnotaréttur lóðar þar með fallinn úr gildi. Þó skuli niðjar, sem ekki eru félagsmenn, hafa rétt til lóðar í 8 ár.

Í reglugerðunum hefur einnig verið svo fyrir mælt síðan 1966, að gera skuli lögformlegan samning um hverja bústaðarlóð, og hafa þær að geyma þetta ákvæði: „Allir þeir, sem við gildistöku reglugerðar þessarar eiga í byggingu eða fullbyggða sumarbústaði í landi Miðdals í Laugardal - hversu lengi sem þeir hafa átt þá - og fullnægja ákvæðum ... reglugerðarinnar, skulu undirskrifa lóðarsamning." Svo virðist af gögnum málsins sem einhver dráttur eða fyrirstaða hafi orðið á því, að gengið væri frá gerð lóðarsamninga gagnvart eldri lóðarhöfum. Varðandi aðgerðir í þá átt gagnvart stefnda liggur fyrir bréf til hans frá fasteignanefnd HÍP 22. nóvember 1977, þar sem skorað var á hann að undirrita lóðarsamning vegna bústaðar síns. Segir stefndi, að sér hafi áður verið boðið þetta í kjölfar tilkynningar frá stjórn HÍP til bústaðaeigenda um áramótin 1972-1973. Kveðst hann hafa neitað að skrifa undir lóðarsamning meðal annars vegna þess, að hann gæti ekki fallist á skilning HÍP um eignarrétt að lóðinni.

Stefndi stofnaði prentsmiðjuna Hagprent í september 1964 ásamt syni sínum og stóð með honum fyrir rekstri hennar. Var aðild hans að Hinu íslenska prentarafélagi slitið eftir það, og hætti hann að greiða því félagsgjöld. Ekki er nánar fram komið, með hvaða hætti þetta gerðist.

III.

Kröfur sínar í máli þessu reisir áfrýjandi einvörðungu á því, að stefndi sé ekki félagsmaður í Félagi bókagerðarmanna, þar sem hann hafi hætt félagsaðild að Hinu íslenska prentarafélagi haustið 1964. Eftir það hafi lóðarréttindi stefnda vegna bústaðarins fallið niður, þar sem utanfélagsmenn geti ekki átt sumarbústaði í landi

félagsins að öðru jöfnu. Um þá reglu vísar áfrýjandi til þeirra samþykkta og reglugerða á vegum félaganna, er gilt hafi á hverjum tíma fyrir bústaði í Miðdal, auk þess sem hún felist í upphaflegri ákvörðun um nýtingu jarðarinnar undir sumarhús. Kröfu sinni til stuðnings vísar áfrýjandi til almennra heimilda sinna sem landeiganda.

Áfrýjandi höfðaði málið í framhaldi af bréfi sínu til stefnda 26. júní 1986, sem hafði að geyma formlega uppsögn á lóðarréttindum af fyrrgreindum sökum. Var honum boðið að selja bústaðinn félaginu sjálfu eða fullgildum félagsmönnum þess eða flytja hann af lóðinni að öðrum kosti. Þessu erindi hafnaði stefndi með bréfi 20. janúar 1987 á grundvelli þess, að hann hefði fengið lóð sína „ókeypis" og kvaðalaust á sínum tíma, og væri bréf félagsins byggt á misskilningi.

Mótmæli sín við kröfum áfrýjanda reisir stefndi einkum á því, að með samþykkt Hins íslenska prentarafélags 29. mars 1942 um að leggja til ókeypis lóðir undir sumarbústaði í Miðdal hafi félagið afsalað sér eignarrétti að þessum lóðum til þeirra félagsmanna, sem áhuga höfðu á að reisa sér sumarbústaði í landi jarðarinnar. Hafi stefndi öðlast eignarrétt að lóð sumarbústaðar síns á grundvelli þessarar samþykktar, og megi líta á fyrrgreinda yfirlýsingu frá 12. desember 1942 sem formlega staðfestingu á þeim eignarrétti. Verði ekki litið á ráðstöfun lóðarinnar sem afsal til eignar, hljóti hitt að vera ótvírætt, að í henni felist ótímabundinn og endurgjaldslaus réttur til að nýta lóðina undir sumarbústað. Í annan stað bendir stefndi á, að hann hafi fengið umráð lóðarinnar á árinu 1942 og nýtt hana óslitið frá þeim tíma, eins og hann ætti hana, án þess að athugasemdum væri hreyft fyrr en á síðustu árum. Hafi hann þannig að minnsta kosti öðlast eignarrétt að lóðinni fyrir hefð. Í þriðja lagi telur stefndi, að hvernig sem litið sé á rétt sinn að öðru leyti, hafi hann öðlast þau réttindi yfir lóðinni, að ekki sé unnt að víkja sér brott eftir einhliða kröfu áfrýjanda.

IV.

Í fyrrgreindri yfirlýsingu frá 12. desember 1942 var tekið fram, hverjir væru „eigendur að sumarbústöðum þeim, sem Byggingarfélag prentara hefur látið reisa á jörð Hins íslenzka prentarafélags,

Miðdal í Laugardal". Yfirlýsing þessi verður ekki skilin þannig, að hún feli í sér afsal lands til eignar, enda er hún skrásett í þinglýsingabók sem ígildi leigusamnings. Í undanfarandi samþykktum félaganna eða öðrum gögnum málsins er og ekkert að finna, er gefi til kynna, að Hið íslenska prentarafélag eða áfrýjandi hafi afsalað sér beinum eignarrétti að nokkurri spildu undir sumarbústaði í landi jarðarinnar.

Samkvæmt þessu hafði stefndi stöðu leigutaka í Miðdal, þegar hann tók við bústað sínum úr hendi byggingarfélagsins. Verður ekki séð, að sú staða hafi breyst síðan fyrir atbeina landeiganda. Eru því ekki skilyrði til að líta svo á, að stefndi hafi nú öðlast eignarrétt að lóð bústaðarins fyrir hefð, sbr. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 46/1905 um hefð.

Stefnda var úthlutað sumarbústað sínum á árinu 1942 í kjölfar ákvörðunar Hins íslenska prentarafélags um skipulagningu sumarbústaðahverfis í Miðdal, sem tekin var í þágu félagsmanna, og voru bústaðirnir byggðir með sameiginlegu átaki. Með þessari úthlutun var stefnda veittur réttur til afnota af landspildu þeirri, er bústaðnum átti að tilheyra, án þess að getið væri um tímamörk eða aðra fyrirvara varðandi nýtingu hans á landinu í þessu skyni. Í samþykktum þeim, er stefndi undirritaði á þessum tíma ásamt öðrum bústaðaeigendum, var hvergi kveðið svo á, að brottfall aðildar að Hinu íslenska prentarafélagi hefði í för með sér missi eða takmörkun lóðarréttinda vegna bústaðanna. Í reglugerðum á vegum þess félags og áfrýjanda voru síðar sett ákvæði um þetta efni. Hefur áfrýjandi ekki sýnt fram á, að reglugerðir þessar hafi komist á með þeim hætti, að þær yrðu bindandi fyrir stefnda um þetta grundvallaratriði. Telja verður samkvæmt þessu, að réttur stefnda til nýtingar landsins í samræmi við upphaflegan tilgang með úthlutun þess til hans hafi haldist við lýði, þótt hann vegna breytinga á starfshögum ætti ekki lengur aðild að Hinu íslenska prentarafélagi og síðar Félagi bókagerðarmanna. Getur áfrýjandi ekki fellt þennan rétt stefnda úr gildi, eins og hér er krafist, meðan stefndi og eiginkona hans kjósa að nýta hann og þau efna að sínu leyti þær skyldur, sem réttinum eru samfara.

Samkvæmt framansögðu brestur lagaskilyrði til þess, að krafa áfrýjanda um brottflutning bústaðar stefnda af lóð hans í Miðdal

verði tekin til greina. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti eins og í dómsorði greinir. Við ákvörðun hans er ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Félag bókagerðarmanna, greiði stefnda, Sigurði Eyjólfssyni, 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómþings Árnessýslu 30. mars 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi fimmtudaginn 23. febrúar sl., er höfðað með stefnu, birtri mánudaginn 25. maí 1987.

Stefnandi er Félag bókagerðarmanna, Hverfisgötu 21, Reykjavík (nnr. 2308-2500).

Stefndi er Sigurður Eyjólfsson, Melabraut 41, Seltjarnarnesi (nnr. 7849-0039).

Stefnandi gerir þær dómkröfur, ,,að stefnda verði gert skylt að fjarlægja af landareign stefnanda, Miðdal, Laugardal, sumarbústað sinn, sem þar er (sumarbústaður nr. 8 á lóð B 10), stefnanda að kostnaðarlausu og eigi síðar en innan 30 daga frá uppkvaðningu dóms í framangreinda átt að viðlögðum dagsektum, 1.000 kr. á dag, sem renni til stefnanda. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu skv. taxta LMFÍ".

Af hálfu stefnda eru þær kröfur gerðar, ,,að stefndi verði algerlega sýknaður af kröfum Félags bókagerðarmanna, nnr. 2308-2500, Hverfisgötu 21, Reykjavík. Jafnframt er þess krafist, að stefnda verði dæmdur málskostnaður skv. gjaldskrá LMFÍ að viðbættum 10% söluskatti".

Sáttaumleitanir reyndust árangurslausar.

Samkvæmt gögnum málsins eru málavextir þessir:

Á aðalfundi Hins íslenska prentarafélags 29. mars 1942 var samþykkt tillaga frá stjórn félagsins, og var upphaf hennar svohljóðandi:

,,Félagið gefur einstaklingum innan prentarastéttarinnar og starfsmannafélögum prentsmiðjanna kost á því að byggja sumarbústaði í landi jarðar félagsins, Miðdals í Laugardal, með eftirfarandi kostum:

1. Félagið leggur til ókeypis lóð undir bústaðina á þeim stað, sem skipulagður hefur verið í þessu augnamiði..."

Síðari töluliðir tillögunnar verða ekki raktir hér, þar sem þeir skipta ekki máli við úrlausn máls þessa.

Í framhaldi af þessum aðalfundi var stofnað til Byggingarfélags prentara, og voru samþykktir þess samþykktar á framhaldsstofnfundi þess félags 7. júní 1942, og stjórn HÍP samþykkti þær 8. júní 1942.

Tilgangur byggingarfélagsins var samkvæmt 3. gr. samþykktanna „að koma upp sumarbústöðum fyrir félaga sína á jörð Hins ísl. prentarafélags, Miðdal í Laugardal, í samræmi við samþykkt aðalfundar HÍP 29. mars 1942". Í 4. gr. samþykktanna sagði: „Einungis félagsmenn HÍP geta orðið meðlimir Byggingarfélags prentara." Og í 6. gr. samþykktanna sagði: „Stofnendur félagsins hafa forgangsrétt um sumarbústaði fyrir þeim, er síðar ganga í félagið, síðan í þeirri röð, sem menn innritast í félagið."

Stefndi, sem þá var félagsmaður í HÍP og einn af stofnendum byggingarfélagsins, fékk úthlutað lóð úr umræddu landi árið 1942, og var sumarbústaður hans reistur þar á því ári, sbr. yfirlýsingu, sem stjórn Byggingarfélags prentara gaf út 12. desember 1942 og afhent var til þinglýsingar 25. júlí 1944, en þar vottar stjórnin, að stefndi sé eigandi að sumarbústað, sem reistur hafi verið á jörð HÍP í Miðdal í Laugardal.

Hinn 23. september 1963 var á fundi stjórnar HÍP samþykkt reglugerð um lóðir og byggingar í sumarbústaðalandi HÍP í Miðdal. Samkvæmt því, sem fram hefur komið í málinu, eru þetta fyrstu reglur um lóðir og byggingar í sumarbústaðalandinu, síðan samþykktin 7. júní 1942 var gerð. Í 4. gr. þessara reglna segir: „Aðeins félagar í HÍP, ekkjur prentara og starfsmannafélög í prentsmiðjum geta átt sumarbústaði í Miðdal." Þetta skilyrði var ekki í samþykktunum frá 7. júní 1942. Síðan hafa ákvæði af þessu tagi verið í þeim reglugerðum, sem settar hafa verið um lóðir og byggingar í sumarbústaðalandinu.

Samkvæmt því, sem fram hefur komið í málinu, hætti stefndi að vera fullgildur félagi í HÍP árið 1964, þar sem hann stofnaði eigin prentsmiðju í september á því ári.

Árið 1980 sameinuðust Bókbindarafélag Íslands, Grafíska sveinafélagið og Hið íslenska prentarafélag í eitt félag, Félag bókagerðarmanna. Við þann gjörning var ákveðið af þar til bærum aðilum, að allar eignir og skuldir fyrrnefndra félaga yfirfærðust á Félag bókagerðarmanna.

Með bréfi, dagsettu 26. júní 1986, tilkynnti Félag bókagerðarmanna stefnda, að þar sem hann væri ekki félagsmaður í FBM (Félagi bókagerðarmanna), væri fallinn úr gildi lóðarleigusamningur um lóð hans, og væri því bústaður hans lóðarréttindalaus. Var stefnda jafnframt sagt upp lóðarafnotum af lóðinni frá og með 1. júlí 1986. Tæki uppsögnin gildi 1. febrúar 1987, og bæri honum að selja sumarbústaðinn til FBM eða fullgildra félaga eða flytja hann af lóðinni.

Áður hafði fasteignanefnd HÍP sent stefnda bréf, dagsett 22. nóvember 1987, þar sem hún benti stefnda á, að nýr samningur vegna lóða í Miðdal hefði legið frammi á skrifstofu félagsins undanfarnar vikur, tilbúinn til undirritunar, og fór nefndin þess jafnframt á leit, að stefndi undirritaði þennan nýja samning fyrir 10. desember 1977. Síðan segir, að ef eigi verði orðið við þessum óskum fasteignanefndar, telji hún, að stefndi æski ekki eftir frekari afnotum af lóð félagsins í Miðdal og ætli annaðhvort að selja bústað sinn félagsmanni HÍP eða fjarlægja hann af orlofssvæðinu, og óskist það þá gert fyrir 1. júní 1978. Í bréfi þessu er ekkert gefið í skyn um það, að stefndi sé talinn orðinn lóðarréttindalaus eða verði það vegna þess, að hann sé ekki lengur í félaginu, og ekkert er minnst á það, hvað gert verði, ef hann hvorki undirriti samninginn, selji bústaðinn né fjarlægi hann.

Með bréfi, dagsettu 20. janúar 1987, svaraði stefndi fyrrnefndu bréfi stefnanda, dagsettu 26. júní 1986, og mótmælti því, að réttur sinn til lóðarinnar væri fallinn úr gildi, þar sem hann hefði fengið hana ókeypis og kvaðalaust samkvæmt fyrrnefndri samþykkt frá 29. mars 1942.

Að mótteknu þessu bréfi stefnda og eftir að frestur sá til 1. febrúar 1987, sem stefnda var veittur í fyrrnefndu bréfi stefnanda frá 26. júní 1986 til þess að selja bústaðinn eða flytja hann af lóðinni, var liðinn, var mál þetta síðan höfðað á hendur honum.

— — —

Niðurstaða.

Kröfur stefnanda í máli þessu eru í stefnu reistar eingöngu á því, að lóðarréttindi stefnda hafi fallið niður samkvæmt samþykktum Byggingarfélags prentara við það eitt, að hann hætti að vera félagi í Hinu íslenska prentarafélagi.

Í greinargerð reisir stefnandi kröfur sínar einnig á því, að hann sem landeigandi hafi fulla heimild til að segja upp afnotum af landinu og setja þau skilyrði fyrir landnotum, sem hann kýs, enda hafi stefnda ætíð verið fullkunnugt um eignarrétt stefnanda og þau skilyrði, sem sett hafa verið, þar með talið um, að aðeins félagar í FBM geti átt bústað í landi félagsins í Miðdal.

Stefnanda hefur ekki tekist að renna stoðum undir þessar staðhæfingar sínar.

Fram er komið í málinu, að það var ekki fyrr en á árinu 1963, sem ákveði um, að aðeins félagar í HÍP, ekkjur prentara og starfsmannafélög í prentsmiðjum gætu átt sumarbústaði í Miðdal, var sett í reglur um sumarbústaðalandið.

Það er á þessu ákvæði, sem ekki er sett fyrr en 21 ári eftir, að

sumarbústaðurinn er reistur, sem stefnandi reisir körfur sínar umfram allt á.

Reglur frá 1963 geta ekki gilt aftur fyrir sig um viðskipti aðila á árinu 1942, þegar stefndi öðlaðist rétt til þess að eiga sumarbústað á umræddri lóð.

Að auki má benda á, að ekkert í reglunum frá 1963 bendir til þess, að þeim hafi, þegar þær voru settar, verið ætlað að hafa afturvirk áhrif, og ekkert hefur að öðru leyti komið fram í málinu, sem bendir til þess.

Þá er fram komið í málinu, að það er ekki fyrr en með bréfi, dagsettu 26. júní 1986, að stefnandi tilkynnir stefnda þá skoðun sína, að sumarbústaður hans sé lóðarréttindalaus, og segir honum upp lóðarafnotum. Þá voru liðin 44 ár, síðan sumarbústaðurinn var reistur með fullum og óumdeildum rétti, og 22 ár, þ.e.a.s. hefðartími fullur, síðan stefndi hætti að vera félagsmaður í HÍP.

Þá er rétt að benda á, að í bréfi fasteignanefndar HÍP til stefnda, dagsettu 22. nóvember 1977, er ekki minnst á, að stefndi sé talinn lóðarréttindalaus, heldur er þess eingöngu farið á leit, að hann undirriti nýjan lóðarsamning.

Lóðarréttindi stefnda, sem óumdeilt er, að hann hafði til ársins 1964, byggðust á einhliða samþykkt aðalfundar HÍP 29. mars 1942. Í þessari samþykkt og samþykktum Byggingarfélags prentara frá 7. júní 1942, sem samþykktar voru af stjórn HÍP 8. júní 1942, kemur ekkert fram um það, að menn missi lóðarréttindin, ef þeir hætti að vera félagar í HÍP, en í 6. gr. samþykkta byggingarfélagsins segir hins vegar, að stofnendur félagsins hafi forgangsrétt um sumarbústaði fyrir þeim, er síðar gangi í félagið, en fram er komið í málinu, að stefndi er einn af stofnendum félagsins.

Samþykkt aðalfundar HÍP frá 29. mars 1942 og samþykktir byggingarfélagsins frá 7. júní 1942 ber í þessu tilviki og, að því er varðar þetta atriði, að skýra þröngt, og verður engan veginn litið svo á, að það leiði af samþykkt aðalfundarins, samþykktum byggingarfélagsins né af eðli málsins, að lóðarréttindi stefnda hafi glatast við það, að hann hætti sem félagi í HÍP.

Ekki er heldur fallist á, að stefnandi sem landeigandi hafi fulla heimild til að segja upp afnotum af landinu og setja þau skilyrði fyrir landnotum, sem hann kýs, hvenær sem er, eins og stefnandi virðist halda fram í greinargerð.

Stefnandi er sjálfur bundinn af fyrrnefndri einhliða aðalfundarsamþykkt sinni frá 1942 og samþykktum byggingarfélagsins frá sama ári.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, og eins og mál þetta liggur fyrir dóminum, þykja eigi efni til þess að taka dómkröfur stefnanda til greina, og ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu og dæma

hann til þess að greiða stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 85.000 kr., þar með talinn söluskattur.

Þess skal getið, að dómarinn gekk á vettvang að viðstöddum lögmönnum aðila.

Dómsuppsaga í máli þessu hefur dregist vegna mikilla embættisanna dómarans.

Þorsteinn Skúlason héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Sigurður Eyjólfsson, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Félags bókagerðarmanna, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda 85.000 kr. í málskostnað innan fimmtán daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 3. apríl 1992.

Nr. 150/1992. **Ákæruvaldið**
gegn
Halldóri Albert Þorvaldssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald. Geðrannsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Varnaraðili hefur með vísan til heimilda í 3. og 9. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar. Var kærunni lýst við uppkvaðningu úrskurðarins.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Af hálfu varnaraðila er þess krafist með vísan til heimildar í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974, aðallega, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, til vara, að úrlausn um gæsluvarðhaldsvist verði einungis grundvölluð á 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 og gæsluvarðhaldstími styttur verulega, til þrautavara, að úrskurðað verði, að um vistun varnaraðila fari eins og hann væri afplánunarfangi.

Þá er þess krafist af hálfu varnaraðila með vísan til heimildar í 9. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974, að úrskurði um synjun á kröfu um, að varnaraðili gangist undir geðrannsókn, verði hrundið og varnaraðili látinn sæta rannsókn á geðheilbrigði sinni.

Jafnframt er krafist réttargæsluþóknunar og kærumálskostnaðar úr ríkissjóði fyrir réttargæslu í héraði og Hæstarétti.

I.

Í greinargerð varnaraðila er aðallega byggt á þeim röksemdum, að ekki sé sýnt, að varnaraðili geti torveldað rannsókn málsins, fái hann frelsi. Þá verði varnaraðili að njóta alls vafa, þar til ljóst sé, hvort sönnunargögn, sem lögreglan geti hugsanlega aflað, nægja til ákæru og refsiáfellis. Óvíst sé með öllu, hvort varnaraðili verði nokkru sinni talinn hafa gerst brotlegur við 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en í 2. mgr. 218. gr. laganna

sé ekki kveðið á um lágmark refsingar. Mjög óvarlegt sé að taka afstöðu til þess nú, hverri refsingu verði beitt.

Krafa varnaraðila um, að hann verði vistaður eins og afplánunarfangi, er byggð á 4. mgr. 3. gr. laga nr. 48/1988 um fangelsi og fangavist.

Af hálfu varnaraðila er talið fráleitt að fullyrða, að ákvæði 15. og 16. gr. laga nr. 19/1940 komi ekki til skoðunar í máli þessu og að nauðsynlegt sé, að héraðsdómari hlutist strax til um geðheilbrigðisrannsókn á varnaraðila, sbr. 75. gr. laga nr. 74/1974.

II.

Rannsókn stendur yfir á hættulegri atlögu með hnífi að tveimur mönnum í Hallarmúla í Reykjavík aðfaranótt 22. mars 1992. Varnaraðili var handtekinn nálægt vettvangi skömmu eftir atburðinn, og hafa lögreglumenn, sem handtóku hann, borið, að á honum hafi fundist blóðugur hnífur. Ástæða þykir til að ætla, að varnaraðili hafi framið verknaðinn. Ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdómara um gæsluvarðhald. Ekki eru efni til að mæla fyrir um, að varnaraðili sé á þessu stigi rannsóknar fluttur í afplánunarfangelsi.

Af hálfu Rannsóknarlögreglu ríkisins hefur ekki verið gerð krafa um rannsókn á geðheilbrigði og sakhæfi varnaraðila. Er ekki á þessu stigi málsins ástæða til að taka fram fyrir hendur rannsóknarvaldsins um þetta atriði.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Þóknun til réttargæslumanns varnaraðila verður ekki dæmd í Hæstarétti á þessu stigi málsins.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 1. apríl 1992.

Ár 1992, miðvikudaginn 1. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Símoni Sigvaldasyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Halldóri Alberts Þorvaldssyni, kt. 180168-

4519, Ástúni 14, Kópavogi, verði gert að sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 13. maí 1992 kl. 16.00.

Réttargæslumaður kærða hefur gert þá kröfu, að áframhaldandi gæsluvarðhaldi verði hafnað og þá sérstaklega samkvæmt 4. tl. 67. gr. laga nr. 74, 1974. Til vara hefur þess verið krafist, að gæsluvarðhaldstíminn verði styttur verulega. Þá er þess krafist, að verði fallist á kröfu um áframhaldandi gæsluvarðhald, skuli kærði vistaður sem afplánunarfangi með heimild í 3. mgr. 3. gr. laga nr. 48, 1988. Þá er þess krafist að lokum, að kærði verði látinn sæta geðheilbrigðisrannsókn án frekari tafa.

Um málavexti vísast til úrskurðar sakadóms Reykjavíkur í sama máli, upp kveðnum 22. mars 1992.

Við yfirheyrslur 27. og 31. mars sl. hefur kærði getað betur gert grein fyrir ferðum sínum aðfaranótt sunnudagsins 22. mars sl. Ber hann þó enn við minnisleysi, enda þótt hann muni allvel um ferðir sínar og gerðir, bæði fyrir og eftir þau átök, er hann átti í við tvo menn á milli verslunarinnar Pennans og Hótel Esju í Hallarmúla.

Kærða er gefið að sök að hafa framið verknað, sem talinn er geta varðað við 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga, en brot gegn 211. gr. varðar fangelsi fimm ár hið minnsta. Rannsókn málsins er hvergi nærri lokið, og enn á eftir að fara fram skýrslutaka og sakbending af hálfu beggja árásarþola. Þá hafa niðurstöður úr DNA-rannsóknum ekki enn borist. Ber með vísan til þess, sem hér að ofan greinir, sbr. Hæstaréttardóma frá 1985, 516. bls., að taka kröfu RLR til greina með vísan til 1. tl. og 4. tl. 67. gr. laga nr. 74, 1974, þannig, að kærði skuli sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 13. maí 1992 kl. 16.00.

Að svo stöddu verður ekki, eins og hér stendur á, fallist á kröfur réttargæslumanns kærða, að um vistun kærða fari eins og um væri að ræða afplánunarfanga, með heimild í 3. mgr. 3. gr. laga nr. 48, 1988. Með vísan til atvika og gagna málsins er kröfu um geðheilbrigðisrannsókn einnig að svo stöddu hafnað.

Úrskurðarorð:

Kærði, Halldór Alberts Þorvaldsson, skal sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 13. maí 1992 kl. 16.00.

Kröfum réttargæslumanns kærða um geðheilbrigðisrannsókn og gæsluvist skv. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 48, 1988, er hafnað.

Föstudaginn 3. apríl 1992.

Nr. 137/1992. **Sveinn Skúlason**
gegn
Sigurði Pétri Haukssyni og
Tækniveröld hf.

Kærumál. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Sóknaraðili hefur með kæru 4. mars 1992 skotið til Hæstaréttar lausnargerð vegna löghalds. Gekk úrskurður um lausnargerðina í fógetarétti Akraness 20. janúar síðastliðinn. Sigurður Gizurarson bæjarfógeti kvað upp úrskurðinn. Kæruheimild er í 5. mgr. 25. gr. laga nr. 18/1949 um kyrrsetningu og lögbann, sbr. 3. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Gögn kærumálsins bárust Hæstarétti 26. mars.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið, að því er varðar niðurfellingu löghalds til tryggingar dómkröfum á hendur Tækniveröld hf. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar krefjast þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Þá krefjast varnaraðilar kærumálskostnaðar

Við fyrirtöku 30. janúar 1992 á bæjarþingi Reykjavíkur í staðfestingarmáli vegna löghaldsins lagði lögmaður varnaraðila fram staðfest endurrit af hinum kærða úrskurði. Sóknaraðili var viðstaddur þinghaldið og fékk þá vitneskju um úrskurðinn. Sóknaraðili kærði hann þó ekki fyrr en 4. mars. Kærufrestur var þá liðinn, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 75/1973.

Af þeirri ástæðu verður ekki hjá því komist að vísa málinu frá Hæstarétti.

Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðilum 20.000 krónur í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Sveinn Skúlason, greiði varnaraðilum, Sigurði Pétri Haukssyni og Tækniveröld hf., 20.000 krónur í kærumálskostnað fyrir Hæstarétti.

Úrskurður fógetaréttar Akraness 20. janúar 1992.

Ár 1992, mánudaginn 20. janúar, var fógetaréttur Akraness settur í skrifstofu embættisins að Suðurgötu 57, og hélt hann Sigurður Gizurarson bæjarfógeti með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Beiðni Sigurðar Péturs Haukssonar, kt. 290755-5229, um, að aflétt verði löghaldi, sem Sveinn Skúlason hdl. hefur fengið úrskurðað í eigum hans.

Skjöl málsins liggja frammi, nr. 1 - 5.

Í réttinn er mættur Sigurður Pétur Hauksson, og leggur hann fram:

Nr. 6: Beiðni um afléttingu kyrrsetningar, dags. 6. janúar 1992.

Nr. 7: Endurrit úr fógetabók Akraness, dags. 27. janúar 1991.

Nr. 8: Beiðni um, að aflétt verði kyrrsetningu, dags. 13. janúar 1992.

Nr. 9: Bankatryggingu, dags. (sic).

Af hálfu kyrrsetningarhafa er mættur Tryggvi Björnsson. Hann leggur fram:

Nr. 10: Mótmæli gegn beiðninni, dags. 17. janúar 1992.

Gerðarbeiðandi vísar til skriflegrar beiðni sinnar, jafnframt því sem hann kveðst að gefnu tilefni ekki aðeins krefjast endurupptöku á kyrrsetningu þeirri, sem var úrskurðuð á nokkrum eigum hans 27. nóvember 1991 í fógetaréttarmáli nr. 158/1991: Sveinn Skúlason hdl. gegn Sigurði Pétri Haukssyni og Tækniveröld.

Gerðarbeiðandi mótmælir þeim rökum, sem koma fram í bréfi kyrrsetningarhafa, dags. 17. janúar 992, sbr. dskj. nr. 10, að einungis sé krafist endurupptöku á kyrrsetningargerð á hendur Sigurði Pétri Haukssyni, en kyrrsetningargerðin hafi farið áfram á hendur Tækniveröld hf. og kyrrsettir munir án mótmæla og athugasemda til efnda á kröfum á hendur Tækniveröld.

Gerðarbeiðandi kveður hina kyrrsettu muni vera eign PC-tölvunnar, sem sé einkafyrirtæki sitt og einkaeign sín. Hann leggur fram nr. 11: Reikning til sönnunar því, að hinar kyrrsettu tölvur séu eign PC-tölvunnar, og nr. 12: Endurrit úr bifreiðaskrá. Krafa gerðarbeiðanda er, að kyrrsetning á bifreiðinni ÍS-417, M.-Benz, árg. 1984, teg. 8120, og átta tölvum af Tatunggerð m/skjám og lyklaborðum verði felld niður og að gerðarþola verði fengnar vörslur munanna. Jafnframt er óskað, að löghaldinu verði aflýst af bifreiðinni ÍS-417. Þess er beiðst, að gerðin fari fram á ábyrgð Sigurðar Péturs Haukssonar.

Var nú kveðinn upp svofelldur úrskurður í málinu:

Rétt þykir að taka til greina þá staðhæfingu gerðarbeiðanda, að nefndar tölvur séu eign PC-tölvunnar, en ekki Tækniveraldar hf., og sama máli gegni um bifreiðina ÍS-417, sbr. dskj. nr. 11-12.

Kyrrsetningarmálið höfðaði Sveinn Skúlason hdl. gegn Sigurði P. Haukssyni og Tækniveröld hf., og var krafa hans tekin til greina sem slík í fógetadóminum 27. nóvember 1991 gegn setningu tryggingar, 612.000 kr.

Nú krefst gerðarbeiðandi, Sigurður P. Hauksson, þess, að kyrrsetningin verði felld niður gegn setningu bankatryggingar, að fjárhæð 2.000.000 kr., en krafa kyrrsetningarhafa hljóðaði upp á 506.111 kr. ásamt dráttarvöxtum, kostnaði, 29.325,50 kr., og vöxtum af kostnaði, 63,60 kr.

Að öllu þessu athuguðu telur fógetadómurinn, að taka beri kröfur gerðarbeiðanda um niðurfellingu kyrrsetningar í lausafé og að ekki séu rök til, að eigur þessar séu kyrrsettar áfram vegna kröfu á hendur Tækniveröld hf., sem er ekki eigandi munanna, enda um sömu kröfu að ræða bæði á hendur Sigurði Pétri og Tækniveröld.

Úrskurðarorð:

Tekin er til greina beiðni Sigurðar Péturs Haukssonar, kt. 290755-5229, í máli nr. 158/1991: Sveinn Skúlason hdl. gegn Sigurði Pétri Haukssyni og Tækniveröld hf. um, að aflétt skuli kyrrsetningu á bifreiðinni ÍS-417, M.-Benz, árg. 1984, teg. 8120, og átta tölvum af Tatung-gerð m/skjám og lyklaborðum gegn bankatryggingu, að fjárhæð 2.000.000 kr.

Föstudaginn 3. apríl 1992.

Nr. 138/1992. **Sveinn Skúlason**
gegn
Sigurði Pétri Haukssyni og
Tækniveröld hf.

Kærumál. Frestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Sóknaraðili hefur með kæru 18. mars 1992 skotið til Hæstaréttar úrskurði bæjarþings Reykjavíkur 5. s.m. í bæjarþingsmálinu nr. 7498/1991. Kæruheimild er í j-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómara að halda áfram meðferð málsins. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar krefjast þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Þá krefjast þeir kærumálskostnaðar.

I.

Hinn kærði úrskurður er kveðinn upp af Jóni L. Arnalds borgardómara. Úrskurðurinn er án forsendna og hljóðar svo:

„Úrskurður:

Málinu skal frestað um óákveðinn tíma, á meðan ólokið er í Hæstarétti meðferð kærumáls stefnanda vegna úrskurðar bæjarfógetans á Akranesi í fógetamálinu nr. 158/1991: Sveinn Skúlason gegn Sigurði Pétri Haukssyni og Tækniveröld hf."

Héraðsdómari hefur með vísan til 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 23. gr. laga nr. 54/1988, sent Hæstarétti svofelldar forsendur og rökstuddar ástæður fyrir úrlausninni:

„1.0.

Mál þetta hefur Sveinn Skúlason hdl. ... höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 20. júní 1991, á hendur Sigurði Pétri Haukssyni ... og Tækniveröld hf. ...

Stefnandi höfðaði sjálfstætt mál til staðfestingar löghalds fyrir andvirði krafna stefnanda í máli þessu svo og til greiðslu kostnaðar af því. ... Í þinghaldi 19. desember 1991 var staðfestingarmálið sameinað þessu máli. ...

2.0.

Þann 20. febrúar 1992 var kveðinn upp úrskurður hjá bæjarfógetanum á Akranesi, þar sem aflétt var kyrrsetningu á bifreiðinni ÍS-417, M.-Benz, árg. 1984, teg. 8120, og 8 tölvum af Tatung-gerð m/skjám og lyklaborðum, gegn bankatryggingu, að fjárhæð kr. 2.000.000,00.

Ekki er ágreiningur milli málsaðila um, að um sé að ræða kyrrsetningu þá, er krafist er staðfestingar á í máli þessu. Með kæru til Hæstaréttar, út gefinni 4. mars 1992, kærði stefnandi úrskurð þennan.

Stefnandi hefur í kæru sinni m.a. gert þær kröfur, að úrskurði fógetaréttarins verði hrundið, að því er varðar niðurfellingu kyrrsetningar til tryggingar dómkröfum á hendur Tækniveröld hf.

3.0. Lögmaður stefndu taldi óhjákvæmilegt, að málinu yrði frestað, þar til niðurstaða væri fengin í greindu kærumáli fyrir Hæstarétti. Stefnandi gerði kröfu um, að málinu yrði fram haldið.

Í síðasta málslið 2. mgr. 117. gr. laga nr. 85/1936 segir svo: „Með sama hætti má fresta máli, ef annað einkamál hefir verið höfðað út af efni, er varðar verulegu um úrslit þess..."

Úrskurður dómara er byggður á þeirri forsendu, að úrlausn umræddsmáls í Hæstarétti geti varðað verulegu um úrslit þessa máls. Málinu var því frestað um óákveðinn tíma, á meðan meðferð kærumálsins er ólokið fyrir Hæstarétti."

II.

Með lausnargerð fógetaréttar Akraness 20. janúar 1992 var fellt niður löghald það, er lagt var á lausafé í eigu Sigurðar Péturs Haukssonar 27. nóvember 1991.

Með dómi Hæstaréttar fyrr í dag í hæstaréttarmálinu nr. 137/1992, milli sömu aðila og deila í þessu máli, var kæru á lausnargerðinni vísað frá Hæstarétti, og stendur hún því óhögguð.

Héraðsdómara var rétt að fresta málinu, þar til niðurstaða væri fengin í Hæstarétti um afdrif fógetaréttarmálsins. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðilum 20.000 krónur í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Sveinn Skúlason, greiði varnaraðilum, Sigurði Pétri Haukssyni og Tækniveröld hf., 20.000 krónur í kærumálskostnað fyrir Hæstarétti.

Mánudaginn 6. apríl 1992.

Nr. 222/1989. **Garðar Ólason,**
Gylfi Gunnarsson og
Sveinn Jónsson
(Jón Kr. Sólnes hrl.)
gegn
Rafboða hf.
(Björn Ólafur Hallgrímsson hrl.).

Áskorunarmál. Sjáfsábyrgð. Vanlýsing. Útivist í héraði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. júlí 1989 að fengnu áfrýjunarleyfi 10. júlí 1989 samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Áfrýjað er áritun á áskorunarstefnu, sem gerð var í bæjarþingi Reykjavíkur 30. desember 1988. Þá hefur Sveinn Jónsson skotið til Hæstaréttar með stefnu 9. júní 1989 fjárnámsgerð, sem fram fór í fógetarétti Eyjafjarðarsýslu 25. maí 1989. Fyrir Hæstarétti hafa mál þessi verið sameinuð.

Áfrýjendur krefjast sýknu af kröfum stefnda samkvæmt hinni áfrýjuðu árituðu áskorunarstefnu og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir Hæstarétti. Sveinn Jónsson gerir einnig þá kröfu, að eftirfarandi fjárnám verði fellt úr gildi.

Stefndi krefst þess, að hin áfrýjaða áritun og fjárnámsgerð verði staðfestar. Þá krefst hann þess, að áfrýjendur greiði sér óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti.

I.

Mál þetta er höfðað af stefnda fyrir bæjarþingi Reykjavíkur sem áskorunarmál á hendur Jóni Steindórssyni hans vegna og fyrir hönd Skipagötu 13 hf., Garðari Ólasyni, Gylfa Gunnarssyni og Sveini Jónssyni með stefnu, birtri 28. október 1988 og 1. nóvember 1988, og þess krafist, „að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda kr. 275.511,10 ásamt 56,4% ársv. frá 22/8'88 til 1/9'88,

en með 49,2% ársv. f.þ.d. til 1/10'88, en með 33,6% f.þ.d. til þingfestingardags, en með drv. skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags".

Í stefnu segir: „Skuld þessi er skv. skuldabréfi, merktu C-FRUMRITI, út gefnu í Reykjavík 23/5'88 af Kaupskipum hf., Strandgötu 53, Akureyri, til Skipagötu 13 hf., Akureyri, að nafnverði kr. 250.000,00, til greiðslu með 7 afborgunum á næstu 2 árum á 3ja mánaða fresti, fyrst 1. des. 1988. Lán skv. bréfinu er bundið lánskjaravísitölu, grunnvst. 2051 stigi, og berandi 9,5% ársvexti frá útgáfudegi. Á bréfið rita sem sjálfskuldarábyrgðaraðilar stefndu, Garðar Ólason, Gylfi Gunnarsson, Jón Steindórsson og Sveinn Jónsson. Fljótlega eftir útgáfu bréfsins var það framselt af Skipagötu hf. til Rafboða hf., stefnanda í þessu máli. Þann 22. ágúst 1988 var bú Kaupskipa hf. tekið til gjaldþrotaskipta hjá skiptaráðandanum á Akureyri, sbr. auglýsingu í Lögbirtingablaðinu, tölublaði nr. 105, föstudaginn 2. sept. 1988. Í skuldabréfinu er svohljóðandi ákvæði: „Standi skuldari ekki í skilum með greiðslur afborgana og vaxta ofangreindrar skuldar eða verði bú hans eða ábyrgðarmanns tekið til gjaldþrotaskipta, þá er skuldareiganda heimilt að telja allar eftirstöðvar, er þá kunna að vera ógreiddar af höfuðstól skuldarinnar, fallnar í gjalddaga fyrirvaralaust og án uppsagnar." Skv. þessu ákvæði skuldabréfsins er skuldin skv. bréfinu fallin í gjalddaga frá og með 22. ágúst 1988, og er stefnufjárhæð þannig til fundin, en vísitala ágústmánaðar er 2217 stig, ársvextir frá 23/5'88 til 22/8'88, í 74 daga, eru 9,5%: 250.000,00 x 2217/2051 = 270.234,03 x 9,5/100 x 74/360 = 275.511,10 sem eru stefnufjárhæð. Stefndu stefnist sem sjálfskuldarábyrgðaraðilum, Jóni Steindórssyni stefnist einnig f.h. Skipagötu 13 hf. sem framkvæmdastjóra félagsins. Skv. ákvæðum í skuldabréfinu má reka það fyrir bæjarþingi Reykjavíkur skv. XVII. kafla eml. Málið er rekið sem áskorunarmál skv. 1. 97/1978. Kaupskipum hf. stefnist ekki, þar sem bú félagsins hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta."

Málið var þingfest á bæjarþinginu 8. desember 1988. Þing var ekki sótt af hálfu áfrýjenda, og var málið þá tekið til áritunar að kröfu stefnda. Þann 30. desember 1988 var af Arnfríði Einarsdóttur, fulltrúa yfirborgardómara, rituð á stefnuna svofelld áritun: „Stefnukröfur máls þessa og kr. 40.466,- í málskostnað

þ.m.t. söluskattur, eru aðfararhæfar frá dagsetningu áritunar þessarar."

Fram hefur komið í málinu, að bú Jóns Steindórssonar og Skipagötu 13 hf. hafa verið tekin til gjaldþrotaskipta, og hafa búin ekki áfrýjað málinu.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð fór fram í fógetarétti Eyjafjarðarsýslu 25. maí 1989 í bifreið áfrýjandans, Sveins Jónssonar, A - 1690. Kröfulýsingarfresti í þrotabú Kaupskipa hf. lauk 2. nóvember 1988.

II.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný skjöl. Meðal þeirra er afrit af kröfuskrá í þrotabúi Kaupskipa hf. og vottorð skiptaráðandans á Akureyri um, að stefndi hafi ekki lýst kröfu vegna skuldabréfs þess, er mál þetta byggist á, í þrotabú Kaupskipa hf. Einnig hefur lögmaður stefnda lagt fram tvö bréf skiptaráðandans í Eyjafjarðarsýslu til sín, dagsett 8. janúar 1990 og 19. mars 1992. Í hinu fyrra kemur fram, að forgangskröfur í bú Kaupskipa hf. námu u.þ.b. 15,8 milljónum króna, en eignir innan við 1 milljón króna. Í síðara bréfinu segir, að skiptum hafi verið lokið á skiptafundi 5. desember 1990, með vísan til 120. gr. laga nr. 6/1978, þar sem fram hafi komið, að eignir búsins hrukku aðeins til greiðslu kostnaðar við skiptin.

III.

Áfrýjendur byggja kröfur sínar í málinu á því, að þar sem stefndi hafi ekki lýst kröfu vegna umræddS skuldabréfs í þrotabú Kaupskipa hf., hafi fallið niður kröfur á hendur þeim sem sjálfskuldarábyrgðarmönnum. Sjálfskuldarábyrgð þeirra hafi ekki verið með þeim hætti, að hún geti staðið sjálfstætt, eftir að krafa á hendur aðalskuldara féll niður samkvæmt framansögðu.

Af hálfu stefnda er því mótmælt, að nýjar kröfur eða málsástæður áfrýjenda fái að komast að í málinu, enda sé ekki sýnt fram á, að skilyrði 45. gr. laga nr. 75/1973 séu uppfyllt. Þvert á móti sýni ný skjöl, sem lögð hafi verið fyrir Hæstarétt, að það valdi áfrýjendum engum réttarspjöllum, þótt nýjum kröfum og málsástæðum yrði ekki hleypt að. Í héraðsstefnu hafi grundvöllur mál-

sóknar og sjálfskuldarábyrgð áfrýjenda verið rækilega útlistuð. Jafnframt hafi verið tekið skýrt fram, að Kaupskip hf. væru undir gjaldþrotaskiptum, og vísað hafi verið til og lagt fram eintak Lögbirtingablaðsins, þar sem birt var auglýsing um gjaldþrotið og kröfulýsingarfrest. Hafi áfrýjendum öllum verið birt stefna, áður en kröfulýsingarfrestur rann út. Þeir hafi þó látið undir höfuð leggjast að gæta réttar síns, og virðist rangt að heimila þeim það nú á áfrýjunarstigi. Fái nýjar kröfur og málsástæður áfrýjenda hins vegar að komast að fyrir Hæstarétti, er þeirri staðhæfingu áfrýjenda mótmælt, að kröfuréttur stefnda gagnvart þeim hafi fallið niður við það, að kröfu var ekki lýst í þrotabú Kaupskipa hf. Komi það fram í framlögðum gögnum, að ekkert tjón hafi hlotist af vanlýsingunni fyrir áfrýjendur.

IV.

Áfrýjendum var löglega stefnt í héraði, en ekki var sótt þing af þeirra hálfu. Er ekki upplýst, að forföll eða önnur afsakanleg atvik hafi hindrað þingsókn þeirra. Skilyrðum 45. gr. laga nr. 75/1973 er ekki fullnægt, til að málsástæður þeirra komi til álita fyrir Hæstarétti, enda verður ekki talið, að það valdi réttarspjöllum, að þær komist ekki að. Engar varnir hafa verið færðar fram af hálfu áfrýjenda gegn hinni áfrýjuðu fjárnámsgerð. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hina áfrýjuðu áritun og fjárnámsgerð.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjendur til að greiða stefnda 60.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, en þá hefur ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða áritun og fjárnámsgerð eru staðfestar.

Áfrýjendur, Garðar Ólason, Gylfi Gunnarsson og Sveinn Jónsson, greiði in solidum stefnda, Rafboða hf., 60.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Mánudaginn 6. apríl 1992.

Nr. 223/1989. **Garðar Ólason,**
Gylfi Gunnarsson og
Sveinn Jónsson
(Jón Kr. Sólnes hrl.)
gegn
Rafboða hf.
(Björn Ólafur Hallgrímsson hrl.).

Áskorunarmál. Sjálfsábyrgð. Vanlýsing. Útivist í héraði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. júní 1989 að fengnu áfrýjunarleyfi 29. maí 1989 samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Áfrýjað er áritun á áskorunarstefnu, sem gerð var í bæjarþingi Reykjavíkur 8. nóvember 1988. Þá hefur Sveinn Jónsson skotið til Hæstaréttar með stefnu 9. júní 1989 fjárnámsgerð, sem fram fór í fógetarétti Eyjafjarðarsýslu 25. maí 1989. Fyrir Hæstarétti hafa mál þessi verið sameinuð.

Áfrýjendur krefjast sýknu af kröfum stefnda samkvæmt hinni áfrýjuðu árituðu áskorunarstefnu og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir Hæstarétti. Sveinn Jónsson gerir einnig þá kröfu, að eftirfarandi fjárnám verði fellt úr gildi.

Stefndi krefst þess, að hin áfrýjaða áritun og fjárnámsgerð verði staðfestar. Þá krefst hann þess, að áfrýjendur greiði sér óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti.

I.

Mál þetta er höfðað af stefnda fyrir bæjarþingi Reykjavíkur sem áskorunarmál á hendur Jóni Steindórssyni hans vegna og fyrir hönd Skipagötu 13 hf., Garðari Ólasyni, Gylfa Gunnarssyni og Sveini Jónssyni með stefnu, birtri 11. og 13. september og 3. október 1988, og þess krafist, „að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda kr. 275.511,10 ásamt 56,4% ársv. frá 22/8'88 til 1/9'88,

en með 49,2% ársv. f.þ.d. til þingfestingardags, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ".

Í stefnu segir: „Skuld þessi er skv. skuldabréfi, merktu D-FRUMRITI, út gefnu í Reykjavík 23/5'88 af Kaupskipum hf., Strandgötu 53, Akureyri, til Skipagötu 13 hf., Akureyri, að nafnverði kr. 250.000,00, til greiðslu með 7 afborgunum á næstu 2 árum á 3ja mánaða fresti, fyrst 1. des. 1988. Lánið skv. bréfinu er bundið lánskjaravísitölu, grunnvst. 2051 stigum og berandi 9,5% ársvexti frá útgáfudegi. Á bréfið rita sem sjálfskuldarábyrgðaraðilar stefndu, Garðar Ólason, Gylfi Gunnarsson, Jón Steindórsson og Sveinn Jónsson. Fljótlega eftir útgáfu bréfsins var það framselt af Skipagötu hf. til Rafboða hf., stefnanda í þessu máli. Þann 22. ágúst 1988 var bú Kaupskipa hf. tekið til gjaldþrotaskipta hjá skiptaráðandanum á Akureyri, sbr. auglýsingu í Lögbirtingablaðinu, tölublaði nr. 105, föstudaginn 2. sept. 1983. Í skuldabréfinu er svohljóðandi ákvæði: „Standi skuldari ekki í skilum með greiðslur afborgana og vaxta ofangreindrar skuldar eða verði bú hans eða ábyrgðarmanns tekið til gjaldþrotaskipta, þá er skuldareiganda heimilt að telja allar eftirstöðvar, er þá kunna að vera ógreiddar af höfuðstól skuldarinnar, fallnar í gjalddaga fyrirvaralaust og án uppsagnar." Skv. þessu ákvæði skuldabréfsins er skuldin skv. bréfinu fallin í gjalddaga frá og með 22. ágúst 1988, og er stefnufjárhæð þannig til fundin, en vísitala ágústmánaðar er 2217 stig, ársvextir frá 23/5'88 til 22/8'88, í 74 daga, eru 9,5%: 250.000,00 x 2217/2051 = 270.234,03 x 9,5/100 x 74/360 = 275.511,10, sem er stefnufjárhæð. Stefndu stefnist sem sjálfskuldarábyrgðaraðilum, Jóni Steindórssyni stefnist einnig f.h. Skipagötu 13 hf. sem framkvæmdastjóra félagsins. Skv. ákvæðum í skuldabréfinu má reka það fyrir bæjarþingi Reykjavíkur skv. XVII. kafla eml. Málið er rekið sem áskorunarmál skv. l. 97/1978. Kaupskipum hf. stefnist ekki, þar sem bú félagsins hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta."

Málið var þingfest á bæjarþinginu 20. október 1988. Þing var ekki sótt af hálfu áfrýjenda, og var málið þá tekið til áritunar að kröfu stefnda. Þann 8. nóvember 1988 var af Georg Lárussyni, fulltrúa yfirborgardómara, rituð á stefnuna svofelld áritun: „Stefnukröfur máls þessa og kr. 72.600.- í málskostnað, þ.m.t.

söluskattur, eru aðfararhæfar frá dagsetningu áritunar þessarar.“

Fram hefur komið í málinu, að bú Jóns Steindórssonar og Skipagötu 13 hf. hafa verið tekin til gjaldþrotaskipta, og hafa búin ekki áfrýjað málinu.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð fór fram í fógetarétti Eyjafjarðarsýslu 25. maí 1989 í bifreið áfrýjandans Sveins Jónssonar, A - 1690.

Kröfulýsingarfresti í bú Kaupskipa hf. lauk 2. nóvember 1988.

II.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný skjöl. Meðal þeirra er afrit af kröfuskrá í þrotabúi Kaupskipa hf. og vottorð skiptaráðandans á Akureyri um, að stefndi hafi ekki lýst kröfu vegna skuldabréfs þess, er mál þetta byggist á, í þrotabú Kaupskipa hf. Einnig hefur lögmaður stefnda lagt fram tvö bréf skiptaráðandans í Eyjafjarðarsýslu til sín, dagsett 8. janúar 1990 og 19. mars 1992. Í hinu fyrra kemur fram, að forgangskröfur í bú Kaupskipa hf. námu u.þ.b. 15,8 milljónum króna, en eignir innan við 1 milljón króna. Í síðara bréfinu segir, að skiptum hafi verið lokið á skiptafundi 5. desember 1990, með vísan til 120. gr. laga nr. 6/1978, þar sem fram hafi komið, að eignir búsins hrukku aðeins til greiðslu kostnaðar við skiptin.

III.

Áfrýjendur byggja kröfur sínar í málinu á því, að þar sem stefndi hafi ekki lýst kröfu vegna umrædds skuldabréfs í þrotabú Kaupskipa hf., hafi fallið niður kröfur á hendur þeim sem sjálfskuldarábyrgðarmönnum. Sjálfskuldarábyrgð þeirra hafi ekki verið með þeim hætti, að hún geti staðið sjálfstætt, eftir að krafa á hendur aðalskuldara féll niður samkvæmt framansögðu.

Af hálfu stefnda er því mótmælt, að nýjar kröfur eða málsástæður áfrýjenda fái að komast að í málinu, enda sé ekki sýnt fram á, að skilyrði 45. gr. laga nr. 75/1973 séu uppfyllt. Þvert á móti sýni ný skjöl, sem lögð hafi verið fyrir Hæstarétt, að það valdi áfrýjendum engum réttarspjöllum, þótt nýjum kröfum og málsástæðum yrði ekki hleypt að. Í héraðsstefnu hafi grundvöllur málsóknar og sjálfskuldarábyrgð áfrýjenda verið rækilega útlistuð.

Jafnframt hafi verið tekið skýrt fram, að Kaupskip hf. væru undir gjaldþrotaskiptum, og vísað hafi verið til og lagt fram eintak Lögbirtingablaðsins, þar sem birt var auglýsing um gjaldþrotið og kröfulýsingarfrest. Hafi áfrýjendum öllum verið birt stefna, áður en kröfulýsingarfrestur rann út. Þeir hafi þó látið undir höfuð leggjast að gæta réttar síns, og virðist rangt að heimila þeim það nú á áfrýjunarstigi. Fái nýjar kröfur og málsástæður áfrýjenda hins vegar komist að fyrir Hæstarétti, er þeirri staðhæfingu áfrýjenda mótmælt, að kröfuréttur stefnda gagnvart þeim hafi fallið niður við það, að kröfu var ekki lýst í þrotabú Kaupskipa hf. Komi það fram í framlögðum gögnum, að ekkert tjón hafi hlotist af vanlýsingunni fyrir áfrýjendur.

IV.

Áfrýjendum var löglega stefnt í héraði, en ekki var sótt þing af þeirra hálfu. Er ekki upplýst, að forföll eða önnur afsakanleg atvik hafi hindrað þingsókn þeirra. Skilyrðum 45. gr. laga nr. 75/1973 er ekki fullnægt, til að málsástæður þeirra komi til álita fyrir Hæstarétti, enda verður ekki talið, að það valdi þeim réttarspjöllum, að þær komist ekki að. Engar varnir hafa verið færðar fram af hálfu áfrýjenda gegn hinni áfrýjuðu fjárnámsgerð. Samkvæmt því ber að staðfesta hina áfrýjuðu áritun og fjárnámsgerð.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjendur til að greiða stefnda 60.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, en þá hefur ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða áritun og fjárnámsgerð eru staðfestar.

Áfrýjendur, Garðar Ólason, Gylfi Gunnarsson og Sveinn Jónsson, greiði in solidum stefnda, Rafboða hf., 60.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Þriðjudaginn 7. apríl 1992.

Nr. 168/1989. **Pétur Þór Sigurðsson**
vegna þrotabús Hótel Arkar hf.
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)
gegn
Framkvæmdasjóði Íslands,
Sigurði Hall og
Svölu Ólafsdóttur
og þrotabúi Helga Þórs Jónssonar
(Hróbjartur Jónatansson hrl.).

Útburðargerð. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. maí 1989. Hann krefst þess, að „hin áfrýjaða fógetagerð verði ómerkt" og stefndu gert að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti og áfrýjanda gert að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast þeir þess, að „hin áfrýjaða fógetagerð verði staðfest" og áfrýjanda gert að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

I.

Mál þetta var áður til meðferðar 8. maí 1990. Þá var lagt fram bréf sýslumannsins í Árnessýslu, þar sem gerð var grein fyrir því, að fyrirtækið Hótel Örk hf. hefði verið tekið til gjaldþrotaskipta 15. febrúar 1990, og þess óskað, að málið yrði fellt niður án kostnaðar fyrir þrotabúið. Jafnframt var lagt fram bréf Péturs Þórs Sigurðssonar héraðsdómslögmanns, þar sem hann lýsti 50.000 króna kröfu fyrir lögfræðistörf í þrotabú Hótel Arkar hf. auk söluskatts og vaxta. Þá lýsti hann þeirri ætlan sinni að halda máli þessu áfram á eigin ábyrgð, ákvæði skiptafundur ekki að gera það. Loks krafðist hann þess, að búið frestaði málinu til að gera sér þetta

kleift. Málinu var síðan frestað ótiltekið að ósk áfrýjanda með vísun til 113. og 114. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 og með samþykki stefndu.

Með bréfi skiptaráðanda Árnessýslu 10. september 1991 var Pétri Þór Sigurðssyni heimilað að sjá um rekstur málsins fyrir hönd þrotabúsins. Fram kom fyrir Hæstarétti, að það gerir hann á eigin ábyrgð, sbr. 114. gr. laga 6/1978.

II.

Tildrög máls þessa eru þau, að Helgi Þór Jónsson seldi áfrýjanda, Hótel Örk hf., á leigu fasteignina að Breiðumörk 1 C í Hveragerði, en félagið var í eigu Helga Þórs og fjölskyldu hans. Hófst leigutíminn 2. febrúar 1988 og skyldi renna út 1. ágúst það ár. Leigugreiðslan átti að nema 10% af hreinum rekstrarhagnaði hvers mánaðar og greiðast, þegar endanlega lægi fyrir, hver rekstrarhagnaðurinn hefði verið. Með samningi 25. júlí þetta sama ár var samningurinn framlengdur til 31. desember 1990. Jafnframt var sú breyting á gerð, að hvers konar framleiga hins leigða var heimiluð. Með samningum 29. september og 17. desember 1988 framleigði Hótel Örk hf. stefndu Svölu Ólafsdóttur og Sigurði Hall hluta af eign þessari og 12. febrúar 1989 alla eignina og allan þann búnað og tækjakost, sem þar var. Átti leigutími þeirra að renna út 11. maí 1989. Pétur Þór Sigurðsson héraðsdómslögmaður samdi alla þessa samninga.

Eign þessi var seld nauðungarsölu á uppboðsþingi 6. október 1988, og 19. sama mánaðar samþykkti uppboðshaldarinn í Árnessýslu boð stefnda Framkvæmdasjóðs Íslands, að fjárhæð 200.000.000 króna. Stóð Framkvæmdasjóður skil á öllum greiðslum samkvæmt uppboðsskilmálum. Daginn fyrir uppboðsþingið 6. október hafði leigusamningum milli framangreindra aðila verið þinglýst, það er þeim samningum, sem þá voru í gildi. Var þeim öllum mótmælt á uppboðsþinginu.

Með bréfi 26. janúar 1989 var fyrir hönd stefndu Framkvæmdasjóðs Íslands og þrotabús Helga Þórs Jónssonar skorað á Hótel Örk hf. að greiða húsaleigu og vitnað til 20. gr. laga nr. 44/1979 um húsaleigusamninga. Þessu bréfi svarar Pétur Þór Sigurðsson fyrir hönd Hótel Arkar hf. 8. febrúar 1989 og vefengir áskorunina, þar sem aðild stefndu að áskoruninni og /eða heimild sem leigusala sé

óljós. Þá er því haldið fram, að gjalddagi umsamins leigugjalds sé enn ekki kominn.

Af hálfu Framkvæmdasjóðs Íslands var sýslumaður Árnessýslu beðinn um aðstoð til að rýma eignina Breiðumörk 1 C í Hveragerði 16. febrúar 1989, og skyldi gerðinni beint að „núverandi umráðamönnum fasteignarinnar", svo sem sagði í beiðninni, eða stefndu Svölu Ólafsdóttur og Sigurði Hall. Fullyrt var, að þau hefðu öll formleg umráð eignarinnar samkvæmt samningi 12. febrúar 1989 við Hótel Örk hf. um leigu á fasteigninni. Þann sama dag var fógetaréttur Árnessýslu settur á eigninni. Var þar mætt fyrir hönd allra stefndu. Staðfest var af hálfu skiptaráðanda í þrotabúi Helga Þórs Jónssonar, að búið væri samþykkt framkominni kröfu. Nefndir gerðarþolar lýstu jafnframt yfir, að þeir samþykktu kröfu um útburð og að víkja af fasteigninni. Síðan var bókað:

„Fógeti lýsti því yfir að með samþykki gerðarþola væru gerðarbeiðanda fengin umráð fasteignarinnar nr. 1c við Breiðumörk í Hveragerði.

Með framangreindum hætti er gerð þessari lokið.

Gerðin er á ábyrgð gerðarbeiðanda."

Framkvæmdasjóður Íslands seldi Hafnarbíói hf. fasteignina nr. 1 C við Breiðumörk í Hveragerði í maí 1990, og tóku hinir nýju eigendur við eigninni í júní það ár.

III.

Áfrýjandi byggir ómerkingarkröfu sína á því, að fógeta hafi borið að gefa sér sem leigutaka kost á að gæta réttar síns við hina beinu fógetagerð. Hann hafi sem leigutaki samkvæmt þinglesnum leigusamningi haft augljósa hagsmuni af því, hvort umráð húsnæðisins væru tekin af framleigutaka og fengin öðrum. Nánar inntur eftir því, hvaða lögvarða hagsmuni áfrýjandi hefði af hæstaréttardómi í máli þessu, kvað lögmaður hans þá fólgna í hugsanlegri bótakröfu á hendur stefnda Framkvæmdasjóði.

Af hálfu Framkvæmdasjóðs er á því byggt, að stefndu Svala Ólafsdóttir og Sigurður Hall hafi haft allar vörslur eignarinnar, þegar beðið var um útburð þeirra vegna vanefnda á leigugreiðslum. Því hafi útburðinum verið réttilega beint að þeim. Að útburðargerðinni geti áfrýjandi ekki átt aðild. Stefndu Svala og Sigurður hafi

vikið af eigninni af frjálsum vilja, og þannig hefði tekist sátt um útburðargerðina og fógeti ekki tekið sjálfstæða ákvörðun um málið. Sáttinni sé óheimilt að skjóta til Hæstaréttar. Þá hafi þrotabú Hótel Arkar hf. enga hagsmuni af málskotinu, enda standi Pétur Þór að því í raun. Gera verði grein fyrir því, til hvers ómerking myndi leiða, því að ekki gætu stefndu Svala og Sigurður afhent þrotabúinu húseignina. Loks er því haldið fram, að hér sé ekki verið að gera kröfu til efnisréttar, heldur verið að biðja um lögfræðilegt álit Hæstaréttar, sem sé óheimilt, sbr. 67. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Af hálfu stefndu Svölu og Sigurðar er á því byggt, að þau hafi samkvæmt leigusamningnum átt rétt á að segja honum upp með tveggja vikna fyrirvara, teldu þau forsendur hans brostnar. Forsendur hans hafi brostið með því, að meðstefndi, Framkvæmdasjóður, krafðist útburðar þeirra vegna vanefnda áfrýjanda á greiðslu leigu.

Af hálfu þrotabús Helga Þórs Jónssonar er á því byggt, að meðstefndu, Sigurður og Svala, hafi samþykkt að víkja af eigninni án mótmæla, og þar sem útburðargerðin beindist að þeim, hefði áfrýjandi ekki getað áfrýjað gerðinni, heldur hefði hann átt að leita annarra leiða til að fá umráð húsnæðisins í sínar hendur.

IV.

Fram er komið, að útburðargerð fór aldrei fram, heldur viku umráðendur, stefndu Svala Ólafsdóttir og Sigurður Hall, af eigninni, án þess að til hennar kæmi, og fékk stefndi Framkvæmdasjóður Íslands umráð eignarinnar. Úrskurður var ekki heldur kveðinn upp um, hvort gerðin væri heimiluð.

Eins og mál þetta liggur hér fyrir, hefur áfrýjandi ekki sýnt fram á, að hann hafi lögmæta hagsmuni af því, að kveðið verði á um réttmæti hinnar fyrirhuguðu útburðargerðar. Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti.

Samkvæmt 2. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði er rétt, að áfrýjandi greiði stefndu málskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Pétur Þór Sigurðssson héraðsdómslögmaður vegna þrotabús Hótel Arkar hf., greiði stefndu, Framkvæmdasjóði Íslands, Svölu Ólafsdóttur og Sigurði Hall og þrotabúi Helga Þórs Jónssonar, sameiginlega 100.000 krónur í málskostnað.

Þriðjudaginn 7. apríl 1992.

Nr. 455/1989. **Bæring Ólafsson og Útgáfufélagið Bros**
(Gísli Baldur Garðarsson hrl.)
gegn
Ólafi Þorsteinssyni & Co. hf.
(Hákon Árnason hrl.).

Skuldamál. Víxill. Umboð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. nóvember 1989. Þeir krefjast sýknu af kröfum stefnda í málinu og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjenda fyrir Hæstarétti.

Víxill sá, sem krafist er greiðslu á í málinu, á rætur að rekja til skuldar samkvæmt reikningi frá Borgarprenti, sem dagsettur er 16. júlí 1987. Skuldari samkvæmt þeim reikningi, sem er vegna Vísnabókar, var Útgáfufélagið Bros. Er víxillinn framlenging á eldri víxli, sem var greiðsla á hluta af skuldinni samkvæmt reikningnum.

Eigi kemur fram í málinu, hvernig háttað var ritun samþykkis á hinn upphaflega víxil. Haraldur Kristjánsson og Bæring Ólafsson áttu samstarf um bókaútgáfu á þeim tíma, er hér skiptir máli. Prentun vegna hennar annaðist Borgarprent. Haraldur var hluthafi í Útgáfufélaginu Brosi hf. og framkvæmdastjóri þess. Hann virðist hafa komið mikið fram út á við vegna bókaútgáfunnar.

Eins og atvikum var háttað, verður fallist á það með stefnda, að hann hafi mátt ætla, að Haraldur Kristjánsson hefði umboð Bærings Ólafssonar til að samþykkja umræddan víxil vegna Útgáfufélagsins Bross. Samkvæmt því og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir. Við ákvörðun hans er ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Mál þetta var höfðað sem áskorunarmál samkvæmt XX. kafla laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Í áskorunarstefnu er þess ekki getið, að málið sé höfðað sem víxilmál samkvæmt XVII. kafla laganna. Það athugast, að greinargerð kom ekki fram í málinu af hálfu stefnanda í héraði, svo sem skylt var, eftir að stefndi hafði lagt fram greinargerð af sinni hálfu, sbr. 2. mgr. 230. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 26. gr. laga nr. 54/1988.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Bæring Ólafsson og Útgáfufélagið Bros, greiði stefnda, Ólafi Þorsteinssyni & Co. hf., 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. október 1989.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 20. f.m., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 30. september 1988.

Stefnandi er Ólafur Þorsteinsson & Co. hf., kt. 500269-3089, Vatnagörðum 4, Reykjavík.

Stefndi er Bæring Ólafsson, kt. 221155-4839, Arnartanga 16, Mosfellsbæ, persónulega og vegna einkafirma síns, Útgáfufélagsins Bross, kt. 620687-1119, Óðinsgötu 7, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða víxilskuld, að fjárhæð 179.687,50 kr., auk [nánar tilgreindra vaxta og málskostnaðar].

Dómkröfur stefnda eru, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og sér dæmdur málskostnaður skv. gjaldskrá LMFÍ.

I.

Stefnandi kveður skuld þessa vera skv. víxli, að fjárhæð 179.687,50 kr., út gefnum í Reykjavík 3. nóvember 1987 af S. Magnúsd. f.h. stefnanda, án afsagnar og framseldum af útgefanda. Víxillinn hafi verið samþykktur til greiðslu í Búnaðarbanka Íslands, Reykjavík, 5. janúar 1988 af ólæsilegu nafni fyrir hönd Útgáfufélagsins Bross. Víxillinn hafi ekki verið greiddur á gjalddaga, og hafi stefnandi þurft að leysa hann til sín, svo sem áritun á víxilinn beri með sér. Stefnandi kveður málið höfðað skv. 20. kafla laga nr. 85/1936. Undir rekstri málsins hafi stefndi upplýst, að Haraldur

Kristjánsson hafi ritað: Samþykki víxilinn fyrir hönd Útgáfufélagsins Bross, en haldið því jafnframt fram, að víxillinn hafi verið samþykktur fyrir hönd hlutafélags með sama nafni, en láðst hafi að setja stafina „hf." aftan við nafnið. Stefndi haldi því og fram, að Haraldur þessi hafi enga heimild haft til þess að skuldbinda einkafirma Bærings Ólafssonar, sem heitið hafi Útgáfufélagið Bros. Þessu sé andmælt af hálfu stefnanda, enda beri víxillinn ekkert slíkt með sér, og ekki hafi verið um það talað, þegar víxillinn hafi verið samþykktur. Stefndi hafi rekið einkafirma, sem skráð hafi verið á þessum tíma eins og stimpillinn á víxlinum segi til um, og hafi stefnandi verið í góðri trú um, að þarna væri um hið skráða einkafirma stefnda að ræða.

II.

Stefndi styður sýknukröfu sína með því, að Haraldur Kristjánsson, framkvæmdastjóri Útgáfufélagsins Bross hf., hafi samþykkt víxilinn í nóvember 1987. Starfsemi útgáfufélagsins hafi verið rekin sem einkafirma stefnda, Bærings, þar til 13. júlí 1987, en þá hafi því verið breytt í hlutafélag. Haraldur hafi enga heimild haft til þess að skuldbinda einkafirma Bærings Ólafssonar, enda hafi skuldbindingin verið gerð fyrir hlutafélagið, þótt láðst hafi að setja stafina „hf." fyrir aftan nafnið á víxlinum.

Stefndi vísar í framburð vitnisins Haralds Kristjánssonar hér fyrir dómi, sem hafi borið að hafa starfað fyrir hlutafélagið Útgáfufélagið Bros. Stefndi upplýsir, að hlutafélag þetta hafi verið stofnað til þess að standa fyrir skuldbindingum vegna útgáfunnar.

III.

Upplýst er í máli þessu, að stefndi, Bæring Ólafsson, hafi rekið einkafirma, sem skráð hafi verið í firmaskrá undir nafninu Útgáfufélagið Bros. Firma þetta var skráð í firmaskrá á þeim tíma, sem víxillinn í máli þessu var út gefinn. Víxillinn ber ekki annað með sér en greiðandi hans sé þetta einkafirma stefnda, og stimpill stefnda, sem tilgreinir Útgáfufélagið Bros ásamt heimilisfangi og síma, hefur verið notaður af þeim, sem ritaði samþykki fyrir hönd greiðanda. Gegn andmælum stefnanda hefur stefndi ekki leitt í ljós, að talað hafi verið um það við útgáfu og samþykki víxilsins, að greiðandi væri hlutafélag með sama nafni og skráð er í meginmáli víxilsins. Greiðandi víxilsins er því einkafirma stefnda, og ber víxillinn með sér, að hann hafi verið samþykktur fyrir hönd greiðanda.

Stefndi heldur því fram, að Haraldur Kristjánsson, sem samþykkt hefur víxilinn fyrir hönd einkafirma stefnda, hafi ekki haft til þess heimild. Stefndi bendir í því sambandi á, að Haraldur hafi átt með áritun sinni að skuldbinda hlutafélagið með sama nafni.

Upplýst er, að stefndi og Haraldur Kristjánsson hafi unnið saman að útgáfu bóka á útgáfutíma víxilsins, sem er löngu eftir stofnun umræddsa hlutafélags. Með vísan til þessa og til þess, að engin tilraun virðist hafa verið gerð til að tilkynna útgefanda víxilsins, að sá, sem samþykkti hann, hafi ekki haft til þess heimild, verður ekki talið í ljós leitt af stefnda hálfu, að Haraldur Kristjánsson hafi ekki haft umboð til þess að samþykkja víxilinn fyrir hönd einkafirma stefnda, Útgáfufélagsins Bross. Verður samþykkjandi því talinn hafa skuldbundið einkafirmað með áritun sinni, og verða kröfur stefnanda því teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst 60.000 kr.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Bæring Ólafsson, greiði vegna einkafirma síns, Útgáfufélagsins Bross, stefnanda, Ólafi Þorsteinssyni & Co. hf., 179.687,50 kr. auk eftirfarandi ársvaxta:

51,60% frá 5.1.1988 til 1.3.1988, 45,60% frá 1.3.1988 til 1.5.1988, 44,40% frá 1.5.1988 til 1.7.1988, 52,80% frá 1.7.1988 til 1.8.1988, 56,40% frá 1.8.1988 til 1.9.1988, 49,20% frá 1.9.1988 til 27. október 1988, en með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, er reiknist í samræmi við 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, 450 kr. í stimpilkostnað, 125 kr. í bankakostnað og 60.000 kr. í málskostnað, er beri vexti skv. III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags og leggist við tildæmdan málskostnað á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn tólf mánuðum eftir upphafsdag vaxta, allt að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 7. apríl 1992.

Nr. 456/1989. **Bæring Ólafsson og Útgáfufélagið Bros** (Gísli Baldur Garðarsson hrl.) gegn **Ólafi Þorsteinssyni & Co. hf.** (Hákon Árnason hrl.).

Skuldamál. Aðild.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. nóvember 1989. Krefjast þeir sýknu af kröfum stefnda í málinu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjenda fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjendur greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir. Við ákvörðun málskostnaðar er ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Mál þetta var höfðað sem áskorunarmál samkvæmt XX. kafla laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Í áskorunarstefnu er þess ekki getið, að málið sé höfðað sem víxilmál samkvæmt XVII. kafla laganna. Það athugast, að greinargerð kom ekki fram í málinu af hálfu stefnanda í héraði, svo sem skylt var, eftir að stefndi hafði lagt fram greinargerð af sinni hálfu, sbr. 2. mgr. 230. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 26. gr. laga nr. 54/1988.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Bæring Ólafsson og Útgáfufélagið Bros, greiði stefnda, Ólafi Þorsteinssyni & Co. hf., 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. október 1989.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 20. f.m., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 30. september 1988.

Stefnandi er Ólafur Þorsteinsson & Co. hf., kt. 500269-3089, Vatnagörðum 4, Reykjavík.

Stefndi er Bæring Ólafsson, kt. 221155-4839, Arnartanga 16, Mosfellsbæ, persónulega og f. h. einkafirma síns, Útgáfufélagsins Bross, kt. 620687-1119, Óðinsgötu 7, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða víxilskuld, að fjárhæð 214.880 kr., auk [nánar tilgreindra vaxta og málskostnaðar].

Dómkröfur stefnda eru, að hann verði sýknaður af öllum dómkröfum stefnanda og sér dæmdur málskostnaður skv. gjaldskrá LMFÍ.

I.

Stefnandi kveður skuld þessa vera samkvæmt víxli, að fjárhæð 214.880 kr., út gefnum í Reykjavík 15. október 1987 af Óðni Geirssyni, pr. pr. Borgarprent, án afsagnar og framseldum af útgefanda. Víxillinn hafi verið samþykktur til greiðslu í Búnaðarbanka Íslands, Reykjavík, 15. desember 1987 af stefnda, Bæring Ólafssyni, vegna Útgáfufélagsins Bross. Víxillinn hafi verið ábektur af stefnanda, sem hafi þurft að leysa hann til sín, þegar hann hafi ekki verið greiddur á gjalddaga.

Stefnandi kveður málið höfðað skv. 20. kafla laga nr. 85/1936. Undir rekstri málsins hafi stefndi haldið því fram, að hann hafi samþykkt víxilinn á sínum tíma fyrir hönd hlutafélags, sem heitið hafi Útgáfufélagið Bros hf. Þessu sé andmælt af hálfu stefnanda, enda beri víxillinn ekkert slíkt með sér, og ekki hafi verið um það talað, þegar víxillinn var samþykktur. Stefndi hafi verið með einkafirma skráð á þessum tíma undir þessu nafni, sem hann hafi notað sem samþykkjandi á víxilinn, og hafi viðsemjendur hans því verið í góðri trú.

II.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að hann hafi sem stjórnarformaður f. h. Útgáfufélagsins Bross hf., kt. 481287-1629, samþykkt víxil þann, sem stefnt sé út af í máli þessu. Starfsemi útgáfufélagsins hafi verið rekin sem einkafirma stefnda til 13. júlí 1987, en þá hafi því verið breytt í hlutafélag. Skuldbinding þessi hafi verið gerð fyrir hlutafélagið, þótt láðst hafi að setja stafina „hf." aftan við nafnið. Þetta hafi stefnandi vitað eða mátt vita. Hér sé eingöngu um mistök að ræða, sem stafi af vankunnáttu stefnda, sem láðst hafi að gæta formreglna firma- og hlutafélagalaga.

Í málinu sé upplýst, að víxillinn hafi verið móttekinn sem greiðsla fyrir

prentun á söngbókinni Tökum lagið. Forsvarsmaður prentsmiðjunnar Borgarprents hafi hér fyrir dóminum upplýst, að vitað hafi verið, að það væri félag, sem stæði að útgáfunni, en ekki einstaklingar. Hlutafélagið hafi einmitt verið stofnað til þess að standa að skuldbindingum vegna þessarar útgáfu, og þess vegna hafi útgefandi víxilsins og ábekingur vitað eða mátt vita, að víxillinn hafi verið samþykktur til greiðslu af stefnda vegna hlutafélagsins.

III.

Upplýst er í máli þessu, að stefndi, Bæring Ólafsson, hafi rekið einkafirma, sem skráð hafi verið í firmaskrá undir nafninu Útgáfufélagið Bros. Firma þetta var skráð í firmaskrá á þeim tíma, sem víxillinn í máli þessu var út gefinn. Víxillinn ber ekki annað með sér en greiðandi hans sé einkafirma stefnda, og víxillinn var samþykktur af stefnda með stimpli hans sjálfs, sem segir Útgáfufélagið Bros ásamt heimilisfangi og síma. Upplýst er af forsvarsmanni útgefanda víxilsins, að ekki hafi verið um það rætt, að hlutafélag með sama nafni væri eða ætti að vera greiðandi víxilsins. Stefndi samþykkti því víxilinn fyrir einkafirma sitt og er því greiðandi víxilsins. Verða kröfur stefnanda því teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst 65.000 kr.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Bæring Ólafsson, greiði persónulega og vegna einkafirma síns, Útgáfufélagsins Bross, stefnanda, Ólafi Þorsteinssyni & Co. hf., 214.880 kr. auk eftirfarandi ársvaxta: 49,20% frá 15.12. 1987 til 1.1. 1988, 51,60% frá 1.1. 1988 til 1.3. 1988, 45,60% frá 1.3. 1988 til 1.5. 1988, 44,40% frá 1.5. 1988 til 1.7. 1988, 52,80% frá 1.7. 1988 til 1.8. 1988, 56,40% frá 1.8. 1988 til 1.9. 1988, 49,20% frá 1.9. 1988 til 27. október 1988, en með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, er reiknist í samræmi við 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, 538 kr. í stimpilgjald, 125 kr. í bankakostnað og 65.000 kr. í málskostnað, er beri vexti skv. III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags og leggist við tildæmdan málskostnað á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn tólf mánuðum eftir upphafsdag vaxta, allt að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 8. apríl 1992.

Nr. 159/1992. **Ákæruvaldið**
gegn
Eyvindi Ólafssyni.

Kærumál. Farbann.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 1. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar. Var kærunni lýst við uppkvaðningu úrskurðarins. Gögn kærumálsins bárust Hæstarétti 6. apríl sl.

Ríkissaksóknari hefur sent Hæstarétti greinargerð. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Af hálfu varnaraðila er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Jafnframt er krafist kærumálskostnaðar.

Með úrskurði sakadóms Reykjavíkur 12. desember 1991 var varnaraðila gert að sæta farbanni til 5. febrúar 1992, og með úrskurði sama dómstóls þann dag var farbannið framlengt til 3. apríl sl. Í þeim úrskurði er gerð svofelld grein fyrir ástæðum farbannsins:

„RLR vinnur nú að rannsókn á ætluðum stórfelldum skjalafals- og auðgunarbrotum kærða, en hann er m.a. sakaður um notkun margra skjala með fölsuðum nafnritunum á árunum 1990 og 1991. Kærði hefur við yfirheyrslur skilmerkilega gengist við brotum sínum. Rannsókn mála þessara er þó ekki lokið, en í þágu rannsóknarinnar er brýn þörf á nærveru kærða..."

Hilmar Ingimundarson hæstaréttarlögmaður, sem í kærumáli þessu gætir hagsmuna varnaraðila, hefur sent Hæstarétti greinargerð. Þar segir meðal annars:

„Farbanni í opinberum málum hefur fyrst og fremst verið beitt gagnvart mönnum búsettum erlendis, þegar þeir hafa sætt kæru eða ákæru hérlendis, en það er mjög fátítt, að ísl. ríkisborgarar, sem hér eiga fast heimili, séu settir í farbann. Til þess þurfa að liggja veigamikil rök, en ekki eingöngu þau, að nærvera kærða sé nauðsynleg. Í opinberum málum er nærvera kærðs eða ákærðs manns

í flestum tilvikum nauðsynleg. Þetta mál sker sig ekkert úr að þessu leytinu til.

Það má telja næsta víst, að meðferð málsins fyrir dómi, ef til kemur, verður ekki lokið fyrir 6. maí nk., því að enn hefur málið ekki verið sent ríkissaksóknara og þar af leiðandi hefur ákæra ekki verið gefin út...“

Er varnaraðila var í þinghaldi 3. apríl sl. kynnt krafa Rannsóknarlögreglu ríkisins um framlengingu farbanns, lýsti hann því yfir, að sér væri nauðsynlegt að komast úr landi vegna viðskipta á Spáni. Hvorki var gerð grein fyrir því, hver þessi viðskipti væru né hvers vegna utanför vegna þeirra væri brýn.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, og forsendna hins kærða úrskurðar þykir rétt að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 3. apríl 1992.

Ár 1992, föstudaginn 3. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Símoni Sigvaldasyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Eyvindi Ólafssyni, kt. 251252-4599, til lögheimilis að Ármúla 38, Reykjavík, verði gert að sæta áframhaldandi farbanni allt til miðvikudagsins 6. maí 1992 kl. 16.00.

Um málavexti vísast til úrskurða sakadóms Reykjavíkur 12. desember 1991 og 5. febrúar 1992. Rannsókn þessa máls er nú á lokastigi hjá RLR, og er þess að vænta, að rannsóknargögn málsins verði send ríkissaksóknara til ákvörðunar innan fárra daga. Kærði hefur viðurkennt hér á dómþingi, að sér sé nauðsyn á að komast úr landi vegna ætlaðra viðskipta sinna erlendis.

Með tilliti til hinna alvarlegu brota kærða og þess, er hér að framan er rakið, þykir rétt að verða við kröfu RLR um, að lagt verði á kærða farbann skv. 72. gr. laga nr. 74, 1974. Skal kærði samkvæmt því halda sig innan íslenskrar lögsögu, og er honum meinuð för frá Íslandi allt til miðvikudagsins 6. maí 1992 kl. 16.00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Eyvindur Ólafsson, skal halda sig innan íslenskrar lögsögu og er meinuð för frá Íslandi allt til miðvikudagsins 6. maí 1992 kl. 16.00.

Miðvikudaginn 8. apríl 1992.

Nr. 14/1992. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Birni Kjartanssyni
(Jón Oddsson hrl.).

Nytjastuldur. Bifreiðar. Umferðarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. janúar 1992 að ósk ákærða og einnig af hálfu ákæruvalds. Ákæruvaldið krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms að öðru leyti en því, að ákærði sæti sviptingu ökuréttinda eigi skemur en þrjú ár samkvæmt lokaákvæði 3. mgr. 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Þá verði ákærði dæmdur til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs.

Af hálfu ákærða er þess krafist aðallega, að hann verði alsýknaður af kröfum ákæruvaldsins, en til vara, að ákærða verði gerð vægasta refsing, er lög standa til.

Mæling fór ekki fram á vínandamagni í blóði ákærða, og er því ósannað, að um brot á ákvæðum 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga hafi verið að ræða. Er þá ekki grundvöllur að lögum að beita lokaákvæði 3. mgr. 102. gr. laganna í máli þessu.

Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Björn Kjartansson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur sakadóms Árnessýslu 28. ágúst 1991.

Ár 1991, miðvikudaginn 28. ágúst, er á dómþingi sakadóms Árnessýslu, sem háð er að Hörðuvöllum 1, Selfossi, af Þorgeiri Inga Njálssyni, settum héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 974/1990: Ákæruvaldið gegn Birni Kjartanssyni, sem dómtekið var 13. s. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, út gefnu 27. september 1990, á hendur ákærða, Birni Kjartanssyni, kennitala 170168-3489, Reykjamörk 2, Hveragerði, „fyrir að hafa aðfaranótt laugardagsins 19. maí 1990 heimildarlaust og undir áhrifum áfengis ekið bifreiðinni G-26141 frá húsi númer 3 við Grænumörk í Hveragerði um götur í bænum og óvarlega inn á bifreiðastæði við Hótel Örk með þeim afleiðingum, að bifreiðin lenti utan í bifreiðinni SP-654, sem þar var kyrrstæð og mannlaus, og fyrir að hverfa þaðan af vettvangi án þess að gera viðeigandi ráðstafanir vegna óhappsins.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 20, 1956, 1. mgr. 4. gr., 2. mgr. 10. gr. og 1. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. og 102. gr. nefndra umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

I.

Laugardaginn 19. maí 1990 um kl. 12.15 hringdi umráðamaður bifreiðarinnar SP-654, Ólafur Tryggvi Kjartansson, Spítalavegi 9, Akureyri, til lögreglunnar á Selfossi og tilkynnti, að þá um nóttina hefði verið ekið á bifreiðina, þar sem hún stóð við Hótel Örk í Hveragerði. Í frumskýrslu Reynis Þorkelssonar lögregluvarðstjóra, er fór á staðinn og kannaði vettvang, segir m.a.: „Sýnilegt var, að þarna hafði stórri fólksbifreið verið ekið mjög harkalega í hring á bifreiðastæðinu, og svo virðist sem hægra afturhorn hennar hafi slegist í SP-654. Um kl. 15.00 hafði Ólafur Tryggvi fundið bifreið í Hveragerði, sem var skemmd á hægra afturhorni. Hafði Ólafur samband við eiganda bifreiðarinnar, Hjalta Helgason, Borgarhrauni 16, Hveragerði. Ekki kannaðist Hjalti við þessar skemmdir, og er þeir báru skemmdirnar saman, virtist svo sem bifreið Hjalta væri tjónvaldurinn."

Samkvæmt frumskýrslunni skýrði Hjalti svo frá, að um nóttina hefði Björn Kjartansson, Reykjamörk 2, Hveragerði, ákærði í máli þessu, tekið bifreiðina ófrjálsri hendi, þar sem hún hefði staðið við hús nr. 3 við Grænumörk í Hveragerði. Kvaðst Hjalti síðan hafa fundið bifreiðina við Hótel Örk, og hefði hún þá verið skemmd á hægra afturhorni. Er haft eftir Hjalta, að ákærði hafi verið mjög ölvaður þarna um nóttina.

Á grundvelli framangreindra upplýsinga var ákærði handtekinn í Hvera-

gerði um kl. 19.30 þennan sama dag og fluttur á lögreglustöðina á Selfossi.

Samkvæmt málsgögnum var fyrst tekin formleg framburðarskýrsla af ákærða kl. 16.42 sunnudaginn 20. maí, en hann hafði þá dvalist næturlangt í fangageymslu. Við skýrslutökuna viðurkenndi ákærði að hafa verið ökumaður bifreiðarinnar G-26141, er henni var ekið á bifreiðina SP-654 á bifreiðastæði við Hótel Örk í Hveragerði nóttina áður. Hins vegar neitaði ákærði því, að hann hefði fundið til áfengisáhrifa við aksturinn, enda hefði hann ekki neytt áfengis. Þá hélt ákærði því fram, að eigandi bifreiðarinnar G-26141, Hjalti Helgason, hefði verið farþegi í bifreiðinni í umræddum akstri.

Verður nú gerð grein fyrir framburði vitna við rannsókn og meðferð málsins hjá lögreglu og fyrir dómi.

Hjalti Helgason, Borgarhrauni 16, Hveragerði, eigandi bifreiðarinnar G-26141, gaf skýrslu hjá lögreglu 19. maí 1990. Kvaðst hann hafa verið farþegi í bifreið sinni aðfaranótt umrædds laugardags. Ökumaður hefði verið Helgi Óskarsson. Síðan segir Helgi svo frá: „Um kl. 0.30 til 1.00 sáum við Björn á Breiðumörk. Virtist hann mjög ölvaður og vildi komast í bílinn hjá okkur og bað okkur að aka sér niður í þorp, og gerðum við það og ókum honum að Grænumörk 3. Þar var einhver gleði, og fór Björn þar inn ásamt Helga bílstjóra. Bíllinn varð þarna rafmagnslaus, og fékk ég geymi lánaðan hjá strák, sem á heima að Grænumörk 3, og setti hann í bílinn hjá mér. Í framhaldi af því fór ég inn í húsið og þvoði mér um hendurnar í baðherberginu. Þá heyri ég, að bíl mínum er „startað" úti, og hljóp þegar út, því að lyklunum hafði ég gleymt í kveikjulás, eða Helgi skildi þá þar eftir, þegar hann fór inn í húsið. Þegar ég kom út, sá ég, hvar Björn var undir stýri á bíl mínum, hafði bakkað úr innkeyrslunni út á götuna og var að fara af stað áfram."

Framangreint vitni kom fyrir dóm 19. júní sl. og staðfesti framburðarskýrslu sína hjá lögreglu. Aðspurt kvaðst vitnið ekki hafa heimilað ákærða að aka bifreið þess í umrætt sinn, vitnið hefði á engan hátt heimilað slíkt. Þá kvaðst vitnið fullyrða, að ákærði hefði verið ölvaður, er vitnið hitti hann á Breiðumörk í Hveragerði laust eftir miðnætti aðfaranótt umrædds laugardags.

Janus Bjarnason, Borgarhrauni 23, Hveragerði, gaf skýrslu hjá lögreglu 20. maí 1990 og kom fyrir dóm 19. júní sl. Í skýrslu sinni hjá lögreglu kvaðst vitnið hafa verið á gangi suður Breiðumörk aðfaranótt laugardagsins 19. maí 1990, þegar það hefði veitt bifreiðinni G-26141 athygli, þar sem henni var ekið norður Breiðumörk. Síðan segir vitnið svo frá: „Síðan heyrði ég spól og væl. Ég leit til baka og sá þá, að verið var að snúa G-26141 við á móts við Blómaborg. Þegar ég var kominn inn í Þelamörk

vestan megin, varð mér aftur litið við, og þá sá ég G-26141 á leið til baka suður Breiðumörk. Ég sá, að einn maður var í bílnum, það var Björn Kjartansson frá Völlum, sem ég þekki mjög vel. Hann ók í suður og hvarf sjónum mínum. Nokkru seinna fór ég á barinn á Hótel Örk. Þar hitti ég Björn; þá var hann talsvert ölvaður. Hann bað mig að koma út, því að hann ætlaði að sýna mér eitthvað. Ég hafði ekki áhuga á að tala við hann og fór því frá honum, en ég vissi ekki, hvað það var, sem hann ætlaði að sýna mér.“ Er vitnið kom fyrir dóm, staðfesti það þessa skýrslu sína.

Vitnið Hlöðver Magnússon lögreglumaður, Heiðarbrún 41, Hveragerði, gaf skýrslu hjá lögreglu 18. júní 1990. Í skýrslu sinni hjá lögreglu skýrir vitnið m.a. svo frá: „Ég var staddur í afgreiðslu Shell á Austurmörk í Hveragerði um kl. 0.30 aðfaranótt laugardagsins 19. maí síðastliðinn. Þá komu þeir Helgi Óskarsson, Hjalti Helgason og Björn Kjartansson á bifreiðinni G-26141, og var Helgi ökumaður. ...Hjalti og Björn komu út úr bifreiðinni ásamt Helga. Hjalti og Björn voru báðir undir áfengisáhrifum, en Björn öllu meira. ...Það fór ekki á milli mála, að hann var talsvert ölvaður.“ Skýrslu þessa staðfesti vitnið, er það kom fyrir dóm 19. júní sl. Kvaðst vitnið hafa merkt það á háttalagi ákærða, að hann hefði verið undir áhrifum áfengis í greint sinn, enginn vafi hefði verið á því.

Vitnið Helgi Óskarsson, Hátúni 6 B, Reykjavík, gaf skýrslu hjá lögreglu 20. maí 1990. Þar segir vitnið svo frá: „Aðfaranótt síðastliðins laugardags var ég að aka með Hjalta Helgason, Borgarhrauni 16 í Hveragerði, í bifreið hans, G-26141. Ætli það hafi ekki verið um kl. 0.30, er við vorum á Breiðumörk, að Björn Kjartansson kom til okkar og við buðum honum að koma með okkur í bíltúr. Hann var talsvert ölvaður, var reikull í spori. Í bílnum var bjór, og drakk hann af honum ásamt Hjalta. Eftir að hafa „rúntað“ í skamma stund, fórum við allir í hús við Grænumörk. Þar sá ég Björn drekka áfengi...“ Kvaðst Helgi hafa frétt það síðar, að ákærði hefði ekið bifreiðinni frá Grænumörk, en ekki orðið vitni að þeim akstri. Er Helgi Óskarsson kom fyrir dóm 2. júlí sl., var framburður hans lítt afdráttarlaus. Kvaðst vitnið þá telja, að ákærði hefði verið lítillega undir áhrifum áfengis, er það hitti ákærða í Hveragerði laust eftir miðnætti aðfaranótt umræddslaugardags. Þá kvaðst vitnið ekki minnast þess að hafa séð ákærða neyta áfengis, eftir að komið var í húsið við Grænumörkina. Var vitninu bent á ósamræmi í framburði þess fyrir dómi annars vegar og hjá lögreglu hins vegar. Vísaði vitnið þá til þess, hversu langt væri um liðið, frá því er umræddur atburður varð. Líklegra væri, að framburður þess hjá lögreglu, sem skráður var daginn eftir, að ætlað brot var framið, væri réttur.

Er ákærði kom fyrir dóm 2. júlí sl., viðurkenndi hann að hafa aðfaranótt laugardagsins 19. maí 1990 ekið bifreiðinni G-26141 frá húsi nr. 3 við Grænumörk í Hveragerði um götur í bænum og inn á bifreiðastæði við

Hótel Örk. Þar hefði bifreiðin rekist utan í bifreiðina SP-654. Ákærði þverneitaði því hins vegar, að hann hefði í umrætt sinn ekið bifreiðinni heimildarlaust og undir áhrifum áfengis. Þá sagðist hann ekki hafa ekið bifreiðinni óvarlega inn á bifreiðastæðið við Hótel Örk, og ætlun sín hefði verið sú að skýra frá óhappinu strax daginn eftir. Þá sagði ákærði, að eigandi bifreiðarinnar G-26141 hefði verið farþegi í henni í framangreindum akstri og með því hefði ákærði litið svo á, að hann hefði heimild til að aka bifreiðinni. Þá kvaðst ákærði ekki hafa neytt áfengis fyrir umræddan akstur né heldur, meðan á honum stóð. Eftir að akstri lauk, hafi hann hins vegar byrjað að neyta áfengis og neytt þess fram eftir nóttu. Það hafi orðið til þess, að hann tilkynnti ekki um árekstur við bifreiðina SP-654, en hefði ætlað að gera það í þann mund, er lögreglan kom að heimili hans.

Af hálfu ákærða hefur verið lögð fram skrifleg vörn, en þar er þess aðallega krafist, að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins í málinu. Til vara er þess krafist, að ákærða verði einvörðungu gerð vægasta refsing, er lög standa til. Loks er krafist hæfilegra málsvarnarlauna til skipaðs verjanda ákærða að mati réttarins.

II.

Með framburði vitna og sakargögnum að öðru leyti þykir ekki varhugavert að telja nægilega sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar telst réttilega heimfærð til refsiákvæða.

III.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt viðurlögum svo sem hér greinir:

Hinn 24. ágúst 1983 dómsátt fyrir brot gegn lögum nr. 65, 1974, um ávana- og fíkniefni.

Hinn 12. september 1985 dómsátt fyrir brot á 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968. Svipting ökuréttinda í 12 mánuði.

Hinn 7. janúar 1987 dómsátt fyrir brot á 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968. Svipting ökuréttinda í 12 mánuði frá 7. janúar 1987. Brot þetta framdi ákærði 24. apríl 1986.

Hinn 30. desember 1987 dómsátt fyrir brot á 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968.

Hinn 14. mars 1988 dómur fyrir brot á 1. mgr. 27. gr. og 37. gr. umferðarlaga.

Ákærði hefur nú unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987. Ber að ákvarða honum refsingu með hliðsjón af 77. gr. almennra

hegningarlaga. Þykir refsing ákærða með tilliti til sakaferils hans hæfilega ákveðin 60.000 króna sekt til ríkissjóðs og 30 daga varðhald, sem þykir mega skilorðsbinda, svo sem nánar er rakið í dómsorði. Vararefsing vegna sektarinnar ákveðst 25 daga varðhald, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 101. gr. og 3. mgr. 102. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, ber að svipta ákærða ökuréttindum í tvö ár frá dómsbirtingu að telja.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Björn Kjartansson, sæti varðhaldi í 30 daga, en fullnustu refsingar skal frestað og hún niður falla að þremur árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Ákærði greiði 60.000 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti 25 daga varðhaldi í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í tvö ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

Miðvikudaginn 8. apríl 1992.

Nr. 517/1991. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Katarínusi Grími Ingvasyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Fjársvik. Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. september 1991 að ósk ákærða, en meðákærða í héraði undi dómi, og jafnframt af ákæruvaldsins hálfu til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu. Hér fyrir dómi krefst ákæruvaldið staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Þess er ekki óskað, að skaðabótakröfur, sem um var dæmt í héraði, komi til meðferðar fyrir Hæstarétti. Kemur ákvæði hins áfrýjaða dóms að því leyti ekki til endurskoðunar, sbr. 147. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta sakarmat hans og færslu til refsiákvæða svo og ákvæði hans um greiðslu sakarkostnaðar. Refsing ákærða er hæfilega ákveðin í héraðsdómi með vísan til 255. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 71. gr. og 77. gr. sömu laga.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður, að því er ákærða, Katarínus Grím Ingvason, varðar. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 12. september 1991.

Ár 1991, fimmtudaginn 12. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 436-437/1991: Ákæruvaldið gegn X og Katarínusi Grími Ingvasyni, sem tekið var til dóms 11. þ. m.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 1. júlí sl., á hendur ákærðu, X [. . . . .], og Katarínusi Grími Ingvasyni, Aðalgötu 23, Suðureyri, fæddum 13. maí 1968, fæðingarnúmer 335, „fyrir eftirgreind skjalafals- og fjársvikabrot:

I.

Ákærðu er báðum gefið að sök að hafa í mars 1991 notað í viðskiptum eftirtalda sjö tékka til handhafa á eyðublöðum úr tékkhefti frá Landsbanka Íslands, Austurstræti 11, Reykjavík, sem ákærða, X, stal. Ákærða, X, útfyllti tékkana og gaf þá út í eigin nafni eða falsaði nafn útgefanda.

1. Nr. 4210221, 25.3.1991, 35.000 kr., út gefinn af ákærðu, X. Notaður á símstöðinni Brú í Hrútafirði sem greiðsla á símapóstsávísun, að fjárhæð 35.240 kr., til meðákærða, Katarínusar Gríms, en ákærða, X, sótti andvirði ávísunarinnar 26. mars í pósthúsið í Pósthússtræti, Reykjavík, og framvísaði umboði, undirrituðu af Grími Ingvasyni.

2. Nr. 4210206, 14.3.1991, 5.000 kr. Falsað nafn útgefanda, Jónas Björnsson, framseldur af Hauki Sigurðssyni og stimpli Kaupfélags Steingrímsfjarðar, Hólmavík. Ákærða, X, skipti tékkanum fyrir vörur og peninga í Söluskálanum á Hólmavík.

3. Nr. 4210210, 17.3.1991, 5.000 kr. Falsað nafn útgefanda, Jónas Björnsson, framseldur af ákærðu, X, sem skipti honum fyrir vörur og peninga á bensínstöð Shell við Suðurfell.

4. Nr. 4210214, 18.3.1991, 5.000 kr. Falsað nafn útgefanda, Jón Björnsson, og stimpill happdrætti SÍBS, umboð, framseldur af meðákærða með nafninu Grímur Ingvason. Keyptar vörur í Kaupfélagi Borgfirðinga, Borgarnesi.

5. Nr. 4210217, 23.3.1991, 2.900 kr., út gefinn af ákærðu, X, framseldur af Þóroddi Þórðarsyni. Keyptar vörur í Blómavali, Sigtúni 40, Reykjavík.

6. Nr. 4210219, 24.3.1991, 6.000 kr. Falsað nafn útgefanda, Jón Bjarnason, framseldur af ákærða, X, sem skipti honum fyrir vörur og peninga í verslun Olís, Breiðholti.

7. Nr. 4210220, 22.3.1991, 7.000 kr. Falsað nafn útgefanda, Jón Bjarnason, og stimpill happdrætti SÍBS, umboð, framseldur af meðákærða með nafninu Grímur Ingvason. Skipt fyrir vörur og peninga í Shellstöðinni, Borgarnesi.

Háttsemi ákærðu samkvæmt tölulíðum 1 og 5 telst varða við 248. gr.

almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, en samkvæmt öðrum töluliðum við 1. mgr. 155. gr. sömu laga.

— — —

III.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar".

Málavextir.

Ákærða, X, hefur játað að hafa í mars 1991 notað í viðskiptum í félagi við meðákærða, Katarínus Grím Ingvason, þá sjö tékka úr tékkhefti frá Landsbanka Íslands, Austurstræti 11, Reykjavík, sem ákærða hafði stolið. Falsaði ákærða nafn útgefanda á tékkunum í 2., 3., 4., 6. og 7. lið ákærukaflans, en gaf tékkana í 1. og 5. lið hans út í eigin nafni án þess að eiga innstæðu fyrir andvirði þeirra. Er tékkunum að allri gerð og notkun, hvað ákærðu varðar, rétt lýst í ákæru. Er háttsemi ákærðu í ákærukafla þessum sönnuð með afdráttarlausri játningu hennar, sem er í samræmi við önnur málsgögn. Varðar atferli ákærðu í 1. og 5. lið við 248. gr. almennra hegningarlaga, en í öðrum liðum ákærukaflans við 1. mgr. 155. gr. sömu laga.

Ákærði, Katarínus Grímur, hefur játað að hafa fengið vitneskju um þær gjörðir meðákærðu í símstöðinni Brú í Hrútafirði, sem lýst er í 1. lið ákærukafla þessa, er ákærðu voru komin til Reykjavíkur, en eigi fyrr. Jafnframt vissi ákærði þá, að tékki sá, sem ákærða ritaði í símstöðinni, var úr stolnu tékkhefti, og þar með, að meðákærða átti ekki innstæðu fyrir andvirði tékkans. Þrátt fyrir það gaf ákærði meðákærðu skriflegt umboð til að leysa til sín andvirði símapóstsávísunar þeirrar, er um ræðir í ákærulið þessum.

Þá hefur ákærði skýlaust játað að hafa framselt í eigin nafni og notað í viðskiptum með meðákærðu tékkana í 4. og 7. lið ákærukaflans þrátt fyrir þá vitneskju, að meðákærða hafði falsað þá úr sama tékkhefti og áður greinir.

Ákærði hefur þverneitað sakargiftum samkvæmt ákæru, hvað aðra tékka í ákærukafla þessum varðar.

Ósannað er gegn neitun ákærða, að hann hafi gerst sekur um það atferli, sem honum er gefið að sök í 2., 3., 5. og 6. lið ákæru I. kafla ákæru þessarar.

Á hinn bóginn er sannað með játningu ákærða, sem er í samræmi við annað það, sem fram er komið í málinu, að hann hefur gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í 1., 4. og 7. lið ákærukafla þessa.

Varðar atferli ákærða í 1. lið við 248. gr. almennra hegningarlaga, en í 4. og 7. lið við 1. mgr. 155. gr. sömu laga.

— — —

Ákærði, Katarínus Grímur, hefur sætt refsingum sem hér segir: [þremur refsidómum fyrir skjalafals o.fl., síðast 12. júní 1990 (1 mánaðar fangelsi)].

— — —

Refsing ákærða, Katarínusar Gríms, þykir með vísan til sakaferils hans og 71. og 77. gr. almennra hegningarlaga sömuleiðis hæfilega ákveðin fangelsi þrjá mánuði.

— — —

Sakarkostnaður.

Dæma ber ákærðu óskipt til greiðslu 1/3 hluta sakarkostnaðar í máli þessu, en 2/3 hluta hans greiði ákærða, X, ein.

Dómsorð:

Ákærðu, X og Katarínus Grímur Ingvason, sæti hvort um sig fangelsi þrjá mánuði. Fresta skal fullnustu refsingar ákærðu, X, og skal hún niður falla að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Miðvikudaginn 8. apríl 1992.

Nr. 218/1989. **Ingólfur Hjartarson og Kristján Ólafsson**
(Ásgeir Thoroddsen hrl.)
gegn
þrotabúi Miðfells hf.
(Othar Örn Petersen hrl.).

Greiðslustöðvun. Þóknun aðstoðarmanns. Forgangskrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 8. júní 1989. Gera þeir þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og viðurkennd verði sem forgangskrafa í hið stefnda þrotabú Miðfells hf. sameiginleg krafa þeirra á hendur þrotabúinu, að fjárhæð 552.972 krónur. Þeir krefjast og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar á hinum áfrýjaða úrskurði og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda.

Hlutafélagið Miðfell naut heimildar til greiðslustöðvunar á tímabilinu frá 29. október 1987 fram til 28. mars 1988, en þann dag var bú félagsins tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur samkvæmt beiðni félagsstjórnar. Var heimildin veitt til þriggja mánaða með úrskurði skiptaréttarins fyrstnefndan dag, en síðan framlengd um tvo mánuði með úrskurði 28. janúar 1988. Áfrýjendur eru lögmenn og starfa saman á lögfræðistofu í Reykjavík. Voru þeir báðir ráðnir til þess af stjórn félagsins að vera því til aðstoðar við greiðslustöðvunina í samræmi við 7. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, og gegndu þeir starfanum allt tímabilið.

Í máli þessu krefjast áfrýjendur forgangsréttar í þrotabúi Miðfells hf. fyrir lýstri kröfu sinni vegna þóknunar fyrir þennan starfa, þ.e. fyrir vinnu sína og starfsfólks lögfræðistofunnar vegna aðstoðar við stjórn og framkvæmdastjóra félagsins, meðan á greiðslustöðvun stóð, eins og segir í bréfi þeirra, sem barst skiptaráðanda 16. júní

1988. Samkvæmt reikningi áfrýjenda til stjórnar Miðfells 25. mars 1988 nam heildarþóknun þeirra 2.300.000 krónum eða alls 2.553.000 krónum að viðbættum sérstökum söluskatti, og var þóknunin tiltekin í einu lagi. Á krafan við ógreiddan hluta þessa reiknings, 552.972 krónur, sem eftir stóð að frádregnum þremur innborgunum til stefndu, að fjárhæð samtals 2.000.028 krónur.

Áfrýjendur höfðu ekki leitað álits skiptaráðanda um þóknun sína sem aðstoðarmanna, áður en reikningur þeirra var gerður, enda er ekki mælt um skyldu til þess í lögum. Í reikningnum segir efnislega, að hann sé gerður á grundvelli samkomulags við stjórn Miðfells hf. um tilhögun þóknunar fyrir aðstoð áfrýjenda og með hliðsjón af A-lið og 1. mgr. B-liðar í 14. gr. þágildandi gjaldskrár Lögmannafélags Íslands. Umræddar innborganir vegna reikningsins áttu sér stað í febrúar og mars 1988. Um þær segja áfrýjendur, að þeir hafi ekki áskilið greiðslur fyrir vinnu sína jafnóðum með tilliti til þess, að hjá Miðfelli hf. þurftu launagreiðslur til starfsmanna að ganga fyrir framan af greiðslustöðvunartímanum. Hafi þeir síðan gert það að ósk framkvæmdastjóra að taka við greiðslum í formi krafna á þriðja aðila, þegar svigrúm hafi orðið til.

Kröfu sína um forgangsrétt reisa áfrýjendur á 9. tl. 84. gr. laga nr. 3/1878 um skipti á dánarbúum og félagsbúum o.fl., sbr. 1. gr. laga nr. 23/1979, sem hér eiga við samkvæmt 78. gr. gjaldþrotalaga. Undir þann tölulið fellur: „Sanngjörn þóknun eftir úrskurði skiptaráðanda fyrir störf unnin síðasta árið fyrir upphaf skipta vegna tilrauna til nauðasamninga eða frjálsra samninga, sem líklegir voru til að koma nýrri skipan á fjármál hins látna, svo og annar nauðsynlegur kostnaður við slíkar tilraunir.“ Ákvæði þetta kom upphaflega inn í skiptalög með 4. gr. laga nr. 32/1974, áður en reglur um greiðslustöðvun í II. kafla laga nr. 6/1978 komu til sögunnar. Var ákvæðinu ætlað að styðja við tilraunir einstaklinga og félaga, sem ættu í fjárhagsörðugleikum, til að koma bættri skipan á fjármál sín. Samkvæmt þessum tilgangi ákvæðisins er eðlilegt, að því verði beitt eins og við á um þóknun aðstoðarmanns við greiðslustöðvun, er lögfest var sem úrræði til að veita svigrúm til ráðstafana af þessu tagi. Í samræmi við þetta ber að skýra 9. tl. 84. gr. skiptalaga á þann veg, að orðin „upphaf skipta“ eigi þar við töku bús til gjaldþrotaskipta, en ekki við frestdag, sem markast af greiðslustöðvun.

Jafnframt ber að gæta forsögu ákvæðisins við skýringu þess með tilliti til greiðslustöðvunar að öðru leyti. Samkvæmt tilgangi hennar sýnist almennt rétt að líta svo á, að sérhver þóknun vegna starfa, sem telja megi eðlilegan þátt í hlutverki aðstoðarmanns, geti eftir atvikum notið forgangsréttar eftir ákvæðinu.

Með kröfulýsingu sinni hafa áfrýjendur í reynd lagt það á vald skiptaráðanda að úrskurða um reikninginn á grundvelli fyrrnefnds lagaákvæðis, þar sem krafan um forgangsrétt höfðar til reikningsins í heild. Af hálfu stefnda er og á því byggt, að skiptaráðanda beri að úrskurða í máli þessu, hver sé sanngjörn þóknun áfrýjenda vegna aðstoðarmannsstarfans. Eigi að hafna kröfum þeirra í þrotabúið fyrir þá sök, að þessi þóknun hljóti að vera miklum mun lægri en sú fjárhæð reikningsins, sem áfrýjendur hafa þegar fengið greidda. Með tilliti til þessa og til atvika málsins má fallast á það með skiptaráðanda, að afstaða verði tekin til þess, að hvaða leyti reikningskrafa áfrýjenda njóti forgangsréttar samkvæmt 9. tl. 84. gr. skiptalaga.

Viðhorf málsaðila varðandi deiluefnið eru rakin í aðalatriðum í hinum áfrýjaða úrskurði. Um störf sín vísa áfrýjendur meðal annars til skýrslna frá sér og framkvæmdastjóra til stjórnar félagsins, sem lagðar voru fram við skiptaráðanda. Leggja þeir áherslu á, að störfin hafi orðið umfangsmikil miðað við það, sem almennt gerist, meðal annars vegna þess, að nýskipaður framkvæmdastjóri þurfti að ráða fram úr málum fyrirtækisins án stuðnings frá forvera sínum og aðalhluthafa félagsins, auk þess sem fyrir lá, að breyting á starfsemi félagsins yrði mjög veruleg og umsvif þess skorin niður. Óhjákvæmilegt hafi verið að ráðast að þeim vanda, hvernig ljúka mætti verkefnum fyrirtækisins samkvæmt gildandi samningum án meiri háttar áfalla. Án átaks í því efni hafi verið tilgangslaust að ræða við lánardrottna um endurskipulagningu á fjármálum félagsins eða reyna að fá aðra verktaka til samstarfs. Markmiðum þeim, sem að var stefnt með greiðslustöðvuninni, hafi verið fylgt eftir allt tímabilið. Hafi virst raunhæft að ætla allt fram i marsmánuð 1988, að ná mætti lausn á vanda félagsins með samningum við skuldheimtumenn og sölu eigna.

Áfrýjendur mótmæla því, að störf þeirra og framkvæmdastjóra að lúkningu verksamninga hafi einkum verið unnin með hagsmuni

hluthafa félagsins fyrir augum. Þvert á móti hafi þeir gert ráð fyrir, að með þessu yrðu lánardrottnum sparaðir miklir fjármunir, þar sem starfsmenn Miðfells hf. hafi þegar verið komnir á uppsagnarfrest á þeim tíma, sem nýttur var til að ljúka verkunum. Benda áfrýjendur á þá staðreynd, að nær engum launakröfum var lýst í þrotabú félagsins.

Af hálfu stefnda er réttur áfrýjenda til þóknunar og forgangs hennar vegna einkum vefengdur með þeim rökum, að tilraunir til að koma nýrri skipan á fjármál Miðfells hf. hafi ekki verið líklegar til að bera árangur og gjaldþrot félagsins í reynd verið óumflýjanlegt. Hafi störf áfrýjenda að miklu leyti beinst að öðru en viðræðum við lánardrottna, eins og á sé byggt í forsendum hins áfrýjaða úrskurðar.

Sem aðstoðarmenn Miðfells hf. virðast áfrýjendur hafa tekið tiltölulega virkan þátt í fjárhagslegum ráðstöfunum félagsins á greiðslustöðvunartímanum, og gerði framkvæmdastjóri sér far um að hafa við þá náið samráð. Verður ekki talið, að starfið hafi með þessu horfið úr þeim farvegi, sem forgangsréttur þóknunar nær yfir. Á það má fallast í meginatriðum, að vinna áfrýjenda að uppgjöri verksamninga hafi í reynd verið eðlilegur þáttur í aðstoðarmannsstarfinu, og hafi þær ráðstafanir félagsins verið meðal forsendna að árangri af greiðslustöðvuninni. Ekki er vefengt, að könnun á stöðu félagsins hafi verið fyrirhafnarsöm, og á það verður ekki fallist, að störf áfrýjenda að beinum viðræðum við lánardrottna hafi verið óveruleg. Er einnig ósannað, að stöðu félagsins hafi mátt meta svo, að engar líkur væru á árangri af þeim viðræðum. Jafnframt verður ekki séð, að áfrýjendur hafi dregið úr þeim vanda, sem við var að etja í því tilliti, þegar sótt var um framlengingu á greiðslustöðvun.

Reikning sinn á hendur Miðfelli hf. hafa áfrýjendur gert vegna starfa sem aðstoðarmenn við greiðslustöðvun. Félagið náði ekki því meginmarkmiði að afstýra gjaldþroti, en áfrýjendur eiga samt rétt til þóknunar. Um forgangsrétt hennar vegna í þrotabúi félagsins eru þeir háðir fyrrgreindu ákvæði 9. tl. 84. gr. skiptalaga, sem kveður á um mat skiptaráðanda á sanngjarnri þóknun vegna starfanna. Kröfur ákvæðisins um líklegan árangur og nauðsyn kostnaðar ber að skoða í ljósi þess, að um var að ræða heimilaða greiðslustöðvun,

þar sem aðstoðarmenn áttu viðurkenndu hlutverki að gegna. Er ekki unnt að staðfesta það mat skiptaréttarins, sem fram kemur í hinum áfrýjaða úrskurði, og verður réttur áfrýjenda endurmetinn hér fyrir dómi.

Við ákvörðun um það, hvað telja megi sanngjarna þóknun til áfrýjenda vegna umræddra starfa, þykir rétt, eins og málinu er háttað, að líta einkum til þess vinnuframlags, sem þeir inntu af hendi. Um það hafa áfrýjendur lagt fram skilmerkilegar tímaskýrslur, sem hafa má hliðsjón af. Að öllu athuguðu telst sú þóknun áfrýjenda, sem forgangsréttar geti notið, hæfilega ákveðin 1.650.000 krónur. Er þá miðað við verðlag í marsmánuði 1988 og tekið tillit til söluskatts, sem greiða bar af þóknuninni.

Áfrýjendur hafa þegar fengið greiðslur upp í reikning sinn, sem eru nokkuð umfram þessa fjárhæð. Af þeim sökum verður krafa þeirra um forgang í þrotabúi stefnda vegna eftirstöðva reikningsins ekki tekin til greina, og ber að staðfesta þá niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar. Úr því er ekki skorið hér fremur en í héraði, hvort áfrýjendur geti átt almenna kröfu í þrotabúið vegna eftirstöðvanna.

Rétt þykir eftir atvikum, að áfrýjendur greiði stefnda 100.000 krónur upp í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hafnað er kröfu áfrýjenda, Ingólfs Hjartarsonar og Kristjáns Ólafssonar, um viðurkenningu forgangskröfu á hendur stefnda, þrotabúi Miðfells hf.

Áfrýjendur greiði stefnda 100.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 17. mars 1989.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 16. febrúar 1989.

Sóknaraðilar, Ingólfur Hjartarson héraðsdómslögmaður og Kristján Ólafsson héraðsdómslögmaður, báðir með starfsstöð að Engjateigi 9, Reykjavík, gera þær kröfur, að við skipti á þrotabúi Miðfells hf., Reykjavík, verði krafa þeirra, að fjárhæð 552.972 kr., tekin til greina sem for-

gangskrafa. Einnig krefjast þeir málskostnaðar úr hendi varnaraðila samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Varnaraðili, þrotabú Miðfells hf., Reykjavík, krefst þess, að hrundið verði kröfum sóknaraðila í málinu og að sóknaraðilum verði gert að greiða varnaraðila málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Sáttaumleitanir dómarans hafa ekki borið árangur.

II.

Bú Miðfells hf. var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur, upp kveðnum 28. mars 1988, samkvæmt beiðni stjórnar félagsins. Við upphaf skiptameðferðar búsins var Sigurður H. Guðjónsson hæstaréttarlögmaður ráðinn bústjóri þrotabúsins til bráðabirgða, og á fyrsta skiptafundi í búinu, sem haldinn var 6. september 1988, var hann kosinn skiptastjóri þess.

Miðfell hf. var umfangsmikið verktakafyrirtæki á íslenskan mælikvarða. Árið 1987 voru fjárhagserfiðleikar miklir hjá félaginu, og með bréfi til skiptaréttar Reykjavíkur, dagsettu 26. október 1987, fór stjórn félagsins þess á leit, að félaginu yrði veitt heimild til greiðslustöðvunar í þrjá mánuði. Beiðninni fylgdi m.a. skrá yfir eignir og skuldir félagsins 23. október 1988 (sic) „samkvæmt sérstakri úttekt", og voru eignir þar taldar að verðmæti samtals 146.984.000 kr., en skuldir samtals 136.720.000 krónur.

Félaginu var veitt heimild til greiðslustöðvunar með úrskurði réttarins, upp kveðnum 29. október 1987, og lá þá fyrir yfirlýsing aðila um, að lögmennirnir Ingólfur Hjartarson og Kristján Ólafsson, sóknaraðilar í máli þessu, yrðu félaginu til aðstoðar við að koma nýrri skipan á fjármál þess.

Með bréfi, dagsettu 26. janúar 1988, fór stjórn Miðfells hf. þess á leit við skiptarétt Reykjavíkur, að heimild félagsins til greiðslustöðvunar yrði framlengd um tvo mánuði samkvæmt heimild í 2. mgr. 12. gr. laga nr. 6/1978. Beiðni þessi er undirrituð af stjórn Miðfells hf. og af sóknaraðilum, sem með undirritun sinni staðfesta, að þeir samþykki áframhaldandi aðstoð við félagið, verði umbeðin heimild veitt. Þessari beiðni fylgdi m.a. yfirlit um starfsemi félagsins á greiðslustöðvunartímanum og samninga, sem gerðir höfðu verið við ýmsa þá aðila, sem Miðfell hf. hafði verið samningsbundið sem verktaki, lausleg reifun á samningaumleitunum við lánardrottna o.fl. Ekki verður séð af gögnum máls þessa, að beiðni um framlengingu greiðslustöðvunarinnar hafi fylgt neinar upplýsingar, sem bentu til, að matsfjárhæðir eignaliða eða skuldir hefðu breyst frá því, sem áður hafði verið áætlað.

Heimild Miðfells hf. til greiðslustöðvunar var framlengd með úrskurði réttarins, upp kveðnum 28. janúar 1988, um tvo mánuði frá 29. sama mánaðar að telja.

Með bréfi til skiptaráðandans í Reykjavík, dagsettu 27. mars 1988, fór stjórn Miðfells hf. þess á leit, að bú félagsins yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Segir þar m.a., að ekki hafi tekist að endurskipuleggja fjármál félagsins, og muni samningar við lánardrottna um greiðslu skulda fyrirsjáanlega ekki takast, þar sem eignir standi engan veginn undir skuldum. Beiðninni fylgdi m.a. samantekt um skuldir félagsins, en samkvæmt henni eru skuldirnar taldar samtals 267.701.000 kr. auk vaxta til loka marsmánaðar, 36.479.000 kr., samtals 304.180.000 kr. Eignir eru þar metnar á samtals 195.326.000 kr, en þar af er talin til eigna krafa á Hvammsvík hf. ,,vegna kröfu Útvegsbankans'', 96.114.000 kr., en þessi eignaliður var ekki talinn á þeim lista um eignir félagsins, sem fylgdi upphaflegri beiðni félagsins um heimild til greiðslustöðvunar og getið var hér að framan. Hluthafar í Hvammsvík hf. voru hinir sömu og í Miðfelli hf., og hafði Hvammsvík hf. heimild til greiðslustöðvunar á sama tíma og Miðfell hf. Bú Hvammsvíkur hf. var að beiðni stjórnar félagsins tekið til gjaldþrotaskipta nokkru eftir upphaf skiptameðferðar á þrotabúi Miðfells hf.

Lögfræðiþjónustan hf. gerði Miðfelli hf. reikning, sem dagsettur er 25. mars 1988, og er hann settur fram þannig:

Vinna Lögfræðiþjónustunnar hf. tímabilið okt. 1987 til mars 1988.

Samkv. samkomulagi þóknun reiknuð samkv. gjaldskrá LMFÍ, 14. gr. A og 1. mgr. B-liðar	kr.	2.300.000
Söluskattur 10% af kr. 1.150.000 - 115.000		
Söluskattur 12% af kr. 1.150.000 - 138.000	”	253.000
Samtals	kr.	2.553.000

Hinn 23. febrúar 1988 greiddi Miðfell hf. sóknaraðilum upp í þóknun vegna vinnu á greiðslustöðvunartíma 1.567.500 kr. Var greiðslan innt af hendi með tveimur skuldabréfum, út gefnum af Júlíusi Einarssyni, samtals að nafnverði 1.200.000 kr., og með skuldabréfi, út gefnu af Sigurði Sigurðssyni, að nafnverði 500.000 kr. Fyrrnefndu bréfin átti að greiða á tveimur árum, og fengu sóknaraðilar þau sem greiðslu með 9% afföllum (1.092.000 kr.), en síðastnefnda bréfið átti að greiða á einu ári, og fengu sóknaraðilar það bréf sem greiðslu með 5% affölum (475.500 kr.). Öll þessi bréf voru hluti söluverðs tækja úr eigu Miðfells hf., sem seld voru, um leið og bréfin voru gefin út.

Hinn 4. mars 1988 fengu sóknaraðilar frá Miðfelli hf. greiðslu upp í þóknun sína fyrir vinnu á greiðslustöðvunartímanum, 352.410 kr. Var greiðslan innt af hendi með framsali reikningskröfu Miðfells hf. á hendur tilteknum viðskiptamanni Miðfells hf., en reikningurinn var dagsettur 9. deember 1987.

Hinn 24. mars 1988 færði Lögfræðiþjónustan hf. inneign Miðfells hf.

vegna innheimtra krafna fyrir Miðfell hf., 80.118,32 kr., upp í þóknun sóknaraðila fyrir vinnu á greiðslustöðvunartímanum.

Með kröfulýsingu, sem barst skiptaráðandanum í Reykjavík 16. júní 1988, lýstu sóknaraðilar kröfu í þrotabú Miðfells hf. Er þess þar krafist, að eftirstöðvar reiknings þeirra vegna vinnu þeirra og starfsfólks Lögfræðiþjónustunnar hf. vegna aðstoðar við stjórn og framkvæmdastjóra Miðfells hf. á greiðslustöðvunartímanum verði teknar til greina sem forgangskrafa, að fjárhæð 552.972 kr., þ.e. 2.553.000 kr., að frádregnum innborgunum, að fjárhæð samtals 2.000.028 krónur.

Skiptastjóri þrotabúsins hefur hafnað kröfu þessari, og er af þeim ágreiningi sprottið mál þetta.

Undir rekstri málsins hafa sóknaraðilar lagt fram framsal frá Lögfræðiþjónustunni hf. til sóknaraðila á kröfu Lögfræðiþjónustunnar hf. vegna þeirrar þóknunar, sem málið varðar.

III.

Sóknaraðilar gera þá grein fyrir upphafi þeirra viðskipta, sem mál þetta snýst um, að forráðamenn Miðfells hf. hafi í byrjun október 1987 sett sig í samband við Ingólf Hjartarson hdl., annan sóknaraðila máls þessa, og óskað eftir aðstoð vegna greiðsluerfiðleika félagsins. Eftir ýtarlegar viðræður við framkvæmdastjóra félagsins, stjórn þess og hluthafa hafi verið ákveðið að leita eftir heimild til greiðslustöðvunar. Jafnframt hafi þá verið gengið frá því, að sóknaraðilar myndu verða félaginu til aðstoðar við undirbúning greiðslustöðvunarinnar og á greiðslustöðvunartímanum, ef slík heimild fengist.

Forráðamenn Miðfells hf. hafi talið heppilegt, að tveir lögmenn á vegum Lögfræðiþjónustunnar hf. ynnu að fyrirsjáanlegum verkefnum fyrir Miðfell hf., en sóknaraðilar starfa báðir hjá Lögfræðiþjónustunni hf.

Veruleg vinna hafi verið lögð í að afla upplýsinga um eigna- og skuldastöðu Miðfells hf., eins og greiðslustöðvunarbeiðni raunar beri með sér. Þessi vinna hafi reynst erfiðari en ella, þar sem bókhald félagsins hafði ekki verið fært sem skyldi, nýr framkvæmdastjóri verið ráðinn og aðaleigandi og stjórnarformaður Miðfells hf. veikst alvarlega, þegar þetta stóð yfir.

Miðfell hf. hafi fengið greiðslustöðvun til þriggja mánaða frá 29. október 1987 að telja, og í janúar 1988 hafi greiðslustöðvunartíminn verið framlengdur um tvo mánuði til viðbótar.

Í lok greiðslustöðvunartímabilsins hafi verið orðið ljóst, að ekki tækist að endurskipuleggja fjármál fyrirtækisins og samningar við lánardrottna myndu ekki takast, þar sem eignir þess stóðu engan veginn undir skuldum. Hafi stjórn félagsins þá farið fram á, að bú Miðfells hf. yrði tekið til gjaldþrotaskipta.

Sóknaraðilar reisa kröfur sínar á því, að forráðamönnum Miðfells hf. hafi verið gerð grein fyrir því, þegar er þeir óskuðu eftir þjónustu sóknaraðila, hvernig vinna við greiðslustöðvun væri verðlögð samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Þeim hafi verið fullljóst, að vinnuframlag lögmanna á greiðslustöðvunartíma yrði verulegt, og þeir hafi óskað eftir því, að sóknaraðilar sinntu þessu verkefni saman. Hafi enn fremur verið gert ráð fyrir, að þóknun yrði reiknuð með 25% álagi, ef markmið greiðslustöðvunar tækist.

Sóknaraðilar halda því fram, að „með hliðsjón af þeirri venju, sem myndast hefur, sbr. álit stjórnar LMFÍ frá 12. febr. 1976, sbr. Fréttabréf LMFÍ, 5. árg., 3. tbl., og í samræmi við samkomulag sóknaraðila við forráðamenn Miðfells hf. hefði þóknunarreikningur á grundvelli 14. gr. gjaldskrár LMFÍ geta numið ... samt. 3.134.000 kr. auk sölugjalds".

Veruleg vinna hafi verið í það lögð af sóknaraðilum að ná samningum við alla verkkaupa Miðfells hf. og forða fyrirtækinu frá bótakröfum og dagsektum, jafnframt því sem slíkir samningar hafi tryggt verkefni fyrir starfsmenn, sem hafi verið milli 50 og 60 talsins, a.m.k. út uppsagnarfrest. Samningar, sem gerðir hafi verið, hafi sparað félaginu tugi milljóna króna. Einnig hafi mikill tími farið í að ná samningum við ýmsa lánardrottna félagsins, undirverktaka og verkalýðsfélög, svo að unnt væri að halda áfram daglegum rekstri og ljúka verkum án uppgjörs á kröfum þeirra. Þá hafi farið fram alvarlegar samningaumleitanir við alla helstu kröfuhafa fyrirtækisins, en ljóst hafi verið, að niðurstaða þeirra samninga myndi skipta sköpum um það, á hvern hátt unnt yrði að semja við aðra minni kröfuhafa. Þá hafi einnig farið fram viðræður við nokkur verktakafyrirtæki um hugsanlega yfirtöku eða samstarf í tengslum við endurskipulagningu Miðfells hf. á þessum tíma. Sölutilraunir á fasteign félagsins hafi tengst þessum samningum svo og sölutilraunir Hvammsvíkur hf. á eignum, sem Miðfell hf. hafði selt því félagi og var enn í greiðsluábyrgð fyrir. Mikil vinna hafi einnig verið lögð í að fá inn allar kröfur frá lánardrottnum og staðreyna þær með samanburði við bókhald. Veðbundnar kröfur og forgangskröfur hafi verið kannaðar sérstaklega. Sóknaraðilar kveða sölutregðu á eignum félagsins hafa fyrst og fremst hindrað tilraunir Miðfells hf. til uppgjörs við kröfuhafa.

Sóknaraðilar hafi á umræddum tíma stuðlað að sölu á ýmsum eignum Miðfells hf. og lagt grunn að sölu á fleiri eignum. Einnig hafi útistandandi kröfur félagsins verið sannreyndar með innheimtuaðgerðum, án þess að tekin væri fyrir það sérstök þóknun.

Sóknaraðilar halda því fram, að við úrlausn um kröfu þeirra beri sérstaklega að líta til þess, að veikindi aðalhluthafa í Miðfelli hf., Leifs Hannessonar, og ráðning nýs framkvæmdastjóra í tengslum við greiðslu-

stöðvunina hafi leitt til þess, að enn frekar hafi verið leitað til sóknaraðila um úrlausn daglegra vandamála við rekstur félagsins en ella hefði verið.

Sóknaraðilar halda því fram, að þeir og starfsmenn sínir hafi lagt í þetta verkefni um 700 vinnustundir, og hafi mikill hluti þess verið utan reglulegs dagvinnutíma. Hafi sóknaraðilar því talið þóknunarreikning sinn sanngjarnan og innan þeirra marka, sem gjaldskrá Lögmannafélags Íslands heimilar fyrir slíka þjónustu og samið hafi verið um við forráðamenn Miðfells hf.

Sóknaraðilar vísa um stöðu kröfu sinnar í skuldaröð til 9. töluliðar 84. gr. skiptalaga nr. 3/1878, sbr. lög nr. 23/1979. Samkvæmt því ákvæði njóti krafa sóknaraðila forgangsréttar, þar sem um sé að ræða sanngjarna þóknun fyrir störf við að koma nýrri skipan á fjármál Miðfells hf. síðustu mánuðina, áður en bú félagsins var tekið til gjaldþrotaskipta.

IV.

Af hálfu varnaraðila eru kröfur í málinu á því reistar, að þóknunarreikningur sóknaraðila sé allt of hár og ósanngjarn miðað við þau störf, sem þeir inntu af hendi í þágu Miðfells hf., og árangur af þeim störfum.

Varnaraðili telur það skilyrði forgangsréttar samkvæmt 9. tölulið 84. gr. skiptalaga nr. 3/1878, að um sé að ræða sanngjarna þóknun og nauðsynlegan kostnað vegna tilrauna til samninga, sem líklegir voru til að koma nýrri skipan á fjármál þess, sem aðstoðarinnar naut. Samkvæmt þessu lagaákvæði úrskurði skiptaráðandi um réttmæti og fjárhæð sanngjarnrar þóknunar fyrir slík störf. Í því efni sé skiptaráðandi óbundinn af hvers konar samningum, sem sóknaraðilar kunni af hafa gert við forsvarsmenn Miðfells hf., og hafi slíkir samningar ekkert sjálfstætt gildi fyrir úrlausn um það, hvað hér teljist sanngjörn þóknun. Sóknaraðilum hafi og verið óheimilt að taka sér innborganir á þóknun sína, að minnsta kosti í þeim mæli, sem þeir hafi gert.

Varnaraðili telur nefnt ákvæði skiptalaga setja þrjú skilyrði fyrir því, að krafa eins og sú, sem hér um ræðir, njóti forgangsréttar. Í fyrsta lagi þurfi samningstilraunir að hafa verið gerðar, í öðru lagi verði þær að hafa verið líklegar til árangurs, og í þriðja lagi verði þóknun að vera sanngjörn og kostnaður nauðsynlegur. Telur varnaraðili mjög vafasamt, að fyrri tvö skilyrðin séu hér fyrir hendi og alls ekki hið þriðja.

Varnaraðili heldur því fram, að miðað við þær upplýsingar og gögn, sem fyrir lágu, þegar greiðslustöðvunar var beiðst 28. október 1987, hafi þeim aðilum, sem að greiðslustöðvunarbeiðninni stóðu, mátt vera það ljóst, að gjaldþrot félagsins væri óumflýjanlegt og að tilraunir til samninga um uppgjör við kröfuhafa og til að koma nýrri skipan á fjármál þess væru fyrir fram vonlitlar, ef ekki vonlausar. Hafi þeim ekki verið það ljóst í

upphafi, hafi það a.m.k. verið það 26. janúar 1988, þegar beðið var um framlengingu greiðslustöðvunar.

Varnaraðili telur það andstætt tilgangi 9. töluliðar 84. gr. skiptalaga, að kröfuhafar (í þessu tilviki forgangskröfuhafar) þurfi að fjármagna kostnaðarsamar og fyrir fram vonlausar tilraunir til að afstýra gjaldþroti. Því aðeins beri að taka slíkar kröfur til greina sem forgangskröfur, að sýnt sé fram á með óyggjandi hætti, að verulegar líkur hafi verið á því, að tilraunin heppnaðist og því réttlætanlegt að leggja í kostnað vegna hennar. Hafi sóknaraðilar ekki sýnt fram á, að svo hafi verið í þessu tilviki.

Varnaraðili heldur því fram, að sóknaraðilar hafi ekki sýnt fram á, að tilraunir til að koma nýrri skipan á fjármál Miðfells hf. hafi raunverulega verið gerðar, meðan greiðslustöðvunin stóð, enda hafi forsendur þess aldrei verið fyrir hendi. Telur varnaraðili, að slíkar tilraunir hafi aldrei komist lengra en á undirbúningsstig. Sanngjörn þóknun fyrir slíkan undirbúning myndi falla undir 9. tölulið 84. gr. skiptalaganna, en ekki þóknun sóknaraðila fyrir önnur störf í þágu Miðfells hf. á greiðslustöðvunartímanum.

Varnaraðili telur þóknunarreikning sóknaraðila allt of háan og að þeir hafi ekki heimild til að reikna sér þóknun á grundvelli 1. mgr. b-liðar 14. gr. gjaldskrár Lögmannafélags Íslands. Þetta gjaldskrárákvæði miðist við, að raunverulegar tilraunir til uppgjörs við kröfuhafa hafi farið fram, en ekki verði séð af gögnum málsins, að sóknaraðilar hafi gert slíkar tilraunir í þeim mæli, að til mála geti komið að ákveða þeim þóknun fyrir þær eftir þessu gjaldskrárákvæði. Samkvæmt framlögðum gögnum virðist störf sóknaraðila í þessa átt aðallega hafa verið í því fólgin að kanna og afla upplýsinga og gagna um skulda- og eignastöðu félagsins og að kanna söluverðmæti og sölumöguleika á eignum þess. Þá muni sóknaraðilar hafa átt einhverjar viðræður við Útvegsbanka Íslands hf. og Landsbanka Íslands og ef til vill einhverja aðra kröfuhafa, en varnaraðili mótmælir því, að þær viðræður hafi komist á það stig, að kallast geti tilraun til uppgjörs við kröfuhafa. Fallist rétturinn á það með sóknaraðilum, að þóknunina beri að reikna út frá 1. mgr. b-liðar 14. gr. gjaldskrár Lögmannafélags Íslands, heldur varnaraðili því fram, að 1% af fjárhæð skulda sé allt of há viðmiðun í þessu tilviki.

Varnaraðili heldur því fram, að til greina geti komið, að störf sóknaraðila í þágu Miðfells hf. á greiðslustöðvunartímanum falli að einhverju leyti undir 2. mgr. b-liðar 14. gr. gjaldskrárinnar, en samkvæmt því ákvæði skuli þóknun að jafnaði ekki nema hærri hundraðshluta en 0,5% af fjárhæð skulda auk grunngjalds og þóknunar samkvæmt lið a. Væri þetta gjaldskrárákvæði lagt til grundvallar eða haft til hliðsjónar við úrskurð um sanngjarna þóknun til sóknaraðila, myndi hún nema a.m.k. helmingi lægri fjárhæð en þóknunarreikningur þeirra.

Varnaraðili heldur því fram, að sóknaraðilum hafi verið með öllu óheimilt að taka sér greiðslur upp í væntanlegan reikning sinn með þeim hætti, sem þeir gerðu. Þegar greiðslurnar fóru fram, hafi sóknaraðilum verið ljóst, að gjaldþrot félagsins var óumflýjanlegt og að litlar líkur væru á því, að forgangskröfur í búinu greiddust að fullu. Sóknaraðilum hafi að réttu lagi borið að lýsa kröfu um sanngjarna þóknun og leggja hana undir úrskurð skiptaráðanda, eins og 9. tölulíður 84. gr. skiptalaga mæli fyrir um, og sætta sig við, að með þá kröfu yrði farið í búinu sem aðrar forgangskröfur. Í þess stað hafi sóknaraðilar notfært sér aðstöðu sína til að taka skuldabréf og kröfur á þriðja aðila til greiðslu upp í þóknun sína. Við munnlegan málflutning áréttaði lögmaður varnaraðila þetta atriði sérstaklega í ljósi þess, að sýnt þykir, að kröfur samkvæmt 84. gr. skiptalaga muni ekki greiðast að fullu við úthlutun úr þrotabúi Miðfells hf.

V.

Við aðalmeðferð málsins gaf Karl M. Kristjánsson viðskiptafræðingur, sem var framkvæmdastjóri Miðfells hf. þann tíma, sem hér um ræðir, munnlega vitnaskýrslu.

Sóknaraðilar hafa lagt fram yfirlit um skráningu vinnustunda, sem þeir hafi notað í þjónustu Miðfells hf. á þeim tíma, sem málið varðar. Samkvæmt þeirri samantekt hafa þeir varið 630,75 vinnustundum við þetta viðfangsefni á tímabilinu frá október 1987 til mars 1988. Í þessu yfirliti segir m.a.:

„...Í meðf. tímaskráningu er þó eingöngu farið eftir skráðum tímum. Er þó ljóst, að ekki hafa verið bókaðir allir þeir tímar, er unnið var fyrir Miðfell hf. Þá er einnig á það að líta, að þessa mánuði voru styttri símtöl og stutt viðtöl ekki skráð. Má hiklaust áætla miðað við, hversu mikið var hringt af kröfuhöfum, lögmönnum og starfsfólki Miðfells hf., um 30 til 40 klst. í það. Þá má áætla svipaðan tímafjölda vegna skráningar, sem hefur fallið niður. Jafnframt er ljóst, að skrifstofustúlkur Lögfræðiþjónustunnar hf. unnu töluverða vinnu í tengslum við greiðslustöðvunina, en sú vinna hefur ekki verið skráð. Má hiklaust áætla hana um 70 til 100 klst. ..."

Samkvæmt 9. tölulið 84. gr. skiptalaga nr. 3/1878, sbr. 78. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, er sanngjörn þóknun eftir úrskurði skiptaráðanda fyrir störf unnin síðasta árið fyrir upphaf skipta vegna tilrauna til nauðasamninga eða frjálsra samninga, sem líklegir voru til að koma nýrri skipan á fjármál skuldara, og annar nauðsynlegur kostnaður við slíkar tilraunir meðal forgangskrafna við skipti á þrotabúi næst á eftir þeim kröfum, sem greindar eru í 82. og 83. gr. laganna.

Gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, sem reikningur sóknaraðila í málinu

er reiknaður út frá, og fréttabréf stjórnar þess félagsskapar eru ekki sjálfstæðar réttarheimildir, en gjaldskráin getur þó verið meðal þeirra gagna, sem til skoðunar geta komið, þegar sanngjörn þóknun er ákvörðuð eftir nefndu ákvæði skiptalaganna. Enda þótt varnaraðili hafi mótmælt reikningi sóknaraðila sem ósanngjörnum og allt of háum, hefur sóknaraðili ekki lagt fram þá gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, sem reikningurinn er byggður á.

Enda þótt sóknaraðilar hafi fengið reikning sinn greiddan í þeim mæli, sem rakið hefur verið, þykir það ekki girða fyrir, að því verði slegið föstu með úrskurði þessum, hvað teljist hæfileg þóknun til handa sóknaraðilum fyrir þau störf, er fallið geta undir ákvæði 9. töluliðar 84. gr. skiptalaga, jafnvel þótt hún teldist vera lægri en sú fjárhæð, er þeir hafa þegar fengið greidda. Þykir sú niðurstaða ekki fara í bága við dóm Hæstaréttar, upp kveðinn 22. janúar 1988 í hæstaréttarmálinu nr. 167/1987.

Fyrir liggur í málinu og er ekki umdeilt, að skrifstofuhald og uppfærsla bókhalds hjá Miðfelli hf. var í verulegu ólagi, þegar stjórnendur félagsins leituðu þjónustu hjá sóknaraðilum, sem átti að miða að því að koma nýrri skipan á fjármál þess. Um líkt leyti urðu einnig framkvæmdastjóraskipti hjá félaginu, og var hinn nýi framkvæmdastjóri ekki gjörkunnugur öllum þeim málum, sem úrslitum réðu um það, hvort þetta ætlunarverkefni tækist.

Sýnt þykir af skýrslum sóknaraðila og framkvæmdastjóra Miðfells hf. til stjórnar og hluthafa í Miðfelli hf., meðan á greiðslustöðvun stóð, og öðrum gögnum málsins, að meginhersla var á það lögð af þessum aðilum á greiðslustöðvunartímanum að gera samninga við einstaka verkkaupa, sem Miðfell hf. hafði gert verksamninga við, svo að verklok og fjárhagslegt uppgjör verka yrði með öðrum hætti en hinir upphaflegu verksamningar ráðgerðu. Virðist minni vinna hafa verið lögð í að safna gögnum um það, sem telja verður megintilgang greiðslustöðvunar samkvæmt II. kafla gjaldþrotalaga nr. 6/1978, þ.e., hvort fjárhagsleg staða félagsins yfirleitt væri slík, að einhverjir möguleikar væru á því að koma nýrri skipan á fjármál þess og forðast gjaldþrot.

Sýnt þykir, að sóknaraðilum mátti vera ljóst, þegar óskað var framlengingar greiðslustöðvunar 26. janúar 1988, að engar líkur voru á því, að takast mætti að rétta við fjárhag Miðfells hf. Höfðu þeir þá haft góðan tíma til að kanna veðbönd á helstu eignum félagsins, en þau voru miklu meiri en svo, að líklegt söluverð þessara eigna á frjálsum markaði nægði til að greiða þær kröfur, er þannig voru tryggðar. Þá hafði þeim einnig gefist gott ráðrúm til viðræðna við þá kröfuhafa, sem fóru með mestar kröfur á hendur félaginu. Slíkar athuganir höfðu þó aðeins að litlu leyti verið gerðar, heldur mestum tíma varið til að semja Miðfell hf. frá verkum,

svo sem rakið var, en það var umfram allt til hagsbóta fyrir hluthafa í Miðfelli hf., að slíkir samningar voru gerðir, þar sem þeir höfðu persónulega tekið á sig fjárhagslega ábyrgð á ýmsum verktryggingum, sem settar höfðu verið samkvæmt ýmsum þessara samninga. Við skiptameðferð á þrotabúi Miðfells hf. hefur það komið skýrt fram, að þessar aðgerðir komu ekki skuldheimtumönnum Miðfells hf. almennt að gagni, þar sem kröfur samkvæmt umræddum verksamningum hefðu aðeins orðið almennar kröfur í búið og ekkert fengist upp í þær fremur en aðrar slíkar kröfur.

Þegar framangreind atriði eru virt, verður að telja mestan hluta vinnu sóknaraðila á greiðslustöðvunartímanum hafa umfram allt þjónað hagsmunum hluthafa í Miðfelli hf., en ekki verið til þess fallinn að koma nýrri skipan á fjárhag félagsins. Allt að einu þykja sóknaraðilar eiga rétt á nokkurri þóknun, er felld verði undir ákvæði 9. töluliðar 84. gr. skiptalaga, fyrir þann hluta vinnu sinnar á greiðslustöðvunartímanum, sem varið var til að kanna fjárhagsstöðu félagsins. Verður sú fjárhæð ákveðin með hliðsjón af því, hvað ætla megi, að þurft hafi til að meta raunverulega möguleika félagsins til að komast í gegnum fjárhagsvanda þann, sem við var að glíma. Þykir sanngjörn þóknun samkvæmt því hæfilega ákveðin 700.000 kr., og er þá tillit tekið til þess, að samfara slíkri athugun hlaut óhjákvæmilega nokkur vinna að fara fram við önnur brýn viðfangsefni, sem biðu úrlausnar hjá félaginu. Einnig er þá tillit tekið til þess, að greiða verður söluskatt af slíkri þóknun. Miðast þessi þóknun við verðlag í lok mars 1988, þ.e. þann tíma, er greiðslustöðvun Miðfells hf. rann út.

Sóknaraðilar höfðu fengið greiðslur upp í þóknun sína umfram þá fjárhæð, sem þeim er ákveðin samkvæmt úrskurði þessum fyrir störf, er falla undir ákvæði 9. töluliðar 84. gr. skiptalaga. Verður því að líta svo á, að þessi hluti reiknings sóknaraðila hafi þegar verið greiddur, en það er ekki til úrlausnar í málinu, hvort eftirstöðvar reiknings þeirra skuli viðurkenndar sem almenn krafa í þrotabú Miðfells hf. Kröfum sóknaraðila í málinu er því hafnað. Með vísan til 35. gr. skiptalaga verður ekki í úrskurði þessum tekin afstaða til þess, hvort sóknaraðilum beri að endurgreiða þrotabúi Miðfells hf. hluta þess, sem þeir höfðu fengið greitt upp í þóknun sína á greiðslustöðvunartímanum, enda eru ekki gerðar um það kröfur í málinu.

Eftir þessum úrslitum og með hliðsjón af því, hvern hátt sóknaraðilar höfðu á uppgjöri þóknunar sinnar, verður þeim in solidum gert að greiða varnaraðila málskostnað í máli þessu samkvæmt 177. gr. laga nr. 85/1936, og þykir hann hæfilega ákveðinn 100.000 kr., og er þá tekið tillit til þess, að greiða verður söluskatt af lögmannsþjónustu.

Ragnar Halldór Hall borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan. Nokkur dráttur hefur orðið á uppsögu úrskurðarins vegna mikils annríkis dómarans.

Úrskurðarorð:

Kröfum sóknaraðila, Ingólfs Hjartarsonar og Kristjáns Ólafssonar, er hafnað.

Sóknaraðilar greiði varnaraðila, þrotabúi Miðfells hf., in solidum 100.000 kr. í málskostnað innan fimmtán daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 10. apríl 1992.

Nr. 44/1992. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Gunnlaugi Jóni Ólafi Magnússyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Fjársvik. Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 23. janúar 1992 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákæruvalds til þyngingar á refsingu.

Þess er ekki óskað, að skaðabótakröfur þær, sem um var dæmt í héraði, komi til meðferðar fyrir Hæstarétti. Verður þá eigi svo gert, sbr. 1. mgr. 147. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Ákærði fékk hinn 4. október 1990 reynslulausn í tvö ár á 240 daga eftirstöðvum refsingar samkvæmt dómi Hæstaréttar 14. mars 1989. Vegna þeirrar háttsemi, sem hann er nú sakfelldur fyrir, var hann látinn hefja afplánun þeirra eftirstöðva 12. júlí 1991. Samkvæmt upplýsingum Fangelsismálastofnunar ríkisins, sem lagðar hafa verið fyrir Hæstarétt, lauk þeirri afplánun 8. mars 1992. Refsing ákærða verður því eigi tiltekin samkvæmt 1. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans að öðru leyti.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Gunnlaugur Jón Ólafur Magnússon, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í

ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 14. janúar 1992.

Ár 1992, þriðjudaginn 14. janúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 13/1992: Ákæruvaldið gegn Gunnlaugi Jóni Ólafi Magnússyni, sem tekið er til dóms samdægurs.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 23. desember sl., á hendur ákærða, Gunnlaugi Jóni Ólafi Magnússyni, Hvassaleiti 10, Reykjavík, fæddum 14. apríl 1966, fæðingarnúmer 492.

Í ákærunni segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir skjalafals og fjársvik með því að nota í staðgreiðsluviðskiptum í júní og júlí 1991 í Reykjavík, nema annars sé getið, eftirtalda 36 tékka, sem ákærði gaf ýmist út með fölsuðu undirskriftinni Jón Björn Pálsson eða sinni eigin á stolin eyðublöð úr tékkhefti Landsbanka Íslands, Austurbæjarútibúi, og notaði í flestum tilvikum reikningsnúmerið 5247, en í nokkrum 1209. Tékkarnir eru allir til handhafa, dagsettir 1991 og flestir með eigin framsali ákærða:

— — —

Telst notkun ákærða á tékkum með fölsuðu undirskriftinni, sem lýst er í töluliðum 1-17, 22-29 og 31-35, varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, en notkun hinna tékkanna við 248. gr. sömu laga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar".

Málavextir.

— — —

Ákærði gaf síðan út alla þá 36 tékka, sem frá greinir í ákæru, ýmist með eigin nafnritun sem útgefandi eða með fölsuðu útgefandanafnrituninni Jón Björn Pálsson, sem ákærði valdi af handahófi svo og reikningsnúmerin, en þeir fengu flestir númerið 5247, en í nokkrum tilvikum notaði ákærði reikningsnúmerið 1209. Þrjátíu tékkanna, að fjárhæð samtals 199.000 krónur, eru með fölsuðu nafnrituninni, en sex, að fjárhæð samtals 23.000 krónur, með nafni ákærða sem útgefanda.

Ákærði notaði alla tékkana í staðgreiðsluviðskiptum. Keypti hann ætíð eða greiddi fyrir vöru og þjónustu með hluta af andvirði hvers tékka, en afganginn fékk ákærði í peningum, sem hann notaði til kaupa á eiturlyfjum

hjá aðilum, sem hann kveðst ekki þekkja. Ákærði staðfestir, að hann hafi notað þá tékka, sem tilgreindur er notkunarstaður á í ákærunni, á þeim stöðum, sem þar eru tilgreindir. Ákærði telur mögulegt, að hann hafi notað tékkann í 3. lið til greiðslu á leiguakstri að hluta. Tékkaútgáfu ákærða lauk með handtöku hans, þegar hann var að reyna að nota tékkann í 1. lið í verslun Hagkaupa í Skeifunni.

Ákærði falsaði á tékkana í liðum 1-17, 22-29 og 31-35 útgefandanafnið Jón Björn Pálsson, en á hina tékkana notaði hann eigið nafn. Hann framseldi flesta tékkana með eigin nafni. Ákærði notaði reikningsnúmerið 5247 á tékkana í liðum 1-17 og 22-35, en á hina tékkana notaði hann reikningsnúmerið 1209.

Niðurstöður.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um það, sem honum er gefið að sök í ákæru og þar er rétt fært til refsiákvæða.

Sakaferill ákærða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt refsingum sem hér segir svo og reynslulausn:

— — —

[Ákærði hefur síðan 1983 sætt fimm refsidómum, þar á meðal fyrir skjalafals og þjófnað (1985) og brennu (1988). Honum var 4. október 1990 veitt reynslulausn af eftirstöðvum refsingar, 240 dögum.]

Refsing.

Ákærða verður ákvörðuð refsing með hliðsjón af 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga. Með háttsemi þeirri, sem ákærði er nú sakfelldur fyrir, var ákærði talinn af Fangelsismálastofnun ríkisins hafa rofið skilorð reynslulausnar þeirrar, sem hann hlaut 4. október 1990, og látinn hefja afplánun eftirstöðva refsingarinnar 12. júlí sl. Verður því eigi í dómi þessum tekin afstaða til þessara eftirstöðva, en höfð hliðsjón af ákvæðum 1. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga við ákvörðun refsingar. Þykir refsing ákærða með hliðsjón af öllu framangreindu hæfilega ákveðin fangelsi í sjö mánuði.

— — —

Sakarkostnaður.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974, um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með

talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnlaugur Jón Ólafur Magnússon, sæti fangelsi í sjö mánuði.

Ákærði greiði í bætur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25, 1987, sbr. lög nr. 67, 1989, frá eftirgreindum dögum til greiðsludags:

— — —

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Föstudaginn 10. apríl 1992.

Nr. 141/1991. **Kvikk sf.**

gegn

Guðmundi Þórarinssyni.

Frestur.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. apríl 1991. Áfrýjað er dómi aukadómþings Gullbringusýslu 14. mars 1991. Málið var þingfest í Hæstarétti 3. júní 1991, og fékk áfrýjandi þá frest til október 1991. Málinu var síðan að hans ósk frestað til janúar 1992, þá til mars og þá enn til reglulegs þingdags 1. apríl 1992. Er málið kom fyrir þann dag, óskaði áfrýjandi eftir fresti til júnímánaðar til framlagningar dómsgerða, ágrips, greinargerðar og nýrra skjala.

Stefndi hefur mótmælt frestbeiðninni.

Mótmæli sín styður stefndi þeim rökum, að óhæfilegur dráttur hafi orðið á rekstri máls þessa af hálfu áfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Frá því að málið var þingfest í Hæstarétti, hafi því verið frestað nokkrum sinnum, án þess að nokkuð hafi verið gert í málinu fyrr en í febrúar sl., er áfrýjandi óskaði eftir dómkvaðningu matsmanna. Hafi öll þessi töf í málinu valdið stefnda miklu tjóni.

Af hálfu áfrýjanda hefur komið fram, að gert hafi verið ágrip dómsgerða í málinu. Honum sé þó nauðsynlegt að fá frest í málinu til að afla álits dómkvaddra matsmanna á vélum þeim, sem um ræðir í málinu, þar sem sérfróðir meðdómsmenn í héraði hafi ekki skilið réttilega lýsingar á búnaði þeirra.

Lagt hefur verið fram bréf Kristjönu Jónsdóttur borgardómara 1. apríl sl., þar sem hún staðfestir að hafa móttekið beiðni áfrýjanda frá 10. febrúar 1992 um dómkvaðningu matsmanna. Fram kemur í bréfi dómarans, að dómkvaðning hafi dregist, þar sem ekki hafi tekist að finna tvo óvilhalla og hæfa menn til verksins.

Rúmir 10 mánuðir liðu frá útgáfu áfrýjunarstefnu í málinu, þar til áfrýjandi setti fram beiðni um dómkvaðningu matsmanna. Hefur

áfrýjandi ekki nýtt sér þá fresti, sem hann hefur fengið til öflunar nýrra skjala í málinu.

Með þetta í huga og með því að áfrýjandi hefur ekki réttlætt þessa töf á undirbúningi málsins, þykja ekki efni til, gegn andmælum stefnda, að veita honum frekari frest í málinu en til reglulegs þingdags í maí nk.

Á l y k t a r o r ð:

Framangreindri frestbeiðni er hafnað. Málinu er frestað til reglulegs þingdags í maí 1992.

Föstudaginn 10. apríl 1992.

Nr. 17/1992. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Rögnvaldi Axel Rögnvaldssyni
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Lögskýring. Sakarkostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. desember 1991 til þyngingar á refsingu og sviptingar ökuréttinda. Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti krafðist ákæruvaldið staðfestingar hins áfrýjaða dóms að öðru leyti en því, að til viðbótar refsingu sætti ákærði sviptingu ökuréttinda, aðallega, að áréttuð yrði ævilöng svipting, en til vara, að ákærði sætti tímamarkaðri sviptingu ökuréttinda samkvæmt 2. mgr. 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Þá verði ákærði dæmdur til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar.

Af hálfu ákærða er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að allur áfrýjunarkostnaður málsins verði felldur á ríkissjóð.

Ákærða voru ekki veitt ökuréttindi að nýju með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, sem greint er í héraðsdómi. Það gaf honum einungis kost á að öðlast ökuréttindi á nýjan leik að uppfylltum skilyrðum 50. gr. reglugerðar nr. 787/1983 um ökukennslu, próf ökumanna o.fl. Þennan rétt hefur ákærði enn ekki fært sér í nyt. Samkvæmt 14. kafla umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. dóm Hæstaréttar 1989, 13, eru ekki skilyrði til að svipta hann þeim rétti. Ber því að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um þann þátt ákæru, er að þessu lýtur.

Að öðru leyti ber að staðfesta héraðsdóm með skírskotun til forsendna hans.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði segir. Að öðru leyti greiðist áfrýjunarkostnaður úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Rögnvaldur Axel Rögnvaldsson, greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 11. desember 1991.

Ár 1991, miðvikudaginn 11. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 668/1991: Ákæruvaldið gegn Rögnvaldi Axel Rögnvaldssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 20. nóvember sl., á hendur ákærða, „Rögnvaldi Axel Rögnvaldssyni, Hraunbæ 52, Reykjavík, fæddum 3. febrúar 1952, fæðingarnúmer 489, fyrir að aka miðvikudaginn 28. ágúst 1991, undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt, bifreiðinni R-18360 um Vesturlandsveg á Kjalarnesi í Kjósarsýslu, uns lögreglan stöðvaði akstur hans skammt frá bænum Móum.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og að áréttuð verði svipting ökuleyfis ævilangt samkvæmt 2. mgr. 101. gr., sbr. 102. gr. nefndra umferðarlaga".

Málavextir.

Miðvikudaginn 28. ágúst sl. ók ákærði bifreiðinni R-18360 um Vesturlandsveg á Kjalarnesi í Kjósarsýslu áleiðis til Reykjavíkur, uns lögreglan stöðvaði aksturinn skammt frá bænum Móum. Ákærði hafði neytt áfengis nóttina fyrir aksturinn og fann til áfengisáhrifa við hann. Neytti ákærði eigi áfengis við aksturinn eða eftir að honum lauk. Var ákærða tekið blóðsýni til ákvörðunar á alkóhólmagni, og samkvæmt niðurstöðu rannsóknar þess mældist alkóhólmagn í því 1,54‰. Ákærði var sviptur ökuleyfi ævilangt með dómi 18. nóvember 1981, en samkvæmt sakavottorði var honum „veitt ökuleyfi á ný" af dómsmálaráðuneytinu 30. nóvember 1984.

Niðurstöður.

Sannað er með afdráttarlausri játningu ákærða, sem er í samræmi við niðurstöðu alkóhólrannsóknar og annað það, sem fram er komið í málinu, að ákærði hefur umrætt sinn ekið nefndri bifreið undir áfengisáhrifum,

svo sem rakið er í ákæru. Varðar sú háttsemi ákærða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Svo sem hér að framan greinir, var ákærða ,,veitt ökuleyfi á ný" af dómsmálaráðuneytinu 30. nóvember 1984. Var ákærði því eigi sviptur ökuréttindum ævilangt við aksturinn, svo sem honum er gefið að sök í ákæru, og ber að sýkna hann af þeirri háttsemi. Ákærði hafði á hinn bóginn ekki fengið út gefið ,,gilt ökuskírteini" eftir ,,ökuleyfisveitinguna" og braut þannig með nefndum akstri gegn 1. mgr. 48. gr. nefndra umferðarlaga.

Sakaferill ákærða.

Samkvæmt sakavottorði sættist ákærði 27. janúar 1978 í dómi á sektargreiðslu og sviptingu ökuleyfis eitt ár frá sama degi að telja vegan ölvunaraksturs, og 18. nóvember 1981 var hann dæmdur til greiðslu sektar og sviptingar ökuleyfis ævilangt frá 2. október s.á. vegna ítrekaðs ölvunaraksturs. Hefur ákærði eigi sætt kærum eða refsingum að öðru leyti.

Refsing.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga, og verður hún ákveðin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 35.000 króna sekt, sem gjaldist í ríkissjóð innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa, en afplánist ella með varðhaldi tólf daga.

Krafa um, ,,að áréttuð verði svipting ökuleyfis ævilangt".

Í ákæru er þess krafist, að áréttuð verði svipting ökuleyfis ákærða ævilangt, og í því sambandi vísað til 2. mgr. 101. gr., sbr. 102. gr. umferðarlaga.

Svo sem áður greinir, var ákærði sviptur ökuréttindum ævilangt frá 2. október 1981 með dómi 18. nóvember s. á. Í málinu liggur frammi bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dagsett 30. nóvember 1984, til lögreglustjórans í Reykjavík. Í upphafi þess segir, að ráðuneytið hafi ákveðið samkvæmt heimild í 4. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968 (sbr. 1. mgr. 106. gr., sbr. 2. mgr. ákvæða til bráðabirgða í gildandi umferðarlögum, innskot dómsins), að ákærða skuli að nýju veitt ökuréttindin. Segir síðan orðrétt: ,,Samkvæmt þessu er yður heimilað að láta viðkomandi í té ökuskírteini, sbr. 50. gr. reglugerðar nr. 787/1983 um ökukennslu, próf ökumanna o.fl." Reglugerðarákvæði þetta heimilar lögreglustjóra að krefjast þess, að sá, sem fær ökuskírteini afhent að nýju að loknum sviptingartíma, skuli gangast undir bifreiðarstjóraapróf að nýju, og skal það að jafnaði gert, ef svipting hefur staðið lengur en eitt ár.

Með því að veita lögreglustjóranum í Reykjavík heimild til að láta ákærða í té ökuskírteini að nýju, felldi dómsmálaráðuneytið hina ævilöngu

ökuleyfissviptingu ákærða frá 2. nóvember 1981 úr gildi og heimilaði ákærða að gangast undir ökupróf að nýju og fá út gefið ökuskírteini. Var ákærði þannig jafnsettur manni, sem aldrei hefur öðlast ökuleyfi. Samkvæmt 2. mgr. 101. gr. umferðarlaga skal réttindasvipting vara ævilangt, ef annars vegar sakir eru miklar og hins vegar ef brot er ítrekað öðru sinni. Hvorki er um að ræða miklar sakir í máli þessu né að brot ákærða sé ítrekað öðru sinni, en ítrekunaráhrif dómsins frá 18. nóvember 1981 féllu niður fyrir liðlega fimm árum.

Með vísan til framanskráðs þykir því bera að synja kröfu ákæruvaldsins um, „að áréttuð verði svipting ökuleyfis ævilangt".

Umferðarlög nr. 50, 1987, heimila eigi sviptingu réttar til að öðlast ökuleyfi, eins og umferðarlög nr. 40, 1968, gerðu, sbr. dóm Hæstaréttar frá 27. júní 1988 í málinu nr. 150/1988 og dóm réttarins 16. janúar 1989 í málinu nr. 115/1988, en samkvæmt 81. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, hefði ákærði í máli þessu verið sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi eitt ár.

Sakarkostnaður.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Rögnvaldur Axel Rögnvaldsson, greiði 35.000 króna sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi tólf daga.

Synjað er kröfu ákæruvalds um, „að áréttuð verði svipting ökuleyfis ævilangt".

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Föstudaginn 10. apríl 1992.

Nr. 259/1991. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Skúla Rósantssyni
(Guðni Á. Haraldsson hrl.).

Líkamsárás. Brot gegn friðhelgi einkalífs. Krafa um opinbera ákæru.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. júní 1991 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákæruvalds til þyngingar refsingu.

Við yfirheyrslu hjá lögreglu 22. október 1988 kvaðst Anna Kristín Ásmundsdóttir kæra ákærða fyrir þá háttsemi, sem ákært er fyrir í málinu. Kæruna ítrekaði hún tveim dögum síðar.

Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti fjallaði ríkissaksóknari um það og síðar skipaður verjandi ákærða, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974, hvort með þessu væri fullnægt áskilnaði 2. tl. a 242. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Skipaður verjandi mótmælti því, að ný yfirlýsing kæranda um þetta kæmist nú að í málinu. Var það atriði tekið til úrskurðar, um leið og málið var tekið til dóms að afloknum málflutningi.

Samdægurs var kærandi kvödd fyrir sakadóm Keflavíkur og innt eftir því, hvort hún gerði kröfu um, „að ákærða ... verði refsað fyrir að hafa ... ruðst inn í bifreiðina Ö-12121 og neitað að fara úr henni, er ökumaður hennar ... skoraði á hann að gera það". Kvaðst kærandi gera eindregna kröfu um, að ákærða yrði refsað fyrir téða háttsemi.

Eins og málið horfir nú við, er ljóst, að áskilnaði nefnds ákvæðis 242. gr. laga nr. 19/1940 er fullnægt.

Ákærði ruddist inn í leigubifreiðina Ö-12121, neitaði að fara út þrátt fyrir ítrekuð tilmæli bifreiðarstjórans, Önnu Kristínar, og

veittist að henni með líkamlegu ofbeldi með þeim afleiðingum, að hún fékk áverka á vinstri hönd og úlnlið.

Fallast ber á það með héraðsdómara, að ákærði hafi með þessu athæfi brotið gegn 1. mgr. 217. gr. og 231. gr. almennra hegningarlaga. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin í héraðsdómi. Staðfest er ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

Gögn máls þessa voru að lokinni lögreglurannsókn send ríkissaksóknara 29. nóvember 1988, en ákæra í málinu var gefin út 12. mars 1990. Verður að átelja þenna drátt á málsmeðferð.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Skúli Rósantsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, Guðna Á. Haraldssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Keflavíkur 1. mars 1991.

Ár 1991, föstudaginn 1. mars, er á dómþingi sakadóms Keflavíkur, sem háð er að Vatnsnesvegi 33, Keflavík, af Sigurði Halli Stefánssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í máli nr. 88/2987: Ákæruvaldið gegn Skúla Rósantssyni, sem dómtekið var 25. f. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dags 12. mars 1991, á hendur Skúla Rósantssyni, Heiðarbóli 1, Keflavík, fæddum 3. september 1960, fæðingarnúmer 564, „fyrir að hafa að kvöldi laugardagsins 22. október 1988 við Hjallaveg 5, Njarðvík, ruðst inn í leigubifreiðina Ö-12121 og neitað að fara úr henni, er ökumaður hennar, Anna Kristín Ásmundsdóttir, fædd 24. apríl 1965, skoraði á hann að gera það, og síðan í átökum við hana snúið upp á vinstri hönd hennar með þeim afleiðingum, að hún tognaði í úlnlið og vöðva vinstri handar.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. og 231. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar og skaðabóta".

Samkvæmt skýrslu lögreglunnar í Keflavík óskaði leigubifreiðarstjóri eftir aðstoð lögreglunnar að Hjallavegi 5, Njarðvík, laugardaginn 22. október 1988 kl. 23. Þar hittu lögreglumenn Önnu K. Ásmundsdóttur, Kirkjuvegi 42, Keflavík, kt. 240465-4269, ökumann Ö-12121. Hún var mjög miður sín og kvað dökkhærðan meðalmann í svörtum stuttum jakka hafa ráðist að sér. Hann hefði tekið stefnuna á Fífumóa 3 D og væri staddur í íbúð Hafsteins Ingibergssonar. Lögreglumennirnir héldu strax þangað og mættu í útidyrum þeim Hafsteini Ingibergssyni, Fífumóa 3 D, Njarðvík, kt. 290366-3139, og ákærða í máli þessu, en lýsing Önnu Kristínar átti við hann. Segir síðan í skýrslunni:

— — —

Áverkavottorð H. Hermannssonar, heilsugæslulæknis í Keflavík, dags. 23.10.1988, hljóðar svo: „Bifreiðarstjóri (A.K.Á.), það var ráðist á hana í vinnu. Tilkynnt á heilsugæslu kl. 23.35 22.10.1988. Skoðun: 23.10.1988 kl. 12.30: Kvartar um verki v. úlnlið, sem leiðir fram í hendi (sic). Hún er með afrifu í v. úlnlið, þroti í úlnlið, sennilega blæðing í liðum og tognun. Eymsli fram í enbrosseal-bil handarbaks, sennil. tognun eða blæðing í enbrosseal-vöðva v. handar."

Ákærði og vitnin Anna Kristín Ásmundsdóttir og Hafsteinn Ingibergsson hafa gefið skýrslu hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi. Verður nú að meginefni greint frá framburði þeirra.

Anna Kristín Ásmundsdóttir:

Hún ók leigubifreiðinni Ö-12121 frá Ökuleiðum og var, er atvikið gerðist, að bíða eftir farþegum, sem hún var með, meðan þeir fóru inn í fjölbýlishúsið Hjallaveg 5, Njarðvík.

Tveir ölvaðir menn, Hafsteinn Ingibergsson, sem hún þekkti fyrir, og ákærði, komu út úr fjölbýlishúsinu. Ákærði ruddist rakleitt inn í bifreiðina, tók sér sæti í framsætinu og skipaði henni (sic) að aka sér að K.K.-húsinu (Glaumbergi) í Keflavík. Hún margbað hann að fara út úr bifreiðinni, en hann neitaði því, þrátt fyrir það að hún sýndi honum, að gjaldmælirinn væri í gangi og að hún væri í biðtúr. Ákærði hótaði henni, kallaði hana illum nöfnum, þreif í hana og skipaði henni að aka sér. Hún sló hann þá í andlitið með handarbaki. Ákærði þreif þá um hendur hennar og sneri hana niður eins langt og hægt var. Hún kallaði margsinnis á Hafstein Ingibergsson, sem hafði gengið frá bifreiðinni, en kom til baka og kastaði af sér vatni yfir „húddið", áður en hann fékk ákærða til að koma með sér í burtu. Hún áætlaði, að atburðarásin hefði varað í 10-15 mínútur.

Ákærði:

Þeir Hafsteinn Ingibergsson voru að búast til brottfarar frá fjölbýlishúsinu Hjallavegi 5, Njarðvík, í skemmtistaðinn Glaumberg eða K.K.-húsið við Vesturbraut í Keflavík og höfðu hringt á leigubifreið. Þeir voru báðir nokkuð ölvaðir. Er þeir komu út, stóð þar leigubifreið. Settist hann í framsætið og spurði, hvort bifreiðin væri upptekin (sic). Stúlkan, sem var ökumaður, sagði, að svo væri. Hann sagði, að sér væri sama, hvort hún væri upptekin eða ekki, hún skyldi bara slökkva á mælinum, setja í gang á ný og aka sér í K.K.-húsið. Hann skipaði henni þannig tvisvar-þrisvar að aka þrátt fyrir neitun hennar. Hún öskraði þá: „Drullaðu þér út úr bílnum!" Hann hagræddi sér í sætinu og krosslagði hendur, sá, að Hafsteinn var að pissa við hlið dekks bifreiðarinnar (eða upp á „húddið"). Þá skipti engum togum, að stúlkan lamdi hann í andlitið með flötum lófa vinstri handar. Hann greip þá í vinstri hönd hennar og síðan hægri hönd, dró hana að sér og sagði: „Réttast væri að slá þig líka, tíkin þín." Þá kallar hún: „Hafsteinn, hjálpaðu mér!" Hafsteinn kom þá, greip í öxl ákærða og skipaði honum að koma. Þeir fóru þá saman í burtu. Atburðarásin varði 1/2-1 mínútu, þann tíma, sem það tók Hafstein að kasta af sér vatni, enda fór hann ekki frá bifreiðinni, meðan rimman stóð yfir. Um glens var að ræða af hans hálfu, hann hafði alltaf ætlað sér að fara út úr bifreiðinni, enda ekki lokað dyrum hennar.

Hafsteinn Ingibergsson:

Þeir ákærði höfðu hringt á leigubifreið að Hjallavegi 5, Njarðvík, og töldu leigubifreið, sem renndi að húsinu, vera bifreið sína. Þeir gengu að henni. Kona var bifreiðarstjóri, og sá hann ekki, hver það var, þrátt fyrir það að ljós var kveikt í bifreiðinni, en frétti síðar, að þar hefði verið Anna, sem um tíma hafði búið með bróður hans. Ákærði fór á undan að bifreiðinni og settist við hlið bifreiðarstjórans. Sjálfur fór hann ekki inn í bifreiðina, þar sem honum var mál að pissa, heldur gerði þarfir sínar við hægri hlið bifreiðarinnar framanverðrar og horfði á meðan stöðugt inn í bifreiðina. Hann veitti því athygli, að ákærði og konan rifust og hún kallaði: „Drullaðu þér út úr bílnum." Ákærði krosslagði hendur. Þá sló konan hann með flötum lófa í andlitið, án þess að ákærði hefði áður ógnað henni. Ákærði tók þá um hendur konunnar, grúfði sig yfir hana og fetti þær niður. Hún kallaði þá: „Hafsteinn, hjálpaðu mér," en hafði ekki áður kallað á hann. Er hann hafði lokið við að kasta af sér vatni, en atburðarásin varði á meðan í um 1/2-1 mínútu, fór hann til ákærða og bað hann að koma, sem hann gerði þegar í stað. Dyrnar við hlið ákærða voru opnar allan tímann.

— — —

Sannað er með framburði ákærða og vitna, lögregluskýrslu og áverkavottorði, að ákærði hefur gerst sekur um brot, sem greinir í ákæru. Fráleitt er, að atlaga ákærða að Önnu Kristínu Ásmundsdóttur hafi réttlæst af neyðarvörn, enda var honum auðvelt, þar sem hann sat við hlið Önnu Kristínar, að fara út um opnar dyr bifreiðarinnar. Bar honum enda að gera svo þegar í upphafi, er honum var tjáð, að bifreiðin væri ekki til reiðu fyrir hann. Viðbrögð Önnu Kristínar, er hún sló til ákærða, hljóta á hinn bóginn eftir atvikum að teljast réttlætanleg miðað við aðstæður og þar sem ákærði lét ekki skipast við orð hennar. Um tímalengd atburðarásar, þar sem svo kann að virðast sem ákærða og vitninu Hafsteini Ingibergssyni beri nákvæmlega saman (1/2-1 mínúta), er það hins vegar álit dómsins, að svo sé ekki í raun, þar sem Hafsteinn bar, að ákærði hefði farið á undan sér að bifreiðinni og sest við hlið bifreiðarstjórans.

Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði sætt refsingum sem hér segir: [Tveimur sektum fyrir umferðarlagabrot].

Refsing ákærða samkvæmt 1. mgr. 217. gr. og 231. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981, sbr. 1. mgr. 77. gr. laga nr. 19/1940, þykir hæfilega ákvörðuð sekt 60.000 kr., og komi varðhald tuttugu daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa. Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Rúnars Mogensens hdl., 40.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Skúli Rósantsson, greiði sekt, 60.000 kr., og komi varðhald tuttugu daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Rúnars Mogensens hdl., 40.000 krónur.

Föstudaginn 10. apríl 1992.

Nr. 163/1992. **Ákæruvaldið**

gegn

Sigurjóni Reyni Eiríkssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar. Var kærunni lýst við uppkvaðningu úrskurðarins.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

I.

Af hálfu varnaraðila er því haldið fram, að ríkissaksóknari hafi ekki fært fram nein rök fyrir því, að nauðsynlegt sé að framlengja gæsluvarðhaldið vegna rannsóknar málsins. Varnaraðili hafi þegar setið 15 daga í gæsluvarðhaldi. Aðrir grunaðir hafi verið leystir úr haldi, og geti það ekki torveldað rannsókn málsins, að varnaraðili sé frjáls ferða sinna. Hafi hann lýst sakleysi sínu. Krafan um framlengingu gæsluvarðhalds virðist eingöngu gerð í þeim tilgangi að knýja fram játningu.

II.

Varnaraðili þessa máls er grunaður um að hafa fjármagnað og skipulagt innflutning á miklu magni fíkniefna, þar á meðal efna, sem fundust við leit á þremur mönnum á Keflavíkurflugvelli við komu þeirra frá Lúxemborg 22. mars sl.

Rannsókn stendur enn yfir á því, hvernig fjár til fíkniefnakaupanna var aflað. Enn fremur á eftir að afla gagna um tíðar utanferðir varnaraðila að undanförnu. Ætla má, að varnaraðili geti torveldað þessa rannsókn.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn kærða úrskurð. Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 7. apríl 1992.

Ár 1992, þriðjudaginn 7. apríl, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Bjarna Stefánssyni ftr. og þá upp kveðinn svofelldur úrskurður.

— — —

Niðurstöður.

Verið er að rannsaka ætluð brot gegn lögum nr. 65, 1974, og reglugerð nr. 16, 1986.

Sigurjón Reynir Eiríksson er grunaður um fíkniefnamisferli, sem myndi, ef sannað teldist, varða hann fangelsisrefsingu. Þykir því 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 ekki girða fyrir beitingu gæsluvarðhalds í þessu tilviki.

Rannsókn á ætluðum fíkniefnainnflutningi Sigurjóns er enn á frumstigi samkvæmt gögnum máls, þrátt fyrir það að Sigurjón hafi setið í gæsluvarðhaldi frá 23. mars sl.

Rannsókn á vissum þáttum þessa máls mun þó vera lokið að mestu leyti, svo sem þætti Ragnars Jakobssonar, Sigurbjörns Eiríkssonar og Bryndísar Eiríksdóttur, enda munu þau hafa verið látin laus úr gæsluvarðhaldi.

Af hálfu lögreglu er talið, að Sigurjón geti torveldað rannsókn málsins, ef hann gengur laus, því að eftir er að rannsaka fjármálahlið málsins að verulegu leyti auk þess að afla gagna um það, hverjir hafi verið með Sigurjóni á ferðalögum hans erlendis.

Með vísan til þess auk annars ofanritaðs þykir í þágu rannsóknarhagsmuna svo og 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, rétt að verða við kröfu lögregluyfirvalda og ákvarða, að gæsluvarðhald Sigurjóns skuli framlengt, en þó ekki lengur en til kl. 12.00 miðvikudaginn 15. apríl 1992.

Úrskurðarorð:

Framlengt er gæsluvarðhald Sigurjóns Reynis Eiríkssonar, kt. 231060-2439, allt til kl. 12.00 miðvikudaginn 15. apríl 1992.

Miðvikudaginn 15. apríl 1992.

Nr. 149/1992. **Ós-húseiningar hf.**

gegn

þrotabúi Byggingarfélagsins Óss hf.

Kærumál. Löghald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Sóknaraðili hefur með kæru 24. mars 1992 skotið til Hæstaréttar úrskurði fógetaréttar Garðakaupstaðar, sem kveðinn var upp daginn áður, í fógetamálinu nr. 36/1991. Kæruheimild er í 5. mgr. 25. gr. laga nr. 18/1949 um kyrrsetningu og lögbann, sbr. 3. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Gögn kærumálsins bárust Hæstarétti 1. þ.m.

Sóknaraðili krefst þess aðallega, að fógetamálið verði hafið, til vara, að löghald verði aðeins heimilað til tryggingar kröfu, að fjárhæð 38.446.147 krónur, og til þrautavara, að löghaldsfjárhæð verði lægri en ákveðin var í fógetarétti 6. desember 1991. Krafist er kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Með löghaldsbeiðni, sem lögð var fram í fógetarétti Garðakaupstaðar 3. desember 1991, fór varnaraðili fram á, að lagt yrði löghald á eignir sóknaraðila til tryggingar skuldum hans við þrotabúið, að fjárhæð 96.089.492 krónur, auk vaxta og kostnaðar. Skuld þessi er sprottin af kaupum sóknaraðila á steypuverksmiðju og fleiru af varnaraðila.

Með úrskurði fógetaréttar Garðakaupstaðar 6. desember var fallist á, að löghaldið yrði lagt á til tryggingar framangreindri kröfu. Jafnframt var gerðarbeiðanda gert að setja 10.000.000 króna tryggingu, og var hún lögð fram á þinginu.

Löghaldsmálið hefur síðan verið tekið fyrir 15 sinnum í fógetaréttinum. Hefur annars vegar verið deilt um, hvort þær eignir, sem vísað hefur verið á til löghalds, væru fullnægjandi trygging, en hins vegar um fjárhæð þeirrar kröfu, sem varnaraðili krefst, að tryggð verði með löghaldi.

Löghaldsmálinu er því ekki enn lokið, og staðfestingarmál hefur ekki verið höfðað.

Með hliðsjón af 2. mgr. 1. gr. laga nr. 18/1949 ber að staðfesta hinn kærða úrskurð með tilvísun til forsendna hans.

Sóknaraðili greiði varnaraðilum kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Ós-húseiningar hf., greiði varnaraðila, þrotabúi Byggingarfélagsins Óss hf., 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður fógetaréttar Garðakaupstaðar 23. mars 1992.

Gerðarbeiðandi er þrotabú Byggingarfélagsins Óss hf.

Gerðarþoli er Ós hf., húseiningar, Garðabæ.

Hinn 6. desember sl. var í fógetarétti Garðakaupstaðar kveðinn upp úrskurður á þá leið, að löghaldskrafa gerðarbeiðanda á hendur gerðarþola, að fjárhæð 96.089.492 kr., auk drv. frá 31.12. 1989 til greiðsludags skuli ná fram að ganga.

Í forsendum ofangreinds úrskurðar segir m.a., að af hálfu gerðarþola hafi ekki verið sýnt fram á það, að tvímælalaust megi telja, að gerðarbeiðandi eigi ekki þau réttindi, er hann hyggst tryggja.

Í réttarhaldi 5. febrúar sl. var af hálfu gerðarþola lögð fram yfirlýsing frá Landsbanka Íslands og á grundvelli hennar krafist lækkunar á höfuðstól löghaldskröfunnar.

Fógeti ákvað með vísan til 4. mgr. 25. gr. l. 18/1949 að gera aðilum kost á að skila greinargerð um ágreiningsefnið.

Í greinargerð gerðarþola, dags. 20. mars 1992, er gerð sú krafa, að framangreind ákvörðun fógeta frá 6. desember sl. verði tekin upp að nýju og endurmetin á grundvelli nýrra gagna og upplýsinga og löghaldið verði hafið, til vara aðeins heimiluð fyrir 38.446.147 kr., en til þrautavara fyrir lægri fjárhæð en úrskurðuð var í réttarhaldi 6.12. 1992. Þá er krafist málskostnaðar af hálfu gerðarbeiðanda (sic).

Af hálfu gerðarbeiðanda er sú krafa gerð, að hafnað verði kröfu gerðarþola um lækkun þegar úrskurðaðrar löghaldskröfu, að fjárhæð 96.089.492 kr., auk dráttarvaxta og kostnaðar, um 28.096.440 kr.

Gerð er krafa um, að gerðarþola verði gert að greiða gerðarbeiðanda málskostnað að skaðlausu vegna þessa þáttar málsins, er beri dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Í greinargerð gerðarþola segir um álitaefnið:

„Varðandi ofangreinda skuld við Landsbanka Íslands er þetta að segja: Í gerðarbeiðni gerðarbeiðanda, dags. 27.11. 1991, segir m.a. orðrétt: „Hér hefur því engin bein greiðsla farið fram af hálfu Óss-húseininga hf., sem nemur lánsfjárhæðinni, né heldur hefur láni þessu verið létt af Byggingarfélaginu Ósi hf., þar sem kröfueigandinn, Landsbanki Íslands, hefur ekki samþykkt Ós-húseiningar hf. sem skuldara."

Þá segir jafnframt í sömu greinargerð: „Fjárhæð þessi sé þannig til komin, að annars vegar hafi Ós-húseiningar hf. ekki efnt loforð sitt um yfirtöku skulda Landsbanka Íslands og auk þess ..."

Í bréfi Landsbanka Íslands, dags. 5.2. 1992, kemur fram, að bankinn hefur samþykkt skuldskeytingu ofangreinds láns og hefur jafnframt afturkallað kröfu sína í þrotabú gerðarbeiðanda.

Ljóst er skv. þessu, að þessi málsástæða gerðarbeiðanda er fallin niður. Skuldskeytingin hefur verið samþykkt, gerðarþoli samþykkti hana með undirritun á afsal og kaupsamning, krafan í þrotabú gerðarbeiðanda hefur verið afturkölluð, og skuld Landsbankans er jafnframt tryggð með veði, 7.500.000 kr. upphaflega skv. veðbr., dags. 9.10. 1987, í Suðurhrauni 2, Garðabæ, og 20.000.000 kr., útg. 30.8. 1988, og 15.000.000 kr., útg. 31.1. 1989, með veði í Suðurhrauni 2 A, Garðabæ.

Ljóst er skv. þessu, að eytt hefur verið allri óvissu um greiðsluskyldu gerðarþola á þessari skuld gerðarbeiðanda. Yrði ákvörðun fógetaréttar látin standa óbreytt, væri verið að dæma gerðarþola til þess að tvígreiða skuld þessa.

Þess vegna ber af þessum ástæðum nú þegar að lækka löghaldskröfuna um 28.095.440 kr. auk áfallandi vaxta."

Í réttarhaldi 20. mars sl. voru af hálfu gerðarþola lögð fram nokkur ný gögn og því lýst yfir, að þau sönnuðu, að gerðarþoli hefði greitt fyrir gerðarbeiðanda, eftir að kaup á verksmiðjunni að Suðurhrauni 2, Garðabæ, fóru fram, laun, launatengd gjöld og forgangskröfur.

Af hálfu fógeta er litið svo á, að áður hafi verið fjallað um þessar málsvarnir gerðarþola í heild, og vísast um það til úrskurðar, upp kveðins 6. desember 1991.

Í greinargerð gerðarbeiðanda er vísað til 3. bls. í greinargerð gerðarþola, dags. 5. desember 1991. Þar komi sú málsástæða fram, að hann hafi þegar greitt hluta löghaldskröfunnar með yfirtöku skulda við Landsbanka Íslands, að fjárhæð 28.095.440 kr. Með úrskurði sínum í framhaldi af framlagningu nefndrar greinargerðar og mótmælum gerðarbeiðanda við framangreindum staðhæfingum gerðarþola tók fógeti til greina kröfu gerðarbeiðanda um löghald í eignum gerðarþola fyrir 96.089.492 kr. auk vaxta og kostnaðar.

Það leiðir því beint af orðalagi 4. mgr. 25. gr. l. nr. 18/1949, að fógeti geti ekki breytt ákvörðun sinni, þótt gerðarþoli leggi nú fram yfirlýsingu Landsbanka Íslands í þá veru, að hann samþykki gerðarþola sem skuldara tiltekinna skulda, sem stofnað var til við Landsbanka Íslands í nafni Byggingarfélagsins Óss hf., en með veði í eignum Óss-húseininga hf.

Hér skiptir og máli, að skuldir Byggingarfélagsins Óss hf., sem gerðarþoli hefur nú samkvæmt yfirlýsingu Landsbanka Íslands tekið við, hvorki voru né eru tryggðar með veði í hinum seldu verðmætum. Þvert á móti virðast þær tryggðar með veði í eignum gerðarþola sjálfs að Suðurhrauni 2 A, Garðabæ, sbr. að þessu leyti skýrslu Sigurðar Tómassonar á réttarskjali nr. 5, bls. 3. Með yfirtöku skulda við Landsbanka Íslands sé því gerðarþoli aðeins að taka við almennri kröfu Landsbanka Íslands í þrotabú Byggingarfélagsins Óss hf., sem bankinn hefur síðan afturkallað úr búinu.

Ef fallist væri á kröfu gerðarþola í þessum þætti málsins, væri í raun verið að fallast á þá vörn, er hann reisti mál sitt á í upphafi, það er, að hann geti með greiðslu eða yfirtöku hinna og þessara krafna á hendur þrotabúi Byggingarfélagsins Óss hf. greitt að fullu kaupverð hins selda. Málsástæður í þessa veru hafði gerðarþoli uppi í upphaflegri greinargerð sinni í máli þessu til að reyna að afstýra löghaldsúrskurði; þær hafi því þegar komið til greina við fyrri ákvarðanir fógeta og verða því ekki hafðar uppi nú, þegar leggja skal löghald á fasteign, lager og lausafé gerðarþola, svo að gerðarbeiðandi teljist hafa fullnægjandi tryggingar fyrir kröfu sinni.

Niðurstaða.

Vegna framlagningar rskj. nr. 13, sem er yfirlýsing frá Landsbanka Íslands um samþykkt skuldskeytingar á skuldum Byggingarfélagsins Óss hf., en þar segir meðal annars, að „samkvæmt framansögðu tekur Ós-húseiningar hf. að sér ofangreindar skuldir í samræmi við kaupsamning milli Byggingarfélagsins Óss hf. og Óss hf., húseininga, dags. 11.11. 1989", var aðilum gerður kostur á með vísan til 4. mgr. 25. gr. l. 18/1949 að skila greinargerðum um álitaefnið.

Í fyrri greinargerð gerðarþola, dags. 5. desember 1991, 3. bls., er því lýst yfir, að gerðarþoli hafi tekið við skuldum við Landsbanka Íslands. Sbr. endurskoðunarskýrslu, dags. 19.11. 1991, nemi skuld við yfirtöku 28.095.440 kr. Það sjáist á rskj. nr. 5, að skuldirnar séu tryggðar með veði í hinum seldu fasteignum. Enda þótt svo væri ekki, hafi kaupandi yfirtekið þessar skuldir, það sé óumdeilt, þannig fært í reikninga bæði sóknaraðila og varnaraðila, þannig uppgert af löggiltum endurskoðendum. Ef krafa sóknaraðila yrði tekin til greina, yrði varnaraðili að tvígreiða upphæðina. Hér í þessu máli sé ekki deilt um jöfnuð milli kröfuhafa.

Framangreind staðhæfing í greinargerð gerðarþola lá fyrir fógeta við

uppkvaðningu úrskurðar 6. desember sl., og verður ekki talið, að fógeti geti nú breytt ákvörðun sinni þrátt fyrir framangreinda yfirlýsingu Landsbanka Íslands.

Það er álit fræðimanna, að ef atriði það eða ástæða, sem endurupptaka eða niðurfelling kyrrsetningar er byggð á, er eldri en kyrrsetningin, verði að greina milli þess, hvort atriðið hafi áður legið fyrir fógeta eða ekki. Hafi atriðið ekki áður legið fyrir fógeta eða hafi a.m.k. ekki komið til greina við fyrri ákvarðanir hans, getur hann breytt fyrri ályktunum sínum vegna þeirra atriða. Séu málavextir hins vegar að öllu óbreyttir og hafi áður legið fyrir fógeta, getur hann ekki breytt ákvörðun sinni, enda þótt hann hafi skipt um skoðun og telji nú fyrri ákvörðun sína ranga.

Ekki verður heldur talið, að fógeti geti lagt á það mat í löghaldsmáli þessu, hvort gerðarþoli geti með greiðslu eða yfirtöku hinna og þessara krafna á hendur þrotabúi Byggingarfélagsins Óss hf. lækkað úrskurðaða löghaldskröfu. Málsástæður í þessa veru hafði gerðarþoli uppi í greinargerð sinni, dags. 5.12. 1991. Þær lágu fyrir fógeta við uppkvaðningu úrskurðar 6.12. 1991 og verða ekki hafðar uppi nú.

Krafa gerðarþola um, að löghaldið verði hafið eða til vara fyrir lægri fjárhæð en úrskurðað var 6. desember sl., er ekki tekin til greina.

Málskostnaður er ekki úrskurðaður á þessu stigi málsins.

Rúnar S. Gíslason, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Krafa gerðarþola um, að löghaldið verði hafið, til vara aðeins heimilað fyrir lægri fjárhæð en úrskurðað var 6. desember 1991, er ekki tekin til greina.

Miðvikudaginn 15. apríl 1992.

Nr. 154/1992. **Landssamtökin Þroskahjálp vegna Sigríðar Árnadóttur**
gegn
Guðmundi J. Guðjónssyni,
Guðrúnu V. Sverrisdóttur,
félagsmálaráðherra og
Helgu Ingólfsdóttur fyrir hönd
Páls Helga Arnarsonar.

Kærumál. Meðalganga. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Sóknaraðili kærði hinn 18. mars síðastliðinn til Hæstaréttar dóm, sem kveðinn var upp á bæjarþingi Seltjarnarness 6. sama mánaðar, en með honum var vísað frá dómi meðalgöngusök, sem sóknaraðili hafði höfðað 19. nóvember 1991. Aðalkrafa sóknaraðila í héraði var sú, að meðalgangan yrði heimiluð. Um kæruheimild vísar sóknaraðili til b-liðar 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Hér fyrir dómi krefst hann þess, að héraðsdómur verði felldur úr gildi og „lagt verði fyrir héraðsdóminn að leggja efnisdóm á málið".

Af hálfu varnaraðilanna Guðmundar J. Guðjónssonar og Guðrúnar V. Sverrisdóttur er aðallega krafist staðfestingar héraðsdóms varðandi frávísun. Til vara er sú krafa gerð, að meðalgöngu verði hafnað. Þá er krafist málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar auk virðisaukaskatts og vaxtavaxta.

Af hálfu varnaraðilans Helgu Ingólfsdóttur f.h. Páls Helga Arnarsonar hefur komið fram greinargerð í kærumáli þessu. Segir þar: „...eru ekki gerðar sjálfstæðar kröfur fyrir Hæstarétti, en lýst yfir stuðningi við kröfur sóknaraðila".

Frá félagsmálaráðherra hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Með vísan til forsendna hins kærða frávísunardóms ber að staðfesta hann.

Sóknaraðili greiði varnaraðilunum Guðmundi J. Guðjónssyni og

Guðrúnu V. Sverrisdóttur málskostnað í héraði og kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir. Er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Sóknaraðili hefur byggt kæru þessa á fyrrgreindu ákvæði í 21. gr. laga nr. 75/1973, enda kvað héraðsdómari upp frávísunardóm. Héraðsdómari átti einnig þann kost að synja um meðalgöngu án formlegrar frávísunar. Var kæra og heimil eftir i-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laganna.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Landssamtökin Þroskahjálp vegna Sigríðar Árnadóttur, greiði varnaraðilunum Guðmundi J. Guðjónssyni og Guðrúnu V. Sverrisdóttur 50.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Dómur bæjarþings Seltjarnarness 6. mars 1992.

Meðalgöngumál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 31. janúar sl., hafa Landssamtökin Þroskahjálp, kt. 521176-0409, Suðurlandsbraut 32, Reykjavík, höfðað fyrir dóminum með þingfestingu málsins 19. nóvember sl. fyrir hönd Sigríðar Árnadóttur, kt. 250775-5479, Sæbraut 2, Seltjarnarnesi, á hendur Guðmundi J. Guðjónssyni, kt. 190733-2629, Guðrúnu V. Sverrisdóttur, kt. 110343-2059, báðum til heimilis að Sæbraut 3, Seltjarnarnesi, og félagsmálaráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, Reykjavík, vegna meðferðarheimilisins að Sæbraut 2 á Seltjarnarnesi.

Dómkröfur.

1. Meðalganga Landssamtakanna Þroskahjálpar f.h. Sigríðar Árnadóttur verði leyfð í bæjarþingsmálinu nr. 605/1991: Guðmundur J. Guðjónsson og Guðrún V. Sverrisdóttir gegn félagsmálaráðherra.

2. Vísað verði frá dómi þeim þætti í kröfugerð stefnenda í bæjarþingsmáli nr. 605/1991, sem lýtur að banni við rekstri á „sambýli eða annars konar stofnun fyrir einhverfa eða aðra þroskahefta á Sæbraut 2 á Seltjarnarnesi". Einnig er þess krafist, að stefndi í málinu, félagsmálaráðherra, verði sýknaður af öllum öðrum kröfum stefnenda.

3. Til vara, að stefndi í bæjarþingsmáli 605/1991, félagsmálaráðherra, verði sýknaður af öllum kröfum stefnenda.

4. Í báðum tilvikum er þess krafist, að stefnendum í bæjarþingsmáli 605/1991 verði gert að greiða meðalgöngustefnanda málskostnað að mati réttarins.

Þess er jafnframt krafist, að dráttarvextir samkv. 10. gr. laga nr. 25/1987 leggist við dæmdan málskostnað að liðnum 15 dögum frá uppkvaðningu dóms. Þess er jafnframt krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól málskostnaðar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn tólf mánuðum eftir upphafsdag dráttarvaxta. Einnig er krafist virðisaukaskatts á málflutningsþóknun.

Í munnlegum málflutningi mótmælti meðalgöngustefnandi frávísunarkröfu meðalgöngustefndu, Guðmundar J. Guðjónssonar og Guðrúnar V. Sverrisdóttur.

Dómkröfur meðalgöngustefndu, Guðmundar J. Guðjónssonar og Guðrúnar V. Sverrisdóttur, eru þær aðallega, að kröfu meðalgöngustefnanda verði vísað frá dómi, en til vara, að synjað verði um meðalgönguna.

Í munnlegum málflutningi féll lögmaður þessara meðalgöngustefndu frá þeim röksemdum fyrir varakröfu samkvæmt greinargerð, sem hafnað hafi verið af Hæstarétti með dómi í hæstaréttarmálinu nr. 504/1991 9. janúar sl.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi meðalgöngustefnanda samkvæmt mati dómsins að viðbættum virðisaukaskatti, að dæmdur málskostnaður beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1887 frá 15. degi eftir dómsuppsögu og til greiðsludags með ákvæði þess efnis, að áfallnir dráttarvextir skulu bætast við þann höfuðstól, sem dráttarvextir reiknast af, á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn tólf mánuðum eftir upphafsdag þeirra.

Af hálfu meðalgöngustefnda, félagsmálaráðherra, var ekki sótt þing við munnlegan málflutning í máli þessu, en í greinargerð hans og bréfi félagsmálaráðuneytisins er tekið fram, að ráðuneytið hafi ekkert við það að athuga, að meðalganga meðalgöngustefnanda verði heimiluð í málinu.

Við munnlegan málflutning í máli þessu var sótt þing af meðalgöngustefnanda í meðalgöngumáli nr. 1059/1991: Helga Ingólfsdóttir f.h. ólögráða sonar síns, Páls Helga Arnarsonar, sem heimiluð var meðalganga í máli nr. 605/1991 á bæjarþingi Seltjarnarness með dómi Hæstaréttar 8. janúar sl.

Dómkröfur þessa aðila eru þær, að Landssamtökunum Þroskahjálp vegna Sigríðar Árnadóttur verði heimiluð meðalganga í máli nr. 605/1991 á bæjarþingi Seltjarnarness.

Málsatvik.

Ríkissjóður er eigandi fasteignarinnar nr. 2 að Sæbraut á Seltjarnarnesi. Frá hausti 1989 hefur verið starfrækt þar meðferðarheimili fyrir einhverfa á vegum félagsmálaráðuneytisins.

Meðalgöngustefndu, Guðmundur J. Guðjónsson og Guðrún V. Sverris-

dóttir, sem búsett eru að Sæbraut 3, gegnt meðferðarheimilinu, sættu sig ekki við starfrækslu meðferðarheimilisins á þessum stað, og höfðuðu þau mál á hendur félagsmálaráðherra fyrir þessum dómi á síðasta ári, mál nr. 605/1991, þar sem þau krefjast þess, að félagsmálaráðherra verði dæmt óheimilt að starfrækja meðferðarheimili, sambýli eða annars konar starfsemi fyrir einhverfa eða aðra þroskahefta að Sæbraut 2 og að félagsmálaráðherra verði gert skylt að viðlögðum dagsektum að leggja niður þá starfsemi, sem fram fer í húsinu að Sæbraut 2.

Af hálfu félagsmálaráðherra er krafist frávísunar af hluta krafna stefnenda í umræddu máli og sýknu af öðrum kröfum, til vara sýknu af öllum kröfum stefnenda, en til þrautavara sýknu af hluta krafna stefnenda svo og af kröfu um dagsektir.

Með dómi Hæstaréttar 9. janúar sl. var Helgu Ingólfsdóttur f.h. ólögráða sonar síns, Páls Helga Arnarsonar, heimiluð meðalganga í máli þessu.

Dómkröfur hennar eru þær, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að meðalgöngustefnandi og félagsmálaráðherra verði sýknaðir af kröfum stefnanda.

Rök meðalgöngustefnanda, Landssamtakanna Þroskahjálpar, vegna Sigríðar Árnadóttur fyrir því, að leyfð verði meðalganga í máli nr. 605/1991, eru þau, að úrslit þess máls hljóti að skipta heimilisfólkið að Sæbraut 2, Seltjarnarnesi, verulegu máli. Ljóst sé, að ef fallist yrði á kröfur stefnenda, leystist heimilið upp. Einnig yrði vegið alvarlega að æru heimilisfólks með hliðsjón af þeim ásökunum, sem fram komi í greinargerð stefnenda. Hafa verði einnig í huga, að mál þetta hafi að hluta til verið rekið í fjölmiðlum af stefnendum. Stefnendur byggi þannig kröfugerð sína á hegðun heimilisfólksins á grundvelli nábýlisréttar. Þótt ríkisvaldið sé eigandi húseignarinnar og í forsvari fyrir heimilishaldinu, sé ljóst, að þessi rökstuðningur stefnenda fyrir kröfugerð sinni snerti ekki síður lögvarða hagsmuni heimilisfólksins til að verja gerðir sínar og æru.

Þá hljóti þau ungmenni, sem búa að Sæbraut 2, að eiga eins og aðrir lögvarinn rétt til afskipta, ef ráðist er á þau grundvallarmannréttindi, sem þeim eru tryggð í lögum. Í lögum um málefni fatlaðra nr. 41/1983 sé verið að tryggja fötluðum jafnrétti og sambærileg lífskjör við aðra þjóðfélagsþegna, þ.m.t. rétt þeirra til heimilis í íbúðarhverfi. Sigríður Árnadóttir sé ein af heimilisfólkinu að Sæbraut 2 og sjálfráða. Með hliðsjón af 5. gr. laga um málflytjendur nr. 61/1942 sé málið því rekið fyrir hennar hönd. Með samþykki foreldra hennar fari Landssamtökin Þroskahjálp með málið f.h. Sigríðar.

Tilgangur landssamtakanna sé samkvæmt 2. gr. félagslaga „að berjast fyrir réttindum og vinna að málefnum þroskaheftra í landinu og tryggja þeim fulla jafnréttisstöðu á við aðra þjóðfélagsþegna".

Aðilar að landssamtökunum geti orðið þau félög, sem vinna að tilgangi samtakanna.

Foreldrar Sigríðar Árnadóttur séu félagar í Umsjónarfélagi einhverfra barna, sem sé aðili að Þroskahjálp.

Því hafi verið talið eðlilegt af stjórn landssamtakanna, að þau reyndu að gæta hagsmuna heimilisfólksins að Sæbraut 2 og væru þannig í forsvari fyrir Sigríði varðandi rétt hennar til að hafa áhrif á gang bæjarþingsmáls nr. 605/1991.

Sigríður, sem fædd sé 25. júní 1975, sé þroskaheft, og hafi hún búið á heimilinu að Sæbraut 2 síðan í september 1989.

Á því væri byggt, að málsóknarumboð væri til staðar í íslenskum rétti, sbr. Hrd. 1974, 352, og 1969, 188.

Þá væri það grundvallaratriði í störfum landssamtakanna, að þroskaheftir séu ekki sviptir lögræði. Málsóknarumboð geri þessu fólki því kleift að fara í dómsmál án þess að vera svipt sjálfræði.

Af hálfu meðalgöngustefndu, Guðmundar J. Guðjónssonar og Guðrúnar V. Sverrisdóttur, er frávísunarkrafa þeirra á því reist, að málsóknarumboð meðalgöngustefnanda fyrir Sigríði Árnadóttur sé án heimildar að lögum. Verði ekki séð, við hvaða heimildir það umboð sé stutt. Dómar þeir, sem nefndir séu þessu til stuðnings í greinargerð meðalgöngustefnanda, veiti ekki fordæmi fyrir þessu. Komi það hvort tveggja til, að um allt annars konar sambönd hafi verið að ræða milli viðkomandi aðila en hér og sakarefni verið annars konar. Þá hafi málsóknarháttum í þeim málum verið látið ómótmælt.

Því séu engin lagarök fyrir því, að meðalgöngustefnandi geti farið með málið fyrir Sigríði. Þá styðji 5. gr. laga nr. 61/1942 ekki sjónarmið meðalgöngustefnanda.

Í greinargerð meðalgöngustefndu, Guðmundar J. Guðjónssonar og Guðrúnar V. Sverrisdóttur, er varakrafa studd sömu rökum og í máli nr. 1059/1991, sem dæmt var í Hæstarétti 8. janúar sl. og áður er getið. Í munnlegum málflutningi féll lögmaður meðalgöngustefndu frá þeim rökum fyrir varakröfunni, sem hafnað var í nefndum hæstaréttardómi. Hann taldi þó þann mun vera á málum þessum, að í máli nr. 1059/1991 hafi meðalgöngustefnandi bæði krafist sýknu sér til handa svo og félagsmálaráðherra, en í þessu væri einungis krafist sýknu til handa félagsmálaráðherra.

Af hálfu meðalgöngustefnanda í máli nr. 1059/1991: Helgu Ingólfsdóttur f.h. ólögráða sonar síns, Páls Helga Arnarsonar, eru málsástæður og lagarök í þessu máli þau, að kröfur stefnenda í máli nr. 605/1991 geti varðað alla menn. Hver og einn geti því átt að lögum rétt til meðalgöngu skv. ákv. 50. gr. eml. nr. 85/1936. Þessi málshöfðunarréttur taki einnig til lög-

legra félagsmanna, sem vinna að málefnum þroskaheftra og fái til þess opinberan stuðning.

Þá er vitnað í ákvæði stjórnarskrár og lög um málefni fatlaðra nr. 41/1983 og bent á, að verði kröfur stefnenda í máli nr. 605/1991 teknar til greina, þá muni það útiloka heimilishald fyrir þroskahefta að Sæbraut 2 á Seltjarnarnesi, bæði varðandi þá, sem þar búa nú, og aðra, sem síðar kynnu að vilja búa þar.

Álit dómsins.

Í 5. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur eru taldir upp þeir, sem geta farið með mál fyrir dómi. Í 2. mgr. 5. gr. segir, að sé aðili einstakur maður, geti hann jafnan látið frændur sína að feðgatali eða niðja, maka sinn, systkini sín, tengdaforeldri eða tengdabarn, stjúpforeldri, kjörforeldri eða kjörbarn fara með mál fyrir sig.

Í 3. mgr. sömu greinar segir m.a., að sé mál rekið fyrir héraðsdómi í Reykjavík eða á Akureyri, sbr. og fleiri staði skv. auglýsingu nr. 242/1976, og aðili fari ekki sjálfur með mál sitt eða fyrirsvarsmaður eða venslamaður samkvæmt áðursögðu, þá skuli hann fela meðferð þess héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanni.

Síðar í sömu málsgrein segir, að í greindum kaupstöðum megi maður ekki ella flytja mál annars manns í hans eða sjálfs sín nafni, nema hann standi í áðurnefndu sambandi við aðila eða sé héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmaður.

Þótt ótvírætt þyki með vísan til áðurnefnds hæstaréttardóms í meðalgöngumáli nr. 1059/1991, að Sigríður Árnadóttir eigi lögvarinna hagsmuna að gæta varðandi málalyktir í máli nr. 605/1991 á bæjarþingi Seltjarnarness og eigi af þeim sökum rétt til meðalgöngu í því máli, þá er ekki að finna í íslenskum rétti heimild til að fela samtökum eins og meðalgöngustefnanda slíka málsókn fyrir hennar hönd. Það er í andstöðu við áðurnefnda 5. gr. laga nr. 61/1942 og á sér ekki stoð í öðrum réttarheimildum. Tilvitnaðir hæstaréttardómar verða eigi taldir veita fordæmi að þessu leyti.

Samkvæmt þessu þykir réttarfarsskilyrðum ekki vera fullnægt fyrir málshöfðun þessari, og ber því að taka aðalkröfu meðalgöngustefndu, Guðmundar J. Guðjónssonar og Guðrúnar V. Sverrisdóttur, til greina og vísa málinu frá dómi.

Eftir atvikum þykir rétt að ákveða, að hver aðili beri sinn kostnað af máli þessu.

Dómsuppsaga í máli þessu hefur dregist vegna veikinda dómara.

Finnbogi H. Alexandersson héraðsdómari kveður dóm þennan upp.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 15. apríl 1992.

Nr. 155/1992. **Öryrkjabandalag Íslands**
gegn
Guðmundi J. Guðjónssyni,
Guðrúnu V. Sverrisdóttur,
félagsmálaráðherra og
Helgu Ingólfsdóttur fyrir hönd
Páls Helga Arnarsonar.

Kærumál. Meðalganga. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Sóknaraðili kærði hinn 18. mars síðastliðinn til Hæstaréttar dóm, sem kveðinn var upp á bæjarþingi Seltjarnarness 4. mars. Með honum var vísað frá meðalgöngusök, sem sóknaraðili hafði höfðað 13. desember 1991. Aðalkrafa sóknaraðila fyrir bæjarþinginu var sú, að meðalganga yrði heimiluð. Um kæruheimild vísar sóknaraðili til i-liðar 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Hér fyrir dómi krefst hann þess, að héraðsdómurinn verði felldur úr gildi „og meðalganga heimiluð í málinu". Jafnframt er krafist málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Af hálfu varnaraðilanna Guðmundar J. Guðjónssonar og Guðrúnar V. Sverrisdóttur er krafist staðfestingar héraðsdóms, þó þannig, að sóknaraðili verði dæmdur til að greiða málskostnað í héraði með vaxtavöxtum auk virðisaukaskatts. Þá er krafist kærumálskostnaðar að viðbættum virðisaukaskatti.

Af hálfu varnaraðilans Helgu Ingólfsdóttur f.h. Páls Helga Arnarsonar hefur komið fram greinargerð þar sem segir m.a.: „... eru ekki gerðar sjálfstæðar kröfur fyrir Hæstarétti, en lýst yfir stuðningi við kröfur kæranda ..."

Félagsmálaráðherra hefur ekki skilað greinargerð til Hæstaréttar og ekki gert dómkröfur.

Mál þetta var höfðað af varnaraðilunum Guðmundi og Guðrúnu gegn félagsmálaráðherra. Kröfur þeirra varða starfrækslu meðferðarheimilis í húsi á Seltjarnarnesi, sem er í ríkiseign. Félagsmálaráðherra tók til varna, og síðar var varnaraðilanum Helgu f.h. sonar

síns heimiluð meðalganga, en sonurinn dvelst á heimilinu. Tilgangur Öryrkjabandalags Íslands er eftir lögum þess meðal annars sá að vinna að sameiginlegum málefnum öryrkja. Almenn sjónarmið um stöðu öryrkja koma til skoðunar í máli því, sem varnaraðilarnir Guðmundur og Guðrún hafa höfðað, en málið fer eftir almennum reglum um sakarforræði aðila. Efnisdómur mun binda þessa aðila. Á skortir, að hagsmunir þeir, sem öryrkjabandalagið lætur sig varða, séu svo afmarkaðir og varði með svo beinum hætti ágreininginn í aðalsök, að það eigi rétt til meðalgöngu eftir 50. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði til að koma að þeim kröfum, sem lýst er í héraðsdómi.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn kærða dóm.

Sóknaraðili greiði varnaraðilunum Guðmundi J. Guðjónssyni og Guðrúnu V. Sverrisdóttur málskostnað í héraði og kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir. Er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Öryrkjabandalag Íslands, greiði varnaraðilunum Guðmundi J. Guðjónssyni og Guðrúnu V. Sverrisdóttur 50.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Dómur bæjarþings Seltjarnarness 4. mars 1992.

Meðalgöngumál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 31. janúar sl., hefur Öryrkjabandalag Íslands, kt. 420369-6979, Hátúni 10, Reykjavík, höfðað fyrir dóminum með þingfestingu þess 17. desember 1991 á hendur Guðmundi J. Guðjónssyni, kt. 190733-2629, og Guðrúnu V. Sverrisdóttur, kt. 110343-2059, báðum til heimilis að Sæbraut 3, Seltjarnarnesi, og félagsmálaráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur, kt. 041042-4869, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, Reykjavík, til meðalgöngu í bæjarþingsmáli nr. 605/1991.

I.

Dómkröfur.

Aðalkrafa meðalgöngustefnanda, sem snýr að bæði stefnendum og stefndu í málinu, er sú, að meðalganga verði heimiluð í málinu.

Aðalkrafa meðalgöngustefnanda, sem snýr að stefnendum, er, að málinu verði vísað frá dómi að öllu leyti eða hluta.

Til vara er þess krafist, að viðurkenndur verði réttur til að starfrækja meðferðarheimili, sambýli eða annars konar heimili fyrir fatlaða að Sæbraut 2 á Seltjarnarnesi.

Til þrautavara er þess krafist, að stefndi félagsmálaráðherra verði sýknaður af öllum kröfum stefnenda.

Til ýtrustu þrautavara er þess krafist, að stefndi félagsmálaráðherra verði sýknaður af kröfum stefnenda um, að þeim verði dæmt óheimilt að starfrækja sambýli eða annars konar stofnun fyrir einhverfa eða aðra þroskahefta að Sæbraut 2 á Seltjarnarnesi.

Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar að meðtöldum virðisaukaskatti samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, og beri málskostnaður dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Í meðalgöngustefnu er málið sagt höfðað af Öryrkjabandalagi Íslands vegna Umsjónarfélags einhverfra. Í munnlegum málflutningi lýsti lögmaður meðalgöngustefnanda yfir því, að meðalgöngustefnandi í málinu væri Öryrkjabandalag Íslands, en ekki Umsjónarfélag einhverfra. Það félag væri hins vegar aðili að Öryrkjabandalagi Íslands. Málið sé því ekki höfðað vegna Umsjónarfélags einhverfra, eins og það félag væri aðili.

Af hálfu meðalgöngustefndu, Guðmundar J. Guðjónssonar og Guðrúnar V. Sverrisdóttur, eru endanlegar dómkröfur þær, að synjað verði kröfu meðalgöngustefnanda um meðalgöngu í framangreindu bæjarþingsmáli nr. 605/1991.

Þá er þess krafist, fari svo, að meðalganga verði leyfð, að vísað verði frá dómi þeirri varakröfu meðalgöngustefnanda um efnishlið máls nr. 605/1991, að „viðurkenndur verði réttur til að starfrækja meðferðarheimili, sambýli eða annars konar heimili fyrir fatlaða að Sæbraut 2 á Seltjarnarnesi".

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi meðalgöngustefnanda skv. mati dómsins að viðbættum virðisaukaskatti. Beri dæmdur málskostnaður dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu og til greiðsludags með ákvæði þess efnis, að áfallnir dráttarvextir skuli bætast við þann höfuðstól, sem dráttarvextir skuli reiknast af, á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn tólf mánuðum eftir upphafsdag þeirra.

Í greinargerð var af hálfu framangreindra meðalgöngustefndu aðallega krafist frávísunar meðalgöngusakarinnar, en eftir málflutningsyfirlýsingu lögmanns meðalgöngustefnanda um, hvernig aðild væri háttað, sbr. það, sem að framan er rakið, var fallið frá frávísunarkröfunni.

Af hálfu meðalgöngustefnda, félagsmálaráðherra, er í greinargerð og í bréfi félagsmálaráðuneytisins tekið fram, að félagsmálaráðuneytið hafi

ekkert við það að athuga, að meðalganga Öryrkjabandalags Íslands verði leyfð.

Við munnlegan málflutning í máli þessu var sótt þing af meðalgöngustefnanda í meðalgöngumáli nr. 1059/1991: Helga Ingólfsdóttir f. h. Páls Helga, sem heimiluð var meðalganga í bæjarþingsmáli nr. 605/1991 með dómi Hæstaréttar Íslands 8. janúar sl.

Dómkrafa þessa aðila er, að Öryrkjabandalagi Íslands verði heimiluð meðalganga í máli nr. 605/1991.

Lögboðnar sáttaumleitanir dómara báru ekki árangur.

II.

Málsatvik.

Ríkissjóður er eigandi fasteignarinnar nr. 2 að Sæbraut á Seltjarnarnesi. Frá hausti 1989 hefur verið starfrækt þar meðferðarheimili fyrir einhverfa á vegum félagsmálaráðuneytisins.

Meðalgöngustefndu, Guðmundur og Guðrún, sem búsett eru gegnt meðferðarheimilinu, að Sæbraut 3, sættu sig ekki við starfrækslu meðferðarheimilisins á þessum stað og höfðuðu mál á hendur félagsmálaráðherra fyrir þessum dómi á síðastliðnu ári, mál nr. 605/1991, þar sem þau krefjast þess, að félagsmálaráðherra verði dæmt óheimilt að starfrækja meðferðarheimili, sambýli eða annars konar stofnun fyrir einhverfa eða aðra þroskahefta að Sæbraut 2 á Seltjarnarnesi og að félagsmálaráðherra verði gert skylt að viðlögðum dagsektum að leggja niður þá starfsemi, sem fram fer í húsinu að Sæbraut 2.

Af hálfu félagsmálaráðherra er krafist frávísunar af hluta krafna stefnenda í umræddu máli og sýknu af öðrum kröfum, til vara er krafist sýknu af öllum kröfum stefnenda, en til þrautavara sýknu af hluta af kröfum stefnenda svo og af kröfum um dagsektir.

Með dómi Hæstaréttar 8. janúar sl. var Helgu Ingólfsdóttur f. h. ólögráða sonar síns, Páls Helga, heimiluð meðalganga í umræddu máli.

Dómkröfur hennar eru þær í fyrsta lagi, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að félagsmálaráðherra verði sýknaður.

III.

Rök meðalgöngustefnanda fyrir því, að honum skuli leyfð meðalganga í máli nr. 650/1991, eru þau, að samkvæmt 2. gr. laga Öryrkjabandalags Íslands komi fram, að tilgangur þess sé m.a. að koma fram fyrir öryrkja gagnvart opinberum aðilum í hvers kyns hagsmunamálum og vinna að öðrum sameiginlegum málefnum öryrkja. Það sé mikið hagsmunamál allra félaga öryrkjabandalagsins, að kröfugerð stefnenda í máli nr. 605/1991 nái ekki fram að ganga. Meðalgöngustefnandi hafi því ríka lögvarða hagsmuni

af því að tryggja, að viðurkenndur verði réttur til að starfrækja meðferðarheimili, sambýli eða annars konar heimili fyrir fatlaða að Sæbraut 2.

Samkvæmt 8. gr. laga öryrkjabandalagsins geti félagasamtök, sem starfa á landsgrundvelli og hafi það aðalverkefni að vinna að málefnum tiltekinna öryrkjahópa, gengið í bandalagið. Umsjónarfélagi einhverfra hafi nú verið veitt aðild að bandalaginu, og hafi stjórn umsjónarfélagsins farið þess á leit við meðalgöngustefnanda, að gætt verði hagsmuna félagsins og íbúanna að Sæbraut 2 í umræddu máli.

Íbúunum að Sæbraut 2 hafi ekki verið stefnt í málinu, og hafi þeir því ekki átt þess kost að gæta réttar síns. Íbúarnir eigi þar sitt heimili í samræmi við landslög, og hljóti þeir því að eiga lögvarða hagsmuni af því, hvort heimili þeirra verði lagt niður eða ekki.

Í lögum nr. 44/1983 komi fram, að markmið laganna sé m.a. að tryggja fötluðum jafnrétti og sambærileg lífskjör við aðra þjóðfélagsþegna og búa þeim skilyrði til þess að lifa eðlilegu lífi og hasla sér völl í samfélaginu, þar sem þeim vegnar best. Þetta sé í samræmi við óskráðar grundvallarreglur laga um jöfnuð, sanngirni og réttlæti sem og ýmsa alþjóðlega sáttmála, sem gangi í þessa átt, svo sem alþjóðasamning um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, félagsmálaráðs Evrópu, Norðurlandasamning um félagslegt öryggi og barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þá megi benda á lög nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og 66., 70. og 78. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944.

Af öllu framanskráðu megi ljóst vera, að meðalgöngustefnandi eigi mjög brýna lögvarða hagsmuni í skilningi 50. gr. laga nr. 85/1936 af því, að kröfur hans verði teknar til greina og að meðalganga verði heimiluð í málinu. Meðalgöngustefnandi sé heildarsamtök fatlaðra á Íslandi og sé ásamt Landssamtökunum Þroskahjálp viðurkenndur sem slíkur í lögum um málefni fatlaðra. Hvorugum þessara aðila hafi hins vegar verið gerður kostur á að gæta hagsmuna sinna skv. lögum um málefni fatlaðra í málinu.

Af hálfu meðalgöngustefndu, Guðmundar og Guðrúnar, eru rök fyrir því, að synja beri um meðalgönguna, þau, að ekki sé fullnægt skilyrðum 50. gr. laga nr. 85/1936 fyrir henni. Því sé mótmælt, að meðalgöngustefnandi eigi nokkra þá aðild að sakarefni málsins nr. 605/1991, að skilyrðum 50. gr. eml. sé fullnægt. Samkvæmt ákvæðinu sé það skilyrði, að úrslit máls skipti mann máli að lögum. Í því felist, að meðalgöngustefnandi þurfi að eiga einhvers konar lagalega aðild að réttarsambandinu milli meðalgöngustefndu og félagsmálaráðherra. Svo sé ekki í þessu máli. Meðalgöngustefnandi sé samkvæmt framlögðum málskjölum einhvers konar hagsmunasamtök fyrir öryrkja, og sjálfsagt sé tilgangur Umsjónarfélags einhverfra svipaður, þ.e. að vera hagsmunafélag fyrir einhverfa. Það sé hins vegar ekki nóg til lagalegrar aðildar að tilteknu réttarsambandi, að einhver aðili,

einn eða í félagi við aðra, lýsi yfir því, að hann hafi áhuga á því málasviði, sem réttarsambandið varðar. Í útburðarmáli húseigandans A gegn leigutakanum B kynni að reyna á atriði, sem húseigendafélaginu og leigjendasamtökum fyndust áhugaverð. Varla myndi það duga þeim til aðildar að málinu skv. 50. gr. eml. Krafa meðalgöngustefnanda í máli þessu sé hliðstæð þessu dæmi.

Kröfu sína um frávísun á varakröfu meðalgöngustefnanda, fari svo, að meðalganga verði heimiluð, styðja meðalgöngustefndu eftirfarandi rökum:

„1. Krafan greinir ekki, hver eigi að fá þessa viðurkenningu. Þannig er óljóst, hvort verið er að krefjast viðurkenningar á þessum rétti til handa félagsmálaráðherra eða meðalgöngustefnanda, hvort sem hann er nú Öryrkjabandalag Íslands eða Umsjónarfélag einhverfra. Kannski er verið að krefjast þessarar viðurkenningar fyrir hvern sem er? Orðalag kröfunnar bendir til þess. Þetta hlýtur þegar í stað að leiða til frávísunar þessarar kröfu. Vísast í því efni til 88. gr., 1. tl. c-liðar, í lögum nr. 85/1936.

2. Verði maðalganga leyfð, kemur ekki til greina, að umbj. mínir þurfi að una því, að utanaðkomandi aðili, sem alls ekki stendur fyrir neinum rekstri að Sæbraut 2 og hefur reyndar ekki, svo að vitað sé, nein réttindi fyrir þeirri fasteign, fái í málinu að gera dómkröfu um rétt til að reka starfsemi í húsinu (þ.e., ef túlka ber kröfuna svo og meðalgöngustefnandi sé að krefjast þess réttar sér til handa). Kröfugerð um þetta hlýtur að ganga gegn 67. gr. laga nr. 85/1936."

Af hálfu meðalgöngustefnanda í máli nr. 605/1991, Helgu Ingólfsdóttur f.h. ólögráða sonar, Páls Helga Arnarsonar, eru þau rök m.a. færð fram fyrir því, að heimila beri Öryrkjabandalagi Íslands meðalgöngu í því máli, að kröfugerð stefnenda í því máli útiloki heimilishald fyrir þroskahefta að Sæbraut 2 á Seltjarnarnesi og varði þannig beint alla þroskahefta, einnig, að það varði beint alla þá, sem hafa á höndum lögráð, tilsjón eða aðra aðstoð við þroskahefta, hvort sem það er af skyldu eða fúsum vilja. Þá muni dómur í samræmi við kröfu stefnenda torvelda þeim þroskaheftum, sem síðar kynnu að vilja búa á Seltjarnarnesi, búsetu þar. Með vísan til þess, að enginn heill maður geti verið öruggur um að sleppa við þroskaheftingu af völdum slyss eða sjúkdóms síðar á ævinni, sé ljóst, að allir, þroskaheftir sem aðrir, geti átt aðild að máli nr. 605/1991. Málsaðildarréttur skv. 50. gr. eml. taki einnig til löglegs félags, sem vinni að málum þroskaheftra og fái opinberan stuðning til þess. Vísað er til 70. gr. og 78. gr. stjórnarskrárinnar og laga nr. 41/1983 um málefni fatlaðra.

IV.

Álit dómsins.

Eins og áður er rakið, er meðalgöngustefnandi bandalag félaga, sem starfa á landsgrundvelli með það aðalverkefni að vinna að málefnum til-

tekinna öryrkjahópa, og er markmið þess m.a. að koma fram fyrir hönd öryrkja gagnvart opinberum aðilum í hvers kyns hagsmunamálum og vinna að öðrum sameiginlegum málefnum öryrkja. Samkvæmt 1. gr. laga nr. 41/1983 um málefni fatlaðra er eitt af markmiðum laganna að tryggja heildarsamtökum fatlaðra og félögum þeirra áhrif á ákvarðanir um málefni sín, svo sem með því að leita umsagnar heildarsamtaka fatlaðra eða sérstakra félaga þeirra eða styrktarfélaga fatlaðra, sem hlut eiga að máli hverju sinni við gerð og framkvæmd áætlana, laga og reglugerða, er þau varða.

Samkvæmt 3. gr. sömu laga fer sérstök stjórnarnefnd með yfirstjórn málefna fatlaðra, og er hlutverk hennar skilgreint í greininni. Nefndin er skipuð sjö mönnum, og þar af tilnefna Landssamtökin Þroskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands þrjá.

Samkvæmt 5. gr. laganna skulu skipaðar svæðisstjórnir í hverju hinna átta svæða, sem tilgreind eru í 4. gr. laganna. Sjö manns skipa hverja svæðisstjórn, og tilnefna Landssamtökin Þroskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands einnig þrjá menn í svæðisstjórnir.

Svæðisstjórnum eru falin margvísleg verkefni í lögunum varðandi málefni fatlaðra og þjónusta við þá. Þessar stofnanir, sem nefndar hafa verið, eru því opinbert stjórnvald með ákveðið hlutverk.

Með hliðsjón af dómi Hæstaréttar Íslands 8. janúar sl. í meðalgöngumáli nr. 1059/1991 þykir ljóst, að verði dómkröfur stefnenda í aðalsök teknar til greina, þá muni einhverfir, sem búsettir eru á meðferðarheimilinu að Sæbraut 2, ekki eiga þess kost að dveljast þar áfram, þar sem þá verði að lögum óheimilt að halda áfram starfsemi þess. Þessi niðurstaða í aðalsök myndi því skipta heimilismenn máli að lögum án tillits til þess, hvernig varið sé réttarsambandi þeirra og félagsmálaráðherra.

Þótt meginmarkmið meðalgöngustefnanda sé að gæta hagsmuna öryrkja í hvívetna og þótt meðalgöngustefnandi tilnefni stjórnarmenn í stjórnarnefnd og svæðisstjórnir samkvæmt lögum nr. 41/1983, þá er ekki saman að jafna þeim hagsmunum, sem heimilismenn velferðarheimilis hafa af úrslitum aðalsakar, og þeim hagsmunum, sem meðalgöngustefnandi hefur af úrslitunum.

Heimilismennirnir missa beinlínis sitt heimili, verði dómkröfur stefnenda í aðalsök teknar til greina, án þess að þeir eigi kost á sambærilegu heimili. Hagsmunir meðalgöngustefnanda eru hins vegar meira almenns eðlis, þ.e. varða meira hagsmunamál fatlaðra almennt og þau áhrif, sem dómur í aðalsök kynni að hafa almennt á þeirra hagsmuni.

Til þess ber og að líta, að dómur í aðalsök tekur einvörðungu til þess sakarefnis, sem þar er til efnismeðferðar, og bindur einvörðungu aðila þess máls. Fordæmisgildi dóms í því máli skapar því ekki út af fyrir sig rétt annarra til meðalgöngu í málinu, sem ekki hafa beinna hagsmuna að gæta eins og

íbúar meðferðarheimilisins. Þá verður ekki talið, að meðalgöngustefnandi fari með eða geti farið með slíkt mál fyrir íbúana að Sæbraut 2. Slíkt væri óheimilt að lögum.

Með hliðsjón af framansögðu er niðurstaða máls þessa sú, að meðalgöngustefnandi þykir ekki hafa sýnt fram á það, að úrslit aðalsakar skipti hann máli að lögum í skilningi 50. gr. laga nr. 85/1936, og ber því að synja honum um meðalgöngu í máli nr. 605/1991.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsuppsaga hefur dregist vegna veikinda dómara.

Finnbogi H. Alexandersson héraðsdómari kveður dóm þennan upp.

Dómsorð:

Meðalgöngustefnanda, Öryrkjabandalagi Íslands, er synjað um meðalgöngu í máli nr. 605/1991 á bæjarþingi Seltjarnarness.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 15. apríl 1992.

Nr. 164/1992. **Ákæruvaldið**
gegn
Áslaugu Cassata.

Kærumál. Ákæra. Frávísunardómur sakadóms felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 6. apríl sl. Um kæruheimild er vísað til 3. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Kæran ásamt gögnum barst Hæstarétti 8. sama mánaðar.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að hinum kærða frávísunardómi verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Frá varnaraðila hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

I.

Hinn 21. ágúst 1990 undirrituðu tveir starfsmenn Verðlagsstofnunar vottorð um, hvernig háttað væri verðmerkingu söluvara í verslun Fókuss hf., Lækjargötu 6 B, Reykjavík. Í vottorðinu er gefið til kynna, að verðmerkingu á söluvörum bæði inni í versluninni og í gluggum hennar hafi verið „áfátt/mjög áfátt". Efni vottorðsins er í stöðluðu formi með prentuðum texta, þar á meðal hin tilvitnuðu orð, sem eru undirstrikuð. Neðan við nafnritun starfsmannanna er skráð, að 27. sama mánaðar hafi þetta „aðeins lagast, en vantar samt mikið á". Athugasemd þessi er óundirrituð. Samkvæmt nafnritun á vottorðið var samrit þess afhent starfsmanni í versluninni.

Hinn 27. ágúst 1990 sendi Verðlagsstofnun Fókus hf. bréf með athugasemd vegna nefndrar könnunar og viðvörun um kæru, ef ekki yrði úr bætt. Kæra var send Rannsóknarlögreglu ríkisins 18. september sama ár.

Hinn 11. október 1990 var tekin skýrsla hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins af varnaraðila, stjórnarformanni Fókuss hf., sem rekur umrædda verslun. Í skýrslu hennar kemur meðal annars fram, að

dýrir hlutir í gluggum verslunarinnar hafi ekki verið verðmerktir vegna hættu á þjófnaði. Þá sé óvinnandi vegur að verðmerkja allan varning í versluninni, svo sem allar þær gleraugnaumgjörðir, sem þar séu á boðstólum. Varnaraðili gagnrýnir í skýrslunni vinnubrögð starfsmanna Verðlagsstofnunar að því leyti, að ekki hafi sömu starfsmenn komið í verslunina í þau skipti, er könnun verðmerkingar fór fram, og þá hafi ekki verið rætt við hana, heldur starfsfólk í versluninni. Óeðlilegt sé, að það séu ekki sömu starfsmenn stofnunarinnar, sem kanni verðmerkingu hverju sinni, þegar um ítrekaðar kannanir er að ræða.

Hinn 20. september 1991 fór enn fram á vegum Verðlagsstofnunar könnun á verðmerkingu vara í umræddri verslun. Um hana segir í vottorði tveggja starfsmanna stofnunarinnar, sem dagsett er sama dag:

„Gluggi með gleraugum, 56 stk. í glugga. Verðmerkt 10. Ómerkt 46. Verðmiðar á vörum sjást ekki frá gangstétt, gluggi með ljósmyndavörum 43 stk. í glugga. Verðmerkt 40 stk. Ómerkt 3 stk."

Hinn 25. september 1991 gaf varnaraðili á ný skýrslu hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins vegna verðmerkingar í verslun Fókuss hf. Kveðst hún í skýrslu þessari ekki sjá, hvernig setja eigi skilti með verði við allar gleraugnaumgjörðir í versluninni. Slíku myndi fylgja gífurleg vinna. Sífellt sé verið að skipta um sýnishorn umgjörða. Í þessari skýrslu kemur fram, að varnaraðili hafi verið viðstödd í versluninni, þegar starfsmenn Verðlagsstofnunar gerðu þar fyrstu könnun verðmerkingar

Hinn 24. ágúst 1990 könnuðu tveir starfsmenn Verðlagsstofnunar verðmerkingu í verslun Týlis hf., Austurstræti 6, Reykjavík, en varnaraðili var einnig í fyrirsvari þeirrar verslunar. Sams konar eyðublað var notað fyrir athugasemdir og áður getur, og er strikað undir orðin „áfátt/mjög". Fram kemur í vottorði starfsmanna Verðlagsstofnunar, að um var að ræða sýningarglugga verslunarinnar. Áritun á vottorðið ber með sér, að starfsmanni verslunarinnar hafi verið afhent samrit þess. Neðan við undirskriftir starfsmanna stofnunarinnar er skráð svofelld athugasemd 28. sama mánaðar: „Engin lagfæring sjáanleg." Undir athugasemd þessa eru rituð nöfn sömu starfsmanna.

Hinn 4. september 1990 sendi Verðlagsstofnun Týli hf. bréf með

athugasemd vegna umræddrar könnunar og viðvörun um kæru, ef eigi yrði úr bætt fyrir 7. sama mánaðar. Kæra var send Rannsóknarlögreglu ríkisins 18. sama mánaðar.

Hinn 11. október 1990 gaf varnaraðili skýrslu hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins vegna þessarar kæru. Greinir hún frá því, að við hverja könnun verðmerkingar í versluninni hafi eingöngu verið rætt við starfsfólk þar, en aldrei hafi verið rætt við sig.

Varnaraðili gaf skýrslu hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins 25. september 1991 vegna verðmerkingar í þessari verslun, þar sem hún greinir frá því, að reynt hafi verið að verða við tilmælum Verðlagsstofnunar, eftir því sem tími vannst til. Smám saman hafi afgreiðslumaður í versluninni verðmerkt allar vörur í sýningargluggum hennar. Hún tók og fram, að öllum rekstri verslunar Týlis hf. hafi verið hætt í bili, þegar hér var komið.

Meðal gagna málsins er bréf, er Verðlagsstofnun sendi Rannsóknarlögreglu ríkisins 20. september 1991. Í bréfi þessu er ýtarleg greinargerð um kannanir þær á verðmerkingu, sem að framan eru raktar, svo og upplýsingar um ýmis atriði, er þeim tengjast.

II.

Hvorki voru teknar skýrslur hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins af þeim starfsmönnum Verðlagsstofnunar, sem hér áttu hlut að, né af öðrum starfsmönnum verslananna en ákærðu. Ekki voru heldur teknar ljósmyndir í verslununum. Þess er hins vegar að gæta, að eftir að lögregluransókn hafði farið fram, lágu fyrir fimm vottorð um sjö athuganir á verðmerkingu í verslununum, fjórar skýrslur ákærðu og önnur gögn. Af skýrslum ákærðu verður ráðið, að hún hafi látið þessum vottorðum ómótmælt, en talið verðmerkingu óframkvæmanlega eða óæskilega vegna hættu á þjófnaði. Þá kemur ekki annað fram í skýrslunum en ákærða sjálf hafi haft forsögn um það, hvernig merkingu var hagað. Ríkissaksóknari heimilaði á sínum tíma að ljúka máli þessu með sátt, en ákærða hafnaði því. Var ákæra þá gefin út. Dómsrannsókn hefur enn ekki farið fram. Að svo vöxnu máli eru ekki efni til að vísa ákærunni frá dómi. Ber að fella hinn kærða dóm úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Ákvörðun um greiðslu til verjanda ákærðu bíður efnisdóms í málinu.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur er felldur úr gildi, og er lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar að nýju.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 31. mars 1992.

Ár 1992, þriðjudaginn 31. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Guðjóni St. Marteinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 154/1992: Ákæruvaldið gegn Áslaugu Cassata, sem tekið var til úrlausnar 26. mars sl.

Málsatvik.

Ríkissaksóknari samþykkti með bréfi 22. nóvember sl. til sakadóms Reykjavíkur, að máli því, er hér er til meðferðar, yrði lokið með dómsátt. Ákærðu í máli þessu var boðið að ljúka málinu með dómsátt fyrir sakadómi Reykjavíkur 4. febrúar sl., en hún féllst ekki á að ljúka málinu þannig og kvaðst telja, að hún hefði ekki brotið gegn þeim lagaákvæðum, er ríkissaksóknari vísaði til í framangreindu bréfi sínu til sakadóms Reykjavíkur.

Hinn 13. febrúar sl. gaf ríkissaksóknari út ákæru á hendur Áslaugu Cassata, Sóleyjargötu 29, hér í borg, fæddri 23. október 1926. Áslaug er ákærð „fyrir að hafa í ágúst og september 1990, nema annars sé getið, sem stjórnarformaður verslananna Týlis hf., Austurstræti 6, og Fókuss hf., Lækjargötu 6 B, báðum í Reykjavík, stillt upp eða látið stilla upp vörum til sýnis og sölu í verslununum án verðmerkinga eða án fullnægjandi verðmerkinga, svo sem hér er nánar rakið:

1) Í sýningarglugga og inni í versluninni Fókus hf. 21. og 27. ágúst og 4. september stillt upp vörum til sýnis og sölu með svo til engum verðmerkingum, þannig, að merkingum inni í versluninni var áfátt og í sýningarglugga hennar mjög áfátt, og 20. september 1991 stillt upp 49 óverðmerktum hlutum í glugga verslunarinnar, en alls voru þar til sýnis og sölu 99 hlutir.

2) Í sýningarglugga í versluninni Týli hf. 24. og 28. ágúst og 7. september stillt út vörum til sýnis og sölu með svo til engum verðmerkingum".

Þessi ætlaða háttsemi er í ákæruskjali talin varða við „1. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 52. gr. laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti nr. 56, 1978, sbr. tilkynningu Verðlagsstofnunar í Lögbirtingablaðinu 10. september 1980".

Málið var þingfest hér fyrir dómi 5. þ.m., og á dómþingi 20. þ.m. krafðist verjandi ákærðu þess, að ákæru í málinu yrði vísað frá sakadómi. Taldi verjandi frumrannsókn málsins vera svo ábótavant, að ekki væri unnt að

leggja efnisdóm á málið og að frumrannsóknin gæti ekki talist viðhlítandi grundvöllur til útgáfu ákæru. Þá var það fundið að rannsókninni, að enginn þeirra aðila, er unnið höfðu að rannsókn málsins f.h. Verðlagsstofnunar, hefði verið yfirheyrður. Þá var tekið fram, að engin nákvæm lýsing, sundurgreining eða ljósmyndir, er sýndu, í hverju ætluð brot væru talin falin, væru meðal gagna málsins. Verjandi taldi sakarefnin því algjörlega ótilgreind og verknaðarlýsing í ákæru fullnægði því ekki lagaskilyrðum. Loks nefndi verjandi ákærðu, að ákærða hefði aldrei verið yfirheyrð um það, hvort hún hefði stillt upp eða látið stilla upp vörum til sýnis, en ákærða sé ákærð fyrir að hafa stillt upp eða látið stilla upp munum til sýnis og sölu í þeim tveimur verslunum, er í ákæru greinir.

Ríkissaksóknari skilaði greinargerð vegna frávísunarkröfunnar og mótmælti þar frávísunarkröfu verjandans og ítrekaði kröfu sína um, að málið yrði rannsakað og dæmt fyrir dóminum.

Niðurstöður.

Hinn 4. febrúar 1991 sendi ríkissaksóknari Rannsóknarlögreglu ríkisins bréf vegna rannsóknar máls þess, er leiddi til ákæru í máli þessu. Í bréfi ríkissaksóknara segir meðal annars svo: „Þess er óskað, að upplýst verði, í hverju brotin eru talin felast, en í kærunum segir, að verðmerkingum á söluvörum hafi verið áfátt/mjög áfátt, og verði kærða yfirheyrð í framhaldi af því." Hinn 20. september sl. ritaði lögfræðingur Verðlagsstofnunar Rannsóknarlögreglu ríkisins bréf sem svar við ósk ríkissaksóknara um, að upplýst yrði, „í hverju brotin eru talin felast". Enginn starfsmanna Verðlagsstofnunar, er fóru í verslanir þær, er í ákæru greinir, var yfirheyrður, en lögfræðingur Verðlagsstofnunar virðist samkvæmt gögnum málsins aldrei hafa farið í verslanirnar. Á ljósrit bréfs Verðlagsstofnunar til Týlis hf. 4. september sl. er handskrifað: „7/9. Ekki í lagi." Undir þetta setur starfsmaður Verðlagsstofnunar, sem fór á staðinn, upphafsstafi sína, en yfirlögfræðingur stofnunarinnar skrifar undir fyrir annan starfsmann, „... þar sem hann var kominn í sumarfrí", eins og segir í bréfi yfirlögfræðingsins, dagsettu 18. september 1990, til Rannsóknarlögreglu ríkisins. Dómurinn telur, að nauðsynlegt hafi verið fyrir lögregluna að yfirheyra þá aðila, er fóru í verslanirnar, og að ekki hafi verið upplýst, í hverju ætluð brot voru falin, svo sem ríkissaksóknari bað um. Hvorki ákærða né starfsfólk verslananna, er í ákæru greinir, hefur verið spurt um það, hver stillti upp vörum til sýnis og hver gaf fyrirmæli þar um, og starfsfólk verslananna, sem tók á móti starfsmönnum Verðlagsstofnunar, hefur ekki verið yfirheyrt um það, hverju var ábótavant í verslununum. Þessir annmarkar leiða að mati dómsins til þess, að ekki hafi verið viðhlítandi grundvöllur til útgáfu ákæru, sbr. 1. mgr. 115. gr. laga 74, 1974, sbr. 19. gr. laga nr. 107, 1976.

Þeir annmarkar á rannsókninni, sem getið er um að framan, endurspeglast í ákærunni, þar sem talað er um svo til enga verðmerkingu, verðmerkingu hafi verið áfátt eða mjög áfátt eða munir óverðmerktir. Þessi lýsing í ákæru fullnægir ekki skilyrðum 2. mgr. 115. gr. laga 74, 1974, sbr. 19. gr. laga nr. 107, 1976.

Með vísan til ofanritaðs ber því að vísa ákæru í máli þessu frá dómi.

Sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þ.m.t. 25.000 kr. í málsvarnarlaun til Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns.

Dómsorð:

Ákæru í máli þessu er vísað frá sakadómi Reykjavíkur.

Sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þ.m.t. 25.000 kr. í málsvarnarlaun til Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns.

Miðvikudaginn 15. apríl 1992.

Nr. 168/1992. **Júlíus Einarsson**
gegn
Guðrúnu Maríu Berg Júlíusdóttur,
Þorbjörgu Berg Guðnadóttur og
Hagstofu Íslands til réttargæslu.

Kærumál. Þjóðskrá. Faðerni. Hagstofa Íslands. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 25. mars 1992. Kæruheimild er í b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Kæran ásamt gögnum barst Hæstarétti 10. apríl.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða frávísunardómi verði hrundið og málinu vísað heim í hérað til efnismeðferðar. Jafnframt krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar krefjast staðfestingar hins kærða frávísunardóms og kærumálskostnaðar.

Frá réttargæslustefnda hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Um rök fyrir kröfum sínum vísar sóknaraðili meðal annars til 4., 8. og 44. gr. barnalaga nr. 9/1981. Hann leggur áherslu á, að hann eigi ekki önnur lagaúrræði til að fá dóm um réttmæti kröfu sinnar en höfðun þessa máls.

Af hálfu varnaraðila er vísað til hins kærða frávísunardóms um rök fyrir kröfu þeirra í kærumálinu.

Í héraðsdómi eru raktar upplýsingar, sem benda til þess, að sóknaraðili sé ekki faðir varnaraðilans Guðrúnar Maríu Berg. Hinn kærði frávísunardómur byggist á því, að eigi geti reynt á kröfu sóknaraðila, fyrr en úr því álitaefni hafi verið skorið í vefengingarmáli. Samkvæmt lögum nr. 9/1981 eru ekki skilyrði fyrir aðild sóknaraðila að vefengingarmáli. Skilyrði fyrir höfðun ógildingarmáls samkvæmt 10. gr. laganna er ekki um að ræða.

Varnaraðilinn Þorbjörg Berg Guðnadóttir hefur skýrt svo frá í aðilaskýrslu, er hún gaf á bæjarþingi Reykjavíkur, að hún hafi tjáð

presti þeim, er skírði dóttur hennar, Guðrúnu Maríu Berg, að sóknaraðili væri faðir hennar. Kveður hún þetta hafa verið gert i samráði við hann. Sóknaraðili heldur því aftur á móti fram, að sér hafi ekki verið um þetta kunnugt. Þá hefur varnaraðilinn Þorbjörg Berg staðfest í greindri aðilaskýrslu, að sóknaraðili sé ekki faðir Guðrúnar Maríu, sem kveðst hafa fengið um þetta vitneskju, er hún var 13 ára gömul. Samkvæmt þessu eru upplýsingar þær, sem skráning hjá Hagstofu Íslands á faðerni varnaraðilans Guðrúnar Maríu Berg byggðust á, ekki réttar.

Ljóst er, að sóknaraðili á að svo vöxnu máli lögvarða hagsmuni tengda því, að dómur gangi um það, hvort umrædd skráning hans sem föður varnaraðilans Guðrúnar Maríu Berg hjá Hagstofu Íslands megi gegn mótmælum hans áfram standa, eftir að þær upplýsingar liggja fyrir, sem nú nýtur og að framan eru raktar. Engir réttarfarslegir annmarkar voru því í vegi, að á þá kröfu gæti reynt í þessu máli, og hún hefði að réttu lagi átt að geta náð fram að ganga.

Í stefnu í málinu segir, að þess sé krafist „að fá viðurkennt fyrir dómi, að skráning hjá Hagstofu Íslands á því, að stefnandi sé faðir stefndu Guðrúnar Maríu B. Júlíusdóttur, sé röng, og beri að afmá þá skráningu úr skrám Hagsofu Íslands". Við munnlegan málflutning á bæjarþingi 6. mars sl. var m.a. bókað eftir lögmanni sóknaraðila: „Hann gerði sömu kröfur og fram koma í stefnu, nema hann felldi niður úr kröfugerð sinni orðin: „og beri að afmá þá skráningu úr skrám Hagstofu Íslands"."

Eftir þessa breytingu á kröfugerð hefur sóknaraðili gert mál sitt þannig úr garði, að eigi eru skilyrði til þess, að efnisdómur verði á það lagður. Ber samkvæmt því að staðfesta niðurstöðu hins kærða frávísunardóms.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur er staðfestur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. mars 1992.

1.0.

Mál þetta, sem tekið var til dóms föstudaginn 6. mars sl., hefur Júlíus Einarsson, kt. 280936-4999, Breiðumörk 10, Hveragerði, höfðað fyrir

bæjarþinginu með stefnu, birtri 19. og 20. júní 1991, á hendur Guðrúnu Maríu B. Júlíusdóttur, kt. 121055-7599, Vegghömrum 20, Reykjavík, og Þorbjörgu Berg Guðnadóttur, kt. 010639-4929, Suðurbraut 10, Hafnarfirði, og Hagstofu Íslands, Skuggasundi 3, Reykjavík, til réttargæslu.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að viðurkennt verði fyrir dómi, að skráning hjá Hagstofu Íslands á því, að stefnandi sé faðir stefndu Guðrúnar Maríu B. Júlíusdóttur, sé röng. Jafnframt krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefndu óskipt svo og virðisaukaskatts og dráttarvaxta að liðnum 15 dögum frá uppkvaðningu dóms í máli þessu samkvæmt lögum nr. 25/1987.

Dómkröfur stefndu Guðrúnar Maríu Berg Júlíusdóttur eru eftirgreindar:

1. Að dómurinn hafni þeirri kröfu stefnanda „... að fá viðurkennt fyrir dómi, að skráning hjá Hagstofu Íslands á því, að stefnandi sé faðir stefndu Guðrúnar Maríu B. Júlíusdóttur, sé röng..."

2. Að stefnanda verði gert að greiða stefndu Guðrúnu Maríu hæfilegan málskostnað að mati réttarins að viðbættum virðisaukaskatti á dæmdan málskostnað, sbr. lög nr. 50/1988. Þá krefst hún dráttarvaxta af dæmdum málskostnaði skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989. að liðnum 15 dögum frá dómsuppsögu til greiðsludags.

Stefnda Þorbjörg Berg Guðnadóttir gerir ekki athugasemd við aðalkröfu stefnanda og samþykkir hana, að því er sig varðar. Hún gerir þá kröfu, að málskostnaður verði látinn niður falla.

Engar kröfur eru gerðar af hálfu réttargæslustefnda, Hagstofu Íslands.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

— — —

7.0. Forsendur og niðurstaða.

Stefnandi fullyrðir, að stefnda Þorbjörg hafi ranglega og í heimildarleysi látið skrá stefnanda föður stefndu Guðrúnar. Á hinn bóginn mótmæla þær því, að um heimildarlausa skráningu hafi verið að ræða. Var skráning þessi fyrst gerð á skírnarskýrslu, en á fæðingarskýrslu er stefnanda ekki getið. Þegar greind skírnarskýrsla barst Hagstofunni, voru upplýsingar af henni færðar yfir á fæðingarskýrslu af starfsmanni Hagstofunnar. Skírnarskýrslan var að því búnu send í þá sókn, þar sem móðirin átti lögheimili, til þess að unnt væri að færa upplýsingar hennar í kirkjubók lögheimilissóknar.

Stefnda Þorbjörg mun hafa verið ógift við fæðingu Guðrúnar árið 1955. Um óskilgetin börn giltu þá lög nr. 87/1947. Í 3. gr. þeirra laga taldist karlmaður faðir óskilgetins barns, sem kona kenndi honum, ef hann gekkst við því fyrir presti eða valdsmanni eða bréflega og vottfast. Sams konar ákvæði er nú í 8. gr. barnalaga nr. 9/1981.

Ekki hefur verið upplýst um það í málinu, hver skírði stefndu Guðrúnu, en færðar hafa verið líkur að því, að það muni hafa verið séra Jakob heitinn Jónsson. Telja verður, að löglíkur séu fyrir því, sé ekki sýnt fram á hið gagnstæða, að hlutaðeigandi prestur hafi sem opinber embættismaður annaðhvort aflað sér nauðsynlegrar viðurkenningar eða kynnt sér, að hún væri til, áður en hann gaf út greint skírnarvottorð.

Rúm 35 ár líða frá fæðingu stefndu Guðrúnar, þar til stefnandi höfðar mál þetta. Hefur hann ekkert aðhafst í málinu allan þennan tíma. Hann fullyrðir, að hann hafi aldrei viðurkennt faðerni stefndu Guðrúnar og hvorki verið krafinn um faðernisviðurkenningu né meðlagsgreiðslur. Stefndu fullyrða hið gagnstæða. Stefnda Þorbjörg fullyrðir, að stefnandi hafi viljað láta greina sig sem föður barnsins, og hafi það verið gert að ósk hans, enda hafi stefnda Guðrún jafnan kallað hann föður sinn. Stefnda Guðrún fullyrti í munnlegri skýrslutöku við aðalmeðferð málsins, að hún hefði litið á stefnanda sem föður sinn til 13 ára aldurs og vissi ekki til þess tíma betur en hann væri faðir sinn. Ekki liggja því fyrir óyggjandi upplýsingar um, hvort stefnandi hafi á sínum tíma viðurkennt að vera faðir stefndu Guðrúnar eða hvort stefnda Þorbjörg hafi beinlínis látið skrá stefnanda föður stefndu Guðrúnar án hans heimildar. Þeir, sem helst gætu borið um það vitni, munu vera látnir. Þá liggur ekki fyrir, að neinn annar maður hafi gengist við að vera faðir stefndu Guðrúnar.

Kröfugerð stefnanda lýtur að skráningu hjá Hagstofu Íslands á faðerni stefndu Guðrúnar. Stefnandi hefur ekki sýnt fram á, að skráning Hagstofunnar hafi verið lögformlega röng eða að hún sé ekki byggð á réttum gögnum. Virðist skráningin rétt að formi til í öllum efnum, þ.e. hér virðist um að ræða lögformlega skráningu, sem fram fór með réttum hætti.

Þar sem sá þáttur málsins, er snýr að faðerni stefndu Guðrúnar, er ekki nægilega upplýstur, þykir nauðsyn bera til, áður en kleift er að dæma um kröfu stefnanda um viðurkenningu á rangri skráningu Hagstofu Íslands, að fyrst sé skorið úr því álitaefni fyrir dómi, hvort stefnandi sé faðir stefndu Guðrúnar eða ekki. Kemur þar m.a. til, að málsmeðferð vefengingarmáls er annars konar en málsmeðferð þessa einkamáls.

Framangreindar ástæður þykja gefa nægjanlegt tilefni til, að vísa beri þessu máli frá dómi.

Eftir atvikum og sé litið til kröfugerðar stefndu, þykir rétt, að hver aðili beri sinn kostnað af málinu.

Jón L. Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 28. apríl 1992.

Nr. 142/1988. **Hafsteinn Guðmundsson**
(Hrafnkell Ásgeirsson hrl.)
gegn
Gunnari P. Jakobssyni
(Valgeir Kristinsson hrl.).

Ómerking. Heimvísun. Vítur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 19. maí 1988 að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá leið, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda, en stefndi verði dæmdur til að greiða sér 92.200 krónur með vöxtum samkvæmt 10. gr., sbr. 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987. Þá krefst hann þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði felld úr gildi. Að lokum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum áfrýjanda og að hinn áfrýjaði dómur og fjárnámsgerð verði staðfest, auk þess sem áfrýjanda verði gert að greiða sér málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Að ákvörðun Hæstaréttar var mál þetta flutt um formhlið þess, sbr. 48. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Krafðist áfrýjandi þess þá, að málinu yrði vísað frá héraðsdómi og sér dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda. Stefndi krafðist þess aðallega, að málið yrði tekið til efnismeðferðar, en til vara, að hinn áfrýjaði dómur yrði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar að nýju. Jafnframt krafðist hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Aðalflutningur máls þessa í héraði fór fram 6. apríl 1987, og var málið þá dómtekið. Það var endurupptekið og endurflutt hinn 11. ágúst 1987, og var sú skýring gefin, að ekki hefði reynst unnt að leggja dóm á málið innan hæfilegs tíma frá málflutningi vegna dvalar annars meðdómandans erlendis. Dómur var svo kveðinn upp

9. október 1987, átta vikum og þremur dögum eftir munnlegan málflutning og dómtöku málsins í annað sinn. Er þessi dráttur á dómsuppsögu freklegt og vítavert brot á ákvæðum 191. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, enda getur munnlegur málflutningur eigi komið að því gagni, sem til er ætlast, er dómsuppsaga dregst svo lengi. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og leggja fyrir héraðsdóm að taka málið til munnlegs flutnings og dómsuppsögu að nýju. Samkvæmt þessu verður hin áfrýjaða fjárnámsgerð felld úr gildi.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og ber héraðsdómi að taka málið upp að nýju til munnlegs flutnings og dómsuppsögu.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er úr gildi felld.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Í máli þessu varð töf á uppsögu dóms eftir síðari flutning málsins á bæjarþingi Hafnarfjarðar, sem fram fór, meðan réttarhlé stóð yfir. Er þess getið í dómi bæjarþingsins, að töfin hafi orðið vegna sumarleyfis dómara. Áfrýjandi gerði ekki kröfu um ómerkingu dómsins í stefnu eða greinargerð. Hefur ekki verið bent á missmíði á dóminum, er rekja megi til tafarinnar eða torveldi meðferð málsins fyrir Hæstarétti, en hingað er því áfrýjað til endurskoðunar frá grunni. Tel ég ekki óhjákvæmilegt að vísa málinu heim vegna dráttar á dómsuppsögu í héraði, og sé rétt eftir atvikum, að flutningi þess verði fram haldið.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 9. október 1987.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. ágúst sl., hefur Gunnar P. Jakobsson, Hjallabraut 39, Hafnarfirði, nnr. 3365-3735, höfðað fyrir dóminum með

stefnu, birtri 9. maí 1985, á hendur Hafsteini Guðmundssyni, Norðurbraut 27 B, Hafnarfirði.

Dómkröfur stefnanda eru þær í aðalsök, að stefnda verði gert að greiða sér 151.674 kr. með 36% ársvöxtum frá 13.2. 1985 til 1.3. s.á., með 32% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags og með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Í gagnsök krefst hann sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnda.

Af hálfu stefnda eru í aðalsök gerðar þær kröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, og krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Í gagnsök, sem þingfest var 27. maí 1986, gerir stefndi þær kröfur, að stefnandi verði dæmdur til að greiða sér 92.200 kr. auk 3,75% vaxta á mánuði eða broti úr mánuði frá 28.8. 1985 til 1.3. 1986, með 2,75% vöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá þeim degi til 1.4. 1986 og með 2,25% vöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

— — —

Dómsorð:

Stefndi, Hafsteinn Guðmundsson, greiði stefnanda, Gunnari P. Jakobssyni, 109.000 kr. með 36% ársvöxtum frá 13.2. 1985 til 1.3. 1985, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 9.5. 1985, með dómvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1987, en frá þeim degi og til greiðsludags með vöxtum jafnháum vegnu meðaltali ársávöxtunar á nýjum almennum útlánum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum samkvæmt útreikningi Seðlabanka Íslands hverju sinni, sbr. vaxtalög nr. 25/1987, og 60.000 kr. í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 29. apríl 1992.

Nr. 249/1990. **Hagkaup hf.**
(Hróbjartur Jónatansson hrl.)
gegn
þrotabúi Kjöt- og matvælavinnslu Jónasar Þórs hf.
(Brynjólfur Kjartansson hrl.).

Skuldamál. Gjaldþrot.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. júní 1990. Hlutafélagið krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Hið stefnda þrotabú krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með bréfi 2. febrúar 1989 var þess krafist f.h. stefnda, að áfrýjandi greiddi vegna vöruútekta í ágúst 1988 hina umstefndu fjárhæð auk vaxta, innheimtulauna og söluskatts. Ekki er fram komið, að þessu bréfi hafi verið svarað, en 20. sama mánaðar gaf lögmaðurinn, sem er skiptastjóri í búinu, út áskorunarstefnu. Af hálfu stefnda í héraði (áfrýjanda) kom fram greinargerð, sem lögð var fram 30. mars. Frá stefnanda í héraði (stefnda hér fyrir dómi) var síðan lögð fram greinargerð 28. nóvember 1989. Næst kom málið fyrir dóm 13. febrúar 1990 og var þá munnlega flutt. Það var endurupptekið 5. apríl, en flutt á ný 23. apríl.

Ekki er um það deilt, að áfrýjandi fékk vörur fyrir 1.019.091 krónur frá Kjöt- og matvælavinnslu Jónasar Þórs hf. í ágúst 1988. Með ávísun,sem dagsett er 25. júlí 1988, var ávísað til Verslunarfélags Austurlands hf. inneignum kjötvinnslunnar hjá áfrýjanda, eins og nánar er lýst í héraðsdómi. Af gögnum málsins verður ráðið, að í septemberbyrjun 1988 hafi áfrýjandi á grundvelli þessa skjals greitt verslunarfélaginu fyrir vörukaup í júlí þetta ár.

Bú kjötvinnslunnar var tekið til gjaldþrotaskipta 31.ágúst 1988, en fyrsta auglýsing og innköllun birtist í Lögbirtingablaði 28. október 1988. Þó var af hálfu Verslunarfélags Austurlands hf.

lýst kröfu í þrotabúið hinn 7. september. Þar var getið fyrrgreindrar ávísunar og þess krafist, að 1.019.091 króna, sem hið gjaldþrota félag ætti hjá áfrýjanda, rynni til verslunarfélagsins utan skuldaraðar. Áður en afstaða búsins kom fram, greiddi áfrýjandi þessa upphæð til verslunarfélagsins 7. október 1988.

Afstaða bústjóra til kröfu verslunarfélagsins, sem lýst var 7. september, kom fram 18. janúar 1989. Var því hafnað, að 1.019.091 króna yrði greidd utan skuldaraðar, og því lýst, að lögð yrði fram á skiptafundi tillaga um riftun á greiðslu 2.044.442 króna. Riftunarmál mun ekki hafa verið höfðað, en í þessu máli eru kröfur byggðar á vörureikningum, sem fyrr segir.

Ágreiningur er um það með aðilum málsins, hvort stjórnendur áfrýjanda hafi hinn 7. október 1988 vitað eða mátt vita um gjaldþrot kjötvinnslunnar. Ekki verður á því byggt, að svo hafi verið, enda hafði tilkynning um gjaldþrotaúrskurðinn þá enn ekki verið birt með lögmæltum hætti. Ávísun sú, sem greiðslan þann dag byggðist á, var eðlileg í viðskiptum aðila eftir atvikum, og bréf verslunarfélagsins til skiptaráðanda 7. september hafði ekki leitt til þess, að hann gerði ráðstafanir til, að féð rynni til þrotabúsins.

Af framanskráðu leiðir, að taka ber kröfur áfrýjanda hér fyrir dómi til greina. Fer um málskostnað eins og segir í dómsorði.

Það athugast, að óheimilt var að höfða mál þetta sem áskorunarmál, þar sem ljóst var á útgáfudegi stefnunnar, að hin upphaflega og óumdeilda peningaskuld hafði þá verið greidd, þó að ágreiningur væri um þýðingu þess að lögum.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Hagkaup hf., á að vera sýkn af kröfum stefnda, þrotabús Kjöt- og matvælavinnslu Jónasar Þórs hf., í máli þessu.

Hið stefnda þrotabú greiði áfrýjanda 200.000 krónur í málskostnað samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. maí 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. apríl sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af þrotabúi Kjöt- og matvælavinnslu Jónasar Þórs h/f, kt.

630683-1499, gegn Hagkaupum h/f, kt. 671280-0169, Skeifunni 15, Reykjavík, með áskorunarstefnu, birtri 1. mars 1989.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu á 1.019.091 kr. auk ársdráttarvaxta sem hér segir: 49,2% frá 1/9 1988 til 1/10 s. á., 33,6% frá þ. d. til 1/11 s. á., 27,6% frá þ. d. til 1/12 s. á., 24% frá þ. d. til 1/1 1989, 21,6% frá þ. d. til þingfestingardags máls þessa, en með hæstu dráttarvöxtum frá þ. d. til greiðsludags, og leggist dráttarvextir við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1/9 1989, og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ auk virðisaukaskatts, og beri málskostnaður hæstu lögleyfða dráttarvexti frá 15. degi eftir uppkvaðningu dóms.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði að fullu sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Krafist er málskostnaðar úr hendi stefnanda samkvæmt gjaldskrá LMFÍ og þess jafnframt krafist, að málskostnaður beri dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 að liðnum fimmtán dögum frá dómsuppsögu til greiðsludags.

Mál þetta var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi 13. febrúar sl. Það var endurupptekið 5. apríl sl., endurflutt og dómtekið á ný 23. apríl sl.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

I.

Málsatvik eru þau, að aðilar málsins hafa átt viðskipti sín á milli um kaup stefnda á hráefni til kjötframleiðslu af kjöt- og matvælavinnslu stefnanda. Í málinu liggur fyrir yfirlýsing, svonefnd „ÁVÍSUN", út gefin af Kjötvinnslu Jónasar Þórs h/f 25. júlí 1988 og árituð af stefnda um samþykki. Yfirlýsing þessi hljóðar svo efnislega:

„Við undirritaðir í Kjötvinnslu Jónasar Þórs h/f ávísum hér með til Verslunarfélags Austurlands h/f, Fellabæ, öllum inneignum Kjötvinnslu Jónasar Þórs h/f hjá Hagkaupum h/f, Skeifunni í Reykjavík, sem Kjötvinnsla Jónasar Þórs h/f á hverju sinni, til greiðslu á skuld Kjötvinnslu Jónasar Þórs h/f við Verslunarfélag Austurlands h/f skv. dómsátt, dags. 14. júní 1988, og vísast um efni skuldarinnar til framangreindrar dómsáttar.

Skv. þessu veitir stjórn Kjötvinnslu Jónasar Þórs h/f Hagkaupum h/f fullt og ótakmarkað leyfi til þess að ráðstafa fjármunum Kjötvinnslu Jónasar Þórs h/f vegna vörukaupa Hagkaupa h/f til Verslunarfélags Austurlands h/f í framangreindum tilgangi.

Ávísun þessi á inneign Kjötvinnslu Jónasar Þórs h/f er óafturtæk og óuppsegjanleg nema með samþykki Verslunarfélags Austurlands h/f.

Skal ávísun þessi gilda, þar til að Kjötvinnsla Jónasar Þórs h/f hefur að fullu gert upp skuld sína við Verslunarfélag Austurlands h/f samkvæmt

framangreindri dómsátt, þ.m.t. öllum höfuðstól, dráttarvöxtum og málskostnaði."

Bú Kjöt- og matvælavinnslu Jónasar Þórs h/f var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur, upp kveðnum 31. ágúst 1988, samkvæmt beiðni, sem skiptaráðandanum barst sama dag. Auglýsing um gjaldþrotaskiptin var fyrst birt í Lögbirtingablaði nr. 129, sem út kom 28. október 1988.

Með kröfulýsingu, dags. 7. september 1988, lýsti Verslunarfélag Austurlands h/f kröfu í þrotabúið, sem grundvölluð var á dómsátt milli kröfulýsanda og hins gjaldþrota félags, dags. 14. júní 1988. Í kröfulýsingu þessari er og getið um fyrrgreinda ávísun á inneign félagsins hjá stefnda, Hagkaupum h/f. Af hálfu kröfulýsanda var m.a. gerð krafa um það, að inneign hins gjaldþrota félags hjá Hagkaupum h/f, sem ávísað hafði verið, að fjárhæð 1.019.091 kr., en eigi hafði verið ráðstafað til kröfulýsanda, yrði viðurkennd sem greiðsla til hans utan skuldaraðar.

Hinn 7. október 1988 greiddi stefndi framangreinda fjárhæð inn á hlaupareikning Verslunarfélags Austurlands h/f á Egilsstöðum.

Með tilkynningu bústjóra, dags. 18. janúar 1989, var hafnað kröfu Verslunarfélags Austurlands h/f um greiðslu utan skuldaraðar á 1.019.091 kr. og krafist greiðslu þess fjár til búsins.

Með innheimtubréfi, dags. 2. febrúar 1989, var gerð krafa á hendur stefnda um greiðslu greindrar fjárhæðar vegna úttekta, jafnframt því sem mótmælt var greiðslu fjárhæðarinnar til Verslunarfélags Austurlands h/f.

Mál þetta var þingfest fyrir bæjarþingi Reykjavíkur 16. mars 1989.

II.

Stefnandi reisir kröfur sínar á framlögðum reikningum vegna úttektar stefnda á kjötvörum hjá kjötvinnslu stefnanda í ágúst 1988, samtals að fjárhæð 1.019.091 kr., sem eru stefnufjárhæðin.

Stefnandi hefur lagt fram greinargerð í málinu samkvæmt 2. mgr. 230. gr. laga nr. 85/1936. Þar segir, að ljóst hafi verið, þegar framlögð ávísun hafi verið gerð 25. júlí 1988, að flestum viðsemjendum stefnanda, þ. á m. Verslunarfélagi Austurlands h/f og stefnda, hafi verið kunnugt um, hvernig fjárhag stefnanda var komið, enda muni ráðstöfun þessi gerð að undirlagi forráðamanna Verslunarfélags Austurlands h/f og Hagkaupa h/f sameiginlega, en Hagkaup h/f séu hluthafi í Verslunarfélagi Austurlands h/f.

Fram sé komið, að skuld sú, sem verið sé að krefja Hagkaup h/f um í málinu, hafi ekki verið greidd Verslunarfélagi Austurlands h/f á þeim tíma, sem kröfulýsing þess aðila hafi verið sett fram 7. september 1988.

Ljóst sé, að óheimilt hafi verið að ráðstafa þessari greiðslu nema með heimild skiptaráðanda, eftir að bú stefnanda hafði verið tekið til gjald-

þrotaskipta, og sé því greiðsla stefnda á áðurnefndri fjárhæð til Verslunarfélags Austurlands hf. með öllu óheimil og stefndi skyldugur til þess að standa þrotabúinu skil á stefnufjárhæðinni.

Augljós hagsmunatengsl stefnda og Verslunarfélags Austurlands h/f birtist í því, að stefndi sé einn af þremur helstu hluthöfum í Verslunarfélagi Austurlands h/f, og því fráleitt að telja stefnda í góðri trú, er hann ráðstafi 1.019.091 kr. inn á reikning Verslunarfélags Austurlands h/f 7. október 1988, svo sem framlögð kvittun ber með sér. Hér sé augljóslega samvinna þessara tveggja aðila í þá veru að ívilna Verslunarfélagi Austurlands h/f sem kröfuhafa í þrotabúi stefnanda með þessum sérstaka hætti, og megi um heimildir til riftunar slíkri greiðslu benda á 59. og 61. gr. gjaldþrotaskiptalaga nr. 6/1978, en í þessu tilfelli sé kröfunni ekki beint að Verslunarfélagi Austurlands h/f, heldur aðeins að stefnda, þar sem ljóst sé, að honum ber að greiða skuld sína til stefnanda, og sé það gersamlega á ábyrgð stefnda, ef hann hefur greitt þriðja aðila, sér nátengdum, án allrar heimildar, í því skyni að ívilna honum á kostnað annarra, sem kröfu eiga á hendur stefnanda.

III.

Af hálfu stefnda er tekið fram, að uppgjörsmáti á viðskiptum aðilanna hafi jafnan verið á þann veg, að í lok úttektarmánaðar hafi starfsmenn kjöt- og matvælavinnslu stefnanda framvísað reikningum sínum við stefnda, sem afhent hafi víxil með gjalddaga einum mánuði síðar. Þannig hafi stefndi greitt reikning fyrir marsmánuð 1988 með víxli pr. 1. maí 1988.

Ástæður umgetinnar ávísunar hafi verið þær, að Kjötvinnsla Jónasar Þórs hf. hafði vanefnt áðurgerða dómsátt við Verslunarfélag Austurlands h/f, er hljóðað hafi á 9.307.041,24 kr., og við hafi blasað aðför að eignum félagsins, þ.m.t. inneignum félagsins hjá viðskiptamönnum þess. Stefndi hafi því haft þann hátt á, er Kjöt- og matvælavinnsla Jónasar Þórs h/f framvísaði reikningum á stefnda, að stefndi hafi sent Verslunarfélagi Austurlands h/f víxil sömu fjárhæðar, samþykktan til greiðslu af stefnda einum mánuði síðar.

Um mánaðamót ágúst/september 1988 hafi starfsmenn Kjöt- og matvælavinnslu Jónasar Þórs h/f framvísað reikningum fyrir úttekt stefnda í ágústmánuði, og í framhaldi af því hafi stefndi sent Verslunarfélagi Austurlands h/f víxil, að fjárhæð 1.019.091 kr., sem jafngildi stefnufjárhæð máls þessa, og hafi stefndi greitt hann í októbermánuði 1988 í Búnaðarbankanum á Egilsstöðum. Stefnda hafi ekki verið kunnugt um gjaldþrot Kjöt- og matvælavinnslu Jónasar Þórs h/f fyrr en allnokkru eftir, að afhending á víxlinum hafi farið fram til Verslunarfélags Austurlands h/f.

Um kröfu Verslunarfélags Austurlands h/f, að viðurkennd yrði greiðsla utan skuldaraðar af inneign stefnanda hjá stefnda í máli þessu, er tekið fram, að sú krafa hafi einungis verið árétting um rétt verslunarfélagsins, enda hafi það félag þá haft í höndum víxil frá stefnda. Það hafi hins vegar ekki verið fyrr en með bréfi, dags. 2. febrúar 1989, að stefnandi hafi krafið stefnda um greiðslu á reikningsskuld og mótmælt greiðslu til Verslunarfélags Austurlands h/f.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að hann hafi að fullu efnt allar greiðsluskyldur við stefnanda vegna úttekta. Með greiðslu 1.019.091 kr., til Verslunarfélags Austurlands h/f hafi stefndi verið að greiða samkvæmt vilja kröfueiganda, Kjöt- og matvælavinnslu Jónasar Þórs h/f, samkvæmt nefndri ávísun, og hafi stefnda því verið rétt og skylt að greiða umræddа fjárhæð Verslunarfélagi Austurlands h/f. Þá liggi ekkert fyrir um það í málinu, sem heimilað gæti stefnda að greiða umræddа fjárhæð öðrum en Verslunarfélagi Austurlands h/f.

Í munnlegum málflutningi var og á því byggt af hálfu stefnda, að greind ávísun væri handveðsígildi samkvæmt 2. tl. 24. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978.

IV.

Ágreiningslaust er, að stefndi, Hagkaup h/f, hafi í ágústmánuði 1988 tekið út kjötvörur hjá kjötvinnslu stefnanda í samræmi við framlagða reikninga, að fjárhæð 1.019.091 kr.

Úrskurður um gjaldþrot stefnanda var kveðinn upp í skiptarétti Reykjavíkur 31. ágúst 1988, sem var sama dag og skiptaráðandanum barst beiðni stjórnar félagsins þar um. Sá dagur telst því vera frestdagur samkvæmt a-lið 1. gr. laga nr. 6/1978.

Svo sem fram er komið, greiddi stefndi reikningskröfu þá, sem hér um ræðir, inn á hlaupareikning Verslunarfélags Austurlands h/f 7. október 1988. Ekki verður af gögnum máls ráðið, að þar hafi verið um greiðslu víxils að ræða. Byggir stefndi á því, að með þeirri greiðslu hafi hann að fullu efnt greiðsluskyldur sínar gagnvart stefnanda vegna úttekta í samræmi við fyrrnefnda ávísun.

Með þessari sérstöku ávísun eða yfirlýsingu, sem gerð var rúmum mánuði fyrir frestdag, var stefnda heimilað að ráðstafa fjármunum stefnanda til Verslunarfélags Austurlands h/f til greiðslu á skuld samkvæmt dómsátt, sem gerð hafði verið 14. júní 1988. Telur stefndi, að þar með hafi stofnast handveðsígildi í skilningi 2. tl. 24. gr. laga 6/1978, sem gjaldþrotið hafi ekki áhrif á. Á þetta verður ekki fallist. Tryggingarréttindi þau, sem í yfirlýsingu þessari kunna að hafa falist, eru riftanleg samkvæmt 57. gr. laga 6/1978. Sama gildir einnig um greiðslu stefnda á þessum grundvelli til

Verslunarfélags Austurlands h/f, sbr. 59. gr. og 61. gr., svo sem stefnandi bendir á. Þegar þetta er virt, en einnig það, að ætla verður af gögnum máls og atvikum, að stefnda hafi verið ljóst eða mátt vera ljóst, að stefnandi var orðinn gjaldþrota, er stefndi innti greiðslu sína af hendi, verður að telja með vísan til 22. gr., 1. tl. 23. gr., sbr. og 86. gr. laga nr. 6/1978, og meginreglunnar um jafnræði kröfuhafa við gjaldþrot, að stefnda hafi verið heimildarlaust að ráðstafa greindri reikningsskuld svo sem gert var. Ber því að taka kröfu stefnanda til greina og með þeim vöxtum, sem krafist er og nánar greinir í dómsorði.

Samkvæmt þessum úrslitum málsins ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn 230.000 kr. að meðtöldum virðisaukaskatti. Málskostnaður ber vexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu samkvæmt 175. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 21. gr. l. 54/1988.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Hagkaup h/f, greiði stefnanda, þrotabúi Kjöt- og matvælavinnslu Jónasar Þórs h/f, 1.019.091 kr. með 49,2% ársdráttarvöxtum frá 1/9 1988 til 1/10 s. á., 33,6% frá þ. d. til 1/11 s. á., 27,6% frá þ. d. til 1/12 s. á., 24% frá þ. d. til 1/1 1989, 21,6% frá þ. d. til 16/3 1989, en með hæstu dráttarvöxtum frá þ. d. til greiðsludags og 230.000 kr. í málskostnað.

Dráttarvextir leggjast við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1/9 1989.

Málskostnaður ber vexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 29. apríl 1992.

Nr. 274/1990. **Einar Kristjánsson**
(Othar Örn Petersen hrl.)
gegn
Plastos hf.
(Brynjólfur Kjartansson hrl.).

Aðild. Skuldamál. 45. gr. hæstaréttarlaga.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 13. júlí 1990 að fengnu áfrýjunarleyfi 18. júní s.á. Krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnda og að hið áfrýjaða fjárnám verði ógilt og stefnda verði gert að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hin áfrýjaða dómsáritun verði staðfest svo og hin áfrýjaða fjárnámsgerð frá 23. febrúar 1990. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Mál þetta er höfðað af stefnda á bæjarþingi Reykjavíkur með áskorunarstefnu gegn áfrýjanda „persónulega og f.h. einkafirma hans, Fiskiðjan Bára, Suðurgötu, Akranesi". Í stefnunni er gerð svofelld grein fyrir stefnufjárhæð: „Krafa þessi er samkvæmt fjórum reikn. dagsettum á tímabilinu frá 14.11.88 til 12.12.88, samtals að fjárhæð kr. 108.523,00. ...Reikningar þessir eru til komnir vegna úttektar stefnda á vörum hjá stefnanda v/ Fiskiðjan Bára."

Áður en til málsóknar kom, hafði lögmaður stefnda sent áfrýjanda innheimtubréf, dagsett 15. júní 1989. Við þingfestingu málsins 2. nóvember 1989 lagði stefndi fram reikningana og innheimtubréfið, en af hálfu áfrýjanda var ekki sótt þing, og var honum þó löglega birt stefna og með nægum stefnufresti.

Málið var áritað um aðfararhæfi 17. nóvember 1989. Stefndi sendi fjárnámsbeiðni til bæjarfógetans á Akranesi 26. nóvember s.á., og var fjárnám gert í eign stefnda að Vesturgötu 161 á Akranesi 23. febrúar 1990.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með vísan til 45. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands og reisir sýknukröfu sína

á því, að hann sé ekki að lögum réttur aðili málsins. Aðildarskortur sé slík málsástæða, að skylt sé að taka efnislega afstöðu til hennar á öllum stigum máls. Hefur áfrýjandi lagt fram gögn um það, að Fiskiðjan Bára sé hlutafélag, stofnað 28. mars 1988. Var áfrýjandi stjórnarformaður á umræddum tíma, en framkvæmdastjóri var Steinunn Ásgerður Frímannsdóttir og prókúruhafar Snorri Ólafsson og Einar Vignir Einarsson. Bú Fiskiðjunnar Báru hf. var tekið til gjaldþrotaskipta 9. október 1989.

Af hálfu stefnda er því mótmælt, að áfrýjandi komi að vörnum í málinu fyrir Hæstarétti, enda séu eigi skilyrði til þess samkvæmt 45. gr. laga nr. 75/1973.

Áfrýjandi áskildi sér í stefnunni til Hæstaréttar að koma að nýjum kröfum og málsástæðum. Ljóst er, að það myndi valda honum réttarspjöllum, ef málið væri dæmt eins og það lá fyrir héraðsdómara. Varnir hans hér fyrir dómi varða málsaðild og atvik að viðskiptum þeim, sem fjallað var um í héraði, og er grundvelli máls ekki raskað, þó að þær komist að. Áfrýjandi var stjórnarformaður í Fiskiðjunni Báru hf. og síðar einn af prókúruhöfum. Þó þykir, eins og á stendur, mega telja afsakanlegt, að hann setti kröfur sínar og málsástæður ekki fram í héraði, þar sem héraðsstefna fékk bersýnilega ekki staðist, að því er varðar varnaraðild. Var áfrýjanda stefnt „persónulega og f.h. einkafirma hans...", eins og fyrr greinir. Verður áfrýjanda því á grundvelli 45. gr. laga nr. 75/1973 heimilað að koma að áðurgreindum kröfum og málsástæðum.

Reikningar stefnda eru allir stílaðir á Fiskiðjuna Báru, og er áfrýjanda þar að engu getið. Á einn reikninginn er skráð: „Sigurjón pantar". Aðrir reikningar bera ekki með sér, hver stóð fyrir vörukaupum samkvæmt þeim. Bendir ekkert til þess, að áfrýjandi hafi sem stjórnarformaður Fiskiðjunnar Báru hf. eða á eigin vegum átt hlut að þessum viðskiptum eða gefið stefnda nokkra ástæðu til að ætla, að svo væri. Verður því við það að miða, að viðskiptin hafi verið milli stefnda og Fiskiðjunnar Báru hf. og að stefnda hafi mátt vera það ljóst.

Samkvæmt því ber að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í máli þessu og fella hina áfrýjuðu fjárnámsgerð úr gildi.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Einar Kristjánsson, skal vera sýkn af kröfum stefnda, Plastos hf., í máli þessu.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er úr gildi felld.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Fimmtudaginn 30. apríl 1992.

Nr. 35/1991. **Hagvirki hf.**
(Árni Grétar Finnsson hrl.)
gegn
Búnaðarbanka Íslands
(Baldvin Jónsson hrl.).

Fjárnám úr gildi fellt.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. janúar 1991. Hann krefst þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði felld úr gildi. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar fjárnámsgerðarinnar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda.

Stefndi höfðaði mál á hendur áfrýjanda 7. maí 1990 með áskorunarstefnu vegna þriggja víxla, sem samþykktir voru af áfrýjanda, en út gefnir af Byggingarfélaginu hf. Málið var þingfest í bæjarþingi Reykjavíkur 31. maí 1990, og var áskorunarstefnan árituð um aðfararhæfi af fulltrúa yfirborgardómarans í Reykjavík 24. september 1990.

Lögmaður stefnda sendi fjárnámsbeiðni, dagsetta 22. október 1990, til bæjarfógetans í Hafnarfirði. Þar er fjárnámsbeiðanda getið sem „Byggingarfélagið h.f.", en áfrýjandi var tilgreindur sem fjárnámsþoli, og beðið var um fjárnám í eignum hans til tryggingar dómkröfu samkvæmt áskorunarstefnunni.

Fógetaréttur var settur 23. október s.á., og var þá bókað, að fyrir væri tekið fógetaréttarmálið nr. 1940/1990: Byggingarfélagið hf. gegn Hagvirki hf. Fyrir gerðarþola mætti að tilhlutan fógeta Guðmundur Sigurjónsson. Gert var fjárnám í eigum áfrýjanda á grundvelli hinnar árituðu áskorunarstefnu.

Beðið var um uppboð á hinu fjárnumda 10. desember 1990. Í uppboðsbeiðni er uppboðsbeiðandi tilgreindur stefndi, Búnaðarbanki Íslands. Með beiðninni fylgdi endurrit fjárnámsgerðarinnar,

þar sem nafni fjárnámsbeiðanda hafði verið breytt og hann sagður Búnaðarbanki Íslands.

Byggingarfélagið hf. var ekki aðili að kröfu þessari og átti engan rétt á hendur áfrýjanda. Óheimilt var að gera eftir á slíka breytingu á nafni fjárnámsbeiðanda eins og að framan er lýst. Ekki er upplýst, hvenær sú breyting var gerð eða hver þar átti hlut að máli. Ber því að fella hið áfrýjaða fjárnám úr gildi.

Um málskostnað fer eins og í dómsorði segir.

Dómsorð:

Hið áfrýjaða fjárnám er úr gildi fellt.

Stefndi, Búnaðarbanki Íslands, greiði áfrýjanda, Hagvirki hf., 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Fimmtudaginn 30. apríl 1992.

Nr. 139/1991. **Verslunarfélag Íslands og Spánar hf.**
(Haraldur Blöndal hrl.)
gegn
Eignarhaldsfélagi Verslunarbankans hf.,
Jóni Gunnari Sæmundssyni,
Lífeyrissjóði verslunarmanna,
Ó. Johnson & Kaaber hf.,
Stofnlánasjóði matvörukaupmanna og
þrotabúi Víðis sf.
(Othar Örn Petersen hrl.).

Áfrýjun. Uppboð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu fyrst til Hæstaréttar með stefnu 28. september 1990. Því máli, sem var auðkennt nr. 351/1990, var vísað frá dómi 20. mars 1991. Áfrýjað var að nýju 27. sama mánaðar með heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Kröfur áfrýjanda eru þær, að meðferð uppboðsmáls þessa í héraði verði ómerkt og synjað um uppboðið. Þá er krafist málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti ásamt dráttarvöxtum.

Af hálfu stefnda Ó. Johnsons & Kaabers hf. er aðallega krafist frávísunar málsins frá Hæstarétti, en til vara staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar. Þá er krafist málskostnaðar fyrir Hæstarétti ásamt dráttarvöxtum.

Aðrir stefndu hafa ekki gert kröfur hér fyrir dómi.

Áfrýjað er úrskurði uppboðsréttar Reykjavíkur, sem kveðinn var upp 12. júní 1990. Sóknaraðilar eru í úrskurðinum sagðir Ó. Johnson & Kaaber hf. og Gjaldheimtan í Reykjavík, en varnaraðili áfrýjandi. Í úrskurðarorði segir, að krafa Ó. Johnsons & Kaabers hf. um sölu á nauðungaruppboði á hluta Seljabrautar 54 í Reykjavík skuli ná fram að ganga.

Gjaldheimtunni í Reykjavík var ekki stefnt fyrir Hæstarétt, og ber þegar af þeirri ástæðu að vísa málinu frá dómi.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað eins og segir í dómsorði.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Verslunarfélag Íslands og Spánar hf., greiði stefnda, Ó. Johnson & Kaaber hf., 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Úrskurður uppboðsréttar Reykjavíkur 12. júní 1990.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 15. maí sl.

Sóknaraðilar eru Ó. Johnson & Kaaber hf., Sætúni 8, Reykjavík, og Gjaldheimtan í Reykjavík.

Varnaraðili er Verslunarfélag Íslands og Spánar hf., kt. 710889-1399, Skeifunni 17, Reykjavík.

Kröfur sóknaraðila eru þær, að umbeðið nauðungaruppboð á fasteigninni Seljabraut 54, Reykjavík 0101, verslun á 1. hæð, nái fram að ganga til lúkningar uppboðskröfum sóknaraðila. Þá er af hálfu sóknaraðila Ó. Johnsons & Kaabers hf. gerð krafa um málskostnað úr hendi varnaraðila vegna þessa þáttar málsins.

Af hálfu varnaraðila er þess krafist, að umbeðið uppboð nái ekki fram að ganga.

II.

Með uppboðsbeiðni, dags. 23. október 1989, óskaði sóknaraðili Ó. Johnson & Kaaber hf. eftir nauðungaruppboði á eigninni Seljabraut 54, Reykjavík 0101, verslun á 1. hæð, þinglesinni eign varnaraðila. Uppboðsþoli var í uppboðsbeiðni tilgreindur Ásgeir Þór Davíðsson, Seljabraut 54. Uppboðsheimildin var veðskuldabréf, að fjárhæð 4.898.000 kr., með grunnvísitölu 920, út gefið 20. september 1984 til sóknaraðila, tryggt með veði í eigninni.

Auglýsing um nauðungaruppboð á eignarhluta þessum var birt í 10., 17. og 21. tbl. Lögbirtingablaðsins 1990, og var uppboðsmál þingfest 8. mars s.á. Þá voru sameinaðar uppboðsmálinu þrjár uppboðsbeiðnir Gjaldheimtunnar í Reykjavík, dags. 1. september 1989, 9. október 1989 og 27. nóvember 1989, varðandi eignina Seljabraut 54.

Fyrri sala eignarinnar fór fram 30. mars sl. að undangenginni dagblaðs-

auglýsingu. Þegar önnur og síðari nauðungarsala var tekin fyrir í uppboðsrétti 30. apríl sl., komu fram mótmæli gegn sölu eignarinnar frá uppboðsþola. Málinu var frestað til 8. maí sl., en við þá fyrirtekt var ákveðið að reka um ágreininginn uppboðsréttarmál þetta. Þann dag skilaði uppboðsþoli skriflegum mótmælum gegn sölu eignarinnar. Jafnframt var ákveðið, að uppboðsbeiðendur væru sóknaraðilar málsins, og var þeim veittur frestur til að skila greinargerðum. Málinu var frestað til 15. s. m. Þegar málið var tekið fyrir þann dag, var ekki mætt af hálfu varnaraðila. Sóknaraðilar skiluðu greinargerðum, og var málið tekið til úrskurðar að kröfu sóknaraðila.

Af hálfu sóknaraðila Ó. Johnsons & Kaabers hf. er því haldið fram, að fullnægt sé öllum skilyrðum laga nr. 57/1949, til þess að umbeðið nauðungaruppboð megi fara fram. Áður en tilkynning um nauðungaruppboð hafi verið send, hafi af hálfu sóknaraðila verið kannað í þinglýsingarbókum, hver væri skráður þinglýstur eigandi fasteignarinnar. Hafi þá komið í ljós, að breyting hafi þar orðið á, frá því að uppboðsbeiðnin var rituð, og var henni breytt til samræmis við þær upplýsingar. Tilkynningum um uppboðið hafi verið beint til varnaraðila með heimilisfang að Skeifunni 17, Reykjavík. Þá komi glögglega fram í beiðninni, að beðið sé um nauðungaruppboð í eignarhluta 0101, verslun á 1. hæð, að Seljabraut 54, Reykjavík.

Frumrit veðskuldabréfsins hafi ætíð verið sýnt í uppboðsréttinum, og það hafi nú verið lagt fram í máli þessu. Með uppboðsbeiðni sóknaraðila hafi hins vegar fylgt ljósrit af því veðskuldabréfi, og hafi ekki af hálfu varnaraðila verið mótmælt þeim hætti. Þá sé ljóst, að uppboðsskilmálar hafi legið fyrir, eins og bókað hafi verið í uppboðsréttinum, og að allar auglýsingar og tilkynningar séu með lögmætum hætti.

Sóknaraðili Gjaldheimtan í Reykjavík gerir þær kröfur, að umbeðið nauðungaruppboð á fasteigninni Seljabraut 54 0101, verslun á 1. hæð, nái fram að ganga til lúkningar greiðslu fasteignagjalda fyrir árið 1988 og árið 1989, samtals 1.190.436 kr., auk áfallandi dráttarvaxta frá 10. maí 1990 til greiðsludags. Jafnframt er afturkölluð uppboðsbeiðni sóknaraðila, dags. 27. nóvember 1989. Krafa sóknaraðila Gjaldheimtunnar í Reykjavík er því annars vegar vegna fasteignagjalda 1988, reist á lögtaki, sem gert var 11. ágúst 1989, hjá Kjöti og fiski hf. í eigninni Seljabraut 54. Skráður eigandi á gjaldareikningi sóknaraðila var þá Einar Bergmann Arason, Lindarflöt 16, Garðabæ.

Hins vegar sé um að ræða kröfu um fasteignagjöld vegna ársins 1989, reista á lögtaki, dags. 26. júní 1989, hjá Lómi hf., er gert var í fasteigninni. Skráður eigandi á gjaldareikningi er varnaraðili. Í greinargerð sóknaraðila kemur fram, að fasteign sú, sem hér um ræðir, hafi á undanförnum árum verið hlutuð niður í ýmsar einingar, sem síðan hafi gengið kaupum og söl-

um, og þá ekki endilega verið samræmi í nöfnum, sem greind séu í lögtökum og uppboðsbeiðnum annars vegar og skráningu á reikningsnúmer hins vegar. Samkvæmt 7. gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga, sem í gildi voru, þegar gjöld þau, sem hér um ræðir, voru lögð á, fylgir gjöldunum lögveð í fasteign þeirri, sem þau eru lögð á, og skuli þau ásamt dráttarvöxtum í tvö ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum veðkröfum, er á eigninni hvíla. Það skipti því í raun ekki máli, hver skráður sé fyrir eigninni á hverjum tíma. Það sé „fasteignin", sem sé skuldari.

Í skriflegum mótmælum gegn framgangi uppboðsins, dags. 8. maí 1990, byggir varnaraðili á því, að uppboðsgrundvöllur í málinu sé ólögmætur. Um uppboðskröfur, sem leiða rétt sinn af ólögmætum uppboðsgrundvelli, beri að synja. Þá er því jafnframt haldið fram, að málsmeðferð fyrir uppboðsréttinum brjóti í bága við réttarfarsreglur. Þannig hafi m.a. frumrit veðskuldabréfs sóknaraðila Ó. Johnsons & Kaabers hf. ekki verið lagt fram við þingfestingu uppboðsmáls með uppboðsbeiðninni, svo sem boðið sé í 6. gr. laga nr. 57/1949. Upphaflegur uppboðsgrundvöllur sé því ekki fyrir hendi.

III.

Uppboðsbeiðni sóknaraðila Ó. Johnsons & Kaabers hf. er dagsett 23.10.1989. Þar er óskað nauðungarsölu á hinni veðsettu eign og henni þar nánar lýst. Þá er þar gerð grein fyrir uppboðsheimildinni, sem er veðskuldabréf, og myndrit þess látið fylgja uppboðsbeiðninni. Frumrit veðskuldabréfsins hefur verið lagt fram í máli þessu.

Rétturinn telur, að uppboðsbeiðni sóknaraðila Ó. Johnsons & Kaabers hf. fullnægi formskilyrðum 6. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð, sbr. 1. gr. laga nr. 12/1987 um breytingar á þeim lögum. Er því ekki fallist á með varnaraðila, að synja eigi um framgang uppboðs á eigninni af þeim sökum.

Af uppboðsbeiðnum sóknaraðila Gjaldheimtunnar í Reykjavík verður hins vegar ekki séð, svo að óyggjandi sé, að uppboðsbeiðnir sóknaraðila eigi eingöngu við þann eignarhluta fasteignarinnar Seljabrautar 54, sem uppboðsheimild sóknaraðila Ó. Johnsons & Kaabers hf. stendur til. Þar sem hins vegar Gjaldheimtan í Reykjavík er ekki uppboðsbeiðandi í skilningi 6. gr. laga nr. 54/1947, heldur Ó. Johnson & Kaaber hf., þá hafa þessir vankantar ekki áhrif á framgang nauðungarsölu á umræddum eignarhluta.

Í tilkynningum um nauðungarsölu eignarinnar svo og í auglýsingum í Lögbirtingablaði er varnaraðili tilgreindur sem eigandi eignarhluta þess, sem hér um ræðir. Þar sem uppboðsheimild sóknaraðila O. Johnsons & Kaabers hf. er að öðru leyti ekki með neinum göllum, hvorki hvað varðar

form né efnishlið, ber að taka til greina kröfu hans um, að umbeðið uppboð skuli ná fram að ganga.

Varnaraðili greiði sóknaraðila Ó. Johnson & Kaaber hf. 35.000 kr. í málskostnað.

Valtýr Sigurðsson borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Krafa sóknaraðila Ó. Johnsons & Kaabers hf. um sölu á nauðungaruppboði á fasteigninni Seljabraut 54, Reykjavík, hl. 0101, eign varnaraðila, Verslunarfélags Íslands og Spánar hf., er tekin til greina.

Varnaraðili greiði sóknaraðila 35.000 kr. í málskostnað.

Fimmtudaginn 30. apríl 1992.

Nr. 205/1991. **Gifspússning hf.**
(Valgeir Kristinsson hrl.)
gegn
Róbert Hannessyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Skuldamál. Varnarþing. Kröfugerð. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. maí 1991 og krafðist þess í greinargerð sinni fyrir Hæstarétti, að hinn áfrýjaði dómur yrði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi. Þá krafðist hann málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir Hæstarétti.

Stefndi krafðist þess í greinargerð sinni fyrir Hæstarétti, að hinn áfrýjaði dómur yrði staðfestur og að áfrýjandi yrði dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Við upphaf munnlegs málflutnings fyrir Hæstarétti lýstu lögmenn aðila því yfir með skírskotun til nýrra gagna um skráð heimilisfang áfrýjanda, sem þá voru lögð fram, að ágreiningslaust væri, að varnarþing áfrýjanda sé og hafi verið Reykjavík. En krafa áfrýjanda um ómerkingu héraðsdóms og frávísun málsins frá héraði byggðist m.a. á því, að málið hefði verið höfðað ranglega á bæjarþingi Hafnarfjarðar. Jafnframt lýsti lögmaður stefnda því yfir, að hann væri samþykkur kröfu áfrýjanda um ómerkingu héraðsdóms vegna rangs varnarþings, sem eitt út af fyrir sig hlyti að ráða málinu til lykta. Þá kröfðust lögmenn beggja aðila þess, að málskostnaður fyrir Hæstarétti yrði látinn niður falla.

Samkvæmt þessu og með skírskotun til 1. mgr. 75. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði ber að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og vísa málinu frá héraðsdómi.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er felldur úr gildi og málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 2. apríl 1991.

Mál þetta var höfðað sem áskorunarmál, en vikið til venjulegrar meðferðar við þingfestingu 19.3. 1991. Mál þetta hefur Róbert Hannesson, kt. 030663-3819, Fífuhjalla 8, Kópavogi, höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 13.2. 1991, á hendur Ásgeiri Guðmundssyni, kt. 140965-5459, Kóngsbakka 7, Reykjavík, sem stjórnarformanni f.h. Gifspússningar hf., kt. 670588-1499, Dalshrauni 9, Hafnarfirði, til heimtu neðangreindrar skuldakröfu auk vaxta og málskostnaðar.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að hið stefnda fyrirtæki verði dæmt til að greiða 154.833 kr. auk dráttarvaxta, 23% p.a., af stefnufjárhæð frá 25.9. 1990 til 1.10. 1990, 21% p.a. frá þeim degi til stefnubirtingardags, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr., sbr. 14. gr. laga nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags, svo og er þess krafist, að dráttarvextir verði lagðir við höfuðstól á tólf mánaða fresti samkv. 12. gr. síðasttalinna laga, í fyrsta sinn 25.9. 1991. Jafnframt er krafist matsgerðarkostnaðar, 2.350 kr., og málskostnaðar samkv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti samkv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags, sbr. lög nr. 54/1988.

Málsatvik og málsástæður.

Ofangreind skuld sé samkv. ófullgerðu verki, sbr. reikning stefnda til stefnanda, dags. 28.6. 1990, nr. 111, sem sundurliðist þannig:

Gifspússning samkv. tilboði	kr.	1.081.000
Innborgað	"	636.000
Þar af virðisaukaskattur 24,5%	"	212.727
Fínpússningu á bílskúr skal vera lokið eigi síðar en 2.9. 1990 og er að fullu greidd.....	"	445.000

Þ.e.a.s., stefnandi hefur greitt 1.081.000 kr. fyrir verk, sem hefur ekki verið lokið, en átti að ljúka eigi síðar en 2.9. 1990, sbr. reikning.

Stefnandi kveðst hafa leitað til Múrarafélags Reykjavíkur til þess að láta meta, hve mikið væri eftir af verkinu og hvað kostaði að ljúka því. Samkvæmt matsgerð Múrarafélags Reykjavíkur 10.1. 1991 ættu vinnulaun, efniskostnaður og virðisaukaskattur að nema 154.833 kr., þ.e. stefnufjárhæð. Ekkert hafi fengist greitt af ofangreindri skuld þrátt fyrir ítrekanir,

og sé málsókn því óhjákvæmileg. Krafa um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun sé reist á lögum nr. 50/1988, þar sem lögmönnum sé gert að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sinni. Stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur, og því beri honum nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda.

Lagarök.

Stefnandi kveðst reisa kröfur sínar á almennum reglum kröfu- og samningsréttar um greiðslu fjárskuldbindinga.

Af hálfu stefnda hefur ekki verið sótt þing, þrátt fyrir það að honum sé löglega stefnt. Verður þá samkv. 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma mál þetta samkvæmt framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst 34.200 kr. (sic), þ.m.t. virðisaukaskattur, en málskostnaðarfjárhæðin án virðisaukaskatts beri dráttarvexti samkv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 17.4. 1991 til greiðsludags.

Rúnar S. Gíslason, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Gifspússning hf., Dalshrauni 9, Hafnarfirði, greiði stefnanda, Róbert Hannessyni, Fífuhjalla 8, Kópavogi, 154.833 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 25.9. 1990 til greiðsludags, 2.350 kr. í matsgerðarkostnað og 33.200 kr. í málskostnað, þ.m.t. virðisaukaskattur, en málskostnaðarfjárhæðin án virðisaukaskatts beri dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 17.4. 1991 til greiðsludags, allt innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 4. maí 1992.

Nr. 165/1992. **Óskar Mikaelsson**

gegn

Hugvirkja hf.,
Íslandsbanka hf.,
Vélsmiðju Hafnarfjarðar hf.,
Búnaðarbanka Íslands,
Landsbanka Íslands, veðdeild, og
Byggingarsjóði ríkisins.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Óskar Mikaelsson, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 10.000 króna útvistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 4. maí 1992.

Nr. 321/1989. **Trausti Haraldsson,**
Kristján Árnason og
Arnald Reykdal
(Gísli Baldur Garðarsson hrl.)
gegn
Gunnari Berg Gunnarssyni
(Jón Magnússon hrl.).

Samningar. Uppgjör. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. ágúst 1989, að fengnu áfrýjunarleyfi 17. sama mánaðar. Eru dómkröfur þeirra þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða þeim 864.140 krónur ásamt 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. júní 1986 af 173.266 krónum til 1. janúar 1987 og af 864.140 krónum frá þeim degi til 1. mars 1987, en með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 21. maí 1987 og síðan með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987. Gerð er krafa um, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. janúar 1988. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum áfrýjenda og að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Jafnframt verði sér dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda.

I.

Mál þetta er sprottið af ágreiningi aðila um uppgjör vegna útgáfu upplýsingarits og símaskrár fyrir Akureyri árin 1985 og 1986. Svo sem rakið er í héraðsdómi, hófst samstarf árið 1983 milli áfrýjandans Trausta Haraldssonar og Sigurðar Vatnsdal annars vegar og stefnda hins vegar um útgáfu upplýsingarits fyrir Akureyri. Trausti og Sigurður voru sameigendur að prentsmiðjunni Petit sf. og höfðu gefið út slíkt rit árið 1982. Þessir þrír aðilar stóðu að útgáfu saman

árin 1983 og 1984. Stefndi hafði umsjón með útgáfunni, og er óumdeilt, að samkvæmt samkomulagi vegna útgáfunnar 1984 fékk hann 10% af brúttótekjum í þóknun og þriðjung hagnaðar af útgáfunni á móti þeim Trausta og Sigurði. Í apríl 1985 keyptu áfrýjendurnir Kristján Árnason og Arnald Reykdal hlut Sigurðar Vatnsdal í Petit sf., og jafnframt var það skilningur þeirra og Trausta, að þeir tækju yfir hlut Sigurðar í útgáfu upplýsingaritsins.

Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti krafðist lögmaður stefnda sýknu aðallega vegna aðildarskorts áfrýjenda samkvæmt 45. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Hefðu áfrýjendur í raun byggt málatilbúnað sinn í upphafi á því, að prentsmiðjan Petit sf. hefði verið aðili að fyrrgreindri útgáfu, en ekki áfrýjendur persónulega. Þessari málsástæðu hafði ekki áður verið hreyft af hálfu stefnda. Málflutningur beggja aðila hefur frá upphafi málshöfðunar miðast við, að samstarf um útgáfuna hafi verið byggt á samkomulagi ofangreindra einstaklinga. Verður ekki fallist á kröfu stefnda um sýknu vegna aðildarskorts.

II.

Ljóst er af gögnum málsins, að engar beinar viðræður áttu sér stað milli áfrýjendanna Kristjáns Árnasonar og Arnalds Reykdal og stefnda um útgáfu upplýsingarits fyrir Akureyri 1985, en undirbúningur hennar mun hafa verið hafinn, er hinir fyrrnefndu gengu í félag með áfrýjanda Trausta í stað Sigurðar Vatnsdal. Fram er komið, að áfrýjendur stóðu að ýmiss konar vinnu vegna útgáfunnar. Einhverjar umræður áttu sér stað milli stefnda og Trausta um skiptingu hagnaðar af útgáfunni eftir brotthvarf Sigurðar Vatnsdal. Trausti hefur borið, að hann hafi hafnað tillögu stefnda um, að þeir tveir skiptu með sér hagnaði af útgáfunni. Í ódagsettu bráðabirgðauppgjöri, sem stefndi lagði fram eftir nokkrar umræður um þessi mál, gerði hann ráð fyrir, að hagnaði útgáfunnar yrði skipt í þrennt, og fengju Kristján og Arnald þriðjung í sinn hlut. Hins vegar ætlaði hann sér 30% þóknun fyrir umsjón og auglýsingasöfnun í stað 10% árið áður.

Telja verður með hliðsjón af framansögðu, að stefndi hafi viðurkennt, að samningur væri um útgáfuna 1985 milli sín og áfrýjenda í framhaldi fyrri samnings. Gegn mótmælum áfrýjenda hefur hann ekki fært sönnur á, að svo hafi um samist, að þóknun sín fyrir

umsjón útgáfunnar ætti að hækka í 30%. Verður því að miða við, að hann hafi átt að fá 10% af innkomnum tekjum, 114.830 krónur, en ágreiningslaust er, að tekjur námu samtals 1.148.300 krónum.

Í yfirliti um tekjur og gjöld, sem stefndi sendi skattyfirvöldum, er kostnaður vegna útgáfunnar 1985, að frátalinni þóknun hans sjálfs, talinn nema 281.899 krónum. Í kröfugerð sinni hafa áfrýjendur hins vegar aðeins viðurkennt kostnað, sem nemur samtals 226.071 krónu. Ekki þykja þeir hafa stutt útreikninga sína nægum rökum til að hnekkja framangreindu kostnaðaryfirliti stefnda, og verður það því lagt til grundvallar.

Samkvæmt framansögðu ber að gera útgáfu upplýsingaritsins fyrir 1985 upp sem hér segir:

Tekjur	kr.	1.148.300
Gjöld:		
Hluti stefnda af innkomnum tekjum	—	114.830
Annar kostnaður	—	281.899
	kr.	396.729
Hagnaður	—	751.571
	kr.	1.148.300
Hluti áfrýjenda í hagnaði,		
2/3 hlutar	—	501.047
Áður greitt af stefnda	—	373.000
Skuld stefnda við áfrýjendur	—	128.047

III.

Áður en til útgáfu símaskrár fyrir Akureyri 1986 kom, höfðu aðilar átt í viðræðum vegna ágreinings um uppgjör útgáfunnar 1985, án þess að endanlegt samkomulag næðist. Ekki hefur verið sýnt fram á, að neinar sérstakar viðræður hafi átt sér stað milli aðilanna um tilhögun útgáfunnar 1986, og annaðist stefndi útgáfuna á eigin spýtur, án þess að áfrýjendur kæmu þar nærri. Að vísu hefur komið fram, að þeir hafi tekið við nokkrum auglýsingum, en stefndi nýtti þær ekki. Þegar þetta er virt, þykir verða að fallast á þá niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, að áfrýjendum hafi ekki tekist sönnun þess, að komist hafi á samningur milli þeirra og stefnda um útgáfuna. Verður stefndi því sýknaður af kröfum þeirra um útgáfuna 1986.

IV.

Niðurstaða málsins verður samkvæmt framansögðu sú, að stefndi verður dæmdur til að greiða áfrýjendum 128.047 krónur vegna útgáfu upplýsingarits fyrir Akureyri 1985 með vöxtum eins og greinir í dómsorði. Þá þykir rétt, að hann greiði þeim 50.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Stefndi, Gunnar Berg Gunnarsson, greiði áfrýjendum, Trausta Haraldssyni, Kristjáni Árnasyni og Arnald Reykdal, 128.047 krónur ásamt 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. júní 1986 til 1. mars 1987, 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 21. maí 1987, en síðan með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Vextir skulu leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. janúar 1988. Stefndi greiði áfrýjendum 50.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Akureyrar 17. mars 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. þ. m. að undangengnum munnlegum málflutningi þann dag, hefur Gísli Baldur Garðarsson hrl. höfðað með stefnu, út gefinni í Reykjavík 15. maí 1987 og þingfestri hér fyrir bæjarþinginu 21. s. m., f. h. Trausta Haraldssonar, nnr. 8929-5076, Skarðshlíð 32 f, Kristjáns Árnasonar, nnr. 5839-2472, Lönguhlíð 22, og Arnalds Reykdal, nnr. 0446-5946, Ásvegi 13, allra búsettra á Akureyri, á hendur Gunnari Berg Gunnarssyni, nnr. 3356-1830, Skarðshlíð 2 g, Akureyri, til heimtu greiðslu á samningsbundnum ágóðahlut vegna útgáfustarfsemi auk vaxta og kostnaðar.

Með dómi 5. febrúar 1988 var máli þessu vísað frá ex officio, en þeim frávísunardómi var hrundið með dómi Hæstaréttar Íslands 28. júní 1988, þar sem frávísunardómurinn var úr gildi felldur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms að nýju.

Dómkröfur stefnenda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða þeim 877.473 kr. ásamt 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá 1.6. 1986 af 173.266 kr. til 1.1. 1987 og af 877.473 kr. frá þ.d. til 1.3. 1987 og þá með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til þingfestingardags, 21.5. 1987, og síðan með dráttarvöxtum skv. 14. gr. vaxtalaga nr. 25, 1987, frá þ.d.

til greiðsludags auk málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ. Einnig er gerð krafa um vaxtavexti, þ.e., að vextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. janúar 1988.

Stefndi gerir þær kröfur, að hann verði með öllu sýknaður af öllum kröfum stefnenda og að stefnendur verði dæmdir til greiðslu málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ eða málskostnaðarreikningi.

Stefnendur segja málavexti þá, að á undanförnum árum hafi þeir og stefndi gefið út í félagi upplýsingarit um Akureyri. Rit þetta er símaskrá fyrir Akureyri með ýmsum þjónustuauglýsingum. Samstarfið hafi borið að með þeim hætti, að árið 1983 hafi stefndi verið ráðinn til að starfa við útgáfuna gegn greiðslu launa. Að útgáfunni hafi þá staðið Sigurður Vatnsdal og Trausti Haraldsson, þáverandi eigendur prentsmiðjunnar Petit. Árið eftir, þ.e. 1984, hafi þeir Sigurður og Trausti boðið stefnda að gerast aðili að útgáfunni. Ekki hafi verið gerður skriflegur félagssamningur, en um samið, að hver þessara þriggja skyldi fá í sinn hlut þriðjung af hagnaði. Stefndi skyldi annast framkvæmdastjórn fyrirtækisins, sjá um auglýsingasöfnun, innheimtu og tilboðsöflun. Fyrir þau störf skyldi stefndi fá 10% af brúttótekjum fyrirtækisins. Í apríl 1985 hafi Sigurður Vatnsdal selt þeim stefnendum Arnald Reykdal og Kristjáni Árnasyni sinn hlut í prentsmiðjunni Petit. Hlutur Sigurðar í útgáfunni fylgdi þá með í kaupunum.

Árið 1985 hafi gengið í gildi reglugerð um útgáfu á símaskrá, er gerði að skilyrði leyfisveitingu frá ráðuneyti. Sótt hafi verið um leyfi, og hafi það verið skráð á nafn stefnda. Það ár hafi útgáfan verið með venjubundnum hætti. Þegar til uppgjörs kom í maí 1986 hafi hins vegar kveðið við nokkuð breyttan tón. Stefndi hafi þá hækkað laun sín einhliða úr 10% af brúttótekjum í 30%. Hafi staðið í nokkru stappi um þessa ráðstöfun og m.a. verið uppi sú hugmynd að jafna ágreininginn með því að fela prentsmiðju stefnenda, Petit, að prenta upplýsingaritið 1986 á nokkru hærra verði en tilboð hafi fengist um. Unnið hafi verið með venjulegum hætti að undirbúningi þeirrar útgáfu, þ.e.a.s. 1986, og hafi stefnendur m.a. tekið við auglýsingum, veitt upplýsingar og prentað pöntunarseðla fyrir þetta rit. Hafi það því komið stefnendum í opna skjöldu, er þeir fréttu, að ritið væri komið út og stefndi lýsti yfir, að hann hefði staðið einn að útgáfunni. Við eftirgrennslan hafi komið í ljós, að stefndi hafði ekki notað þær auglýsingar, sem stefnendur höfðu tekið við, en á hinn bóginn hafi verið í ritinu fjölmargar auglýsingar frá aðilum, sem fengið höfðu upplýsingar hjá stefnendum um verð, útgáfutíma o.fl.

Segja stefnendur dómkröfu í máli þessu tvíþætta. Annars vegar sé um að ræða skuld vegna útgáfu upplýsingarits um Akureyri 1985, 173.266 kr. Byggist sú krafa á bráðabirgðauppgjöri stefnda, þar sem hann hafi með

ólögmætum hætti tekið ákvörðun um að auka sinn hlut á kostnað stefnenda, sem þessari fjárhæð nemi. Í stað umsamins 10% hlutar hafi stefndi tekið 30% af óskiptu. Jafnframt setji stefndi upp kostnaðarlið: „Ýmis kostnaður o.fl." 72.000 kr., sem stefnendur telja tilbúning. Í hlut stefnenda hefðu átt að koma samtals 546.266 kr., en stefndi hafi einungis greitt 373.000 kr. skv. uppgjörsblaði og skuldi því 173.266 kr.

Hins vegar sé um að ræða útreikning stefnenda á tekjum og gjöldum vegna ritsins 1986, sem byggður sé á nú framlögðum rekstrarreikningi stefnda vegna ársins 1986 vegna ritsins, er bar þá heitið Símaskrá fyrir Akureyri, og sundurliða stefnendur kröfur sínar þannig: Heildartekjur 1.501.500 kr. og gjöld til frádráttar, pappír og prent 236.850 kr., dreifing 25.000 kr., reikningsleg aðstoð 7.700 kr., ritföng 357 kr., auglýsingar 632 kr., afskrifaðar kröfur 24.500 kr., auglýsingasöfnun og stjórnun 150.150 kr. eða útlagður kostnaður alls 445.189 kr. Hlutur stefnda, Gunnars Berg, af heildartekjum 352.104 kr. og skuld stefnda vegna útgáfunnar 1986 því 704.207 kr., eða krafan alls 877.473 kr.

Málsástæður stefnenda eru þær, að þeir og stefndi hafi haft með sér óformlegt félag um útgáfu upplýsingarits á Akureyri hverju sinni, þegar ný símaskrá var út gefin af Póst- og símamálastofnun. Málshöfðunin er reist á því, að í gildi hafi verið samningur milli aðila. Með því að taka í sinn hlut meira en stefnda bar af tekjum vegna útgáfu upplýsingarits 1985 hafi stefndi brotið samning um tekjuskiptingu, sem í gildi var milli stefnenda og stefnda.

Þótt deilt hafi verið um ágóðahlut stefnda, hafi ekki verið rætt um neinar breytingar á útgáfunni, sem þá var unnið að, þ.e. símaskrá fyrir Akureyri 1986. Einungis var rætt um, hvort auka ætti ágóðahlut stefnda og semja við prentsmiðju stefnenda um að vinna prentverk á verði, sem væri talsvert hærra en tilboð það var, sem þá hafði verið aflað frá Dagsprenti hf. Þegar ritið var komið út, gerði stefndi stefnendum ljóst, að hann ætlaði sé einn að hirða ágóðann af útgáfunni. Með þessu hafi stefndi brotið samninginn við stefnendur. Á því er byggt, að stefndi hafi með sviksamlegum hætti komist yfir hagnað af útgáfu símaskrárinnar.

Stefnda hafi verið falið að sækja um leyfi til að gefa út símaskrá fyrir Akureyri fyrir útgáfufélagið. Án vitundar stefnenda hafi stefndi sótt um leyfi í eigin nafni og fengið það fyrst 29. apríl 1985 og síðar 10. janúar 1986. Báðar leyfisveitingarnar hafi í raun verið til þeirrar útgáfu, sem stefnendur og stefndi stóðu saman að.

Verði ekki litið svo, á að samningur hafi verið í gildi, er símaskráin 1986 var gefin út, er á því byggt, að stefnendur eigi rétt á efndabótum, er svari til tapaðs ágóðahlutar.

Lagarök fyrir kröfum sínum reisa stefnendur umfram allt á réttarreglum

um gildi loforða og samninga, sbr. lög nr. 7/1936. Enn fremur er byggt á meginreglum skaðabótaréttarins.

Stefndi kveður málavexti þá, að árið 1983 hafi hann komið til Trausta Haraldssonar og Sigurðar Vatnsdal og skýrt þeim frá því, að hann hefði í hyggju að hefja útgáfu á símaskrá fyrir Akureyri, þar sem stefndi hafði heyrt, að Trausti og Sigurður hygðust ekki gefa út slíka skrá að nýju, en þeir höfðu gefið hana út árið 1982. Eftir nokkrar umræður hafi það orðið úr, að þeir þrír myndu standa saman að útgáfunni árið 1983. Hafi stefndi séð um þá útgáfu og fengið fyrir það þóknun. Árið 1984 hafi fyrirkomulag verið óbreytt. Árið 1985 hafi Sigurður Vatnsdal hætt samstarfi við Trausta Haraldsson. Hafi stefndi og Trausti ræðst þá við um útgáfu á símaskrá, og hafi það verið vilji stefnda, að hann og Trausti stæðu tveir að útgáfunni. Ekki hafi verið gengið frá neinu sérstöku samkomulagi.

Er til uppgjörs kom vegna útgáfunnar 1985, hafi Trausti og þeir, sem keypt höfðu hlut Sigurðar Vatnsdal í Petit sf., þeir stefnendur Kristján og Arnald, gert kröfu um, að ágóðahlut yrði skipt í þrennt. Endaði það með því, að stefndi hefði fallist á það.

Árið 1986 hafi stefndi ákveðið að eiga ekki frekara samstarf við aðra. Þessu til sérstakrar áréttingar hafi hann kallað útgáfuna nú Símaskrá fyrir Akureyri, en á meðan samstarf var um útgáfuna, var nafnið Upplýsingarit um Akureyri. Hafi stefnendur ekki komið nálægt útgáfunni 1986, hvorki auglýsingasöfnun né öðru. Hafi stefndi séð að öllu leyti um útgáfuna 1985 og dvalist m.a. í Reykjavík í þrjár vikur við auglýsingasöfnun.

Stefndi vísar því eindregið á bug, að óformlegt félag hafi verið um útgáfuna og í gildi hafi verið samningur um útgáfuna, sem leitt geti til kröfugerðar vegna útgáfunnar 1986. Í fyrsta lagi hafi stefnendum verið það ljóst, að stefndi ætlaði að standa einn að útgáfunni, og til að leggja á það áherslu hafi ritið heitið öðru nafni en áður hafði verið. Hafi stefnendur ekki heldur komið nálægt þeirri útgáfu á nokkurn hátt. Þá hafi stefndi haft persónulegt leyfi samgönguráðuneytis til útgáfunnar það ár. Kröfugerð stefnenda vegna útgáfu stefnda 1986 vísar hann því á bug sem tilhæfulausri.

Um uppgjör útgáfunnar 1985 telur stefndi heldur ósmekklega að sér vegið. Í fyrsta lagi beri það að nefna, að vinna stefnda við þá útgáfu hafi verið mun meiri en áður, og hafi stefnendur nánast ekki komið nærri þeirri útgáfu. Svo sem áður er nefnt, hafi hann m.a. dvalist í Reykjavík í þrjár vikur við auglýsingasöfnun. Stefndi lagði fram dómskjal nr. 19, þ.e. uppgjör vegna útgáfunnar 1985, er hafi verið sent skattyfirvöldum, og skoraði í greinargerð sinni á stefnendur að leggja fram, hvaða upplýsingar þeir hafi gefið skattyfirvöldum um tekjur sínar af þeirri útgáfu. Hafi stefndi engar athugasemdir fengið frá skattyfirvöldum, sem bendi til þess, að stefnendur hafi sjálfir gefið skattyfirvöldum sömu upplýsingar. Þegar af þeirri

ástæðu megi ljóst vera, að stefnendur hafi samþykkt þetta uppgjör. Hafi stefnendur talið, að uppgjörið væri rangt og þeim bæri hærri ágóðahlutur, hlytu þeir að hafa gefið skattyfirvöldum þær upplýsingar.

Stefnendur byggja kröfu sína tölulega þannig, eins og fram kemur í greinargerð á dskj. nr. 2:

Upplýsingarit 1985.

Heildartekjur	kr.	1.148.300		
Gjöld:				
Dreifing	"	20.000		
Prentun	"	181.345		
Auglýsingar	"	5.526		
Skattframtal	"	7.200		
Auglýsingasöfnun og stjórnun	"	114.830		
Hagnaður	"	819.399		
Hlutur stefnenda 2/3			kr.	546.266
Þegar greitt skv. bráðabirgðauppgjöri			"	373.000
Skuld			"	173.266

Vegna símaskrár fyrir Akureyri 1986 skv. dskj. nr. 22, þannig:

Símaskrá 1986.

Heildartekjur	kr.	1.501.500		
Gjöld:				
Pappír og prentun	"	236.850		
Dreifing	"	25.000		
Reikningsleg aðstoð	"	7.700		
Ritföng	"	357		
Auglýsingar	"	632		
Afskrifaðar kröfur	"	24.500		
Auglýsingasöfnun og stjórnun	"	150.150		
eða útlagður kostnaður			kr.	445.189
Hlutur stefnda Gunnars Berg			"	352.104
Skuld v/útgáfunnar 1986			"	704.207

Á dskj. nr. 3 liggur fyrir bráðabirgðauppgjör vegna upplýsingarits 1985, ódags., og eru þar sömu tölur færðar til tekna og gjalda, allt þar til búið er að tíunda kostnað við skattframtal, en þá er fært til gjalda í bráðabirgðauppgjörinu ýmis kostnaður, ferðalög, sendingarkostnaður o.fl., um 72.000 kr., auglýsingasöfnun 25%, 287.075 kr., fjármálaumsjón og útgáfustjórn 5%, 57.415 kr. eða til gjalda alls fært kr. 630.561 kr., og hagnaður 517.739 kr., ágóði G. Berg 172.579 kr., Trausti 172.580 kr., K. Árn. 172.580 kr.

eða alls 517.739 kr., og við uppgjör ágóðans á þessu bráðabirgðauppgjöri er Petit talið hafa greitt 373.000 kr., ágóðahlutur 345.160 kr., eða ofgreitt um 27.840 kr.

Dskj. nr. 19, þ.e. uppgjör það, er stefndi kveðst hafa sent skattyfirvöldum vegna útgáfunnar 1985, en ber yfirskriftina Yfirlit vegna útgáfu 1985, er samhljóða því, sem hér hefur verið áður rakið með tekjur og samhljóða, gjalda megin, prentkostnaður, dreifing og auglýsingar. Síðan er tíundað til gjalda ritföng 1.949 kr., ferðakostnaður 15.160 kr., þátttaka í rekstri bifreiðar 19.594 kr., vextir 38.325 kr., auglýsingasöfnun/innheimta G. Berg 287.075 kr., umsjón G. Berg 57.940 kr. eða alls gjaldfært 626.914 kr. Hlutdeild G. Berg 173.795 kr., hlutdeild Petit 173.796 kr., hlutdeild Trausta Haraldssonar 173.795 kr. Dómskjal nr. 19 er óundirritað.

Á rekstrarreikningi 1986, dskj. nr. 21, hefur stefndi talið rekstrartekjur og auglýsingatekjur 1.501.500 kr. og rekstrargjöld samtals 1.497.910 kr., sem sundurliðast þannig: Laun og launatengd gjöld 990.122 kr., ýmis rekstrargjöld 488.207 kr., aðstöðugjald 9.836 kr., vaxtagjöld 9.745 kr. og hagnaður ársins 3.590 kr. Í sundurliðun á kröfu sinni vegna 1986 taka stefnendur tekju megin framtaldar auglýsingatekjur óbreyttar, en gjalda megin sleppa þeir algjörlega liðunum laun og launatengd gjöld, aðstöðugjald og vaxtagjöld, og undir liðnum ýmis rekstrargjöld taka þeir til frádráttar sömu fjárhæðir og stefndi fyrir pappír og prentun, dreifingu, reikningslega aðstoð, ritföng, flutningsgjöld og afskrifaðar kröfur, en færa að auki til gjalda auglýsingasöfnun og stjórnun 150.150 kr., sem stefndi hefur ekki gjaldfært. Undir þessum rekstrarlið hefur stefndi gjaldfært þátttöku í rekstri bifreiðar 107.400 kr., auglýsingar 1.593 kr. og ferðakostnað 84.175 kr., sem stefnendur sleppa í sínu uppgjöri, og svo sem áður greinir, nema ýmis rekstrargjöld stefnda samtals 488.207 kr., en skv. útreikningum stefnenda 445.189 kr.

Stefnandi Trausti Axels Haraldsson prentari kom hér fyrir dóminn og kvað málavexti, eins og hér að framan eru raktir í stefnu, vera rétta. Hann sagði, að árið 1983 hefði stefnda aðeins verið greidd þóknun fyrir að vera ábyrgðarmaður, en árið 1984 hefði stefndi gerst aðili að útgáfunni gegn ⅓ hlut. Hann upplýsti, að bráðabirgðauppgjörið fyrir árið 1985 hefði borist þeim í maí 1986. Hann upplýsti, að stefndi hefði séð um að sækja um leyfi til útgáfu símaskrárinnar fyrir árin 1985 og 1986. Hafi stefnendur annast prentun kápu- og auglýsingablaða og tekið á móti auglýsingum, annast prentun á reikningum og bókbandsvinnu, en stefndi hafi séð algerlega um fjármálin, og hafi þeir lagt það fé, er inn kom, á ávísanareikning í Alþýðubankanum hf. á Akureyri á nafn stefnda. Hann upplýsti, að árið 1983 hefði prentsmiðjan Petit gefið út símaskrána og að stefndi hefði greitt þeim 383.000 kr. vegna 1985, er bráðabirgðauppgjörið lá fyrir.

Hann upplýsti, að þeim hefði verið kunnugt um, að stefndi hefði samið við mann í Reykjavík um auglýsingasöfnun gegn 25% þóknun, og hefðu þeir samþykkt það, og hefðu það verið um 80.000 kr. brúttó, er auglýsingum var safnað fyrir í Reykjavík. Hann kvað þá stefnendur ekki hafa komið nálægt bókhaldi útgáfunnar, heldur hefði það verið í verkahring stefnda að sjá um bókhald og fjármál. Hann upplýsti, að sér hefði ekki verið kunnugt um, að leyfi til útgáfu símaskrárinnar hefði verið á nafn stefnda, heldur hefði hann staðið í þeirri trú, að það hefði verið til handa Upplýsingariti um Akureyri, og hefði hann ekki fengið vitneskju um þetta fyrr en í maí 1986, en Björn Dagbjartsson alþingismaður hefði gengið í málið 1985 og 1986 til að fá leyfið. Hann sagði, að tekjur vegna útgáfunnar hefðu verið færðar til tekna hjá Petit sf., en gat ekki gefið upp, hvernig tekjufærslum vegna þessa hefði verið hagað hjá fyrirtækinu tekjuárin 1985 og 1986, en þessar tekjur hefði hann ekki fært sérstaklega sér til tekna, heldur þegið laun hjá Petit sf. Hann upplýsti, að þeir stefnendur hefðu ekki veitt auglýsendum neinn afslátt á þeim auglýsingum, er þeir pöntuðu hjá þeim árið 1985. Hann upplýsti, að Petit sf. hefði fengið greitt sérstaklega fyrir bókbandsvinnu vegna útgáfunnar árin 1984 og 1985 svo og prentun kápu og prentun á auglýsingapöntunarseðlum og reikningsformum.

Stefnandi Arnald Reykdal, eigandi Petit sf. að ⅓ hluta, kom hér fyrir dóm og bar, að 3. apríl 1985 hefði hann keypt ⅓ hluta í Petit sf., og hefði fylgt með í kaupunum hlutur sameignarfélagsins í Upplýsingaritinu um Akureyri. Byrjað hefði verið á þessu verki, þ.e. að safna auglýsingum, og búið að prenta auglýsingaseðla og engir hnökrar á fyrr en við uppgjör. Þá hefði stefndi viljað meina, að þeir hefðu aðeins verið tveir í þessu, þ.e. hann og Trausti, en dregið þetta til baka og skipt í þrjá hluta með 10% þóknun fyrir sína vinnu og ⅓ ágóðahlut. Hann upplýsti, að vinnan við útgáfuna 1986 hefði verið, að prentuð hefðu verið pöntunarblöð fyrir auglýsingar, tekið á móti auglýsingum, sem aldrei komu í blaðinu, og 1985 hefði verið tekið á móti auglýsingum, prentuð pöntunarblöð og prentuð kápa og innheimta í fjarveru stefnda um þriggja til fjögurra vikna tíma á þeirra hlut, þ.e. það, sem þeir hefðu fengið, lagt inn á ávísanareikning, sem Upplýsingaritið átti í Alþýðubankanum, og stefndi hefði skilið eftir ávísanir, svo að þeir gætu fengið af því, sem inn kom. Hann taldi, að fastákveðið hefði verið milli stefnenda og stefnda að skipta í þrjá hluta og stefndi fengi 10% þóknun, og þetta hafi komið fram í viðræðum við Sigurð Vatnsdal, er þeir keyptu hans hluta í fyrirtækinu. Hann upplýsti, að hann annaðist fjáreiður Petit sf. Hann kvað allt, sem inn kom fyrir útgáfuna, hafa gengið beint til félagsins, en kveðst ekki vera með þær fjárhæðir á hreinu og upplýsir, að engar tekjur hafi verið taldar vegna útgáfunnar 1986. Hann upplýsti, að manni í Reykjavík hefði verið greidd 10% eða vel gæti

verið 25% þóknun vegna auglýsingasöfnunar þar. Hefði reikningur verið sendur stefnda fyrir þeirra hlut 1986 ásamt prentkostnaði við það blað.

Stefnandi Kristján Árnason prentari bar hér fyrir dóminum, að hann hefði ekki vitað annað en þeir yrðu með í útgáfunni 1986, fyrr en símaskráin kom út. Þeirra þáttur hefði verið að taka á móti auglýsingum ásamt stefnda fyrir 1985 og einnig 1986. Ágreiningur hefði orðið vegna útgáfunnar 1985 vegna uppgjörs, þar sem stefndi vildi skipta til helminga. Síðan hefði komið nýtt uppgjör og þeir gert athugasemdir við ýmsan kostnað í Reykjavík, 72.000 kr., og aukna hlutdeild, þ.e. þóknun stefnda úr 10% í 30%. Hann taldi vinnutíma stefnda hafa verið um 2 - 2½ mánuð, og aðspurður, hver hlutur stefnenda hefði verið umfram að prenta kápu, hefta blaðið og skera það og prenta reikningsform og pöntunarform fyrir auglýsingar, kvaðst hann eiga bágt með að svara því, þar sem hann hefði verið ákaflega lítið inni í peningamálunum og þar af leiðandi ekki vitað, hvernig það hefði farið fram. Hann kvaðst ekki geta metið vinnuframlag þeirra við móttöku auglýsinga.

Stefndi, Gunnar Berg Gunnarsson prentari, bar hér fyrir dóminum, að árið 1984 hefði hann ásamt Sigurði Vatnsdal og Tausta Haraldssyni gefið út upplýsingarit fyrir Akureyri, en 1985 hefðu orðið uppskipti í sameignarfélaginu Petit, og taldi, að svo hefði talast til milli sín og Trausta, að þeir gæfu út tveir saman og skiptu tekjunum að frádregnum kostnaði til helminga. Hefði hann einn séð um útgáfuna og Trausti ekkert unnið að henni, en stefndi hefði séð um auglýsingasöfnun, sótt um leyfi á sig persónulega til útgáfunnar og skráin prentuð hjá Dagsprenti hf., en öll bókbandsvinna unnin hjá Petit sf., og hefði sá kostnaður allur verið greiddur af óskiptu. Seinni hluta 1985, er hann ætlaði að fara að gera upp við Trausta, hefði komið krafa frá þeim, sem keyptu af Sigurði Vatnsdal, að þeir væru aðilar að ⅓ að útgáfunni, og hefði um þetta verið þráttað nokkuð lengi og hann að lokum fallist á þetta, hafandi aflað sér upplýsinga frá útgefendum og auglýsingastofum í Reykjavík, hver væri eðlileg þóknun fyrir umsjón, útgáfu og auglýsingasöfnun, og hefði skipt hagnaði, hafandi tekið sinn hlut skv. þessu. Um þetta hefði verið þráttað þó nokkra mánuði milli aðila, og við þetta uppgjör hefði hann viljað standa, enda þótt hann hefði greitt þeim 25.000 til 30.000 kr. umfram það, sem þeim bar skv. uppgjörinu. Hefðu þeir rætt um þetta með nokkru millibili fram að áramótum 1986, og hefði hann þá sótt um leyfi til útgáfunnar að nýju 1986 og fengið, og er sér þótti sýnt, að ekki næðist samkomulag um önnur skipti en þau, sem verið höfðu 1984, hefði hann tjáð þeim, að best væri, að þeir gæfu út sína símaskrá og hann sína, og þar með hefði hann talið, að þeir hefðu hans orð fyrir því, að hann ætlaði að gefa þetta einn út, enda með leyfi til þess persónulega, og taldi, að ekki hefði stofnast til neins félags

um þessa útgáfu fyrr, það hefði engin regla verið á þessari útgáfu, heldur ákveðið frá ári til árs, hvernig haga skyldi útgáfunni.

Árið 1985 hefði hann talið, að auglýsingamarkaður væri í Reykjavík, og dvalist þar á hóteli þrjár vikur, en ferðin staðið undir sér og hann orðið fyrir útlögðum kostnaði. Stefnendur hefðu innheimt örlítinn hluta í fjarveru sinni, greiðslur vegna auglýsinga, þar sem þeir töldu sig vera peninga þurfi, og einnig annast prentun kápu og bókband. Hefði hann greitt þeim fyrir þetta. Hann upplýsti, að 1983 hefði hann fengið 10% af auglýsingatekjum fyrir að vera ábyrgðarmaður og ekki komið nálægt að öðru leyti, en þá hefðu þeir Trausti og Sigurður gefið út og hann, þ.e.a.s. stefndi, m.a. fengið á sig sakadómskæru. Árið 1984 hefði verið komið langt fram í júní og ekkert örlað á auglýsingasöfnun eða neinni starfsemi, og hefði hann þá ákveðið að gefa út símaskrá og haft samband við Trausta og Sigurð og þá orðið að samkomulagi, að þeir gæfu hana út þrír gegn því, að stefndi sæi um auglýsingasöfnun og umsjón alla, en hann hefði sett það skilyrði, að ritið yrði ekki prentað hjá þeim, því að miðað við fyrri reynslu hefði hann ekki treyst þeim til þess, og þetta orðið að samkomulagi og hver fengið ⅓ af nettóhagnaði og hann 10% fyrir umsjón. Við útgáfuna 1986 hefðu stefnendur prentað auglýsingabeiðnaseðla, og e.t.v. hefðu þeir móttekið einhverjar auglýsingar í þeirri trú, að hann myndi standa að útgáfu með þeim, en hann engar auglýsingar nýtt, er þeir söfnuðu, og þeir engar auglýsingar afhent sér. Hann kveðst hafa verið krafinn um prentun fyrir auglýsingapantanir, en ekki greitt, þar sem hann hafi talið siga eiga milli 25-30.000 krónur inni hjá þeim skv. uppgjörinu frá 1985. Um útgáfuna 1985 hafi enginn samningur verið gerður í raun og veru frekar en 1984. Hafi hann tjáð þeim, að hann ætlaði sér að gefa út símaskrá 1985, og fundist rétt að tala við og samið við Trausta um, að þeir gæfu þetta tveir út og skiptu til helminga og hann fengi 10% fyrir umsjón. En þegar hafi átt að koma inn nýjum þriðja aðila, hafi hann ekki talið neinn samning lengur í gildi milli sín og Trausta, og þá hafi hann leitað upplýsinga, hvernig almennur launamarkaður væri á þessu sviði, en kvaðst ekki hafa rætt við Arnald og Kristján, því að hann hefði ekkert við þá samið í upphafi, en það hefði komið fyrst til tals um áramótin að skipta í þrennt.

Við samprófun stefnda og Trausta lýsti Trausti yfir, að aldrei hefði verið gerður samningur um helmingaskipti, stefndi hefði orðað helmingaskipti, en hann neitað með öllu, bæði vegna breytinga á eignaraðild í fyrirtækinu Petit sf. og útgáfan væri metin inn í söluna á fyrirtækinu, svo að ekki kæmi til af sinni hálfu að skipta til helminga. Hefðu þessar viðræður verið í mars 1985, rétt áður en ljóst var, að Sigurður Vatnsdal seldi sinn eignarhlut í fyrirtækinu Petit sf. Stefndi hélt fast við fyrri framburð sinn um helmingaskipti milli sín og Trausta og kvað sér finnast fráleitt, að hægt

væri að selja rétt til útgáfu símaskrár, sem sækja þyrfti um leyfi til frá ári til árs, og hafnaði því algerlega, að Trausti hefði neitað þessu. Þarna hefði komist á einhvers konar samningur þeirra á milli um að gefa út skrána þetta árið saman tveir og síðan orðið breyting á þessu, er hann kom með fyrsta bráðabirgðauppgjör og skipt til helminga og hann reiknað sér 10% af óskiptu og þá fyrst heyrt á það minnst að skipta í þrennt. Trausti taldi, að stefnda hefði verið ljóst strax frá upphafi, að þeir kæmu í stað Sigurðar, meðstefnendur Kristján og Arnald. Trausti sagðist aldrei hafa séð leyfi fyrir útgáfu símaskrárinnar, heldur hefði stefndi alltaf sagt, að þeir væru búnir að fá leyfi, en stefndi segir, að hann hafi borið það undir Trausta og Sigurð Vatnsdal, áður en hann sótti um leyfið 1985.

Álit dómsins.

Það er álit dómsins á útgáfu upplýsingarits um Akureyri 1985, að sannað sé, að óformlegt félag hafi verið milli stefnda, Trausta Haraldssonar og Sigurðar Vatnsdal um útgáfu upplýsingaritsins og ágóða af því. En með brýnni neitun stefnda, er stefnendur Arnald Reykdal og Kristján Árnason keyptu hlut Sigurðar Vatnsdal í Petit sf., verður að telja, að sá félagsskapur hafi verið úr sögunni með tilheyrandi skiptingu hagnaðar og að stefnendur hafi ekki fært sönnur á önnur skipti en stefndi gerði. Um útgáfu símaskrárinnar 1986, er stefndi gaf út, telur dómurinn, að stefnendum hafi ekki tekist að sanna gegn neitun stefnda, að þeir hafi verið í einhvers konar félagsskap við hann. Þá hefur stefnendum ekki tekist að hnekkja tölulega þeim uppgjörum, er stefndi skilaði skattyfirvöldum á dskj. nr. 19 og 21. Samkvæmt þessu ber að sýkna stefnda af fjárkröfum stefnenda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson héraðsdómari.

Dómsorð:

Stefndi, Gunnar Berg Gunnarsson, skal vera sýkn af kröfum stefnenda, Trausta Haraldssonar, Kristjáns Árnasonar og Arnalds Reykdal.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 6. maí 1992.

Nr. 65/1992. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Valentínusi Guðmundi Baldvinssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 3. febrúar 1992, en af ákæruvaldsins hálfu er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms, að því er varðar sakfellingu ákærða, Valentínusar, sviptingu ökuréttinda og greiðslu sakarkostnaðar, en jafnframt þyngingar á refsingu.

Meðákærða í héraði undi héraðsdómi.

Ákærði hefur frá upphafi staðfastlega neitað því að hafa ekið aftur á bak á bifreiðina R-79927, er hann ók frá veitingastaðnum Ölveri í Glæsibæ í Reykjavík að kvöldi 18. maí 1991. Eitt vitni, sem komið hefur fyrir dóm, Jóhann Leví Guðmundsson, ökumaður bifreiðarinnar R-79927, hefur borið um þessa ákeyrslu. Frekari gögn liggja ekki fyrir um þetta, t.d. vettvangsuppdráttur eða skýrsla um tjón á bifreiðinni R-79927. Með þetta í huga þykir ekki komin fram nægileg sönnun til að sakfella ákærða fyrir brot gegn 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, og verður hann því sýknaður af ákærunni að því leyti.

Skýrslur ákærða um drykkju sína, áfengisáhrif og akstur hafa á hinn bóginn verið mjög á reiki. Í fyrstu skýrslu sinni hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Keflavík 19. maí 1991 bar hann, að meðákærða hefði ekið frá fyrrgreindu veitingahúsi, þar sem hann sjálfur hefði verið „nokkuð ölvaður". Eftir að farþegi í bifreiðinni, Deanna G. Soell, hafði skýrt lögreglunni frá því, að ákærði hefði ekið í fyrstu, viðurkenndi ákærði við skýrslutöku síðar sama dag, að hann hefði ekið bifreiðinni frá veitingahúsinu til Hafnarfjarðar með viðkomu í Breiðholti. Kvaðst hann hafa fundið „lítillega til áfengisáhrifa" við aksturinn. Við yfirheyrslu hjá rannsóknardeild

lögreglunnar í Reykjavík 26. júlí 1991 neitaði ákærði hins vegar að hafa verið undir áfengisáhrifum, er hann ók greint sinn, en hann kvaðst hafa verið búinn að drekka einn bjór í veitingahúsinu fyrir aksturinn. Við dómsmeðferð málsins neitaði ákærði hins vegar allri áfengisneyslu fyrir aksturinn. Hann staðfesti þó síðastgreinda lögregluskýrslu.

Fyrsti framburður ákærða er í samræmi við framburð meðákærðu og vitnisins Jóhanns Levís Guðmundssonar svo og skýrslu Deönnu G. Soell hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Keflavík, en ekki var unnt að yfirheyra hana fyrir dómi vegna brottflutnings úr landi. Skýringar ákærða á breyttum framburði eru ekki trúverðugar. Þykir því ekki varhugavert að telja sannað, að hann hafi ekið undir áhrifum áfengis greint sinn. Er brot hans réttilega heimfært undir refsiákvæði í hinum áfrýjaða dómi, en af hálfu ákæruvalds var því lýst yfir við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti, að fallist væri á þá heimfærslu.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin í hinum áfrýjaða dómi. Jafnframt ber að staðfesta ákvæði hans um ökuleyfissviptingu ákærða svo og málskostnaðarákvæði hans.

Dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, svo sem nánar segir í dómsorði.

Dómsorð:

Staðfest eru ákvæði hins áfrýjaða dóms um refsingu og ökuleyfissviptingu ákærða, Valentínusar Guðmundar Baldvinssonar.

Sakarkostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms, að því er ákærða varðar, skal vera óraskað.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 28. janúar 1992.

Ár 1992, þriðjudaginn 28. janúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómara, kveðinn upp

dómur í sakadómsmálinu nr. 44-45/1992: Ákæruvaldið gegn X og Valentínusi Guðmundi Baldvinssyni, sem tekið var til dóms 17. þ.m.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 25. nóvember sl., á hendur ákærðu X [. . .] og Valentínusi Guðmundi Baldvinssyni, Írabakka 2, fæddum 16. mars 1960, fæðingarnúmer 569, báðum í Reykjavík.

Í ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærðu „fyrir að aka aðfaranótt sunnudagsins 19. maí 1991 undir áhrifum áfengis bifreiðinni G-26418 svo sem hér greinir:

1. Valentínus Guðmundur svo óvarlega aftur á bak á bifreiðastæði við veitingastaðinn Ölver í Glæsibæ í Reykjavík, að bifreiðin rakst á bifreiðina R-79927, sem þar var kyrrstæð, og þaðan um götur í Reykjavík og inn í Hafnarfjörð að bensínafgreiðslu Esso við Lækjargötu.

2. X, svipt ökuréttindum ævilangt, frá greindri bensínafgreiðslu áleiðis til Keflavíkur og svo óvarlega suður Reykjanesbraut, að bifreiðin lenti út af veginum og valt með þeim afleiðingum, að farþegi í aftursæti bifreiðarinnar, María Sveinsdóttir, fædd 22. september 1959, brotnaði á hryggjarlið.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., brot Valentínusar Guðmundar að auki við 1. mgr. 17. gr. og brot X við 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 48. gr., allt sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, og brot X að auki við 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. og 102. gr. nefndra umferðarlaga og til greiðslu sakarkostnaðar".

Málavextir.

Laugardagskvöldið 18. maí sl. klukkan 23.54 var tilkynnt til lögreglunnar í Reykjavík, að bifreiðinni G-26418, Súbarú-fólksbifreið, hefði verið bakkað út úr bifreiðastæði vestan við veitingahúsið Ölver í Glæsibæ við Álfheima og utan í kyrrstæðu Nissan-fólksbifreiðina R-79927. Eftir þetta hefði ökumaður bifreiðarinnar G-26418 ekið á brott, enda þótt ökumaður hinnar bifreiðarinnar, Jóhann Leví Guðmundsson, hefði reynt að hafa tal af honum.

Jóhann Leví skýrði lögreglunni svo frá á vettvangi, að bifreið sín hefði verið kyrrstæð á bifreiðastæðinu, þegar hin bifreiðin hefði skyndilega bakkað úr bifreiðastæði og utan í vinstra afturhorn bifreiðar sinnar. Þá hefði hann farið út úr bifreiðinni og opnað farþegahurð hinnar bifreiðarinnar. Þar hefði setið í farþegasæti ljóshærð stúlka. Kvaðst Jóhann Leví hafa beðið ökumanninn að nema staðar og tala við sig, þar sem hann hefði ekið utan í bifreið sína, en hann hefði ekki sinnt því og ekið af vettvangi. Jóhann Leví kvað tvo farþega hafa verið í aftursæti bifreiðarinnar.

Tæpri klukkustund eftir framangreinda tilkynningu til lögreglunnar í Reykjavík, kl. 0.50, aðfaranótt sunnudagsins 19. maí sl. var lögreglunni í Keflavík, Grindavík, Njarðvík og Gullbringusýslu tilkynnt um veltu bifreiðar á Reykjanesbraut skammt austan við Vogaafleggjara. Þar hafði bifreiðin G-26418 verið á leið vestur brautina, og um 2,8 km austan við Vogaafleggjara hafði ökumaðurinn misst vald á bifreiðinni, svo að hún hafði oltið tvær eða þrjár veltur og hafnað á hvolfi norðan við Reykjanesbraut.

Tveir lögreglumenn fóru fyrst á vettvang, en síðar komu aðrir tveir þeim til aðstoðar. Í skýrslu annars þeirra tveggja lögreglumanna, sem fyrst komu á vettvang, segir, að ákærða, X, hafi legið við hlið bifreiðarinnar, og hafði hún sýnilega hlotið einhverja höfuðáverka. Hjá X var Deanna G. Soell, sem ekki virtist slösuð, og var hún að hlúa að ákærðu. Inni í bifreiðinni var María Sveinsdóttir, sem sýnilega hafði eitthvað skorist, en virtist ekki alvarlega slösuð. Við hlið hennar var ákærði Valentínus Guðmundur Baldvinsson, og var hann að hlúa að Maríu, en virtist sjálfur ómeiddur.

Fram kemur í lögregluskýrslunni, að allt fólkið hafi greinilega verið undir áhrifum áfengis og æst og því lítt viðræðuhæft.

Þau, sem höfðu verið í bifreiðinni, voru flutt með sjúkrabifreiðum í sjúkrahúsið í Keflavík og blóðsýni tekið úr þeim öllum til alkóhólrannsóknar vegna grunar um ölvun við akstur. Athugun á sjúkrahúsinu leiddi í ljós, að ákærði og Deanna voru óslösuð.

Ákærða og María voru að blóðtöku lokinni lagðar inn á sjúkrahúsið, en þær áttu að fara í röntgenmyndatöku vegna meiðsla í baki og hálsi. Ákærði og Deanna voru hins vegar flutt á lögreglustöðina í Keflavík og sett í fangageymslur.

Næsta morgun kl. 8.30 var tekin skýrsla hjá lögreglunni í Keflavík af Sigurði Inga Lúðvíkssyni, Furugrund 16 í Kópavogi, en hann hafði komið að slysstaðnum um nóttina.

Sigurður Ingi skýrði svo frá, að hann hefði komið að bifreiðinni, þar sem hún hafði oltið, en hann hefði verið að koma frá Reykjavík. Sagði Sigurður Ingi, að eitthvert fólk hefði verið þarna, og hefði hann strax farið að bifreiðinni, sem lá á toppnum. Voru þá tvær stúlkur inni í bifreiðinni og önnur föst í öryggisbelti ökumanns. Hin stúlkan var aftur í bifreiðinni. Þá voru fyrir utan bifreiðina karlmaður og stúlka, sem talaði með erlendum hreim. Sigurður Ingi losaði stúlkuna úr beltinu, lagði hana niður og hlúði að henni og breiddi yfir hana teppi. Var stúlkan með meðvitund, og umlaði eitthvað í henni. Ekki gerði Sigurður Ingi sér grein fyrir því, hvort stúlkan, sem hann losaði úr beltinu, væri með áfengisáhrifum, en segir, að hitt fólkið hafi virst vera það, stúlkan í aftursætinu, karlmaðurinn og sú, sem talaði með erlendum hreim.

Sigurður Ingi kvaðst hafa verið hjá stúlkunni, sem hann losaði úr öryggis-

beltinu, alveg fram að því, að lögreglan kom á staðinn. Kvað Sigurður Ingi karlmanninn hafa verið með tóma áfengisflösku, og bjórkollu hefði hann séð við bifreiðina, en ekki varð hann þess var, að fólkið neytti áfengis, á meðan hann var á staðnum.

Ákærði var yfirheyrður af rannsóknardeild lögreglunnar í Keflavík stuttu eftir hádegi næsta dag. Kvaðst ákærði vera eigandi bifreiðarinnar, sem kona sín væri skráð fyrir. Hann kvaðst hafa verið farþegi í aftursæti bifreiðarinnar ásamt Maríu Sveinsdóttur, sem hann þekkti, en hinum stúlkunum tveimur hefði hann kynnst kvöldið áður í Ölveri, en þar hefði hann drukkið áfengan bjór. Ákærði sagði, að Deanna hefði ætlað að koma með þeim til Keflavíkurflugvallar í einhvern klúbb, sem hún hefði vitað, að var opinn þar. Hefðu þau staðið frammi fyrir skorti á bílstjóra (sic), en ákærða hefði þá boðist til þess að aka, þar sem hún hefði aðeins drukkið einn eða tvo bjóra í Ölveri. Kvaðst ákærði ekki hafa séð á ákærðu nein merki ölvunar, en sjálfur hefði hann verið orðinn nokkuð ölvaður, og hefði hann ekki áttað sig á, hvort hinar stúlkurnar hefðu verið eitthvað ölvaðar, en á leiðinni suður hefðu hann og María drukkið bjór. Ekki mundi ákærði, hvort Deanna hefði drukkið eitthvað líka, og ekki sá ákærði ákærðu drekka á leiðinni. Hefði henni gengið vel með aksturinn, þar til bifreiðin lenti skyndilega út af veginum. Ekki áttaði ákærði sig á því, hvað olli útafakstrinum, en sagði, að hraðinn hefði ekki verið mikill.

Strax að lokinni yfirheyrslunni yfir ákærða var Deanna G. Soell yfirheyrð af rannsóknardeildinni. Deanna kvað þau öll fjögur hafa verið ölvuð, og hefðu þau hist í Ölveri. Var það hugmynd hennar að fara til Keflavíkur, en það hefði verið ákærða, sem ákvað, að þær færu í umrædda bifreið. Sagði Deanna, að karlmaðurinn í hópnum hefði ekið fyrst og María setið við hlið hans í framsætinu. Sagði Deanna, að karlmaðurinn hefði bakkað á einhvern leigubíl, þegar hann var að fara af stað, en ekið í burtu, þrátt fyrir það að kallað væri í hann. Þetta hefði ekki verið mjög þungt högg.

Deanna sagði, að nokkru áður en bifreiðin fór út af veginum, hefði ákærða tekið við stjórninni. Fór karlmaðurinn þá í aftursætið, en hún sjálf settist í framsætið. Útafaksturinn varð snögglega, og áttaði ákærða sig ekki á því, hvað leiddi til hans. Var Deanna með spennt bílbelti og einnig ákærða. Taldi Deanna, að ákærða hefði verið ölvuð, og það hefðu þau hin einnig verið.

Þegar skýrsla Deönnu lá fyrir, var ákærði yfirheyrður að nýju og viðurkenndi þá, að hann hefði ekið bifreiðinni fyrst í stað, frá Glæsibæ og að bensínstöð Esso við Lækjargötu í Hafnarfirði, en þar hefði hann skipt við ákærðu, sem hefði tekið við akstrinum. Á leiðinni í Hafnarfjörð var komið við í Breiðholti til að sækja áfengan bjór í hús við Yrsufell. Kvaðst ákærði hafa fundið lítillega til áfengisáhrifa við aksturinn, en hann hefði viljað

hætta að aka, er til stóð að drekka meira af bjór. Hefði þá ákærða boðist til þess að taka við akstrinum. Kvaðst ákærði hafa drukkið bæði vodka og bjór á leiðinni frá Hafnarfirði, en ekki mundi ákærði, hversu mikið hann hefði drukkið.

Ákærði sagðist vera viss um, að hann hefði ekki bakkað á neinn bíl við Glæsibæ. Við samprófun ákærða og Deönnu um þetta atriði kvaðst Deanna viss um, að ákærði hefði bakkað á einhverja leigubifreið, og taldi, að hann hefði lent á afturvara hennar, en varla getað valdið skemmdum. Hefði leigubifreiðarstjórinn öskrað á þau, en ákærði ekið sína leið. Ákærði hélt fast við, að hann hefði ekki orðið var við þetta. Ekki gat Deanna fullyrt, hvar ákærði og ákærða skiptu með sér akstrinum, en vera mætti, að það hefði verið í Hafnarfirði.

Ákærða var fyrst yfirheyrð um málið 28. júní sl. og þá hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík. Kvaðst ákærða hafa komið í Ölver um klukkan 23 að kvöldi 18. maí sl. ásamt Deönnu og hefði þá farið að neyta áfengis og drukkið tvö glös af viskí, tvöfaldan skammt, blandaðan í vatni. Laust fyrir miðnætti voru þær síðan að bíða eftir leigubifreið, og komu þá til þeirra ákærði og María og buðu þeim í „partý". Sögðu þau, að ákærði væri með bifreið á bifreiðastæði skammt frá. Ók ákærði síðan, og sat María við hlið hans, en þær hinar sátu aftur í bifreiðinni. Þegar ákærði ók af stað, varð ákærða þess vör, að ákærði ók upp á umferðareyju, en ekki varð ákærða vör við, að hann lenti í árekstri á bifreiðastæðinu. Var síðan ekið í átt að Álfheimum, en ekki mundi ákærða, hvaða götur var ekið, en skömmu síðar var ákveðið að fara til Keflavíkur, og var ekið um Hafnarfjarðarveg til Hafnarfjarðar. Voru ákærða og Deanna orðnar hræddar í bifreiðinni hjá ákærða vegna aksturslags hans vegna ölvunar. Sagði ákærða, að ákærði hefði beðið sig að taka við stjórninni, er þau voru í Hafnarfirði, og varð ákærða fegin því og ók síðan áfram suður Reykjanesbraut í átt til Keflavíkur. Þegar ákærða tók við akstrinum, settist Deanna í framsætið við hlið ákærðu, en þau hin færðu sig í aftursætið.

Ákærða taldi sig hafa ekið í um 15 mínútur, er hún missti bifreiðina út í lausamöl til hægri, en síðan mundi ákærða ekki meira, fyrr en sjúkraliðsmenn voru að reyna að ná henni út úr bifreiðinni, en hún hefði verið föst í beltinu.

Ákærða kvaðst hafa ekið undir leyfðum hraðamörkum á Reykjanesbraut, en hún hefði fundið lítils háttar til áfengisáhrifa við aksturinn. Samt taldi hún sig geta ekið af fullu öryggi. Hún kvaðst ekki hafa neytt áfengis, meðan á akstrinum stóð né eftir að honum lauk. Þegar akstur þessi fór fram, var ákærða svipt ökuleyfi ævilangt frá 2. apríl 1990.

Ákærði var enn yfirheyrður af rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík

26. júlí sl., og ítrekaði hann þá, að hann hefði ekki orðið var við, að hann hefði ekið á bifreið við Ölver. Kvaðst ákærði hafa verið búinn að drekka einn bjór í Ölveri, áður en hann fór af stað, en frá Ölveri hefði verið ekið að Yrsufelli 7, og þar hefði hann fengið áfengi. Síðan ók ákærði að bensínstöð við Reykjanesbraut og Lækjargötu í Hafnarfirði, en þar tók ákærða við akstrinum, og segir ákærði, að hún hafi fullyrt, að hún væri ekki undir áhrifum áfengis.

Ákærða var bent á, að þessi framburður hans stangaðist á við fyrri framburð hans og áðurgreindan framburð ákærðu og Deönnu. Gaf ákærði þá skýringu á hinum breytta framburði, að hann hefði verið vankaður eftir bílveltuna og bjórdrykkjuna, þegar skýrslurnar voru teknar af honum í Keflavík, og þær því vart marktækar. Fullyrti ákærði í lok yfirheyrslunnar, að það væri sannleikurinn, að hann hefði ekki verið ölvaður, þegar hann ók frá Glæsibæ í Hafnarfjörð.

María Sveinsdóttir var yfirheyrð af rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík 29. ágúst sl. Kvaðst María hafa verið í Glæsibæ ásamt ákærða, og þegar þau hefðu komið þar, hefði hann ekki verið undir áhrifum áfengis. Í Glæsibæ hefðu þau hitt tvær stúlkur, sem María þekkti ekki, en hún kvaðst hafa verið töluvert drukkin og varð ekki vör við, að ákærði væri að drekka. María sagði, að önnur stúlkan hefði boðið þeim með sér í einhvern klúbb á Keflavíkurflugvelli, og hefði ákærði ekið frá Glæsibæ, fyrst upp í Yrsufell, þar sem hann hefði náð í áfengi, en síðan hefði verið lagt af stað til Keflavíkur. Í Hafnarfirði hefði önnur stúlkan tekið við akstrinum og ekið suður Reykjanesbraut. Varð María ekki vör við, að stúlkan drykki áfengi eða væri undir áhrifum þess. Ákærði settist í aftursætið hjá Maríu, og voru þau í „keliríi" allan tímann, þar til bifreiðin valt. Drakk ákærði eitthvað af bjór á meðan. Ekki mundi María eftir veltunni og rankaði við sér á sjúkrahúsinu í Keflavík, illa skorin á nokkrum stöðum og hryggbrotin. Ekki varð María vör við, að ákærði æki á bifreið, þegar hann fór frá Glæsibæ.

Eins og áður er fram komið, var öllum þeim, sem voru í bifreiðinni, þegar hún valt, tekið blóð til alkóhólrannsóknar. Var ákærðu, X, tekið blóð klukkan 1.40 um nóttina, en ákærða kl. 3.03. Reyndist magn alkóhóls í blóði hennar 1,94‰, en hans 1,40‰.

Í vottorði Konráðs Lúðvíkssonar, læknis á Heilsugæslustöð Suðurnesja, dagsettu 18. október sl., segir svo um áverka Maríu Sveinsdóttur:

„Við komu hingað kom í ljós, að hún var með stóran skurð á höfði, og blæddi töluvert úr honum. Hún kvartaði í fyrstu ekki um neitt, en við nánari athugun reyndist hún vera með verki í baki, en gat þó gengið óstudd. Hún ku vera lyfjaneytandi og nota töluvert af diazepam og efedrin. Við komu hingað var gert að skurði á höfði, og vegna verkjar í baki var tekin

rtg-mynd, sem sýndi samanfallinn 12. hryggjarlið, en aðrir liðir voru eðlilegir. Daginn eftir mun hún hafa kvartað um eymsli í vi. öxl, en yfirgefið sjúkrahúsið nokkru seinna, og höfum við ekki haft nein frekari afskipti af Maríu."

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærðu og vitna við meðferð málsins.

Ákærða kannast við að hafa aðfaranótt sunnudagsins 19. maí sl. ekið bifreiðinni G-26418 undir áhrifum áfengis og svipt ökuréttindum ævilangt frá bensínafgreiðslu Esso við Lækjargötu í Hafnarfirði áleiðis til Keflavíkur um Reykjanesbraut og þar til bifreiðin lenti út af veginum, þar sem ákærða hafði misst hana út fyrir malbikið og út í lausamöl. Var þetta vegna þess, að ákærða var að horfa í baksýnisspegilinn á farþegana aftur í bifreiðinni og gætti því ekki nægrar varkárni við aksturinn.

Ákærða hafði drukkið töluvert af áfengi, áður en hún hóf aksturinn, en ekki neytti hún áfengis, eftir að hún kom í bifreiðina. Ákærða vefengir ekki, að María Sveinsdóttir hafi hlotið brot á hryggjarlið í umræddri veltu.

Ákærða segir, að ákærði, Valentínus Guðmundur, hafi ekið bifreiðinni frá veitingastaðnum Ölveri í Glæsibæ í Reykjavík um götur í Reykjavík og þar til ákærða tók við akstrinum, þar sem hún sá, að ákærði, Valentínus Guðmundur, var ófær um að aka vegna ölvunar að mati ákærðu. Ákærða varð ekki vör við, að ákærði, Valentínus Guðmundur, bakkaði á aðra bifreið við veitingastaðinn, þegar hann var að leggja af stað þaðan.

Ákærði segir sakargiftum ekki rétt lýst í ákæru, og sé hann saklaus af því, sem honum er þar gefið að sök. Ákærði kannast ekki við að hafa ekið aftur á bak á bifreiðina R-79927 við veitingastaðinn Ölver í Glæsibæ í Reykjavík né að hafa ekið undir áhrifum áfengis umrætt sinn frá veitingastaðnum um götur í Reykjavík og síðan að bensínafgreiðslu Esso við Lækjargötu í Hafnarfirði.

Ákærði kveðst kannast við að hafa ekið umrætt sinn bifreiðinni G-26418 frá veitingastaðnum Ölveri í Glæsibæ í Reykjavík um götur í borginni og síðan að bensínafgreiðslu Esso við Lækjargötu í Hafnarfirði. Ákærði kveðst ekki hafa neytt áfengis, áður en hann hóf aksturinn, en við bensínafgreiðsluna hóf hann neyslu áfengis, eftir að hann hefði falið ákærðu, X, akstur bifreiðarinnar, sem ók þaðan áleiðis suður á Keflavíkurflugvöll eða til Keflavíkur. Ákærða, X, sagði ákærða, að hún fyndi ekki til áfengisáhrifa, enda hefði hún aðeins drukkið einn bjór kvöldið áður. Ákærði sá engin áfengisáhrif á ákærðu, X, þegar hún tók við akstrinum. Segir ákærði, að ákærða, X, hafi gengið mjög eftir því að fá að aka bifreiðinni, en hana hafi langað í eitthvert „partý" suður með sjó.

Ákærði kveðst hafa verið í Ölveri í um klukkustund, þegar hann ók þaðan, og hafi hann ekki neytt neinna veitinga þar.

Áður en lagt var af stað til Hafnarfjarðar, var ekið upp í Breiðholt, og í Yrsufelli hjá kunningja sínum fékk ákærði vodka og bjór. Var um að ræða slatta í tveimur vodkaflöskum og tvær kippur af bjór.

Ákærði þorir ekki að fara með það, hve mikið hann hafi drukkið af því áfengi, sem hann hafði meðferðis, frá því að hann hóf að drekka það og fram til þess, að bifreiðin valt, en hann hafi drukkið eitthvað smávegis af áfengi, eftir að bifreiðin valt og fram til þess, að lögreglumenn handtóku hann.

Ákærði gefur þá skýringu á misræminu á milli skýrslnanna frá Keflavík og Reykjavík, að hann hafi verið vankaður, þegar hann gaf fyrri skýrslurnar tvær. Hann telur sig þó hafa lesið þær yfir, áður en hann undirritaði þær. Ákærði segir síðastgefnu skýrsluna rétta.

Vitnið Jóhann Leví Guðmundsson, Hjaltabakka 18 í Reykjavík, kveðst hafa setið í leigubifreið sinni fyrir utan Glæsibæ laust fyrir miðnætti aðfaranótt sunnudagsins 19. maí sl. og beðið þess að fá farþega úr hópi þeirra, sem kæmu út af skemmtistaðnum. Hafði vitnið góða yfirsýn yfir þá, sem komu út úr veitingastaðnum, en vitnið var alveg við tröppurnar, þar sem fólkið kemur upp af veitingastaðnum.

Vitnið sá karlmann og tvær eða þrjár stúlkur koma upp tröppurnar, og gerði önnur stúlkan eða ein þeirra sig líklega til að taka leigubifreið, en þá benti karlmaðurinn á bifreið, sem þarna stóð, og hélt fólkið þangað og inn í bifreiðina. Karlmaðurinn settist í sæti ökumanns, ræsti bifreiðina og ók aftur á bak. Sá vitnið, að bifreiðin stefndi á bifreið vitnisins, og gaf vitnið því í, en samt náði bifreið mannsins að rekast lítillega í vinstra afturhorn bifreiðar vitnisins. Um leið og vitnið fann höggið, stökk það út úr bifreiðinni og opnaði framdyr farþega megin, en þar sat stúlka, sem sagði við ökumanninn, að hann hefði ekið á vitnið. Við þessi ummæli gaf ökumaðurinn í og ók hratt á brott niður Suðurlandsbraut, og heyrði vitnið hávaðann í bifreið hans góða stund, en útblásturskerfi bifreiðarinnar var í ólagi. Ökumaðurinn svaraði vitninu engu, áður en hann ók á brott.

Vitnið segir, að skemmdir á bifreið þess hafi orðið mjög litlar, og þakkar vitnið það því, að það skyldi víkja frá. Ætlaði vitnið ekkert að gera í málinu vegna skemmdanna.

Vitnið segir, að það telji sig hafa eftir tíu ára reynslu sem leigubifreiðarstjóri góða þekkingu á því, hvenær fólk sé drukkið og ekki drukkið. Með hliðsjón af þessari reynslu fannst vitninu allt fólkið og þá einnig karlmaðurinn vera undir áhrifum áfengis, þegar það kom út af veitingastaðnum. Þessu til viðbótar segir vitnið, að það hafi ekki enn í dag séð ódrukkið fólk koma út af umræddum veitingastað. Loks ályktar vitnið af framkomu ökumannsins eftir áreksturinn, þ.e. hraðakstri hans á brott, að hann hafi

verið drukkinn. Vitnið ályktaði það af fasi umræddsmanns, að hann væri undir áhrifum áfengis, en getur ekki útskýrt þetta frekar.

Vitnið Sigurður Ingi Lúðvíksson, Furugrund 16 í Kópavogi, kveðst hafa verið að koma frá Reykjavík og verið á leið til Keflavíkur stuttu eftir miðnætti aðfaranótt sunnudagsins 19. maí sl. Var vitnið í bifreið sinni og kom þar að rétt austan við Vogaafleggjara, þar sem bifreið var á hvolfi utan vegar. Vitnið sá fólk við bifreiðina og fór strax að henni. Þegar það kom að bifreiðinni, voru tvær stúlkur inni í henni, önnur aftur í, en hin frammi í, og var hún í sæti ökumanns og föst í öryggisbelti. Fyrir utan bifreiðina voru karlmaður og stúlka, sem talaði með erlendum hreim. Vitninu virtist karlmaðurinn undir áhrifum áfengis, og rétti hann að vitninu flösku og bað vitnið að opna hana. Var um vodkaflösku að ræða. Þegar vitnið tók við flöskunni, var enginn tappi í henni og hún tóm. Bað vitnið því manninn að gleyma þessu. Vitnið fór fljótlega á brott, eftir að það hafði náð stúlkunni út úr bifreiðinni. Vitnið kveðst ekki hafa séð önnur ílát undan áfengi en framangreinda flösku og eina tóma bjórdós í eða við bifreiðina.

Vitnið María Sveinsdóttir, Írabakka 4 í Reykjavík, kveðst hafa verið í Glæsibæ að kvöldi laugardagsins 18. maí sl. og þar í fylgd ákærða, Valentínusar Guðmundar. Vitnið drakk þarna mikið áfengi og man ekki mikið eftir því, þegar það fór af veitingastaðnum. Vitnið segir, að ákærði hafi ekki verið undir áhrifum áfengis á veitingastaðnum, og ekki getur vitnið fullyrt, að ákærði hafi neytt þar áfengis. Vitnið drakk bjór, en getur ekki borið um, hvað ákærði drakk.

Vitnið man ekki, þegar þau hittu tvær stúlkur, sem síðar urðu farþegar í bifreið ákærða. Getur vitnið ekki borið um, hvort þau hittu þær inni á veitingastaðnum eða fyrir utan hann. Vitnið getur ekki borið um það, hvort þessar stúlkur voru undir áhrifum áfengis eða ekki.

Vitnið segir, að önnur stúlknanna hafi boðið þeim í klúbb suður á Keflavíkurflugvelli. Ákærði var ekki fús til að fara þangað, og var fyrst ekið um Reykjavík, áður en ákvörðun var tekin um að halda suður á Keflavíkurflugvöll, en ekið var frá Glæsibæ í bifreið ákærða, sem hann ók sjálfur þaðan. Vitnið sat í farþegasæti frammi í bifreiðinni, þegar ekið var frá Glæsibæ. Vitnið man ekki eftir því, að maður hafi opnað dyrnar hjá því, þegar verið var að leggja af stað, og kvartað um, að ekið hefði verið á bifreið sína, og ekki varð vitnið vart við neinn árekstur, þegar verið var að leggja af stað.

Vitnið segir vegna framburðar vitnisins Jóhanns Levís um samtal þess við farþega í bifreið ákærða, að það muni ekki eftir þessu.

Vitnið segir, að ákærði hafi hætt akstrinum einhvers staðar í Hafnarfirði, og tók þá önnur stúlknanna við akstrinum og ók, þar til bifreiðin valt á

Reykjanesbraut. Þegar stúlkan tók við akstrinum, fór vitnið ásamt ákærða aftur í bifreiðina, og þar voru þau, þegar bifreiðin valt.

Vitnið kveðst ekki vita, hvort stúlkan, sem tók við akstrinum, var undir áhrifum áfengis eða ekki.

Vitnið segir ástæðuna til þess, að skipt var um ökumann, að ákærði hafi viljað „detta í það", eftir að hann var búinn að samþykkja, að ekið yrði til Keflavíkur. Áður hafði verið sótt áfengi í Yrsufell.

Vitnið segir framburð ákærðu, X, um ástæðu þess, að hún tók við akstrinum, rangan.

Vitnið heldur, að bæði vín og bjór hafi verið í bifreiðinni. Vitnið segir, að ákærði hafi neytt áfengis í bifreiðinni, og telur, að hann hafi drukkið vín, ef það hafi verið meðferðis. Ekki getur vitnið borið um það, hversu mikið áfengi ákærði drakk í bifreiðinni. Vitnið telur líklegt, að bjór hafi verið í bifreiðinni, þegar ekið var frá Glæsibæ, en ekki drakk ákærði af honum. Þá varð vitnið ekki vart við, að ákærða drykki bjór í bifreiðinni.

Vitnið missti meðvitund við veltuna og getur ekkert borið um það, sem eftir það gerðist á slysstað.

Vitnið hefur ekki jafnað sig af meiðslum sínum, sem það hlaut við slysið, og er það veikt í baki. Hefur vitnið það eftir lækni, að það verði aldrei jafngott.

Samkvæmt upplýsingum, sem dómurinn hefur fengið, fluttist vitnið Deanna G. Soell til Bandaríkjanna um miðjan nóvember sl. og er ekki væntanlegt til landsins á næstunni, svo að vitað sé. Verjandi ákærða, Valentínusar Guðmundar, hefur ekki séð ástæðu til þess að fresta meðferð málsins, þótt ekki náist til vitnisins.

Niðurstöður.

Sannað er með játningu ákærða, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, að ákærði hefur ekið bifreiðinni R-26418 frá veitingastaðnum Ölveri í Glæsibæ í Reykjavík um götur í Reykjavík og þaðan að bensínafgreiðslu Esso við Lækjargötu og Reykjanesbraut í Hafnarfirði. Í ákærunni segir, að akstur þessi hafi orðið aðfaranótt sunnudagsins 19. maí sl., en tilkynning til lögreglunnar um áreksturinn við Ölver kom til hennar kl. 23.54 að kvöldi laugardagsins 18. maí sl. Er því ljóst, að aksturinn hófst það kvöld, en ekki um nóttina. Þessi ónákvæmni í ákærunni hefur þó ekki áhrif á niðurstöðu málsins, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74, 1974, um meðferð opinberra mála.

Með framburði vitnisins Jóhanns Leví, sem kallaði til lögreglu, og framburði vitnisins Deönnu hjá lögreglu er sannað þrátt fyrir framburð ákærða og vitnisins Maríu, sem sat við hlið hans, og ákærðu, sem báðar voru ölvaðar að eigin sögn, þegar lagt var af stað, að ákærði hefur ekið óvarlega

aftur á bak umrætt sinn með þeim afleiðingum, að bifreiðin G-26418 lenti lítillega á afturhorni bifreiðarinnar R-79927, svo að af hlutust óverulegar skemmdir. Þar sem árekstur inn varð aðeins óverulegur, þykir vegna ölvunarástands vitnisins Maríu og ákærðu ekki unnt að treysta því, að ekki hafi orðið árekstur, þótt þær yrðu hans ekki varar. Er þessi háttsemi ákærða brot á 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga.

Ákærði viðurkenndi, eins og fram er komið, sunnudaginn 19. maí sl. í tveimur yfirheyrslum hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Keflavík, að hann hefði verið undir áhrifum áfengis við aksturinn. Þessa viðurkenningu sína tók ákærði aftur, eins og áður greinir, í yfirheyrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík rúmum tveimur mánuðum síðar og heldur fast við þann framburð við meðferð málsins. Í yfirheyrslunni hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík viðurkenndi ákærði að hafa drukkið einn bjór í Ölveri, en við meðferð málsins kveðst hann engra veitinga hafa neytt í Ölveri.

Vitnið María kveðst ekki hafa séð, að ákærði neytti áfengis fyrir aksturinn eða væri undir áhrifum þess eða neytti þess við hann. Þetta vitni kveðst hafa verið mjög drukkið og framburður þess um ástand ákærða því óáreiðanlegur. Ákærða ber hins vegar, að ákærði hafi verið drukkinn, og á sama veg er framburður Deönnu G. Soell hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Keflavík. Þá hnígur framburður vitnisins Jóhanns Leví að því, að ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis, þegar hann hóf aksturinn.

Eins og fram er komið, viðurkenndi ákærði tvívegis í yfirheyrslum daginn eftir umræddan atburð, að hann hefði verið undir áhrifum áfengis við aksturinn. Þessi framburður ákærða er í samræmi við framburð ákærðu, vitnisins Deönnu, sem ekki hefur tekist að fá fyrir dóminn, og framburð vitnisins Jóhanns Leví. Er það mat dómsins, að ekki sé marktækur síðari framburður ákærða þess efnis, að hann hafi ekki verið undir áhrifum áfengis við aksturinn, enda skýring hans á hinum breytta framburði afar ótrúverðug.

Þegar framangreint er virt í heild svo og með hliðsjón af niðurstöðu alkóhólrannsóknar er sannað, að ákærði hefur ekið umrætt sinn undir áhrifum áfengis, eins og áður er nánar rakið. Þó er ekki loku fyrir það skotið, að ákærði hafi neytt áfengis, eftir að akstri lauk. Þykir brot ákærða því varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr. umferðarlaga.

Með játningu ákærðu, sem er í samræmi við niðurstöðu alkóhólrannsóknar og annað, sem fram er komið í málinu, er sannað, að ákærða hefur gerst sek um ölvunar- og réttindaleysisakstur þann, sem um ræðir í síðari kafla ákæru, og varðar það við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga. Ógætni sú, sem leiddi til veltu bifreiðarinnar og meiðsla vitnisins Maríu, er sönnuð með játningu ákærðu og öðru, sem fram

er komið, og er brot á 1. mgr. 4. gr. umferðarlaga og 219. gr. almennra hegningarlaga.

Sakaferill ákærðu.

Ákærða hefur þrívegis áður hlotið refsingu fyrir ölvun við akstur. Fyrst gekkst hún með dómsátt í Reykjavík 12. júní 1985 undir að greiða 10.000 króna sekt og var svipt ökuleyfi í tólf mánuði. Næst gekkst hún með dómsátt í Reykjavík 22. desember 1989 undir að greiða 40.000 króna sekt og var svipt ökuleyfi í tvö ár. Loks var ákærða dæmd í 30 daga varðhald og 15.000 króna sekt í Reykjavík 20. apríl 1990. Jafnframt var hún dæmd fyrir að aka svipt ökuleyfi. Var ákærða svipt ökuleyfi ævilangt frá 20. apríl 1990.

Ákærði hefur á tímabilinu frá 25. júlí 1978 til 6. júlí 1991 gengist tíu sinnum með dómsátt undir sektargreiðslur, þrívegis vegna ölvunar á almannafæri, tvívegis fyrir önnur áfengislagabrot, tvívegis fyrir réttindaleysi við akstur, tvívegis fyrir brot á hegningarlögum og einu sinni fyrir ölvun við akstur, þ.e. 28. ágúst 1989, og var þá sviptur ökuleyfi í tólf mánuði frá 30. mars 1989. Þá var ákærði tvívegis á árinu 1981 dæmdur til sektargreiðslu og ökuleyfissviptingar fyrir ölvun við akstur og í fyrra skiptið einnig í 30 daga skilorðsbundið varðhald, en þá var hann einnig sakfelldur fyrir nytjastuld. Á árinu 1986 var ákærði dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi fyrir þjófnað.

Refsingar.

Ákærðu verður báðum ákvörðuð refsing með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga. Með hliðsjón af þessu og sakaferli ákærðu þykir refsing hennar hæfilega ákveðin varðhald í 60 daga.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af framansögðu hæfilega ákveðin 60.000 króna sekt, sem greiðist innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins að telja, en ella sæti ákærði í hennar stað varðhaldi í 20 daga.

Ökuleyfissvipting.

Ákærðu hafa bæði unnið sér til þess að verða svipt ökuleyfi, svo sem krafist er í ákæru, og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir.

Ákærða er þegar svipt ökuleyfi ævilangt, eins og fram er komið. Þykir rétt að árétta, að svo skuli vera áfram.

Ákærði skal sviptur ökuleyfi í tvö ár frá uppkvaðningu dómsins að telja, en ákærði hefur ekki verið sviptur ökuleyfi til bráðabirgða.

Sakarkostnaður.

Loks ber að dæma ákærðu samkvæmt 142. gr. laga nr. 74, 1974, til þess að greiða allan sakarkostnað. Skal ákærði, Valentínus Guðmundur, greiða

skipuðum verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni, 35.000 krónur í málsvarnarlaun, en annan sakarkostnað skulu ákærðu greiða óskipt.

Dómsorð:

Ákærða, X, sæti varðhaldi í 60 daga.

Ákærði, Valentínus Guðmundur Baldvinsson, greiði 60.000 króna sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins að telja, en sæti ella varðhaldi í 20 daga í stað sektarinnar.

Ákærða, X, skal vera svipt ökuleyfi ævilangt.

Ákærði, Valentínus Guðmundur, er sviptur ökuleyfi í tvö ár frá uppkvaðningu dómsins að telja.

Ákærði, Valentínus Guðmundur, greiði skipuðum verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni, 35.000 krónur í málsvarnarlaun, en annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt.

Miðvikudaginn 6. maí 1992.

Nr. 94/1992. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Sigurði Jóni Baldurssyni
(Örn Clausen hrl.).

Sinubrenna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 17. febrúar 1992. Er þess krafist af hálfu ákæruvalds, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, að því er varðar sakfellingu og greiðslu sakarkostnaðar, en jafnframt verði refsing ákveðin.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta sakarmat hans og heimfærslu til refsiákvæðis. Rétt þykir hins vegar, eins og atvikum er háttað í máli þessu, að gera ákærða refsingu samkvæmt 10. gr. laga nr. 8/1966 um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi, sbr. 19. gr. laga nr. 75/1982. Þykir hún hæfilega ákveðin 15.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi fimm daga varðhald í hennar stað, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms þessa.

Staðfesta ber málskostnaðarákvæði héraðsdóms. Jafnframt verður ákærði dæmdur til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigurður Jón Baldursson, greiði 15.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í fimm daga.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Suður-Múlasýslu 20. janúar 1992.

Ár 1992, mánudaginn 20. janúar, er á dómþingi sakadóms Suður-Múlasýslu, sem háð er í skrifstofu dómsins af Ólafi Berki Þorvaldssyni, settum héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu: Ákæruvaldið gegn Sigurði Jóni Baldurssyni.

Málið, sem tekið var til dóms 17. desember sl., var höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 18. mars 1991, á hendur: „. . . . . Sigurði Jóni Baldurssyni, Sléttu, Reyðarfirði, fæddum 25. ágúst 1949, fæðingarnúmer 265, fyrir að hafa föstudaginn 11. maí 1990 og sunnudaginn 13. maí sama ár brennt sinu á túnum norðan við Sléttuá í Reyðarfirði og fimmtudaginn 17. maí 1990 í móum suðaustur af vegamótum Áreyjavegar og Fáskrúðsfjarðarvegar.

Telst þetta varða við 6. gr., sbr. 10. gr. laga um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi nr. 8, 1966, sbr. lög nr. 75, 1982.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

— — —

Niðurstöður.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa dagana 11., 13. og 17. maí 1990 brennt sinu á túnum í landi Sléttu, Reyðarfirði. Þrátt fyrir það að ákærði hafi vitað um þær lagareglur, sem gilda um sinubruna á þessu svæði, kveikti hann eigi að síður elda á afmörkuðum landskikum á þeim tíma, sem nefndir eru í ákæru. Hins vegar er ekki sannað eftir athugun á vettvangi og skv. framburði vitna fyrir dómi, að mólendi hafi brunnið og fuglar drepist vegna elds, en ákærði, sem er bóndi, kvaðst telja sinubrunann nauðsynlegan, svo að slá mætti túnin sumarið 1990. Þá er ljóst, að vegna snjóalaga var ekki mögulegt að brenna sinu í landi Sléttu fyrr en 11. maí 1990, en þá var jörð loks laus við snjóa.

Ákærði hefur með háttsemi sinni brotið gegn ákvæðum 6. greinar laga nr. 8, 1966.

Með hliðsjón af framansögðu þykir rétt að fresta ákvörðun um refsingu ákærða, og fellur hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Ákærða ber að greiða allan kostnað sakarinnar, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Bjarna Björgvinssonar hdl., 20.000 kr., auk virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Ákvörðun um refsingu ákærða, Sigurðar Jóns Baldurssonar, er frestað, og fellur hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu

dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Bjarna Björgvinssonar hdl., 20.000 kr., auk virðisaukaskatts.

Fimmtudaginn 7. maí 1992.

Nr. 74/1992. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
X
(Ólafur B. Árnason hrl.).

Skírlífisbrot. Sönnun. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 7. janúar 1992 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákæruvaldsins. Krefst ákæruvaldið þess, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru og refsing þyngd frá því, sem á er kveðið í héraðsdómi.

Af hálfu ákærða er aðallega krafist sýknu.

Ólafur Ólafsson, settur héraðsdómari, kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Í máli þessu er ákærði sakaður um að hafa átt kynferðismök við dóttur sína, þá fjögurra ára að aldri, meðan hún var í umsjá hans dagana 10.- 11. maí 1990, en hún dvaldist um þær mundir í heimabæ hans í heimsókn hjá móðurforeldrum sínum. Er verknaðurinn talinn framinn einhvern tíma á tímabilinu frá kvöldi fyrra dagsins og fram á morgun hins síðari, en ákærði og telpan voru þá ein saman í íbúð hans.

Málsatvikum er skilmerkilega lýst í hinum áfrýjaða dómi. Þar er einnig greint frá helstu þáttum í rannsókn málsins, sem var ekki markviss að öllu leyti. Látið var sitja við þá læknisskoðun á telpunni, sem fyrir lá, þegar kæra kom fram, og ekki leitað til barnalæknis um athugun málsins. Hefur sérfræðingur á því sviði látið uppi neikvætt álit um gildi þeirra upplýsinga, sem fram komu við skoðunina. Báðir læknarnir voru kvaddir fyrir dóm til vitnisburðar, en ekki hefur verið fjallað um þessi gögn með öðrum hætti. Þá eru miklir annmarkar á því viðtali við telpuna sjálfa, sem fram fór 2. júní 1990 á Barna- og unglingageðdeild Landspítalans, en mynd-

band af því er meðal gagna málsins. Þar var það móðir telpunnar, sem ræddi við hana um kæruefnið, og reyndist henni ekki unnt að gera það án þess að beita leiðandi spurningum og nokkrum þrýstingi. Rannsóknarlögregla ríkisins hafði ekki með höndum umsjón með þessu viðtali, og fór það fram, án þess að fulltrúar hennar eða réttargæslumaður væru viðstaddir.

Ákærði hefur staðfastlega neitað þeim sökum, sem á hann eru bornar í ákæru. Frásögn hans af dvöl telpunnar hjá honum er ekki grunsamleg í sjálfu sér, og ekki er sýnt fram á, að þættir í fari hans geri hann líklegan til þessara verka, en rannsókn á heilbrigði ákærða fór ekki fram. Engin ytri atvik veita sérstaka vísbendingu um, að eitthvað óeðlilegt hafi verið haft í frammi við telpuna, meðan á dvölinni stóð, þegar frá eru talin þau einkenni, sem urðu móðurömmu hennar að athugunarefni nokkru síðar. Önnur vitni í málinu, sem hittu telpuna, meðan hún var hjá ákærða, eða dagana næst á eftir, töldu hana eðlilega í framkomu og urðu ekki vör við neitt athugavert um ástand hennar. Rannsókn á vettvangi var ófullkomin, en leiddi ekkert neikvætt í ljós. Aðstandendur telpunnar höfðu ekki áður haft grunsemdir um kynferðisbrot gagnvart henni, og ekki er fram komið, að heimsókn hennar til ákærða hafi haft neikvæð áhrif á afstöðu hennar til hans.

Í héraðsdómi er rakinn framburður móðurömmu telpunnar, sem ræddi við hana um samskipti hennar og ákærða. Þau önnur gögn, sem á er byggt af hálfu ákæruvaldsins, eru einkum vottorð læknisins Ólafs R. Ingimarssonar og frásagnir telpunnar sjálfrar í fyrrgreindu myndbandsviðtali ásamt áliti þeirra barnasérfræðinga, sem skipulögðu viðtalið. Um sönnunargildi vottorðanna er það að athuga, að skoðun læknisins fór ekki fram fyrr en sjö dögum eftir, að atvikin áttu að hafa gerst, og hann hafði ekki tök á að spyrja telpuna sjálfa um skoðunarefnið. Jafnframt var hann ekki sérfróður um barnalækningar og hafði ekki beina reynslu frá fyrri tilvikum af þessu tagi. Samkvæmt áliti Baldurs Jónssonar barnalæknis er ekki unnt að draga svo víðtækar ályktanir af skoðuninni sem gert var í vottorðunum.

Fram er komið, að dóttir ákærða var eðlilega þroskuð eftir aldri og skýr í hugsun, og er ekki ástæða til að vefengja trúverðugleika hennar að því leyti. Á hinn bóginn hefur viðtalið við telpuna tak-

markað sönnunargildi sökum þess, hvernig að því var staðið. Jafnframt er staðfest, að í samskiptum við telpuna hafi umræddir barnasérfræðingar gengið út frá því sem gefnu, að hún hefði orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi af hálfu föður síns. Verður að skoða álit þeirra og viðtalið sjálft í því ljósi.

Þegar gögn málsins eru virt í heild og litið til þeirra ágalla, sem á þeim er að finna, verður að líta svo á, að ekki sé fram komin fullnægjandi sönnun fyrir sekt ákærða, og ber að sýkna hann af öllum kröfum ákæruvaldsins með vísan til ákvæða 108. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að greiða allan kostnað sakarinnar úr ríkissjóði, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, eins og á er kveðið í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, X, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, Ólafs Birgis Árnasonar hæstaréttarlögmanns, 200.000 krónur.

Dómur sakadóms Skagafjarðarsýslu 18. nóvember 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. október sl., hefur ríkissaksóknari höfðað fyrir sakadómi Skagafjarðarsýslu með ákæruskjali, út gefnu 18. febrúar 1991, „á hendur X [. . .] fyrir skírlífisbrot með því að hafa á tímabilinu frá kvöldi fimmtudagsins 10. maí 1990 og fram á næsta morgun á heimili sínu haft kynferðismök við fjögurra ára dóttur sína með þeim hætti að fara höndum um klof hennar, setja fingur í endaþarm hennar og hafa mök við hana í endaþarm, svo að honum varð sáðfall.

Telst þetta varða við 1. mgr. 200. gr., sbr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

— — —

Málavextir.

1. Samkvæmt framburði ákærða og vitna og öðrum gögnum eru málavextir þeir, að ákærði var í sambúð með vitninu S í rúm fjögur ár. Á sambúðartímanum fæddist þeim dóttirin A 20. desember 1985. Þau slitu sambúðinni í júlí 1989, og fékk móðirin, S, forræði telpunnar, en ákærði umgengnisrétt. Nokkru síðar fluttist vitnið S í K-kaupstað ásamt telpunni A. Frá þeim tíma dvaldist telpan í ein fimm til sex skipti á heimili ákærða, 5-14 daga í senn.

Sunnudaginn 6. maí 1990 fór telpan A með móðurforeldrum til dvalar í [. . .], og var ætlunin, að hún dveldist hjá þeim í um tvær vikur. Vitnið H, móðuramma telpunnar, vann utan heimilis, og var telpan í gæslu hjá kunningjakonum dagana 7.-9. maí, en svaf á heimili H á nóttunni. Fimmtudaginn 10. maí dvaldist telpan hjá vitninu H, en síðdegis þann dag varð að samkomulagi, að ákærði tæki við dóttur sinni. Dvaldist telpan hjá ákærða þar til síðdegis föstudaginn 11. maí, er hún fór að nýju á heimili H.

Mál þetta kom fyrst til kasta lögreglunnar á [...] síðdegis föstudaginn 18. maí, er vitnin S og H skýrðu lögreglu frá ætluðu kynferðisbroti ákærða gagnvart telpunni A.

Fyrir lögreglu greindi vitnið H frá því, að er hún tók við telpunni úr hendi ákærða 11. maí, hefði hann haft orð á, að telpan hafi kvartað um erfiðleika við þvaglát, og nefnt blöðrubólgu sem sennilega ástæðu. Jafnframt kvað hún ákærða hafa látið í ljós áhuga á, að telpan kæmi til hans að nýju síðar um kvöldið. Í framburðarskýrslu vitnisins hjá lögreglu segir síðan: „Við fórum í sveitina, m.a. í fjós, og eftir að við komum heim, setti ég hana í baðkerið til að þvo af henni fjósalyktina. Ég hringdi í X og sagði honum, að við værum nýkomnar heim og hún í baði og yrði hjá mér í nótt. Hann samþykkti það, en mér fannst hann vera fljótur til og óeðlilegur, málfar hans slappt og þvöglulegt.

Eftir að A kom úr baðinu, þurfti hún að pissa. Ég þurrkaði henni á eftir og mátti varla koma við hana vegna sársauka. Ég spurði hana, hvort hún hefði meitt sig, en hún neitaði því snöggt. Ég leit á hana og sá, að hún var öll rauð og þrútin í klofinu. Spurði ég hana aftur, hvort hún hefði dottið, og svaraði hún því neitandi. Ég bar á hana krem og bar hana síðan inn í rúm, þar sem hún sofnaði skömmu seinna.

Eftir þetta fóru að vakna hjá mér grunsemdir um, hvort eitthvað kynferðislegt hefði gerst varðandi hana. Hélt þessi hugsun vöku fyrir mér alla nóttina. Daginn eftir fór ég með A til foreldra X, en þau dveljast á [. . .] oft um helgar. Var hún þar fram á kvöld.

Daginn eftir, þ.e. á sunnudeginum, spurði ég A, hvort pabbi hennar hefði verið eitthvað skrýtinn um nóttina, hvort hann hefði eitthvað verið að leika

sér við hana. Hún játti því og sagði, að hann hefði ætlað að kitla sig í rassinn. Síðan sagði hún mér frá því, hvað hann hefði gert, og jafnframt, að hann hefði haft músikina svo hátt stillta, að það heyrðist ekki, hversu mikið hún hefði grátið.

Að hennar sögn hafði hann sagt henni að vera á grúfu, og sýndi hún mér, hvernig. Síðan hefði hann eitthvað farið í hana, enda var það augljóst. Einnig hefði hann sagt við hana, ,,að feita bumban minnkaði, þegar þetta hvíta kæmi úr typpinu á honum".

Eftir að barnið hafði sagt mér þetta, fór ég með hana inn í rúm og svæfði hana. Vildi ég ekki ræða þetta nánar. Áður spurði hún þó, ,,hvernig feita bumban á pabba ætti þá að minnka, fyrst hún væri ekki hjá pabba".

Samkvæmt gögnum málsins ræddi vitnið H frekar við telpuna 27. maí. Í skýrslu hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins (RLR) daginn eftir greindi hún svofellt frá samtali þeirra:

,,Ég spurði telpuna að því í gær, hvort pabbi hefði fyrst gert þetta í íbúð ákærða, en hún þá svarað: ,,Nei, amma, fyrst út frá hjá ömmu og afa eða í húsinu hjá ömmu og afa."

Ég segi svona: ,,Voruð þið þarna í herberginu?" og hún sagði: ,,Já, þú veist, herberginu þarna niðri." Svo sagði hún, að pabbi hefði læst herberginu. Svo hefði hann farið að eiga við hana og henni þótt það svo vont, og þá hefði pabbi sagt: ,,Við reynum þetta aftur heima að vita, hvort það sé ekki betra þar." Svo sagði hún, að pabbi hefði farið með sig í sturtu á heimili hans. Svo hefðu þau farið inn í rúm, og hann var að leika við hana í ,,barbý" og feluleik, og hann var alltaf að kitla hana í rassinn, en þau voru þá að koma beint úr sturtu. Hún átti einnig að kitla hann, en þau voru þá nakin.

Svo talaði hún um, að pabbi ætlaði að bera krem á rassinn, svo það yrði betra, og sig líka. Svo hefði hann gert þetta, fyrst með puttanum, og svo hefði hann gert þetta. Hún sagði mér, að þetta hefði verið sárt og að hún hefði farið að skæla. Pabbi sagði líka, að þetta væri leyndarmál. Svo spurði ég hana, hvernig typpið hefði verið á pabba hennar, og þá sagði hún, að það hefði verið svona upp, en síðar hefði það verið eins og á venjulegum mönnum. Hún sagði mér, að hún hefði sofnað, en síðan hefði pabbi vakið hana aftur og farið að kitla hana, og síðan hefði hún sofnað aftur. Þegar dagurinn var kominn, bretti pabbi sængina svona upp, sagði hún, svo að bleytan myndi þorna í rúminu eða svo að sólin myndi þurrka bleytuna í rúminu. Svo sagði telpan mér, að þau hefðu klætt sig og farið upp á [. . .].

Síðar sagði telpan við mig: ,,Ég ætla samt að sofa hjá pabba aftur," og þá sagði ég við hana eitthvað sem svo: ,,En A mín, ef hann gerir nú svona aftur?" Þá sagði hún sem svo: ,,Ef pabbi ber krem svona á mig

aftur, þá er þetta ekki svona ofsalega vont.“ Ég spurði telpuna að því, hvaða krem þetta væri, og hún svaraði, að það væri bara svona krem.“

Í skýrslu vitnisins S hjá lögreglunni á [. . .] 18. maí kom m.a. fram, að hún hefði fyrst heyrt af grunsemdum H að kveldi miðvikudagsins 16. maí.

Við síðari yfirheyrslur hjá lögreglu og fyrir dómi leiðrétti vitnið H áðurgreindar dagsetningar. Kvaðst hún hafa komið á heimili sitt ásamt telpunni A eftir dvöl þeirra í sveitinni 11. maí um kl. 22.00-22.30. Síðar um kvöldið kvaðst hún hafa fært telpuna í bað og þvegið föt hennar, þ. á m. nærbuxur. Hún kvað telpuna hafa dvalist hjá foreldrum ákærða laugardaginn 12. maí, en sofið á heimili hennar um nóttina. Vitnið kvaðst hafa haft telpuna allan sunnudaginn 13. maí, en komið henni í gæslu til kunningjastúlkunnar J mánudaginn 14. maí. Um kvöldið kvaðst vitnið hafa farið með telpuna í ljóslampa. Þar kvaðst hún hafa innt telpuna eftir því, hvað ákærði hefði gert henni. Hún kvaðst hafa orðið miður sín, er telpan hefði svarað því til, að ákærði hefði beðið hana að beygja sig í ákveðnar stellingar. Vitnið kvaðst hafa spurt telpuna frekar um athafnir ákærða að kveldi 15. maí og í framhaldi af því haft símasamband við Ólaf Ragnar Ingimarsson, vakthafandi lækni í [. . .].

Vitnið H staðfesti framangreindar skýrslur fyrir dómi. Vitnið treystir sér ekki til að segja til um, hvort hún hafi veitt athygli líkamlegum eða andlegum einkennum í fari telpunnar A, er hún tók við henni að kveldi 11. maí. Vitnið kannaðist ekki við, að telpan hefði þjáðst af blöðrubólgu eða niðurgangi í maímánuði 1990. Þá kvaðst vitnið ekki hafa séð áverka á telpunni eftir fyrri heimsókn hennar til ákærða. Vitnið kvaðst hafa hlýtt á frásögn telpunnar A í Reykjavík 2. júní 1990, er hún greindi móður sinni frá málsatvikum. Að mati vitnisins var frásögn telpunnar þá ekki eins greið og hún hafði áður heyrt frá henni.

2. Í málinu liggja fyrir þrjú læknisvottorð Ólafs Ragnars Ingimarssonar, læknis við [. . .], en hann er sérfræðingur í skurðlækningum.

Í vottorði læknisins, dagsettu 16. maí 1990, er greint frá því, að vitnið H hafi hringt á héraðsvakt kl. 23.00 fimmtudaginn 15. maí og skýrt frá því, að telpan A hefði orðið fyrir kynferðislegri áreitni fullorðins manns. Samkvæmt vottorðinu var vitnið H boðað með telpuna til skoðunar daginn eftir. Í niðurlagi vottorðsins segir orðrétt:

„Fyrir hádegi 16.5. kemur H hér með stúlkuna. Stúlkan kemur eðlilega fyrir, þangað til hún er beðin að segja frá því sama og hún hafði sagt ömmu sinni, þá virðist litla barnið lokast, og ég reyni í samráði við ömmuna að fá leyfi til að skoða stúlkuna til að sjá, hvort um einhverja áverka eða skaða sé að ræða, og einnig reyna að skera úr um, hvort um samfarir eða penetratio lims í vagina hafi verið að ræða, en litla stúlkan verður alveg

frá sér, skríður út í horn og byrgir sig, og það er af og frá, að hægt sé að neyða hana til neinnar skoðunar.

Ég reyni að gefa henni róandi töflu, en afleiðingin af því verður bara grátur, og í þessu tilviki er alls ekki hægt að neyða stúlkuna til neinnar skoðunar, og er því fram færð hér saga ömmunnar, og þykir mér af hegðun stúlkunnar líklegt, að allt sé rétt með farið. Ég ráðlegg ömmunni eindregið að hafa samband við sýslumann og kæra atvikið. Hún biður um frest og vill hafa samband við móðurina, sem hún hafði ekki gert við komu hér 16.5.

17.5.1990. Símasamband við H. Hún hefur talað við móður stúlkunnar og sagt, hvað gerst hefur, og móðirin mun koma í kvöld hingað norður og þær saman hafa samband við mig á morgun, því að þær vilja gjarnan aðstoð í þessu máli."

Í framhaldsvottorði læknisins, dagsettu 20. maí sama ár, segir:

„Í framhaldi af fyrri umsögn vil ég bæta við, að 18.5.1990 skoðaði ég A, f. 20.12.1985, í svæfingu. Ekki voru merki um, að penetratio hefði orðið við vagina (fæðingarveg). Meyjarhaft var heilt. Hins vegar voru húð- og litabreytingar kringum endaþarm, og þreifing á endaþarmi benti til, að um penetratio í endaþarm hefði verið að ræða. Þannig tók endaþarmurinn við þreifingu tvo fingur, án þess að um verulega mótstöðu væri að ræða. Ekki var að sjá nein sár í endaþarminum.

Mitt álit er sem sagt, að um penetratio í endaþarm hafi verið að ræða hjá þessari stúlku."

Rannsóknarlögregla ríkisins óskaði þess með bréfi, dagsettu 15.1.1991, að nefndur læknir léti í ljós álit á því, hvenær hann ætladi, að penetratio í anus gagnvart telpunni A hefði orðið. Í svarbréfi læknisins, dagsettu 21.1.1991, segir:

„Við mitt fyrra vottorð, dags. 20.5.1990, get ég bætt eftirfarandi: Ef um einstaka penetratio hefði verið að ræða viku fyrir umrædda skoðun, tel ég líklegt, að áverkar hefðu verið meiri á endaþarmi en reyndust við skoðunina. Það er mitt álit, að líklegt sé, að viðlíka atburður hafi skeð áður en umrætt skipti."

Fyrir dómi hefur Ólafur Ragnar Ingimarsson læknir staðfest framangreind vottorð. Hann kvaðst ekki hafa heyrt telpuna A skýra sjálfstætt frá málavöxtum við læknisskoðun sína, hvorki 16. né 18. maí 1990. Við svæfingu kvaðst hann hafa séð brúnleitar litabreytingar, án blóðs, á rösklega 1 cm svæði við endaþarm telpunnar. Að áliti hans voru litabreytingarnar útbreiddari en eðlilegt gat talist. Þá kvað hann bláæðar í endaþarmi hafa verið útþandar. Hann kvaðst hafa svæft telpuna með maska í greint sinn, en að mati hans slaknar minna á vöðvum við slíka svæfingu en við aðrar svæfingaraðferðir. Við þreifingu kvað hann endaþarm telpunnar hafa tekið

svo fingur. Vegna þessara atriða kvaðst hann hafa ályktað, að fram hefði farið eitthvert það athæfi gagnvart telpunni, er víkkaði endaþarm hennar, en jafnframt, að búast hefði mátt við frekari áverkum, ef um eitt slíkt tilvik hefði verið að ræða viku fyrir skoðun. Af þessum sökum kvaðst hann ekki útiloka, að telpan hefði áður mátt þola slíkt athæfi.

Fyrir dómi kvaðst nefndur læknir ekki áður hafa haft til meðferðar mál af þessu tagi. Hann kvaðst ekki sérstaklega hafa kynnt sér fræðibækur eða ráðfært sig við barnalækna vegna þessa máls.

3. Svo sem að framan er rakið, kærðu aðstandendur telpunnar A ætlað kynferðisbrot ákærða til lögreglunnar á [. . .] föstudaginn 18. maí 1990. Sama dag var ákærði handtekinn á heimili sínu á [. . .] kl. 23.30. Að kröfu sýslumannsins í [. . .] var ákærði úrskurðaður í gæsluvarðhald sunnudaginn 20. maí allt til 28. maí sama ár. Ákærði kærði úrskurðinn samdægurs, en hann var staðfestur í Hæstarétti Íslands þann 25. maí 1990.

Lögreglan á [. . .] annaðist frumyfirheyrslur yfir ákærða og innsiglaði íbúð hans mánudaginn 21. maí. Að beiðni sýslumannsins í [. . .] tók Rannsóknarlögregla ríkisins við rannsókn málsins 22. maí. Við rannsókn RLR á heimili ákærða fannst náttkjóll, er tilheyrði telpunni A. Í skýrslu RLR um rannsókn á kjólnum segir svo:

„Rannsókn þessi leiddi ekkert í ljós, sem tengst gæti málsatvikum, enda hafði komið fram í samtölum við X, sem staðfest var af systur hans, Þ, að hún hafði þá þegar þvegið sængurfatnað þann, er var á rúmi X aðfaranótt 11. maí 1990, svo og náttfatnað, sem tilheyrði A.

Þ kvaðst hafa þjónað bróður sínum til þvotta og þessi fatnaður verið hluti af öðrum almennum þvotti."

4. Fyrir milligöngu Rannsóknarlögreglu ríkisins fór vitnið S með telpuna A í lok maímánaðar 1990 á barna- og unglingageðdeild Landspítalans í Reykjavík til meðferðar hjá Valgerði Baldursdóttur geðlækni og Hrefnu Óskarsdóttur félagsráðgjafa. Var telpan í viðtalsmeðferð hjá nefndum sérfræðingum, og var í fyrstu reynt að byggja upp tilfinningatengsl á milli aðila. Í þriðja viðtalinu, 2. júní 1990, var rætt við telpuna um ætlað kynferðisbrot ákærða. Fór viðtalið fram í speglaherbergi, og var það tekið upp á myndband án vitneskju telpunnar. Viðstaddar upptökuna voru í fyrstu móðir telpunnar, Valgerður Baldursdóttir geðlæknir og vitnið H, en um síðir einungis móðirin, S.

Myndbandið er meðal rannsóknargagna. Rannsóknarlögregla ríkisins hlutaðist ekki til um upptökuna, og voru starfsmenn hennar ekki viðstaddir eða hafðir með í ráðum við gerð myndbandsins.

Samkvæmt myndbandsupptökunni stóðu viðræður móðurinnar, S, og telpunnar A í um tvær klukkustundir, og reyndi móðirin þann tíma að fá telpuna til að tjá sig um kynræn afskipti ákærða. Vísar móðirin m.a. til

þess, að þær séu vinkonur, að telpan fái ekki að fara í Tívolí, nema hún skýri frá háttsemi ákærða, og að svartir blettir komi á tungu hennar, ef hún segi ósatt. Telpan vísar á hinn bóginn til þess, að hún hafi þegar skýrt ömmu sinni frá atvikum máls. Þá kemur fram ótti hennar um, að hún fái ekki framar að dveljast hjá ákærða.

Við myndbandsupptökuna voru notaðar brúður til að auðvelda telpunni frásögnina. Rétt þykir að rekja hér á eftir nokkrar setningar telpunnar, svo sem þær koma fyrir á myndbandinu:

— — —

Að beiðni Rannsóknarlögreglu ríkisins rituðu áðurnefndir sérfræðingar greinargerð um athuganir sínar á telpunni A. Í niðurstöðu greinargerðarinnar segir svo:

— — —

Valgerður Baldursdóttir barna- og unglingageðlæknir hefur fyrir dómi staðfest framangreinda greinargerð. Vitnið skýrði frá því, að við meðferð telpunnar A á barna- og unglingageðdeild Landspítalans hefði frá upphafi verið gert ráð fyrir því, að hún hefði orðið fyrir kynferðislegri misbeitingu af hendi ákærða. Vitnið kvaðst hafa metið það svo, er myndbandsupptakan fór fram, að vænlegast væri að hafa telpuna eina í herbergi ásamt vitninu S vegna góðs tilfinningasambands þeirra í milli svo og vegna þess, að móðirin hafði ekki áður heyrt sjálfstæða frásögn telpunnar. Í greinargerð sinni kvaðst vitnið hafa tekið tillit til þess, að telpan hefði verið undir miklu álagi, er myndbandsupptakan fór fram. Vísaði vitnið í því sambandi m.a. til leiðandi spurninga móður. Þá var viðtalið að mati vitnisins of langt. Þrátt fyrir þessi atriði var það álit vitnisins, að frásögn telpunnar væri trúverðug og hún væri að lýsa eigin reynslu, en t.d. ekki að yfirfæra reynslu annarra eða að lýsa því, sem hún hefði séð öðrum gert, t.d. móður, yfir á sig. Kvaðst vitnið ekki geta ímyndað sér þá áhrifaþætti, er leiddu til þess, að telpan myndi spinna upp þvílíkar sögur, sem hún fór með. Að áliti vitnisins hafði telpan A góðan þroska, vitsmunalegan og andlegan.

Hrefna Ólafsdóttir félagsráðgjafi var ekki yfirheyrð fyrir dómi vegna dvalar erlendis.

5. Ákærði var fyrst yfirheyrður um sakarefnið hjá lögreglunni á [. . .] laugardaginn 19. maí 1990. Ákærði neitaði þá allri sök, líkt og hann gerði við síðari yfirheyrslur, þ. á m. hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins.

Ákærði hefur í lögregluyfirheyrslum rakið aðdraganda þess, að hann tók við telpunni A 10. maí, og er framburður hans í aðalatriðum samhljóða framburði vitnisins H. Þá hefur ákærði greint frá því, að eftir að hann tók við telpunni, hafi hann farið með hana ásamt sjö ára systurdóttur í hesthús, sem hann hafði til umráða á [. . .]. Hann kvað telpuna A hafa

kvartað um erfiðleika við þvaglát, er hún kastaði af sér vatni við hesthúsin. Kvaðst ákærði hafa dregið þá ályktun, að telpan væri með blöðrubólgu. Enn fremur kvað hann telpuna hafa farið á salerni í hesthúsunum og þá séð, að hún var með niðurgang. Loks kvað hann telpuna hafa fallið í aur við hesthúsin.

Við lögregluyfirheyrslu 19. maí kvaðst ákærði hafa skýrt vitninu H frá grunsemdum sínum um blöðrubólgu telpunnar 10. eða 11. maí. Ákærði breytti framburði sínum við yfirheyrslu lögreglu 23. maí að því leyti, að hann kvað vitnið H að fyrra bragði hafa rætt um blöðrubólgu og niðurgang telpunnar A.

Ákærði kvaðst hafa rætt um ofannefnt ástand telpunnar við systur sína, Þ, er hann snæddi kvöldverð hjá henni að kveldi 10. maí. Eftir kvöldverðinn kvaðst ákærði hafa farið ásamt telpunni A á heimili sitt. Þar kvaðst hann hafa horft á sjónvarp, en telpan leikið sér í „barbý"-húsi, er var í svefnherbergi íbúðarinnar. Hann kvað telpuna um síðir hafa sofnað á gólfinu við „barbý"-húsið, og kvaðst hann þá hafa fært hana úr buxum og peysu, en klætt hana í náttkjól yfir nærbuxur, nærbol og ullarbol, sem hún var í fyrir. Eftir að hann hafði fært telpuna í rúmið, kvaðst hann hafa lækkað í hljómflutningstækjum, gefið telpunni að drekka og rætt við hana um stund, uns hún sofnaði. Taldi ákærði, að klukkan hefði þá verið um 22.00-23.00. Nokkru síðar kvaðst ákærði hafa lagst í rúmið við hlið telpunnar, íklæddur nærbuxum.

Ákærði kvaðst hafa farið á fætur ásamt telpunni föstudaginn 11. maí um kl. 11.00. Kvaðst hann hafa fært telpuna í sturtu og við það tækifæri klætt hana úr öllum fötum. Hann kvað telpuna hafa grátið, er „sjampó" fór í augu hennar, en að öðru leyti kvaðst hann ekki hafa veitt neinu sérstöku athygli í fari hennar. Eftir að hann hafði klætt telpuna, kvaðst hann hafa farið með hana til systur sinnar, Þ, til þess að láta greiða hár hennar, en að því búnu farið í verslunarleiðangur til [. . .]. Ákærði kvað þau hafa komið heim aftur um kl. 19.30. Hann kvað telpuna þá hafa hafið leik ásamt jafnaldra leiksystur í íbúðinni svo og utan dyra, allt þar til vitnið H kom á heimili hans og tók telpuna.

Ákærði kvaðst hafa verið allsgáður þann tíma, er dóttir hans dvaldist á heimili hans. Hann kvaðst hafa farið í áfengismeðferð í maímánuði 1989 og verið svo til án áfengis í tæpt ár eftir það. Hann kvaðst hafa neytt áfengis 1., 5. og 17. maí 1990 svo og kvöldið, sem hann var handtekinn, en samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar mældist 0,66‰ alkóhól í blóðsýni, er tekið var úr honum 19. maí kl. 1.20. Ákærði kannaðist við að hafa verið með opna bjórflösku, er vitnið H kom á heimili hans að kveldi 11. maí. Hann kvaðst hafa verið búinn að drekka einn sopa af flöskunni. Ákærði kvaðst hafa haft áhyggjur af áliti vitnisins H vegna þessa

og því farið heim til hennar síðar um kvöldið, fremur en að það hefði verið ætlun sín að taka við telpunni á ný.

Við yfirheyrslur hjá lögreglu voru ákærða kynnt fyrirliggjandi læknisvottorð svo og frásagnir vitnanna H og S. Ákærði neitaði algerlega að hafa haft í frammi kynferðislega tilburði í návist telpunnar A eða gert tilraun til slíks. Hann kvaðst aldrei hafa látið telpuna snerta kynfæri sín eða haft sáðfall að henni ásjáandi og neitaði því að vera valdur að áverkum telpunnar. Ákærði kvaðst oft hafa strokið telpunni um bakið, er hún var að sofna, en kvað það hafa verið nánustu snertingu sína við barnið. Ákærði greindi frá því, að telpan hefði oft sofið við hlið foreldra sinna, allt frá því að hún hætti að sofa í vöggu. Hann kvaðst ávallt hafa talið, að telpan hefði verið sofandi, er hann hafði samfarir við móður telpunnar á sambúðartíma þeirra. Hafði ákærði engar skýringar á framburði telpunnar, en taldi, að um hugarburð væri að ræða. Ákærði mótmælti framburði fyrrum sambýliskonu um kynferðislegt ofbeldi á sambúðartíma þeirra.

Ákærði var yfirheyrður fyrir sakadómi [. . .] 8. og 9. október sl. Var framburður hans í veigamiklum atriðum samhljóða skýrslum hans fyrir lögreglu. Að mati ákærða var framkoma telpunnar eðlileg, er hann tók við henni úr hendi vitnisins H að kveldi 10. maí 1990, að öðru leyti en því, að hún hefði kvartað um sársauka við þvaglát. Þá kvaðst hann hafa séð, að telpan var með niðurgang, er hann sá hægðir hennar í salerninu í hesthúsinu. Kvaðst hann hafa aðstoðað telpuna á salerninu með því að skeina hana. Hann kvaðst ekki hafa gætt sérstaklega að telpunni að neðanverðu og minntist þess ekki, að hún hefði kvartað. Ákærði kannaðist ekki við að hafa fært telpuna í bað að kveldi 10. maí.

Fyrir dómi taldi ákærði, að hann hefði vaknað að morgni 11. maí á milli klukkan 7.00-8.00. Kvaðst hann hafa vakið telpuna skömmu síðar og fært hana í bað. Hann kvaðst hafa þvegið telpunni um höfuðið og ekki veitt neinu sérstöku athygli í fari hennar. Að því búnu kvaðst hann hafa klætt telpuna í hrein föt og farið með hana um kl. 9.00 í gæslu til frænku sinnar, vitnisins J.I., á meðan hann var að sinna hestum sínum í hesthúsunum. Um kl. 11.00 kvaðst ákærði hafa náð í telpuna til J.I. og nokkru síðar ekið til [. . .]. Hann kvaðst hafa komið í íbúð sína að nýju ásamt telpunni um kl. 17.00-18.00.

Ákærði ítrekaði, að hann hefði sofið í sama rúmi og telpan aðfaranótt 11. maí, en kannaðist ekki við, að bleyta hefði verið í rúmi sínu um nóttina. Ákærði staðfesti, að rúmföt, bleik að lit, er RLR tók myndir af 22. maí í íbúð hans, væru hin sömu og voru í rúmi hans umrædda nótt. Hann kannaðist ekki við, að rúmfötin hefðu farið í þvott á tímabilinu frá 11. til 22. maí 1990.

Fyrir dómi var ákærða sýnd áðurgreind myndbandsupptaka og í fram-

haldi af því kynnt fyrirliggjandi læknisvottorð Ólafs Ragnars Ingimarssonar. Ákæröi hélt fast við fyrri framburð, og sem fyrr hafði hann engar skýringar á framburði telpunnar. Hann kvað telpuna hafa frjótt ímyndunarafl, en kvaðst ekki áður hafa heyrt hana viðhafa orð um kynferðislega hluti.

6. *Framburður vitna.*

— — —

Við meðferð málsins fyrir dómi 8. október sl. lagði verjandi ákærða fram álitsgerð Baldurs Jónssonar, yfirlæknis á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, en hann er sérfræðingur í barnasjúkdómum. Í álitsgerðinni, sem er dagsett 26. september 1991, svarar yfirlæknirinn m.a. skriflegum spurningum verjandans, er lúta að læknisvottorðum Ólafs Ragnars Ingimarssonar. Segir þar m.a.:

„Vottorðið dagsett 20.5.1990 er engin sönnun um, að gegnumþrenging (penetratio) um endaþarm hafi átt sér stað. Ekki er lýst nánar húð- og litabreytingum kringum endaþarm. Tæpur helmingur barna hafa (sic) roða kringum endaþarm af litlu tilefni. Það, að endaþarmur taki tvo fingur við þreifingu í svæfingu án verulegrar mótstöðu, segir ekkert til um, hvort gegnumþrenging hafi átt sér stað. Kúkur, sverari en 2 fingur, fer iðulega í gegn án þess að skaða endaþarminn. Ekki kemur fram í vottorðinu, hvort endaþarmur hafi opnast, er rasskinnarnar voru glenntar í sundur, en það er venjulega gert, þegar athugað er, hvort hann sé útvíkkaður og slakur. Því er haldið fram, að um 49% barna hafi útvíkkun á endaþarmi upp í 20 mm, þegar rasskinnar eru glenntar í sundur. Ég tel, að þetta vottorð segi ekkert til um, hvort gegnumþrenging hefur átt sér stað."

Þá lætur yfirlæknirinn í ljós álit á læknisvottorði, dagsettu 21.1.1991:

„Mér skilst, að læknirinn sé að segja í vottorði, dagsettu 21.1.1991, að til að gegnumþrenging geti átt sér stað 11.5.1990 án lítilla áverka, hljóti hún að hafa skeð áður, þar eð endaþarmurinn væri orðinn svo eftirgefanlegur. Ég tel, að gegnumþrengja þurfi endaþarm mörgum sinnum á stuttum tíma til að gera hringvöðva hans varanlega slakan."

Í niðurlagi álitsgerðarinnar lætur yfirlæknirinn í ljós álit á frásögn telpunnar A, svo sem það var rakið í útdrætti RLR af myndbandsupptöku:

„Ég vil ekkert segja um álit mitt á útdrætti af myndbandsupptökum. Aðrir sérfræðingar eru til þess betur fallnir en ég. Ég álít hins vegar, að það beri að taka tillit til vitnisburðar 4ra ára barns."

Við öflun framannefndrar álitsgerðar gætti skipaður verjandi ákærða ekki ákvæða 132. gr. laga nr. 74, 1974.

Baldur Jónsson, yfirlæknir barnadeildar Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, fæddur 8.6.1923, kom fyrir dóm og staðfesti álitsgerð sína. Hann

kvaðst hafa reist álitsgerðina á fyrirliggjandi læknisvottorðum, en ekki leitað eftir frekari upplýsingum hjá vottorðsgjafanum. Að mati hans skiptir það meginmáli við vöðvaslökun sjúklinga í svæfingu, hvort þeir eru fullsofandi, en ekki svæfingaraðferðin. Hann kvað roða við endaþarm algengan hjá litlum börnum og koma af litlu tilefni. Hann kvað það t.d. koma fyrir, að saur skaddaði endaþarminn þannig, að fram kæmu sprungur og blæðingar. Þá gætu þandar bláæðar í endaþarmi verið merki um hægðatregðu eða fullan ristil. Áverkar á endaþarmi, svo sem litabreytingar, lítil sár og þandar bláæðar, er væru til komnir vegna utanaðkomandi núnings, kvað hann að jafnaði hverfa á u.þ.b. fjórum sólarhringum. Hann kvað gegnumþrengingar (penetratio) um endaþarm á hinn bóginn leiða til mun meiri áverka. Þannig kvað hann rifur og ör myndast, ef þrenging ætti sér stað einu sinni, en að mati sínu þurfi gegnumþrenging að gerast oft á skömmum tíma, t.d. sex mánuðum, til þess að hringvöðvinn verði varanlega slakur.

Vitnið kvaðst í starfi sínu sem barnalæknir a.m.k. tvívegis hafa haft til meðferðar mál af þessu tagi, síðast fyrir 2-3 mánuðum, og að mati hans var dregin röng ályktun af áverkum telpunnar í framangreindum læknisvottorðum Ólafs Ragnars Ingimarssonar.

Niðurstaða.

Við mat á sekt ákærða eða sýknu eru eftirtalin atriði höfð í huga:

1. Ákærði, sem sætti gæsluvarðhaldi nokkurn tíma, hefur staðfastlega neitað sök.

2. Aðstandendur telpunnar A hafa ekki haft grunsemdir um kynferðisbrot ákærða vegna fyrri heimsókna telpunnar til hans.

3. Ákærða og vitninu S, sem eru foreldrar telpunnar, er ekki kunnugt um, að hún hafi fylgst með samlífi þeirra.

4. Ákærði hefur staðhæft, að telpan hafi kvartað við komu til hans 10. maí um erfiðleika við þvaglát og haft niðurgang. Ákærði minntist þess hins vegar ekki, að telpan hefði kvartað, er hann aðstoðaði hana á salerni að kveldi 10. maí. Móðir telpunnar og vitnið H hafa ekki kannast við ofannefnd veikindi telpunnar. Að mati annarra vitna var telpan eðlileg í háttum dagana fyrir og eftir dvöl sína hjá ákærða.

5. Samkvæmt vætti vitnisins H var telpan A rauð og þrútin í klofinu og viðkvæm viðkomu að kveldi 11. maí. Við skoðun hjá Ólafi Ragnari Ingimarssyni lækni tæpum sjö sólarhringum eftir dvöl telpunnar hjá ákærða voru brúnleitar húð- og litabreytingar á rösklega 1 cm svæði við endaþarm hennar. Þá var það mat læknisins, að endaþarmur telpunnar væri útvíkkaður og slakur, en að áliti hans hefði mátt búast við frekari áverkum á endaþarminum, ef um einstaka gegnumþrengingu hefði verið

að ræða viku fyrir skoðun. Samkvæmt áliti Baldurs Jónssonar, sérfræðings í barnasjúkdómum, hverfa áverkar á endaþarmi, sem eru til komnir vegna núnings, yfirleitt á u.þ.b. fjórum sólarhringum. Þá var það álit hans, að til þess að hringvöðvi í endaþarmi yrði varanlega slakur, þyrfti gegnumþrenging að gerast oft á stuttu tímabili.

6. Telpan A var tæplega fjögurra ára og fjögurra mánaða, er atburður þessi á að hafa gerst. Samkvæmt mati barnasérfræðinga hefur telpan eðlilegan þroska og er skýr í hugsun.

7. Telpan A hefur við meðferð hjá barnasérfræðingum lýst kynrænum afskiptum ákærða gagnvart sér. Fyrir meðferðina hafði telpan samkvæmt heitfestum framburði vitnisins H í tvígang greint frá athöfnum ákærða, í fyrra skiptið um 2-3 sólarhringum eftir dvöl telpunnar hjá ákærða, en í síðara skiptið 27. maí. Samræmi er í framburði telpunnar í greind skipti.

8. Við meðferð telpunnar hjá barnasérfræðingum var ráð fyrir því gert, að hún hefði orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi af hálfu ákærða. Samkvæmt niðurstöðu þeirra benti hins vegar ekkert til þess, að frásögn telpunnar væri tilbúningur.

Með hliðsjón af framangreindu og þegar virtur er framburður telpunnar A, mat barnasérfræðinga svo og framburður vitnisins H, er hafa stoð af vottorðum og framburði Ólafs Ragnars Ingimarssonar læknis og að nokkru Baldurs Jónssonar barnalæknis, þykir þrátt fyrir neitun ákærða lögfull sönnun fram komin fyrir því, að ákærði hafi notað líkama dóttur sinnar í kynferðislegum tilgangi 10. og 11. maí 1990. Með vísan til nefndra sakargagna þykir hins vegar ekki fullnægjandi sannað, að ákærði hafi haft mök við telpuna í endaþarm.

Með ofangreindri háttsemi hefur ákærði unnið sér til refsingar samkvæmt 202. gr., sbr. 1. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Samkvæmt sakavottorði ákærða var ákæru á hendur honum frestað skilorðsbundið í tvö ár vegna þjófnaðarbrots í febrúar 1982. Þá gekkst hann undir dómsátt vegna áfengislagabrots í júní 1985.

Að mati dómsins er ákærði sakhæfur.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi átta mánuðir.

Ákærði sætti gæsluvarðhaldsvist frá 20.-28. maí 1990. Ber að draga hana frá dæmdri refsivist samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga, samtals átta daga. Loks ber að dæma ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað, sbr. 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 95.000 krónur, en málið flutti af hálfu ákæruvaldsins Egill Stephensen fulltrúi, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs Birgis Árnasonar hæstaréttarlögmanns, 95.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, X, sæti fangelsi átta mánuði. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 20.-28. maí 1990.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 95.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs Birgis Árnasonar hæstaréttarlögmanns, 95.000 krónur.

Fimmtudaginn 7. maí 1992.

Nr. 194/1992. **Sigríður Ragnarsdóttir**
gegn
Umboðs- og heildverslun
Björns Arnórssonar.

Kærumál. Þinglýsing. Fjárnám. Bifreiðaskrá.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Sóknaraðili hefur með kæru 31. mars 1992 skotið til Hæstaréttar úrlausn þinglýsingardómarans í Kópavogi frá 27. s.m. Kæruheimild er í 3. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978. Kæran barst Hæstarétti 29. apríl sl.

Sóknaraðili krefst þess, að afmáð verði úr veðbókum þinglýst fjárnámsgerð í fógetaréttarmálinu Umboðs- og heildverslun Björns Arnórssonar gegn Byggingafélaginu hf., sem framkvæmd var þann 13. október 1988 í bifreiðinni Y-16594.

Varnaraðili hefur hvorki sent Hæstarétti kröfur né greinargerð.

I.

Tildrög kærumálsins eru þau, að 13. október 1988 var að kröfu Umboðs- og heildverslunar Björns Arnórssonar gert fjárnám í bifreiðinni Y-16594 (IM-710) til tryggingar greiðslu á skuld Byggingafélagsins hf. samkvæmt áritaðri áskorunarstefnu, að fjárhæð 106.137,50 krónur, auk dráttarvaxta og kostnaðar.

Fjárnámi þessu var þinglýst athugasemdalaust hjá bæjarfógetaembættinu í Kópavogi 21. sama mánaðar. Hinn 7. janúar 1991 krafðist fjárnámshafi nauðungaruppboðs á bifreiðinni á grundvelli fjárnámsins. Uppboðsþoli (sóknaraðili í kærumálinu) krafðist þess, að synjað yrði uppboðs á bifreiðinni, þar sem hún hefði verið orðin eigandi bifreiðarinnar, þegar fjárnámið var gert.

Hinn 30. október var kveðinn upp úrskurður í uppboðsrétti Kópavogs um ágreining þenna. Í úrskurðinum segir m.a. svo:

„Uppboðsþoli kveður málavexti vera þá að hún hafi eignast bifreiðina með afsali dagsettu 27. júlí 1988. Tilkynning um eigendaskiptin hafi verið afhent á skrifstofu bæjarfógeta í Kópavogi þann

11. ágúst s. á. og greitt hafi verið fyrir skráninguna með tékka. Einnig hafi verið greidd bifreiðagjöld sem þá voru fallin í gjalddaga. Uppboðsþoli heldur því fram að fjárnám, sem gert var í bifreiðinni þann 13. október s.á., sé henni óviðkomandi og óskuldbindandi fyrir hana. Fjárnámið hafi farið fram löngu eftir að hún hafði afhent réttum aðila tilkynningu um eigendaskiptin. Réttur uppboðsþola gangi framar fjárnáminu enda miði réttarvernd eignarheimildar við það tímamark sem hún er tilgreind í bifreiðaskrá. Þótt láðst hafi að færa eignarheimildina inn í bifreiðaskrána breyti það ekki réttarvernd uppboðsþola sem hún telur sig njóta frá þeim tíma er tilkynning er móttekin.

Uppboðsbeiðandi mótmælir því að uppboðsþoli hafi verið skráður eigandi bifreiðarinnar þann 13. október 1988 þegar fjárnámið var gert enda hafi dómveði þessu verið þinglýst athugasemdalaust. Uppboðsþoli hafi hvorki fært sönnur á að hún hafi verið eigandi bifreiðarinnar samkvæmt bifreiðaskrá né hafi hún vefengt að Byggingafélagið h.f. hafi þann 13. október 1988 verið skráð eigandi bifreiðarinnar. Þá hafi uppboðsþoli ekki heldur fært sönnur á það hvenær sölutilkynning var afhent til skráningar, en gögnum, sem uppboðsþoli hefur lagt fram þessu til sönnunar, hefur uppboðsbeiðandi mótmælt sem ósta ðfestum og málinu óviðkomandi. Afsal Byggingafélagsins hf. fyrir bifreiðinni telur uppboðsbeiðandi óstaðfest sem segi ekki til um skráningu á bifreiðinni. Tékkinn, sem uppboðsþoli hefur lagt fram sem sönnunargagn fyrir greiðslu á skráningu, sé dagsettur einum degi eftir að uppboðsþoli telji sig hafa greitt fyrir skráninguna. Þá hefur uppboðsbeiðandi mótmælt því að kvittun fyrir skráningu á eigendaskiptum varði bifreiðina Y-16594 enda komi það ekki fram á kvittuninni sjálfri. Uppboðsbeiðandi byggir enn fremur rétt sinn á því að fjárnámsgerðin sé fullgild uppboðsheimild, henni hafi ekki verið áfrýjað og engin krafa komið fram um að hún verði afmáð úr veðmálabókum.

Niðurstöður.

Uppboðsbeiðandi telur að þar sem uppboðsþoli hafi ekki verið skráður eigandi bifreiðarinnar samkvæmt bifreiðaskrá, er fjárnámið fór fram, verði réttur hennar að víkja fyrir rétti uppboðsbeiðanda.

Ekki kemur fram í gögnum málsins hvenær skráning á eignar-

heimild uppboðsþola fór fram í bifreiðaskrá og verður því að telja ósannað hver hafi verið skráður eigandi bifreiðarinnar samkvæmt bifreiðaskrá er uppboðsbeiðandi lét gera fjárnám í bifreiðinni þann 13. október 1988. Hins vegar þykja gögn málsins gefa til kynna að bifreiðaskrá gæti hafa veitt rangar upplýsingar um hver hafi þá verið eigandi bifreiðarinnar.

Samkvæmt skoðunarvottorði bifreiðarinnar Y-16594 hefur uppboðsþoli verið skráður eigandi bifreiðarinnar þann 11. ágúst 1988. Í vottorði Bifreiðaskoðunar Íslands hf., dags. 10. júní 1991, á dskj. nr. 15, kemur fram að eigendaskiptin hafa verið skráð í ökutækjaskrá hjá Bifreiðaeftirliti ríkisins en samkvæmt vottorðinu finnst dagsetning færslunnar ekki í gögnum Bifreiðaskoðunar. Í vottorðinu kemur fram að afgreiðsludagur hafi verið skráður 11. ágúst 1988 en þann dag hafi tilkynning um eigendaskiptin verið lögð inn hjá bæjarfógeta. Ljósrit af kvittun fyrir skráningargjöldum á dskj. nr. 6 þykir enn fremur styðja að svo hafi verið.

Telja verður sannað með vísan til þess sem hér að framan er rakið að uppboðsþoli hafi tilkynnt eigendaskiptin til bæjarfógetaembættisins í Kópavogi þann 11. ágúst 1988 sem tók við tilkynningunni og framsendi hana Bifreiðaeftirliti ríkisins. Þykir sú aðferð hafa verið í samræmi við 3. gr. reglugerðar nr. 269/1988 sem þá var í gildi. Ekkert hefur komið fram í málinu sem bendir til að gengið hafi verið frá eignayfirfærslunni eða sölutilkynningunni á ófullnægjandi hátt. Samkvæmt þessu verður að telja uppboðsþola réttan eiganda bifreiðarinnar Y-16594 þann 13. október 1988 og þarf uppboðsþoli því ekki að sæta því að uppboðið nái fram að ganga.“

Þinglýsingardómari í máli þessu, Árni Múli Jónasson, fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi, ritaði hina kærðu úrlausn og tilkynnti sóknaraðila hana með ábyrgðarbréfi 27. mars 1992. Þinglýsingardómarinn hefur sent Hæstarétti forsendur og rökstuddar ástæður fyrir úrlausninni, sbr. 3. gr. laga nr. 39/1978. Þar segir m. a. svo:

„Þann 4. febrúar 1992 ritaði Guðmundur Jónsson hrl. bæjarfógetaembættinu í Kópavogi bréf, þar sem hann krafðist þess fyrir hönd Sigríðar Ragnarsdóttur, að þinglýst fjárnámsgerð Umboðs- og heildverslunar Björns Arnórssonar í bifreiðinni Y-16594 yrði afmáð úr þinglýsingabókum....

Þinglýsingardómarinn í Kópavogi gaf nú aðilum kost á að tjá sig um framangreinda kröfu. Í bréfi Atla Gíslasonar hrl., lögmanns Umboðs- og heildverslunar Björns Arnórssonar, dags. 9. mars 1992, kom fram að umbjóðandi hans væri ekki tilbúinn að samþykkja að umrætt fjárnám yrði afmáð úr þinglýsingabókum....

Guðmundur Jónsson hrl. ítrekaði fyrri kröfur sínar í bréfi dags. 18. mars 1992....“

Þinglýsingardómari rökstyður úrlausn sína þannig: „Kærandi telur að heimild til að afmá fjárnámsgerðina sé að finna í 27. gr. laga nr. 39 frá 1978, sbr. greinargerð með kæru hans. Þinglýsingardómari lítur svo á að þegar metið er hvort fjárnámið verði afmáð úr þinglýsingabókum á grundvelli þeirrar greinar beri að líta til reglu þeirrar sem fram kemur í 2. mgr. 43. gr. laga nr. 39 frá 1978 sem í gildi var þegar fjárnáminu var þinglýst en í núgildandi lögum er sömu efnisreglu að finna í 7. gr. laga nr. 63 frá 1988. Þessi regla kveður á um að þegar þinglýst er skjölum er varða bifreiðar sé rétt að leggja til grundvallar þá eignarheimild sem bifreiðaskrá greinir. Umræddri fjárnámsgerð var þinglýst athugasemdalaust. Niðurstöður úrskurðar uppboðsréttar Kópavogs frá 30. október 1991 verða ekki túlkaðar svo að uppboðsréttur telji sannað að kærandi hafi haft eignarheimild á bifreiðinni Y-16594, samkvæmt bifreiðaskrá, þegar umræddri fjárnámsgerð var þinglýst þann 21. október 1988. Það verður því að teljast ósannað, enda hefur kærandi ekki fært fram gögn eða rök sem hnekkja þeirri niðurstöðu. Þinglýsingardómari telur því ósannað að færsla umræddrar fjárnámsgerðar í þinglýsingabók hafi verið röng eða mistök hafi orðið við þinglýsinguna ella í skilningi 1. mgr. 27. gr. laga nr. 39 frá 1978, sé hliðsjón höfð af fyrrgreindri reglu í 2. mgr. 43. gr. sömu laga (7. gr. laga nr. 63 frá 1988 í núgildandi lögum) og verði fjárnámsgerðin því ekki afmáð úr þinglýsingabókum á grundvelli 27. gr. laga nr. 39 frá 1978.

Þinglýsingardómari telur ekki efni til að afmá fjárnámsgerðina úr þinglýsingabókum á grundvelli 1. mgr. 39. gr. laga nr. 39 frá 1978 gegn andmælum fjárnámshafa, enda byggir ákvæðið á því að aflýsingu eignarhafta á grundvelli þess verði ekki við komið án frumkvæðis rétthafa, sbr. greinargerð með 39. gr. laga nr. 39 frá 1978.

Í bréfum Atla Gíslasonar hrl. f.h. kærða, dags. 9. mars 1992, og Guðmundar Jónssonar hrl. f.h. kæranda, dags. 18. mars 1992, og í greinargerð kæranda kemur fram að aðila greinir á um hvort kærði hafi af því lögvarða hagsmuni að fjárnámið hvíli áfram á bifreiðinni eftir að synjað hefur verið um uppboð á grundvelli þess, sbr. úrskurð uppboðsréttar Kópavogs frá 30. október 1991. Úrlausn þess ágreinings hlýtur að byggjast á efnislegu mati á réttindum aðila. Þinglýsingardómari telur slíkt mat ekki heyra undir sig og beri því að vísa því ágreiningsefni frá þinglýsingardómi, sbr. 68. gr. l. nr. 85 frá 1936.

Af framangreindum ástæðum hafnaði þinglýsingardómari kröfu kæranda um afmáningu fjárnámsgerðar frá 13. október 1988 í bifreiðinni Y-16594 úr þinglýsingabókum."

II.

Réttindi sóknaraðila samkvæmt kaupsamningi við Byggingafélagið hf. og réttindi veðhafa samkvæmt fjárnámi 13. október 1988 eru ósamrýmanleg. Niðurstaða uppboðsréttar Kópavogs 30. október 1991 um synjun á framgangi uppboðs á bifreið sóknaraðila byggðist á því, að fjárnámsgerð varnaraðila yrði að víkja fyrir afsali sóknaraðila, sem tilkynnt hefði verið skráningaryfirvöldum bifreiða á fullnægjandi hátt, áður en fjárnáminu var þinglýst.

Úrskurði uppboðsréttar Kópavogs hefur ekki verið áfrýjað til Hæstaréttar. Áfrýjunarfrestur samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð er liðinn. Stendur úrskurðurinn því óhaggaður.

Með úrskurðinum var skorið úr um réttarágreining aðila, og má að því leyti jafna úrskurðinum við dómsúrlausn í almennu einkamáli.

Að fengnum úrskurði uppboðsréttar Kópavogs mátti sóknaraðili krefjast aflýsingar á hinu þinglýsta dómveði á grundvelli 1. mgr. 39. gr. þinglýsingalaga, samanber 46. gr. sömu laga.

Telja verður, að í kröfu sóknaraðila um, að fjárnámsgerðin verði afmáð úr þinglýsingabókum með vísan til úrskurðar uppboðsréttar, felist í raun krafa um aflýsingu fjárnámsins. Eins og atvikum er háttað, ber að leggja fyrir þinglýsingardómarann í Kópavogi að aflýsa hinu þinglýsta fjárnámi varnaraðila í bifreiðinni Y-16594.

Kærumálskostnaðar hefur ekki verið krafist.

Dómsorð:

Aflýsa skal framangreindu þinglýstu fjárnámi varnaraðila, Umboðs- og heildverslunar Björns Arnórssonar, í bifreiðinni Y-16594 (IM-710).

Fimmtudaginn 7. maí 1992.

Nr. 198/1992. **Ós-húseiningar hf.**

gegn

þrotabúi Byggingafélagsins Óss hf.

Kærumál. Löghald. Trygging.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Sóknaraðili hefur með kæru 9. apríl 1992 skotið til Hæstaréttar úrskurði fógetaréttar Garðakaupstaðar, sem kveðinn var upp 27. mars sl., í fógetaréttarmálinu nr. 36/1991. Kæruheimild er í 5. mgr. 25. gr. laga nr. 18/1949 um kyrrsetningu og lögbann, sbr. 3. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Gögn kærumálsins bárust Hæstarétti 30. apríl sl.

Sóknaraðili krefst þess, að aðeins verði lagt löghald á vörubirgðir sínar gegn því, að varnaraðili leggi fram viðbótartryggingu í reiðufé, að fjárhæð allt að 30.000.000 króna eða lægri fjárhæð að mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila, er beri dráttarvexti frá 15. degi eftir uppsögu dóms til greiðsludags.

Um tildrög að kærumáli þessu vísast til dóms Hæstaréttar í kærumáli nr. 149/1992, er kveðinn var upp 15. apríl 1992.

Hinn 27. mars sl. var í fógetarétti Garðakaupstaðar, á grundvelli úrskurðar 6. desember 1991, lagt löghald á fasteignir sóknaraðila að Suðurhrauni 2 og 2 A í Garðabæ ásamt fylgifé, einnig á vörubirgðir og lausafé, svo og eignarhluta sóknaraðila í fasteigninni nr. 33 við Klukkuberg í Hafnarfirði, sem er fjögurra herbergja íbúð. Í úrskurðinum var gerðarbeiðanda (varnaraðila í kærumálinu) gert að setja 10.000.000 króna tryggingu, og var hún þegar lögð fram.

Sóknaraðili reisir kröfu sína á 16. gr. laga nr. 18/1949. Hann heldur því fram, að með því að leggja löghald á vörubirgðir sínar sé í reynd verið að svipta sig umráðum yfir þeim, og sé það síst viðurhlutaminni aðgerð en formleg vörslusvipting.

Varnaraðili reisir kröfu sína á því, að 16. gr. laga nr. 18/1949

sé sérregla, er eigi við, þegar gerðarbeiðandi óski eftir því við fógeta, að gerðarþoli eða annar vörslumaður kyrrsettra muna verði sviptur vörslum þeirra.

Hinn kærða úrskurð, sem er án forsendna, kvað upp Rúnar S. Gíslason, fulltrúi bæjarfógetans í Garðakaupstað. Niðurstaða úrskurðarins er svohljóðandi:

„Krafa gerðarþola um að gerðarbeiðanda verði gert að setja frekari tryggingar í máli þessu er ekki tekin til greina."

Fógeti hefur samkvæmt 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 23. gr. laga nr. 54/1988, sent Hæstarétti forsendur fyrir úrskurðinum. Eru þær að röktum málsástæðum aðila svohljóðandi:

„16. gr. l. 18/1949 i.f. kveður á um tryggingu gerðarbeiðanda til handa gerðarþola vegna spjalla eða afnotamissis á kyrrsettum munum, er vörsluskiptum hafa sætt. Þegar af þeirri ástæðu að engin vörsluskipti hafa átt sér stað er kröfu gerðarþola hafnað."

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Ós-húseiningar hf., greiði varnaraðila, þrotabúi Byggingafélagsins Óss hf., 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Mánudaginn 18. maí 1992.

Nr. 76/1992. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Árna Óla Friðrikssyni
(Kristján Stefánsson hrl.).

Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein og Sigurður Líndal prófessor.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. janúar 1992 að ósk ákærða og jafnframt af ákæruvaldsins hálfu til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu. Hér fyrir dómi krafðist hann staðfestingar á refsingu þeirri, sem ákveðin var í hinum áfrýjaða dómi.

Eftir atvikum verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Árni Óli Friðriksson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 21. janúar 1992.

Ár 1992, þriðjudaginn 21. janúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 26/1992: Ákæruvaldið gegn Árna Óla Friðrikssyni, sem tekið var til dóms 17. janúar sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 9. janúar sl.,

á hendur ákærða, Árna Óla Friðrikssyni, refsifanga, Drafnarstíg 2 A, Reykjavík, fæddum 15. ágúst 1956, fæðingarnúmer 434, „fyrir skjalafals með því að hafa í september og október 1991 notað eftirtalin skjöl til þess að blekkja með þeim í lögskiptum í Reykjavík.

1. Með bréfi, dagsettu 27. september, til félags- og sálfræðiráðgjafa Fangelsismálastofnunar framvísað staðgreiðslunótu, dagsettri 12. september, frá Iðnú, bókaútgáfu, fyrir kaup á skólavörum vegna náms síns í Iðnskólanum í Reykjavík, eftir að hann hafði breytt fjárhæð nótunnar úr 80 kr. í 13.680 kr. Með þessum hætti fékk ákærði styrk, að fjárhæð 12.000 kr., frá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar.

2. Með bréfi, dagsettu 27. október, til sama aðila framvísað staðgreiðslunótu, dagsettri 28. október, frá Iðnú, bókaútgáfu, eftir að hann hafði bætt við texta nótunnar orðunum „Rafeindatækni vörur" og breytt fjárhæð úr 65 kr. í 7.865 kr.

3. Með sama bréfi framvísað staðgreiðslunótu, dagsettri 28. október, frá Iðnú, bókaútgáfu, eftir að hann hafði bætt við texta nótunnar orðinu „Raffræði" og breytt fjárhæð úr 90 kr. í 8.190 kr.

4. Framvísað til Frímanns Helgasonar, kennara í Iðnskólanum í Reykjavík, bréfi, dagsettu 20. september, sem ber með sér að eiga að vera frá Fangelsismálastofnun og er þess efnis, að ákærði hafi af óviðráðanlegum ástæðum ekki getað sótt kennslu í Iðnskólanum í Reykjavík frá 2. september til 13. september. Ákærði vélritaði bréfið og falsaði nafn Sigurðar G. Gíslasonar, deildarstjóra í Fangelsismálastofnun, undir bréfið.

Framanlýst háttsemi ákærða telst varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Málavextir eru þessir:

I.

Með bréfi Fangelsismálastofnunar ríkisins til RLR, dagsettu 31. október sl., var farið fram á opinbera rannsókn á því, hvort ákærði, sem afplánar átta ára fangelsisrefsingu samkvæmt dómi Hæstaréttar Íslands, upp kveðnum 24. febrúar 1988, hefði gerst sekur um skjalafals í tengslum við nám sitt í Iðnskólanum í Reykjavík. Er því lýst í bréfinu, að ákærði hafi keypt námsgögn í bókaverslun skólans, IÐNÚ, og fengið afhentar þrjár staðgreiðslunótur vegna viðskiptanna. Hafi ákærði framvísað nótum þessum til félags- og sálfræðiráðgjafa stofnunarinanr í því skyni að fá styrk hjá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar vegna kostnaðar við námið. Segir í bréfinu, að vegna fyrstu nótunnar, dags. 12. september 1991, að fjárhæð 13.680 kr., hafi ákærði fengið styrk, að fjárhæð 12.000 kr., en

vegna tveggja hinna síðari nótna, sem eru að fjárhæð 7.865 kr. og 8.190 kr., hafi ákærði ekki fengið styrk, en hann hafi framvísað þeim í því skyni. Leiki grunur á því, að upphæð á nótunum hafi verið breytt eftir á.

Í málinu liggur frammi ljósrit af bréfi ákærða til ofangreinds félags- og sálfræðiráðgjafa, dagsettu 27. september sl., og segir svo í bréfinu m.a.: „Ég er búinn að kaupa mér bækur fyrir 13.680 kr. og á eftir að kaupa, sem ég hef athugað, námsefni fyrir um 10.000 til 12.000 kr. í viðbót, sem ég hef ekki getað keypt vegna féleysis. Ég er ekki á námslánum og þarf því að fá styrk til kaupa á námsefni."

Þá liggur frammi í málinu bréf Fangelsismálastofnunar til Félagsmálastofnunar, þar sem óskað er eftir fjárhagsaðstoð handa ákærða við kaup á námsbókum, að fjárhæð 12.000 kr. Segir í bréfinu m.a., að ákærði sé þegar búinn að kaupa bækur fyrir 13.680 kr., en eigi eftir að kaupa námsefni fyrir um það bil 12.000 kr. í viðbót.

Samkvæmt gögnum málsins eru nóturnar að fjárhæð 7.865 kr. og 8.190 kr., báðar dagsettar 28/10 1991, en bréf ákærða til félags- og sálfræðiráðgjafa er dagsett 27/10 1991. Er efni þess svohljóðandi: „Hérna eru nóturnar varðandi bókakaup. Þú reynir hvað þú getur."

Tæknideild RLR hefur rannsakað ofangreindar nótur, og er niðurstaða Haralds Árnasonar rannsóknarlögreglumanns svohljóðandi:

1. Staðgreiðslunóta, 13.680 kr. Bætt er tölustafnum „1" framan við fjárhæðarliðinn 3680 kr.

2. Staðgreiðslunóta, 7.865 kr. Bætt er við orðunum „RAFEINDATÆKNI VÖRUR" í úttektarlið nótunnar og tölustöfunum „7.8" framan við fjárhæðarliðinn 65 kr.

3. Staðgreiðslunóta, 8.190 kr. Bætt er við orðinu „RAFFRÆÐI" í úttektarlið nótunnar og tölustöfunum „8.1" framan við fjárhæðarliðinn 90 kr.

Við yfirheyrslu hjá RLR lýsti starfsstúlka bóksölunnar yfir því, er henni var sýnd nóta að fjárhæð 13.680 kr., að hún hefði einungis skrifað stafina 8 og 0, en ekki 1, 3 og 6.

Ákærði skýrði svo frá fyrir dómi, að hann kannaðist ekki við að hafa breytt fjárhæð nótu þeirrar, er um er getið í 1. tl. ákæru. Ákærði kvaðst hafa keypt bækur hjá IÐNÚ fyrir 13.680 kr.

Ákærða var kynnt niðurstaða rannsóknar tæknideildar RLR á áðurgreindri nótu, þar sem komist er að þeirri niðurstöðu, að tölustafnum 1 hafi verið bætt framan við fjárhæðarliðinn 3.680. Þá var ákærða kynntur framburður Sigurlaugar Sigurjónsdóttur, þar sem hún segist einungis hafa skrifað stafina 8 og 0. Ákærði kvaðst halda fast við sinn framburð. Ákærði tók fram, að styrkur sá, er hann fékk, að fjárhæð 12.000 kr., hefði verið veittur til frekari bókakaupa, en eins og kom fram í bréfi ákærða til

Kolbrúnar Baldursdóttur, sbr. dskj. I. 10, hafi ákærði þegar verið búinn að kaupa bækur fyrir 13.680 kr.

Ákærði kannaðist við að hafa breytt fjárhæð nótu úr 65 kr. í 7.865 kr. og jafnframt bætt við texta á nótuna, eins og nánar er rakið í 2. tl. ákæru.

Þá kannaðist ákærði við að hafa breytt fjárhæð nótu úr 90 kr. í 8.190 kr. og jafnframt bætt við texta á nótuna, eins og nánar er rakið í 3. tl. ákæru.

Ákærði kannaðist við að hafa sent tvær síðastgreindar nótur með bréfi, dagsettu 27.10. 1991, til Kolbrúnar Baldursdóttur hjá Fangelsismálastofnun. Ákærða var bent á, að nóturnar væru dagsettar 28.10. 1991, en bréfið dagsett 27.10. 1991. Ákærða fannst líklegasta skýringin sú, að hann hefði af vangá dagsett bréfið ranglega.

Ákærði kvað, að tilgangur með því að breyta nótunum hefði verið sá að athuga, hvort ekki fengist styrkur frá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar til bókakaupa.

Niðurstöður.

Ákærði hefur greiðlega gengist við því að hafa falsað þær tvær nótur, sem að er vikið í 2. og 3. tl. ákæruskjals. Þá hefur ákærði kannast við að hafa framvísað nótunum í þeim tilgangi að fá fjárstyrk frá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar. Reyndi ákærði með þessum hætti að sýna fram á, að námskostnaður sinn næmi 16.055 kr. í stað 155 kr. Varðar þessi háttsemi ákærða, sem sönnuð er með játningu hans og öðrum gögnum málsins, við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði hefur hins vegar staðfastlega neitað því að hafa falsað nótu, að fjárhæð 13.680 kr. Í ákæru er ákærða gefið að sök að hafa breytt fjárhæð nótunnar úr 80 kr. í 13.680 kr. Niðurstaða tæknideildar RLR er hins vegar sú, að tölustafnum „1" hafi verið bætt framan við 3680. Þá er til þess að líta, að tölustafurinn „1" á þessari nótu er verulega frábrugðinn tölustafnum „1" á nótu að fjárhæð 8.190 kr., sem ákærði hefur viðurkennt að hafa falsað. Hefur þetta atriði ekki sérstaklega verið rannsakað hjá tæknideild RLR. Með vísan til ofanritaðs þykir svo mikill vafi leika á sekt ákærða að þessu leyti, að ekki verði komist hjá því að sýkna hann af þessum ákærulið.

II.

Með bréfi Fangelsismálastofnunar ríkisins til RLR, dags. 31. október sl., var óskað rannsóknar á því, hvort ákærði hefði gerst sekur um skjalafals, en hann hefði framvísað í Iðnskólanum skjali, sem átt hefði að vera frá Fangelsismálastofnun, með falsaðri undirritun Sigurðar G. Gíslasonar deildarstjóra, þess efnis, að ákærði hefði af óviðráðanlegum ástæðum ekki

getað sótt kennslu í Iðnskólanum frá 2. september til 13. september sl. Í bréfinu er því lýst, að samkvæmt beiðni ákærða og með heimild í 14. gr. laga nr. 48/1988 um fangelsi og fangavist hafi ákærða verið heimilað að stunda nám utan fangelsis í Iðnskólanum í Reykjavík. Hafi honum verið sett ákveðin skilyrði um skólagönguna og hann vistaður í Hegningarhúsinu frá 6. september sl. Hafi starfsmenn Hegningarhússins komist að því, að um verulegar fjarvistir hafi verið að ræða hjá ákærða á þessari önn.

Ákærði kannaðist við fyrir dómi að hafa framvísað til kennara í Iðnskólanum bréfi, dagsettu 20. september sl., og falsað undirritun Sigurðar G. Gíslasonar, eins og nánar er rakið í 4 tl. ákæru. Jafnframt kannaðist ákærði við að hafa samið efni bréfsins að öllu leyti.

Ákærði tók fram, að hann hefði verið á Litla-Hrauni til 6. september sl. og því af skiljanlegum ástæðum ekki getað sótt skólann frá 2. september, er skólaönn hófst. Ákærði kvaðst hafa sótt skólann stopult, og vegna fjarvista sinna hefðu verið gerðar athugasemdir af hálfu skólayfirvalda, og kvaðst ákærði hafa tekið til þess ráðs að útbúa áðurgreint bréf. Ákærði kvaðst með þessu móti hafa brotið þau skilyrði, sem Fangelsismálastofnun setur föngum, til að unnt sé að stunda nám utan fangelsis. Ákærði kvaðst hafa notað fjarvistir sínar til að heimsækja unnustu sína og börn. Ákærði vildi taka fram, að þessi háttsemi sín hefði verið talin agabrot, og hefði hann hlotið refsingu fyrir hjá fangelsismálayfirvöldum.

Niðurstaða.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í 4. tl. ákæruskjals. Ákærði er refsifangi, og hafði hann hlotið sérstaka heimild samkvæmt lögum um fangelsi og fangavist til að stunda nám utan fangelsis. Verður því að telja, að stofnast hafi réttarsamband, er telja verður lögskipti í merkingu 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga. Er háttsemi ákærða réttilega heimfærð til refsiákvæða í ákæruskjali.

Sakaferill, viðurlög.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt eftirtöldum dómum:

1985 14/5 Varðhald 2 mánuði, skb. 2 ár, fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. alm. hgl.

1987 14/4 Fangelsi 8 ár fyrir brot gegn 2. mgr. 218., 1. mgr. 194., sbr. 20. gr. alm. hgl. Ofangreindur dómur dæmdur með.

1988 24/2 Dómur Hæstaréttar varðandi dóm frá 14/4 1987. Hinn áfrýjaði dómur staðfestur.

Auk þessa hefur ákærði á árunum 1974 til 1982 fjórum sinnum sæst á sektagreiðslur fyrir umferðarlagabrot og skjalafals.

Við ákvörðun refsingar ákærða þykir sérstaklega mega líta til þess, að ákærði, sem afplánar dóm fyrir alvarlegan verknað, beitir falsgögnum, til þess að honum sé unnt að nýta þann tíma, er hann átti að vera í námi, á annan hátt en til var ætlast. Með hliðsjón af málavöxtum öllum þykir refsing ákærða því hæfilega ákveðin fangelsi í fimm mánuði.

Með vísan til 2. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 ber að dæma ákærða til greiðslu 5/6 hluta alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Kristjáns Stefánssonar hrl., 25.000 kr., en 1/6 hluti greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Ákærði, Árni Óli Friðriksson, sæti fangelsi í fimm mánuði.

Ákærði greiði 5/6 hluta alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hrl., 25.000 kr., en 1/6 hluti greiðist úr ríkissjóði.

Mánudaginn 18. maí 1992.

Nr. 289/1989. **Steinunn Káradóttir**
(Björn Ólafur Hallgrímsson hrl.)
gegn
þrotabúi Eyjólfs Matthíassonar
(Sigurmar K. Albertsson hrl.)
og gagnsök.

Gjaldþrot. Riftun. Skilnaðarsamningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein og Sigurður Líndal prófessor.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. júlí 1989. Endanlegar kröfur hennar um formhlið málsins eru þær, að málinu verði aðallega vísað frá héraðsdómi og Hæstarétti, en til vara, að málsmeðferð í héraði verði ómerkt og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar. Varðandi efnishlið málsins krefst hún aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda, en til vara skuldajafnaðar á 5.551.609,17 krónum vegna yfirtöku sinnar á skuldum, sem hvíldu á fasteigninni Rauðagerði 58, Reykjavík, sbr. skilnaðarsamning 23. september 1986. Þá krefst hún málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málinu var gagnáfrýjað með stefnu 29. september 1989 að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Gagnáfrýjandi krefst þess, að frávísunar- og ómerkingarkröfum aðaláfrýjanda verði hafnað. Að því er efnishlið málsins varðar, krefst hann:

„a) Að rift verði með dómi gjöf Eyjólfs Matthíassonar á fasteigninni Rauðagerði 48, Reykjavík, til aðaláfrýjanda, Steinunnar Káradóttur, en gjöfin felst í samningi um skilnaðarkjör frá 23.9.1986 og afsali, dagsettu sama dag.

b) Að aðaláfrýjandi verði dæmd til að afhenda gagnáfrýjanda efri hæð hússins nr. 48 við Rauðagerði, Reykjavík.

c) Að aðaláfrýjandi verði dæmd til að greiða gagnáfrýjanda kr. 1.036.549,70 auk 9% ársvaxta frá 29.12.1986 til 21.1.1987, 9.3% ársvaxta frá þ.d. til 1.2.1987, 9,6% ársvaxta frá þ.d. til 11.2.1987,

9,9% ársvaxta frá þ.d. til 21.2.1987, 10,2% ársvaxta frá þ.d. til 1.3.1987, 10,3% ársvaxta frá þ.d. til birtingardags stefnu þann 10.6.1987, en frá þ.d. til greiðsludags dráttarvexti skv. ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma, sbr. 10. gr. l. nr. 25/1987. Þess er krafist, að dæmt verði, að dráttarvextir leggist við höfuðstól kröfunnar á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti 12 mánuðum frá birtingardegi stefnu þann 10.6.1987, sbr. 12. gr. l. nr. 25/1987."

Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, og sé þá tekið tillit til kostnaðar við matsgerð, 102.650 krónur.

I.

Krafa aðaláfrýjanda um frávísun málsins frá héraðsdómi og Hæstarétti var fyrst sett fram fyrir Hæstarétti við munnlegan flutning málsins. Kemur hún því ekki til skoðunar. Ekki þykja efni til að vísa máli þessu sjálfkrafa frá dómi eða ómerkja dóm og málsmeðferð í héraði. Verður ekki annað séð en aðaláfrýjandi hafi haft tækifæri til að koma málstað sínum á framfæri í héraði. Hins vegar skorti á, að hún gæfi, þrátt fyrir áskoranir gagnáfrýjanda, upplýsingar um greiðslur sínar af lánum, sem hvíldu á fasteigninni að Rauðagerði 48, og um endurbætur, sem hún telur sig hafa gert á eigninni eftir afsal til hennar 23. september 1986. Skortir enn á skýrar upplýsingar um þessi atriði af hennar hálfu. Verður að dæma málið á þeim grundvelli, sem það er, og aðaláfrýjandi að bera halla af því, sem ábótavant kann að reynast.

II.

Hjónin Eyjólfur Matthíasson og Steinunn Káradóttir, aðaláfrýjandi máls þessa, skildu lögskilnaði 26. september 1986. Gagnáfrýjandi krefst þess að rift verði gjöf Eyjólfs Matthíassonar, sem felist í samningi hans og aðaláfrýjanda um skilnaðarkjör 23. september 1986 og afsali, dagsettu sama dag. Heldur hann því fram, að hér hafi verið um málamyndagerninga að ræða og ætlunin hafi verið að koma eignum undan gjaldþrotaskiptum í andstöðu við reglur 60. gr. laga nr. 20/1923 um réttindi og skyldur hjóna. Fyrir Hæstarétt hefur hann lagt fram vottorð Hagstofu Íslands, þar sem staðfest er, að Eyjólfur og Steinunn hafa bæði verið með skráð lögheimili að Rauðagerði 48 í Reykjavík frá 14. apríl 1987.

Með skírskotun til raka héraðsdóms ber samkvæmt 1. mgr. 51. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 að staðfesta hann og taka til greina kröfu gagnáfrýjanda um riftun þeirrar gjafar, sem í framangreindum gerningum fólst.

Aðaláfrýjandi hélt því fram fyrir Hæstarétti, að yrði gerningunum rift, ætti að miða greiðslu sína samkvæmt 62. gr. laga nr. 6/1978 við fasteignamatsverð eignarinnar í heild við samningsgerðina og jafna við það öllum áhvílandi veðskuldum, bæði þeim, sem hún hefði yfirtekið, og einnig þeim, sem Eyjólfur hefði tekið að sér að greiða, en þær hefði hún sjálf greitt. Hún mótmælti framlagðri matsgerð, þar sem hún vær órökstudd og einnig vegna þess, að hún hefði, frá því að gerningarnir voru gerðir og þar til matsmenn skoðuðu eignina, endurbætt hana að ýmsu leyti. Svo sem að framan greinir, skortir skýran útreikning og gagnaöflun aðaláfrýjanda á fjárhæðum þeim, sem hún vill láta taka tillit til við uppgjörið, og verður því að miða við kröfugerð gagnáfrýjanda, en hann hefur margsinnis skorað á aðaláfrýjanda að bæta hér úr.

Aðaláfrýjandi seldi með kaupsamningi 29. desember 1986 neðri hæð fasteignarinnar að Rauðagerði 48, og nam söluverðið 2.500.000 krónum. Gagnáfrýjandi krefur aðaláfrýjanda samkvæmt 62. gr. laga nr. 6/1978 um greiðslu 1.036.550 króna auk vaxta frá söludegi neðri hæðarinnar. Þessa fjárhæð byggir hann á söluverði eignarinnar að frádregnum sölulaunum, 50.000 krónum, og veðskuldum, 245.307 krónum, við Gunnlaug Kárason, sem aðaláfrýjandi tók að sér að greiða samkvæmt skilnaðarsamningi, og 1.168.083 krónum, sem Eyjólfur tók að sér að greiða, en aðaláfrýjandi hefur gert upp samkvæmt kvittun 27. nóvember 1987. Gagnáfrýjandi hefur lagt fram álit dómkvaddra matsmanna, dagsett 26. september 1988, um verðmæti fasteignarinnar að Rauðagerði 48 miðað við 23. september 1986. Samkvæmt henni nam verðmæti neðri hæðar þá 2.100.000 krónum. Fram kemur þar, að matsmönnum var kunnugt um sölu neðri hæðarinnar. Þykir því eiga að miða við verðgildi hæðarinnar samkvæmt matinu, sem miðar við þann tíma, er umdeildir gerningar voru gerðir, og staðfesta héraðsdóm varðandi þennan lið að öðru leyti en því, að vextir verða aðeins dæmdir frá 29. desember 1986, svo sem greinir í kröfugerð gagnáfrýjanda.

Þá krefur gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda um afhendingu efri hæðar hússins nr. 48 við Rauðagerði í Reykjavík og byggir þá kröfu á 64. gr. laga nr. 6/1978. Gagnáfrýjandi heldur því fram, að í þessari kröfu sinni felist, að aðaláfrýjandi sé leyst undan greiðslu áhvílandi veðskuldbindinga, en uppgjör að öðru leyti verði að bíða, enda verði þar að huga að ýmsum atriðum. Fallast verður á það með héraðsdómi, að lagaskilyrði séu fyrir afhendingu efri hæðarinnar, og er sú niðurstaða hans staðfest og krafa gagnáfrýjanda þannig tekin til greina. Jafnframt ber að fallast á þá kröfu hans, að jöfnun greiðslna samkvæmt niðurlagi 64. gr. laga nr. 6/1978 verði að bíða, þar sem fullnægjandi gögn liggja ekki fyrir af hálfu aðaláfrýjanda. Varakröfu aðaláfrýjanda er því vísað sjálfkrafa frá héraðsdómi, að því er þennan lið varðar.

Niðurstaða héraðsdóms skal því í heild sinni vera óhögguð að öðru leyti en því, að vextir dæmast samkvæmt kröfu gagnáfrýjanda frá 29. desember 1986.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og nánar greinir í dómsorði. Ekki er þá tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Varakröfu aðaláfrýjanda, Steinunnar Káradóttur, er vísað frá héraðsdómi.

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur að öðru leyti en því, að vextir dæmast frá 29. desember 1986.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda, þrotabúi Eyjólfs Matthíassonar, 100.000 krónur í málskostnað.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. júní 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. maí sl., er höfðað með stefnu, birtri 10. júní 1987.

Stefnandi er þrotabú Eyjólfs Matthíassonar, nnr. 1777-2651.

Stefnda er Steinunn Káradóttir, nnr. 8482-6049, Rauðagerði 48, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að rift verði með dómi gjöf Eyjólfs Matthíassonar, nnr. 1777-2651, á fasteigninni Rauðagerði 48, Reykjavík, til fyrrverandi eiginkonu sinnar, Steinunnar Káradóttur, nnr. 8482-6049, en gjöfin felst í samningi þeirra um skilnaðarkjör, sem dagsettur er 23. september 1986, og afsali til stefndu fyrir eigninni, dagsettu sama dag, en mótteknu til þinglýsingar hjá borgarfógetanum í Reykjavík 25. september 1986.

2. Að stefnda, Steinunn, verði dæmd til að afhenda stefnanda efri hæð hússins að Rauðagerði 48, Reykjavík.

3. Að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda 1.036.549,70 krónur auk 9% ársvaxta frá 29. desember 1986 til 21. janúar 1987, 9,3% ársvaxta frá þeim degi til 1. febrúar 1987, 9,6% ársvaxta frá þeim degi til 11. febrúar 1987, 9,9% ársvaxta frá þeim degi til 21. febrúar 1987, 10,2% ársvaxta frá þeim degi til 1. mars 1987, 10,3% ársvaxta frá þeim degi til birtingardags stefnu í máli þessu, en frá þeim degi dráttarvaxta eins og þeir eru ákveðnir af Seðlabanka Íslands á hverjum tíma, sbr. 10. gr. laga nr. 25/1987. Þess er krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól kröfunnar á tólf mánaða fresti, í fyrsta skipti tólf mánuðum frá birtingardegi stefnu, sbr. 12. gr. laga nr. 25/1987.

4. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands að viðbættu 12% sölugjaldi á málflutningslaun. Þá verði málskostnaðarfjárhæð miðuð við matsverð fasteignarinnar Rauðagerðis 48, Reykjavík.

Þess er krafist, að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda matskostnað skv. framlögðum kostnaðarreikningum, 102.650 krónur.

Af hálfu stefndu er krafist frávísunar málsins, en sú krafa kom fyrst fram við flutning þess. Þá er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda. Til vara er krafist skuldajafnaðar vegna yfirtöku stefndu á skuldum, að fjárhæð samtals 5.551.609,17 krónum, enn fremur málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Málsatvik og málsástæður stefnanda.

Hjónin Eyjólfur Matthíasson og stefnda, Steinunn Káradóttir, gerðu með sér samning um skilnaðarkjör, dagsettan 23. september 1986, og samkvæmt honum fékk stefnda íbúðarhús á tveimur hæðum að Rauðagerði 48 hér í borg við skiptin, og var það metið á 4.954.000 krónur við skiptin. Húseign þessi var þinglýst eign Eyjólfs Matthíassonar og því hjúskapareign hans.

Eyjólfur fékk í sinn hlut bifreiðina R-2984 af tegundinni Opel Karavan, árgerð 1978, metna á 50.000 krónur, og hlutabréf í hlutafélögunum Múrafli h/f og Fiskeldi h/f, sem metin voru á 199.000 krónur.

Stefnda tók við eftirtöldum skuldum:

1.1. Skuld við Gunnlaug Kárason samkvæmt sex skuldabréfum og þá

að eftirstöðvum 245.367,30 krónur, sem hvíldi á íbúð á neðri hæð.

1.2. Skuld við Byggingarsjóð ríkisins, að eftirstöðvum 656.250,66 krónur, sem hvíldi á efri hæð.

1.3. Skuld við Lífeyrissjóð Dagsbrúnar og Framsóknar, að eftirstöðvum 346.706 krónur, sem hvíldi á efri hæð.

1.4. Skuld við Skipstjóra og stýrimannafélagið Ölduna, að eftirstöðvum 655.202,21 krónur, sem hvíldi á efri hæð.

Maðurinn tók að sér að aflýsa af eigninni Rauðagerði 48 tveimur tryggingarbréfum:

2.1. Öðru við Almennar tryggingar, að fjárhæð 2.400.000 krónur, sem hvíldi á efri hæð.

2.2. Hinu við Alþýðubankann h/f, að fjárhæð 1.000.000 króna, sem hvíldi á neðri hæð.

2.3. Auk þess skuld við Vélsmiðjuna Steina h/f skv. fjárnámi, að fjárhæð ca. 80.000 krónur, sem hvíldi á efri hæð.

Samkvæmt mati dómkvaddra manna var verðmæti efri hæðar Rauðagerðis 48 4.150.000 krónur 23. september 1986 og verðmæti neðri hæðar 2.100.000 krónur og verðmæti eignar þeirrar, er stefnda fékk samkvæmt skilnaðarkjarasamningi, samtals 6.250.000 krónur.

Skuldir þær, er stefnda tók við 23. september 1986, námu þá samtals 1.903.526,17 krónum.

Í framhaldi af skilnaðarkjarasamningnum gaf Eyjólfur síðan út afsal til stefndu fyrir fasteigninni Rauðagerði 48, Reykjavík, og var það móttekið til þinglýsingar 25. september 1986.

Stefnda seldi Ragnhildi Sigurðardóttur neðri hæð hússins Rauðagerðis 48 fyrir 2.500.000 krónur með kaupsamningi, dagsettum 29. desember 1986.

Með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur 2. febrúar 1987 var bú Eyjólfs Matthíassonar tekið til gjaldþrotaskipta. Lýstar kröfur í búið nema a.m.k. 8.168.411 krónum, en eignir þess eru mjög litlar að fasteigninni Rauðagerði 48 undanskilinni.

Með bréfi skiptaráðandans í Reykjavík, dagsettu 23. mars 1987, var Sigurmar Albertssyni hæstaréttarlögmanni falið að höfða mál þetta í nafni þrotabúsins til riftunar hjónaskilnaðarsamningsins og til greiðslu hlutdeildar þrotabúsins í þeim verðmætum, sem stefnda hefur fengið við sölu á þeim verðmætum, sem hún hefur fengið við sölu á þeim hluta fasteignarinnar að Rauðagerði 48, sem seldur var.

Í máli þessu er krafist riftunar skilnaðarsamnings þeirra Eyjólfs og Steinunnar frá 23. september 1986 að því leyti, sem hann lýtur að yfirfærslu á eignarrétti á fasteigninni Rauðagerði 48 frá Eyjólfi Matthíassyni til stefndu.

Helsta röksemd fyrir riftunarkröfu stefnanda er, að yfirfærsla sú á eignarrétti að fasteigninni Rauðagerði 48, sem komið hafi verið í kring með skilnaðarsamningnum og afsalinu, sé í raun gjafagerningur og skilnaðarsamningurinn hafi verið gerður í þeim tilgangi að koma fasteigninni Rauðagerði 48, sem hafi verið hjúskapareign Eyjólfs, undan gjaldþrotaskiptum.

Ljóst sé af fjárhæð þeirra krafna, sem borist hafa í þrotabú Eyjólfs Matthíassonar, að skuldir hans hafi verið mun meiri en eignir á þeim tíma, sem skilnaðarkjarasamningurinn var gerður.

Þar sem hvort hjóna um sig geti aðeins krafist helmings af hreinni hjúskapareign beggja við slit á hjúskap og skuldir Eyjólfs Matthíassonar hafi verið mun meiri í september 1986 en nam verðmæti eigna hans og hjúskapareign hans því í raun neikvæð, hafi stefnda ekki átt rétt á að fá neitt af hjúskapareignum Eyjólfs við skiptin vegna skilnaðar þeirra. Verðmæti fasteignarinnar að Rauðalæk 48 hafi verið talsvert meira en fjárhæð veðskulda þeirra, er hvíldu á eigninni, og hafi því falist gjafagerningur í skilnaðarsamningi aðila og afsalinu til stefndu.

Þá hafi verðmæti annarra eigna mannsins verið óverulegt og hann engar ráðstafanir gert til að tryggja greiðslur þeirra krafna, sem á honum hvíldu, og felist því í þessum gjafagerningi undanskot eigna á kostnað lánardrottna.

Telur stefnandi, að í skilnaðarkjarasamningnum hafi falist gjöf til stefndu, sem falli undir gjafahugtak 51. gr. l. nr. 6/1978 um gjaldþrotaskipti, og sé gjöfin því riftanleg.

Ljóst sé, að afsal fyrir Rauðagerði hafi verið gefið út vel innan þeirra tímamarka, sem 1. mgr. 51. gr. nefndra laga tilgreini.

Í riftunarmáli þessu er þess krafist, að efri hæð hússins að Rauðagerði 48 verði skilað stefnanda. Reisir hann kröfu þessa á 64. gr. laga nr. 6/1978.

Málsatvik, málsástæður og lagarök stefndu.

Stefnda reisir kröfu sína á því, að skilnaðarsamningurinn feli í sér fjárskipti sín og fyrrverandi manns síns vegna skilnaðar þeirra, en hjúskap hafi lokið með lögskilnaði 26. september 1986. Er því eindregið mótmælt, að í samningi þessum felist gjafagerningur til stefndu. Telur stefnda, að stefnandi beri sönnunarbyrði fyrir því, að skilnaðarsamningurinn sé í raun gjafagerningur.

Þá ber stefnda fyrir sig, að hún hafi verið algerlega grandlaus um fjárhagsstöðu fyrrvernadi eiginmanns síns, þegar samningurinn um skilnaðarkjör var gerður, og að auk þeirra skulda, sem hún hafi tekið að sér að greiða samkvæmt skilnaðarsamningi, þurfi hún að greiða þær veðskuldir, sem maðurinn lofaði að aflýsa samkvæmt skilnaðarkjarasamningi.

Stefnda byggir á því, að 51. gr. laga nr. 6/1978 eigi einungis við, þegar um gjafagerninga sé að ræða, og eigi hún ekki við í þessu máli.

Forsendur og niðurstaða.

Við munnlegan flutning málsins krafðist talsmaður stefndu þess, að málinu yrði vísað frá dómi. Sú krafa er allt of seint fram komin, sbr. 3. mgr. 110. gr. laga nr. 85/1936, og var sérstaklega mótmælt af hálfu stefnanda. Verður því ekki fjallað frekar um hana hér.

Í máli þessu krefst stefnandi riftunar á gjafagerningi, sem felist í skilnaðarkjarasamningi þeim, er hjónin Eyjólfur Matthíasson og Steinunn Káradóttir gerðu 23. september 1986, og afsali, dagsettu sama dag. Samkvæmt úrskurði skiptaráðandans í Reykjavík 2. febrúar 1987 barst skiptaréttinum beiðni um gjaldþrotaskipti á búi Eyjólfs Matthíassonar 15. janúar þ. á. Er 15. janúar því frestdagur, sbr. 1. gr., a-lið, laga nr. 6/1978 um gjaldþrotaskipti. Samkvæmt 1. tl. 51. gr. gjaldþrotalaga má krefjast riftunar gjafagernings, ef gjöfin var afhent á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag.

Fram kemur á veðbókarvottorði, dagsettu 26/3 1987, fyrir neðri hæð hússins nr. 48 við Rauðagerði og öðru fyrir efri hæð hússins, dagsettu sama dag, að Eyjólfur Matthíasson var einn þinglýstur eigandi eignarinnar, áður en afsal til stefndu var innfært í veðmálabækur. Samkvæmt því afsali afsalar hann til stefndu „neðangreindum eignum mínum".

Þá hefur Eyjólfur Matthíasson gefið út skuldabréf, tryggð með veði í neðri hæð hússins.

Af þessu telur dómurinn ljóst, að húseignin nr. 48 hafi verið hjúskapareign Eyjólfs Matthíassonar, svo sem haldið hefur verið fram af stefnanda í málflutningi hans og hefur reyndar ekki verið mótmælt af stefndu.

Er skilnaðarkjarasamningur hjónanna var gerður 23. september 1986, voru skuldir mannsins samtals 10.134.015 kr. samkvæmt yfirliti, sem stefnandi hefur lagt fram og ekki er mótmælt af hálfu stefndu. Þar af voru veðskuldir, sem hvíldu á fasteigninni, 5.551.609 krónur, en aðrar skuldir 4.582.406 krónur.

Stefnandi hefur lagt fram matsgerð Magnúsar Guðjónssonar og Agnars Gústafssonar hrl. frá 26. september 1988, en þeir voru kvaddir til þess af bæjarþinginu að meta, hvert hefði verið verðmæti fasteignarinnar að Rauðagerði 48 23. september 1986. Niðurstaða matsmanna var sú, að verðmæti eignarinnar allrar hefði verið 6.250.000 krónur 23. september 1986.

Þá er fram komið í málinu, að Múrafl h/f var tekið til gjaldþrotaskipta 2. september 1987. Með hliðsjón af því svo og lista yfir lýstar kröfur í þrotabú Múrafls h/f, sem fram hefur verið lagður í málinu, verður á það fallist með stefnanda, að hlutabréf Eyjólfs í Múrafli h/f hafi verið verðlaus.

Ekki liggja fyrir gögn í málinu um verðmæti hlutabréfa í Fiskeldi h/f,

en miðað við skilnaðarkjarasamning aðila er ljóst, að verðmæti þeirra fór ekki fram úr 199.000 krónum.

Samkvæmt þessu var hjúskapareign Eyjólfs Matthíassonar neikvæð, er skilnaðarkjarasamningurinn var gerður. Með því að svo var, fólst gjöf í skilnaðarkjarasamningi hjónanna, svo sem haldið er fram af stefnanda, og því fullnægt efnislegum skilyrðum 1. tl. 51. gr. laga nr. 6/1978 um, að rifta megi skilnaðarkjarasamningi hjónanna að þessu leyti, svo sem haldið er fram af stefnanda. Þá ber einnig að rifta afsali frá 23. september 1986 frá Eyjólfi Matthíassyni til stefndu, svo sem krafist er af stefnanda.

Stefnandi hefur krafist þess, að stefnda verði dæmd til að afhenda stefnanda efri hæð hússins að Rauðagerði 48, Reykjavík. Samkvæmt 64. gr. gjaldþrotalaga skal skila greiðslum í þeim mæli, sem þær eru enn til, ef annar hvor aðila krefst þess, enda verði það gert án óhæfilegrar rýrnunar verðmæta. Telja verður, að skilyrðum greinarinnar sé fullnægt, eins og hér stendur á, og ber að verða við kröfu þessari og dæma stefndu til afhendingar íbúðarinnar.

Skilja verður kröfu stefndanda um riftun afsalsins frá 23. september 1986 og kröfu um afhendingu efri hæðar þannig, að niður falli skylda stefndu til að taka að sér greiðslu veðskulda, sem hvíldu á efri hæð húseignarinnar.

Þá krefur stefnandi stefndu um greiðslu á 1.036.549,70 auk vaxta frá 29. desember 1986, en þá seldi hún íbúð á neðri hæð Rauðagerðis 48 Ragnhildi Sigurðardóttur. Fjárhæð þessa kveður stefnandi söluverð eignarinnar samkvæmt kaupsamningi þeirra Ragnhildar 2.500.000 krónur að frádregnum ætluðum sölulaunum og áhvílandi veðskuldum. Stefnandi kveður fjárhæð þessa vera auðgun þá, sem stefnda hafi hlotið við gjöf þá, er í skilnaðarkjarasamningi fólst.

Í matsgerð þeirri, er að framan getur, um verðmæti Rauðagerðis 48 var verðmæti neðri hæðar metið 2.100.000 krónur miðað við 23. september 1986. Tjón stefnanda samkvæmt 62. gr. gjaldþrotalaga miðast við það tímamark, og þegar tillit er tekið til fjárhæðar veðskulda þeirra, sem þá hvíldu á eignarhlutanum, ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda 636.549,70 krónur. Stefnandi hefur krafist vaxta frá 29. desember 1986, en eins og kröfugerð hans er háttað, þykir mega færa upphafsdag vaxta fram til 23. september 1986, en um vaxtafót fer svo sem greinir í dómsorði.

Stefnandi hefur krafist þess, að skuldum, sem hún hafi tekið að sér að greiða í skilnaðarkjarasamningi og hvíldu ýmist á neðri hæð eða efri hæð Rauðagerðis 48, verði skuldajafnað við kröfu stefnanda á hendur sér.

Það er niðurstaða dómsins, eins og að framan greinir, að við riftun afsalsins frá 23. september 1986 sé stefnda leyst undan skyldu sinni til að greiða áhvílandi veðskuldir á efri hæð. Enn fremur eru skuldir, sem hvíldu á neðri hæð og hún tók að sér greiðslu á skv. skilnaðarkjarasamningi, og

skuld við Alþýðubankann, sem maður hennar hafði lofað að greiða, dregnar frá verðmæti þess eignarhluta í kröfugerð stefnanda.

Ekki þykja efni til að fjalla frekar um þá kröfu stefndu, að fjárhæð þeirra sé skuldajafnað við kröfur búsins á hendur sér.

Stefnda greiddi veðskuldir, sem hvíldu á efri hæð Rauðagerðis 48, en maðurinn hafði lofað að greiða, og krefst nú þess, að greiðslum þessum verði skuldajafnað við kröfu stefnanda á hendur sér.

Samkvæmt 32. gr., 1. mgr., gjaldþrotalaga hefur sá, sem skuldar þrotabúi, rétt til skuldajafnaðar, sem er um margt víðtækari en almennt er. Ákvæðið er svohljóðandi.

„1. Hver sá, er skuldar þrotabúi, getur dregið frá það, er hann á hjá því, hvernig sem skuld og gagnkröfu er farið. Þó þarf lánardrottinn eða sá, sem hann erfði kröfuna eftir, að hafa eignast hana, áður en 3 mánuðir voru til frestdags. Ekki verður krafa heldur notuð til skuldajafnaðar, ef lánardrottinn, þegar hann eignaðist hana, sá eða mátti sjá, að þrotamaður átti ekki fyrir skuldum eða hann fékk kröfuna til að skuldajafna."

Gagnkröfur þær, sem stefnda hefur uppi í máli þessu, urðu til við greiðslu þeirra, en af gögnum málsins verður ráðið, að greiðslur fóru fram eftir 15. október 1986. Skilyrðum skuldajafnaðar skv. málsgreininni er því ekki til að dreifa, og verður því krafa stefndu um skuldajöfnuð ekki tekin til greina.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 280.000 krónur, og hefur þá verið tekið tillit til sölugjalds af málflutningsþóknun.

Dómsuppsaga hefur dregist vegna anna.

Allan Vagn Magnússon borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Gjöf Eyjólfs Matthíassonar til stefndu, Steinunnar Káradóttur, sem fólst í afhendingu fasteignarinnar að Rauðagerði 48, Reykjavík, samkvæmt samningi þeirra um skilnaðarkjör frá 23. september 1986 og afsali, dagsettu sama dag, er rift.

Stefnda, Steinunn Káradóttir, afhendi stefnanda, þrotabúi Eyjólfs Matthíassonar, efri hæð húseignarinnar Rauðagerðis 48, Reykjavík.

Stefnda, Steinunn Káradóttir, greiði stefnanda, þrotabúi Eyjólfs Matthíassonar, 636.549,70 krónur auk 8,5% ársvaxta frá 23. september 1986 til 1. nóvember 1986, 8,7% ársvaxta frá þeim degi til 11. nóvember 1986, 8,8% ársvaxta frá þeim degi til 1. desember 1986, 8,9% ársvaxta frá þeim degi til 21. janúar 1987, 9,3% ársvaxta frá þeim degi til 1. febrúar 1987, 9,6% ársvaxta frá þeim degi til 11. febrúar 1987, 9,9% ársvaxta frá þeim degi til 21. febrúar 1987, 10,2%

ársvaxta frá þeim degi til 1. mars 1987, 10,3% ársvaxta frá þeim degi til 10. júní 1987, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags. Dráttarvextir leggist við höfustól kröfunnar á tólf mánaða fresti, í fyrsta skipti 10. júní 1988.

Stefnda greiði stefnanda 280.000 krónur í málskostnað.

Dómi þessum má fullnægja með aðför að lögum að liðnum fimmtán dögum frá birtingu hans.

Mánudaginn 18. maí 1992.

Nr. 143/1992. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
X
(Örn Clausen hrl.).

Skírlífisbrot. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Gunnar M. Guðmundsson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Sigurður Líndal prófessor.

Ákæruvaldið skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 16. mars 1992 til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, hefur ákærði viðurkennt, að háttsemi sinni sé rétt lýst í ákæru málsins. Málsatvikum er og skilmerkilega lýst í dóminum.

Brot ákærða ber að heimfæra til 202. gr., sbr. 200. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Við ákvörðun refsingar ákærða er hliðsjón höfð af 77. gr. almennra hegningarlaga, svo sem gert er í hinum áfrýjaða dómi. Eins og atvikum og eðli brots er háttað og lýst er í héraðsdómi, þykir refsingin hæfilega ákveðin fangelsi í 18 mánuði.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í 18 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

Sératkvæði

Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Í máli þessu er ákærði sekur um brot gegn 202. gr., sbr. 200. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, vegna háttsemi, er beindist að ungri dóttur hans, eins og lýst er í hinum áfrýjaða dómi. Við ákvörðun á viðurlögum vegna brotsins er til margs að líta og þá meðal annars til sifskaparþáttar málsins og velferðar barnsins sjálfs. Um hana skipta þau úrræði, sem unnt er að leita utan réttar, ekki minna máli en þær refsingar, sem dómstólum er fært að útdeila, auk þess sem þær hafa sínar neikvæðu hliðar í þessu tilliti. Ákærði hefur ekki áður orðið brotlegur við almenn hegningarlög. Hann játaði verknað sinn hreinskilnislega, þegar á hann var gengið, og er ákæra í málinu aðallega byggð á þeirri játningu, þótt hún styðjist einnig við frásögn telpunnar hjá sálfræðingi. Atferli ákærða var ekki tengt ofbeldi eða kúgun eða óreglusömu líferni, og að mati geðlæknis er hann ekki haldinn hneigð til kynmaka við börn eða ranghugmyndum um réttlætingu þeirra. Telur læknirinn hann hafa leiðst til verknaðarins vegna skammvinnrar brenglunar. Brot af þessu tagi hafa í för með sér alvarlega og óræða hættu, en að svo komnu hefur þess ekki orðið vart, að neikvæðar afleiðingar af háttsemi ákærða hafi komið fram í fari telpunnar eða breyting orðið á viðhorfi hennar til föður síns eða annarra. Sjálfur hefur ákærði reynt að bregðast við skaðsemi verknaðarins með þeim ráðum, sem honum voru tiltæk.

Með vísan til þessa og að öðru leyti til forsendna hins áfrýjaða dóms tel ég refsingu ákærða hæfilega ákveðna fangelsi 12 mánuði. Jafnframt sé rétt að fresta fullnustu á þeim hluta refsingarinnar, sem er umfram 3 mánuði, og falli hann niður að liðnum 3 árum frá uppsögu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 14. febrúar 1992.

Ár 1992, föstudaginn 14. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Guðjóni St. Marteinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 74/1992: Ákæruvaldið gegn X, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 23. október 1991, á hendur ákærða, X, Reykjavík, f. 1956, „fyrir skírlífisbrot með því

að hafa 27. desember 1990 og 10. janúar 1991 haft kynferðismök við fjögurra ára dóttur sína á heimili sínu með eftirgreindum hætti:

Í fyrra skiptið sleikt fótleggi telpunnar og kynfæri, sett tunguna inn í kynfæri hennar, komið lim sínum milli læra telpunnar og hreyft hana til með þeim hætti, að honum varð sáðfall.

Í seinna skiptið viðhaft sömu háttsemi og í fyrra skiptið og að auki stungið fingri inn í kynfæri hennar.

Telst þetta varða við 1. mgr. 200. gr., sbr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

— — —

Málsatvik.

Ákærði kom fyrir dóminn 24. janúar sl. og viðurkenndi þá að hafa framið þá háttsemi, er í ákæru greinir. Ákærði kvaðst hafa verið einn heima með dóttur sinni 27. desember 1990 og 10. janúar 1991 og þau í bæði skiptin verið stödd í sjónvarpsherbergi, er fram kemur á ljósmyndum meðal gagna málsins. Í fyrra tilvikinu kvaðst ákærði hafa leikið við dóttur sína með læknadóti, er hún átti, og hafi atburðir þróast á þann hátt, er ákærði lýsti hjá lögreglu 1. febrúar 1991, og ákærði viðhaft þá háttsemi, er lýst er í ákæru. Í síðara skiptið kvaðst ákærði hafa leikið við dóttur sína, en ákærði að lokum viðhaft þá háttsemi, er lýst er í ákæru. Ákærði kvaðst í bæði skiptin hafa setið í sófa í sjónvarpsherberginu og dóttir sín setið ofan á sér. Ákærði kvaðst hafa komið lim sínum fyrir milli læra stúlkunnar og hreyft stúlkuna með þeim hætti, að honum varð sáðfall. Ákærði lýsti því hjá lögreglu, hvernig hann hefði orðið kynferðislega æstur, er hann lék við dóttur sína í fyrra skiptið, og tekið að sleikja læri dóttur sinnar og kynfæri. Í síðara skiptið kvað ákærði dóttur sína hafa hvíslað að sér, „hvort við ættum að gera eins og við gerðum um daginn". Ákærði kvaðst strax hafa áttað sig á því, við hvað stúlkan hefði átt. Ákærði kvaðst hafa neitað þessu og kvaðst hafa ákveðið eftir atvikið 27. desember 1990, að slíkt skyldi aldrei henda aftur. Ákærði kvaðst þrátt fyrir þetta hafa látið undan kendum sínum, eins og hann orðaði það, og viðhaft sams konar háttsemi gagnvart dóttur sinni og í fyrra sinn, en auk þess stungið fingri inn í kynfæri stúlkunnar. Ákærði staðfesti framburð sinn hjá lögreglu fyrir dóminum.

Við dómsyfirheyrsluna 24. janúar sl. kvað ákærði háttsemi, er lýst er í ákæru, hafa staðið stutta stund í hvort skipti, og giskaði ákærði á nokkrar mínútur og í það mesta 10 mínútur. Ákærði kvaðst hvorki hafa verið undir áhrifum áfengis né annarra vímuefna. Ákærði kvaðst ekki enn hafa áttað

sig á því, hvað hafi komið yfir sig, er þessir atburðir urðu, og ekki enn fengið skýringu á því og ekki vera sáttur við skýringar, er fram hafa komið í viðtölum við geðlækni, en ákærði kvaðst fljótlega eftir atburði, er í ákæru greinir, hafa leitað aðstoðar hjá Pétri Haukssyni geðlækni og enn sækja viðtöl tvisvar í viku.

Vitnið Pétur Hauksson geðlæknir, Akurholti 10, Mosfellsbæ, kom fyrir dóminn 31. janúar sl. og staðfesti skýrslu sína frá 20. s. m. Í skýrslu geðlæknisins segir m. a. svo:

„ — — —

Niðurstaða.

X bjó við óvenjuerfiða æsku, mátti þola ótrúlegt og tilviljunarkennt ofbeldi í mörg ár og varð einnig fyrir kynferðislegri áreitni. Hann hafði unnið mikið, aðallega úti á landi, og því lítið getað umgengist dóttur sína. Hann lagði rangt mat á tilfinningar og þarfir barnsins og varð uppvís að sifjaspelli í tvígang og hefur viðurkennt brot sitt. Hann hefur komið í viðtöl til undirritaðs, frá því að hann framdi verknaðinn, en í viðtölunum fordæmir hann verknað sinn, lýsir iðrun og eftirsjá, greinilega af mikilli einlægni. Ekki koma fram eiginleikar kynferðisafbrotamanna, svo sem viðvarandi rangt mat á kynferðislegum þörfum og löngunum barna.“

— — —

Niðurstöður.

Sannað er með framburði ákærða, sem studdur er öðrum gögnum málsins, að ákærði hefur framið þá háttsemi, er ákært er út af, og eru brot rétt heimfærð til refsiákvæða í ákæru. Ákærði hefur þannig gerst sekur um önnur kynferðismök en samræði gagnvart dóttur sinni, sbr. 202. gr. almennra hegningarlaga.

Svo sem rakið var, gekkst ákærði greiðlega við brotum sínum, og hefur hann leitað aðstoðar geðlæknis vegan háttsemi sinnar.

Árið 1978 sætti ákærði dómsátt fyrir fíkniefnabrot, en hefur ekki sætt öðrum refsingum.

Refsing ákærða er hér ákvörðuð með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga, og þykir refsingin hæfilega ákvörðuð fangelsi í tíu mánuði. Svo sem rakið var, hefur ákærði ekki áður gerst brotlegur við almenn hegningarlög. Eins og mál þetta er í pottinn búið, þykir eftir atvikum rétt að fresta fullnustu refsingar ákærða skilorðsbundið í þrjú ár frá dómsuppsögu að telja, og falli hún niður að þeim tíma liðnum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ.m.t. 65.000 kr. í saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, og 65.000 kr. í málsvarnarlaun til Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns.

Dómsorð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í tíu mánuði, en fresta skal fullnustu refsingar hans í þrjú ár frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, og falli hún niður að þeim tíma liðnum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ.m.t. 65.000 kr. í saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, og 65.000 kr. í málsvarnaralaun til Arnar Clausen hrl.

Mánudaginn 18. maí 1992.

Nr.348/1990. **Þorkell Diego**
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)
gegn
Lífeyrissjóði rafiðnaðarmanna,
Lífeyrissjóði málm- og skipasmiða
(Guðni Haraldsson hrl.),
Baldvin Ómari Magnússyni og
Gjaldheimtunni í Reykjavík
(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.).

Nauðungaruppboð. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Gunnar M. Guðmundsson og Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. september 1990 og krefst þess, að hin áfrýjaða uppboðsgerð, þ.e. þriðja og síðasta uppboð, sem fram fór 29. ágúst 1990 á 4. hæð húseignarinnar Dugguvogs 12 í Reykjavík, verði ómerkt og að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefnda Baldvins Ómars Magnússonar eru ekki gerðar kröfur í málinu, og við munnlegan málflutning var ekki sótt þing af hans hálfu.

Aðrir stefndu krefjast staðfestingar hinnar áfrýjuðu uppboðsgerðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

I.

Með bréfi til borgarfógetaembættisins í Reykjavík 9. júní 1989 krafðist Brynjólfur Eyvindsson héraðsdómslögmaður vegna stefnda Lífeyrissjóðs rafiðnaðarmanna nauðungaruppboðs til lúkningar skuld samkvæmt tveim veðskuldabréfum, út gefnum af áfrýjanda 13. júní 1988 til Húsvirkis hf., hvoru upphaflega að fjárhæð 700.000 krónur. Bréfin voru til 10 ára með gjalddögum tvisvar á ári, í fyrsta sinn 10. desember 1988. Þau voru verðtryggð, með 9,5% ársvöxtum og tryggð með 3. veðrétti í 4. hæð hússins nr. 12 við Dugguvog í Reykjavík, sem þá var þinglesin eign Húsvirkis hf. Hvorki verður ráðið af uppboðsbeiðni né skuldabréfunum, sem

lögð eru fyrir Hæstarétt í ljósriti, hvort af þeim hafði verið greitt, áður en uppboðs var krafist, en þá var ein afborgun fallin í gjalddaga og komið að 2. gjalddaga. Uppboðsandlags er ekki getið í uppboðsbeiðninni, og hún ber ekki með sér, að uppboðsheimildir hafi fylgt henni til uppboðshaldara. Áfrýjandi er í beiðninni sagður vera uppboðsþoli, þótt annnar aðili væri þinglesinn eigandi uppboðsandlagsins. Var þetta ekki skýrt frekar. Síðar bárust uppboðsbeiðnir frá öðrum stefndu.

Málið var fyrst tekið fyrir í uppboðsrétti 12. október 1989 eftir auglýsingar í 106., 110. og 115. tbl. Lögbirtingablaðs. Þing var sótt af hálfu uppboðsbeiðanda, og var beiðni hans lögð fram ásamt fyrrgreindum skuldabréfum, en af hálfu áfrýjanda var ekki mætt. Sala á eigninni var ákveðin 15. nóvember 1989. Málið kom fyrir þann dag, og var sótt þing af hálfu uppboðsbeiðanda, en enginn mætti af hálfu áfrýjanda. Sölutilraun var gerð, og kom eitt boð í eignina, 10.000 krónur. Var það frá uppboðsbeiðanda. Þess var þá óskað, að fram færi annað og síðara uppboð, og var það ákveðið 12. desember 1989. Á dómþingi þann dag var sótt þing af hálfu uppboðsbeiðanda og stefnda Lífeyrissjóðs málm- og skipasmiða. Af hálfu áfrýjanda var ekki sótt þing. Málinu var þá frestað til 6. mars 1990. Á dómþingi þann dag var mætt af hálfu uppboðsbeiðanda og einnig af hálfu stefndu Lífeyrissjóðs málm- og skipasmiða og Baldvins Ómars Magnússonar. Ekki var sótt þing af hálfu áfrýjanda. Málinu var frestað til 18. maí 1990. Þá var mætt af hálfu annarra stefndu en Gjaldheimtunnar í Reykjavík. Nú sótti áfrýjandi þing og með honum Gísli Gíslason héraðsdómslögmaður. Gerð var sölutilraun, og kom eitt boð í eignina. Var það af hálfu stefnda Baldvins Ómars Magnússonar, að fjárhæð 300.000 krónur. Áfrýjandi óskaði þess, að fram færi þriðja og síðasta uppboð, og var það ákveðið 14. júní 1990. Uppboði þessu mun hafa verið frestað utan réttar um ótiltekinn tíma, þar sem áfrýjandi hafði þá fengið greiðslustöðvun. Næst var dómþing háð í málinu 29. ágúst sama ár að undangenginni auglýsingu í dagblaði. Í þinghaldi þann dag voru lagðar fram uppboðsbeiðnir annarra stefndu en Lífeyrissjóðs rafiðnaðarmanna. Mætt var af hálfu annarra stefndu en Gjaldheimtunnar í Reykjavík. Áfrýjandi sótti þing. Uppboðshaldari færði til bókar, að gætt hefði verið leiðbeiningarskyldu gagnvart

honum. Fór nú fram sala á eigninni, og var gerð svofelld bókun um hana:

„...Lesnir uppboðsskilmálar. Þessi boð komu nú fram:

kr. 5.000.000,00 Stefán Gunnarsson fyrir Húsvirki hf.

kr. 6.000.000,00 Hafsteinn Haster (sic), Barðaströnd 45.

kr. 8.000.000,00 Benedikt Sigurðsson hdl. fyrir Lífeyrissjóð rafiðnaðarmanna og krefst útlagningar.

kr. 10.000.000,00 Steingrímur Eiríksson fyrir Lífeyrisssjóð málm- og skipasmiða og krefst útlagningar.

kr. 11.000.000,00 Benedikt Sigurðsson fyrir sama og áður.

kr. 12.000.000,00 Steingrímur Eiríksson fyrir sama og áður.

kr. 12.500.000,00 Benedikt Sigurðsson fyrir sama og áður.

kr. 12.800.000,00 Stefán Gunnarsson fyrir sama og áður.

kr. 13.500.000,00 Benedikt Sigurðsson fyrir sama og áður.

Fleiri boð komu ekki fram. ... Uppboðshaldari tók sér 14 daga frest til að taka ákvörðun um fram komin boð."

II.

Áfrýjandi áskildi sér í stefnu rétt til að bera fram kröfur og málsástæður fyrir Hæstarétti með skírskotun til 45. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Hefur það ekki sætt mótmælum af hálfu stefndu. Þykir eftir atvikum rétt að leyfa þetta að takmörkuðu leyti, þótt áfrýjanda hafi verið í lófa lagið að hafa uppi í héraði mótmæli sín og málsástæður, enda raskar það ekki grundvelli málsins. Um málsástæður áfrýjanda verður þó aðeins fjallað, að því er varðar atriði, sem komið gátu til álita fyrir uppboðsrétti ex officio og varða málatilbúnað uppboðsbeiðanda og málsmeðferð uppboðshaldara. Jafnframt verður haft í huga, að engar athugasemdir eða mótmæli voru höfð í frammi af hálfu áfrýjanda við málsmeðferð í uppboðsrétti.

III.

Árýjandi reisir kröfu sína í fyrsta lagi á því, að í fyrstu uppboðsbeiðni sé hvorki gerð grein fyrir uppboðsandlagi né þinglesnum eiganda þess, svo sem skylt hafi verið samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1949.

Samkvæmt nefndu lagaákvæði skal greina í uppboðsbeiðni, svo

að ekki verði um villst, nafn og heimili uppboðsbeiðanda og uppboðsþola og enn fremur skuldara, sé hann annar en uppboðsþoli, en þannig stóð á í umræddu tilviki, þegar uppboðsbeiðni var send uppboðshaldara. Þá er og skylt að greina í uppboðsbeiðni nægilega glöggt þau verðmæti, sem uppboðs er krafist á. Hvorugu þessara skilyrða var fullnægt. Uppboðshaldara var því rétt, sbr. 13. gr. laga nr. 57/1949, að krefjast þess af uppboðsbeiðanda, að bætt yrði úr þessum annmörkum, en hafna uppboðsbeiðninni að öðrum kosti. Það var ekki gert. Á það er hins vegar að líta, að uppboðsheimildir voru sendar með beiðninni, þótt hún beri það ekki með sér, og af þeim varð það að nokkru ráðið, sem beiðninni var áfátt um nefnd atriði. Framangreindir gallar á uppboðsbeiðninni komu því ekki að sök og valda ekki ómerkingu uppboðsmálsins.

Í öðru lagi reisir áfrýjandi kröfu sína á því, að hann hafi verið eigandi umræddrar eignar, þegar uppboðsmeðferð hófst, en þrátt fyrir það hafi tilkynningar um uppboðið ekki verið sendar sér, heldur fyrrverandi eiganda. Sé það ekki í samræmi við 3. mgr. 6. gr. og 3. mgr. 22. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð.

Í gögnum málsins nýtur hvorki upplýsinga um, hvort áfrýjanda var send tilkynning um fram komna uppboðsbeiðni, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1949, né heldur, hvernig háttað var tilkynningu um uppboðið, áður en uppboðsauglýsing var send til birtingar í Lögbirtingablaði. Á hinn bóginn eru í gögnum málsins tilkynningar um auglýsingar, sem birtar voru í dagblöðum. Hin fyrsta er um uppboðið, sem fór fram 15. nóvember 1989. Móttakandi hennar er tilgreindur Húsvirki hf., Ystaseli 30, Reykjavík. Önnur tilkynningin er um auglýsingu á uppboði því, sem fram fór 12. desember sama ár. Móttakendur samkvæmt henni eru tilgreindir Húsvirki hf. og áfrýjandi og heimilisfang Ystasel 30, Reykjavík. Þriðja tilkynningin er um auglýsingu á uppboði því, sem fram fór 6. mars 1990. Tilgreining móttakanda á henni er eins og á fyrstu tilkynningunni. Þrjár síðustu tilkynningarnar eru um auglýsingar á uppboðum 18. maí 1990, 14. júní sama ár og 29. ágúst sama ár. Þær eru stílaðar á áfrýjanda einan, og er ekki vefengt, að þær hafi verið sendar honum.

Afsal til áfrýjanda fyrir umræddri eign er dagsett 13. júní 1988, en það var ekki móttekið til þinglýsingar fyrr en 6. júní 1990 og

innfært í þinglýsingabók 8. sama mánaðar. Samkvæmt framansögðu voru tilkynningar uppboðshaldara um sölu á eigninni eftir það allar sendar áfrýjanda. Uppboðshaldara mátti hins vegar vera ljóst af uppboðsbeiðni og uppboðsheimildum, að fram að þeim tíma var skuldari og uppboðsþoli ekki einn og sami aðili. Var honum því skylt samkvæmt 3. mgr. 6. gr. og 3. mgr. 22. gr. laga nr. 57/1949 að senda þeim báðum lögboðnar tilkynningar um uppboðið. Þessir gallar á málsmeðferð ollu áfrýjanda þó ekki réttarspjöllum, þar sem tryggt var með síðari tilkynningum uppboðshaldara, að honum gæfist í tæka tíð nægur kostur þess að gæta réttar síns í uppboðsmálinu. Valda þeir því ekki ómerkingu þess.

IV.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, eru hvorki næg efni til þess að ómerkja þriðja og síðasta uppboð á framangreindri eign né uppboðsmálið í heild. Ber því að staðfesta hina áfrýjuðu uppboðsgerð.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir. Við ákvörðun hans hefur ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Auk þeirra galla á málatilbúnaði uppboðsbeiðanda og málsmeðferð uppboðshaldara, sem að framan er lýst, eru brögð að því, að bókanir í þingbók um þá, sem mættu í uppboðsrétti við þinghöld í málinu, séu ónákvæmar. Meðal annars er ekki gerður greinarmunur sem skyldi á uppboðsbeiðanda og öðrum aðilum uppboðsmálsins annars vegar og umboðsmönnum þeirra hins vegar. Ber að átelja alla þessa ágalla.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða uppboðsgerð á að vera óröskuð.

Áfrýjandi, Þorkell Diego, greiði stefndu Lífeyrissjóði rafiðnaðarmanna, Lífeyrissjóði málm- og skipasmiða og Gjaldheimtunni í Reykjavík 25.000 krónur hverjum í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Mánudaginn 18. maí 1992.

Nr. 25/1992. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Jóhanni Jónasi Ingólfssyni
(Örn Clausen hrl.)
og Magnúsi Hreggviðssyni
(Ólafur Gústafsson hrl.).

Fjárdráttur. Skyldusparnaður. Sönnun. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Gunnar M. Guðmundsson og Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar af hálfu ákæruvalds með stefnu 13. desember 1991 og gerir þær dómkröfur, að ákærðu verði sakfelldir samkvæmt ákæru og dæmdir til refsingar.

Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti var því hreyft af hálfu ákæruvalds, að rétt kynni að hafa verið að einskorða ákæru ekki við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, heldur ákæra jafnframt fyrir brot á 115. og 116. gr., sbr. 125. gr. laga nr. 86/1988 um Húsnæðisstofnun ríkisins, sbr. reglugerð nr. 92/1985. Þess var þó eigi krafist, að dæmt yrði eftir þessum lagaákvæðum. Þau komu ekki til álita við málflutning fyrir sakadómi, sem fram fór án þátttöku ákæruvalds, þeirra var ekki getið í áfrýjunarstefnu, og á þau er ekki minnst í formlegri kröfugerð ákæruvalds fyrir Hæstarétti frá 26. apríl sl. Eins og atvikum er háttað, þykir ekki nægilega fullnægt réttarfarsskilyrði 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, til þess að dæmt verði eftir nefndum sérlögum um háttsemi þá, sem ákært er fyrir.

Í héraðsdómi hefur orðið misritun, þar sem eftirfarandi er haft eftir ákærða Jóhanni Jónasi: „Hann kvaðst ekki telja, að meðákærði hafi ekki getað vitað, að skyldusparnaðinum hafi verið haldið eftir og ekki skilað.“ Orðinu „ekki“ er ofaukið í setningunni: „að meðákærði hafi ekki getað vitað“.

Ákærði Magnús Hreggviðsson. Launagreiðslur þær, sem um

ræðir í málinu og ákært er út af vegna vanskila á skyldusparnaði, voru fyrir tímabilið frá apríl til og með september 1988. Meðákærði var formaður stjórnar Íslensk-portúgalska hf. og framkvæmdastjóri félagsins fram undir lok ágúst sama ár, er samkomulag varð um það vegna fjárhagserfiðleika félagsins, að ákærði Magnús yfirtæki öll hlutabréf hans í félaginu. Fram til þessa tíma kveðst ákærði Magnús engin afskipti hafa haft af rekstri félagsins önnur en þau, að meðákærði hafi leitað til sín, er ábyrgjast þurfti lán fyrir félagið. Er þetta í samræmi við framburð meðákærða, sem kveðst telja, að ákærði Magnús hafi ekki getað vitað, að eigi voru gerð skil á skyldusparnaði.

Við gerð þessa samkomulags tók ákærði Magnús við formennsku í stjórn félagsins, og jafnframt var ráðinn að félaginu nýr framkvæmdastjóri fjármála, Jónína Kristjánsdóttir. Var það meginhlutverk hennar að svo stöddu að gera úttekt á fjárhagsstöðu félagsins, og kom ekki til þess, svo að máli skipti, að launagreiðslur færu fram undir hennar stjórn. Að sögn ákærða Magnúsar leiddi þessi úttekt í ljós, að gjaldþrot yrði ekki umflúið, og gerði hann þá þegar ráðstafanir til þess, að beðið yrði um gjaldþrotaskipti á búi félagsins, auk þess sem hann rifti umræddu samkomulagi.

Með skírskotun til þessa og til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta ákvæði hans um sýknu ákærða Magnúsar af kröfum ákæruvalds í málinu.

Ákærði Jóhann Jónas Ingólfsson. Eins og í héraðsdómi greinir, var bú Íslensk-portúgalska hf. tekið til gjaldþrotaskipta 4. október 1988. Samkvæmt kröfuskrá, sem er meðal gagna málsins, nam fjárhæð launakrafna, sem lýst var í þrotabúið og samþykktar voru af skiptaráðanda, 2.548.017 krónum. Meðal þessara krafna voru launakröfur Elínar Þ. Eiríksdóttur og Sigríðar L. Jónsdóttur, sem báðar koma við sögu í málinu vegna umrædds skyldusparnaðar, en þær námu alls 279.438 krónum. Af kröfuskránni og öðrum gögnum málsins má ráða, að mjög hafi verið farið að þrengja að fjárhag félagsins, er vanskil urðu á greiðslu skyldusparnaðar af launum á áðurnefndu tímabili. Þegar litið er til þessa og virtur er framburður ákærða Jóhanns Jónasar og vitnisins Þórunnar Selmu Þórðardóttur, sem rakinn er í héraðsdómi, verður að telja ólíklegt, að skyldusparnaðarfé það, sem um ræðir í málinu, hafi verið fyrir

hendi í sjóði félagsins, þegar greidd voru launin, sem það átti að dragast af. Örugg vísbending um annað verður ekki talin felast í því einu, að skyldusparnaður var reiknaður út og færður á launaseðla. Verður að telja ósannað, að ákærði Jóhann Jónas hafi gerst sekur um brot gegn 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga, og ber að fallast á það með héraðsdómara, að hann eigi að vera sýkn af kröfum ákæruvalds í málinu.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms og fella allan áfrýjunarkostnað málsins á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðra verjenda ákærðu fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Allur áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun hæstaréttarlögmannanna Arnar Clausen, skipaðs verjanda ákærða Jóhanns Jónasar Ingólfssonar, og Ólafs Gústafssonar, skipaðs verjanda ákærða Magnúsar Hreggviðssonar, 35.000 krónur til hvors.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 22. nóvember 1991.

Ár 1991, föstudaginn 22. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Arngrími Ísberg sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 620-621/1991: Ákæruvaldið gegn Jóhanni Jónasi Ingólfssyni og Magnúsi Hreggviðssyni.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, út gefnu 7. ágúst 1990, á hendur ákærðu, Jóhanni Jónasi Ingólfssyni, Miðtúni 82, Reykjavík, fæddum 15. febrúar 1957, fæðingarnúmer 565, og Magnúsi Hreggviðssyni, Þingaseli 10, Reykjavík, fæddum 29. maí 1949, fæðingarnúmer 426, „fyrir fjárdrátt með því að hafa á tímabilinu apríl til september 1988 sem forráðamenn hlutafélagsins Íslensk-portúgalska, Vatnagörðum 14, Reykjavík, ákærði Jóhann Jónas sem stjórnarformaður og framkvæmdastjóri og ákærði Magnús sem stjórnarmaður, haldið eftir af launum eftirgreindra starfsmanna félagsins skyldusparnaðarfé, samtals 125.285 kr., en eigi staðið skil á þessu fé til veðdeildar Landsbanka Íslands sem innheimtustofnunar skyldusparnaðarfjár fyrir Húsnæðisstofnun ríkisins, Laugavegi 77, Reykjavík, heldur dregið félaginu, sem þá var í fjárhagserfiðleikum, þetta fé.

Starfsmaður	*Tímabil*	*Fjárhæð*
Elín Þ. Eiríksdóttir, kt. 151267-5059	apríl-september 1988	65.671
Sigríður L. Jónsdóttir, kt. 270268-5289	júní-september 1988	40.460
Jóhanna O. Halldórsdóttir, kt. 250767-5959	maí-júlí 1988	19.154
	Samtals	kr. 125.285

Telst þetta varða við 1.mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar".

Ákærðu neita báðir sökum í málinu. Þeir halda uppi vörnum, og hafa verjendur þeirra krafist sýknu og að sakarkostnaður verði lagður á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun þeirra. Til vara hefur verjandi ákærða Jóhanns Jónasar krafist vægustu refsingar. Þá er þess krafist, að bótakröfunni verði vísað frá dómi.

Málavextir eru þeir, að með þremur bréfum, dagsettum 14. og 19. október 1988 og 29. maí 1989, kærði Húsnæðisstofnun ríkisins vanskil skyldusparnaðarfjár af hálfu hlutafélagsins Íslensk-portúgalska. Varðaði kæran skyldusparnað, er dreginn hafði verið af launum þeirra þriggja starfsmanna félagsins, er nefndir eru í ákæru.

Samkvæmt vottorði Hlutafélagaskrár voru í stjórn félagsins ákærðu Jóhann Jónas, sem var formaður, Magnús Hreggviðsson og Ingibjörg Ottósdóttir. Jóhann Jónas var jafnframt framkvæmdastjóri félagsins. Fyrir dómi kom fram, að í ágúst 1988 hefði Jóhann Jónas látið af þessum störfum, en Magnús orðið stjórnarformaður, og ráðinn hefði verið nýr framkvæmdastjóri. Félagið var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar 4. október 1988.

Framburður ákærðu um ákæruefnið verður nú rakinn svo og framburður tveggja vitna, er komu fyrir dóm.

Ákærði Jóhann Jónas kvað það rétt, að stúlkur þær, sem nefndar eru í ákæru, hefðu unnið hjá félaginu á þeim tíma, sem þar er nefndur. Þá kvaðst hann ekki rengja, að haldið hefði verið eftir af launum þeirra skyldusparnaði, og ekki kvaðst hann gera athugasemdir við fjárhæðir í ákæru. Ákærði kvað, að á þessum tíma hefði Selma Þórðardóttir verið skrifstofustjóri félagsins. Hún hefði verið sjálfstæð í starfi og m.a. ráðið greiðslum. Þegar erfiðleikar hefðu steðjað að eins og á þeim tíma, sem ákæran tekur til, hefði hann sjálfur haft úrslitavald um það, hvað yrði

greitt og hvað ekki. Hann kvað greiðslu skyldusparnaðar þó aldrei hafa komið upp á sitt borð, og hefði hann ekki haft hugmynd um, að þessar fjárhæðir væru ógreiddar. Hann neitaði að hafa gefið fyrirmæli um, að þessum fjárhæðum skyldi haldið eftir í rekstri félagsins, og þar af leiðandi ekki vera sekur um fjárdrátt. Hann kvað það hafa verið skýr fyrirmæli frá sér, að laun og launatengd gjöld, þ.m.t. skyldusparnaður, hefðu átt að ganga fyrir öðrum greiðslum. Hann kvaðst ekki geta svarað þeirri spurningu, hvort peningar hefðu verið til hjá félaginu til að greiða skyldusparnað stúlknanna, sem nefndar eru í ákæru og dreginn hefði verið af launum þeirra.

Hann kvað meðákærða hafa komið inn í rekstur félagsins 1986 og þá verið kosinn í stjórn þess. Þeir hefðu haft mikil samráð sín á milli um stefnumörkun félagsins, en ekki um, hvað ætti að greiða og hvað ekki. Hann kvaðst ekki telja, að meðákærði hefði ekki (sic) getað vitað, að skyldusparnaðinum hefði verið haldið eftir og ekki skilað.

Ákærði Magnús Hreggviðsson bar fyrir dómi, að síðari hluta árs 1986 hefði Frjálst framtak hf., en hann er stjórnarformaður þess, gerst minnihlutaeigandi í Íslensk-portúgalska hf. Allt til ágústloka 1988 hefði meðákærði verið stjórnarformaður og framkvæmdastjóri Íslensk-portúgalska hf., og þá hefði ákærði orðið stjórnarformaður, og ráðinn hefði verið sérstakur framkvæmdastjóri. Ætlunin hefði verið, að Frjálst framtak hf. tæki að sér rekstur Íslensk-portúgalska, og þar af leiðandi eðlilegt að skipta um stjórn. Síðar hefði komið í ljós, að fjárhagur þess var þannig, að gjaldþrot yrði ekki umflúið. Eftir það hefði samkomulaginu um yfirtökuna verið rift. Ákærði kvaðst engin afskipti hafa haft af rekstri félagsins, þar til hann varð stjórnarformaður, önnur en þau, að meðákærði leitaði til hans til að ábyrgjast lán. Þá hefði hann fengið í hendur ársreikninga áranna 1986 og 1987 og tekið þátt í gerð áætlunar fyrir árið 1987. Hann kvaðst aldrei hafa setið stjórnarfundi í félaginu.

Ákærði kvaðst ekki kannast við stúlkur þær, sem nefndar eru í ákæru, og kvaðst ekki hafa haft þau afskipti af rekstrinum, að hann gæti um það borið, hvort þær hefðu unnið þar eða ekki. Hann kvaðst þó ekki rengja, að svo hefði verið. Hann vísaði á verjanda sinn um að gera athugasemdir við fjárhæðir í ákæru, en við munnlegan flutning málsins komu engar slíkar athugasemdir fram, enda krafðist verjandinn algerrar sýknu.

Jónína Kristjánsdóttir kvaðst hafa unnið hjá Íslensk-portúgalska í septembermánuði 1988. Á þessum tíma hefði staða félagsins verið mjög slæm, og hefði hún fengið fyrirmæli um, að laun ættu að ganga fyrir öðrum greiðslum, ef einhverjir peningar kæmu inn. Þessi fyrirmæli komu frá Halldóru Viktorsdóttur, er var yfirmaður hennar, og taldi hún hana hafa fengið þau frá ákærða Magnúsi. Jónína kvaðst hafa reiknað út laun

á þeim tíma, er hún vann hjá félaginu, og að hafa dregið launatengd gjöld af þeim á launaseðlunum. Þessum greiðslum hefði þó ekki verið skilað til réttra aðila, þar eð þær voru ekki komnar á gjalddaga, er félagið varð gjaldþrota 4. október 1988. Hún kvað nánast engin laun hafa verið greidd fyrir september. Jónína kvað ákærða Jóhann Jónas hafa verið framkvæmdastjóra sölu- og markaðsmála í september, en hún sjálf var framkvæmdastjóri fjármálasviðs. Hann hefði ekki haft framkvæmdavald á sviði fjármála, en þó skipt sér af þeim á þessum tíma. Hún kvað ákærðu ekkert hafa skipt sér af skyldusparnaðinum á þessum tíma, og ákærði Magnús hefði engin fyrirmæli gefið sér um fjármálastjórn félagsins.

Þórunn Selma Þórðardóttir var skrifstofustjóri Íslensk-portúgalska á þeim tíma, sem um ræðir í ákæru. Hún kvaðst m.a. hafa reiknað út laun. Til mánaðamóta ágúst-september hefði ákærði Jóhann Jónas verið yfirmaður sinn, en eftir það Jónína Kristjánsdóttir. Á meðan ákærði var yfirmaður sinn, hefði hann gefið sér fyrirmæli um, hvað ætti að greiða og hvað ekki. Hann hefði m.a. ákveðið, að laun ættu að ganga fyrir. Þórunn Selma kvaðst hafa reynt að fá ákærða Jóhann Jónas til að greiða skyldusparnaðinn, en peningar ekki verið til. Raunverulega hefðu engir reikningar verið greiddir á tímabilinu apríl-september 1988. Hún kvaðst engin fyrirmæli hafa fengið frá ákærða Magnúsi um rekstur félagsins. Þá kvaðst hún ekki muna, hvort Jónína Kristjánsdóttir hefði gefið sér fyrirmæli um skyldusparnaðinn, eftir að hún hefði tekið við fjármálastjórninni af ákærða Jóhanni Jónasi.

Niðurstaða.

Þegar virtur er framburður ákærðu og vitna í málinu, sem að framan var rakinn, verður að telja ósannað, að ákærði Magnús hafi haft þau afskipti af rekstri Íslensk-portúgalska hf. á þeim tíma, sem hér er til umfjöllunar, að hann hafi látið halda eftir skyldusparnaðarfé því, sem málið snýst um, eða átt þátt í því, og ekki skilað fénu til Húsnæðisstofnunar ríkisins. Ber samkvæmt þessu að sýkna hann af refsikröfu ákæruvaldsins.

Um ákærða Jóhann Jónas er það að segja, að hann var að sönnu framkvæmdastjóri og stjórnarformaður félagsins, eins og rakið var, en gegn neitun hans er ekki komin lögfull sönnun fyrir því, að hann hafi gefið um það fyrirmæli að greiða ekki Húsnæðisstofnun ríkisins skyldusparnaðarféð, er haldið hafði verið eftir af launum starfsmanna þeirra, sem hér um ræðir. Þá er einnig á það að líta, að ósannað er, að fé það, sem hér um ræðir, hafi verið til hjá félaginu og þar af leiðandi getað orðið andlag fjárdráttarbrots. Ber því einnig að sýkna hann af refsikröfu ákæruvaldsins.

Húsnæðisstofnun ríkisins hefur krafist þess, að ákærðu verði dæmdir til að greiða fjárhæðir þær, sem nefndar eru í ákæru, auk dráttarvaxta.

Með því að ákærðu hafa verið sýknaðir af refsikröfu í málinu, verður skaðabótakröfunni vísað frá dómi.

Samkvæmt framansögðu verður allur sakarkostnaður lagður á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðra verjenda ákærðu, Arnar Clausen hrl., verjanda ákærða Jóhanns Jónasar, og Ólafs Gústafssonar hrl., verjanda ákærða Magnúsar, 50.000 kr. til hvors.

Dómsorð:

Ákærðu, Jóhann Jónas Ingólfsson og Magnús Hreggviðsson, eru sýknaðir af refsikröfu ákæruvaldsins.

Skaðabótakröfu Húsnæðisstofnunar er vísað frá dómi.

Sakarkostnaður skal greiddur úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðra verjenda ákærðu, Arnar Clausen hrl. og Ólafs Gústafssonar hrl., 50.000 kr. til hvors.

Þriðjudaginn 19. maí 1992.

Nr. 324/1989. **Hreinn Halldórsson,**
Karl Sigurgeirsson og
Anne Mary Pálmadóttir
(Jón Oddsson hrl.)
gegn
Sparisjóði Vestur-Húnavatnssýslu
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.).

Ómerking. Heimvísun. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnum 25. ágúst 1989 og 4. september 1989. Þeir gera þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þann veg, að áfrýjendur verði sýknaðir af öllum kröfum stefnda og þeim dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur stefnda eru þær, að héraðsdómur verði staðfestur og að áfrýjendur verði dæmdir til að greiða honum óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti.

Að ákvörðun Hæstaréttar var mál þetta flutt um formhlið þess, sbr. 48. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Áfrýjendur gerðu þá þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur yrði ómerktur og málinu yrði vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar. Stefndi óskaði þess, að málið yrði tekið til efnismeðferðar.

Aðalflutningur í máli þessu fór fram 4. apríl 1989, og var málið þá dómtekið. Dómur var kveðinn upp 9. júní sama ár, níu vikum og þremur dögum eftir munnlegan málflutning og dómtöku málsins. Í dóminum kemur fram, að dómsuppsaga hafi dregist vegna verkfalls lögfræðinga í ríkisþjónustu frá 6. apríl 1989 til og með 18. maí 1989, en þann tíma hafi málið ekki verið til meðferðar fyrir dóminum. Þessi dráttur á dómsuppsögu er brot á ákvæðum 191. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, enda getur munnlegur málflutningur eigi komið að því gagni, sem til er ætlast, er dómsuppsaga dregst svo lengi. Héraðsdómara bar því að

endurupptaka málið til munnlegs flutnings að nýju að verkfalli loknu, en ákvæði 120. gr. laga nr. 85/1936 voru því ekki í vegi, eins og hér stóð á. Verður því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og leggja fyrir héraðsdómara að taka málið til munnlegs málflutnings og dómsuppsögu að nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og ber héraðsdómara að taka málið upp að nýju til munnlegs flutnings og dómsuppsögu.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadómþings Húnavatnssýslu 9. júní 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. apríl sl., er höfðað af Sparisjóði Vestur-Húnavatnssýslu, 530 Hvammstanga, hér fyrir dómi gegn Karli Sigurgeirssyni, nnr. 5512-1508, Hvammstangabraut 21, Hvammstanga, Anne Mary Pálmadóttur, nnr. 0364-4669, Hvammstangabraut 21, Hvammstanga, og Hreini Halldórssyni, nnr. 0364-4669 (þannig í áskorunarstefnu), Garðavegi 17, Hvammstanga, með áskorunarstefnu, út gefinni 14. október 1988 og birtri 24. og 26. október 1988.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnukröfur verði gerðar aðfararhæfar með áritun um, að stefndu greiði in solidum 1.483.680 kr. með 49,2% ársvöxtum frá 9. september 1988 til 1. október 1988, f.þ.d. með 33,6% ársvöxtum til uppsögudags dóms, en f.þ.d. með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum til greiðsludags skv. 9. gr., sbr. 10. gr. laga nr. 25, 1987. Þá er þess krafist, að áfallnir dráttarvextir verði höfuðstólsfærðir á tólf mánaða fresti, sbr. 12. gr. laga nr. 25, 1987. Krafist er málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ auk söluskatts.

Dómkröfur stefndu Karls og Anne Mary eru þær aðallega, að málinu verði frá vísað. Til vara er þess krafist, að þau verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda. Til þrautavara er þess krafist, að stefnufjárhæð verði lækkuð í 669.463 kr. og vextir reiknaðir frá 31. maí 1988. Þá er þess krafist, að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefndu málskostnað að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ auk 12% söluskatts, sbr. l. nr. 1, 1988, auk dráttarvaxta á málskostnað skv. l. nr. 25, 1987, sbr. l. nr. 54, 1988.

Dómkröfur stefnda Hreins eru þær aðallega, að málinu verði vísað frá

dómi. Til vara er þess krafist, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Til þrautavara er þess krafist, að stefnufjárhæðin verði verulega lækkuð og aðeins tekin til greina að óverulegu leyti og aldrei tekin til greina að öðru en nemur 669.463 kr. og vextir reiknaðir frá 9. september 1988. Í öllum tilvikum krefst stefndi Hreinn þess, að stefnanda verði gert að greiða sér málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands auk 12% sérstaks sölugjalds og dráttarvaxta frá 15. degi eftir dómsuppsögu.

Málið var þingfest fyrir aukadómþingi Vestur-Húnavatnssýslu 1. nóvember 1988 og frestað. Í þinghaldi 13. desember s.á. var tekið til varna af hálfu stefndu Karls og Anne Mary og málinu vikið til meðferðar skv. einkamálalögum. Í þinghaldi 20. desember 1988 var tekið til varna af hálfu stefnda Hreins. Málið var ekki til meðferðar fyrir dóminum í verkfalli lögfræðinga í ríkisþjónustu frá 6. apríl 1989 til og með 18. maí 1989.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo í áskorunarstefnu:

„Skuld þessi er samkvæmt einum víxli, út gefnum og framseldum á Blönduósi af Karli Sigurgeirssyni 20/8 1988, en ábektur af stefndu Anne Mary Pálmadóttur og Hreini Halldórssyni, að fjárhæð 1.483.680 kr., samþykktum til greiðslu í Sparisjóði V.-Húnavatnssýslu, Hvammstanga, 9/9 1988 af Verslun Sigurðar Pálmasonar hf., Hvammstanga. Á víxilinn er ritað: Tryggingarvíxill v/áburðarkaupa 1987.

Stefnukrafa er ekki gerð á hendur samþykkjanda, Verslun Sig. Pálmasonar hf., en krafa hefur verið gerð í þrotabú hans, sbr. meðf.

Þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir hafa stefndu ekki greitt skuldina, og er stefna þessi því óhjákvæmileg."

Stefndu Karl og Anne lýsa málavöxtum svo í greinargerð, sbr. dskj. nr. 7, að víxileyðublað, samþykkt af Versl. Sig. Pálmasonar hf., útg. af stefnda Karli Sigurgeirssyni og ábekt af stefndu, Anne, og stefnda Hreini, hafi verið afhent Sparisjóði V.-Húnavatnssýslu í maí 1987. Hafi víxileyðublaðið verið óútfyllt varðandi útgáfudag, fjárhæð og gjalddaga. Hafi víxillinn verið tryggingarvíxill vegna áburðarkaupa 1987 fyrir Versl. Sig. Pálmasonar hf. Hafi víxillinn verið fylltur út af hálfu stefnanda, eftir að samþykkjandi víxils þessa, Verslun Sig. Pálmasonar hf., varð gjaldþrota, þ.e. 22.7.1988. Hafi fjárhæð víxilsins, 1.483.680 kr., verið fráleit að mati stefnda Karls. Sem framkvæmdastjóri Verslunar Sig. Pálmasonar hf. hafi hann vitað, að skuld verslunarinnar vegna áburðarkaupa fyrir árið 1987 hafi einungis verið 669.463 kr. Hafi fjárhæð víxilsins verið mótmælt strax við stefnanda.

Málavexti kveður stefndi Hreinn vera þá, sbr. dskj. nr. 10, að er hann ritaði á víxilinn, hafi hvorki verið skráður á hann útgáfudagur né gjalddagi. Hafi því verið um sýningarvíxil að ræða, út gefinn í maí 1987, og krafan fyrnd í maí 1988. Krafa samkvæmt umræddum tryggingarvíxli hafi

ekki getað orðið hærri en næmi áburðarkaupum 1987 vegna Versl. Sig. Pálmas. hf., þ.e. 669.463 kr. Dagsetningar á víxlinum eru þess eðlis, að þrotabú samþykkjanda hafi þegar verið tekið til gjaldþrotaskipta, er víxillinn hafi verið út gefinn, en við gjaldþrotaskiptin hafi prókúra stefnda Karls fallið niður. Þarna sé því með skjalagerð og kröfugerð í málinu verið að leitast við að koma því að í málinu, að stefndi Karl gerist sekur um fjársvik, umboðssvik og brot á reglum, er varða prókúru.

Þar sem stefnandi hafi lýst kröfu í þrotabú Verslunar Sig. Pálmas. hf. og úthlutun sé þar ekki lokið, komi kröfur á ábyrgðaraðila ekki til greina fyrr en eftir úthlutun.

Lagarök stefndu Karls og Anne vegna aðalkröfu um frávísun eru þau, að umrætt skjal sé ekki víxill í skilningi 1. og 2. gr. víxillaga nr. 93, 1933, en skv. þeim ákvæðum sé tilgreining útgáfudags ófrávíkjanlegt skilyrði þess, að um víxil geti verið að ræða. Er greiðslu var krafist á umræddum víxli, hafi vantað útgáfudag, sbr. dskj. nr. 8, þ.e. ljósrit af víxli með stimpildagssetningu 9.9.1988, en án útgáfudagssetningar, og sé af þeim sökum ekki um víxilmál að ræða, sem heimilt sé að reka skv. 17. kafla, sbr. 20. kafla l. nr. 85, 1936, sbr. l. nr. 54, 1988. Málið fullnægi ekki skilyrðum 207. gr. eml. nr. 85, 1936, til að það megi reka sem víxilmál, og beri að vísa því frá dómi.

Stefndu Karl og Anne bera einnig í greinargerð sinni, að víxillinn sé út gefinn 20.8.1988. Hér sé um fölsun skjalsins að ræða, og komist varnir þessar að skv. 208. gr. eml. nr. 85, 1936, og beri því að vísa máli þessu frá dómi.

Varakröfu sína um sýknu kveðast stefndu Karl og Anne reisa á því, að óútfylltan víxil, sem afhentur sé, án þess að gjalddaga sé getið, beri að sýna, þegar greiðslu hans er krafist, og skuli sýna hann innan eins árs frá útgáfudegi hans. Víxillinn hafi verið afhentur stefnanda í maí 1987, og sé eðlilegt að telja það útgáfudag víxilsins. Víxil þennan hafi því borið að sýna í síðasta lagi í júní 1988. Það hafi ekki verið gert, og sé víxilkrafa þessi því fyrnd á hendur stefndu. Víxillinn hafi verið útfylltur af starfsmönnum stefnanda án heimildar þrotabús Verslunar Sig. Pálmasonar hf. og stefndu, en þá hafi forsenda fyrir umboði til útfyllingar víxilsins verið brostin, er bú samþykkjanda var tekið til gjaldþrotaskipta. Hafi stefnandi því ekki haft umboð til að fylla víxil þennan út að eigin geðþótta. Umboðið til starfsmanna stefnanda til að fylla út víxilinn hafi jafnframt verið runnið út, þar sem rúmt ár var liðið, frá því að áburðarkaup þau, er stefndu tóku ábyrgð á, gjaldféllu. Hafi stefnandi hér greinilega ekki gætt krafna sinna sem skyldi, og beri hann því hallann af því sjálfur á sama hátt og kröfuhafar glati kröfu á ábyrgðarmenn skulda, lýsi þeir ekki kröfu í þrotabú skuldara.

Í þrautavarakröfu stefndu Karls og Anne um lækkun víxilfjárhæðar í 669.463 kr. auk vaxta frá júní 1988 er byggt á því, að víxillinn sé tryggingarvíxill fyrir áburðarkaupum 1987, og lagt er fram dómskjal nr. 9, reikningsyfirlit um viðskipti Verslunar Sigurðar Pálmasonar hf. og Áburðarverksmiðju ríkisins. Samkvæmt þeim gögnum komi fram, að áburðarkaup umrætt tímabil hafi numið 669.463 kr. 1. júní 1988. Komist varnir ekki að í málinu, áskilja stefndu Karl og Anne sér rétt til að höfða bótamál.

Lagarök og málsástæður stefnda Hreins varðandi aðalkröfu um frávísun eru vísan til 1. og 2. gr. l. nr. 93, 1933, þar sem framlagt skjal sé ekki víxill í skilningi þeirra laga, vegna þess að útgáfudag hafi vantað á skjalið, er greiðslu var krafist. Beri því að vísa málinu frá dómi. Jafnframt hafi gjalddagi og fjárhæð víxilsins verið fölsuð, þar sem það hafi verið útfyllt eftir á og ekki í samræmi við lögskipti, og eigi því að vera unnt að koma slíkum vörnum að skv. 208. gr. eml. nr. 85, 1936, og eigi að vísa málinu frá af þeim sökum. Málatilbúnaður stefnanda og kröfugerð sé eigi í samræmi við lög nr. 54, 1988.

Í varakröfu um sýknu er byggt af hálfu stefnda Hreins á því, að um sýningarvíxil sé að ræða, sem beri að sýna til greiðslu innan árs frá útgáfu hans; að öðrum kosti séu kröfur skv. honum fyrndar.

Stefnandi hafi ekki haft heimild til að breyta víxlinum úr sýningarvíxli í víxil með gjalddaga, eftir að bú Versl. Sig. Pálmas. hf. var tekið til gjaldþrotaskipta. Meðferð stefnanda á umræddum víxli varði ætluð brot á 155. gr. og 248. gr. alm. hgl. nr. 19, 1940.

Um þrautavarakröfu um lækkun fjárhæðar víxils í aldrei hærri upphæð en 669.463 kr. kveðst stefndi Hreinn reisa hana eins og stefndu Karl og Anne á því, að þar sem um tryggingarvíxil sé að ræða fyrir áburðarkaupum 1987, beri að miða fjárhæð víxilsins við raunverulega kröfu vegna þeirra viðskipta.

Stefnandi hafnar því, að aðrar varnir komist að í málinu en heimilaðar eru skv. 208. gr. l. nr. 85, 1936. Þess vegna sé ekki unnt að koma að efnisvörnum í málinu. Vísar stefnandi í 19. gr. l. nr. 93, 1933, víxillaga, auk 10. gr. s.l. málinu til stuðnings. Mótmælir stefnandi öllum kröfum stefndu og telur engan vafa leika á því, að þeim beri að greiða stefnufjárhæðina. Í greinargerð krefst stefnandi þess, að frávísunarkröfum verið hrundið.

Stefnandi mótmælir sýknukröfum stefndu. Til að víxill teljist sýningarvíxill, þarf að rita á hann, að gjalddagi sé „við sýningu". Slík orð hafi aldrei verið rituð á umræddan víxil. Stefnandi mótmælir þeirri skoðun stefndu, að handhafa sé óheimilt að fylla inn á víxil, eftir að samþykkjandi hans hefur verið lýstur gjaldþrota. Kveður stefnandi engar vísbendingar í þá átt í t.d. 10. gr. l. nr. 93, 1933.

Þrautavarakröfu stefndu mótmælir stefnandi, þar sem gert sé ráð fyrir

rúmlega helmingi lægri fjárhæð en víxillinn hljóðar um, en efnisvarnir eigi ekki að komast að í málinu.

Hinn 4. apríl fór fram munnlegur málflutningur, og fór fram sérstakur málflutningur um frávísunarkröfur. Var niðurstaða dómsins sú, að frávísunarkröfum skyldi hafnað.

Við munnlegan flutning um varakröfur og þrautavarakröfur krafðist lögmaður stefnda Hreins þess, að ekki bæri að dæma mál þetta eftir reglum víxillaga, þar sem ekki væri vísað í víxillög og of seint væri að koma þeim að í munnlegum málflutningi. Tók lögmaður stefndu Karls og Anne undir þetta í málflutningi sínum. Einnig lögðu lögmenn stefndu áherslu á, að umboð til útfyllingar víxils hefði fallið niður við gjaldþrot, og vísuðu í ákvæði samningalaga til stuðnings þeirri fullyrðingu. Lögmaður stefnanda mótmælti því, að varnir þess eðlis kæmust að um það, að ekki væri vísað til tékkalaga í áskorunarstefnu. Benti lögmaður stefnanda á, að vísað væri í víxillög í greinargerð sinni. Vísaði lögmaðurinn um það í 230. gr. eml.

Niðurstaða.

Krafa stefndu um, að ekki beri að dæma mál þetta á grundvelli laga nr. 93, 1933, er fram kom við munnlegan flutning málsins, er of seint fram komin, þar sem þau áttu þess kost að koma henni að í greinargerð, sbr. 110. gr. l. nr. 85, 1936. Auk þess er tekið til varna af hálfu beggja stefndu á grundvelli víxilkröfu strax í greinargerð. Stefnandi reisir kröfur sínar á víxli, sem stefndi Karl hefur undirritað sem útgefandi og stefndu Anne og Hreinn ábekt. Því er um að ræða víxilmál, sem stefnandi rekur samkvæmt XVII. kafla laga nr. 85, 1936. Samkvæmt 2. mgr. 208. gr. laga nr. 85/1936 komast þær varnir, er stefndu færa fram til stuðnings varakröfu sinni um sýknu, að í málinu. Verða mótmæli stefnanda í því efni ekki tekin til greina.

Óumdeilt er, að nefndur víxill var afhentur stefnda í maí 1987, og hafi þá ekki verið skráður útgáfudagur, fjárhæð né gjalddagi á víxilinn. Ekki hefur stefndu tekist að sanna, að svo hafi verið samið við stefnanda, að greiða ætti víxil þennan við sýningu. Óumdeilt er, að útgefandi víxilsins, stefndi Karl, var framkvæmdastjóri Verslunar Sig. Pálmas. hf., samþykkjanda víxilsins, er hann var afhentur stefnanda á lögmætan hátt og í lögmætum tilgangi í maí 1987, þ.e. til tryggingar greiðslu fyrir áburðarkaupum 1987, eins og skráð var á víxilinn. Stefndu máttu gera ráð fyrir, að víxillinn yrði fylltur út síðar, er tekin hefði verið ákvörðun um, hver gjalddagi víxilsins skyldi vera. Samkvæmt 10. gr. laga nr. 93, 1933, var stefnanda heimilt að fylla út víxilinn með því efni, sem hann hefur, án þess að stefndu geti borið það fyrir sig við víxilhafa. Þar sem skráður útgáfudagur er 20.8.1988 og skráður gjalddagi 9. sept. 1988, er víxilréttur ekki fyrndur. Sýknukröf-

um stefndu er því hafnað. Aðrar sýknuástæður koma ekki til álita.

Þrautavarakrafa stefndu byggist á því, að umræddur víxill hafi verið eingöngu ábyrgðarskjal vegna umræddra áburðarkaupa 1987. Lagt var fram skjal nr. 9, reikningsyfirlit yfir viðskipti Versl. Sig. Pálmasonar hf. við Áburðarverksmiðju ríkisins tímabilið 31.1.1987 til 9.9.1988. Beri að lækka víxilfjárhæðina með tilliti til raunverulegra áburðarkaupa Versl. Sig. Pálmas. hf. árið 1987. Samkvæmt 208. gr. laga nr. 85, 1936, eru taldar upp þær varnir, sem varnaraðili getur haft uppi um efni víxilmáls. Í 17. gr. laga nr. 93, 1933, er kveðið á um, að varnaraðili geti ekki borið fram neinar varnir gegn víxilhafa, er lúta að viðskiptum hans við útgefanda eða víxilhafa. Verður því að hafna þrautavarakröfu stefndu.

Samkvæmt framansögðu ber að taka kröfur stefnanda til greina.

Málskostnaður, sem stefndu greiði stefnanda in solidum, þykir hæfilega ákveðinn 180.000 kr.

Sverrir Friðriksson, fulltrúi sýslumanns Húnavatnssýslu, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Karl Sigurgeirsson, Anne Mary Pálmadóttir og Hreinn Halldórsson, greiði in solidum stefnanda, Sparisjóði Vestur-Húnavatnssýslu, 1.483.680 kr. með 49,2% ársv. frá 9. september 1988 til 1. október 1988, frá þeim degi með 33,6% ársvöxtum til 1.11.1988, með dráttarvöxtum skv. ákvörðun Seðlabanka Íslands til 9. júní 1989, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25, 1987, frá þeim degi til greiðsludags. Áfallnir dráttarvextir skulu höfuðstólsfærðir á tólf mánaða fresti samkvæmt 12. gr. laga nr. 25, 1987. Stefndu greiði 180.000 kr. í málskostnað, þar með talinn söluskatt.

Dómi þessum ber að fullnægja innan fimmtán daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 19. maí 1992.

Nr. 297/1990. **Daníel Þórarinsson**
(Kristján Stefánsson hrl.)
gegn
Hilmari Ingimundarsyni hrl.
(sjálfur),
Íslandsbanka hf.
(Jón Briem hrl.),
Búnaðarbanka Íslands
(Baldvin Jónsson hrl.),
Gjaldheimtunni í Reykjavík
(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.),
Sjóklæðagerðinni hf.
(Ásgeir Thoroddsen hrl.),
Magnúsi Grímssyni,
Rolf Johansen & Co.
(Þórunn Guðmundsdóttir hrl.)
og Ágústi Kristmanns
(Sigurður Georgsson hrl.).

Nauðungaruppboð. Vanefndauppboð. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Garðar Gíslason og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 27. júlí 1990. Hann krefst þess aðallega, að hið áfrýjaða vanefndauppboð á eignarhluta sínum í Laugavegi 76, Reykjavík, verði ómerkt og þriðja og síðasta uppboð á eigninni, sem fram fór 7. nóvember 1989, verði látið standa óbreytt, til vara, að hið áfrýjaða uppboð verði ómerkt og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og/eða uppkvaðningar úrskurðar. Jafnframt krefst hann þess, að stefndu verði dæmdir til að greiða sér óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti.

Hilmar Ingimundarson hæstaréttarlögmaður sótti þing við þingfestingu málsins. Frá honum hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Kröfur stefndu Íslandsbanka hf., Gjaldheimtunnar í Reykjavík,

Sjóklæðagerðarinnar hf. og Rolfs Johansens & Co. eru þær, að málinu verði vísað frá Hæstarétti og að áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti.

Kröfur stefnda Búnaðarbanka Íslands eru þær, að áfrýjandi greiði bankanum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi Ágúst Kristmanns krefst þess aðallega, að öll meðferð málsins frá og með uppboðsþingi 7. nóvember 1989 verði ómerkt og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar, þ.e. nýrrar þriðju sölu, til vara, að uppboðsmeðferð uppboðshaldara verði ómerkt og lagt fyrir hann að byrja uppboðið að nýju. Verði ekki á aðra hvora heimvísunarkröfuna fallist, er þess krafist, að stefndi Ágúst Kristmanns verði ekki talinn bundinn af boði sínu á uppboðsþingi 7. nóvember 1989, þar sem boð hans hafi ekki verið samþykkt innan tilskilins frests samkvæmt 1. mgr. 19. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð, samanber 3. gr. laga nr. 12/1987.

Magnúsi Grímssyni var löglega stefnt fyrir Hæstarétt, en hann hefur hvorki sótt né látið sækja þing.

I.

Uppboðsmál vegna eignarhluta áfrýjanda í húsinu nr. 76 við Laugaveg í Reykjavík var fyrst tekið fyrir í uppboðsrétti Reykjavíkur 11. maí 1989 á grundvelli uppboðsbeiðni Hilmars Ingimundarsonar hrl. Fyrsta uppboð fór fram 6. júlí 1989, en annað og síðara uppboð 13. október 1989.

Á uppboðsþingi 7. nóvember 1989 var tekið fyrir að halda þriðja og síðasta nauðungaruppboð á eigninni eftir kröfu Hilmars Ingimundarsonar hrl., Verslunarbanka Íslands hf., nú Íslandsbanka hf., Gjaldheimtunnar í Reykjavík, Valgeirs Kristinssonar hrl., Ásgeirs Björnssonar hdl. og Þórunnar Guðmundsdóttur hrl. Á uppboðsþinginu var m.a. bókað: „Þessi boð komu fram:

Kr. 5.000.000,00 Hilmar Ingimundarson.

Kr. 6.000.000,00 Björn Jónsson fyrir Pétur Guðmundsson, Kjarrvegi 6.

Kr. 20.000.000,00 Sigurður Georgsson hrl. fyrir Ágúst Kristmanns og krefst útlagningar.

Fleiri boð komu ekki fram.

Uppboðshaldari tók sér með samþykki uppboðsbeiðanda og bjóðenda allt að 10 vikna frest til að taka ákvörðun um framkomin boð."

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fram í Hæstarétti, þar á meðal bréf fulltrúa yfirborgarfógeta, dagsett 18. janúar 1990. Í bréfinu er skorað á Sigurð Georgsson hrl. sem hæstbjóðanda á uppboðinu f.h. Ágústs Kristmanns að greiða 1/4 hluta uppboðsverðsins auk uppboðskostnaðar í síðasta lagi 23. janúar 1990. Sigurður Georgsson hrl. kveðst hafa fengið bréfið í hendur 22. s.m. Lögmaðurinn svaraði því 25. s.m. og tilkynnti, að Ágúst Kristmanns liti svo á, að hann væri ekki lengur bundinn við boð sitt.

Með bréfi lögmanns Íslandsbanka hf. til uppboðsréttar Reykjavíkur 6. mars 1990 var þess farið á leit með vísan til 1. mgr. 35. gr. laga nr. 57/1949, að eignin yrði boðin upp að nýju á kostnað og áhættu hæstbjóðanda á uppboðinu 7. nóvember 1989.

Vanefndauppboð var haldið á eigninni sjálfri 2. júlí 1990, og var bókað, að uppboðið færi fram eftir kröfu Íslandsbanka hf., Gjaldheimtunnar í Reykjavík og Hilmars Ingimundarsonar hrl. Enn fremur var þá fært til bókar: „Nú mætir í réttinum Sigurður Georgsson hrl. og mótmælir því að uppboð þetta fari fram sem vanefndauppboð þar sem hann telji að ekki hafi verið um vanefndir að ræða af hálfu umbjóðanda síns sem hæstbjóðanda á 3ju sölu...

Kristján Stefánsson mótmælir að uppboðið fari fram. Hann mótmælir einnig uppboðsheimild Íslandsbanka hf. vegna aðildarskorts. Magnús Brynjólfsson krefst þess að uppboðið fari fram sem vanefndauppboð. Sama gerir Kristján Þorbergsson f.h. Íslandsbanka og leggur fram afrit af skuldabréfi sem inniheldur handveðsyfirlýsingu uppboðsheimilda, einnig telur mættur að Íslandsbanki sé því uppboðsbeiðandi sem veðhafi heimildaskjala...

Mættur Sigurður Georgsson hrl. krefst ekki úrskurðar um mótmæli sín.

Uppboðshaldari upplýsir að uppboð þetta er vanefndauppboð samanber auglýsingu. Uppboðsþoli áskilur sér allan rétt til ýtrustu skaðabóta af hendi uppboðskaupanda og uppboðsbeiðanda. Þrátt fyrir fram komnar athugasemdir er það ákvörðun uppboðshaldara að uppboðið fari fram nú þegar.

Lesnir uppboðsskilmálar. Þessi boð komu nú fram,

Kr. 5.000.000 Kristján Þorbergsson fyrir Íslandsbanka hf.

Kr. 10.000.000 Ólafur Thoroddsen hdl. f.h. Lúðvíks Halldórssonar.

Kr. 11.000.000 Kristján Þorbergsson fyrir sama og krefst útlagningar.

Fleiri boð komu ekki fram.“

II.

Áfrýjandi reisir aðalkröfu sína einkum á því, að uppboðshaldara hafi borið skylda til að láta reyna á það með öðrum hætti en vanefndauppboði, hvort hæstbjóðandi á uppboðinu 7. nóvember 1989 ætlaði að standa við boð sitt. Þá hafi Íslandsbanki hf. ekki verið réttur aðili að kröfu um, að vanefndauppboð færi fram, þar sem bankinn eigi einungis handveð í skuldabréfum, sem tryggð séu með veði í uppboðsandlaginu. Varakrafa áfrýjanda er meðal annars reist á því, að uppboðshaldara hafi borið að kveða upp formlegan úrskurð um fram komin mótmæli í stað þess að ákveða einhliða, að vanefndauppboð færi fram.

Þeir stefndu, sem gert hafa kröfu í málinu, aðrir en Ágúst Kristmanns, vísa til 35. gr. laga nr. 57/1949 og telja vanefndauppboðið hluta af þriðju og síðustu uppboðssölu, sem fram fór 7. nóvember 1989. Miða verði upphaf áfrýjunarfrests við lok þess uppboðsþings, og hafi hann verið liðinn, er áfrýjunarstefna var gefin út 27. júlí 1990. Þá verði vanefndauppboðinu ekki áfrýjað sem einangruðum þætti uppboðsmálsins. Beri því að vísa málinu frá Hæstarétti.

III.

Vanefndauppboð samkvæmt 35. gr. laga nr. 57/1949 stendur í svo nánum tengslum við þá uppboðsgerð, sem varð tilefni þess, að líta verður svo á, að áfrýjunarfrestur taki ekki að líða fyrr en við lok vanefndauppboðsins. Þar sem áfrýjunarstefna var gefin út innan fjögurra vikna frá lokum vanefndauppboðsins, sbr. 2. mgr. 4. gr. framangreindra laga, verður málinu ekki vísað frá Hæstarétti af þeirri ástæðu, að áfrýjunarfrestur hafi verið liðinn.

Vegna þessara nánu tengsla verður þó ekki um vanefndauppboðið fjallað hér fyrir dómi nema sem hluta af því nauðungaruppboði, sem leiddi til vanefndauppboðsins.

Skýrt kom fram í munnlegum málflutningi lögmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, að áfrýjunin tæki aðeins til vanefndauppboðsins, og kröfur hans beinast eingöngu að því. Er því óhjákvæmilegt að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Stefndi Ágúst Kristmanns hefur ekki gagnáfrýjað málinu, og verða kröfur hans af þeim sökum ekki teknar til umfjöllunar. Hann hefur ekki krafist málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefndu Íslandsbanka hf., Gjaldheimtunni í Reykjavík, Sjóklæðagerðinni hf. og Rolf Johansen & Co. 25.000 krónur til hvers aðila og stefnda Búnaðarbanka Íslands 10.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti,

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Daníel Þórarinsson, greiði stefndu Íslandsbanka hf., Gjaldheimtunni í Reykjavík, Sjóklæðagerðinni hf. og Rolf Johansen & Co. 25.000 krónur til hvers aðila og stefnda Búnaðarbanka Íslands 10.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Miðvikudaginn 20. maí 1992.

Nr. 202/1992. **Ákæruvaldið**
gegn
Eyvindi Ólafssyni.

Kærumál. Farbanni aflétt.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 1. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar. Kærunni var lýst við uppkvaðningu úrskurðarins.

Ríkissaksóknari hefur sent Hæstarétti greinargerð og krafist þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Af hálfu varnaraðila er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Jafnframt er krafist kærumálskostnaðar.

Varnaraðila var fyrst gert að sæta farbanni með úrskurði sakadóms Reykjavíkur 12. desember 1991. Farbannið var framlengt með úrskurði sama dómstóls 5. febrúar 1992 og aftur 3. apríl sama ár. Varnaraðili kærði síðastnefndan úrskurð til Hæstaréttar, sem staðfesti hann með dómi 8. sama mánaðar.

Svo sem greint er frá í hinum kærða úrskurði, var ákæra gefin út á hendur varnaraðila 29. apríl sl. Hann er ákærður fyrir umfangsmikil auðgunar- og skjalafalsbrot. Ákæran var birt ákærða 13. þ.m. og málið þá þingfest í sakadómi Reykjavíkur. Gagnaöflun fyrir dómi lauk 19. þ.m., og er málflutningur fyrirhugaður 25. þ.m. Samkvæmt upplýsingum skipaðs verjanda varnaraðila hefur hann veitt verjandanum umboð til að taka við birtingu dóms og segja til um áfrýjun, ef til kemur.

Hinn kærði úrskurður var byggður á þeim forsendum, að tryggja þyrfti nærveru varnaraðila við réttarhöld þau, er þá voru fram undan í máli ákæruvaldsins gegn honum. Verður að telja, að niðurstaða héraðsdómara hafi verið rétt. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem nú liggja fyrir, eru framangreindar forsendur hins vegar ekki lengur fyrir hendi. Af hálfu ríkissaksóknara hafa ekki verið færð fram rök fyrir nauðsyn þess, að varnaraðili sæti farbanni áfram.

Þykja ekki efni til að framlengja farbannið frekar en orðið er, og verður því þess vegna létt af varnaraðila.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Farbanni er létt af varnaraðila, Eyvindi Ólafssyni.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 6. maí 1992.

Ár 1992, miðvikudaginn 6. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Úlfari Lúðvíkssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Ríkissaksóknari hefur krafist þess, að Eyvindi Ólafssyni, kt. 251252-4599, með dvalarstað að Hvammabraut 10, Hafnarfirði, en með lögheimili að Ármúla 38, Reykjavík, verði gert að sæta áframhaldandi farbanni frá lokum þess farbanns, sem rennur út kl. 16.00 í dag, þar til dómur gengur í máli hans, þó eigi lengur en til þriðjudagsins 1. september nk.

Hinn 29. apríl sl. gaf ríkissaksóknari út ákæru á hendur framangreindum Eyvindi Ólafssyni fyrir stórfelld skjalafals- og auðgunarbrot. Vegna rannsóknar mála þeirra, sem ákæra er reist á, hefur ákærði sætt farbanni frá 12. desember 1991. Rennur það út kl. 16.00 í dag. Áður hefur komið fram rökstuddur grunur þess efnis, að ákærði hafi fyrirhugað að fara af landi brott, og hefur hann ekki dregið dul á það.

Með vísan til þess, er að framan er rakið, og skírskotun til 72. gr. laga nr. 74, 1974, telur dómurinn rétt til þess að tryggja nærveru kærða við réttarhöld þau, sem fram undan eru í máli hans, að verða við kröfu ákæruvaldsins um áframhaldandi farbann, eins og krafa er fram sett. Skal kærði sæta farbanni með þeim skilmálum, sem greinir í úrskurðarorði.

Úrskurðarorð:

Kærði, Eyvindur Ólafsson, kt. 251252-4599, skal halda sig innan íslenskrar lögsögu, og er honum meinuð för frá Íslandi, uns dómur fellur í héraði um sakarefni málsins, þó eigi lengur en til þriðjudagsins 1. september nk. kl. 16.00.

Fimmtudaginn 21. maí 1992.

Nr. 73/1992. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Sölva Arnari Arnórssyni
(Örn Clausen hrl.).

Tilraun til manndráps. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari hefur samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 175. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið héraðsdómi til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 21. janúar sl. Hann krefst þyngingar á refsingu.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Ákærði, Sölvi Arnar Arnórsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Ástæða er til að efast um, hversu harðnaður vilji hafi dregið ákærða til verknaðar síns, sbr. 2. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og atvik að brotinu útiloka ekki, að litið verði til ákvæða 75. gr. laganna við ákvörðun viðurlaga. Með vísan til þessa tel ég refsingu ákærða hæfilega ákveðna 4 ára fangelsi. Að öðru leyti er ég samþykkur atkvæði annarra dómenda.

Dómur sakadóms Ísafjarðar 11. desember 1991.

Ár 1991, miðvikudaginn 11. desember, er á dómþingi sakadóms Ísafjarðar, sem háð er að Hafnarstræti 1 af Jónasi Jóhannssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 503/1991: Ákæruvaldið gegn Sölva Arnari Arnórssyni, sem tekið var til dóms 22. f.m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 23. október 1991, á hendur ákærða, Sölva Arnari Arnórssyni sjómanni, Fjarðarstræti 17, Ísafirði, kt. 170862-5629, „fyrir tilraun til manndráps, en til vara fyrir stórfellda líkamsárás með því að hafa um kl. 4 aðfaranótt föstudagsins 31. maí 1991 stungið Sigurmar Davíð Gíslason, þá til heimilis að Sundstræti 31, Ísafirði, með eldhússhníf í kvið undir vinstra rifjabarði, þar sem Sigurmar Davíð var sofandi við hlið Heiðrúnar Huldu Jónasdóttur, fyrrverandi sambýliskonu ákærða, í svefnherbergi hennar í íbúð á jarðhæð til vinstri í fjölbýlishúsinu Urðarvegi 80, Ísafirði, en síðan stungið hann í vinstra læri. Sigurmar Davíð var fluttur í sjúkraflugvél til Reykjavíkur, þar sem gerð var á honum skurðaðgerð á kviði.

Telst þetta varða við 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, en til vara við 2. mgr. 218. gr. sömu laga, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

— — —

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann ekki sætt refsingu, svo að kunnugt sé.

Málavextir.

Aðfaranótt föstudagsins 31. maí síðastliðins skömmu eftir kl. 4 var óskað eftir aðstoð lögreglu að fjölbýlishúsinu nr. 78 við Urðarveg vegna manns, sem stunginn hafði verið með hnífi. Er komið var á staðinn, lá Sigurmar Davíð Gíslason, kt. 260366-4679, í blóði sínu í anddyri íbúðar á jarðhæð hússins. Var hann með sár ofarlega á kviði og skurð á vinstra læri. Meðan beðið var komu sjúkrabifreiðar, reyndi íbúi í húsinu, Guðjón Helgi Ólafsson, að hlynna að hinum særða, en síðan var hann fluttur á Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði.

Meðal þeirra, sem lögregla ræddi við á vettvangi, var Sölvi Magnús Gíslason, kt. 270559-3019. Kvað hann frænda sinn, ákærða í málinu, hafa veitt Sigurmar áverkana. Sölvi, sem var ofurölvi, fór síðan með lögreglu inn í fjölbýlishúsið nr. 80 við Urðarveg, en þar í íbúð á jarðhæð til vinstri sagði hann atvikið hafa orðið. Þar voru fyrir ákærði og fyrrverandi sambýliskona hans, Heiðrún Hulda Jónasdóttir, sem þá bjó í íbúðinni. Einnig

voru þar tvö börn þeirra, eins árs og þriggja ára gömul. Ákærði var sýnilega ölvaður, en rólegur og sýndi ekki minnsta mótþróa við handtöku. Var hann síðan færður í fangageymslu lögreglunnar. Þangað kom læknir kl. 10.52 og tók honum blóðsýni til alkóhólákvörðunar. Jafnframt var ákærða gert að láta í té þvagsýni. Samkvæmt niðurstöðum rannsókna á sýnum þessum reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða vera 1,42‰, en í þvaginu mældist vínandinn 2,52‰.

Við komu á sjúkrahús var Sigurmar með fullri meðvitund og kvartaði undan miklum verkjum í kviðarholi. Í vottorði Þorsteins Jóhannessonar yfirlæknis segir svo um skoðun þá, sem gerð var á sjúklingnum: „Við skoðun fannst 5 cm langt stungusár undir vinstra rifjabarði, og út um þetta sár lá netjubútur. Kviður var harður og garnahljóð nánast upphafin. Framanvert á vinstra fótlegg var u.þ.b. 12 cm langt, skálaga sár, að mestum hluta yfirborðskennt, en náði að hluta til í gegnum húð. Ekki voru vöðvar, taugar eða æðar eða aðrir djúpir vefjahlutar skaddaðir.

Strax við komu á slysadeild var fenginn aðgangur að bláæð, gefinn vökvi í æð, dregið blóð í krossapróf, og sjúklingur fékk verkjalyf. Skurðstofa var undirbúin meðan ástand sjúklings var metið. Það var samdóma álit læknanna Jens A. Guðmundssonar, staðgengils yfirlæknis, og Magnúsar Halldórssonar heilsugæslulæknis, að ástand sjúklings væri það stabilt, að leyfður væri flutningur til Reykjavíkur til aðgerðar á áverkum í kviðarholi. Það lá hins vegar ljóst fyrir, að aðgerð yrði að eiga sér stað sem fyrst til að kanna innri áverka og gera að þeim. Vegna betri aðstæðna á Reykjavíkursvæðinu fluttist sjúklingur með sjúkraflugi á Landspítalann, og reyndist ástand hans stabilt allan tímann."

Um komu Sigurmars á Landspítalann og aðgerð þá, sem á honum var gerð, segir svo í vottorði Tómasar Jónssonar, sérfræðings á handlækningadeild: „Við komu hingað á sjúkrahúsið var sjúklingur með fullri meðvitund, og lífsmörk voru innan eðlilegra marka. Hann var nokkuð meðtekinn af verkjum.

Skoðun við komu a. ö. l. sýndi, að kviður var þögull og spenntur og aumur viðkomu og undir vinstra rifjabarði var 5-7 cm sár, sem innanmör stóð út úr. Framan á vinstri fótlegg voru umbúðir og undir þeim sár í húð, sem hafði verið saumað saman. A. ö. l. var skoðun við komu ómarkverð. Eftir venjulegan undirbúning var sjúklingur tekinn strax til aðgerðar og kviðarhol opnað. Í ljós kom, að í öllu kviðarholinu var mikið af matarleifum og blóði. Á magasekknum var 15 cm löng rifa. Í hengju þverristils var spýtandi slagæð. 20 cm frá upphafi smáþarma var þverrifa á smáþarminum, sem náði næstum um allt ummál garnarinnar. 40 cm frá upphafi smáþarma var 2 cm rifa á þarminum. Ekki fundust önnur áverkamerki í kviðarholi. Gert var við þetta með hefðbundnum handlæknisaðferðum,

og sjúklingur náði fljótt bata, og við heimsókn í göngudeild eftir útskrift 12. júní hafði sjúklingur engar kvartanir fram að færa, og öll sár voru gróin. Horfur sjúklings verða að teljast mjög góðar, og allt bendir til þess, að hann muni ná sér að fullu og engin eftirköst hafa."

— — —

Er ákærði kom fyrir dóm við þingfestingu málsins, skýrði hann frá öllum helstu málsatvikum á sama veg og við yfirheyrslu hjá lögreglu og viðurkenndi að hafa ætlað sér að ráða Sigurmar bana með hnífstungunni. Kvað ákærði ásetning hafa vaknað til verksins við að sjá þau Heiðrúnu sofandi saman í hjónarúminu, en á þeirri stundu hefði ekkert annað komist að í huga sér en ráða Sigurmar af dögum. Þá kom fram fyrir dómi, að Sigurmar hefði legið sofandi á bakinu, er ákærði svipti sænginni frá og lagði til hans með hnífnum. Taldi ákærði líklegt, að Sigurmar hefði síðan, er hann spratt á fætur, „hnikað til vinstra fæti" með þeim afleiðingum, að hnífurinn stakkst í vinstra læri hans. Fullyrti ákærði, að þetta hefði verið óviljaverk og hann alls ekki ætlað sér að stinga Sigurmar öðru sinni, enda áður runnið upp fyrir sér, hvað hann hefði gert. Kvaðst ákærði eftir þetta ekki hafa veist að Sigurmar á nokkurn hátt.

Í lok yfirheyrslunnar las ákærði yfir framburðarskýrslu sína hjá lögreglu í viðurvist verjanda og staðfesti síðan efni hennar að öllu leyti. Þá staðfesti hann einnig fyrri framburð fyrir dómi, sem gefinn var í lok lögregluransóknar, en við það tækifæri hafði ákærði viðurkennt aðförina að Sigurmar.

Vitnið Sigurmar Davíð Gíslason hefur skýrt svo frá við rannsókn og meðferð málsins, að kvöldið fyrir umræddan atburð hafi það verið í heimsókn að Urðarvegi 80 hjá unnustu sinni og fyrrverandi sambýliskonu ákærða, Heiðrúnu Huldu Jónasdóttur. Einhvern tíma milli kl. 1 og 2 hafi þau síðan lagst til svefns í hjónarúmi í svefnhverbergi Heiðrúnar, hún vinstra megin í rúminu og vitnið hægra megin. Vaknaði vitnið síðan við það skömmu fyrir kl. 4, að búið var að stinga það með hnífi í kvið, og sá í sömu andrá ákærða bogra yfir sér með hníf í hendi. Taldi vitnið hjá lögreglu, að ákærði hefði á þeirri stundu setið á rúmstokknum til fóta vitnisins, en fyrir dómi vildi það ekki útiloka, að ákærði hefði staðið hokinn við rúmið með hnífinn í hendi. A.m.k. hefði vitninu fundist sem ákærði hygðist bregða hnífnum á loft öðru sinni, og spyrnti því til hans vinstra fæti með þeim afleiðingum, að hnífurinn fór í lær þess. Vildi vitnið þó fyrir dómi ekki gera of mikið úr ásetningi ákærða og kvað vel geta verið, að það hefði rekið fótlegginn í hnífinn, er það spratt á fætur. Tók vitnið fram af þessu tilefni, að það hefði ekki fundið neitt fyrir stungunni. Vitnið hefði síðan í framhaldi af henni náð hnífnum af ákærða og hent honum eitthvað frá sér. Ákvað vitnið síðan að freista þess að komast burt

og hljóp fram íbúðarganginn, en þar sagði vitnið ákærða hafa lamið í bak þess og reynt að hamla för þess út úr íbúðinni. Er vitnið síðan komst að útidyrunum, hefði það heyrt, að knúið var dyra, og náði annaðhvort vitnið eða Heiðrún, sem þá var vöknuð, með naumindum að opna dyrnar. Fyrir utan stóð Sölvi Magnús Gíslason, og tók hann ákærða þegar fangbrögðum, en við það hefði vitnið komist út úr íbúðinni. Hljóp það síðan yfir í fjölbýlishúsið við hliðina (nr. 78) og barði þar á dyr íbúðar á jarðhæð, jafnframt því sem það hringdi dyrabjöllum þar innan dyra. Íbúðareigandinn hefði svo fljótlega komið til dyra og veitt vitninu aðhlynningu. Þá hefði hann hringt eftir sjúkrabifreið, sem flutt hefði vitnið á sjúkrahús, en um morguninn hefði svo verið flogið með það í sjúkraflugi til Reykjavíkur, þar sem það gekkst undir aðgerð. Kvað vitnið hafa þurft tólf spor til að loka skurðinum á læri, en sárið á kviði hefði verið saumað með fimm sporum. Einnig kom fram hjá vitninu, að við hnífstunguna hefði hnífurinn gengið gegnum líkama vitnisins og oddurinn komið út um bak þess, en þar hefði þó ekki þurft neinn saum.

Vitnið Heiðrún Hulda Jónasdóttir, kt. 080667-3969, hefur skýrt svo frá, að umræddan nótt hafi það og unnusti þess, Sigurmar Davíð, verið sofandi í hjónarúmi í svefnherbergi íbúðarinnar að Urðarvegi 80. Skömmu fyrir kl. 4 hafi vitnið svo vaknað við það, að Sigurmar kallaði upp yfir sig: „Hann stakk mig!“ Er Sigurmar síðan reis á fætur, sá vitnið, að blóð lagaði úr sári á líkama hans. Sagði vitnið hjá lögreglu, að um hefði verið að ræða stórt stungusár á kviði, en fyrir dómi taldi vitnið, að blóðið hefði lagað úr baki Sigurmars. Í sömu andrá hefði vitnið svo veitt ákærða athygli, þar sem hann stóð við hlið hjónarúmsins. Dreif vitnið sig því fram úr rúminu og sá þá stóran eldhússhníf á gólfinu milli hjónarúmsins og barnarúms, sem í herberginu var. Hnífi þessum kvaðst vitnið hafa sparkað undir barnarúmið, en á meðan hefði ákærði veist aftur að Sigurmar og slegið hann í andlitið. Komst Sigurmar síðan við illan leik fram á íbúðarganginn, og þar sagði vitnið barsmíðarnar hafa haldið áfram. Vitnið hefði síðan veitt því athygli, að frændi ákærða, Sölvi Magnús Gíslason, var kominn inn í íbúðina, en ekki gat það áttað sig á því, hver opnað hefði fyrir honum. Kvað vitnið hugsanlegt, að sonur þess, þriggja ára, hefði opnað, en eins gæti verið, að það hefði sjálft náð að opna fyrir Sölva. Reyndi hann síðan að róa ákærða, en á meðan notaði Sigurmar tækifærið og hljóp út úr íbúðinni, klæddur nærbuxum einum fata. Sá vitnið ekki, hvert hann fór. Vitnið kvað Sölva síðan hafa ætlað að hringja eftir aðstoð, en er ákærði varð þess áskynja, hefði hann ráðist á Sölva, slitið símann úr sambandi og hrint honum út úr íbúðinni. Vissi vitnið ekki, hvað varð af Sölva eftir þetta.

Vitnið Guðjón Helgi Ólafsson, kt. 180366-4159, hefur skýrt svo frá við

rannsókn og meðferð málsins, að það hafi umrædda nótt vaknað um kl. 4 við miklar barsmíðar á útidyrahurð íbúðar sinnar að Urðarvegi 78 og þegar gert sér grein fyrir því, að eitthvað alvarlegt hlyti að hafa gerst. Fór vitnið til dyra og sá þá, hvar Sigurmar Davíð Gíslason stóð fyrir utan á nærbuxum einum fata, alblóðugur frá brjósti og niður. Lagðist hann síðan niður á forstofugólf íbúðarinnar og bað vitnið að hjálpa sér. Vitnið kvaðst því hafa hlaupið inn í þvottahús, náð þar í handklæði og haldið því upp að sári á kviði Sigurmars, sem mikið blæddi úr. Bað vitnið síðan eiginkonu sína að hringja eftir sjúkrabifreið. Því næst reyndi vitnið að hlynna að Sigurmar eftir bestu getu og í samræmi við reglur um skyndihjálp, sem það hefði lært. Jafnframt lagði vitnið áherslu á að róa Sigurmar og bað hann að tala sem minnst, en við komu hefði hann verið afar æstur. Meðal þess, sem Sigurmar þó sagði, var, að ákærði hefði stungið hann. Veitti vitnið í því sambandi einnig athygli, að Sigurmar var með áverka á læri, en lítið hefði blætt úr sárinu, enda um „smáskurð" að ræða að mati vitnisins. Um það leyti, sem lögregla og sjúkralið komu á vettvang, sagði vitnið Sölva Magnús Gíslason hafa birst, og var hann greinilega miður sín.

Við yfirheyrslur hjá lögreglu staðfesti Sölvi Magnús, að þeir ákærði hefðu umrædda nótt farið ölvaðir að Urðarvegi 78 og ákærði spennt þar upp glugga og skriðið inn í íbúð Heiðrúnar Huldu Jónasdóttur. Vissi Sölvi það svo næst, er mikil öskur heyrðust innan úr íbúðinni. Er hann síðan komst inn í íbúðina, hefði hann tekið ákærða fangbrögðum, og á meðan hefði Sigurmar Davíð Gíslason komist á brott. Vissi Sölvi svo ekki, hvað af honum varð, fyrr en eftir að lögregla kom á vettvang.

Ekki náðist til Sölva Magnúsar, meðan á dómsyfirheyrslum stóð, en sakflytjendur lýstu yfir í lok þeirra, að þeir gerðu hvorugur kröfu til þess, að hann kæmi fyrir dóm sem vitni í málinu.

Persónulegir hagir ákærða.

Ákærði er fæddur á Ísafirði 17. ágúst 1962 og hefur alið þar allan sinn aldur. Að eigin sögn minnist hann æskuáranna með ánægju og segir öll samskipti við foreldra sína hafa verið góð. Hins vegar hafi sér gengið illa í grunnskóla og hætti því námi að loknum 9. bekk. Ákærði byrjaði síðan til sjós 16 ára gamall og hefur stundað sjómennsku æ síðan. Þó var hann tvo vetur í Stýrimannaskólanum í Reykjavík og lauk þar fiskimannaprófi rúmlega tvítugur að aldri.

Ákærði segist hafa byrjað að neyta áfengis, er hann var 15 ára, en þá aðeins drukkið eitt kvöld í senn. Síðan hafi neyslan aukist, og um tvítugt hafi hann farið að drekka áfengi tvö kvöld í röð um helgar og jafnan orðið ofurölvi. Á árunum 1985 og 1986 segir ákærði neysluna hafa verið hvað mesta, og fylltist hann þá oft sektarkennd í kjölfar drykkjunnar. Eftir að

ákærði kynntist Heiðrúnu Huldu Jónasdóttur og þau tóku upp sambúð, hefði hann dregið verulega úr áfengisneyslunni, en hún síðan aukist að nýju eftir sambúðarslitin í apríl á þessu ári. Fluttist ákærði þá heim til foreldra sinna, en Heiðrún bjó áfram í íbúðinni að Urðarvegi 80 ásamt börnum þeirra tveimur, fæddum 24. ágúst 1988 og 22. janúar 1990.

Eftir sambúðarslitin segist ákærði hafa verið niðurbrotinn maður og kenndi Sigurmar Davíð um, hvernig komið væri, en Heiðrún Hulda hefði haldið við hann, meðan hún var enn í sambúð með ákærða. Þetta hefði ákærða sárnað verulega, og varð það til þess, að hann fór að leggja fæð á Sigurmar. Einnig var hann Heiðrúnu reiður fyrir að taka þann mann fram yfir sig.

Sem fyrr segir, gekkst ákærði undir rannsókn á geðheilbrigði sinni og sakhæfi skömmu eftir kærðan atburð. Þáttur í þeirri rannsókn var sálfræðiprófun, þar sem lögð voru fyrir ákærða viðurkennd greindar- og persónuleikapróf. Hafði Margrét Bárðardóttir sálfræðingur umsjón með þessum þætti rannsóknarinnar. Í niðurstöðu hennar segir svo:

„Hér er um 29 ára gamlan meðalgreindan karlmann að ræða, sem er látinn sæta geðrannsókn fyrir að hafa ráðist á mann með hníf og veitt honum áverka í kjölfar sambúðarslita við sambýliskonu sína og barnsmóður tveggja barna. Hann virðist vera fremur maður athafna en hugsunar og hæfileiki til óhlutbundinnar hugsunar er fremur lítið til staðar. Það gæti hafa staðið honum fyrir þrifum við að sjá fram á afleiðingar gerða sinna jafnframt erfiðleikum við að tjá reiði og vonbrigði á eðlilegan máta, sem getur leitt til þess, að varnir bresta undir álagi og bældar tilfinningar brjótast út í óæskilegri hegðun.

Engin vísbending kom fram um alvarlegar persónuleikatruflanir né óeðlilegar ofbeldishugmyndir. Þrátt fyrir depurðareinkenni og tilhneigingu til andfélagslegrar hegðunar, sem fram kemur í óhóflegri drykkju og lakri stjórn á hvötum, er um tiltölulega heilbrigðan einstakling að ræða, sem sýnir samkvæmt prófaniðurstöðum eðlileg tilfinningaleg viðbrögð miðað við aðstæður, en hefur einnig til að bera umhyggju og samkennd með öðrum."

Sigurlaug Karlsdóttir geðlæknir hefur ritað skýrslu um geðheilbrigðisrannsóknina, sem hún hafði með höndum. Er þar meðal annars rakin persónusaga ákærða og gerð grein fyrir niðurstöðum úr ofangreindu sálfræðimati. Í ályktun sinni segir geðlæknirinn meðal annars:

„Sölvi er 29 ára gamall stýrimaður, tveggja barna faðir, sem í kjölfar sambúðarslita við barnsmóður sína stingur sambýlismann hennar með hnífi.

Sölvi hefur misnotað áfengi og á við áfengisvandamál að stríða. Hann er ekki haldinn geðsjúkdómi, og hann hefur engin merki um skerta heilastarfsemi.

Sölvi er meðalgreindur og hefur engar alvarlegar persónuleikatruflanir. Sölvi er sakhæfur."

Lagt hefur verið fram í málinu afrit af samkomulagi um slit á óvígðri sambúð þeirra Heiðrúnar Huldu og ákærða, sem staðfest var af valdsmanni 10. apríl 1991. Er þar meðal annars kveðið á um forsjá barnanna til handa móður og þess jafnframt getið, að samkomulag hafi náðst um umgengnisrétt föður, þ.e. ákærða.

Þá liggur fyrir í málinu staðfest samkomulag sömu aðila um sambúðarslitin, dagsett 16. apríl 1991, þar sem nánar er kveðið á um eignaskipti o.fl. Segir þar meðal annars, að íbúðin að Urðarvegi 80, 1. hæð t.v., skuli áfram vera eign ákærða, en Heiðrún hafa afnot af henni um hríð, þó ekki lengur en sex mánuði frá gerð samkomulagsins.

Samkvæmt framlagðri yfirlýsingu aðilanna frá 21. nóvember 1991 var efndum samkvæmt ofangreindu samkomulagi lokið þann dag með því, að ákærði greiddi Heiðrúnu Huldu 600.000 krónur til kaupa á íbúðarhúsnæði.

Sama dag greiddi ákærði Sigurmar Heiðari (sic) 700.000 krónur í bætur vegna líkamsáverkanna. Lagði verjandi ákærða síðan fram yfirlýsingu Sigurmars þess efnis, að hann félli þar með frá bótakröfu í málinu. Kemur hún því ekki til álita við dómsálagningu í málinu.

Þá hefur verjandinn einnig lagt fram vottorð fjögurra atvinnurekenda, sem haft hafa ákærða í þjónustu sinni undanfarin ár. Bera þeir honum allir vel söguna og segja hann í starfi hafa sýnt af sér prúðmennsku og háttvísi.

Niðurstaða.

Sannað er með eigin játningu ákærða, sem studd er öðrum gögnum málsins, að hann hefur greint sinn veist að Sigurmar Davíð Gíslasyni, þar sem hann lá sofandi í rúmi við hlið unnustu sinnar í íbúð í margnefndu fjölbýlishúsi við Urðarveg og stungið hann með stórum eldhússhnífi vinstra megin í kvið undir vinstra rifjabarð með þeim afleiðingum, að Sigurmar hlaut stórfellda innvortis áverka, sem gera þurfti að með skurðaðgerð í Reykjavík síðar um nóttina. Telur dómurinn sannað með framlögðum læknisvottorðum í málinu, að umræddir áverkar hafi verið lífshættulegir, þrátt fyrir það að ákærði næði skjótum bata og hlyti ekki varanlegt heilsutjón af atlögunni.

Ákærði hefur sjálfur borið við rannsókn og meðferð málsins, að fyrir sér hafi vakað að ráða Sigurmar bana með hnífstungunni, og segir þann ásetning hafa vaknað á þeirri stundu, er hann sá Sigurmar sofandi við hlið fyrrverandi sambýliskonu sinnar, en við það hafi ákærði fyllst slíku hatri í garð Sigurmars, að ekkert annað hafi komist að í huga sér en ráða manninn af dögum. Segist ákærði eftir þetta hafa farið fram í eldhús nefndrar

íbúðar, þar sem hann valdi sér hníf úr hnífa-„statívi“ til að nota til verksins. Með hliðsjón af þessum framburði ákærða verður að telja sannað, að á áðurnefndri stundu hafi vaknað hjá honum styrkur og einbeittur vilji til að ráða Sigurmar bana, enda var atlagan til þess fallin að valda dauða hans. Þykir ákærði því með verknaðinum hafa gerst sekur um tilraun til manndráps samkvæmt 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

Með hliðsjón af framangreindri rannsókn Sigurlaugar Karlsdóttur á geðheilbrigði ákærða telur dómurinn hann vera sakhæfan.

Af gögnum málsins er ljóst, að ákærði átti afar erfitt með að sætta sig við, að sambúð hans og Heiðrúnar Huldu væri slitið, og kenndi Sigurmar Davíð að nokkru um, að svo hefði farið, enda taldi ákærði víst, að Heiðrún hefði verið í tygjum við Sigurmar, meðan hún var enn í sambúð með ákærða. Þá verður af framburði ákærða ráðið, að hann hafi einnig verið Heiðrúnu reiður vegna sambands hennar við Sigurmar í kjölfar sambúðarslitanna. Verður að ætla, að þessar tilfinningar ákærða hafi síðan brotist út margumræddra nótt, er ákærði var orðinn ofurölvi, með þeim afleiðingum, að hann afréð að fara heim til Heiðrúnar í því skyni að kanna, hvort Sigurmar væri þar fyrir. Hvað síðan gerðist, er rakið hér að framan. Þótt vissulega megi hafa samúð með ákærða vegna umrædds verknaðar, sem hann framdi í mikilli reiði og geðshræringu, telur dómurinn hvorki sjónarmið 4. tl. 74. gr. né ákvæði 75. gr. almennra hegningarlaga koma til álita sem refsilækkunarástæður í málinu, enda upplýst, að ákærði braust ölvaður og án nokkurs erindis inn á heimili Heiðrúnar Huldu að næturlagi, meðan fólk var þar í fasta svefni, og lagði til unnusta hennar með hnífi í þeim tilgangi að ráða hann af dögum. Þykir þannig þvert á móti verða að meta þessi atriði til refsiþyngingar í málinu.

Á hinn bóginn þykir við ákvörðun refsingar einnig mega líta til hreinskilnislegrar játningar ákærða svo og þess, að hann hefur ekki áður orðið uppvís að refsiverðri háttsemi og hefur þegar greitt að fullu þær bætur, sem Sigurmar Davíð fór fram á undir meðferð málsins.

Með hliðsjón af öllu framansögðu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í fimm ár.

Samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74, 1974, ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað í málinu, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, sem þykja með hliðsjón af umfangi málsins og óhjákvæmilegum ferðakostnaði vegna meðferðar þess hæfilega ákveðin 120.000 krónur. Þá greiði ákærði sömu fjárhæð í saksóknarlaun til ríkissjóðs, en af hálfu ákæruvalds flutti Björn Helgason saksóknari málið hér fyrir dómi.

Dómsorð:

Ákærði, Sölvi Arnar Arnórsson, sæti fangelsi í fimm ár.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 120.000 krónur, og saksóknarlaun til ríkissjóðs 120.000 krónur.

Fimmtudaginn 21. maí 1992.

Nr. 221/1990. **Gunnar Örn Pétursson**
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)
gegn
Kolbeini Sigurjónssyni
(Othar Örn Petersen hrl.).

Skuldabréf. Sjálfskuldarábyrgð. Endurkrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. júní 1990. Gerir hann þær dómkröfur aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og sér dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann lækkunar stefnufjárhæðar og að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði felldur niður.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda verði gert að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Þegar stefndi ásamt Jóni Sigurðssyni gerðist sjálfskuldarábyrgðarmaður á umræddu skuldabréfi, var honum ljóst, að sjálfskuldarábyrgð þeirra var skilyrði fyrir því, að áfrýjandi tæki bréfið gilt sem greiðslu kaupverðs við sölu bifreiðar. Þeir gerðust skuldunautar hans að bréfinu ásamt útgefanda þess.

Sjálfskuldarábyrgð áfrýjanda á skuldabréfinu, sem hann tókst á hendur um mánuði síðar, var til komin með sama hætti að sínu leyti, er hann notaði skuldabréfið sem greiðslu á bifreið, er hann keypti. Sönnun þess, að svo var háttað tilurð bréfsins og viðskiptum með það, lá fyrir í gögnum málsins í héraði. Er ekki um þetta deilt í málinu. Sjálfskuldarábyrgð áfrýjanda, er stofnað var til með þessum hætti, skuldbatt hann in solidum með útgefanda bréfsins og fyrri sjálfskuldarábyrgðarmönnum gagnvart þeim, er síðar kynnu að eignast bréfið, en stofnaði engan rétt fyrir stefnda eða Jón Sigurðsson gagnvart áfrýjanda við endurkröfu, kæmi til þess, að á sjálfskuldarábyrgð þeirra reyndi. Raskar það ekki, eins og hér stóð á, réttarstöðu áfrýjanda gagnvart fyrri ábyrgðarmönnum á skuldabréfinu, þótt svo tækist til, að hann ritaði nafn sitt undir

sama texta sjálfskuldarábyrgðar og þeir. Ákvæði XVII. kafla laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði standa því eigi í vegi, að áfrýjandi komi að vörnum sínum í málinu.

Samkvæmt þessu skortir lagagrundvöll til þess, að stefndi geti endurkrafið áfrýjanda um nokkurn hluta þess fjár, sem hann greiddi Íslandsbanka hf., þáverandi eiganda bréfsins, er hann leysti það til sín.

Með skírskotun til þessa ber að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í málinu.

Rétt er, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir. Við ákvörðun hans hefur eigi verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Gunnar Örn Pétursson, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Kolbeins Sigurjónssonar, í máli þessu.

Stefndi greiði áfrýjanda 150.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómþings Gullbringusýslu 20. mars 1990.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. mars sl., er höfðað fyrir aukadómþingi Gullbringusýslu af Kolbeini Sigurðssyni, kt. 120932-2929, Brekkuhvammi 8, Hafnarfirði, gegn Signýju Ólafsdóttur, kt. 190854-7449, Suðurgötu 16, Sandgerði, og Gunnari Erni Péturssyni, kt. 210351-4509, Markarvegi 6, Reykjavík, með stefnu, birtri 29. sept. og 5. okt. 1989.

II.

Dómkröfur stefnanda eru eftirfarandi:

„1. Að stefnda Signý verði ein dæmd til að greiða 271.188,67 kr. auk ársdráttarvaxta skv. 9. gr., 10. gr. og 14. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 67/1989, frá 26.10. 1988 til greiðsludags. Gerð er sú krafa, að dæmt verði, að dráttarvextir leggist á höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 26. 10. 1989, sbr. 12. gr. vaxtalaga.

2. Að stefndu, Signý og Gunnar Örn, verði dæmd til að greiða in solidum 135.594,33 kr. auk ársdráttarvaxta skv. ofannefndum lagagreinum frá 26.10. 1988 til greiðsludags. Gerð er og sú krafa, að dæmt verði, að

dráttarvextir leggist á höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 26.10. 1989, sbr. fyrrnefnda lagatilvitnun.

3. Þá er krafist málskostnaðar af 1. og 2. tölulið skv. gjaldskrá LMFÍ að viðbættum sérstökum söluskatti, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti skv. III. kafla nefndra vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags og áðurgreinda árlega vaxtauppfærslu."

Dómkröfur stefnda Gunnars Arnar Péturssonar eru:

„Aðallega, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Til vara, að stefnukröfur verði lækkaðar.

Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda skv. gjaldskrá LMFÍ ásamt drv.

Til þrautavara: Verði stefndi Gunnar dæmdur til greiðslu, verði málskostnaður til handa stefnanda skertur."

Sáttaumleitanir fyrir dómi báru ekki árangur.

Við munnlegan málflutning breyttu stefnandi og stefndi dómkröfum sínum þannig, að í stað kröfu um söluskatt á málskostnað var krafist virðisaukaskatts skv. lögum nr. 50/1988.

III.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að 3. apríl 1986 hafi hann, stefndi Gunnar Örn og Jón Sigurðsson tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð á skuld stefndu, Signýjar, við Margréti K. Guðmundsdóttur skv. skuldabréfi, að höfuðstól 170.000,00 kr., óverðtryggðu. Sjálfskuldarábyrgðin náði einnig til vaxta, dráttarvaxta og alls kostnaðar, sem af vanskilunum kynni að leiða. Skuld þessa átti að greiða með fjórum jöfnum afborgunum á sex mánaða fresti, hina fyrstu 3. október 1986. Vegna vanskila féll skuldabréfið í eindaga strax á fyrsta gjalddaga, og 26. maí 1988 var gerð um það dómsátt í bæjarþingi Reykjavíkur við Signýju, Gunnar Örn, Jón og Kolbein, að þau greiddu þáverandi eiganda bréfsins, Iðnaðarbanka Íslands, skuldina. Í sáttinni var ákveðið þess efnis, að félli ein greiðsla niður, væri öll skuldin í gjalddaga fallin. Fyrsti gjalddagi skv. sáttinni var 1. júlí 1988, en þá var ekkert greitt og því öll skuldin gjaldfelld. Stefnandi leysti til sín skuldabréfið 26.10. 1988 með hinni umstefndu fjárhæð. Hann telur sig eiga endurkröfu, að fjárhæð 406.738 kr., á Signýju og þriðjung þar af, 135.594,33 kr., á hendur Gunnari Erni. Einnig eigi hann endurkröfu á hendur áðurnefndum Jóni, en geri ekki kröfur á hendur honum að svo stöddu.

Stefnandi vísar máli sínu til stuðnings til ákvæða framangreinds skuldabréfs, dómsáttar, sem fylgdi í kjölfar greiðslufalls þess, og XVII. kafla laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Stefnda, Signý Ólafsdóttir, tekur ekki til varna.

Af hálfu stefnda, Gunnars Arnar Péturssonar, er málavöxtum svo lýst,

að 2. apríl 1986 seldi hann Helga Sigurðssyni bifreiðina R-13392, Chevy Van, árg. 1976. Kaupverð bifreiðarinnar var greitt með skuldabréfi, útg. af konu kaupanda, þ.e. stefndu, Signýju Ólafsdóttur. Stefndi Gunnar gerði kröfu um sjálfskuldarábyrgðarmenn á skuldabréfið, og var stefnandinn, Kolbeinn, annar þeirra. Hinn 21.5. 1986 kaupir stefndi, Gunnar Örn, bifreiðina R-63984, Dodge Power Wagon, árg. 1978, á 500.000 kr. af Sigurði Stefánssyni og lætur m.a. upp í bifreiðina L-1232, Cherokee, árg. 1974, og framangreint skuldabréf. Nafn konu Sigurðar Stefánssonar, Margrétar Guðmundsdóttur, var vélritað sem kröfuhafa á skuldabréfið, og áritaði stefndi, Gunnar Örn, nafn sitt sem ábyrgðarmaður. Margrét og Sigurður seldu bréfið Iðnaðarbanka Íslands hf. Skuldabréfið var ekki greitt á gjalddögum, og var gerð dómsátt um skuldina 26.5. 1988. Stefnandi máls þessa leysir síðan bréfið til sín og krefur stefnda, Gunnar Örn, um ⅓ hluta skuldabréfsins.

Stefndi telur, að tilvísun í 17. kafla laga nr. 85/1936 eigi ekki við hér, og í lagarökum hans segir m.a.:

„Ekkert er minnst á heimild til að beita 17. kafla, þegar um endurkröfumál sjálfskuldarábyrgðarmanns er að ræða, enda hefur skuldabréfið þá verið greitt af honum.

Enn fremur er ekki í texta umþrætts skuldabréfs neinn texti eða samningur í þessa veru.

Verður því að álykta sem svo, að 17. kafli eigi ekki við um málsmeðferð þessa. Verður því að fara ofan í viðskiptin að baki bréfinu, þ.e. samning stefnanda, Kolbeins, við stefnda um greiðsluábyrgð Kolbeins.

Þær lagareglur, sem hér eigi við, séu reglur samningsréttar, þ.e. viðskipti að baki, þ.e. stefnandinn, Kolbeinn, ábyrgðist gagnvart stefnda, Gunnari, að skuldabréfið yrði greitt. Við þetta verður hann að standa.

Hins vegar bar Gunnar enga ábyrgð gagnvart stefnanda, Kolbeini, skv. áðurnefndum málsástæðum."

IV.

Í skuldabréfi því, sem mál þetta er risið af, er svohljóðandi ákvæði: „Mál út af skuld þessari, veðsetningu eða ábyrgð má reka fyrir bæjarþingi/aukadómþingi Reyjavíkur samkvæmt 17. kafla laga nr. 85/1936." Hefur málið verið sótt á grundvelli þeirrar málsmeðferðar.

Svo sem áður er rakið, reisir stefndi, Gunnar Örn, sýknukröfu sína á því, að tilvísun í 17. kafla laga nr. 85/1936 eigi hér ekki við, þar sem um endurkröfumál sjálfskuldarábyrgðarmanns sé að ræða, heldur verði að athuga viðskiptin, sem lágu að baki skuldabréfinu.

Stefnandi hefur mótmælt því, að þessar varnir komist að í málinu.

Telja verður með vísan til ofangreinds ákvæðis skuldabréfsins, að heimilt

sé að reka mál þetta skv. 17. kafla laga nr. 85/1936 og því komist varnarástæður stefnda, Gunnars, ekki að í máli þessu. Hann ber því ábyrgð á ⅓ hluta skuldarinnar sem einn af þremur sjálfskuldarábyrgðarmanna.

Samkvæmt framansögðu verður niðurstaða málsins sú, að stefnda, Signý, er ein dæmd til að greiða stefnanda 271.188,67 kr. auk ársdráttarvaxta skv. 3. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 67/1989, frá 26.10. 1988 til greiðsludags.

Stefndu, Signý og Gunnar Örn, eru dæmd til að greiða in solidum stefnanda 135.594,33 kr. auk ársdráttarvaxta skv. ofangreindum ákvæðum frá 26.10. 1988 til greiðsludags. Í báðum tilvikum er dæmt, að dráttarvextir leggist á höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 26.10. 1989, sbr. 12. gr. vaxtalaga.

Þá ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað in solidum, 95.000,00 kr., þ.m.t. virðisaukaskattur.

Þórdís Bjarnadóttir, settur héraðsdómari, kvað upp þennan dóm.

Dómsorð:

Stefnda, Signý Ólafsdóttir, greiði ein stefnanda, Kolbeini Sigurðssyni, 271.188,67 kr. auk ársdráttarvaxta skv. 3. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 26.10. 1988 til greiðsludags. Stefndu, Signý Ólafsdóttir og Gunnar Örn Pétursson, greiði in solidum stefnanda, Kolbeini Sigurðssyni, 135.594,33 kr. auk ársdráttarvaxta skv. 3. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 26.10. 1988 til greiðsludags. Dráttarvextir leggist á höfuðstól á tólf mánaða fresti, í báðum tilfellum í fyrsta sinn 26.10. 1989.

Stefndu greiði stefnanda málskostnað in solidum 95.000 kr., þ.m.t. virðisaukaskattur.

Fimmtudaginn 21. maí 1992.

Nr. 270/1990. **Fiskanes hf.**
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)
gegn
Erlingi Sæmundssyni
(Hjalti Steinþórsson hrl.).

Sjómenn. Laun í veikindaforföllum. Lögskýring.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. júlí 1990. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Ágreiningur málsaðila lýtur eingöngu að túlkun á 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985.

Stefndi veiktist, er hann var í launalausu leyfi í ágúst 1988, og var af lækni talinn óvinnufær í 3 mánuði, þ.e. frá 12. ágúst til 15. nóvember 1988. Hinn 1. september skyldi hann koma til starfa á ný, en gat það ekki vegna veikinda sinna. Samkvæmt skýru orðalagi 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 átti hann eigi að missa neins í af launum sínum, meðan hann var óvinnufær, þó ekki lengur en tvo mánuði. Í sama lagaákvæði er skýrt tekið fram, að skipverji skuli taka laun frá þeim tíma, er hann skyldi hefja störf að nýju, hafi hann verið í launalausu leyfi, þegar veikindin hófust, eins og hér stóð á. Stefndi átti eigi að fá greidd laun í veikindum sínum fyrr en þann dag, er hann hæfi störf, 1. september. Frá þeim degi var hann óvinnufær í meira en tvo mánuði, en átti rétt til launa í tvo mánuði, þ.e. til 31. október.

Samkvæmt því og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði segir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Fiskanes hf., greiði stefnda, Erlingi Sæmundssyni, 60.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Grindavíkur 21. maí 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 18. þ.m., höfðaði Erlingur Sæmundsson, kt. 281161-0119, Sambyggð 2, Þorlákshöfn, með stefnu, birtri 9. nóvember 1989 fyrir Willard Fiske Ólasyni, stjórnarformanni Fiskaness hf., f.h. félagsins til greiðslu skuldar, að fjárhæð 133.856 kr., ásamt árlegum dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 15. nóvember 1988 til greiðsludags og þess krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 15. nóvember 1989, sbr. 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987. Þá krefst stefnandi þess, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða sér málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ, sem beri vexti skv. 10. grein laga nr. 25/1987, frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags, og þess krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól málskostnaðar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn tólf mánuðum eftir upphafsdag vaxta, sbr. 12. grein vaxtalaga. Þá hefur stefnandi fallið frá kröfu um söluskatt af málskostnaði og þess í stað með samþykki varnaraðila breytt þeirri kröfu í kröfu um 24,5% virðisaukaskatt af málskostnaði.

Stefndi krefst sýknu af öllum dómkröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til þess að greiða stefnda málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

Enginn tölulegur ágreiningur er um fjárhæð dómkröfunnar sem slíkrar, auk þess sem aðilar eru sammála um málavexti, sem eru raktir í stefnu og eru eftirfarandi: „Stefnandi var ráðinn frá 1. nóv. 1987 yfirvélstjóri á Skúm, GK-22, sem stefndi á og gerir út. Stefnandi var í launalausu leyfi í ágúst til 1. sept. 1988, en varð veikur 12. ágúst 1988 og taldist óvinnufær af þeim sökum til 15. nóv. 1988 skv. læknisvottorði frá Helga Haukssyni, lækni á Heilsugæslustöðinni í Þorlákshöfn. Stefnandi fékk greidd laun í veikindaforföllum frá 1. sept. 1988 til 14. okt. 1988, en stefndi hafnaði frekari launagreiðslum á þeirri forsendu, að launaréttur í veikindaforföllum hefjist við óvinnufærnina, þ.e. 12. ágúst 1988."

Stefnandi rökstyður dómkröfu sína með því að vísa til 36. greinar laga nr. 35/1985, en samkvæmt henni eigi skipverji rétt til fullra launa í veikindaforföllum í tvo mánuði, og bendir sérstaklega á, að í greininni segi, að sé skipverji í launalausu leyfi, er hann veikist, taki hann laun frá þeim tíma, er hann skyldi hefja störf að nýju, og beri því að miða rétt stefn-

anda til launa í veikindaforföllum við, að hann hefjist 1. september 1988.

Stefndi heldur því á hinn bóginn fram, að telja beri þann tíma, sem réttur til forfallakaups nær til, vera frá þeim degi, er stefnandi varð óvinnufær samkvæmt læknisvottorði, og þar sem hann hafi verið í launalausu leyfi hluta þess tíma, skerðist réttur hans eftir því, hversu mikið er eftir af fríi hans á hverjum tíma. Telur stefnandi þessa túlkun á 36. grein laga 35/1985 vera hina réttu, en aðferð stefnanda hins vegar ranga. Samkvæmt þessu telur stefndi, að sýkna beri sig af öllum kröfum stefnanda, þar sem hann hafi þegar fengið greitt það forfallakaup, sem honum bar.

Forsendur og niðurstaða.

Í máli þessu greinir aðila einungis á um túlkun 36. greinar laga nr. 35/1985, þ.e., hvernig skuli skilja orðalagið: „þó ekki lengur en tvo mánuði", standi þannig á, að skipverji verði óvinnufær, meðan hann er í launalausu leyfi, eða með öðrum orðum, hvort þessir tveir mánuðir byrji að líða, jafnskjótt og hann verður óvinnufær, eða hvort þeir byrji að líða, er skipverji skyldi hefja störf að nýju.

Eins og fram er komið í máli þessu, hefur stefnandi ekki gert neina kröfu um það, að sér væru greidd laun fyrir þann tíma, er hann var veikur og í launalausu fríi. Telur dómari, að veikindi stefnanda á þeim tíma séu stefnda í máli þessu óviðkomandi, a.m.k. eigi hann ekki að hagnast á þeim fjárhagslega. Verður að telja, að tilgangur 36. gr. sé að tryggja skipverja óskert laun í tvo mánuði, og sé þá átt við tvo mánuði, er hann þægi ella laun, væri hann ekki veikur, en alls ekki, meðan launalaust leyfi varir, en með þeirri túlkun er girt fyrir, að unnt sé að hafa fjárhagslegan ábata af veikindunum, hvor aðila sem í hlut á. Telur dómarinn, að hafi vilji löggjafans verið sá, að útgerðarmaður nyti með þessum hætti fjárhagslegs ávinnings af veikindum skipverja, hlyti slíkur vilji að koma skýrt fram í orðalagi áðurnefndrar 36. greinar laga 35/1985.

Samkvæmt þessu er fallist á allar dómkröfur stefnanda í málinu.

Stefnandi hefur lagt fram málskostnaðarreikning, sem hefur ekki sætt neinum athugasemdum af hálfu stefnda, að fjárhæð 93.527 kr., að meðtöldum 24,5% virðisaukaskatti. Þykir rétt að fallast á málskostnaðarkröfu óbreytta.

Sveinn Sigurkarlsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Fiskanes hf., greiði stefnanda, Erlingi Sæmundssyni, 133.856 kr. auk dráttarvaxta samkvæmt 10. grein vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. nóvember 1988 til greiðsludags. Dráttarvexti má leggja

við höfuðstól dómkröfu á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 15. nóvember 1989.

Stefndi greiði auk þess stefnanda 93.527 kr. í málskostnað.

Aðfararfrestur er fimmtán dagar frá lögbirtingu.

Fimmtudaginn 21. maí 1992.

Nr. 217/1992. **Valgerður Einarsdóttir**
gegn
Búnaðarbanka Íslands,
Gjaldheimtunni í Reykjavík,
Íslandsbanka hf.,
Landsbanka Íslands,
Ólafi Axelssyni hæstaréttarlögmanni,
sýslumanninum í Rangárvallasýslu og
veðdeild Landsbanka Íslands.

Kærumál. Nauðungaruppboð. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 10. apríl sl., er barst Hæstarétti ásamt kærugögnum 14. maí sl. Kærður er úrskurður uppboðsréttar Reykjavíkur, sem kveðinn var upp 31. mars sl. Sóknaraðili krefst þess, að mótmæli sín og kröfur fyrir uppboðsrétti nefndan dag nái fram að ganga.

Af hálfu stefndu eru ekki gerðar kröfur í kærumálinu.

Hinn 29. október 1991 var kveðinn upp í uppboðsrétti Reykjavíkur úrskurður í uppboðsmáli vegna kröfu um nauðungaruppboð á eignarhluta hjónanna Lúðvíks Gizurarsonar og Valgerðar Einarsdóttur í fasteigninni Grenimel 20 í Reykjavík. Tilefni úrskurðarins var krafa uppboðsþola um frávísun málsins. Málið hafði þá verið til meðferðar í uppboðsréttinum frá 15. mai 1986. Úrskurðum uppboðsréttar í málinu hefur tvívegis áður verið skotið til Hæstaréttar, sbr. hrd. 15. júní 1989 og 19. apríl 1991. Framangreindur úrskurður er með ýtarlegum forsendum. Úrskurðarorð er svohljóðandi:

„Kröfu sóknaraðila Lúðvíks Gizurarsonar og Valgerðar Einarsdóttur, um að synjað verði um framhald nauðungarsölu á eigninni Grenimel 20, neðri hæð auk herbergis í kjallara, er hafnað."

Þegar málið var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 23. október 1991, var bókað, að úrskurður í málinu yrði

kveðinn upp kl. 13,30 hinn 29. sama mánaðar. Af hálfu uppboðsþola flutti málið Lúðvík Gizurarson hæstaréttarlögmaður.

Með bréfi til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 17. janúar 1992 sóttu Lúðvík Gizurarson og Valgerður Einarsdóttir um leyfi ráðuneytisins til að áfrýja nefndum úrskurði til Hæstaréttar. Með bréfi ráðuneytisins 24. sama mánaðar var beiðni hjónanna um áfrýjunarleyfi synjað. Sú synjun var ítrekuð með bréfi 26. febrúar sl. með þeim rökum, að ráðuneytið skorti lagaheimild, eins og hér stæði á, til að veita leyfi til áfrýjunar málsins, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð.

Hinn 31. mars sl. var málið tekið fyrir í uppboðsrétti Reykjavíkur eftir auglýsingu í dagblaði. Átti þá að fara fram sala á eigninni. Í þinghaldi þessu var mættur af hálfu uppboðsþola Haukur Bjarnason héraðsdómslögmaður og einnig sóknaraðili. Lagt var fram bréf sóknaraðila, dagsett sama dag, þar sem því var mótmælt, að sala færi fram, og krafist úrskurðar um það. Í bréfi þessu segir m.a.:

„Hinn 29. október 1991 var kveðinn upp úrskurður í þessu uppboðsmáli í uppboðsrétti Reykjavíkur. Mér var ekki kunnugt um úrskurð þennan né fékk ég endurrit hans fyrr en 20. desember 1991. Þá var venjulegur áfrýjunarfrestur liðinn og var þá sótt um áfrýjunarleyfi. Um það var synjað ...Ég get ekki sætt mig við það, að réttur minn til áfrýjunar á úrskurði uppboðsréttar Reykjavíkur dags. 29. október 1991 sé tekinn af mér með þessum hætti. ...Þetta er því krafa um það, að meðferð málsins sé ómerkt frá mánudeginum 28. október 1991, ...“

Af hálfu uppboðsþola var krafist úrskurðar um framangreind mótmæli og frests til framlagningar greinargerðar. Var þegar kveðinn upp úrskurður, og er úrskurðarorð svohljóðandi:

„Uppboðssala á fasteigninni Grenimelur 20 neðri hæð fer fram nú þegar.“

Að uppkveðnum úrskurðinum var gerð sölutilraun. Eitt boð var gert í eignina, að fjárhæð 200.000 krónur. Af hálfu uppboðsþola var þess nú krafist, að fram færi annað og síðara uppboð á eigninni. Var ákveðið, að það færi fram 22. þ.m. að undangenginni auglýsingu.

Fyrrnefndur úrskurður frá 29. október 1991 sætti áfrýjun, sbr. a-lið 4. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973. Áfrýjunarfrestur er

fjórar vikur frá lokum dómsathafnar, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð, en dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til áfrýjunar næstu þrjá mánuði frá sama tíma, ef sérstaklega stendur á. Áfrýjunarleyfi var ekki veitt, svo sem áður er rakið. Úr þessu verður ekki bætt með kæru á úrskurði uppboðsréttar 31. mars sl.

Samkvæmt því ber að vísa kærumáli þessu frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður kemur ekki til álita.

Dómsorð:

Kærumáli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Fimmtudaginn 21. maí 1992.

Nr. 302/1989. **Bára Þórarinsdóttir**
(Ólafur Axelsson hrl.)
gegn
Guðjóni Snæbjörnssyni
(Brynjólfur Kjartansson hrl.).

Verksamningur. Dagsektir. Löghald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein og Sigurður Líndal prófessor.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. ágúst 1989. Hún krefst þess, að stefndi greiði sér 6.600.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 9/1989, af 5.700.000 krónum frá 7. september 1987 til 7. nóvember 1987, en af 6.600.000 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hún málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Loks krefst hún staðfestingar á löghaldi, er gert var 2. ágúst 1988 í fasteigninni Hvassabergi 4, Hafnarfirði.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að sér verði dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Fallast ber á það með héraðsdómi, sem skipaður var sérfróðum meðdómendum, að sannað sé, að vinnupallar hafi ekki fullnægt öryggiskröfum, sem áskildar voru. Áfrýjandi bar ábyrgð á gerð vinnupallanna gagnvart stefnda. Hún hefur ekki sýnt fram á, hvenær endanlega var bætt úr ágöllum á þeim. Múrhúðun innan húss var lokið fyrir tilskilinn tíma að öðru leyti en því, að eftir var að ljúka þeim frágangi, sem um getur í niðurstöðu héraðsdóms. Var það ekki á ábyrgð stefnda, svo sem réttilega er rakið í héraðsdómi. Áfrýjandi hefur ekki sannað, hvenær stefnda var gert fært að ljúka verkinu. Ber því að fallast á hinn áfrýjaða dóm, að því er varðar tafir á verklokum, og sýkna stefnda af dagsektakröfu áfrýjanda.

Í héraðsdómi er ranglega tekin til úrlausnar endurkrafa áfrýjanda á hendur stefnda vegna hugsanlegrar ofgreiðslu. Þess var ekki kraf-

ist. Stefndi hefur hins vegar hér fyrir dómi krafist staðfestingar héraðsdóms og lýst því yfir, að hann geti sætt sig við hann að þessu leyti. Þá verður að líta svo á, að hann hafi fellt sig við ákvörðun héraðsdóms um löghald það, sem fram fór 2. ágúst 1988 í eign stefnda í fasteigninni Hvassabergi 4, Hafnarfirði. Þykir með ofangreindum athugasemdum mega staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms að öllu leyti.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað, eins og nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Bára Þórarinsdóttir, greiði stefnda, Guðjóni Snæbjörnssyni, 70.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 8. júní 1989.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 18. maí sl., er höfðað hér fyrir þinginu af Ólafi Sigurgeirssyni hdl. með stefnu, birtri 19. september 1988.

Stefnandi er Bára Þórarinsdóttir kaupmaður, Laugarásvegi 10 í Reykjavík, en stefndi er Guðjón Snæbjörnsson múrarameistari, Hvassabergi 4, Hafnarfirði.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða 6.600.000 kr. [með nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Þá krefst stefnandi staðfestingar á löghaldi, sem gert var í fógetarétti Hafnarfjarðar 2. ágúst 1988, til tryggingar ofangreindum kröfum sínum í fasteign stefnda, Hvassabergi 4, Hafnarfirði.

Stefndi krefst sýknu af öllum dómkröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að aflýsa löghaldi því, er hvílir á fasteign stefnda.

Þá krefst stefndi málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands og að málskostnaður beri dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu og til greiðsludags.

Sáttatilraunir dómara hafa ekki borið árangur.

I.

Málavextir eru þeir, að stefnandi og stefndi gerðu með sér verksamning um múrverk að Laugarásvegi 10 í Reykjavík 11. desember 1986. Stefndi, sem er múrarameistari, skyldi ljúka múrverki innan húss fyrir 1. febrúar

1987, en utan húss eigi síðar en 15. apríl 1987. Með bréfi, dagsettu 6. maí 1987, rifti stefndi verksamningnum og bar við vanefndum verkkaupa á greiðslum og að hann gæti ekki lokið verkinu vegna tafa annarra verktaka. Stefnandi mótmælti riftun verksamningsins og kvaðst hafa efnt samninginn í hvívetna.

Hinn 15. maí 1987 sættust aðilar og gerðu með sér viðbótarverksamning. Segir m.a. í honum:

„2. gr.

Riftunartilkynning á aðalsamningi, sem verksali sendi verkkaupa hinn 6. maí 1987, fellur niður. Skal svo á líta sem hún hafi aldrei verið send. Ágreiningsefni hafa verið leyst þannig:

a) Verksali skal eigi síðar en kl. 8 að morgni mánudagsins 18. maí nk. setja a.m.k. þrjá múrara í að ljúka múrverki innan húss. Skal því verki að fullu lokið eigi síðar en kl. 17 mánudaginn 25. maí nk. Skal þá sá verkhluti tekinn út. Verksali skal ljúka verki fyrr, sé þess kostur.

b) Áður en verksali byrjar verk sitt, sbr. a-lið hér að framan, skal verkkaupi gera upp að fullu gjaldfallna efnisreikninga.....

c) Verkkaupi hefur greitt inn á múrverk innan húss 520.000 kr., en heildarverð þess verkþáttar er 850.000 kr., sbr. aðalsaming.....

Standi verksali ekki við ákvæði samnings þessa um að ljúka múrverki innan húss innan greindra tímamarka, skal reikna honum dagsektir, 50.000 kr. per dag. Séu það ófyrirsjáanleg tilvik, sem til þessa leiði, eins og verkföll, náttúruhamfarir eða atriði, sem varða verkkaupa eða aðra verktaka á hans vegum, skal eigi beita dagsektum. Komi hins vegar til dagsekta, skal draga þær frá við lokauppgjörið.

3.gr.

Múrverk utan húss skal hefjast eigi síðar en tveim vikum eftir, að vinnupallar hafa verið teknir út af Öryggiseftirliti ríkisins, En fyrir liggur úttekt þess og kröfur um úrbætur.

4. gr.

Verksali skal ljúka múrverki utan húss innan átta vikna frá þeim tímamörkum, sem greinir í 3. gr. hér að framan. Skal hann hafa stöðugt í verkinu eigi færri en þrjá menn. Dagsektarákvæði skulu vera þau sömu og í 2. gr., c-lið."

Stefndi lauk ekki við verkið, og eru dómkröfur stefnanda reistar á ákvæðum viðbótarverksamnings um dagsektir.

Stefndi heldur því fram, að hann hafi ekki komist inn í húsið til að ljúka verkinu. Um pússningu utan húss heldur stefndi því fram, að vinnupallar

hafi verið í svo miklu ólagi, að hann hafi ekki getað látið menn sína vinna á þeim af öryggisástæðum.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslur fyrir dóminum stefnandi og stefndi, Haukur Sævaldsson verkfræðingur, húsasmíðameistararnir Þórhallur Borgþórsson, Sigurður Magnússon og Friðrik Ólafsson, Þröstur Eggertsson múrarameistari, Júlíus Samúelsson múrarasveinn og Róbert Árni Hreiðarsson héraðsdómslögmaður.

II.

Stefnandi kveður stefnda hafa lokið múrverki innan húss á tilsettum tíma fyrir 25. maí 1987 að öðru leyti en því, að ekki hafi verið múrað með útidyrum og dyrum á neðri hæð að innanverðu, ekki hafi verið múrað undir svaladyrum og ekki í kringum bílskúrsdyr að innanverðu. Stefnandi kveðst hafa ráðið Róbert Árna Hreiðarsson hdl. til að annast sín mál gagnvart stefnda, eftir að viðbótarverksamningurinn var gerður. Hafi hann séð um að greiða stefnda. Hinn 15. júní 1987 hafi stefndi komið á skrifstofu Róberts Árna og lýst yfir því, að verkinu væri lokið innan húss, og fengið lokagreiðslu. Róbert Árni hafi tekið stefnda trúanlegan og greitt honum lokagreiðslu, enda þótt verkinu hafi ekki verið alveg lokið.

Þegar í ljós hafi komið, að stefndi átti þó nokkuð ógert, hafi Róbert Árni hringt í stefnda og óskað eftir því, að stefndi lyki verkinu. Stefndi hafi sagst myndu gera það, strax og hann hæfi vinnu utan húss, sem átti að verða næstu daga. Það hafi ekki gengið eftir, og hafi stefnda verið sent bréf, dagsett 24. ágúst 1987, þar sem skorað var á hann að efna samninginn in natura, en án árangurs.

Varðandi múrhúðun utan húss kveður stefnandi stefnda hafa átt að byrja á því verki tveimur vikum eftir, að vinnupallar hefðu verið teknir út af Vinnueftirliti ríkisins. Sú úttekt hafi farið fram 20. júlí 1987, og hafi vinna á þeim verið heimiluð. Sama dag hafi stefnda verið sent bréf og tilkynnt, að vinna á pöllunum væri heimil, og ætlast til þess, að hann hæfi múrverk eigi síðar en 4. ágúst 1987. Ítrekunarbréf hafi verið sent 24. ágúst, en án árangurs.

Stefnandi heldur því fram, að vanefndir stefnda hafi haft margháttaðar afleiðingar í för með sér. Fyrir utan andleg óþægindi hafi öll vinna við húsið dregist stórlega. Stefnandi hafi ekki getað flust inn í húsið fyrr en löngu seinna en áætlað var. Tjón hafi hlotist af því, að ekki var unnt að ganga frá þaki vegna vanefnda stefnda. Upp úr þakinu gangi turn fyrir miðju húsi, og hafi verið nauðsynlegt að múra hann, áður en blikksmiðir hæfu vinnu við lokafrágang á þakinu, því að hvort tveggja væri, að þakefnið væri viðkvæmt og mætti ekki ganga á því og þétta þyrfti þakið við turninn, eftir að hann væri múraður. Hafi þakið byrjað að leka, vegna

þess að ekki var unnt að ljúka frágangi þess. Stefnandi kveðst hafa látið múra húsið að utan í nóvember 1988, og hafi það orðið fjórum sinnum dýrara en tilboð stefnda hljóðaði upp á.

Stefnandi kveðst reisa kröfur sínar í málinu á ákvæðum viðbótarverksamnings um dagsektir, en samkvæmt honum skyldi stefndi greiða 50.000 kr. á dag fyrir hvern dag, sem drægist að ljúka hvorum verkþætti fyrir sig, innanhússmúrverki og utanhússmúrverki.

Samkvæmt samningnum skyldu verklok innan húss vera 25. maí 1987 og utan húss 4. október 1987. Stefnandi kveðst einungis gera dagsektarkröfur til 7. september 1988 vegna innanhússmúrverks, en vegna utanússmúrverks til 29. október 1988.

Dómkröfur sundurliðar stefnandi þannig vegna múrverks innan húss tímabilið 26. maí 1987 til 7. september 1987: 50.000 kr. á dag í 114 daga, 5.700.000 kr. Vegna múrverks utan húss fyrir tímabilið 4. október 1987 til 29. október s.á., 50.000 kr. á dag í 18 daga, samtals 900.000 kr. Dagsektir nemi því samtals 6.600.000 kr. (5.700.000 + 900.000), sem sé stefnufjárhæð máls þessa.

Stefnandi kveðst byggja kröfur sínar á samningi aðila. Dagsektir séu samningsbundnar skaðabætur og algengar í verksamningum. Með þeim losni verkkaupi undan því að sanna, að tiltekið tjón hafi orðið vegna vanefnda og afhendingardráttar. Geti verkkaupi því krafið verktaka um dagsektir, óháð því, hvort tjón hafi orðið mikið, lítið eða jafnvel ekki neitt. Verkkaupi þurfi því einungis að sýna fram á, að afhendingardráttur hafi orðið, til þess að geta krafið um dagsektir. Jafnframt því að vera skaðabætur séu dagsektir einnig hugsaðar sem refsing fyrir afhendingardrátt verktaka og eigi sem slíkar að hafa varnaðaráhrif.

III.

Stefndi er ósamþykkur málavaxtalýsingu stefnanda í meginatriðum. Hann hafi lokið múrverki innan húss samkvæmt samningi fyrir 25. maí 1987. Eftir hafi verið að múra að útidyrum, svaladyrum, dyrum á neðri hæð og bílskúrsdyrum. Þessir verkþættir, sem stefndi telur vera eitt dagsverk, hafi verið skildir eftir einfaldlega af þeirri ástæðu, að nauðsynlegt hafi verið að setja dyrakarmana fyrst í, áður en múrað hafi verið að. Dyrakarmar hafi hins vegar ekki verið komnir í, þegar stefndi lauk verkinu. Stefndi kveðst hafa farið á fund Róberts Árna Hreiðarssonar hdl. 15. júní 1987 og fengið lokagreiðslu fyrir verkið. Kveðst hann jafnframt hafa skýrt Róbert Árna frá því, hvað eftir væri, og beðið hann að hringja í sig, þegar dyrakarmar væru komnir í, og myndi hann þá ljúka við verkið. Um miðjan júlí hafi Róbert Árni tilkynnt sér, að búið væri að setja dyr í húsið. Stefndi kveðst hafa farið á laugardegi að Laugarásvegi 10 og ætlað að ljúka verk-

inu. Húsið hafi þá verið lokað, og hafi hann þurft frá að hverfa. Hann hafi á þessum tíma einnig verið verktaki í verslunarmiðstöðinni Kringlunni. Stefnandi eigi þar verslun, og hafi þau hist í Kringlunni strax eftir helgina. Hann kveðst hafa óskað eftir lykli að húsinu, en stefnandi hafi neitað sér um lykil og gengið á brott. Vitnin Þröstur Eggertsson múrarameistari, Reykjahlíð 14, Reykjavík, og Júlíus Samúelsson múrarasveinn, Dúfnahólum 2, Reykjavík, voru starfsmenn stefnda á þessum tíma. Hafa þeir báðir staðfest frásögn stefnda um, að stefnandi hafi neitað stefnda um lykil í umrætt sinn. Hafi þessi atburður orðið þeim minnisstæður og orðið umræðuefni hjá starfsmönnum stefnda þann dag.

Stefndi kveðst þá hafa haft samband við Róbert Árna og tjáð honum, að hann kæmist ekki inn í húsið, og spurt, hvort hann hefði lykil. Róbert Árni hafi ekki haft lykil, en vísað sér á aðra iðnaðarmenn, sem voru að vinna í húsinu á þessum tíma. Stefndi kveðst hafa sagt Róbert Árna frá því, að hann væri að fara í sumarleyfi til útlanda eftir tvo daga, og myndi Þröstur Eggertsson múrarameistari sjá um öll sín mál á meðan. Myndi Þröstur ljúka verkinu, um leið og hann kæmist inn í húsið, og kveðst stefndi hafa gefið Róbert Árna upp símanúmer Þrastar. Róbert Árni hafi hins vegar ekki haft samband við Þröst. Kveðst stefndi ekki hafa heyrt frá Róbert Árna fyrr en með bréfi hans frá 24. ágúst 1987. Vitnið Þröstur Eggertsson hefur staðfest, að stefndi hafi lagt fyrir sig að ljúka múrverki innan húss að Laugarásvegi 10, um leið og Róbert Árni opnaði húsið.

Vitnið Róbert Árni Hreiðarsson hefur skýrt á annan veg frá en stefndi. Hann minnist þess ekki að hafa neitað stefnda um lykil að húsinu. Vera kynni, að stefndi hafi hringt í sig og óskað eftir lykli, en hann sagt, að hann hefði ekki lykil, og vísað á aðra iðnaðarmenn, sem voru fjölmargir að vinna í húsinu. Efaðist Róbert Árni um, að nokkur dagur hefði fallið úr á árinu 1987, sem ekki hefði verið unnið í húsinu. Húsið hefði því verið opið alla virka daga. Hann kvaðst ekki hafa haft lykil að húsinu, en hefði stefndi óskað sérstaklega eftir lykli, hefði hann útvegað lykil strax.

Áður en aðilar gerðu með sér viðbótarverksamning, taldi stefndi sig ekki geta unnið að múrverki utan húss, þar sem vinnupallar væru ótryggir. Fékk hann Vinnueftirlit ríkisins til að skoða pallana. Athugun þess leiddi í ljós, að handrið og hnélista vantaði á hluta vinnupallanna, gólfklæðningu var áfátt, stiga vantaði upp á pallana, hæð undir þakskegg of lítil, gönguleið umhverfis húsið ógreiðfær og nauðsynlegt hefði verið að bæta við stoðum við suðurhlið og stífa alla pallana betur. Var öll vinna bönnuð, þar til bætt hefði verið úr. Í 3. gr. viðbótarverksamnings segi, að stefndi skuli hefja múrverk utan húss eigi síðar en tveimur vikum eftir, að vinnupallar hafi verið teknir út af Vinnueftirliti ríkisins. Hinn 20. júlí 1987 geri Vinnueftirlit

ríkisins skýrslu um ástand vinnupallanna, og segi þar, að úrbætur hafi verið gerðar, og sé vinna á pöllunum heimil.

Stefndi kveðst hafa séð strax, að þessi skýrsla Vinnueftirlits ríkisins frá 20. júlí 1987 hlyti að vera byggð á misskilningi, því að lítið sem ekkert hafi verið átt við pallana og úr mörgum þeim aðfinnsluatriðum, sem upp voru talin í fyrstu skýrslu frá 11. maí 1987, hafði ekki verið bætt. Þessu til sönnunar kveðst stefndi hafa fengið ljósmyndastofu til að taka myndir af vinnupöllunum 8. ágúst 1987, og hafa þær verið lagðar fram í málinu. Enda hafi komið á daginn, að vinnueftirlitið hafi með skýrslu 23. september 1987 fundið að fjölmörgum atriðum. Þar segir m.a.:

„Miðvikudaginn 23.9. 1987 fór fram skoðun á vinnupöllum og vinnusvæði við nýbygginguna Laugarásveg 10 í Reykjavík. Í ljós kom, að vinnupallarnir eru í því ástandi, að vinna á þeim er ekki heimil nema að undangenginni verulegri lagfæringu þeirra. Vinnuaðstöðu var einnig verulega ábótavant á pöllunum og umhverfis þá vegna rusls og þrengsla. Vinna er þó að sjálfsögðu heimil á pöllunum til beinnar lagfæringar á þeim.

Eftirfarandi kröfur um úrbætur eru gerðar:

1. Handrið skulu hvergi vera lægri en 1 metri á hæð (mælt frá gólfklæðningu upp að efri brún handriðs). Þau ná víða ekki þessari hæð.
2. Styrkja skal handrið, þar sem samsetningar þeirra eru víða of veikar og ófullnægjandi.
3. Setja skal hnélista, þar sem þá vantar.
4. Stigar skulu festir tryggilega, og skulu þeir vera með eðlilegum halla, ca. 4:1. Þeir skulu þannig upp settir, að þægilegt og hættulaust sé að ganga um þá. Kjálkar stiga skulu ná a.m.k. 1 metra upp fyrir gólf verkpalls.
5. Fjarlægð vinnupallanna er víða 0,55 - 0,6 metrar eða meira frá veggjum. Breikka þarf vinnupallana að húsveggjum, þannig, að bil verði ekki meira en ca. 0,3 metrar frá veggjum. Sérstaklega á þetta við umhverfis svalir að vestanverðu.
6. Lagfæra þarf gólfklæðningu, negla betur gólfborð og bæta við borðum, þar sem við á, og styrkja gólf, þar sem það er of veikt, t.d. við svalir að sunnanverðu.
7. Pallana skal stífa betur, svo að þeir verði stöðugir (sérstaklega að vestanverðu).
8. Gera þarf viðeigandi ráðstafanir við vinnupallinn að sunnanverðu vegna of mikillar hæðar frá gólfi vinnupalls upp að þakskeggi.
9. Fjarlægja skal spýtur og annað rusl, sem er undir pöllunum og umhverfis þá, svo að vinnusvæði og umferðarleiðir verði eins greiðfærar og kostur er."

Í bréfi Vinnueftirlits ríkisins til stefnda frá 6. október 1987 segir án

frekari skýringar, að niðurstaða skýrslu frá 20. júlí „er því hér með dregin til baka".

Friðrik Ólafsson húsasmíðameistari annaðist lagfæringar á vinnupöllunum, eftir að fyrsta skýrsla Vinnueftirlitsins frá 11. maí 1987 lá fyrir. Hann kveðst hafa lækkað pallana, stífað þá betur og sett handrið, og hafi verkinu lokið 17. júlí 1987. Hann kveðst hafa óskað eftir því við stefnanda að fá að rífa vinnupallana og byggja þá upp að nýju, en stefnandi ekki viljað það. Lagfæringar hafi átt að vera í algjöru lágmarki að kröfu stefnanda. Sjálfur taldi Friðrik vinnupallana hafa verið óforsvaranlega eftir þær breytingar, sem hann gerði á þeim. Friðrik annaðist uppsetningu dyra og dyrakarma fyrir stefnanda. Hafi hann unnið það verk um mánaðamótin maí-júní 1987. Hann segist hafa lokið við að setja karma í útidyr 6. júní 1987. Taldi hann nauðsynlegt að setja dyrakarma upp, áður en múrað væri að þeim.

Stefndi kveðst aldrei áður hafa undirritað verksamning með dagsektarákvæðum. Stefnandi og lögmaður hennar hafi ráðið upphæðinni, 50.000 kr. á dag, en hann kveðst ekki hafa haft áhyggjur af dagsektum, þar sem hann taldi sig hafa nægilegan tíma til að ljúka verkinu.

Rök stefnda fyrir sýknukröfunni séu því, að múrverki innan húss hafi ekki verið hægt að ljúka sökum þess, að stefnandi hafi hvorki fyrr né síðar afhent sér lykla né gert tilraun til þess að afhenda sér lykla að fasteigninni Laugarásvegi 10, Reykjavík, þrátt fyrir sérstaka beiðni stefnda þar um í votta viðurvist. Sé því ekki um það að ræða, að sér hafi verið mögulegt að ljúka múrverki innan húss, þrátt fyrir það að það hafi verið smávægilegt. Sé enginn fræðilegur grundvöllur né samningsréttarlegur til þess, að stefnandi eigi rétt á dagsektum í samræmi við verksamning aðila, þar sem stefnandi hafi meinað stefnda að efna samning aðila in natura.

Um kröfu stefnanda um dagsektir vegna utanhússpússningar bendir stefndi á skýrslur Vinnueftirlits ríkisins um ólögmætt ástand vinnupallanna og vinnaðstæður, sem ekki hafi verið bætt úr. Sé því sömuleiðis um að ræða ómöguleika (sic), sem haldið sé uppi af hálfu stefnanda, og sé stefnda, sem er múrarameistari, ekki heimilt að láta starfsmenn sína vinna við slíkar aðstæður.

Um vaxtatöku bendir stefndi á, að vaxtataka af dagsektum sé hvergi heimiluð samkvæmt lögum, sbr. ákvæði laga 25/1987.

Rökstuðningur fyrir málskostnaðarkröfunni sé sá, að málshöfðun þessi sé algjörlega tilefnislaus og einungis gerð í þeim tilgangi að ná í fjármuni frá stefnda, sem engin rök séu fyrir, að inntir verði af hendi.

Að lokum heldur stefndi því fram, að öll kröfugerð stefnanda sé í algjöru ósamræmi við nokkurt hugsanlegt tjón, sem hún kynni að hafa orðið fyrir. Máli sínu til stuðnings vísar stefndi til meginreglna samninga- og kröfu-

réttar svo og laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum auk samningalaga nr. 7/1936, sbr. ákvæði laga nr. 11/1986.

IV.

Dómendur fóru á vettvang og skoðuðu aðstæður að Laugarásvegi 10 ásamt aðilum og lögmönnum þeirra.

Það þykir nægilega sannað með skýrslum Vinnueftirlits ríkisins og framlögðum ljósmyndum frá 8. ágúst 1987, að vinnupallar hafi ekki fullnægt þeim öryggiskröfum, sem áskildar eru skv. reglugerð nr. 240/1972, sbr. bráðabirgðaákvæði laga nr. 46/1980, 2. tl.

Verður stefndi því sýknaður af kröfu stefnanda um dagsektir vegna múrverks utan húss.

Samkvæmt íslenskum staðli 30, 3. útgáfu, frá 15. september 1988 segir, að dagsektir skuli að jafnaði ekki vera hærri en 0,2% af samningsfjárhæð. Mun það einnig hafa verið tíðkanleg venja á þeim tíma, er stefnandi og stefndi gerðu með sér verksamning. Ef miðað er við það, hefðu dagsektir átt að vera 2.600 kr. á dag í samningi aðila.

Ágreiningslaust er, að stefndi lauk múrverki innan húss fyrir 25. maí 1987, eins og kveðið er á í viðbótarverksamningi. Eftir stóðu verkþættir, sem stefndi taldi sig ekki geta unnið, fyrr en búið væri að setja upp dyrakarma. Það er einnig álit hinna sérfróðu meðdómsmanna, að eins og aðstæður eru að Laugarásvegi 10, hafi verið nauðsynlegt að ganga frá dyrakörmum fyrst, en múra síðan að þeim. Fram hefur komið í málinu, að dyrakarmar voru settir upp um mánaðamót maí-júní 1987, og lauk því verki 6. júní s. á., 11 dögum eftir að verklok áttu að vera á múrverki innan húss.

Leggja verður framburð stefnda til grundvallar, að það hafi ekki verið fyrr en um miðjan júlí 1987, sem honum var tilkynnt um, að karmar væru komnir í. Hann hitti stefnanda að máli nokkrum dögum síðar og óskaði eftir lykli að húsinu, þar sem hann hafði ekki komist inn í húsið til að ljúka því, sem eftir var. Samkvæmt framburði stefnda og tveggja vitna neitaði stefnandi stefnda um lykil að húsinu án frekari skýringar. Verður að leggja framburð þeirra til grundvallar við úrlausn málsins.

Dómurinn telur, að stefndi hefði getað lokið öllu múrverki innan húss fyrir 25. maí 1987, ef ekki hefðu komið til tafir af hálfu stefnanda. Þá telur dómurinn, að tjón stefnanda hafi verið óverulegt vegna þeirra verkþátta, sem eftir urðu innan húss. En með neitun sinni á að afhenda stefnda lykil að húsinu verður talið, að stefnandi hafi einhliða rift samningi aðila, og verður stefndi þegar af þeirri ástæðu sýknaður af kröfu stefnanda að öðru leyti en því, að rétt þykir, að stefndi greiði stefnanda fyrir að múra að dyrakörmum á þeim fernum dyrum, sem eftir urðu. Það er álit hinna sérfróðu meðdómsmanna, að um fjögurra daga verk sé að ræða fyrir einn

múrara. Verður stefndi því dæmdur til að greiða stefnanda 32.000 kr., og er þá tekið mið af útseldri vinnu múrarameistara, eins og hún er í dag. Þá verður stefndi dæmdur til að greiða dráttarvexti samkvæmt lögum nr. 25/1987, sbr. lög nr. 9/1989, frá dómsbirtingu til greiðsludags, enda verður ekki fallist á það með stefnda, að févíti beri ekki dráttarvexti samkvæmt vaxtalögum.

Staðfest er löghald, sem gert var í fógetarétti Hafnarfjarðar 2. ágúst 1988 fyrir ofangreindri upphæð.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kváðu upp Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari og meðdómsmennirnir Atli Ólafsson byggingafræðingur og Hörður Þórarinsson múrarmeistari.

Dómsorð:

Stefndi, Guðjón Snæbjörnsson, Hvassabergi 4, Hafnarfirði, greiði stefnanda, Báru Þórarinsdóttur, Laugarásvegi 10, Reykjavík, 32.000 kr. auk dráttarvaxta samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 9/1989, frá dómsbirtingu til greiðsludags.

Staðfest er löghald fyrir 32.000 kr. í fasteigninni Hvassabergi 4, Hafnarfirði, samkvæmt fógetagerð, dags. 2. ágúst 1988.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 25. maí 1992.

Nr. 218/1992. **Ákæruvaldið**

gegn

X.

Kærumál. Gæsluvarðhald úr gildi fellt. 5. og 6. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tölulið 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 14. maí 1992, sem barst Hæstarétti 19. sama mánaðar. Er þess krafist af hans hálfu, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, að því er gæsluvarðhald varnaraðila varðar.

Ríkissaksóknari hefur í bréfi 21. þ.m. sent Hæstarétti greinargerð, þar sem segir meðal annars:

„Með vísan til kröfugerðar sýslumannsins í Rangárvallasýslu í þessu máli, forsendna úrskurðarins svo og þess, sem hér að framan er rakið, er af ákæruvaldsins hálfu gerð sú krafa, að úrskurðurinn verði staðfestur að niðurstöðu til. Þó er vakin athygli á ákvæði 69. gr., 4. tl., fyrrgreindra laga nr. 74,1974 og því, að til álita kunni að koma að vista kærða fremur með þar greindum hætti, en samkvæmt áliti heilsugæslulæknis á Hvolsvelli í bréfi til sýslumannsins er kærði alvarlega persónuleikagallaður. Verður eigi heldur talið, að fullkominnar einangrunar sé þörf, sbr. 4. mgr. 3. gr. laga um fangelsi og fangavist nr. 48, 1988."

Í bréfi ríkissaksóknara er einnig vakin athygli á, að samkvæmt gögnum málsins hafi ekki verið gætt 2. mgr. 19. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966, sem mælir fyrir um, að ef brot séu framin, sem börn eða ungmenni innan 18 ára eru viðriðin, beri þegar í stað að tilkynna það barnaverndarnefnd og veita henni þess kost að fylgjast með rannsókn málsins.

Í hinum kærða úrskurði eru rakin ætluð brot varnaraðila, sem einkum varða meðferð hans á dýrum á bóndabæ þeim, þar sem hann var vistaður. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum virðist athæfi

hans eiga rót að rekja til sjúklegs hugarástands, sem kalli á læknismeðferð. Af hálfu varnaraðila hefur verið talið eðlilegt, að hann sætti geðrannsókn, en því mótmælt, að hann þurfi jafnframt að sæta gæsluvarðhaldi.

Bóndi sá, er varnaraðili var vistaður hjá, hefur sagt fyrir dómi, að hann telji varnaraðila ekki „bráðhættulegan þegar hann sé innan um fólk og litið sé til með honum". Ekki hefur verið í ljós leitt í málinu, að ekki sé kostur heppilegri vistunar varnaraðila en gæsluvarðhalds, meðan rannsókn fer fram á geðhögum hans, en hafa ber í huga, að hann er aðeins 16 ára að aldri. Afstaða barnaverndarnefndar til vistunar ákærða liggur og ekki fyrir. Þegar þetta er virt, þykja ekki vera fyrir hendi skilyrði 5. og 6. töluliðar 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974, sem vitnað er til í gæsluvarðhaldskröfu sýslumannsins í Rangárvallasýslu, og ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi, að því er varðar gæsluvarðhald varnaraðila.

Það athugast, að eigi hefur verið gerð í málinu krafa um vistun varnaraðila samkvæmt 4. tl. 69. gr. laga nr. 74/1974.

Kærumálskostnaðar hefur ekki verið krafist.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur, að því er varðar gæsluvarðhald varnaraðila, X.

Úrskurður sakadóms Rangárvallasýslu 13. maí 1992.

Árið 1992, miðvikudaginn 13. maí, er úrskurður þessi upp kveðinn á dómþingi sakadóms Rangárvallasýslu, sem háð er í dómsal Hegningarhússins við Skólavörðustíg í Reykjavík af Margréti Heinreksdóttur, settum héraðsdómara.

Lögreglustjórinn í Rangárvallasýslu hefur krafist þess, að X, f. 1975, sem lögheimili á að ....., Selfossi, en hefur af hálfu félagsmálastofnunar Selfossbæjar verið vistaður að ..... í Vestur-Landeyjahreppi, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi vegna ætlaðs brots gegn ákvæðum 209. gr. og 174. gr., sbr. 171. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og 1. gr. og 3. gr. laga um dýravernd nr. 21/1957. Krafan er reist á 5. tl. og 6. tl. 1. mgr. 67. gr. og 2. mgr., 2. tl., d-lið, 75. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Gæsluvarðhalds er krafist allt til miðvikudagsins 3. júní nk. kl. 16.00 og jafnframt þess, að kærða verði gert að sæta geðheilbrigðisrannsókn á gæsluvarðhaldstímanum.

Kærða var skipaður réttargæslumaður, Ólafur Björnsson hdl. Hefur hann f.h. kærða mótmælt kröfu um gæsluvarðhald, talið það óþarft, en kveðst hins vegar telja eðlilegt, að kærða verði fengin viðunandi gæsla. Vísar hann með lögjöfnun til 3. tl. 69. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála og telur, að félagsmálayfirvöld eigi að finna honum stað. Hann hefur hins vegar ekki mótmælt kröfu um geðheilbrigðisrannsókn, telur hana nauðsynlega.

— — —

Fyrir liggur játning kærða á brotum þeim, er kært er fyrir.

Það er samdóma mat lögreglustjóra Rangárvallasýslu og réttargæslumanns kærða svo og álit heilsugæslulæknis, að nauðsynlegt sé, að kærði gangist undir geðheilbrigðisrannsókn.

Þar sem kærði hefur náð 16 ára aldri, þykir ekki unnt að reisa afstöðu til kröfu um gæsluvarðhald á 3. tl. 69. gr. laga nr. 74/1974, hvorki beint né með lögjöfnun. Er þá ekki til að dreifa öðrum úrræðum til eftirlits en gæsluvarðhaldi.

Enda þótt kærði hafi ekki, svo að vitað sé, brotið af sér frá 1. maí, er hann játaði brot sín fyrir húsráðendum í ....., ber þess að gæta, að hann hefur verið í strangri gæslu þeirra síðan. Bóndinn hefur borið, að hann telji hann ekki hættulegan öðrum, ef vel sé litið eftir honum, en telur það nauðsynlegt. Réttargæslumaður kærða telur einnig, að hann þarfnist „viðeigandi" gæslu. Verður því að líta svo á, að fullnægt sé skilyrðum 5. og 6. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974.

Samkvæmt ofansögðu þykir rétt að taka kröfu lögreglustjórans í Rangárvallasýslu til greina, með þeirri breytingu þó, að kærði sæti gæsluvarðhaldi ekki lengur en til miðvikudagsins 27. maí nk. kl. 16.00. Kærði gangist undir geðheilbrigðisrannsókn, meðan á gæsluvarðhaldsvist stendur.

Úrskurðarorð:

Kærði, X, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 27. maí 1992 kl. 16.00 og gangast undir geðheilbrigðisrannsókn, meðan á gæsluvarðhaldsvist stendur.

Þriðjudaginn 26. maí 1992.

Nr. 357/1989. **Frank K. Herlufsen**
(Vilhjálmur Þórhallsson hrl.)
gegn
Magnúsi Steingrímssyni
(Magnús Óskarsson hrl.).

Fasteignakaup. Fasteignasala. Greiðslustaður. Umboð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og Pétur Kr. Hafstein og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 15. september 1989 að fengnu áfrýjunarleyfi 1. sama mánaðar. Dómkröfur áfrýjanda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og stefndi verði dæmdur til þess að gefa út afsal til sín fyrir húseigninni nr. 38 við Ægisgötu í Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Í greinargerð áfrýjanda fyrir Hæstarétti kemur fram, að hann hafi fallið frá frávísunarkröfu sinni í héraði, en þess sjást ekki merki í dómsgerðum.

Í kaupsamningi aðila um fasteignina Ægisgötu 38, Vogum í Vatnsleysustrandarhreppi, frá 2. ágúst 1986 var ekki að finna ákvæði um greiðslustað kaupverðs. Það er meginregla um fasteignakaup, að greiðslustaður sé hjá seljanda fasteignar, nema um annað sé sérstaklega samið. Áfrýjanda hefur ekki tekist að sanna, að um það hafi verið samkomulag milli málsaðila, að hann innti greiðslu kaupverðsins af hendi til Jóhannesar Hólm Reynissonar, sem sá um sölu fasteignarinnar. Fasteignasala felur ekki í sér, án sérstakrar tilgreiningar, heimildir til handa þeim, sem hana annast, til að veita kaupverði viðtöku fyrir hönd seljanda, sbr. 9. gr. laga nr. 34/1986 um fasteigna- og skipasölu. Áfrýjanda bar að tryggja sér sönnun um slíkt umboð Jóhannesar Hólm, áður en hann mátti greiða honum. Um það virðist hann hafa haft hugboð, þegar hann krafðist

kvittunar frá seljanda sjálfum vegna útborgunargreiðslunnar 2. ágúst 1986, áður en hann greiddi Jóhannesi Hólm afborgun 2. nóvember sama ár. Vegna afborgunarinnar 2. nóvember 1986 og aftur 28. janúar 1987 gætti áfrýjandi hins vegar ekki slíkrar varúðar.

Jóhannes Hólm Reynisson, sem stefnt var til réttargæslu í héraði, hefur viðurkennt að hafa dregið sér framangreindar afborgunargreiðslur, og var hann með dómi sakadóms Reykjavíkur 26. febrúar 1988 meðal annars sakfelldur vegna þeirra fyrir brot á 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Stefndi grennslaðist nokkrum sinnum fyrir um hinar umdeildu afborganir hjá Jóhannesi Hólm, sem villti um fyrir honum með blekkingum. Eins og hér stendur á, verður eigi talið, að stefndi hafi glatað samningsbundnum rétti sínum vegna tómlætis.

Með framangreindum athugasemdum er niðurstaða hins áfrýjaða dóms í aðalsök í héraði staðfest, en ekki er deilt um fjárhæðir og vexti. Þá ber einnig að staðfesta niðurstöðu dómsins í gagnsök í héraði, en hennar er eigi getið í dómsorði héraðsdóms.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, 80.000 krónur.

Dómsorð:

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um aðalsök í héraði á að vera óraskað.

Stefndi, Magnús Steingrímsson, er sýknaður að svo stöddu af kröfu áfrýjanda, Franks K. Herlufsen, um skyldu til útgáfu afsals fyrir fasteigninni nr. 38 við Ægisgötu í Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, 80.000 krónur.

Dómur aukadómþings Gullbringusýslu 26. maí 1989.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 9. maí sl., er höfðað fyrir aukadómþinginu af Magnúsi Steingrímssyni, Framnesvegi 59, Reykjavík, nnr. 6285-0566, með stefnu, birtri 5. apríl 1988, á

hendur Frank Herlufsen, nnr. 2368-3768, Ægisgötu 38, Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi, til greiðslu skuldar, að fjárhæð 1.012.053 kr., með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum svo og málskostnaðar].

Aðalstefndi, Frank Herlufsen, krefst sýknu af öllum kröfum aðalstefnanda í aðalsök og til vara, að kröfur aðalstefnanda verði stórlega lækkaðar. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi aðalstefnanda.

Með stefnu, út gefinni 3. maí 1988, höfðaði aðalstefndi gagnsök, og eru dómkröfur hans þær, að gagnstefndi verði dæmdur til þess að gefa út afsal til sín fyrir húseigninni nr. 38 við Ægisgötu, Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi, svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu eftir taxta LMFÍ.

Aðalstefnandi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda í gagnsök og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ í þeim þætti málsins.

Gagnsök hefur verið sameinuð aðalsök og málið flutt þannig.

I.

Málavextir.

Samkvæmt fyrirliggjandi skjölum og öðrum gögnum eru málsatvik þau, að með kaupsamningi, dagsettum 2. ágúst 1986, seldi aðalstefnandi aðalstefnda fasteign sína, Ægisgötu 38, Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi.

Við undirskrift kaupsamnings greiddi aðalstefndi 200.000 kr. Greiðslu, er greiða átti 2.11.1986, 200.000 kr., og 2.2.1987, einnig 200.000 kr., hefur aðalstefnandi ekki fengið, en óumdeilt er, að greiðslur þessar innti aðalstefndi af hendi til Jóhannesar Reynissonar, sölumanns fasteignasölunnar Eignanausts hf., sem hefur ekki skilað þeim greiðslum til aðalstefnanda þrátt fyrir eftirgangsmuni.

Hinn 2.4. 1987 ca. átti aðalstefndi að greiða aðalstefnanda 500.000 kr. í samræmi við ákvæði kaupsamnings. Samkvæmt kaupsamningi skyldi greiðsla þessi miðast við útborgun láns úr Byggingarsjóði ríkisins. Er lánið skyldi koma til útborgunar, fór aðalstefndi fram á leyfi aðalstefnanda til þess að veðsetja Ægisgötu 38 fyrir 583.000 kr. Setti aðalstefnandi það skilyrði fyrir veðleyfinu, að aðalstefndi ávísaði allri fjárhæðinni beint til aðalstefnanda. Var aðalstefndi ekki reiðubúinn til þess að ávísa hærri fjárhæð en 500.000 kr. til aðalstefnanda, og bauð aðalstefnandi honum veðleyfi fyrir þeirri fjárhæð, sem aðalstefndi þáði og greiddi aðalstefnanda 486.580 kr. af láninu 17.11. 1987. Hinn 2. 11. 1987 átti aðalstefndi að greiða aðalstefnanda 112.053,79 kr., en 24.11. greiddi aðalstefndi hins vegar 125.473 kr.

Framangreindar útborgunargreiðslur, þ.e. pr. 2.11. 1986, 200.000 kr., pr. 2.2. 1987, 200.000 kr., pr. 2.4. 1987, 500.000 kr., og 2.11. 1987, 112.053 kr.. mynda samanlagðan höfuðstól stefnufjárhæðar, en frá þeirri fjár-

hæð dragast innborganir pr. 17.11. 1987, 486.580 kr., og 24.11. 1987, 125.473 kr.

Ágreiningur í máli þessu snýst aðallega um það, hvort aðalstefnda beri að greiða aðalstefnanda útborgunargreiðslurnar pr. 2.11. 1986 og pr. 2.2. 1987 eða hvort hann hafi fullnægt greiðsluskyldu sinni með því að inna greiðslurnar af hendi til Jóhannesar Hólm Reynissonar, þáverandi starfsmanns fasteignasölunnar Eignanausts hf., sem annaðist þessi viðskipti, m.a. gerð umræddrs kaupsamnings.

Í kaupsamningi aðila er ekkert ákvæði um það, hvaða staður skuli vera réttur greiðslustaður.

Aðalstefndi hefur haldið því fram í skýrslu sinni fyrir dóminum, að aðalstefnandi hafi sagt, að greiða ætti til Jóhannesar, hann væri alveg með málið í sínum höndum. Í greinargerð aðalstefnda segir m.a. „Jafnframt gat stefnandi þess, að Jóhannes tæki við útborgunargreiðslum, þar eð hann annaðist viðskiptin fyrir sig. Þrátt fyrir þessar fullyrðingar hefur aðalstefndi sagt fyrir dóminum, aðspurður um það, hvort honum hafi ekki fundist neitt athugavert við að greiða Jóhannesi: „Jú, mér var ekki alveg sama.““

Byggir aðalstefndi á því, að fullt samkomulag hafi verið milli málsaðila um, að hann greiddi útborgunargreiðslur hjá fasteignasölunni.

Þessu hefur aðalstefnandi mótmælt og sagði m.a. fyrir dóminum, að hann hefði aldrei látið orð falla í þá veru, að Jóhannes hefði umboð til þess að taka við peningum fyrir sig. Í þessu sambandi er rétt að geta þess, sem fram hefur komið í máli aðalstefnda og ekki er mótmælt af hálfu aðalstefnanda. En þar kemur fram, að Jóhannes hafi komið suður í Voga með kaupsamning, undirritaðan af aðalstefnanda, og að aðalstefndi hafi þá við undirskrift kaupsamnings greitt umsamda útborgun. Þar kemur einnig fram, að Jóhannes hafi komið aftur suður í Voga og tekið við útborguninni pr. 2.11. 1986 og afhent aðalstefnda kvittun frá aðalstefnanda vegna fyrstu útborgunargreiðslu. Síðargreind atriði koma ekki fram sem málsástæður af hálfu stefnda.

Hefur komið fram af hálfu aðalstefnda, að þegar komið hafi að greiðslu þeirri, er greiða átti 2. nóvember 1986, hafi hann hringt til Jóhannesar Reynissonar til þess að afla upplýsinga um, hvar hún skyldi greidd, og hafi Jóhannes svarað því til, að hann væri á leið suður með sjó og kæmi við til þess að sækja greiðsluna. Hafi aðalstefndi þá sagt Jóhannesi, að hann myndi ekki greiða honum nema gegn því, að hann kæmi með kvittun frá aðalstefnanda fyrir fyrstu útborgunargreiðslunni, sem fram fór við undirskrift samnings, og hafi ástæðan verið sú, að hann hafi viljað hafa kvittanir frá Magnúsi. Hafi Jóhannes komið með kvittunina frá Magnúsi, og hafi hann þá greitt honum næstu greiðslu og fengið kvittun frá Jóhannesi fyrir

henni. Þegar kom að greiðslu, er fram átti að fara samkvæmt samningi 2. febrúar 1987, hafi hann hringt til Jóhannesar og spurst fyrir um greiðslustað, en ekki krafist kvittunar frá Magnúsi vegna greiðslunnar 2.11., og hafi það verið vegna þess, að hann taldi, að Magnús væri því samþykkur, að hann greiddi til Jóhannesar, af því að hann hefði ekkert látið í sér heyra.

Aðalstefnandi hefur sagt, að hann hafi í einfeldni sinni talið það eðlilegan gang í fasteignasölu, að forsvarsmenn fasteignasölunnar önnuðust það að móttaka greiðslur frá kaupendum og koma þeim til seljenda, en hann hafi ekki með neinum formlegum hætti eða umboði heimilað honum að móttaka greiðslur fyrir sig og hvorki í orðum né athöfnum gefið í skyn við aðalstefnda, að Jóhannes hefði slíkt umboð.

Aðalstefndi hefur mótmælt því, að hann beri á nokkurn hátt ábyrgð á þeim drætti á greiðslu, sem inna skyldi af hendi við útborgun Byggingarsjóðsláns ca. 2.4. 1987. Hafi gjalddaginn verið ákveðinn með svigrúmi, þannig, að beðið yrði eftir Húsnæðisstofnunarláni. Dráttur inn á greiðslu hafi orðið lengri vegna þess, að hann hafi ekki fengið veðleyfi fyrir þeirri fjárhæð, er hann átti kost á, 583.000 kr. Þá sé ekkert tekið fram um dráttarvexti, ef dráttur yrði á einstökum greiðslum. Um þetta atriði hefur aðalstefnandi sagt, að á meðan aðalstefndi hafi ekki fullnægt greiðsluskyldu sinni með nokkru móti, hafi hann ekki verið skyldur til þess að veita aðalstefnda veðleyfi, og beri því aðalstefndi, að greiðslan 2.4. 1987, 500.000 kr., dróst og enn fremur greiðslan 2.11. 1987, 112.053 kr.

Gagnkröfum aðalstefnda, að gagnstefndi verði dæmdur til þess að gefa út afsal til hans fyrir húseigninni nr. 38 við Ægisgötu, Vogum, Vatnsleysuströnd, hefur aðalstefnandi vísað á bug á þeim forsendum, að sér beri ekki skylda til þess, fyrr en kaupverðið hafi verið greitt samkvæmt samningnum.

Lagarök.

Um lagarök hefur aðalstefnandi vísað til samningalaga nr. 7/1936 til stuðnings kröfum sínum.

Aðalstefndi hefur orðað það svo, að hann vísar til meginreglna kauparéttar um greiðslu kaupverðs og tómlætisverkanir, sbr. 53. gr. kpl. til hliðsjónar.

Álit dómsins og niðurstaða.

Eins og máli þessu er háttað, þykir eðlilegt að fjalla um báðar sakir í samfelldu máli og draga saman í lokaniðurstöðu.

Ágreiningslaust er, að aðalstefndi átti að greiða aðalstefnanda skv. kaupsamningi 2.11. 1986 200.000 kr. og 2.2. 1987 200.000 kr.

Ekki liggur fyrir í málinu annað en það, að samkvæmt kaupsamningi hafi aðalstefndi átt að inna þessar greiðslur af hendi til aðalstefnanda, og

er ósannað gegn andmælum aðalstefnanda, að samkomulag hafi legið fyrir þess efnis, að aðalstefndi mætti afhenda greiðsluna sölumanni fasteignasölunnar, Jóhannesi Reynissyni.

Ekki hefur heldur verið gerður reki að því að sanna, að samkomulag hafi verið gert milli aðalstefnanda og Jóhannesar Reynissonar, sem leysi aðalstefnda undan þessari skyldu.

Ekki er á það fallist, að aðalstefnandi hafi með tómlæti leyst aðalstefnda undan greiðsluskyldu gagnvart sér.

Verður því að líta svo á, að aðalstefndi hafi ekki fullnægt greiðsluskyldu sinni við aðalstefnanda með því að afhenda Jóhannesi féð, og beri honum því að standa aðalstefnanda skil á greiðslum þessum, sem Jóhannes hefur ekki skilað.

Byggist niðurstaða þessi á þeirri meginreglu um kaup, að greiðslustaður sé hjá seljanda, sé ekki sannanlega um annað samið, svo og því, að sölumaður á fasteignasölu hefur að öðru óbreyttu ekki neins konar stöðuumboð samkvæmt lögum eða viðurkenndri venju til þess að taka á móti greiðslum fyrir hönd seljanda í starfi sínu.

Í framhaldi af þessu verður að líta svo á, að aðalstefnandi hafi, eins og á stóð, ekki verið skyldugur til þess að veita aðalstefnda leyfi til þess að veðsetja Ægisgötu 38 fyrir 583.000 kr. og sá dráttur, er varð á greiðslu skv. kaupsamningi á liðnum: „Við útborgun Byggingarsjóðsláns ca. 2.4. 1987", sé algerlega á ábyrgð kaupanda, og beri honum að greiða dráttarvexti vegna þessa liðar frá 2.4. 1987.

Krafa gagnstefnanda um útgáfu afsals fyrir húseigninni er ekki tekin til greina, enda verður að telja með hliðsjón af úrslitum málsins í aðalsök, að gagnstefnandi hafi ekki fullnægt greiðsluskyldu sinni samkvæmt kaupsamningnum, og beri því að sýkna gagnstefnda að svo stöddu af kröfu gagnstefnanda um útgáfu afsals til hans fyrir húseigninni nr. 38 við Ægisgötu, Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi.

Með hliðsjón af öllum málsatvikum þykir rétt, að hvor aðila beri sinn kostnað vegna máls þessa.

Sveinn Sigurkarlsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Aðalstefndi, Frank Herlufsen, nnr. 2368-3768, greiði aðalstefnanda, Magnúsi Steingrímssyni, nnr. 6285-0566, 1.012.053 kr. með 2,25% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð, af 200.000 kr. frá 2.11. 1986 til 2.2. 1987, með sömu vöxtum af 400.000 kr. frá þeim degi til 1.3. 1987, með 2,5% dráttarvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 2.4. 1987, með sömu dráttarvöxtum af 900.000 kr. frá þeim degi til 6.5. 1987, með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 1.6.

1987, með 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1.7. 1987, með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 1.8. 1987, með 40,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1.9. 1987, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1.10. 1987, með 43,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1.11. 1987, með 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1.12. 1987, með 49,1% ársvöxtum frá þeim degi til 1.1. 1988, með 51,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1.3. 1988, með 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til þingfestingardags, en með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum innborgunum, 486.580 kr. 17.11. 1987 og 125.473 kr. 24.11. 1987.

Fallist er á, að dráttarvexti megi leggja við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 2.11. 1987.

Málskostnaður fellur niður.

Aðfararfrestur er fimmtán dagar frá lögbirtingu.

Miðvikudaginn 27. maí 1992.

Nr. 4/1990. **Hjalti Örn Sigfússon**
(Kristinn Sigurjónsson hrl.)
gegn
Frantz Håkansson,
Vélaverkstæðinu Þór,
Sigmundi Bjarnasyni,
Magnúsi Bjarnasyni,
Pálma B. Larsen,
Guðrúnu Ó. Þorbergsdóttur,
Brynju Þ. Þorbergsdóttur,
(Árni Grétar Finnsson hrl.)
og Íslandsbanka hf.
(Garðar Garðarsson hrl.).

Nauðungaruppboð. Málskostnaður. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein og Sveinn Snorrason hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 5. janúar 1990. Dómkröfur hans eru þær, að hin áfrýjaða uppboðsgerð verði ómerkt og honum dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Af hálfu Vélaverkstæðisins Þórs hefur ekki verið skilað greinargerð. Aðrir stefndu krefjast allir sýknu af kröfum áfrýjanda og að hin áfrýjaða uppboðsgerð verði staðfest. Þá krefjast þeir málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Frá og með 1. janúar 1990 tók Íslandsbanki hf. við réttindum og skyldum Iðnaðarbanka Íslands hf.

I.

Með bréfum til bæjarfógetans í Hafnarfirði 6. nóvember 1988 óskaði Árni Grétar Finnsson hæstaréttarlögmaður eftir því, að fasteign áfrýjanda, Álfaskeið 92, 2. hæð til hægri, Hafnarfirði, yrði seld á nauðungaruppboði til greiðslu skulda samkvæmt veðskulda-

bréfum umbjóðenda sinna Sigmundar Bjarnasonar og Magnúsar Bjarnasonar, frá 24. júní 1988 á þriðja veðrétti í eigninni. Ljósrit þessara bréfa fylgdu uppboðsbeiðnum lögmannsins. Hinn 24. nóvember 1988 óskaði Iðnaðarbanki Íslands hf. nauðungaruppboðs á sömu eign á grundvelli meðfylgjandi afrits af veðskuldabréfi frá 30. október 1987, sem tryggt var með öðrum veðrétti. Að undangengnum tilkynningum til áfrýjanda var uppboðsmál þingfest í uppboðsrétti Hafnarfjarðar 14. apríl 1989 á grundvelli framangreindra beiðna.

Fyrri sala eignarinnar fór fram 20. júní 1989. Þá voru lagðar fram og sameinaðar uppboðsmálinu þrjár uppboðsbeiðnir frá Jóni Þóroddssyni héraðsdómslögmanni fyrir hönd Pálma B. Larsen, Guðrúnar Ó. Þorbergsdóttur og Brynju Þ. Þorbergsdóttur, allar á grundvelli veðskuldabréfa frá 24. júní 1988 til Þorbergs Ólafssonar á þriðja veðrétti í fasteigninni.

Fyrirhugaðri síðari sölu fasteignar áfrýjanda 27. september 1989 var þá frestað í uppboðsrétti til 20. nóvember sama árs. Þann dag fór sala fram, eftir að sameinaðar höfðu verið málinu uppboðsbeiðnir Gísla Baldurs Garðarssonar hæstaréttarlögmanns frá 19. október 1989 vegna fjárnáms Vélsmiðjunnar Þórs frá 5. sama mánaðar á fjórða veðrétti í eigninni og Bjarna Ásgeirssonar héraðsdómslögmanns frá 25. október vegna þriggja veðskuldabréfa til Frantz Håkanssons frá 4. september 1987, sem tryggð voru með fyrsta veðrétti í eigninni. Einungis ljósrit þessara veðskuldabréfa fylgdu uppboðsbeiðni.

Þriðja og síðasta nauðungarsala á umræddri fasteign fór fram 12. desember 1989. Þá voru meðal annars lögð fram frumrit þeirra tveggja veðskuldabréfa stefndu Sigmundar Bjarnasonar og Magnúsar Bjarnasonar, sem ljósrit fylgdu af, með framangreindum uppboðsbeiðnum frá Árna Grétari Finnssyni hæstaréttarlögmanni 6. nóvember 1988. Á uppboðsþinginu var meðal annars bókað: „Hefjast nú sölutilraunir. Þessi boð koma fram:

1. Bjarni Ásgeirsson hdl. v. Iðnaðarbanka Íslands hf. krefst útlagningar, ef skilyrði reynast til kr. 4.000.000,00
2. Jón Þóroddsson hdl. v. allra þriðjaveðréttarhafa in solidum og krefst útlagningar kr. 4.500.000,00
3. Klemenz Eggertsson hdl. persónulega kr. 4.600.000,00

4. Jón Þóroddsson hdl. v. sömu aðila og fyrr og krefst útlagningar kr. 4.700.000,00

Önnur og fleiri boð koma ekki fram.

Uppboðshaldari slær hamri í borð til merkis um, að sölutilraunum sé lokið. Hann tekur sér frest í allt að 14 daga til að taka afstöðu til framkominna boða."

II.

Áfrýjandi byggir kröfugerð sína á því, að við þriðja og síðasta uppboð fasteignarinnar nr. 92 við Álfaskeið í Hafnarfirði hafi einungis legið fyrir ljósrit þriggja veðskuldabréfa á fyrsta veðrétti, en ekki frumgögn þeirra uppboðsheimilda, og hafi uppboðið því ekki mátt fara fram, sbr. niðurlag 1. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð, sbr. 1. gr. laga nr. 12/1987. Þá segi í uppboðsbeiðni vegna þessara bréfa, að eigandi þeirra sé Iðnaðarbanki Íslands hf. í Hafnarfirði, en ekki stefndi Frantz Håkansson, eins og fram komi á ljósritum bréfanna. Því beri einnig að ómerkja uppboðsgerðina af þessum ástæðum með vísun til VI. kafla laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Stefndu halda því fram, að sérhver aðili uppboðsmáls með lögmæta uppboðsheimild geti knúið fram nauðungaruppboð, þótt beiðni einhverra annarra aðila málsins kunni að vera áfátt. Þá hafi aldrei verið gerðar athugasemdir af hálfu áfrýjanda við meðferð málsins.

Stefndu Frantz Håkansson og Íslandsbanki hf. hafa gert grein fyrir því, að Iðnaðarbanki Íslands hf. hafi einungis verið vörsluaðili veðskuldabréfa á fyrsta veðrétti og haft þau til innheimtu fyrir eiganda þeirra, stefnda Frantz.

III.

Af hálfu áfrýjanda mætti Klemenz Eggertsson héraðsdómslögmaður við allar fyrirtökur málsins í uppboðsrétti Hafnarfjarðar nema þingfestingu þess, en þá mætti þar fyrir hann Ingvar Björnsson héraðsdómslögmaður. Þessir lögmenn hreyfðu aldrei athugasemdum né höfðu uppi andmæli gegn framgangi uppboðsins.

Við þriðju og síðustu sölu fasteignar áfrýjanda 12. desember 1989 voru lögð fyrir uppboðshaldara frumrit uppboðsheimilda Sig-

mundar Bjarnasonar og Magnúsar Bjarnasonar, sem í upphafi óskuðu nauðungaruppboðs á eigninni og voru ásamt Iðnaðarbanka Íslands hf. bókaðir sem uppboðsbeiðendur við þingfestingu málsins. Uppboðshaldara var því skylt að halda sölutilraunum áfram allt til enda, sbr. niðurlag 1. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1949, sbr. 1. gr. laga nr. 12/1987. Skiptir þá ekki máli, þótt frumrit annarra uppboðsheimilda hafi ekki verið sýnd í uppboðsrétti, en tilvist þeirra kemur til álita uppboðshaldara við úthlutun uppboðsandvirðis. Ber því að staðfesta hina áfrýjuðu uppboðsgerð.

Samkvæmt framansögðu er ljóst, að áfrýjun þessarar uppboðsgerðar er að ófyrirsynju og til þess eins fallin að tefja frágang nauðungarsölu, sem í engu var andmælt við málsmeðferð í héraði. Þetta verður að átelja.

Samkvæmt 1. tl. 2. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936 er rétt, að áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir. Við ákvörðun málskostnaðar er ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða uppboðsgerð er staðfest.

Áfrýjandi, Hjalti Örn Sigfússon, greiði stefndu Frantz Håkansson, Sigmundi Bjarnasyni, Magnúsi Bjarnasyni, Pálma B. Larsen, Guðrúnu Ó. Þorbergsdóttur og Brynju Þ. Þorbergsdóttur sameiginlega 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti og stefnda Íslandsbanka hf. 50.000 krónur.

Miðvikudaginn 27. maí 1992.

Nr. 62/1990. **Þrotabú Kaupfélags Vestur-Barðstrendinga**
(Viðar Már Matthíasson hrl.)
gegn
Kaupfélagi Eyfirðinga
(Stefán Pálsson hrl.)
og gagnsök.

Gjaldþrotaskipti. Riftun. Endurgreiðsla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein og Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. febrúar 1990. Hann gerir þær dómkröfur, að rift verði greiðslu á skuld, að fjárhæð 1.052.131,60 krónur, sem Kaupfélag Vestur-Barðstrendinga, Patreksfirði, innti af hendi til gagnáfrýjanda 10. ágúst 1987, með afhendingu þriggja skuldabréfa, samtals að höfuðstól 1.096.462 krónur. Þá krefst aðaláfrýjandi þess, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til þess að endurgreiða 1.052.131,60 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 10. ágúst 1987 til greiðsludags. Loks krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. apríl 1990. Hann krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Eins og lýst er í hinum áfrýjaða dómi, greiddi Kaupfélag Vestur-Barðstrendinga hinn 10. ágúst 1987 viðskiptaskuld við gagnáfrýjanda með því að afhenda þrjú skuldabréf, sem gefin voru út af þriðja aðila. Áður hafði gagnáfrýjandi falið lögmanni sínum innheimtu á þessari skuld, og var viðtaka bréfanna þáttur í innheimtuaðgerðum hans fyrir dómstólum. Tæpum tveimur mánuðum síðar, 2. október 1987, kom fram beiðni kaupfélagsins um greiðslustöðvun, og fylgdu gjaldþrotaskipti á félaginu í kjölfar hennar. Greiðslan fór því fram innan þess 6 mánaða frests, sem kveðið er á um í 1. mgr. 54. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978.

Aðalgjaldkeri gagnáfrýjanda bar fyrir dómi, að viðskipti aðila hefðu staðið í áratugi. Hefðu þau farið fram með þeim hætti, að Kaupfélag Vestur-Barðstrendinga hefði tekið út í reikning vörur hjá verksmiðjum gagnáfrýjanda og greitt með 45 daga víxlum, sem Kaupfélag Vestur-Barðstrendinga samþykkti. Fram er komið, að einu sinni áður, á árinu 1986, greiddi Kaupfélag Vestur-Barðstrendinga skuld við gagnáfrýjanda með skuldabréfi, út gefnu af þriðja aðila, og var það gert, eftir að gagnáfrýjandi hafði lokað á viðskipti við félagið. Greiðsla sú, sem hér er um deilt, kom einnig fram, eftir að gagnáfrýjandi hafði lokað fyrir viðskiptin við kaupfélagið, en það gerðist í byrjun árs 1987. Af gögnum málsins er ljóst, að félagið átti ekki á þessum tíma reiðufé til greiðslu skuldarinnar.

Greiðsla á peningakröfum með skuldabréfum frá þriðja aðila, eins og hér um ræðir, getur að jafnaði ekki talist venjulegur greiðslueyrir í viðskiptum manna. Aðilar höfðu ekki samið um þennan greiðslumáta fyrir fram, og gagnáfrýjanda hefur ekki tekist að sanna, að þetta hafi verið venjulegur greiðslueyrir í viðskiptum aðila.

Samkvæmt framansögðu ber að taka kröfu aðaláfrýjanda um riftun hinnar umdeildu greiðslu til greina á grundvelli 1. mgr. 54. gr. gjaldþrotalaga. Þá ber samkvæmt 1. mgr. 62. gr. gjaldþrotalaga að taka endurgreiðslukröfu aðaláfrýjanda til greina með vöxtum eins og krafist er.

Rétt þykir, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilegur samtals 200.000 krónur.

Dómsorð:

Rift er greiðslu á skuld Kaupfélags Vestur-Barðstrendinga við gagnáfrýjanda, Kaupfélag Eyfirðinga, að fjárhæð 1.052.131,60 krónur, sem fram fór 10. ágúst 1987 með afhendingu þriggja skuldabréfa, samtals að höfuðstól 1.096.462 krónur.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda, þrotabúi Kaupfélags Vestur-Barðstrendinga, 1.052.131,60 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 10. ágúst 1987 til greiðsludags.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda 200.000 krónur í málskostnað samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Akureyrar 7. febrúar 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. janúar sl., hefur þrotabú Kaupfélags Vestur-Barðstrendinga, nnr. 5579-4545, kt. 701280-0329, sem er til gjaldþrotaskiptameðferðar hjá skiptaráðandanum í Barðastrandarsýslu, höfðað hér fyrir dómi með stefnu, út gefinni 9. maí 1988, á hendur Kaupfélagi Eyfirðinga, nnr. 5579-2968, kt. 680169-2769, Hafnarstræti 91-95, Akureyri.

Eru dómkröfur stefnanda þessar:

ðinga, nnr. 5579-2968, kt. 680169-2769, Hafnarstræti 91-95, Akureyri.

1. Að rift verði með dómi greiðslu skuldar, að fjárhæð 1.052.131,60 kr., sem Kaupfélag Vestur-Barðstrendinga, Patreksfirði, innti af hendi til stefnda 10. ágúst 1987 með afhendingu þriggja skuldabréfa, samtals aðhöfuðstól 1.096.462 kr.

2. Að stefnda verði dæmt til þess að endurgreiða stefnanda 1.052.131,60 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum].

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda skv. gjaldskrá LMFÍ og framlögðum málskostnaðarreikningi.

Stefnda krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar samkv. framlögðum reikningi.

Við munnlegan flutning málsins hafði stefnda uppi ýmsar varakröfur, sem gengu skemmra en aðalkrafan.

Málsatvik eru þessi:

Bú Kaupfélags Vestur-Barðstrendinga, Patreksfirði, var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaráðandans í Barðastrandarsýslu 18. nóv. 1987, en félagið hafði með úrskurði sama aðila, upp kveðnum 2. október 1987, fengið heimild til greiðslustöðvunar í þrjá mánuði. Beiðni um heimild til greiðslustöðvunar er dags. 2. okt. 1987 og móttekin þann dag, sem telst frestdagur í þrotabúinu.

Stefnandi kveður fjárhagsörðugleika Kaupfélags V.-Barðstrendinga hafa hafist fyrir alvöru árið 1984, og árið 1985 hafi svo verið komið, að félagið hafi í raun verið gjaldþrota. Fjárhagur félagsins hafi síðan farið sífellt versnandi, svo að verulegu nam, allt til þess dags, er það var tekið til gjaldþrotaskipta.

Meðal kröfuhafa á hendur hinu gjaldþrota félagi var stefnda í máli þessu. Fór stefnda með peningakröfu á hendur Kaupfélagi Vestur-Barðstrendinga. Aðilar gerðu með sér dómsátt um greiðslu skuldarinnar, en Kaupfélag Vestur-Barðstrendinga efndi ekki skyldur sínar skv. dómsáttinni, og hóf

því stefnda skv. sáttinni innheimtu á kröfunum, sem voru að höfuðstól 1.182.061,90 kr. Hinn 10. ágúst 1987 var af hálfu stefnda gert fjárnám í ýmsum eignum Kaupfélags V.-Barðstrendinga. Auk uppskriftar á hinum fjárnumdu munum var bókað, að gerðarþoli lýsti yfir, að hann myndi afhenda gerðarbeiðanda sama dag eða næstu daga tvö skuldabréf, hvort að fjárhæð 400.000 kr., út gefin af Bíldudalshreppi til Kaupfélags Vestur-Barðstrendinga. Ekkert fjárnám var gert í skuldabréfum þessum. Samkomulag varð um, að Kaupfélag V.-Barðstrendinga greiddi hluta af heildarskuldinni með afhendingu tveggja framangreindra skuldabréfa. Félagið efndi það samkomulag með því að senda stefnda þau skuldabréf og til viðbótar eitt skuldabréf, út gefið af Sveini Helgasyni 8.7. 1987, að fjárhæð 300.000 kr. Framangreindum skuldabréfum er þannig lýst, en öll voru þau bundin lánskjaravísitölu:

Nafn skuldara:	*Útgáfudagur skuldabréfs*	*Grunnvísitala*	*Vextir*	*Höfuðstóll*
Bíldudalshreppur,				
nnr. 8537-5326	5.8. 1987	1743	8% upph.	398.231
” ”	5.8.1987	1743	8% upph.	398.231
Sveinn Helgason				
nnr. 8745-9764	8.7. 1987	1487	7%	300.000
		Samtals	höfuðstóll	1.096.462

Framangreind ráðstöfun bréfanna fór fram 10. ágúst 1987, og er ekki um það deilt, að þau hafi farið til greiðslu á peningakröfum stefnda.

Kröfur sínar um riftun á framangreindum greiðslum reisir stefnandi á því, að greiðslan hafi farið fram með óvenjulegum greiðslueyri aðeins tæpum tveimur mánuðum fyrir frestdag í þrotabúinu, og hafi greiðslan alls ekki verið venjuleg eftir atvikum, og sé greiðslan því að mati stefnanda riftanleg.

Þá byggir stefnandi sjálfstætt á því, að stefnda hafi vitað eða mátt vita, að fjárhagur Kaupfélags V.-Barðstrendinga væri með þeim hætti, að gjaldþrot blasti við. Byggir stefnandi á því, að viðtaka stefnda á skuldabréfunum hafi verið með þeim hætti, sem raun ber vitni, og við þær aðstæður, sem um var að ræða, verið ótilhlýðileg, enda hafi umrædd skuldabréf þess vegna ekki verið til ráðstöfunar upp í skuldir annarra kröfuhafa, þegar úrskurður um gjaldþrotaskipti var kveðinn upp. Telur stefnandi öll atvik máls þessa benda til, að huglæg afstaða stefnda hafi verið slík, að riftun megi fara fram á grundvelli huglægra riftunarreglna, en kaupfélagsstjóri stefnda hafi jafnframt verið formaður stjórnar Sambands íslenskra samvinnufélaga og vitað til hlítar, hvernig fjárhagsstaða hins gjaldþrota félags

var á þeim tíma, sem hér um ræðir. Stefnandi kveður endurgreiðslukröfuna umfram allt miðaða við þá auðgun, sem stefnda hafi hlotið við ráðstöfunina, en upplýst sé af hálfu stefnda, að skuldabréfin hafi verið tekin á gengi, sem Landsbanki Íslands hafi miðað við, og hafi það samtals numið 1.052.131,60 kr. Sé það því fjárhæð endurgreiðslukröfu stefnanda. Sé rift á grundvelli huglægra riftunarreglna, sé endurgreiðslukrafa stefnda skaðabótakrafa, og telur stefnandi, að fjárhæð hennar sé hin sama.

Varðandi lagarök kveðst stefnandi reisa kröfu sína um riftun aðallega á 54. gr. laga nr. 6, 1978, sem sé hlutlæg riftunarregla, og ef riftun fari fram á grundvelli hennar, sé endurgreiðslukrafan reist á 62. gr. sömu laga. Stefnandi kveðst jafnframt byggja sjálfstætt á, að riftun eigi að fara fram á grundvelli 61. gr. gjaldþrotalaga nr. 6, 1978, og sé þá endurgreiðslukrafan reist á 63. gr. sömu laga. Þá kveðst stefnandi byggja á því, að fjárnám það, sem um ræðir, hafi verið ólögmætt, enda ekki legið gerðinni til grundvallar skrifleg aðfararbeiðni, svo sem skylt sé samkv. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 19, 1987. Geti stefnda því engan rétt byggt á fjárnámsgerðinni sem slíkri, enda eigi það ekki að hafa þýðingu í málinu.

Stefnda kveður Kaupfélag V.-Barðstrendinga hafa greitt inn á skuld sína við stefnda með framangreindum skuldabréfum 10. ágúst 1987. Mótmælir stefnda bæði því, að um óeðlilegan greiðslueyri hafi verið að ræða og að greiðslan hafi ekki verið venjuleg eftir atvikum. Nútímaviðskiptahættir séu þannig, að þótt sá greiðslueyrir, er hér sé til umræðu, hafi e.t.v. áður verið talinn óvenjulegur, geti hann ekki talist það nú. Viðskipti með kröfur og skuldabréf séu nú mun algengari og notuð í fjölbreyttari viðskiptum en áður var. Algengt sé, að menn noti kröfur á aðra, skuldabréf og annað til að standa skil á eigin skuldbindingum; t.d. megi hér minna á eðli nýjasta greiðslumátans, þ.e. greiðslukortanna. Þegar viðskiptamaður greiði með greiðslukorti, sé hann þar með í raun að greiða með kröfu á hendur þriðja aðila, þ.e. á hendur greiðslukortafyrirtækinu. Sá, er taki við greiðslu þess, er notar greiðslukortið, fái kröfu á greiðslukortafyrirtækið, en ekki beint á viðskiptamann sinn. Greiðslukortafyrirtækið eigi svo aftur kröfu á hendur viðskiptamanni sínum. Í öðru lagi sé hér um venjulegan greiðslueyri að ræða í viðskiptum kaupfélaganna. Kaupfélögin greiði iðulega skuldir sín á milli með skuldabréfum á hendur þriðja aðila, og hafi það lengi tíðkast; KVB sé hér engin undantekning. Greiðslan sé því venjuleg eftir atvikum miðað við fyrri viðskipti aðilanna og það, er gerist á þessu viðskiptasviði. Hvorugu skilyrði 54. gr. gjaldþrotalaganna sé því fullnægt, og þess vegna beri að hafna kröfu um riftun.

Þá hafnar stefnda algjörlega staðhæfingum stefnanda um, að 61. gr. gjaldþrotalaga eigi við. Því til staðfestu nefnir stefnda eftirfarandi atriði: Í fyrsta lagi hafi hér ekki verið um að ræða ráðstöfun, sem á ótilhlýðilegan

hátt sé kröfuhafa til hagsbóta á kostnað annarra, sbr. 61. gr. gjaldþrotalaganna, enda hafi hér verið um að ræða eðlilegan greiðslutíma, venjulega greiðsluhætti og tilhlýðilegan greiðslueyri, bæði hvað varðar viðskipti almennt og sérstaklega á milli þessara aðila. Í öðru lagi hafi stefnandi hvorki sýnt fram á, að KVB hafi verið ógjaldfært 10.8. 1987 né að viðsemjendur KVB hafi vitað af því, ef svo hafi verið.

Kveðst stefnda styðja kröfur sínar eftirfarandi lagarökum: Sýkna sé reist á 54. gr. laga nr. 6, 1978. Í greininni séu taldar upp nokkrar riftunarástæður, en stefnandi byggi á því, að fyrsta skilyrðinu í greininni sé fullnægt, þ.e., að greiðslueyririnn teljist almennt óvenjulegur í viðskiptum manna. Á hverjum tíma sé það matsatriði, hvað falli undir orðalag greinarinnar um óvenjulegan greiðslueyri. E.t.v. hafi sá greiðslueyrir, er notaður var hér, einhvern tíma verið talinn óvenjulegur, en eins og viðskiptaháttum sé hagað nú, teljist hann ekki óvenjulegur. Þess vegna verði að skýra greinina svo, að sá greiðslueyrir, er notaður var hér, falli ekki undir óvenjulegan greiðslueyri í skilningi 54. gr. laga nr. 6, 1978. Í lok 1. tl. 54. gr. sé tekið fram, að riftun sé ekki heimil, ef greiðslan hafi virst venjuleg eftir atvikum. Þetta riftunarskilyrði eigi við öll tilvik, sem talin séu upp í greininni. Höfðað sé til viðskiptahátta aðila og þess, er gerist á viðkomandi viðskiptasviði. Ef greiðslan teljist venjuleg með tilliti til fyrri viðskipta aðila, jafnvel þó að greiðslueyrir teljist t.d. almennt óvenjulegur, og fyrra riftunarskilyrði þar með fullnægt, sé riftun ekki heimil, því að seinna skilyrðinu sé ekki fullnægt. Þá hafnar stefnda því algjörlega, að skilyrðum 61. gr. laga nr. 6, 1987, til riftunar sé fullnægt.

Ísak Guðmann, aðalgjaldkeri stefnda, hefur komið hér fyrir dóminn svo og vitnin Jón Hallur Pétursson, framkvæmdastjóri Kaupþings Norðurlands hf., Úlfar Hauksson, fjármálastjóri Ístess hf., og Hólmsteinn Hólmsteinsson, framkvæmdastjóri Malar og sands hf. og Strengjasteypunnar hf.

Ísak Guðmann, aðalgjaldkeri stefnda, kveðst hafa starfað hjá stefnda í 36 ár, og hafi viðskipti stefnda við Kaupfélag V.-Barðstrendinga varað svo lengi sem hann muni. Hafi verið um að ræða sölu á framleiðsluvörum fyrirtækja stefnda til Kaupfélags V.-Barðstrendinga, sem greiddar hafi verið með 45 daga víxlum, samykktum af Kaupfélagi V.-Barðstrendinga.

Ágreiningslaust er, að greiðslur þær, er hér um ræðir, fóru fram 10. ágúst 1987 og því innan sex mánaða frests 1. mgr. 54. gr. gjaldþrotalaga, en frestdagur var 2. október 1987.

Samkvæmt framburði vitna þeirra, er áður eru nefnd, eru nokkur brögð að því, að greiðslur peningaskulda í viðskiptum fyrirtækja fari fram með framsali skuldabréfa og víxla á þriðja mann, þrátt fyrir það að fyrir fram sé ekki um það samið. Á þetta einnig við um viðskipti stefnda við önnur

kaupfélög. Ekki verður þó á það fallist með stefnda, að greiðsluhættir þessir séu svo algengir, að telja megi þá almennt venjulega skv. 1. mgr. 54. gr. laga nr. 6, 1978. Fram er komið, m.a. með framburði Ísaks Guðmanns, aðalgjaldkera stefnda, að 18. júní 1986 greiddi Kaupfélag V.-Barðstrendinga skuld við stefnda með framsali skuldabréfs, út gefnu af Fiskvinnslunni á Bíldudal hf., eftir að stefnda hafi lokað á viðskipti við félagið. Fór greiðsla þessi að hluta til greiðslu á viðskiptaskuld Kaupfélags V.-Barðstrendinga við stefnda, en að hluta til til greiðslu á skuldabréfi, út gefnu af Kaupfélagi V.-Barðstrendinga, sem notað hafði verið til greiðslu á viðskiptaskuldum þess félags við stefnda. Í framhaldi af greiðslu þessari tóku félögin upp viðskipti að nýju.

KVB átti á þessum tíma ekki reiðufé til greiðslu skuldarinnar, en fjárnám í eignum félagsins hafði farið fram.

Þegar til þessa er litið svo og þess, að brögð voru að slíkum viðskiptum stefnda við önnur kaupfélög, þykir mega líta svo á, að „greiðslan hafi virst venjuleg eftir atvikum“ í skilningi 1. mgr. 54. gr. laga nr. 6, 1978. Samkvæmt þessu verður riftunarkrafa stefnanda eigi reist á framangreindri lagagrein.

Fram er komið, að KVB hafi átt í verulegum fjárhagsörðugleikum um árabil fram að þeim tíma, er greiðsla sú, er mál þetta varðar, fór fram. Hafði félagið m. a. áður verið í vanskilum við stefnda, eins og áður er rakið. Þá hefur stefnandi bent á, að framkvæmdastjóri stefnda hafi á þessum tíma jafnframt verið formaður stjórnar Sambands ísl. samvinnufélaga og þess vegna átt að vera kunnugt um fjárhagsstöðu Kaupfélags V.-Barðstrendinga.

Þrátt fyrir framangreint og m.a. með hliðsjón af því, að fjárnám stefnda í eignum KVB bar árangur, svo og því, að gjaldþrot KVB kom eigi í ljós fyrr en að undangenginni heimild til greiðslustöðvunar samkvæmt 2. kafla laga nr. 6, 1978, þykir gegn mótmælum stefnda ekki sannað, að skilyrði 61. gr. laga nr. 6, 1978, til riftunar séu fyrir hendi.

Samkvæmt framansögðu er þá niðurstaða dómsins sú, að sýkna beri stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu. Að virtum málsatvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Freyr Ófeigsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefnda, Kaupfélag Eyfirðinga, á að vera sýknt af kröfum stefnanda, þb. Kaupfélags Vestur-Barðstrendinga, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 29. maí 1992.

Nr. 316/1990. **Ottó E. Jónsson,**
Örn S. Jónsson og
Einar Ólafsson
(Brynjólfur Kjartansson hrl.)
gegn
Húsfélaginu Hrafnakletti 8
(Sigurður H. Guðjónsson hrl.).

Fasteignakaup. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. ágúst 1990. Þeir krefjast sýknu af öllum kröfum stefnda og að hann verði dæmdur til að greiða sér málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómur verði staðfestur og áfrýjendum verði gert að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Ekki er um það deilt, að kaupsamningur sá um fjögurra herbergja íbúð á 1. hæð í húsinu nr. 8 við Hrafnaklett í Borgarnesi, sem lagður var fram í héraði, sé samhljóða kaupsamningum um aðrar íbúðir í húsinu, og er því ekki ágreiningur um aðild stefnda.

Deilt er um kostnað vegna frágangs lóðar við framangreint fjölbýlishús og í því sambandi um túlkun ákvæða kaupsamnings, byggingarskilmála og lóðarleigusamnings. Er efni þessara gagna rakið í héraðsdómi.

Málið var af hálfu stefnda höfðað til efnda á skyldum samkvæmt kaupsamningi um fasteign. Um lengd fyrningarfrests fer því eftir 2. tl. 4. gr. laga nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda. Eignin var samkvæmt afsali afhent 1. janúar 1982. Kröfur stefnda á hendur áfrýjendum voru því ófyrndar, er stefna var birt þeim í nóvember 1987. Fallist er á úrlausn héraðsdómara um, að stefndi hafi ekki glatað rétti vegna tómlætis.

Áfrýjendur tókust sem húsbyggjendur á hendur tilteknar skyldur gagnvart hreppsnefnd og byggingaryfirvöldum Borgarneshrepps samkvæmt ákvæðum lóðarleigusamnings og byggingarskilmála, sem áttu að vera þeim ljós. Áfrýjendur gátu ekki með samningum

við kaupendur einstakra íbúða hússins samið sig undan þessum skyldum og gert kaupendur ábyrga fyrir efndum þeirra.

Þeir liðir í kröfugerð stefnda, sem um er deilt, samtals 82.886 krónur, samrýmast þeim skuldbindingum, sem hvíldu á áfrýjendum. Er ekki deilt um þá tölulega, og ber því að taka þá til greina.

Héraðsdómsstefna í málinu var birt fyrir stefnda í héraði 17., 18. og 25. nóvember 1987. Krafa um dráttarvexti fram til 25. nóvember 1983 er því fyrnd. Eigi er krafist vaxta fyrir tímabilið 1. til 10. júní 1987. Fyrir héraðsdómi var þess krafist, að áföllnum vöxtum yrði bætt við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. apríl 1988. Í héraðsdómi er farið út fyrir kröfur að þessu leyti, þar sem dæmt er, að dráttarvextir leggist við höfuðstól í fyrsta sinn 10. ágúst 1984.

Í samræmi við kröfugerð stefnda og auglýsingu Seðlabanka Íslands 18. janúar 1985 skulu áfallnir dráttarvextir frá 1. febrúar 1985 til 1. apríl 1988 leggjast við höfuðstól kröfunnar þann dag og síðan við uppreiknaðan höfuðstól á 12 mánaða fresti.

Vextir reiknast samkvæmt þessu eins og í dómsorði greinir.

Dæma ber áfrýjendur til að greiða stefnda 95.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, og er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Áfrýjendur, Ottó E. Jónsson, Örn S. Jónsson og Einar Ólafsson, greiði stefnda, Húsfélaginu Hrafnakletti 8, 82.886 krónur með ársvöxtum sem hér greinir: 32% frá 25. nóvember 1983 til 20. desember s.á., 25% frá þeim degi til 20. janúar 1984, 19% frá þeim degi til 21. janúar 1985, 30% frá þeim degi til 1. febrúar s.á., 39% frá þeim degi til 1. mars s.á., 48% frá þeim degi til 1. júní s.á., 42% frá þeim degi til 1. september s.á., 45% frá þeim degi til 1. mars 1986, 33% frá þeim degi til 1. apríl 1986, 27% frá þeim degi til 1. mars 1987, 30% frá þeim degi til 1. júní s.á., en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 10. s.m. til greiðsludags. Dráttarvextir frá 1. febrúar 1985 til 1. apríl 1988 leggist

við höfuðstól þann dag og síðan við uppreiknaðan höfuðstól á 12 mánaða fresti.

Áfrýjendur greiði in solidum stefnda 95.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómþings Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 28. maí 1990.

Mál þetta, sem höfðað er af Sigurði I. Halldórssyni hdl., kt. 020352-4699, Borgartúni 33, Reykjavík, f.h. Húsfélagsins Hrafnakletti 8, Borgarnesi, gegn Ottó E. Jónssyni, kt. 311236-4749, Gunnlaugsgötu 16, Borgarnesi, Erni S. Jónssyni, kt. 120138-4999, Hraunbrún 15, Hafnarfirði, og Einari Ólafssyni, kt. 020947-7569, Bröndukvísl 20, Reykjavík, til greiðslu skuldar, að fjárhæð 232.686 kr., með stefnu, út gefinni 12. nóvember 1987, var þingfest hér fyrir réttinum 15. desember 1987 og dómtekið að loknum munnlegum flutningi þess 25. apríl sl.

Dómkröfur stefnanda.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda 232.686 kr. auk [nánar tilgreindra vaxta og málskostnaðar].

Dómkröfur stefndu.

Stefndu krefjast sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans auk sérstaks söluskatts. Til vara krefjast þeir stórlegrar lækkunar á kröfum stefnanda og niðurfellingar málskostnaðar.

Málavextir.

Á árunum 1981 og 1982 reistu stefndu fjölbýlishúsið nr. 8 við Hrafnaklett í Borgarnesi. Upphaflegur lóðarhafi að lóðinni við Hrafnaklett 8 var Loftorka hf., Borgarnesi, skv. lóðarsamningi, dags. 15. júní 1979, en stefndu gengu inn í lóðarleigusamning Loftorku hf. við Borgarneshrepp og tóku að sér framkvæmdir.

Kaupsamningar um íbúðirnar voru undirritaðir árið 1981 og þær afhentar í desember 1981 og janúar 1982, tilbúnar undir tréverk.

Fljótlega eftir að flutt var í íbúðirnar, þóttist stefnandi verða var við, að frágangi væri ábótavant, m.a. þannig, að víða lak með gluggum og svalahurðum, og þegar hafnar voru framkæmdir við frágang lóðar fasteignarinnar árið 1983, að bifreiðastæði væru færri en gert var ráð fyrir og frágangi þeirra áfátt.

Stefnandi lét lagfæra bifreiðastæði á lóð fasteignarinnar á eigin

kostnað sumarið 1983, m.a. með því að láta sprengja kletta úr lóðinni og bæta í hana fyllingarefni, og endurkrafði með bréfi, dags. 27.6. 1983, stefndu um kostnað við þá framkvæmd. Með bréfum, dags. 17.10. 1983, 22.3. 1984 og 22.4. 1987, ítrekaði lögmaður stefnanda kröfur frá því í bréfinu, dags. 27.6. 1983, við stefndu og lögmann þeirra, auk þess sem krafist var lagfæringa á leka með gluggum og svalahurðum, en stefndu sinntu ekki þeim kröfum.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi reisir kröfugerð sína á því, að stefndu hafi vanefnt kaupsamninga þá, er þeir gerðu við íbúa fasteignarinnar nr. 8 við Hrafnaklett, Borgarnesi. Stefndu hafi ekki gengið svo frá lóð sem í kaupsamningum greinir og mælt er fyrir um í byggingarskilmálum Borgarneshrepps. Í fyrsta lagi eigi bílastæði að ná út að lóðarmörkum og rúma 33 stæði, og í öðru lagi sé það í verkahring stefndu að jafna lóðina undir gróður. Við hvorugu þessara atriða hafi stefndu orðið.

Um lagarök fyrir kröfugerð sinni vísar stefnandi til meginreglna kröfuréttar og meginreglna um bætur innan samninga og laga um lausafjárkaup nr. 39/1922 með lögjöfnun og dómvenju.

Málsástæður og lagarök stefndu.

Sýknukröfu sína reisa stefndu á því, að þeir hafi í öllu staðið við skuldbindingar sínar skv. kaupsamningum við íbúðarkaupendur að Hrafnakletti 8, Borgarnesi. Þeir hafi uppfyllt ákvæði kaupsamninga um grófjöfnun lóðarinnar með því að jafna út lausum jarvegsefnum, sem voru á byggingarstað, og hafi ekki borið skylda til að bæta við fyllingarefnum eða sprengja kletta. Þá bera stefndu það fyrir sig, að kvaða í byggingarskilmálum hafi ekki verið getið í leigusamningi um lóðina, auk þess sem stefndu séu ekki upphaflegir leigutakar samkv. samningnum. Kvaðir, sem sveitarstjórn hafi lagt á upphaflegan úthlutunarhafa lóðarinnar, Loftorku Borgarnesi hf., hafi stefndu ekki borið að uppfylla ókeypis gagnvart kaupendum.

Þá er á því byggt af hálfu stefndu, að sá réttur, sem stefnandi kunni að hafa átt vegna hugsanlegra vanefnda stefndu, sé þeim nú glataður vegna tómlætis og fyrningar.

Varakröfu reisa stefndu á því, að krafa stefnanda sé augljóslega of há, og vísa um það til rökstuðnings fyrir aðalkröfu.

Niðurstaða.

Í II. kafla lóðarleigusamnings um lóðina Hrafnaklett 6 - 8, sem frammi liggur í máli þessu sem dskj. nr. 14 og ber yfirskriftina Leiguskilmálar,

er eftirfarandi ákvæði: „11. Aðrir skilmálar: Á lóðinni skulu vera 33 opin bílastæði."

Enn fremur liggur frammi sem dskj. nr. 3 kaupsamningur um fjögurra herbergja íbúð á 1. hæð ásamt sérgeymslu í kjallara í húsinu nr. 8 við Hrafnaklett, Borgarnesi. Segir þar m.a. um ástand hins selda við afhendingu: „Lóð verður grófjöfnuð."

Þá liggur og frammi í málinu sem dskj. nr. 13 viðauki vegna fjölbýlishúsa við byggingarskilmála í Bjargslandi, Borgarnesi, en þar stendur hin umstefnda fasteign. Í 1. mgr. 1. gr. viðaukans er eftirfarandi ákvæði: „Lóðarhafi (byggjandi) skal skipta um jarðveg í bílastæði og heimkeyrslu, sem húsi hans tilheyrir, svo að það sé tilbúið undir lagningu bundins slitlags", — og í 1. mgr. 2. gr: „Byggingaraðili skal ganga frá sameigninni og ljúka frágangi að utan, mála húsið og jafna lóð undir gróður." Umræddan viðauka við byggingarskilmála samþykkti byggingarnefnd á fundi 12. apríl 1978.

Í byggingarreglugerð nr. 292/1979, sem sett er með stoð í 4. gr. byggingarlaga nr. 54/1978, segir í gr. 5.12.1. um frágang lóða: „Skylt er byggjanda að setja lóð hússins í rétta hæð og fjarlægja þann uppgröft, sem ekki þarf til jöfnunar lóðar, eigi síðar en húsið er gert fokhelt."

Stefndu hafa byggt á því í máli þessu, að í ákvæðum kaupsamnings um grófjöfnun lóðar felist hvorki, að á þeim hvíldi skylda til að sprengja burtu klappir, til að lóðin næði tilætlaðri stærð eða til að á henni rúmaðist tiltekinn fjöldi bílastæða, né að bæta í hana fyllingarefni, sem á vantaði, til að hún næði tilætlaðri hæð.

Þá komi ekki heldur neitt fram um slíkar kvaðir í lóðarleigusamningi.

Með 7. gr. laga nr. 54/1978, byggingarlaga, er byggingarnefndum fengið forræði byggingarmálefna í sveitarfélögum undir yfirstjórn sveitarstjórna og félagsmálaráðuneytis.

Stefndu Ottó og Örn hafa í skýrslugjöf hér fyrir dóminum borið, að þeir hafi ekki kynnt sér sérstaklega skilmála þá, sem giltu um byggingu umræddrar lóðar, umfram það, sem lóðarleigusamningur kvað á um, en ótvírætt er, að það bar þeim að gera, þar sem um var að ræða fyrirmæli, sem sett höfðu verið af þar til bæru stjórnvaldi um málefni, sem því er fengið forræði á með lagaboði.

Þykir ekki hjá því komist að líta svo á, að byggingarskilmálar, sem hlotið hafi samþykki byggingarnefndar, séu bindandi fyrir aðila, er fá úthlutað lóð til byggingar, og skipti þá ekki máli, hvort um upphaflegan leigutaka er að ræða eða aðila, sem öðlast hefur leigulóðarréttindi með framsali frá öðrum rétthafa. Ákvæði kaupsamnings og það, hvern skilning aðilum var rétt að leggja í þau, þykir og verða að túlka í samræmi við gildandi byggingarskilmála á þann veg, að skyldur stefndu sem byggjenda hússins og

seljenda hafi a.m.k. ekki getað orðið minni en á þá voru lagðar með fyrirmælum byggingaryfirvalda.

Að virtu framansögðu og með vísan til tilvitnaðra lagaboða og gagna, er frammi liggja í málinu, þykir verða að fallast á það með stefnanda, að stefndu hafi borið að annast frágang lóðarinnar að Hrafnakletti 8, Borgarnesi, svo að fullnægði fyrirmælum byggingarskilmála og lóðarleigusamnings, og að stefnanda hafi verið rétt að líta svo á, að kostnaður við þann frágang hafi verið innifalinn í kaupverði íbúðanna skv. kaupsamningum.

Stefndu hafa og byggt á því, að stefnandi hafi glatað meintum rétti sínum gagnvart þeim vegna tómlætis og fyrningar, en eins og fram kemur í málavaxtalýsingu hér að framan, fékk stefnandi afhentar íbúðirnar að Hrafnakletti 8 í desember 1980 og janúar 1981.

Ekki verður séð, að stefndu hafi getað orðið ljóst, fyrr en þeir hófust handa við fullnaðarfrágang lóðarinnar á árinu 1983, hverju var áfátt af hendi stefndu. Með hliðsjón af almennu fyrningarreglunni í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 14/1905, fyrningarlaga, verður því ekki fallist á það, að krafa stefnanda verði talin brott fallin vegna fyrningar eða að hann hafi sýnt slíkt tómlæti um að krefja stefndu um úrbætur, að eigi að varða hann réttarspjöllum.

Lögmaður stefnanda sundurliðar kröfur hans á eftirfarandi hátt í greinargerð á dskj. nr. 2:

„Nr. 1.	Kostnaður v/lagfæringar á bílastæði	kr. 50.000
Nr. 2.	Kostnaður v/vélaleigu	kr. 789
Nr. 3.	Eigin vinna v/lagfæringar á bílastæðum	kr. 24.800
Nr. 4.	Kostnaður v/lagfæringar á lóð	kr. 32.098
Nr. 5.	Kostnaður skv. áætlun byggingarfulltrúa v/lagfæringar á bílastæðum	kr. 125.000
	Samtals	kr. 232.686“

Stefnandi hefur til sönnunar þessari sundurliðun kröfu sinnar lagt fram ýmis gögn, og er þau að finna í gögnum málsins á dskj. nr. 8 - 12.

Varakrafa stefndu er, að stefnukrafa stefnanda verði lækkuð verulega, og hafa þeir sérstaklega mótmælt kostnaðarliðum nr. 3, 4 og 5 í því sambandi.

Kostnaðarliðum nr. 1 og 2 hafa stefndu ekki mótmælt, og verða þeir því teknir til greina óbreyttir.

Á dómskj. nr. 10 er reikningur frá íbúðaeigendum vegna eigin vinnu þeirra við framkvæmdirnar vegna kostnaðarliðar nr. 3. Engar nánari skýringar hafa komið fram um reikning þennan né frekari rökstuðningur af hálfu stefnanda. Ber því með vísan til meginreglna réttarfarslaga um

vandaðan og greinargóðan málatilbúnað að vísa honum frá dómi vegna vanreifunar.

Á dskj. nr. 11 er reikningur frá Hirti Hjartarsyni garðyrkjumanni vegna kostnaðarliðar nr. 4, eftirfarandi:

a.	Vörubílaakstur með mold, 30 ferðir, 15 st. í dagvinnu	kr.	11.295
b.	Ámokstur og grófjöfnun á lóð, 24 st. í dagvinnu	kr.	17.232
c.	Umsjón með akstri m. mold, fyllingu í rétta hæð og jöfnun lóðar, 17 st. í dagvinnu	kr.	3.570
		Samtals kr.	32.097

Fallast ber á það með stefnanda, að kostnaður vegna þessara þátta falli undir skyldur stefndu skv. framansögðu, og ber því að taka hann til greina.

Á dskj. nr. 12, er úttekt á lóðinni nr. 8 við Hrafnaklett, sem byggingarfulltrúinn í Borgarnesi, Bjarni Johansen, gerði að beiðni lögmanns stefnanda 26. mars 1987. Byggir stefnandi kröfugerð skv. kostnaðarlið nr. 5 á skjali þessu. Í niðurlagi úttektarinnar segir m.a. á þessa leið: „Eins og áður segir, eru forsendur fyrir ofangreindum kostnaðartölum óvissar. Verður því að taka þær með þeim fyrirvara." Vegna þeirrar óvissu, sem fyrirvari af þessu tagi veldur um niðurstöðutölur þessa kostnaðarliðar, og með tilliti til efnis skjalsins að öðru leyti verður stefnandi ekki talinn geta byggt nákvæma kröfugerð á skjalinu, og ber því með vísan til meginreglna réttarfarslaga um vandaðan og greinargóðan málatilbúnað að vísa honum frá dómi vegna vanreifunar.

Eftir framangreindum úrslitum þykir rétt, að stefndu greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 45.000 kr.

Dómsorð:

Stefndu, Ottó E. Jónsson, kt. 311236-4749, Örn S. Jónsson, kt. 120138-4999, og Einar Ólafsson, kt. 020947-7569, greiði in solidum stefnanda, Húsfélaginu Hrafnakletti 8, Borgarnesi, 82.886 kr. auk ársvaxta: 45% af 50.789 kr. frá 10.8. 1983 til 20.9. 1983, 37,0% af sömu fjárhæð frá 20.9. 1983 til 20.10. 1983, 36,0% af 82.886 kr. frá 20.10. 1983 til 20.11. 1983, 32,0% af sömu fjárhæð frá 20.11. 1983 til 20.12. 1983, 25,0% af sömu fjárhæð frá 20.12. 1983 til 20.1. 1984, 19,0% af sömu fjárhæð frá 20.1. 1984 til 21.1. 1985, 39,0% af sömu fjárhæð frá 21.1. 1985 til 1.3. 1985, 48,0% af sömu fjárhæð frá 1.3. 1985 til 1.6. 1985, 42,0% af sömu fjárhæð frá 1.6. 1985 til 1.9. 1985, 45,0% af sömu fjárhæð frá 1.9. 1985 til 1.3. 1986, 33,0% af sömu

fjárhæð frá 1.3. 1986 til 1.4. 1986, 27,0% af sömu fjárhæð frá 1.4. 1986 til 1.3.1987, 30,0% af sömu fjárhæð frá 1.3.1987 til 10.4. 1987, en 30,0% af 232.686 kr. frá 10.4. 1987 til 10.6. 1987, 33,6% af sömu fjárhæð frá 10.6. 1987 til 1.7. 1987, 36,0% af sömu fjárhæð frá 1.7. 1987 til 1.8. 1987, 40,8% af sömu fjárhæð frá 1.8. 1987 til 1.9. 1987, 42,0% af sömu fjárhæð frá 1.9. 1987 til 1.10. 1987, 43,2% frá 1.10. 1987 til 1.11. 1987, en með vöxtum skv. ákvörðun Seðlabanka Íslands, sbr. lög nr. 25/1987, af þeirri fjárhæð til greiðsludags. Dráttarvextir leggist við höfuðstól skuldarinnar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 10.8. 1984.

Stefndu greiði in solidum stefnanda 45.000 kr. í málskostnað, og beri sú fjárhæð dráttarvexti skv. ákvörðun Seðlabanka Íslands, sbr. lög nr. 25/1987, frá 15. degi eftir birtingu dóms þessa til greiðsludags. Dráttarvextir leggist við málskostnaðarfjárhæðina á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn tólf mánuðum eftir birtingu dóms þessa, allt innan fimmtán daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 1. júní 1992.

Nr. 412/1991. **Þb. Hótel Arkar hf.**
gegn
skiptaráðandanum í Árnessýslu
f.h. þb. Helga Þ. Jónssonar.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, þb. Hótel Arkar hf., sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 10.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 1. júní 1992.

Nr. 497/1991. **Byggðarás hf.,**
Teitur Eyjólfsson,
Guðmundur Franklín Jónsson og
Hafsteinn Júlíusson hf.
gegn
Þór Sveinssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Byggðarás hf., Teitur Eyjólfsson, Guðmundur Franklín Jónsson og Hafsteinn Júlíusson hf., sem eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði 10.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 1. júní 1992.

Nr. 509/1991. **Borgarholt hf.**

gegn

tollstjóranum í Reykjavík,
Gjaldheimtunni í Reykjavík,
Verðbréfamarkaði Fjárfestingarfélagsins hf.,
Sparisjóði vélstjóra,
Rafmagnsveitu Reykjavíkur,
Sambandi íslenskra samvinnufélaga,
Max hf.,
Ísól hf. og
Örvari Ingólfssyni.

Útivistardómur

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Borgarholt hf., sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 10.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 1. júní 1992.

Nr. 513/1991. **Austri hf.**
gegn
bæjarsjóði Hafnarfjarðar,
Jóhanni Jónssyni,
Valdimar Elíassyni,
Búnaðarbanka Íslands,
Ingimundi hf.,
Sparisjóði Hafnarfjarðar,
Ásgeiri Herbertssyni og
uppboðshaldaranum í Hafnarfirði.

Útivistardómur

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Austri hf., sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 10.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 1. júní 1992.

Nr. 24/1992. **Guðmundur Hjálmarsson**
gegn
Tryggingu hf.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðmundur Hjálmarsson, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 10.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 1. júní 1992.

Nr. 186/1992. **Guðmundur Óli Guðmundsson**

gegn

Kaupþingi hf.,
Landsbanka Íslands,
Verðbréfamarkaði Fjárfestingarfélagsins hf.,
Íslandsbanka hf.,
tollstjóranum í Reykjavík og
Sanitas hf.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðmundur Óli Guðmundsson, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 10.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 1. júní 1992.

Nr. 341/1990. **Njáll Kjartansson**
(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)
gegn
Sparisjóði vélstjóra
(Helgi V. Jónsson hrl.).

Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi. Útivist. Sönnunargögn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. september 1990 að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum stefnda, en til vara, að málinu verði vísað frá héraðsdómi. Þá krefst áfrýjandi þess, að fellt verði úr gildi fjárnám, sem gert var í fógetarétti Hafnarfjarðar 20. júlí 1990 í eignarhluta hans í Háahvammi 12 í Hafnarfirði. Að lokum krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur og framangreind fjárnámsgerð verði staðfest og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Meðal þeirra er reikningsyfirlit vegna tékkareiknings áfrýjanda nr. 2076 í Sparisjóði vélstóra. Sýnir það stöðu reikningsins frá 8. til 31. desember 1987. Samkvæmt yfirlitinu hefur stefndi hvorki strax né í einu lagi ávísað þeim 400.000 krónum, sem greiddar voru inn á reikninginn 8. desember, svo sem ráða má af héraðsdómi.

Greiðsla þessi var innt af hendi með tékka, sem gefinn var út á tékkareikning nr. 3034 í Sparisjóði Kópavogs. Á bakhlið tékkans er áritun um, að reikningnum hafi verið lokað 18. desember 1987, en þar er hins vegar ekki skráð, að skort hafi inneign á reikninginn 8. sama mánaðar, þegar greitt var með tékkanum. Tilkynning til útgefanda tékkans frá greiðslujöfnunarstöð er ódagsett. Á þessu tíu daga tímabili hafði reikningshafi því áfram forræði á reikningnum. Upplýsinga nýtur ekki í málinu um færslur á reikningnum á þeim tíma.

Samkvæmt þessu vantar í málið viðhlítandi sönnunargagn um það, að eigi hafi verið næg inneign á tékkareikningi nr. 3034 í Sparisjóði Kópavogs, þegar greiðsla með umræddum tékka fór fram inn á tékkareikning áfrýjanda 8. desember 1987. Slíks sönnunargagns hefði þurft að geta í stefnu, sbr. f-lið 88. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. lög nr. 54/1988. Þetta var slíkur galli á málatilbúnaði stefnda (stefnanda í héraði), að héraðsdómari átti við svo búið að vísa málinu frá dómi, sbr. 2. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936.

Að svo vöxnu máli verður ekki hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá héraðsdómi. Jafnframt ber að fella hina áfrýjuðu fjárnámsgerð úr gildi.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og framangreind fjárnámsgerð eru úr gildi felld, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 1. júní 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var 8.5.1990, hefur Sparisjóður vélstjóra, kt. 610269-2229, Borgartúni 18, Reykjavík, höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 20.2.1990, á hendur Njáli Kjartanssyni, kt. 301145-3819, Háahvammi 12, Hafnarfirði, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 534.240,99, með drv., sem Seðlabanki Íslands ákveður skv. 10. gr. laga nr. 25/1987, frá 8.12.1989 til greiðsludags. Þess er jafnframt krafist, að drv. verði lagðir við höfuðstól á tólf mánaða fresti, næst 8.12.1990, allt í samræmi við 12. gr. fyrrnefndra laga. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun, sbr. lög nr. 50/1988, með drv. skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 að liðnum fimmtán dögum frá dómsuppsögu skv. 175. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 21. gr. laga nr. 54/1988.

Málavextir.

Hinn 8.12.1987 hafi verið lagt inn á tékkareikning nr. 2066 í Sparisjóði vélstjóra 400.000 kr. Reikningur þessi sé eign Njáls Kjartanssonar, Háahvammi 12, Hafnarfirði. Ofangreind innlögn hafi verið innt af hendi með ávísun nr. 291175, út gefinni af Trénýtingu hf. á tékkaeyðublað Sparisjóðs

Kópavogs, Austurbæjarútibú, á reikning nr. 3034. Innstæða hafi ekki reynst nægileg fyrir tékka þessum, og hafi Sparisjóður vélstjóra fengið hann endursendan 18.12.1988, þar sem umræddum reikningi hafi verið lokað sama dag, og væri einungis innstæða fyrir 127.886,87 kr., og eftirstöðvar væru því 272.113,13 kr. Stefnandi hafi snúið sér strax til útgefanda tékkans og krafið hann um áðurnefndan mun, en það reynst árangurslaust. Enn fremur hafi stefnandi snúið sér til móttakanda fjárins, en hann hafi þá þegar eytt fénu. Að kröfu hafi hann samþykkt að greiða ofangreindan mun, 272.113,13, kr. Honum hafi m.a. verið boðið af stefnanda að lána honum skuldabréf fyrir ofangreindri fjárhæð eða semja um greiðslu hennar, ef þörf væri. Efndir hafi þó ekki orðið á loforði þessu, og sé því mál þetta höfðað.

Málsástæður.

Stefnandi telur stefnda bera ábyrgð gagnvart sér skv. ólögfestum reglum skaðabótaréttar, þar sem stefnandi hafi orðið fyrir tjóni, vegna þess að stefndi hafi tekið út meira fé af tékkareikningi sínum í Sparisjóði vélstjóra en lagt hafi verið inn á reikning hans. Er umrædd innborgun hafi komið inn á reikning stefnda, hafi hann tekið allt féð strax út af reikningi sínum. Hann hafi notað hér fé bankans eins og sitt eigið þrátt fyrir vitneskju hans um, að innstæða væri ekki nægjanleg fyrir áðurnefndri ávísun, er lögð var inn á reikning hans. Sparisjóður vélstjóra gerir enn fremur þann fyrirvara á innleggseyðublöð sín, að innstæða sé fyrir innlögðum tékkum, og sé skv. því innborgun þessi ógild. Stefnda sem viðskiptamanni stefnanda hafi átt að vera þetta kunnugt. Skaðabótakrafan sé byggð á mismun tékkafjárhæðar og inneignar eða sem samsvarar endursendri tékkafjárhæð.

Skaðabótakrafan sundurliðast þannig:

Höfuðstóll 8.12. 1987	kr. 272.313,13?
Drv. af 272.313,13 kr. frá 8.12. 1987 til 8.12. 1988	— 123.929,70
	kr. 396.242,83
Drv. af 396.242,83 kr. frá 8.12. 1988 til 6.12. 1989	— 137.998,16
	Kr. 534.240,99

Krafan um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun sé reist á lögum nr. 50/1988, þar sem lögmönnum sé gert að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sinni. Stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur. Því beri honum nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda.

Lagarök.

Mál þetta sé höfðað skv. ólögfestum reglum skaðabótaréttar og 4. gr. tékkalaga nr. 94/1933.

Stefndi hefur hvorki sótt þing ná látið sækja, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá skv. 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma mál þetta skv. fram lögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina að öðru leyti en því, að dráttarvextir reiknast skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 af 272.113,13 kr. frá 8.12.1987 til greiðsludags.

Málskostnaður ákveðst 47.400 kr., þ. m. t. virðisaukaskattur, 8.409 kr., en málskostnaðarfjárhæðin án virðisaukaskatts beri drv. skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 15.6.1990 til greiðsludags.

Rúnar S. Gíslason, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Njáll Kjartansson, Háahvammi 12, Hafnarfirði, greiði stefnanda, Sparisjóði vélstjóra, Borgartúni 18, Reykjavík, 272.113,13 kr. með drv. skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 8.12.1987 til greiðsludags og 47.400 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskattur, 8.409 kr., en málskostnaðarfjárhæðin án virðisaukaskatts beri drv. skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 15.6.1990 til greiðsludags, allt innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 1. júní 1992.

Nr. 221/1992. **Helga Ingólfsdóttir vegna ólögráða sonar síns, Páls Helga Arnarsonar,**
gegn
Guðmundi J. Guðjónssyni, Guðrúnu V. Sverrisdóttur og félagsmálaráðherra vegna meðferðarheimilis að Sæbraut 2, Seltjarnarnesi.

Kærumál. Dómarar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Sóknaraðili hefur með kæru 18. f.m. skotið til Hæstaréttar úrskurði bæjarþings Seltjarnarness, sem kveðinn var upp 15. sama mánaðar, í bæjarþingsmáli nr. 605/1991, en í því er sóknaraðili meðalgöngustefnandi, sbr. dóm Hæstaréttar frá 8. janúar sl. í máli nr. 504/1991. Kæruheimild er í a-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Gögn kærumálsins bárust Hæstarétti 20. f.m.

Sóknaraðili krefst þess, að Finnbogi H. Alexandersson héraðsdómari víki sæti í málinu.

Varnaraðilarnir Guðmundur J. Guðjónsson og Guðrún V. Sverrisdóttir krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi lögmanns sóknaraðila, Tómasar Gunnarssonar hæstaréttarlögmanns.

Varnaraðilinn félagsmálaráðherra vegna meðferðarheimilis að Sæbraut 2, Seltjarnarnesi, krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar. Kærumálskostnaðar er ekki krafist.

Hinn kærði úrskurður er án forsendna, svo sem heimilt er samkvæmt 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 23. gr. laga nr. 54/1988. Úrskurðarorð er svohljóðandi:

„Finnbogi H. Alexandersson héraðsdómari víkur eigi sæti í máli þessu."

Héraðsdómari hefur í samræmi við nefnt lagaákvæði sent Hæstaréttí forsendur og rök fyrir úrskurðinum, er þannig hljóða:

„Dómarinn telur, að af hálfu meðalgöngustefndu hafi ... ekki verið færð fyrir því haldbær rök, að nokkrar athafnir dómara við rekstur þessa máls valdi því, að hann teljist vanhæfur til að fara með það eða að hætta sé á, að hann fái ekki litið óhlutdrægt á málavöxtu. Af þessum sökum er krafa um, að dómari víki sæti, ekki tekin til greina."

Rökstuðningur sóknaraðila fyrir kröfum í kærumálinu er í fimm liðum og að meginefni til svo sem nú verður rakið:

1. Hinn 30. apríl sl. var aðal- og varakröfu stefnenda í bæjarþingsmálinu nr. 605/1991 vísað frá dómi, en eftir stendur þrautavarakrafa þeirra. Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram, að dómsorð í þessum dómi sé rangt, en héraðsdómari hafi ekki orðið við ábendingu sinni um leiðréttingu á því. Hann hafi í þess stað kannað viðhorf annarra lögmanna málsins til þessa og farið eftir afstöðu lögmanns stefnenda, þegar hún lá fyrir.

2. Lögmaður sóknaraðila krafðist opinberrar rannsóknar á því, sem hann nefnir óréttmæta og ólögmæta gagnaöflun stefnenda í málinu. Fór hann af því tilefni fram á, að aðalflutningi málsins yrði frestað, uns afstaða ákæruvalds til þessarar kröfu lægi fyrir. Frestbeiðni var mótmælt, og var synjað um frest með úrskurði 8. maí sl. Lögmaður sóknaraðila telur, að með synjun frests, eins og á stóð, hafi héraðsdómari mismunað aðilum málsins gróflega.

3. Lögmaður sóknaraðila bendir á, að í þinghaldi 6. maí sl. hafi komið fram, að fleiri en stefnendur stæðu að höfðun málsins, raunar eigendur að minnsta kosti þrettán húsa á Seltjarnarnesi, og tækju þeir jafnframt þátt í kostnaði af rekstri málsins. Þær upplýsingar gefi til kynna, að brotið hafi verið gróflega gegn ákvæðum 88. gr. laga nr. 85/1936, að því er varðar atriði, sem greina skuli í stefnu. Með þessu hafi því að nokkru verið leynt, hverjir að málarekstrinum standi. Óskum lögmanns sóknaraðila um efnislega umfjöllun þessa og frávísun málsins hafi héraðsdómari ekki sinnt.

4. Vísað er til þess, að 19. maí sl. hafi verið þingfest í málinu meðalgöngusök, er Umsjónarfélag einhverfra höfðaði. Lögmaður sóknaraðila heldur því fram, að fresta hefði átt málinu, uns fengin var niðurstaða um það, hvort meðalgöngusök þessi fengi komist að

í því. Héraðsdómari hafi ekki tekið tillit til þessa gagnstætt því, er hann gerði við höfðun fyrri meðalgöngusaka í málinu, en ákveðið aðalflutning í málinu 19. sama mánaðar.

5. Lögmaður sóknaraðila vísar til úrskurðar og dóms, sem kveðnir voru upp í málinu í þinghaldi 21. apríl sl. Var í úrskurðinum fjallað um frávísunarkröfu sóknaraðila, er tók til allra krafna stefnenda, og henni hafnað. Í dóminum var hins vegar fjallað um frávísunarkröfu varnaraðila félagsmálaráðuneytisins, er einungis tók til aðal- og varakröfu stefnenda. Var þeim vísað frá dómi. Því er haldið fram, að það sé andstætt „gildri réttarfarsframkvæmd" að kveða upp dóm og úrskurð samtímis í sama máli og byggða á sama málflutningi. Heldur sóknaraðili því fram, að tilgangur héraðsdómara með þessari málsmeðferð hafi verið sá einn að víkja sér undan því að fjalla efnislega um veigamiklar málsástæður sóknaraðila.

Lögmaður sóknaraðila heldur því fram, að það, sem að framan er rakið, staðfesti, að héraðsdómari hafi í veigamiklum atriðum brotið venjubundnar reglur réttarfars um málsmeðferð. Þetta valdi því, að hann geti ekki við framhald málsins „komið fram og verið metinn sem kunnáttusamur og óhlutdrægur dómari í málinu". Beri honum því að víkja sæti, sbr. ákvæði 37. gr. og lokaákvæði 36. gr. laga nr. 85/1936.

Varnaraðilarnir Guðmundur J. Guðjónsson og Guðrún V. Sverrisdóttir reisa kröfu sína um staðfestingu hins kærða úrskurðar á því, að engin haldbær rök hafi komið fram fyrir kröfu sóknaraðila í kærumálinu, og sé krafan sýnilega tilefnislaus. Verði að ætla, að hún sé ekki til annars gerð en tefja rekstur málsins og koma í veg fyrir þegar ákveðinn aðalflutning þess 19. maí.

Varnaraðilinn félagsmálaráðherra reisir kröfu sína í kærumálinu á því, að krafa sóknaraðila eigi ekki við nein rök að styðjast.

Fallast ber á það með héraðsdómara, að eigi hafi komið fram haldbær rök fyrir því, að skilyrði séu til þess samkvæmt áður tilvitnuðum lagaákvæðum, að hann eigi að víkja sæti í málinu. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Krafa um kærumálskostnað úr hendi lögmanns sóknaraðila, Tómasar Gunnarssonar hæstaréttarlögmanns, er rökstudd með

skírskotun til 182. gr., sbr. 4. tl. 2. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936. Eigi þykja næg efni til að taka kröfu þessa til greina.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Þriðjudaginn 2. júní 1992.

Nr. 409/1991. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Kjartani Páli Guðmundssyni
(Gísli Baldur Garðarsson hrl.).

Líkamsárás. Skilorð. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson og Gunnlaugur Briem yfirsakadómari.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 1. október 1991, en einnig af ákæruvalds hálfu til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar refsingu.

Samkvæmt bréfi Inga H. Sigurðssonar héraðsdómslögmanns til ríkissaksóknara, dagsettu 29. maí 1992, hefur ákærði þegar greitt Axel Vilhjálmssyni skaðabætur ásamt vöxtum samkvæmt bótaákvæði hins áfrýjaða dóms. Þar sem ekki hefur verið óskað endurskoðunar á þessu ákvæði dómsins, verður það ekki tekið til meðferðar fyrir Hæstarétti, sbr. 147. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Meðferð máls þessa fyrir héraðsdómi er með þeim annmörkum, að sumir þeirra sjónarvotta, er gáfu skýrslur hjá lögreglu um atvik þau, sem ákært er út af, voru ekki kallaðir fyrir dóm. Er þetta aðfinnsluvert, en ekki þykja samt næg efni til að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim til nýrrar málsmeðferðar.

Ákæruliður 1.

Þegar ákærði kom fyrir dóm 19. apríl 1991 og var birt ákæra málsins, játaði hann sök sína samkvæmt þessum lið ákærunnar. Hann kvaðst þó ekki muna eftir atvikum sökum ölvunar. Játning ákærða er í samræmi við önnur gögn málsins, og telst sannað, að hann hafi hinn 10. júní 1990 gerst sekur um árás þá á Axel Vilhjálmsson, sem hann er ákærður fyrir, og varðar brot hans við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981.

Ákæruliður 2.

Í héraðsdómi er ekki getið áverkavottorðs vegna Ingibergs Daníels Jóhannssonar, sem lagt var fram í málinu, en það var gefið út af Páli Þorgeirssyni, lækni við Heilsugæslustöð Suðurnesja, 10. ágúst 1990. Þar segir meðal annars svo:

„Ofangreindur maður leitaði til undirritaðs, vaktlæknis á Heilsugæslustöð Suðurnesja í Keflavík, 4.8.90. Kom hann að morgni skömmu fyrir kl. 10.00. Kvaðst hann hafa verið staddur á Laugarvatni um nóttina, sætt þar árás, fengið hnefahögg í andlit og síðar spörk í andlit, endurtekið, þar sem hann lá í jörðinni. Taldi hann sig hafa rotast um stund. Sýndi hann eftirtalda áverka: 4 tennur í efri góm brotnar þvert rétt við tanngarð, framtennur báðar og næstu tennur við. Nokkurt mar innan á vörum, efri og neðri, undir slímhúð. Talsverður þroti yfir kinnbeini vi. megin. Rtg-mynd af kinnbeini leiddi ekki í ljós brot. Þá voru til staðar húðblæðingayrjur beggja vegna á hálsi. Vegna tannáverka reyndist nauðsynlegt að vísa piltinum á slysadeild Borgarspítala, þar sem möguleikar voru á útkalli munnholsskurðlækna."

Fyrir dómi viðurkenndi ákærði, að hann hefði hrist Ingiberg upp við bifreið og síðan slegið hann eitt hnefahögg með hægri hendi, en við það hefði Ingiberg fallið til jarðar. Hefðu þeir síðan verið stöðvaðir í frekari átökum. Þá kom einnig fram hjá ákærða fyrir dóminum, að hann hefði reynt að „kaupa (sig) út úr þessu á sínum tíma með því að borga honum kr. 300.000 og yrði þá fallið frá ákærunni. En er ríkissaksóknari vildi það ekki, þá ákvað ég að draga þetta tilboð til baka."

Bryndís Ásta Reynisdóttir, sambýliskona ákærða, bar fyrir dómi, að ákærði hefði hrist Ingiberg upp við bifreið og slegið hann, að hún hélt, tvisvar á vangann með krepptum hnefa, en eftir það hefði John Joseph Cramer skorist í leikinn og hindrað frekari átök.

Vitnið John Joseph Cramer gaf skýrslu bæði hjá lögreglu og fyrir dómi um það, sem fram fór greint sinn. Er framburður hans að verulegu leyti studdur frásögnum eiginkonu hans, þrettán ára dóttur og Hákonar Þórs Elmers hjá lögreglu, en öll voru þau sjónarvottar að þessu atviki. John Joseph kveðst ekki hafa séð upphaf átaka ákærða og Ingibergs, en þegar hann kom að, hefði Ingiberg virst rænulaus. Hefði ákærði hrist hann upp við bifreið og höfuð hans

skollið í þak hennar. Ákærði hefði slegið Ingiberg nokkrum sinnum í andlitið. Hefði Ingiberg fallið til jarðar og ákærði síðan sparkað í andlit hans. Þá kvaðst vitnið hafa fengið nóg og þrifið til ákærða og hent honum frá. Hann kvað Ingiberg hafa verið blóðugan í andliti eftir þetta. Eiginkona vitnisins og dóttir skýrðu svo frá hjá lögreglu, að blóð hefði lekið úr munni og nefi Ingibergs, og Hákon Þór Elmers kvað Ingiberg hafa haldið fyrir munninn eftir höggin.

Þegar litið er til þess, sem að framan er rakið, einkum framburðar Johns Josephs Cramers fyrir dómi, sem telja verður greinargóðan og trúverðugan og hafa stuðning af öðrum gögnum málsins, verður talið sannað, að ákærði hafi gerst sekur um líkamsárás á Ingiberg Daníel Jóhannsson. Miðað við sönnunarfærslu við meðferð málsins fyrir dómi þykir þó ekki fyllilega sannað, að ákærði hafi sparkað í Ingiberg, eftir að hann féll. Hins vegar er ljóst, að aðför hans var hættuleg og hrottafengin og að Ingiberg gerði litla sem enga tilraun til að bera hönd fyrir höfuð sér. Þykir ekki varhugavert miðað við frásagnir um útlit Ingibergs þegar eftir atlöguna að telja sannað, að tannbrot hans hafi hlotist af henni. Þykir ekkert marktækt hafa komið fram í málinu um, að hann kunni að hafa fengið þessa áverka á öðrum stað eða tíma. Miðað við þessar afleiðingar atlögu ákærða telst brot hans varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Ákærði hefur samkvæmt framansögðu gerst sekur um tvær líkamsárásir, sem báðar teljast fólskulegar, þótt afleiðingar hinnar síðari yrðu sýnu alvarlegri. Líta má hins vegar til þess, að ákærði hefur greitt skaðabætur til árásarþola samkvæmt ákærulið 1. Hann hefur ekki áður hlotið dóm fyrir brot á almennum hegningarlögum, en sætt viðurlögum vegna umferðarlagabrota, tvívegis áður en héraðsdómur gekk, en einu sinni eftir það.

Með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í þrjá mánuði, en rétt er, að fullnustu tveggja mánaða af refsingunni verði frestað skilorðsbundið í þrjú ár frá uppkvaðningu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar. Þá ber að dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Kjartan Páll Guðmundsson, sæti fangelsi í þrjá mánuði. Fresta skal fullnustu tveggja mánaða af refsingunni, og falli sá hluti hennar niður eftir þrjú ár frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gísla Baldurs Garðarssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur sakadóms Keflavíkur 27. júní 1991.

Ár 1991, fimmtudaginn 27. júní, er á dómþingi sakadóms Keflavíkur, sem háð er að Vatnsnesvegi 33, Keflavík, af Sigurði Halli Stefánssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í máli nr. 90/2067: Ákæruvaldið gegn Kjartani Páli Guðmundssyni, Heiðarholti 12, Keflavík, kt. 070869-5439, sem var dómtekið 21. maí sl.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dags. 8. febr. 1991, „fyrir eftirgreindar líkamsárásir á árinu 1990:

1) Aðfaranótt sunnudagsins 10. júní slegið Axel Vilhjálmsson, fæddan 2. júní 1959, hnefahögg í andlitið í gegnum opinn bílglugga leigubifreiðarinnar Y-3504 við félagsheimilið Stapa í Njarðvík, en þar sat Axel í hægra framsæti bifreiðarinnar. Við þetta bólgnaði og dofnaði Axel vinstra megin í andliti.

2) Aðfaranótt laugardagsins 4. ágúst á tjaldstæði á Laugarvatni í Árnessýslu ráðist á Ingimar (sic) Daníel Jóhannsson, fæddan 23. febrúar 1967, og slegið hann mörg hnefahögg í andlitið, svo að hann féll í jörðina, og þá sparkað nokkrum sinnum í hann, þar til nærstaddur maður stöðvaði árás hans. Vegna þessa brotnuðu báðar framtennur og næstu tvær tennur við þær úr efri gómi Ingimars (sic) Daníels þvert rétt við tanngarð, og hann marðist í andliti.

Telst liður 1 varða við 1. mgr. 217. gr., en liður 2 við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. og 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar auk skaðabóta".

Í ákæruskjali eru ritvillur: Ingimar í stað Ingiberg.

I.

Aðfaranótt sunnudagsins 10. júní 1990 kl. 2.09 var óskað aðstoðar lögreglu að félagsheimilinu Stapa í Njarðvík. Lögreglumaðurinn Gunnar Rúnarsson fór á vettvang við tvo aðra lögreglumenn.

Samkvæmt frumskýrslu Gunnars hittu þeir á staðnum Axel Vilhjálmsson. Axel kvaðst hafa verið staddur í leigubifreiðinni Y-3504, og hefði bifreiðin verið stödd á bifreiðaplani framan við anddyri félagsheimilisins Stapa í Njarðvík. Hann kvaðst hafa skrúfað niður rúðu til að kalla á eiginkonu sína. Hefði hann þá ekki vitað fyrr en hann var sleginn í andlitið af ákærða. Axel sagði árásina gerða algerlega að tilefnislausu. Þar sem ákærði var ofurölvi, var hann færður á lögreglustöðina í Keflavík. Ekki reyndist þá unnt að taka af ákærða skýrslu, svo að honum var ekið til síns heima.

Vitnið Guðrún Agnarsdóttir atvinnubílstjóri, Heiðarbóli 65, Keflavík, sagði Axel hafa setið í bílnum við hlið sér. Hefði hann skrúfað niður rúðuna og verið að kalla á konu sína til að vekja athygli hennar á því, að hann væri búinn að ná í leigubíl. Þá hefðu önnur hjón verið komin í aftursætið, og hefðu þau einnig verið vitni að því, er þessi ungi maður kom fyrirvaralaust að hægri hlið bílsins og barði farþegann í framsætinu bylmingshögg í andlitið inn um opinn gluggann. Hefði maðurinn verið greinilega ölvaður og brjálaður í skapi, að því er vitninu virtist. Kvaðst vitnið hafa þurft að aka bifreiðinni frá, þar sem þessi sami árásarmaður barði í bílinn og lét öllum illum látum. Hefði hún síðan kallað eftir lögreglu í bílastöðinni. Er lögreglan kom, hefði hún ásamt Axel bent lögreglunni á árásarmanninn. Vitnið sagði kæranda ekki hafa gefið ákærða neitt tilefni til þessarar árásar.

Vitnið Ester Grétarsdóttir kvaðst hafa verið sest í aftursæti leigubílsins ásamt manni sínum, en Axel setið í framsætinu, er maður kom þarna öllum að óvörum og barði Axel inn um opinn bílgluggann. Árásin hefði verið algerlega tilefnislaus og engin orð áður verið sögð, hvorki af hálfu Axels né árásarmannsins. Eftir að bílstjóri leigubílsina hefði kallað á lögreglu, hefði hann bent lögreglunni á árásarmanninn, og hefði lögreglan hirt manninn.

Framburður manns Esterar, Hjartar Vignis Jóhannssonar skipstjóra, Vallargötu 30, Sandgerði, var í öllum meginatriðum samhljóða hennar.

Vitnið Kristbjörg Ólafsdóttir, Hólagötu 5, Sandgerði, kvaðst hafa séð, er maður sinn var fyrirvaralaust sleginn inn um opinn bílglugga á leigubíl fyrir utan anddyri Stapa í Njarðvík. Ekkert hefði áður farið á milli ákærða og Axels, heldur hefði ákærði gengið rakleitt að bílnum og slegið Axel.

Ákærði var yfirheyrður bæði hjá lögreglu og hér fyrir dómi. Hann kvaðst muna eftir því, er lögreglan handtók sig framan við félagsheimilið Stapa í Njarðvík. Hann kvaðst ekki hafa vitað, hvers vegna hann var handtekinn, enda verið mjög ölvaður. Kvaðst hann ekki muna eftir að hafa slegið Axel

í umrætt skipti. Hann hefði ekki verið að koma úr Stapa, heldur verið nýlega kominn úr Keflavík með einhverjum bíl. Ákærði bar að öðru leyti við algeru minnisleysi um atburði kvöldsins vegna ölvunar, en kvaðst ekki rengja ofangreindan framburð vitna. Hann sagðist ekki muna eftir deilum við Axel fyrir árásina.

Vitnið Guðjón Vilhelm Sigurðsson, Sólvallagötu 46, Keflavík, kveðst hafa verið staddur með ákærða fyrir framan Stapa 10. júní og ætlunin verið sú að fara á ball í Stapa. Ákærði hafi verið talsvert ölvaður, en vitnið lítið. Vitnið sagði þá hafa verið stadda í anddyri Stapa, er ákærði lenti í einhverju orðaskaki við mann, sem hann síðar sló í leigubílnum. Vitnið kvaðst ekki vita, hvað þeim fór á milli, en taldi, að Axel hefði sagt eitthvað móðgandi við ákærða. Vitnið kveðst síðan hafa séð, hvar ákærði strunsaði út að leigubifreið og barði til Axels, sem sat í framsæti hægra megin í bifreiðinni.

Í málinu liggur fyrir áverkavottorð Hreggviðar Hermannssonar, læknis á Heilsugæslustöð Suðurnesja í Sandgerði. Í vottorðinu segir m.a.:

„Við skoðun: Í dag, 12.6.90, er hann bólginn í andliti vi. megin og kvartar um verk í þeim andlitshelmingi. Hann er hvellaumur yfir pars maxillaris sin. og upp í augnbotn og út í nef, það er dofi í efri góm frá miðframtönn aftur í jaxla, einnig dofi í andliti vi. megin og mimic skert."

Einnig liggur fyrir vottorð sama læknis, dagsett 4.7.90, um það, að Axel hafi verið óvinnufær fyrst á eftir af völdum árásarinnar, en sé orðinn vinnufær.

Ákærði hefur hér fyrir dómi hvorki játað né neitað að hafa slegið Axel í umrætt sinn. Með skýrslum lögreglumanna, vætti vitna og áverkavottorði er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um athæfi það, er greinir í fyrri lið ákæru. Varðar brotið ákærða refsingu samkvæmt 1. mgr. 217 gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981.

II.

Samkvæmt skýrslu Elíss Kjartanssonar lögreglumanns og vitnisburði hér fyrir dómi barst laugardaginn 4. ágúst 1990 kl. 3.45 tilkynning til lögreglunnar í Árnessýslu um slasaðan mann við Tjaldmiðstöðina á Laugarvatni. Vitnið sagðist ekki muna, hvort það og lögreglumaður sá, sem fór með því á vettvang, hefðu verið stödd í aðsetri lögreglunnar, sem hafi verið í heilsugæslustöð aðeins steinsnar frá Tjaldmiðstöðinni, eða í eftirlitsferð um svæðið, þegar útkallið kom. Við Tjaldmiðstöðina hefðu tveir eða þrír menn komið, leiðandi Ingiberg D. Jóhannsson, Heiðarholti 20, Keflavík, og sagt hann hafa orðið fyrir árás. Var Ingiberg mjög ölvaður. Vitnið kvaðst strax hafa séð, að í hann vantaði fjórar framtennur. Sárið hefði virst mjög nýlegt, því að blóð hefði verið um það bil að leka í fötin, en mikið

hefði blætt úr munninum. Ekki fundust tennurnar á vettvangi né gaf sig nokkur fram sem vitni, þrátt fyrir það að mikill fjöldi ungmenna væri á staðnum.

Vitnið var spurt um tímasetningu, sem getið er í skýrslu, en þar stendur kl. 3.45. Vitnið sagði, að það væri sá tími, sem sú tilkynning kom til lögreglunnar, að þörf væri aðstoðar. Þessi tímasetning sé venjulega tvískráð, þ.e. bæði á stöðinni og hjá þeim lögreglumönnum, sem fara í útkallið.

Vitnið sagði, að fyrst hefði Ingiberg talað um, að þrír menn hefðu ráðist á sig. Þeir, sem komu með hann, hefðu tekið undir þessa frásögn hans, en sagst ekki hafa séð árásina. Lögreglan hefði ekið með hann niður á heilsugæslustöð, þar sem gert var að meiðslum hans. Hann hefði síðan farið upp á svæðið aftur. Seinna um morguninn kom svo Ingiberg aftur að máli við lögreglu og sagðist hafa áttað sig á, hver hefði slegið sig, og nefndi ákærða.

Framburður ákærða og vitna hjá lögreglu og hér fyrir dómi verður að öðru leyti rakinn.

Ingiberg D. Jóhannsson skýrði svo frá, að hann hefði komið á Laugarvatnssvæðið að líkindum kl. 1-2 aðfaranótt laugardagsins 4. ágúst 1990 ásamt kunningjum sínum, sem hann varð síðan viðskila við. Hann kvaðst ekki vita, hvað klukkan var, er ákærði veittist að sér án tilefnis og sló sig með krepptum hnefa. Hann kvaðst hafa verið mjög ölvaður og ekki muna eftir tildrögum að öðru leyti en því, að hann hefði eitthvað verið að rífast við unnustu ákærða, Bryndísi, sem hann kannaðist við fyrir. Hann mundi ekki eftir að hafa borið á hana sakir um að hafa brotið í sér tönn. Hann minnti, að Bryndís hefði reynt að rífa í hár sér, og hann þá reynt að taka í höndina á henni. Þá hefði Bryndís öskrað. „Svo, þegar ég lít við, þá sé ég bara einn hnefa, en síðan bara svart." Hann kvaðst hafa orðið var við, þegar hann rankaði við sér, að tennur sínar voru brotnar og mikið blæddi úr munni. Kvaðst hann ekki hafa orðið fyrir annarri árás. Við yfirheyrslu hjá lögreglu bar hann, að John Cramer hefði farið með sér að aðsetri lögreglu, en hér fyrir dómi bar hann, að er hann hefði hitt aftur fólkið, sem með sér var, þar á meðal Kristján Frey Geirsson, hefði hann farið að aðsetri lögreglunnar á Laugarvatni og hringt til föður síns, sem hefði sótt sig, og hefði hann síðan farið á Heilsugæslustöðina í Keflavík.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að um miðnætti aðfaranótt laugardagsins 4. ágúst 1990 hefði unnusta sín, Bryndís Ásta Reynisdóttir, komið til sín, þar sem þau voru að Laugarvatni, og sagt, að Ingiberg hefði áreitt sig. Hefði Bryndís sagt, að Ingiberg hefði tekið í sig, snúið upp á hendur sér og farið illa með sig að öðru leyti. Ákærði kvaðst hafa séð, að Bryndís var rispuð og blóðug á fingrum. Ástæða áreitninnar hafi verið sú, að Ingi-

berg hafi verið að ásaka Bryndísi um að hafa brotið í sér tönn eða tennur. Ákærði kvaðst í framhaldi af þessum upplýsingum hafa farið að leita að Ingiberg til að ræða við hann og fundið hann mjög ölvaðan og vart viðræðuhæfan við göngustíg að tjaldsvæðinu, töluverðan spöl frá Tjaldmiðstöðinni. Ákærði hefði spurt Ingiberg út í ásakanir hans í garð Bryndísar. Fyrst í stað hélt Ingiberg því fram, að Bryndís hefði brotið í honum tönn, en síðan breytti hann frásögninni og sagði, að það hefði verið einhver önnur stelpa. Framhaldinu lýsti ákærði svo, að hann hefði tekið báðum höndum í jakka Ingibergs, sem þá hefði tekið í peysu ákærða. Ákærði hefði hrist Ingiberg upp við hvítan bíl og slegið hann eitt hnefahögg á vinstri vanga. Ingiberg hefði hnigið niður á malarborið moldarsvæði, sem þar var. Hann kvað eitthvert fólk hafa skilið þá að. Hann kvaðst ekki hafa séð, að tennur Ingibergs væru brotnar eða að hann væri blóðugur, og hefði hann staðið upp án þess að segja neitt. Ákærði kvaðst hafa verið ölvaður, en ekki mikið. Ákærði kvaðst ekki geta fullyrt neitt um það, hvort Ingiberg var ómeiddur, þegar fundum þeirra bar saman, annað en það, að hann hefði ekki verið blóðugur í framan. Sérstaklega aðspurður sagðist ákærði ekki hafa sparkað í Ingiberg. Honum var kynntur framburður vitna um það, að hann hefði sparkað í Ingiberg, en hann hélt fast við framburð sinn.

Ákærði var spurður sérstaklega um það, þegar þeir Ingiberg rifu hvor í annan við upphaf átakanna. Ákærði kvaðst hafa haldið um axlir Ingibergs og hrist hann. Ingiberg hefði staðið við fyrrgreindan bíl, og því hefði hann lent með bakið í bílnum, en ákærði sagðist ekki hafa orðið þess var, að hann lenti með höfuðið utan í bílnum. Ákærði taldi, að þetta eina högg, sem hann sló Ingiberg, hefði ekki getað valdið tannbrotunum.

John Joseph Cramer, Reykjanesvegi 56, Njarðvík, skýrði svo frá, að hann hefði verið á gangi með eiginkonu sinni og 13 ára dóttur, er hann varð vitni að því, að þrekinn strákur (ákærði) lamdi Ingiberg, sem hefði verið rænulítill, nokkrum sinnum í andlitið, haldið honum síðan upp við hvítan Toyota-bíl og hrist hann þannig, að höfuðið slóst utan í þakbrúnina, og er Ingiberg hefði fallið í jörðina, hefði hann sparkað í höfuð hans sem fótbolti væri. Hann kvaðst ekki hafa orðið vitni að aðdraganda eða upphafi átaka. Er þarna var komið, hefði sér þótt nóg komið, gengið á milli og tekið ákærða frá Ingibergi. Hefði ákærði verið mjög æstur og talað um, að Ingiberg hefði barið konuna hans. Ung kona hefði verið þarna nærstödd. Hefði hún verið áberandi ölvuð, mjög æst og talað um, að Ingiberg hefði barið sig. Hann kvaðst ekki hafa farið með Ingiberg í varðstofu lögreglu. Hann kvað Ingiberg hafa farið fljótlega í burtu, en daginn eftir hefði hann frétt, að hann hefði misst tennur. Hann kvaðst ekki hafa litið á klukku, en telja, að atvik málsins hefðu orðið eftir kl. 23 og fyrir kl. 3 umrædda nótt.

Ósk Sigmundsdóttir, eiginkona Johns J. Cramers, kvaðst hafa verið með manni sínum og dóttur, er þau urðu vör við átök við tjaldsvæðið á Laugarvatni. Hefði hún séð, að verið var að berja mann upp við hvítan bíl, en hún hefði hvorki þekkt árásarmanninn né fórnarlambið. Hefði sá, sem þreknari var, barið hinn manninn og verið eitthvað svo hatursfullur. Smávaxin stúlka, sem virtist vera áhangandi árásarmanninum, hefði æst hann upp til að lúskra á manninum. Hún kvaðst muna, að maðurinn hentist til og frá við barsmíðarnar. Vitnið sagði átök þessi hafa verið á einn veg, því sá, sem sleginn var, hefði ekki virst neitt geta varið sig. Hefði þessi árás borist í jörðina, og þar hefði árásarmaðurinn sparkað í hinn manninn, en þá hefði fokið í mann sinn og hann ekki getað horft lengur upp á þennan ójafna leik. Vitnið kvaðst hafa fengið þessa lágvöxnu stúlku með sér afsíðis, til að hún væri ekki að æsa árásarmanninn meira upp. Hefði greinilega verið mikil heift í henni. Hún hefði kvartað yfir því við vitnið, að þessi Ingiberg hefði komið eitthvað við sig. Hefði hún sýnt vitninu hendur sínar og spurt, hvort þær bæru þess merki, að hún hefði gert eitthvað. Voru hendur hennar blóðugar um neglur og í fingurgreipum. Vitnið sagði, að manni sínum hefði tekist að draga árásarmanninn í burtu. Stúlkan hefði æpt í sífellu: „Hann kom við mig, hann kom við mig“ — og látið mjög ófriðlega. Hefði ekki farið á milli mála, að þetta par var mjög ölvað og einnig Ingiberg. Vitnið kvaðst ekki geta sagt til um áverkana á Ingibergi, en man, að blóð lak úr báðum munnvikum hans, er hún sá hann enn uppistandandi við hvíta bílinn. Hún kvaðst ekki hafa veitt því athygli, hvernig hann fór í burtu.

Geirþrúður Ósk Geirsdóttir, 13 ára, dóttir Óskar Sigmundsdóttur, kvaðst hafa séð tvo menn upp við fólksbíl nærri tjaldsvæðinu á Laugarvatni, og hefði annar hálfvegis legið með bakið upp við þakbrún bílsins, en hinn, sem meiri var um sig, staðið yfir honum með reiddan hnefann, er hún sá fyrst til þeirra. Sagði vitnið hinn grennri ekki hafa virst þora að segja eða gera neitt, en hinn hefði síðan slegið hann oftar en einu sinni í andlitið. Einhver stúlka hefði verið þarna og sagt, að sá, sem á bílnum lá, hefði eitthvað hrint sér eða komið við sig, líkt og hún væri að klaga þann, sem barinn var. Hefði stúlkan bent á aðra sem vitni að því, að sá, sem laminn var, hefði hrint sér í götuna. Vitnið kvaðst hafa séð manninn falla á jörðina og séð eitthvert blóð koma úr munni og nefi. Þá hefði árásaraðilinn sparkað í manninn víðs vegar, en vitnið kvaðst ekki visst um staðina, er spörkin lentu á. Það hefði ekki heldur séð upp í manninn, sem hefði verið með lokaðan munn og ekki getað aðhafst neitt nema verjast höggum og spörkum. Vitnið taldi fólk það, sem hlut átti að máli, hafa verið ölvað. Vitnið sagði stjúpföður sinn hafa gripið inn í árásina, er maðurinn hóf að sparka í þann liggjandi, og tekið hann burtu.

Bryndís Ásta Reynisdóttir, Heiðarholti 12, Keflavík, sagði það ekki vera rétt, að það hefði hvatt ákærða til að lúskra á Ingibergi. Hins vegar hefði það svarað þeim John Cramer og konu hans, er þau voru að segja því að stöðva ákærða, að ákærði mætti vel berja Ingiberg. Fundum vitnisins og Ingibergs hefði áður borið saman þarna á svæðinu, en þá hefði hann verið að rífast við einhverjar stelpur. Hefði vitnið og vinkona þess, Jóhanna, þá komið að tala við hann, en Ingiberg þá sakað vitnið um að hafa brotið í sér tönn. Þær hefðu þá ætlað að fara í burtu, en hann þá togað í vitnið og það ýtt honum í burtu. Ekki hefði hann sýnt vitninu neina brotna tönn, og ekki hefði blætt úr honum. Ekki hefði verið neinn fótur fyrir þessum ásökunum hans. Hann hefði síðan elt þær um svæðið, þrátt fyrir það að þær reyndu að hlaupa hann af sér. Ingiberg hefði síðan náð taki á hendi vitnisins og snúið upp á hana aftur fyrir bak og dregið vitnið þannig svolítinn spotta, þar til kunningi hans kom að og losaði það. Vitnið kvaðst hafa hruflast á hægri hendi af völdum Ingibergs, og hefði blætt eitthvað úr hendinni fyrst á eftir. Ingiberg hefði verið mjög ölvaður og vitnið einnig nokkuð. Stuttu síðar kvaðst vitnið enn hafa hitt ákærða (sic), og hefði hann þá tekið það harkalegu hálstaki og viljað fá að vita, hvar vinkona þess væri, sem hefði brotið í sér tönn. Þá hefði vitnið verið búið að fá nóg af þessum ágangi Ingibergs og farið til ákærða, sem staddur var þarna skammt undan, og kvartað við hann undan þessum manni. Hefði ákærði þá komið og tekið í Ingiberg og hrist hann til við bíl þarna á svæðinu og innt hann eftir, hvað hann vildi vitninu. Sagðist vitnið hafa séð ákærða slá Ingiberg tvö hnefahögg á vinstri vangann. Vitnið kvaðst ekki hafa séð ákærða sparka í Ingiberg, heldur hefði það séð, hvar John Cramer kom aðvífandi, og hefði hann tekið ákærða með sér í burtu. Þá hefði Ingiberg staðið við bílinn. Vitnið sagðist hafa fylgst með viðskiptum þeirra ákærða og Ingibergs allan tímann, einnig meðan það var að tala við Ósk Sigmundsdóttur. Vitnið hefði síðan séð, hvar Ingiberg gekk í burtu, og þá ekki séð neitt blóð á honum. Það taldi atburðinn ekki hafa orðið síðar en kl. 1.15.

Jóhanna Björk Sigurbjörnsdóttir, Norðurvöllum 6, Keflavík, skýrði svo frá, að hún hefði verið á tjaldsvæðinu á Laugarvatni ásamt Bryndísi Ástu, er Ingiberg kom aðvífandi dauðadrukkinn. Þetta taldi hún hafa verið fyrir miðnætti. Hefði hann aðallega áreitt Bryndísi og m.a. hrint henni þarna á malarveginum. Hann hefði fett á henni höndina og klórað hana til blóðs. Hefði þá unnusta hans komið og tekið hann burtu, en stuttu síðar hefði hann við „sjoppuna“ á svæðinu enn angrað Bryndísi og þá tekið hana hálstaki. Hefði Ingiberg ýmist talað um, að Bryndís eða einhver önnur stelpa hefði slegið sig og brotið í sér tönn, en dagsetning þess verið á reiki. Hún sagðist ekki hafa þá séð áverka á honum.

Nokkru síðar, eftir miðnætti, hefði Ingiberg aftur verið kominn á svæðið og Bryndís þá farið að ræða við ákærða um háttalag Ingibergs fyrr um kvöldið. Hefði ákærði þá tekið Ingiberg og hrist hann töluvert til, og kvaðst hún hafa séð ákærða kýla Ingiberg eitt högg með hægri hnefa, þar sem hann stóð upp við einhvern bíl. Hún hefði ekki séð, hvort áverkar hlutust af. Aðspurð, hvort ákærði kynni að hafa slegið Ingiberg oftar en einu sinni, kvaðst hún ekki geta sagt til um það, en hún hefði farið að tala við konu Johns Cramers og ekki fylgst svo vel með þeim ákærða og Ingibergi og ekki hafa séð John taka ákærða frá Ingibergi.

Hákon Þór Elmers, Garðbraut 72, Garði, kvaðst hafa séð, er Ingiberg varð fyrir umræddri árás. Hann sagðist kannast við Ingiberg og hefði ætlað að fara að tala við hann, er maður, Kjartan að nafni, kom þar að. Með Kjartani hefði verið stúlka, líklegast vinkona hans, lítil og dökkhærð. Hefði hún verið æst, og allir umræddir aðilar myndu hafa verið ölvaðir. Ákærði hefði farið að skammast við Ingiberg og síðan tekið hann og hrist til upp við bíl. Hefði sér skilist, að þetta snerist eitthvað um fyrri hegðan Ingibergs gagnvart stúlkunni. Hann kvaðst hafa fylgst með, er ákærði sló Ingiberg talsvert fast í andlitið. Hefði Ingiberg ekki slegið á móti, heldur reynt að verjast með því að snúa andlitinu undan. Hefði ákærði barið Ingiberg aftur, oftar en einu sinni, og höggin lent víðs vegar á andliti eða höfði. Ekki kvaðst hann hafa séð ákærða sparka í Ingiberg, en John Cramer hefði komið og stöðvað árásina, og hefði Ingiberg þá legið á vélarhlíf bílsins. Ingiberg hefði farið í burtu og haldið fyrir munninn eftir höggin, svo að ekki sást, hvort hann bar áverka.

Kristján Freyr Geirsson, Heiðarholti 20, Keflavík, kvað þá Ingiberg hafa komið saman um miðnætti að Laugarvatni, en orðið þar viðskila. Vitnið var síðan á leið í „sjoppuna" við Tjaldmiðstöðina, þegar Ingiberg kom hlaupandi til þess og sagði því, að hann hefði verið sleginn eða sparkað framan í sig. Hefði hann sýnt vitninu, að fjórar tennur vantaði í sig, og var hann allur blóðugur í framan. Ingiberg hefði í fyrstu ekkert vitað, hvað hefði komið fyrir sig, en aldrei nefnt árás þriggja manna. Vitnið kvaðst hafa gengið með Ingibergi til aðseturs lögreglunnar og rætt við Elís Kjartansson. Síðan fór Ingiberg aftur upp á svæðið, en þar virtist hafa rifjast upp fyrir honum, hvað gerst hafði.

Vitnin Elís Kjartansson og Kristján Freyr Geirsson voru samprófuð um þau atriði, er misræmis gætti í framburði þeirra, og hélt þá hvort fast við sinn framburð.

Af framangreindum vitnum gáfu eftirtalin aðeins skýrslu hjá rannsóknarlögreglu: Ósk Sigmundsdóttir, Geirþrúður Ósk, Jóhanna Björk og Hákon Þór.

Niðurstöður.

Dómurinn lítur svo á, að telja verði sannað, að Ingiberg, sem var ofurölvi, hafi angrað unnustu ákærða, Bryndísi Ástu Reynisdóttur, og hafi hún því leitað til ákærða. Ákærði hefur viðurkennt að hafa slegið Ingiberg eitt hnefahögg á vinstri vanga. Með vísan til framburðar vitnanna Johns Josephs Cramers, Óskar Sigmundsdóttur, Geirþrúðar Óskar Geirsdóttur, Bryndísar Ástu Reynisdóttur og Hákonar Þórs Elmers þykir þó sannað, að ákærði hafi slegið Ingiberg að minnsta kosti tvö hnefahögg í andlitið. Með framburði vitnanna Johns Josephs, Óskar Sigmundsdóttur og Geirþrúðar Óskar þykir einnig nægilega sannað, að ákærði hafi sparkað í andlit Ingibergs, eftir að Ingiberg var fallinn í jörðina. Ekki þykir hins vegar öruggt, að Ingiberg hafi við árás þessa hlotið þá áverka, sem um getur í ákæru, þegar litið er til þess, að nokkur tími kann að hafa liðið, frá því að umrædd árás varð, þar til að vitni urðu að meiðslum Ingibergs. Einnig ber þess að gæta, að Ingiberg var ofurölvi og hafði fyrr um kvöldið áreitt nokkra svæðisgesti og viðhafði þá að sögn áburð um tannbrot. Samkvæmt framburði Elíss Kjartanssonar talaði Ingiberg einnig í fyrstu um þrjá árásarmenn. Verður því að sýkna ákærða af broti gegn 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981. Hann þykir hins vegar hafa gerst sekur um brot gegn 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974.

III.

Ákærði hefur ekki áður sætt neinum refsingum, er hér skipta máli.

Við ákvörðun refsingar ákærða varðandi hegningarlagabrot það, sem getur um í ákærulið 1, verður litið til þess, að sú árás þykir hafa verið gerð algerlega að tilefnislausu.

Með árás þeirri, er um getur í ákærulið 2, þykir hann samkvæmt því, sem að framan er rakið um háttsemi tjónþola, hafa gefið ákærða nokkurt tilefni til árásarinnar með því að veitast að unnustu hans. Á móti kemur, að árásin var gróf og ákærði virðist lítið hafa skeytt um afleiðingar, sem hún kynni að hafa í för með sér.

Refsing ákærða þykir samkvæmt tilgreindum ákvæðum almennra hegningarlaga, sbr. 1. mgr. 77. gr. sömu laga, hæfilega ákveðin varðhald 30 daga.

Axel Vilhjálmsson, Holtsgötu 5, Sandgerði, hefur gert svofellda skaðabótakröfu með vísan til áður fram settrar hærri kröfu í bréfi, dags. 9.11.1990:

Fjárhagslegt tjón	kr. 313.340
Miskabætur	kr. 50.000
Samtals	kr. 363.340
Að frádregnum 33% vegna eingreiðslu og skattahagræðis	kr. 121.113
	Kr. 242.237

auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 9.11.1990 til greiðsludags. Þá er þess krafist, að leggja megi dráttarvexti við höfuðstól skuldarinnar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 9.11.1991.

Ákærði samþykkti kröfuna í þinghaldi 23. maí sl. um annað en vexti. Krafan verður tekin til greina, þó þannig, að vextir skulu vera jafnháir vergu meðaltali vaxta af almennum óbundnum sparisjóðsreikningum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum, sbr. 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, frá 9.11.1990 til 23.5.1991, en dráttarvextir samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags. Dráttarvextir leggist við höfuðstól einu sinni á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 23.5.1992.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talinna málsvarnarlauna skipaðs verjanda ákærða, Gísla Baldurs Garðarssonar, sem þykja hæfilega ákveðin 60.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Kjartan Páll Guðmundsson, sæti varðhaldi 30 daga.

Ákærði greiði Axel Vilhjálmssyni, Holtsgötu 5, Sandgerði, bætur, að fjárhæð 242.237 kr., ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, frá 9.11.1990 til 23.5.1991, en dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags. Dráttarvextir leggist við höfuðstól einu sinni á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 23.5.1992.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gísla Baldurs Garðarssonar hrl., 60.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 3. júní 1992.

Nr. 128/1990. **Pétur Gunnlaugsson**
(sjálfur)
gegn
Gluggasmiðjunni hf.
(Gísli Baldur Garðarsson hrl.),
Íslandsbanka hf.,
Landsbanka Íslands,
Sigurði Kristjánssyni og
þrotabúi Péturs Gunnlaugssonar.

Gjaldþrotalög. Lögheimili.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Gunnar M. Guðmundsson og Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. mars 1990 og krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði ómerktur. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu.

Stefndi Gluggasmiðjan hf. krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Aðrir stefndu gera ekki kröfur í málinu, og af þeirra hálfu var ekki sótt þing við munnlegan flutning málsins.

I.

Hinn áfrýjaði úrskurður var kveðinn upp í skiptarétti Reykjavíkur 28. desember 1989 af Ragnari Halldóri Hall borgarfógeta. Úrskurðurinn er án forsendna, og er úrskurðarorð svohljóðandi:

„Bú Péturs Gunnlaugssonar, kt. 060748-3659, Reykjavík, er tekið til gjaldþrotaskipta."

II.

Hinn 29. maí 1989 var í fógetarétti Reykjavíkur reynt fjárnám hjá áfrýjanda að beiðni stefnda Gluggasmiðjunnar hf. til tryggingar skuld samkvæmt aðfararhæfri áskorunarstefnu, að fjárhæð 7.244 krónur. Fór fjárnámsgerðin fram að Efstaleiti 12 í Reykjavík að áfrýjanda viðstöddum. Lýsti hann yfir því við fógeta, að hann gæti ekki greitt skuldina og væri eignalaus, og var gerðinni lokið sem

árangurslausri. Á grundvelli þessarar aðfarargerðar krafðist stefndi Gluggasmiðjan hf. gjaldþrotaskipta á búi áfrýjanda með beiðni 6. júlí 1989 til skiptaréttar Reykjavíkur, og fylgdu aðrir stefndu í kjölfarið með skiptabeiðnum 10. júlí og 4. og 28. ágúst 1989. Nam höfuðstóll skulda áfrýjanda við beiðendurna samtals 590.437,20 krónum.

Með skiptastefnu, út gefinni 8. september 1989 af skiptaráðanda í Reykjavík, var áfrýjandi kvaddur til þess að mæta í skiptarétti Reykjavíkur 29. sama mánaðar, þegar kröfur umræddra beiðenda yrðu teknar þar til meðferðar. Mætti hann annars búast við, að bú hans yrði tekið til gjaldþrotaskipta án frekari fyrirvara í samræmi við 5. mgr. 18. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Stefna þessi var birt að Efstaleiti 12, þar sem móðir áfrýjanda átti heimili, og var hann einnig talinn eiga heimili þar. Birtinguna annaðist starfsmaður embættis yfirborgarfógeta, og fór hún fram 25. september fyrir móður áfrýjanda, sem falið var að afhenda honum stefnuna. Áfrýjandi mætti ekki til hins boðaða þinghalds í skiptaréttinum, og var málið tekið til úrskurðar að kröfu skiptabeiðenda. Var úrskurður um gjaldþrotaskipti kveðinn upp í öðru þinghaldi 28. desember 1989, svo sem fyrr greinir.

Áfrýjandi kveðst ekki hafa fengið umrædda skiptastefnu í hendur og ekki fengið vitneskju um hinn áfrýjaða úrskurð fyrr en í marsmánuði 1990. Kveður hann móður sína hafa endursent stefnuna til embættis yfirborgarfógeta með ábyrgðarbréfi, sem póstlagt var 26. september 1989. Ekki er í ljós leitt, hvenær bréf þetta barst embættinu, og hefur það ekki verið lagt fram í málinu.

III.

Áfrýjandi reisir kröfu sína í fyrsta lagi á því, að stefndu hafi ekki nægа lögvarða hagsmuni af því að koma fram gjaldþroti á búi sínu, þar sem hann hafi lýst yfir eignaleysi við fyrrgreint fjárnám og sýnt sé, að stefndu fái ekkert upp í kröfur sínar.

Í annan stað bendir áfrýjandi á, að ástæða sé til að draga í efa, að lögformlega rétt hafi verið að máli þessu staðið fyrir skiptarétti, þar sem skiptastefna hafi ekki verið birt fyrir sér, heldur móður sinni á heimili hennar, en hann hafi ekki átt lögheimili þar.

Í þriðja lagi skírskotar áfrýjandi til laga nr. 92/1989 um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði og nýrra laga um gjaldþrota-

skipti o.fl. nr. 21/1991, er taka gildi 1. júlí 1992. Höfuðrök að baki hinum nýju lögum séu, að ekki samrýmist stefnumörkun laga nr. 92/1989, að héraðsdómarar gegni þeim umsýslustörfum við gjaldþrotaskipti, sem þeir hafi með höndum samkvæmt gjaldþrotalögum nr. 6/1978.

Þessum málsástæðum áfrýjanda er öllum mótmælt af hálfu stefnda Gluggasmiðjunnar hf.

IV.

Áfrýjandi, sem er lögfræðingur og flutti mál sitt sjálfur, lýsti yfir því við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti, að lögheimili sitt í september 1989 hefði verið að Skólavörðustíg 18 í Reykjavík. Jafnframt gat hann þess, að hann hefði á þeim tíma verið fluttur þaðan búferlum og ekki átt fast heimilisfang, en dvalist töluvert utan Reykjavíkur og einnig m.a. á heimili systur sinnar. Í birtingarvottorði með skiptastefnu segir, að stefnan sé birt Kristínu Pétursson, móður áfrýjanda, á heimili þeirra.

Við áðurnefnda fjárnámsgerð að Efstaleiti 12 hittist áfrýjandi þar fyrir. Hann virðist ekki hafa fullnægt tilkynningarskyldu um aðsetursskipti undanfarin ár, sbr. 2. og 3. gr. laga nr. 73/1952 um tilkynningu aðsetursskipta. Á þjóðskrá er lögheimili áfrýjanda enn skráð að Skólavörðustíg 18 þrátt fyrir umræddan búferlaflutning. Í áfrýjunarstefnu máls þessa tilgreinir hann Efstaleiti 12 sem dvalarstað sinn. Telja verður, eins og á stóð, að birting skiptastefnu hafi fullnægt ákvæðum 18. gr. gjaldþrotalaga.

Um gjaldþrotaskipti á búi áfrýjanda fer að gjaldþrotalögum nr. 6/1978. Í c-lið 1. mgr. 13. gr. þeirra laga er skýrt tekið fram, að árangurslaus aðför veiti lögmætt tilefni til kröfu um gjaldþrotaskipti á búi gerðarþola. Telja verður með skírskotun til þessa lagaákvæðis og til 2., 3. og 5. mgr. 18. gr. laganna, að skilyrði hafi verið til uppkvaðningar hins áfrýjaða úrskurðar, sbr. 19. gr. laganna, og að málsmeðferð hafi verið lögmæt. Heimilt var, að úrskurðurinn væri án forsendna, sbr. 3. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 23. gr. laga nr. 54/1988.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi greiði stefnda Gluggasmiðjunni hf. málskostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Pétur Gunnlaugsson, greiði stefnda Gluggasmiðjunni hf. 25.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Fimmtudaginn 4. júní 1992.

Nr. 98/1992. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Ágústi Sigurlaugi Haraldssyni
(Jón Oddsson hrl.).

Fjársvik. Tilraun. Vátrygging. Skaðabætur. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 12. febrúar 1992. Af hálfu ákæruvaldsins er þess krafist, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru og dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta.

Eldur varð skyndilega laus í stýrishúsi báts ákærða um kl. 7.45 mánudagsmorguninn 25. febrúar 1991, þar sem hann lá við bryggju í smábátahöfninni í Grindavík. Að sögn vitna magnaðist eldurinn fljótt, og var báturinn alelda þegar slökkvilið kom kl. 8.00, og var yfirbyggingin brunnin niður. Enginn varð var mannaferða í bát ákærða á þessum tíma. Skýrslur voru teknar af vitnum hjá lögreglunni í Grindavík. Ákærði sagði við skýrslutöku samdægurs, að hann hefði farið í bátinn föstudagskvöldið áður og kveikt upp í olíukyntri kabyssu og látið loga í henni, er hann fór heim um kvöldið. Á laugardeginum hefði hann komið aftur og aftur á sunnudeginum og þá enn skilið eftir logandi í kabyssunni og látið loga glatt. Yfirgaf hann bátinn um fjögurleytið á sunnudeginum.

Málið var sent Rannsóknarlögreglu ríkisins, og fóru þrír rannsóknarlögreglumenn til Grindavíkur snemma morguns fimmtudaginn 28. febrúar. Að lokinni frumrannsókn þeirra segir í skýrslu sama dag, að sú sé niðurstaða þeirra, að kveikt hafi verið í bátnum viljandi.

Ýmsar upplýsingar urðu til þess, að grunur féll á eiganda bátsins, ákærða í máli þessu. Tveir rannsóknarlögreglumenn yfirheyrðu ákærða sem grunaðan 7. mars. Þar kom fram, að hann tryggði bátinn hjá Sjóvá-Almennum hf. frá 8. janúar 1991 og að aflaverðmæti var ekki svo mikið, að hann gæti staðið í skilum við kaupleigufyrir-

tækið, sem fjármagnað hafði kaup hans á bátnum 1988. Hann kvaðst hafa gert ýmsar ráðstafanir til að selja bátinn. Enn fremur hefði hann reynt að fá meðaltalskvóta eða krókaleyfi. En þar kom í yfirheyrslu þessari, að ákærði skýrði frá því, að hann hefði vísvitandi gert þær ráðstafanir, sem kunni að hafa leitt til þess, að eldur varð laus í bátnum, eins og greint er í málavaxtalýsingu í héraðsdómi. Skýrslu sína las ákærði yfir að nýju hjá rannsóknarlögreglunni 25. maí 1991 og kvaðst ekkert frekar hafa um málið að segja.

Þessa lýsingu á verknaði tók ákærði eigi að öllu leyti aftur fyrir sakadómi, heldur lagði hann þar áherslu á, að ofmælt væri, að hann hefði af ásetningi gert ráðstafanir til þess, að eldur kviknaði.

Atferli ákærða, er hann yfirgaf bát sinn í Grindavíkurhöfn 24. febrúar 1991 um kl. 16.00, hlýtur að teljast tortryggilegt. Hann skildi við kabyssu, sem glatt logaði í, og eldfima hluti nálægt, þar á meðal brúsa með bensíni í. Fór ákærði síðan heim til sín í Kópavog. Mátti ljóst vera, að verulegar líkur voru á íkveikju, ef slægi niður í kabyssunni. Eldur varð og laus í bátnum morguninn eftir, og er ekkert annað í ljós leitt en það hafi einmitt verið af þessum sökum. Ekki er unnt að líta hér fram hjá þeim framburði ákærða hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins 7. mars 1991, að hann hefði gengið þannig frá í bátnum gagngert í þeirri von, að eldsvoði yrði og hann losnaði þar með undan þeim skuldabagga, sem báturinn var honum. Þennan framburð las hann, sem fyrr segir, yfir að nýju hjá rannsóknarlögreglunni 25. maí 1991. Síðari skýringar hans fyrir dómi á þessum framburði þykja ótrúverðugar.

Þegar til þessa er litið svo og þess, að ákærði var í miklum fjárhagsörðugleikum vegna skulda, er á bátnum hvíldu, og þess, að hann hafði skömmu áður keypt vátryggingu fyrir nánast sömu fjárhæð og skuldunum nam, er nægilega sannað, að ákærði hafi viljandi gert ráðstafanir í því skyni, að báturinn eyðilegðist í eldi og að vátryggingarbætur fengjust greiddar fyrir brunatjónið. Varðar þessi háttsemi ákærða við 248. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Afleiðingar af framangreindum eldsvoða urðu einnig þær, að landfestartóg bátsins Þrastar, GK-38, sem bundinn var utan á báti ákærða, brunnu í sundur og bátinn rak vestur eftir höfninni og tók niðri í grjótgarðinum í höfninni og skemmdist, auk þess sem hann

skemmdist af eldi og hita. Verður að telja þetta beina afleiðingu af verknaði ákærða og varða við 2. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga. Hefur eigandi bátsins, Kristján Ragnar Sigurðsson, gert skaðabótakröfu á hendur ákærða vegna þessa, 215.800 krónur, og er ekki ágreiningur um þá fjárhæð.

Refsing ákærða vegna þessarar tilraunar til fjársvika og fyrir eignaspjöll þykir hæfilega ákveðin fangelsi í sex mánuði. Fullnustu fjögurra mánaða refsivistar þykir mega fresta, og skal hún niður falla að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Eftir þessari niðurstöðu ber með vísan til 145. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála að dæma ákærða til að greiða Kristjáni Ragnari Sigurðssyni skaðabætur, að fjárhæð 215.800 krónur, með vöxtum, eins og í dómsorði segir.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað í héraði og áfrýjunarkostnað, eins og í dómsorði segir.

Dómsorð:

Ákærði, Ágúst Sigurlaugur Haraldsson, sæti fangelsi sex mánuði, en fresta skal fullnustu fjögurra mánaða refsivistar, og skal hún niður falla að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði Kristjáni Ragnari Sigurðssyni 215.800 krónur í skaðabætur með vöxtum frá 26. febrúar 1991 til greiðsludags eftir 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. nú 2. gr. laga nr. 67/1989.

Ákærði greiði allan sakarkostnað í héraði svo og áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 80.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, samtals 120.000 krónur.

Dómur sakadóms Kópavogs 4. febrúar 1992.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 4. september 1991, ,,á hendur Ágústi Sigurlaugi Haraldssyni, Álfhólsvegi 108, Kópavogi, fæddum 18. mars 1957, fæðingarnúmer 505, fyrir eftirgreind hegningarlagabrot, framin 24. febrúar 1991.

I.

Tilraun til fjársvika.

Að hafa, áður en hann fór frá borði í bát sínum, Arnari, RE 212, sem lá bundinn í smábátahöfninni í Grindavík við Eyjabakka, um kl. 16.00 sunnudaginn 24. febrúar, vitandi, að kabyssan gat slegið niður, aukið brennsluna í henni til hálfs og sett olíubleyttan handþurrkupappír við hlið hennar, sett þriggja lítra bensínbrúsa, sem var hálfur af bensíni, ofan á þilið við hliðina á kabyssunni og skorðað hann á nagla, sem negldur var í þilið að framanverðu. Þetta gerði ákærði í því skyni, að eldur kviknaði í bátnum, sem og varð snemma mánudagsmorguns 25. febrúar, en þá eyðilagðist báturinn í eldi. Vakti fyrir ákærða, að tryggingarbætur yrðu greiddar fyrir brunatjón, en báturinn var vátryggður fyrir 3.500.000 kr. tímabilið 8. janúar 1991 til 30. apríl 1992 hjá Sjóvá-Almennum tryggingum hf., Kringlunni 5, Reykjavík, en með þessum hætti ætlaði ákærði að losna undan skuldbindingum vegna fjármögnunarleigusamnings um ofangreindan bát við leigusala, Lind hf., Ingólfsstræti 3, Reykjavík.

Telst þetta varða við 248. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

II.

Eignaspjöll.

Afleiðingar af framangreindum eldsvoða urðu einnig þær, að landfestartóg bátsins Þrastar, GK-38, sem bundinn var utan á Arnari, brunnu í sundur og bátinn rak vestur eftir höfninni og tók niðri og barðist í grjótgarðinum milli Miðgarðs og Kvíabryggju í Grindavíkurhöfn og skemmdist, auk þess sem hann skemmdist af eldi og hita.

Telst þetta varða við 2. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar".

Málavaxtalýsing.

Samkvæmt skýrslu lögreglunnar í Keflavík, Grindavík, Njarðvík og Gullbringusýslu var kl. 7.50 tilkynnt, að kviknað hefði í bát við smábátahöfnina

í Grindavík. Þegar lögreglan kom á staðinn, var slökkvilið Grindavíkur þegar byrjað að slökkva eldinn í bátnum, sem lá við suðvesturhlið bryggjunnar. Í ljós kom, að kviknað hafði í vélbátnum Arnari, RE-212, 6 tonna frambyggðum trefjaplastsbát, og var hann alelda, þegar lögreglan kom á vettvang.

Báturinn Þröstur, GK-88, hafði legið utan í Arnari, RE-212. Höfðu landfestartóg brunnið og báturinn losnað, og barðist hann um í grjótgarðinum á milli Miðgarðs og Kvíabryggju á móts við fiskverkunarstöð Vísis hf. við Seljabót. Hafði eiganda bátsins tekist að komast upp í bátinn og koma vélinni í gang og komið Þresti, GK-88, í skjól við bryggjuna Svíragarð.

Lögreglan hafði tal af mönnum þarna á staðnum, m.a. eiganda bátsins Þrastar, GK-88, og kom fram í samtalinu við hann, að eigandi Arnars, RE-212, hafði fjarlægt öll tæki úr bátnum föstudaginn 24. febrúar sl. Annar smábátseigandi, Guðmundur Eggertsson, sagði lögreglunni, að eigandi vélbátsins Arnars, RE-212, reri ekki á bátnum, þar sem hann væri búinn að flytja allan kvótann yfir á annan bát, Fjalar Vagn, SH-330. Einnig hefði hann verið búinn að fjarlægja öll siglingatæki úr bátnum.

Rannsóknarlögregla ríkisins gerði vettvangskönnun 27. febrúar 1991, en búið var að koma bátnum fyrir inni í skemmu og breiða plastdúk yfir hann.

Rannsóknaraðferðum rannsóknarlögreglumanna er lýst í skýrslu þeirra, en í ályktun þeirra segir: „Það eru niðurstöður rannsakara á rannsókn þessari, að kveikt hafi verið í bátnum viljandi með þeim hætti að hella eldfimum vökva yfir gólf í stýrishúsi og bekk í lúkar bakborðs megin og bera síðan eld að.“

Rannsóknastofa Háskóla Íslands í lyfjafræði fékk sýni send, sem tekin höfðu verið úr setu bakborðs megin, úr setu stjórnborðs megin og úr setu til samanburðar. Í niðurstöðu prófessors Þorkels Jóhannessonar, dags. 8. mars 1991, segir: „Í sýni 1 var mikið bensín. Í sýnum 2 og 3 var einnig lítið eitt af bensíni, en a.m.k. hundrað sinnum minna en í sýni 1. Niðurstöður þessara rannsókna benda þannig sterklega til þess, að setur þær, sem sýnin voru tekin úr og í beiðninni ræðir, hafi verið vættar með bensíni.“

Í skýrslu, er tekin var af ákærða hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins hinn 7. mars 1991, mótmælir hann því í fyrstu að hafa kveikt í bátnum. Síðar í sömu yfirheyrslu viðurkennir ákærði eftirfarandi háttsemi: „Ég játa það að hafa viðhaft ákveðnar aðgerðir um borð í bátnum, sem voru eftirfarandi: Áður en ég fór frá bátnum, sem var á þeim tíma, er ég hef áður greint frá, þá jók ég brennsluna í kabyssunni til hálfs. Við hlið hennar setti ég olíubleyttan handþurrkupappír. Ofan á þilið við hliðina á kabyssunni setti ég þriggja lítra bensínbrúsa, sem var hálfur af bensíni, og skorðaði hann á nagla, sem var negldur á þilið að framanverðu. Þetta gerði ég vísvitandi og með von um, að þessar ráðstafanir yrðu til þess, að eldur kviknaði

í bátnum, eins og svo varð raunin. Ég vissi, að kabyssan gat slegið niður, þar sem það gerðist einu sinni hjá mér, þegar hún var mjög lágt stillt, en í það skipti kom glóð í tusku, sem lá yfir þilinu, þar sem ég setti bensínbrúsann."

Ákærði kvaðst ekki vita, hvernig bensín hefði komist í sessuna á bekknum bakborðs megin. Hann taldi ekki ósennilegt, að gat hefði komið á brúsann og bensínið lekið yfir sessuna, þar sem brúsinn hafði verið settur fyrir ofan sessuna. Þá benti ákærði á það, að í stýrishúsinu hefði einnig verið að finna terpentínubrúsa og brúsa með hráolíu, sem hann hefði notað til að fylla á tank kabyssunnar. Hefði olíubrúsinn verið settur rétt fyrir innan dyrnar á stýrishúsinu.

Þá gerir ákærði enn fremur eftirfarandi játningu: „Ég geri mér það ljóst, að vegna stormsins, sem var í Grindavíkurhöfn aðfaranótt mánudagsins 25.2. sl., voru meiri líkur á því en ekki, að slægi niður í kabyssunni. Ég kannaði ekki með veðurspá, áður en ég framkvæmdi þessa hluti."

Ákærði kvaðst ekki hafa ráðfært sig við neinn, áður en hann hófst handa. Hann kvaðst einn hafa tekið þessa ákvörðun og hafa bundið við það vonir, að með því móti gæti hann losnað við þann skuldabagga, sem báturinn var honum.

Ákærða minnti, að útvarpstæki, lítil talstöð og lóran hefðu verið í bátnum. Síðar í yfirheyrslunni sagði ákærði, að vel mætti vera, að lóraninn væri geymdur í hesthúsi bróður síns ásamt öðrum tækjum úr bátnum, eins og dýptarmælir o. fl.

Fyrir dómi dró ákærði fyrri framburð sinn hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins til baka. Ákærði mótmælti algerlega, að eldsupptök í bátnum Arnari, RE-212, mætti rekja til athafna sinna. Hélt ákærði því fram, að framburður sinn hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins hefði verið annar en skráður hefði verið í skýrslum RLR. Hélt ákærði því fram, að hann hefði óskað eftir, að framburður sinn yrði leiðréttur, en ekki fengið það. Þá skýrði ákærði frá því, að hann hefði fengið aðra skýrslu til yfirlestrar að yfirheyrslu lokinni hjá RLR, en hann síðan undirritað. Taldi ákærði, að skýrslur þessar hefðu ekki verið efnislega samhljóða.

Fyrir dómi viðurkenndi ákærði að hafa verið að vinna um borð í bát sínum, Arnari, RE-212, frá föstudeginum 22. febrúar til sunnudagsins 24. febrúar 1991. Hefði hann á föstudeginum kveikt í kabyssunni og látið loga á henni allan sólarhringinn þessa daga. Hefði það verið ætlun sín að láta kabyssuna brenna alla olíuna, sem á tanknum var. Hélt hann því fram, að það hefði verið ætlun sín að koma aftur um borð á mánudeginum, og kvaðst hafa ráðgert, að loga myndi á kabyssunni fram að þeim tíma á mánudeginum, sem hann þyrfti að yfirgefa bátinn. Hefði hann ekki ráðgert

að koma síðan í bráð að vitja bátsins. Taldi ákærði ekki varhugavert að yfirgefa bátinn, þegar logaði á kabyssunni.

Ákærði kvaðst hafa verið að vinna í bátnum um helgina. Hefði hann m. a. verið að taka upp olíutank, sem hefði verið lekur. Hefði hann því verið með kámugar hendur í olíu og þurrkað sér í handþurrkupappír. Hefði hann hent pappírnum frá sér án þess að huga að því, hvar hann lenti. Mótmælti ákærði fyrir dómi frásögn sinni hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins sem rangri, þar sem sagt er, að hann hafi sett olíubleyttan handþurrkupappír við hlið kabyssunnar. Ákærði sagði enn fremur það rétt vera, að hann hefði aukið brennslu í kabyssunni, áður en hann hefði yfirgefið bátinn. Það hefði hann gert til þess, að síður slægi niður í henni. Þá sagði ákærði það rangt vera, að hann hefði sett þriggja lítra bensínbrúsa, sem hefði verið hálfur af bensíni, ofan á þilið við hliðina á kabyssunni og skorðað hann á nagla, sem hefði verið negldur í þilið að framanverðu. Ákærði viðurkenndi að hafa sagt þetta hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins. Hins vegar ætti þessi framburður sér ekki stoð í veruleikanum. Ákærði hélt nú fram, að ekki væri unnt að negla nagla á þeim stað, sem lýst er í ákæruskjali, þar sem þar sé álþil og ekki hægt að reka þar nagla. Fyrir dómi gat ákærði ekki skýrt það, hvers vegna hann lýsti aðstæðum ranglega hjá RLR. Hélt ákærði því nú fram, að hann hefði að öllum líkindum skilið bensínbrúsann eftir á bekknum bakborðs megin ásamt terpentínu- og þurrkefnisbrúsa. Ákærði hélt því fram, að hann hefði sett lok á bensínbrúsann, en ekki mundi hann, hvort brúsarnir hefðu staðið eða legið á bekknum. Taldi hann ekki útilokað, að lekið hefði með tappanum. Ákærði kunni engar skýringar á því, hvers vegna u. þ. b. hundraðfalt meira af bensíni fannst í sessu bakborðs megin en stjórnborðs megin. Taldi ákærði helst, að lekið hefði með tappa eða gat komið á bensínbrúsann. Fyrir dómi skýrði ákærði svo frá, að hugsanlega mætti rekja eldsupptök til gassprengingar. Fyrir dómi var borinn undir ákærða framburður Lúðvíks Eiðssonar rannsóknarlögreglumanns, þar sem Lúðvík heldur því fram fyrir dómi, að ákærði hafi sagt sér, að umræddan nagla hafi hann gjarnan notað til þess að hengja vettlinga á. Ákærði kannaðist ekki við að hafa sagt Lúðvík þetta.

Ákærði gerði fjármögnunarleigusamning við Lind hf. fyrri hluta árs 1988 um kaup á Arnari, RE-212. Kaupverð bátsins var 2.220.000 kr. eða nálægt því. Minnti ákærða, að hann hefði lagt fram 400.000-500.000 krónur í byrjun. Hefði hann byrjað að gera út á Arnari, RE-212, um miðjan apríl 1988. Ákærði sagði, að útgerðin hefði gengið ágætlega fyrsta árið, en mjög illa annað árið. Síðasta árið hefði fiskast sæmilega, en vegna meiðsla hefði ákærði lítið getað stundað sjóinn. Ákærði skýrði frá því fyrir dómi, að hann hefði átt að borga af kaupverði bátsins til Lindar hf. rúmlega 80.000 kr. á þriggja mánaða fresti. Þetta hefði hann gert þar til um vorið 1990.

Hefði hann verið í vanskilum við Lind hf. frá þeim tíma. Ákærði sagði, að uppgjörsmálið við Lind hf. hefði verið í biðstöðu, þar sem verið væri að bíða eftir því, hvort Arnari, RE-212, yrði úthlutað einhverjum meðaltalskvóta eða veitt yrði krókaleyfi. Þau mál voru enn óafgreidd, þegar báturinn brann. Ákærði hélt því fram, að hann hefði engan hag haft af því, að báturinn brynni. Sagði hann, að hagsmunum sínum hefði verið betur borgið, ef hann hefði getað selt bátinn. Það hefði einmitt verið ætlun sín, og hefði hann verið búinn að finna kaupanda að bátnum vestur á Snæfellsnesi. Hefði hann verið að bíða eftir afgreiðslu á umsókn um meðaltalskvóta, þegar báturinn hefði brunnið.

Eftirtalin vitni komu fyrir dóm:

Þorkell Guðmundsson slökkviliðsstjóri, kt. 290951-7069, staðfesti fyrir dómi framburð sinn hjá rannsóknarlögreglu. Sagði hann, að slökkviliðið hefði fengið útkall um kl. 7.54. Það hefði tekið u. þ. b. þrjár mínútur að komast niður á bryggju, og hefði báturinn þá verið alelda. Vitnið kvað aftakaveður hafa verið þennan morgun á austan. Ógjörningur sé að segja til um eldsupptök. Hafi allt brunnið, sem brunnið gat. Í skýrslu, sem vitnið gaf hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins, kom fram, að vitnið taldi, að engin hætta hefði verið á ferðum fyrir aðra báta þarna á staðnum, því að Arnar, RE-212, hefði staðið einn og sér sunnan megin við flotbryggjuna, en tveir smábátar verið norðan megin við hana.

Ívar Þórhallsson verkstjóri, kt. 221133-2899, staðfesti fyrir dómi skýrslu, er hann gaf hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins. Vitnið kvaðst hafa komið niður að höfn um kl. 7.30 þennan umrædda morgun. Kvaðst vitnið þá ekki hafa merkt neitt óvenjulegt. Vitnið kvaðst hafa farið inn í vinnuskúr, og er það hefði komið út nokkru síðar, hefði það tekið eftir bjarma hjá flotbryggjunni og séð þá, hvar báturinn var að brenna. Í sömu svifum hefði slökkvilið komið á vettvang.

Sveinbjörn Ægir Ágústsson lögregluvarðstjóri, kt. 280154-4159, staðfesti fyrir dómi skýrslu, er hann ritar við lögregluransókn. Vitnið sagði, að útkallið hefði komið laust fyrir kl. 8.00 um morguninn. Lögreglan hefði verið komin á vettvang um fimm mínútum síðar. Hefði báturinn verið alelda, en greiðlega gengið að ráða niðurlögum eldsins. Guðmundur Eggertsson, sem hefði verið á vettvangi, upplýsti, hver væri eigandi bátsins, og tilkynnti lögreglan eiginkonu hans um brunann. Um það bil tveimur tímum síðar hefði eigandi bátsins komið á staðinn. Vitnið kvað mjög hvasst hafa verið þennan morgun. Þá kom fram í frásögn vitnisins, að lögreglunni voru eldsupptök ekki ljós. Henni hefði hins vegar fundist aðstæður á vettvangi grunsamlegar, m.a. vegna þess, að olíutankur stóð á bryggjunni hjá bátnum.

Kristján Ragnar Sigurðsson verkstjóri, kt. 120431-7499, staðfesti fyrir dómi skýrslu, er hann gaf hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins, að öðru leyti en því, að hann vildi ekki staðfesta, að „öll" tæki hefðu verið fjarlægð úr bátnum. Sagði vitnið fyrir dómi, að það hefði veitt því athygli, að tæki hefðu verið fjarlægð úr Arnari, RE-212. Kristján Ragnar er eigandi bátsins Þrastar, GK-38, sem hafði verið bundinn utan á Arnari, RE-212. Gekk vitnið því um bát ákærða til þess að komast yfir í sinn bát. Vitnið kvaðst síðast hafa gengið um bát ákærða um hádegið föstudaginn 22. febrúar 1991. Enginn hefði verið um borð, og ekki kvaðst vitnið hafa veitt því athygli, hvort búið væri að kveikja upp í kabyssunni. Á hinn bóginn veitti vitnið því athygli, að búið var að fjarlægja tæki um borð, sem áður höfðu verið þar. Vitnið treysti sér ekki til þess að nefna þau tæki, sem höfðu verið fjarlægð.

Vitnið hefur lagt fram bótakröfu í málinu vegna skemmda, er bátur þess, Þröstur, GK-38, varð fyrir, sem endanlega var að fjárhæð 215.800 kr., og er þá eftir að taka tillit til virðisaukaskatts. Ákærði mótmælti því, að sér bæri að greiða umrædda kröfu, þar sem hann væri saklaus af þeim verknaði, sem sér væri gefinn að sök í ákæruskjali. Kæmist dómurinn á hinn bóginn að gagnstæðri niðurstöðu, lýsti ákærði þeirri skoðun sinni, að fjárhæð bótakröfunnar, eins og hún er sundurliðuð á dskj. nr. 7, væri sanngjörn, og kvaðst vera reiðubúinn til þess að greiða hana með þeim fyrirvara, að hann bauðst til þess að flytja bátinn á milli Kristjáni að kostnaðarlausu.

Guðni Ástþór Haraldsson, kt. 260654-7999, lögmaður Lindar hf., upplýsti fyrir dómi, að ákærði skuldaði Lind hf. um 4,6 milljónir króna. Standa nú yfir samningaviðræður við tryggingafélagið Sjóvá-Almennar um það, að það greiði Lind hf. tryggingarbæturnar. Arnar, RE-212, hefði verið húftryggður fyrir 3.500.000 krónur. Enn fremur hvíli á bátnum lán frá Byggðastofnun, að fjárhæð 1.596.000 kr. Lind hf. hafi tekið við tækjum úr bátnum, sem hafi verið metin á 200.000 kr., en Lind hafi selt þau á 90.000 krónur. Enn fremur hafi kvótinn, sem fylgdi bátnum, verið metinn á 7,9 þorskígildistonn, sem séu jafnviði u.þ.b. 1.500.000 króna. Enn fremur kom fram hjá vitninu, að fjárhæð vátryggingarfjárins miðaðist við það, að öll tæki væru í bátnum. Þar sem ákærði hafi nú fjarlægt úr bátnum tæki, hafi Sjóvá-Almennar tryggingar hf. farið fram á það, að vátryggingarbætur lækkuðu um 400.000 kr. Vitnið sagði því ljóst vera, að Lind hf. kæmi til með að tapa fjármunum vegna þessara viðskipta.

Lúðvík Jóhannes Eiðsson rannsóknarlögreglumaður hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins, kom fyrir dóm og gaf skýrslu, en hann stýrði yfirheyrslum yfir ákærða hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins. Vitnið mótmælti harðlega framburði ákærða, að svör ákærða hefðu verið umorðuð og bókað annað eftir honum en hann hefði sagt. Enn fremur sagði vitnið það alrangt hjá

ákærða, að það hefði neitað að gera leiðréttingar á framburði ákærða, eins og ákærði hefði farið fram á. Því til staðfestingar benti vitnið á, að þegar ákærði kom til RLR 27. maí 1991 og hefði lesið framburðarskýrslu sína frá 7. mars 1991, hefði hann að lestri loknum ekki óskað eftir að gera neinar athugasemdir. Bendir Lúðvík á, að hér hafi ákærða gefist kostur á að gera athugasemd við skýrslu sína frá 7. mars 1991, hafi hann talið ástæðu til þess. Þá tekur Lúðvík enn fremur fram, að 27. maí 1991 las ákærði skýrslu þá, sem liggur hér fyrir dómi. Vitnið skýrði frá því, að þegar yfirheyrslunni hafi lokið 7. mars 1991, en hún hefði tekið langan tíma, hafi skýrslan verið prentuð út á samfelldan pappír og ákærða afhent hún til yfirlestrar. Á meðan ákærði hafi verið að lesa skýrslu sína yfir, hafi vitnið lesið skýrsluna yfir um tölvukerfið og leiðrétt hana í gegnum (sic) orðabókina. Að því búnu hafi skýrslan verið prentuð út á skýrslueyðublöðum Rannsóknarlögreglu ríkisins og ákærða afhent eintakið til undirritunar. Vitnið mótmælti því harðlega, að skýrslunni hefði verið efnislega breytt, heldur einungis prentvillur leiðréttar. Enn fremur bendir vitnið á, að ákærði hafi getað lesið þetta eintak yfir, ef hann hefði óskað, enda ritað upphafsstafi sína á hverja síðu og undirritað skýrsluna einnig. Vitnið kvaðst engar skýringar geta gefið á því, hvers vegna ákærði breytti fyrir dómi framburði sínum um staðsetningu bensínbrúsans. Vitnið benti á, að ákærði hefði tvisvar lesið yfir framburðarskýrslu sína og ekki gert við hana neinar athugasemdir. Þá vakti vitnið enn fremur athygli á því, að framburður ákærða fyrir dómi um þetta atriði hefði ekki stoð í niðurstöðum rannsóknarinnar á vettvangi, þar sem ekki hefði fundist bráðið eða óbráðið ál í lúkar. Hefði kabyssan verið afgirt með álplötum, eins og ákærði vill halda fram, þá hefðu sést ummerki þess í lúkarnum. Vitnið skýrði frá því, að hlífðarplata úr plasti hefði verið á síðu bátsins fyrir aftan kabyssuna. Þá skýrði vitnið frá því, að ákærði hefði verið inntur eftir skýringum á því, hvers vegna fundist hefði bensín í setunum. Ákærði hefði ekki getað skýrt það með öðru en segja, að sennilega hefði bensínbrúsinn bráðnað og bensínið flætt niður á þilið og á setuna bakborðs megin. Ákærði hefði hins vegar ekki getað skýrt það, hvers vegna bensín fannst í setunni stjórnborðs megin.

Gylfi Gylfason, kt. 280164-3999, rannsóknarlögreglumaður hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins, vann að rannsókn málsins ásamt Lúðvík Eiðssyni. Vitnið mótmælti þeim framburði ákærða sem röngum, að svör ákærða hefðu verið umorðuð og honum hefði verið neitað um að fá þeim breytt á þann veg, sem hann hefði óskað. Því til staðfestingar benti vitnið á, að ákærði hefði ekki óskað eftir að gera neinar athugasemdir, þegar hann las skýrslu sína síðar yfir hjá RLR.

Sakaferill ákærða.

Ákærði hefur tvisvar sæst á sektargreiðslur fyrir dómi, fyrra sinnið árið 1982 fyrir brot á umferðarlögum og síðara sinnið árið 1990 fyrir brot gegn 244. gr. alm. hegningarlaga. Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann eigi sætt öðrum refsingum.

Niðurstaða.

Í lið I í ákæruskjali er ákærði ákærður fyrir háttsemi, er telst varða við 248. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Forsendan fyrir broti gegn 248. gr. almennra hegningarlaga er sú, að ákærði hafi kveikt í bát sínum, og síðan þarf að sanna, að það hafi verið gert í því skyni, að tryggingarbætur yrðu greiddar fyrir brunatjón.

Ákæran er reist á játningu ákærða við rannsókn málsins hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins. Verknaðarlýsing ákærða er ekki studd öðrum sönnunargögnum, svo sem framburði vitna eða niðurstöðum brunamálastjóra ríkisins um eldsupptök. Í niðurstöðum Rannsóknarlögreglu ríkisins á eldsupptökum er að finna frávik um aðdraganda eldsupptakanna frá framburði ákærða hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins, þar sem segir, að kveikt hafi verið í bátnum viljandi með þeim hætti að hella eldfimum vökva yfir gólf í stýrishúsi og bekk í lúkar bakborðs megin og bera síðan eld að. Skýrsla Rannsóknarlögreglu ríkisins er rituð, áður en niðurstöður frá Rannsóknastofu háskólans í lyfjafræði voru kunnar. Ekki liggja fyrir í málinu aðrar rannsóknir um eldsupptök. Þá hefur framburður vitna ekki varpað ljósi á aðdraganda eldsvoðans.

Það er álit dómsins, að ekki sé unnt að leggja til grundvallar sönnunarmati í máli þessu framburð ákærða við yfirheyrslur hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins. Á hinn bóginn þykir ákærði eigi hafa gefið haldbæra skýringu á afturköllun sinni hér fyrir dóminum á fyrri framburði sínum. Hafa báðir rannsóknarlögreglumennirnir skýrt svo frá fyrir dómi, að ákærði hafi ekki haft uppi nein mótmæli gegn efni skýrslnanna, sem ákærði hafi staðfest hér fyrir dóminum að hafa gefið.

Niðurstaðan er því sú, að gegn eindreginni neitun ákærða fyrir dómi verður sök hans ekki byggð á játningu hans hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins. Ákærði skal því vera sýkn af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Af hálfu ákæruvaldsins sótti málið Björn Helgason saksóknari.

Sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega metin 80.000 krónur.

Ólöf Pétursdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Ágúst Sigurlaugur Haraldsson, skal vera sýkn af öllum kröfum ákæruvaldsins í málinu.

Sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Fimmtudaginn 4. júní 1992.

Nr. 128/1992. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Rósu Dröfn Sigurðardóttur
(Kristján Stefánsson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Reynslulausn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærðu með stefnu 28. janúar 1992, en einnig af hálfu ákæruvalds.

Af hálfu ákæruvalds er krafist „staðfestingar, að því er varðar sakfellingu og á þeim ákvæðum hins áfrýjaða dóms, að ákærða hafi rofið skilorð reynslulausnar frá 3. janúar 1991, en refsing ákærðu verði þyngd og samkvæmt 1. mgr. 42. gr., sbr. 60. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, ákvörðuð í einu lagi til viðbótar óafplánuðum eftirstöðvum refsingar, 339 dögum...“

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara og færslu brota til refsiákvæða. Með brotum þeim, sem mál þetta fjallar um, rauf ákærða skilorð reynslulausnar, er henni var veitt 3. janúar 1991 á eftirstöðvum refsingar samkvæmt dómi Hæstaréttar 16. október 1990, 339 daga fangelsi. Með vísan til þess og þegar virtur er sakaferill ákærðu, ber að ákveða henni refsingu með hliðsjón af 1. mgr. 42. gr., sbr. 60. gr. og 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 3. gr. laga nr. 16/1976, 7. gr. laga nr. 22/1955 og 2. gr. laga nr. 20/1981. Þykir refsing ákærðu hæfilega ákveðin fangelsi 12 mánuði.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Dæma ber ákærðu til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærða, Rósa Dröfn Sigurðardóttir, sæti fangelsi 12 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærða greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur sakadóms Seltjarnarness 9. janúar 1992.

Ár 1992, fimmtudaginn 9. janúar, er á dómþingi sakadóms Seltjarnarness, sem háð er í dómsal embættisins, Strandgötu 31, Hafnarfirði, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 1869/91: Ákæruvaldið gegn Rósu Dröfn Sigurðardóttur, sem tekið var til dóms 19. desember sl.

Mál þetta höfðaði ríkissaksóknari með ákæruskjali, dags. 1. ágúst sl., gegn ákærðu, Rósu Dröfn Sigurðardóttur verkakonu, áður til heimilis að Skerjabraut 5 A, Seltjarnarnesi, nú Grenimel 9, Reykjavík, fæddri 24. ágúst 1967 á Blönduósi, fæðingarnúmer 540, „fyrir að aka að morgni laugardagsins 8. júní 1991, undir áhrifum áfengis og án ökuréttinda, bifreiðinni IR-243 frá heimili sínu að Öskjuhlíð í Reykjavík og þaðan áleiðis að heimili sínu að nýju, uns lögregla stöðvaði akstur hennar á Laugavegi við Skólavörðustíg.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Málavextir.

Að morgni laugardagsins 8. júní sl. voru lögreglumenn á eftirlitsferð, er þeir veittu bifreiðinni IR-243 athygli, þar sem henni var ekið vestur Laugaveg. Lögreglumenn stöðvuðu akstur bifreiðarinnar á Laugavegi við Skólavörðustíg. Í frumskýrslu kemur fram, að ökumaður, ákærða í máli þessu, Rósa Dröfn Sigurðardóttir, hafi verið áberandi ölvuð. Ákærða hafi greint frá því, að hún hafi neytt áfengis fyrir akstur, en kvaðst aldrei hafa tekið ökupróf.

Ákærða var færð til töku blóðsýnis kl. 6.55, og mældist alkóhólmagn í blóði hennar 1,84‰.

Ákærða gefur skýrslu fyrir dómi. Hún viðurkennir að hafa ekið bifreiðinni IR-243 undir áhrifum áfengis og án ökuréttinda frá þáverandi heimili sínu, Skerjabraut 5 A, Seltjarnarnesi, að Öskjuhlíð í Reykjavík að morgni laugardagsins 8. júní sl. og þaðan áleiðis að heimili sínu að nýju, uns lögregla stöðvaði akstur hennar á Laugavegi við Skólavörðustíg.

Niðurstöður.

Með játningu ákærðu og niðurstöðu alkóhólrannsóknar þykir vera sannað, að hún hafi gerst sek um háttsemi þá, sem hún er ákærð fyrir og réttilega þykir heimfærð til refsiákvæða í ákæru.

Sakaferill ákærðu.

Samkvæmt sakavottorði ákærðu hefur hún sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

[Ákærða hefur sætt þremur refsidómum og sjö sinnum undirgengist sektargreiðslu, þar af tvisvar fyrir ölvunarakstur (1987 og 1988).]

Refsing ákærðu.

Ákærða hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga. Ákærða var dæmd í sex ára fangelsi í sakadómi Reykjavíkur 26. janúar 1990 fyrir brot á 211., sbr. 20., 252., 244., 244., sbr. 22. og 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga. Ákærða áfrýjaði dóminum, og með dómi Hæstaréttar Íslands frá 16. október 1990 var hún dæmd í tveggja ára fangelsi. Hinn 3. janúar 1991 var ákærðu veitt reynslulausn í tvö ár á eftirstöðvum refsingar, 339 dögum. Með háttsemi sinni 8. júní sl., sem mál þetta snýst um, hefur ákærða rofið skilorð reynslulausnarinnar. Rétt þykir þó, eins og broti ákærðu er háttað, að láta reynslulausnina halda sér samkvæmt heimild í 60. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955 og 20/1981. Með hliðsjón af sakaferli ákærðu og 77. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærðu hæfilega ákveðin 40 daga varðhald.

Sakarkostnaður.

Loks ber að dæma ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talinnar greiðslu málsvarnarlauna til skipaðs verjanda ákærðu, Kristjáns Stefánssonar hrl., 30.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærða, Rósa Dröfn Sigurðardóttir, sæti varðhaldi í 40 daga.

Ákærða greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hrl., 30.000 krónur.

Fimmtudaginn 4. júní 1992.

Nr. 96/1989. **Hildur Guðrún Hákonardóttir og Hákon Matthíasson**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Danjeans A/S og Jensen, Koch & Wittenkamp
(Ásgeir Thoroddsen hrl.).

Verslunarkaup. Stefnubirting. Hlutafélög. Aðfarargerð. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein og Sveinn Snorrason hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 15. mars 1989 að fengnu áfrýjunarleyfi 21. febrúar sama ár. Krefjast þau þess aðallega, að hin áfrýjaða áritun á áskorunarstefnu verði ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi, en til vara þess, að þau verði sýknuð af öllum kröfum stefndu. Jafnframt gera þau þá kröfu, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði ómerkt og felld úr gildi. Þau krefjast og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu.

Stefndu krefjast þess aðallega, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum áfrýjenda og hin áfrýjaða dómsathöfn og hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði báðar staðfestar. Til vara krefjast þeir þess, að hin áfrýjaða dómsathöfn verði ein staðfest, aðallega gagnvart báðum áfrýjendum, en til vara gagnvart áfrýjandanum Hildi Guðrúnu Hákonardóttur. Þá verði áfrýjendum gert að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn. Þeirra á meðal er tilkynning til hluthafaskrár um Fataportið hf. frá 14. nóvember 1985 ásamt vottorði Hlutafélagaskrár 15. maí 1992 varðandi það félag svo og nokkrar aðflutningsskýrslur til tollstjórnar frá árinu 1987 og vörureikningar tengdir þeim.

I.

Mál þetta var höfðað fyrir bæjarþingi Keflavíkur af hálfu stefnda Danjeans A/S, sem er hlutafélag með heimili að Industrivej Syd, Birke, DK-7400, Herning, Danmörku, með áskorunarstefnu, er Skúli Th. Fjeldsted, þá héraðsdómslögmaður, gaf út í nafni félagsins 13. júní 1988 á hendur áfrýjendum, Hildi Guðrúnu Hákonardóttur, Greniteigi 35, Keflavík, og Hákoni Matthíassyni, sama stað. Samkvæmt stefnunni var málið höfðað til greiðslu á skuld, að fjárhæð 106.135,89 danskar krónur, með 16% ársvöxtum frá 31. desember 1987 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Var málavöxtum og málsástæðum lýst þannig:

„Skuld þessi stafar af kaupum stefndu á fatnaði með vörumerkjunum You-Who og 49R-Jeans skv. miklum fjölda reikninga, sem færðir hafa verið í aðgreinda reikninga stefndu (í nafni X-Port) hjá stefnanda eftir ofangreindum vörumerkjum, og nam skuldin hinn 31.12.1987 d.kr. 42.650,65 á reikn. vegna kaupa á You-Who-vörum,en d.kr. 63.485,24 vegna kaupa á 49R-vörum, samtals d.kr. 106.135,89, sem er stefnufjárhæð. Hafa þá verið dregnar frá á viðskiptareikningnum kreditnótur vegna endursendra vara. Kaupin eru gerð í nafni óskrásettrar verslunar stefndu, X-Port, og bera stefndu persónulega ábyrgð á skuldinni. Stefnandi hefur efnt kaupin af sinni hálfu."

Samkvæmt vottorði tveggja stefnuvotta í Keflavíkurkaupstað var stefna þessi birt 16. júní 1988 kl. 16.00 fyrir áfrýjandanum Hildi Guðrúnu Hákonardóttur í Versluninni X-Port, sem talin var að Hafnargötu 35 í Keflavík. Af undirstrikunum undir prentaðan texta í vottorðinu má ráða, að stefnuvottar telji sig hafa afhent Hildi Guðrúnu afrit af stefnunni, sem hún hafi lofað að afhenda meðstefnda, áfrýjandanum Hákoni Matthíassyni, en hann er eiginmaður hennar. Hins vegar verður ekki séð, hvort þeir töldu hann eiga starfsstöð í umræddri verslun.

Af hálfu áfrýjenda var ekki mætt við þingfestingu málsins á bæjarþingi 22. júní 1988. Dómari við þinghaldið var Árni H. Björnsson, fulltrúi bæjarfógeta, og tók hann stefnuna til áritunar að kröfu umboðsmanns stefnda, sem lagt hafði hana fram ásamt sjö fylgiskjölum. Fór áritunin fram sama dag, og hljóðar hún á þessa leið:

„Stefnukröfur máls þessa ásamt málskostnaði, að fjárhæð kr. 87.466, þ.m.t. sölusk., kr. 9.072, verða aðfararhæfar að liðnum sjö sólarhringum frá dagsetningu áritunar þessarar.“

Hinn 16. september 1988 var í fógetarétti Keflavíkur gert fjárnám til tryggingar skuld áfrýjenda samkvæmt fyrrgreindri áskorunarstefnu í fasteigninni Greniteigi 35 í Keflavík, en hún var þinglýst eign áfrýjandans Hákonar Matthíassonar. Er þetta hin áfrýjaða fjárnámsgerð, og fór hún fram á eigninni sjálfri í málinu nr. A-227/1988: Jensen, Koch & Wittenkamp gegn Hákoni Matthíassyni, en fógeti var Árni H. Björnsson. Umboðsmaður beiðanda við gerðina var Bjarni Þór Óskarsson, þá lögmannsfulltrúi, vegna Ásgeirs Thoroddsen, þá héraðsdómslögmanns, sem tekið hafði við innheimtu stefnuskuldarinnar að ósk stefnda Jensen, Koch & Wittenkamp, en það er lögfræðifirma, sem hafði aðsetur að Siefert Plads, DK-7430, Ikast, Danmörku, og annaðist lögmannsstörf fyrir stefnda Danjeans A/S þar í landi. Hafði firmað verið tilgreint sem gerðarbeiðandi í fjárnámsbeiðni umboðsmannsins í stað skuldareigandans Danjeans A/S. Áfrýjendur voru ekki viðstödd gerðina, og var fjárnáminu í eigninni lýst yfir eftir ábendingu umboðsmanns gerðarbeiðanda.

Með bréfi til bæjarfógeta 22. desember 1988 fór Bjarni Þór Óskarsson þess á leit, að fjárnámsgerðin yrði leiðrétt þannig með eða án upptöku á málinu, að stefndi Danjeans A/S yrði tilgreindur sem fjárnámshafi í stað stefnda Jensen, Koch & Wittenkamp, enda væri tilgreining hins síðarnefnda til komin vegna augljósrar ritvillu í fjárnámsbeiðni, sbr. 2. mgr. 195. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Í svarbréfi Árna H. Björnssonar 9. janúar 1989 var erindi þessu hafnað með þeim skýringum, að gerðarþolinn Hákon Matthíasson væri mótfallinn upptöku fjárnámsgerðarinnar. Hefði lögmaður hans, Kristinn Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður, þegar gert kunnugt, að fjárnáminu yrði skotið til Hæstaréttar með áfrýjun, og fengið dómsgerðir málsins sendar. Væru skilyrði til upptöku gerðarinnar samkvæmt 52. gr. laga nr. 19/1887 um aðför ekki fyrir hendi, og yrðu þau mistök, sem orðið hefðu, ekki leiðrétt á grundvelli 2. mgr. 195. gr. einkamálalaga.

II.

Kröfu sína um ómerkingu hinnar áfrýjuðu áritunar á áskorunarstefnu og frávísun málsins frá bæjarþingi Keflavíkur reisa áfrýj-

endur einkum á því, að stefnan hafi ekki sætt löglegri birtingu. Samkvæmt vottorði um birtinguna hafi hún farið fram að Hafnargötu 35 í Keflavík, en þar eigi þau hvorki heimili né starfsstöð. Áfrýjandinn Hildur Guðrún hafi að vísu starfað við Verslunina X-Port, en hún sé til húsa að Hafnargötu 37, og áfrýjandinn Hákon hafi starfað annars staðar. Hafi þau ekki fengið vitneskju um málið, fyrr en áfrýjandinn Hákon varð þess var síðla árs 1988, að þinglýst hafði verið fjárnámi í fyrrgreindri fasteign hans.

Á það má fallast, að stefna í héraði hafi ekki verið réttilega birt á hendur áfrýjanda Hákoni. Krafan um frávísun var hins vegar ekki orðuð í áfrýjunarstefnu málsins, sbr. 18. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands, en áfrýjendur hafa bæði sótt þing í málinu hér fyrir dómi og haft uppi varnir um efni þess. Með vísan til þessara aðstæðna þykir krafa þessi ekki koma til álita, enda eru ekki efni til að vísa málinu sjálfkrafa frá dómi vegna galla á stefnunni sjálfri.

III.

Um málavexti varðandi efni málsins skýra áfrýjendur svo frá hér fyrir dómi, að þau hafi verið meðal fimm stofnenda og hluthafa í félaginu Fataportinu hf., sem tekið var til skrásetningar á Hlutafélagaskrá 15. nóvember 1985. Hlutafélag þetta hafi átt og rekið Verslunina X-Port að Hafnargötu 37 í Keflavík, þar sem verslað var í smásölu með fatnað og skyldar vörur. Hafi áfrýjandinn Hildur Guðrún verið í stjórn félagsins og jafnframt framkvæmdastjóri þess og prókúruhafi ásamt Guðrúnu Reynisdóttur, Heiðarholti 2, Keflavík. Þær hafi báðar starfað við verslunina og séð um daglegan rekstur hennar á þeim tíma, sem hér skipti máli. Áfrýjandinn Hákon hafi verið varamaður í félagsstjórninni, en ekki stundað nein störf við verslunina, enda verið sjómaður að atvinnu. Nafn það, sem notað var á versluninni, hafi verið óskrásett.

Áfrýjendur segja, að hlutafélagið hafi átt í viðskiptum við stefnda Danjeans A/S vegna verslunar sinnar og pantað og keypt hjá fyrirtækinu þann fatnað, sem um ræði í áskorunarstefnu. Hafi viðskiptin byrjað í marsmánuði 1987, þegar þær Hildur Guðrún og Guðrún Reynisdóttir hafi verið staddar á vörusýningu í Kaupmannahöfn. Taki stefnukrafan til hluta af stærri pöntun, sem þær hafi gert við þetta tækifæri fyrir hönd hlutafélagsins hjá sölumanni stefnda Danjeans A/S, og sú pöntun verið afgreidd í áföngum.

Kröfu sína um sýknu í máli þessu byggja áfrýjendur á aðildarskorti með vísan til þessara atvika. Telja þau kröfum stefnda Danjeans A/S ranglega beint gegn sér, þar sem Fataportið hf. hafi verið eigandi umræddrar verslunar og kaupandi að þeim vörum, sem greiðslu er krafist fyrir.

Áfrýjendur hafa ekki lagt fram ársreikninga Fataportsins hf. eða aðrar yfirlitsheimildir um rekstur félagsins eða eignarhald á verslununni. Á hinn bóginn sýna fram lagðar aðflutningsskýrslur, að hinar ógreiddu vörur voru leystar úr tolli hér á landi í nafni félagsins.

Kröfur stefnda Danjeans A/S á hendur áfrýjendum eru reistar á því, eins og í áskorunarstefnu greinir, að þau hafi keypt hinar umdeildu vörur í nafni óskrásettrar verslunar sinnar, X-Port, í Keflavík. Beri þau persónulega ábyrgð á vöruskuldinni, enda séu þau sjálf eigendur þessarar verslunar.

Fylgiskjöl þau, er lögð voru fram með stefnunni, eru einkum yfirlit yfir tvo viðskiptareikninga, sem færðir voru hjá stefnda Danjeans A/S og sýna úttektir á fatnaðarvörum hjá fyrirtækinu á tímabilinu 18. júní 1987 til 30. nóvember sama ár. Með hvorum reikningi um sig var lögð fram inneignarnóta vegna endursendra vara, og var fjárhæð hennar dregin frá umkrafinni skuld samkvæmt reikningnum. Auk þessa voru lögð fram tvö stutt bréf frá fyrirtækinu til lögmanna þess í Danmörku ásamt innheimtubréfi 29. desember 1987 til Verslunarinnar X-Port að Hafnargötu 37 í Keflavík.

Annar þessara viðskiptareikninga er auðkenndur nr. 902124, og varðar hann vörur undir merkinu You-Who samkvæmt fyrrgreindum bréfum fyrirtækisins. Á honum er nafn viðskiptamannsins tilgreint sem „Verslunin X-Port, Hafnargötu 37, 230 Keflavík". Á inneignarnótu með reikningnum er nafnið greint með sama hætti. Hinn reikningurinn er auðkenndur nr. 57106 og varðar vörur undir merkinu 49R samkvæmt sömu heimild. Er nafn viðskiptamannsins þar tilgreint sem „Verslunin X-Port (Fata-portið), Hafnargötu, 230 Keflavík". Hið sama er að segja um þá inneignarnótu, er þennan reikning varðar.

Á vörureikningum frá stefnda Danjeans A/S, sem síðar hafa komið fram í málinu, er nafn kaupanda tilgreint á sama hátt og fyrr greinir eftir því, hvort kaupin voru færð á viðskiptareikning

nr. 902124 eða 57106. Á reikningunum er gefið til kynna, að tiltekinn starfsmaður fyrirtækisins hafi tekið við pöntunum á hinum seldu vörum, og hafi pantanirnar borið tiltekin númer, sem voru allmörg. Að öðru leyti verður ekkert um það ráðið af fram lögðum skjölum frá stefnda Danjeans A/S, hvernig staðið var að pöntun á hinum umdeildu vörum.

IV.

Ágreiningslaust er í málinu, að hinar ógreiddu vörur frá stefnda Danjeans A/S hafi verið keyptar fyrir Verslunina X-Port í Keflavík á því tímabili og við því verði, sem kröfur í áskorunarstefnu gefa til kynna. Samkvæmt fram lögðum gögnum hafa áfrýjendur leitt líkur að þeirri staðhæfingu sinni, að Fataportið hf. hafi annast rekstur þessarar verslunar á umræddum tíma og borið ábyrgð á honum. Með vísan til þessa og annarra atvika verður að telja, að í málinu sé ekki fram komin sönnun þess, að áfrýjendur hafi sjálfir borið ábyrgð á rekstri verslunarinnar eða komið þannig fram gagnvart hinu stefnda fyrirtæki, að það hafi mátt ætla, að svo væri. Ber því að sýkna áfrýjendur af kröfum þess.

Eftir þessum úrslitum ber að fella hina áfrýjuðu fjárnámsgerð úr gildi.

Rétt er, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjendur, Hildur Guðrún Hákonardóttir og Hákon Matthíasson, eiga að vera sýkn af kröfum stefnda Danjeans A/S.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er úr gildi felld.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
Sveins Snorrasonar hæstaréttarlögmanns.

Ég er samþykkur atvikalýsingu í I. kafla atkvæðis meiri hluta dómsins.

Um formhlið máls hafa áfrýjendur gert kröfu um frávísun málsins frá héraðsdómi. Í áfrýjunarstefnu hefur af þeirra hálfu verið

gerður áskilnaður samkvæmt 45. gr. laga nr. 75/1936 um Hæstarétt Íslands, og krafa um frávísun málsins frá héraðsdómi kemur þegar fram í greinargerð hér fyrir dómi. Verður ekki undan því vikist að taka afstöðu til þeirrar kröfu.

Samkvæmt birtingarvottorði í áskorunarstefnu hefur birting stefnunnar farið fram fyrir áfrýjandanum Hildi Guðrúnu sjálfri og fullnægir því skilyrðum 96. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Er frávísunarkrafan, að því er hana varðar, því ekki tekin til greina.

Á það má hins vegar fallast með áfrýjanda Hákoni Matthíassyni, að stefnubirting gagnvart honum hafi verið ábótavant að því leyti, að Verslunin X-Port sé ekki starfsstöð hans og hafi það enda ekki verið gefið í skyn í stefnubirtingarvottorði. Það er því ljóst, að stefnubirting gagnvart honum hefur ekki farið fram í samræmi við ákvæði 96. gr. einkamálalaga. Ber því að vísa málinu frá héraðsdómi, að því er hann varðar.

Við munnlegan flutning málsins hér fyrir dómi hefur verið upplýst, að áfrýjandinn Hildur Guðrún hafði sjálf pantað vörur þær, sem mál þetta varðar, hjá Danjeans A/S á vörusýningu í Bella Center í Kaupmannahöfn í marsmánuði 1987. Er ekki ágreiningur um það með aðilum né heldur, að stefnukrafan hafi numið ógreiddum eftirstöðvum þeirrar pöntunar. Svo virðist sem um hafi verið samið, að seljandinn afhenti vörurnar smátt og smátt á tímabilinu frá apríl til september 1987. Vörurnar og reikningar fyrir hverja sendingu voru send Versluninni X-Port, Hafnargötu 37, 230 Keflavík. Á nokkrum reikninganna var nafnritun á reikningana: „Verslunin X-Port (Fataportið)" Ætla verður, að þessi framkvæmd hafi verið í samræmi við pöntun áfrýjanda Hildar Guðrúnar. Hún hefur ekki fært neina sönnun á því, að hún hafi vakið athygli sendanda á því, sem hún nú heldur fram, að viðtakandi væri félag með takmarkaðri ábyrgð, en til þess hafði hún næg tækifæri, eftir að fyrsta sending barst. Áfrýjanda Hildi Guðrúnu Hákonardóttur var réttilega birt áskorunarstefnan, sem mál þetta varðar. Hún átti þess kost að mæta fyrir héraðsdómi og halda uppi vörnum um aðild sína og persónulega ábyrgð á greiðslu fyrir þær vörur, sem hún hafði pantað og veitt viðtöku, ef hún taldi, að hlutafélag það, sem hún hafði prókúru fyrir, væri aðili að viðskiptunum. Þess kostar neytti

hún ekki. Héraðsdómara var því rétt samkvæmt 231. gr. l. 85/1936, sbr. 26. gr. l. 54/1988, að árita áskorunarstefnuna svo sem hann gerði, og ber því að staðfesta hina áfrýjuðu dómsathöfn, að því er áfrýjandann Hildi Guðrúnu Hákonardóttur varðar, þó þannig, að málskostnaður dæmist eins og í dómsorði greinir.

Með vísan til atvikalýsingar í I. kafla atkvæðis meiri hluta dómsins um hina áfrýjuðu fjárnámsgerð, en að öðru leyti í samræmi við framanritað atkvæði mitt, er ég samþykkur niðurstöðu meiri hlutans um, að fella beri fjárnámsgerðina úr gildi.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma áfrýjanda Hildi Guðrúnu til þess að greiða stefnda Danjeans A/S málskostnað í héraði og hér fyrir dómi, sem þykir hæfilega ákveðinn 100.000 krónur.

Dómsorð:

Málinu er, að því er Hákon Matthíasson varðar, vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður í þeim þætti málsins fellur niður.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er felld úr gildi.

Hin áfrýjaða dómsathöfn er staðfest, að því er varðar Hildi Guðrúnu Hákonardóttur, þó þannig, að hún greiði stefnda Danjeans A/S 100.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Fimmtudaginn 4. júní 1992.

Nr. 228/1992. **Jóhanna Tryggvadóttir vegna sín og Evrópuferða**

gegn

Halldóri Ástvaldssyni.

Kærumál. Frestur. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Sóknaraðili hefur með kæru 25. maí 1992 skotið til Hæstaréttar úrskurði bæjarþings Hafnarfjarðar 11. s. m. í bæjarþingsmálinu nr. 1159/1991. Kæra ásamt gögnum barst Hæstarétti 29. s. m. Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Þá krefst hún kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Finnur Torfi Hjörleifsson héraðsdómari hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð. Er hann án forsendna og hljóðar svo:

„Beiðni stefndu, Jóhönnu Tryggvadóttur, um frest er synjað."

Héraðsdómari hefur sent Hæstarétti forsendur fyrir úrskurði sínum, sbr. 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Úrskurður héraðsdómara um synjun frestbeiðni sætir eigi kæru til Hæstaréttar samkvæmt gagnályktun frá j-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Ber því að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Rétt er, að sóknaraðili greiði varnaraðila 25.000 krónur í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Jóhanna Tryggvadóttir vegna sín og Evrópuferða, greiði varnaraðila, Halldóri Ástvaldssyni, 25.000 krónur í kærumálskostnað.

Fimmtudaginn 11. júní 1992.

Nr. 490/1991. **Ákæruvaldið**
(Atli Gíslason saksóknari
skv. 3. mgr. 29. gr. l. nr. 19/1991)
gegn
Ármanni Reynissyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.),
Hrafni Bachmann
(Jón Magnússon hrl.),
Pétri Björnssyni
(Skarphéðinn Þórisson hrl.) **og**
Reyni Ragnarssyni
(Sigurður G. Guðjónsson hrl.).

Fjárdráttur. Skilasvik. Ólögmætir viðskiptahættir. Verðbréfamiðlun. Endurskoðendur. Leyfissvipting. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason, Hrafn Bragason, Pétur Kr. Hafstein og Þór Vilhjálmsson.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. nóvember 1991 að ósk ákærðu Ármanns Reynissonar og Péturs Björnssonar, en einnig af hálfu ákæruvalds, að því er þá varðar og ákærðu Hrafn Bachmann og Reyni Ragnarsson. Segir í áfrýjunarstefnu, að áfrýjað sé til sakfellingar samkvæmt ákæru, refsiákvörðunar og þyngingar refsingar svo og til þess, að ákærðu Pétur og Reynir sæti sviptingu starfsleyfa, svo sem getið er í ákæru.

Þegar málið kom til munnlegs flutnings, gerði saksóknari, sem flutti málið samkvæmt 3. mgr. 29. gr., sbr. 193. gr., laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, svofelldar kröfur:

„Krafist er staðfestingar hins áfrýjaða dóms á sakfellingu ákærðu Péturs Björnssonar og Ármanns Reynissonar, en jafnframt refsiþyngingar.

Enn fremur er krafist sakfellingar samkvæmt ákæru og refsiákvörðunar á hendur ákærðu sem hér segir:

Á hendur ákærða Pétri Björnssyni samkvæmt I. kafla, 3. tl., fyrir

brot gegn 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, II., III. og V. kafla, liðum A 2 og B 1 og 2, og VI. og VIII. kafla.

Á hendur ákærða Ármanni Reynissyni samkvæmt I. kafla, 3. tl., fyrir brot gegn 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, II., III. og IV. kafla, lið B 4, og VI. og VIII. kafla.

Á hendur ákærða Reyni Ragnarssyni samkvæmt II. og III. kafla. Enn fremur er krafist sviptingar löggildingar til endurskoðunarstarfa.

Á hendur ákærða Hrafni Bachmann samkvæmt VIII. kafla ákæru.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til greiðslu sakarkostnaðar í héraði og áfrýjunarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun fyrir báðum dómstigum."

Af hálfu ákærðu Ármanns og Péturs er krafist sýknu og þess, að sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði. Af hálfu ákærðu Hrafns og Reynis er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, að því er þá varðar, og þeir sýknaðir. Allir ákærðu krefjast þess, að sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði.

I.

Hér fyrir dómi hefur verið fallið frá ákæru eftir 1. og 2. tölulið I. kafla í ákæruskjali. Hins vegar þarf að taka afstöðu til þess, sem fram kemur í 3. lið kaflans.

Hér er fjallað um það, ,,hvernig ákærðu Pétur og Ármann náðu fé til lánastarfsemi Ávöxtunar sf. og sjóða hennar og varðveislu þess". Því er haldið fram, að ákærðu hafi gerst sekir um brot gegn 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 um fjársvik og 27., sbr. 52. gr., laga nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti með því að lokka almenning til viðskipta með auglýsingum í Morgunblaðinu á árinu 1987 og til 1. september 1988.

Greinin um fjársvik er í XXVI. kafla hegningarlaganna, sem er um auðgunarbrot. Greinin er þannig:

,,Ef maður kemur öðrum manni til að hafast eitthvað að eða láta eitthvað ógert með því á ólögmætan hátt að vekja, styrkja eða hagnýta sér ranga eða óljósa hugmynd hans um einhver atvik, og hefur þannig fé af honum eða öðrum, þá varðar það fangelsi allt að 6 árum."

Í 1. mgr. 27. gr. laga nr. 56/1978 segir:

„Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum, sem sama marki eru brenndar, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir fallnar til að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess, sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi, sem lög þessi taka til, sbr. 2. gr.“

Í 1. mgr. 52. gr. sömu laga segir meðal annars: „Brot gegn lögum þessum, ... varða sektum. Ef miklar sakir eru eða brot ítrekað, má beita varðhaldi eða fangelsi allt að 4 árum. Heimilt er að beita sektum jafnframt refsivist eftir því sem við á samkvæmt 49. gr. almennra hegningarlaga.“

Meðal skjala málsins eru 25 auglýsingar frá Ávöxtun sf. Hin fyrsta birtist 5. apríl 1987, en hin síðasta 1. september 1988. Af auglýsingunum birtust 16 á árinu 1987, og var sagt, að fjármunir á ávöxtunarbréfum næðu 36 - 38% ávöxtun á ársgrundvelli, sem væri 14% umfram verðbólgu. Frá 10. janúar 1988 til 13. mars 1988 birtust 7 af þeim auglýsingum, sem hafa verið lagðar fram. Segir í þremur þeirra, sem birtar voru á tveimur fyrstu mánuðum ársins, að 1987 hafi ávöxtunarbréfin skilað eigendum 14,4% ávöxtun umfram verðbólgu, og í auglýsingu 13. mars er talað um 14%. Í einni af auglýsingunum eru kynnt svonefnd rekstrarbréf, og í tveimur segir, að gengi ávöxtunarbréfanna í janúarlok hafi verið 1,4479. Síðustu auglýsingarnar, sem gögn eru um, birtust 5. júlí og 1. september. Í hinni fyrri segir m.a.: „Við bendum sparifjáreigendum því á, að ÁVÖXTUNARBRÉF og REKSTRARBRÉF hafa skilað eigendum sínum verulegri ávöxtun umfram verðbólgu.“ Um fyrri bréf segir síðan, að vextir á ávöxtunarbréfum umfram verðbólgu hafi síðustu þrjá mánuði verið 14,1%, síðustu sex mánuði 14,5% og síðustu tólf mánuði 14,9%. Um rekstrarbréfin segir, að vextir umfram verðbólgu hafi síðustu þrjá mánuði verið 18,0%. Þá segir: „Ávöxtunarbréf eru óbundin og hægt að öllu jöfnu að innleysa hvenær sem er án alls aukakostnaðar.“ Í auglýsingu, sem birtist 1. september, segir m.a.: „Starfsmenn Verðbréfasjóðs Ávöxtunar hf. hugsa fyrst og fremst um það að tryggja hag sparifjáreigenda og dreifa áhættunni með skynsamlegum fjárfestingum, þar

sem krafa er gerð um góða ávöxtun.“ Þá eru birtar fimm tölur um vexti umfram verðbólgu síðustu mánuði á undan, og eru þeir sagðir hafa verið frá 14,0 upp í 19,68%. Allar auglýsingarnar eru frá Ávöxtun sf., og eru í þeim auk framanskráðs ummæli um starfsemi sameignarfélagsins með auglýsingabrag.

Í málinu hafa verið lögð fram gögn, sem sýna, að líklegt er, að keppinautar Ávöxtunar sf. hafi auglýst með svipuðum hætti á þeim tíma, sem hér er fjallað um.

Ávöxtun sf., sem var sameignarfélag ákærðu Péturs og Ármanns, átti viðskipti við ýmsa aðila, sem fólu þeim fé sitt til ávöxtunar, m.a. með því að kaupa verðbréf, sem auglýst voru á þann veg, sem að framan er lýst. Svo fór, að þetta fólk beið verulegt fjártjón, þar sem Verðbréfasjóður Ávöxtunar hf. hefur ekki samkvæmt gögnum málsins greitt nema 43% skulda sinna og Rekstrarsjóður Ávöxtunar hf. 40,6%. Ársreikningur Verðbréfasjóðsins fyrir 1987 er dagsettur 21. mars 1988 og áritaður af stjórn hlutafélagsins, en í henni áttu báðir hinir ákærðu sæti, enda voru þeir eigendur mikils meiri hluta hlutafjár. Í reikningnum segir, að eignir séu samtals rúmlega 253 milljónir króna, þar af ýmsar kröfur 55,7 milljónir. Sundurliðun er í reikningnum, sem sýnir, að kröfur á Ávöxtun sf. námu um 17 milljónum af þessari upphæð og á Kjötmiðstöðina hf., sem var að hluta til í eigu ákærðu, um 13,5 milljónum. Fram er komið, að þessar skuldir voru á opnum reikningi. Lánveitingar þessar voru ólöglegar, eins og greinir í IV. kafla. Hlaut ákærðu ekki síðar en 21. mars 1988 að vera ljóst, að auglýsingarnar fengju ekki staðist og þeir myndu ekki geta endurgreitt það fé, sem þeim var trúað fyrir, eins og lofað var. Þeir héldu engu að síður áfram að auglýsa, að vildarkjör stæðu þeim til boða, sem keyptu ávöxtunarbréf. Eru auglýsingarnar þannig, að ekki var ástæða til að líta á þær sem marklítið skrum. Héldu ákærðu með þessu við röngum hugmyndum um hag fyrirtækja sinna og komu fólki til að fá þeim fé til ávöxtunar, sem ekki skilaði sér nema að hluta til baka og ekki gaf ávöxtun í samræmi við auglýsingarnar.

Sem fyrr segir, varðar það ákæruatriði, sem hér er um fjallað, auglýsingar í dagblaði. Ákærðu Pétur og Ármann hafa með auglýsingunum brotið 1. mgr. 27. gr. laga nr. 56/1978 og unnið til refsingar eftir 1. mgr. 52. gr. sömu laga, eins og í héraðsdómi segir.

Er hér um stórfellt brot að ræða. Ekki er fram komið, hve stór hluti af viðskiptum þeim, sem ákærðu nutu, var vegna auglýsinganna, en fallast verður á, að þær hafi verið til þess fallnar að auka viðskipti. Eins og á stendur, þykir ekki eiga að telja ákærðu hafa brotið 248. gr. almennra hegingarlaga með auglýsingunum.

II.

Í II. kafla ákæru er fjallað um það, „hvernig ákærðu Pétur, Ármann og Reynir höguðu reikningsskilum fyrir Ávöxtun sf. fyrir árið 1987". Er því haldið fram hér fyrir dómi, að ákærðu Pétur og Ármann hafi brotið 1. mgr. 158. gr. og 262. gr. hegningarlaga, sbr. 25. gr. laga nr. 51/1968 um bókhald, en ákærði Reynir 1. mgr. 158. gr. hegningarlaga og 10. gr., sbr. 17. gr., laga nr. 67/1976 um löggilta endurskoðendur, allt sbr. 138. gr. hegningarlaga.

Fyrsta ákvæðið, 158. gr. hegningarlaga, er í XVII. kafla þeirra um „skjalafals og önnur brot, er varða sýnileg sönnunargögn". Það er þannig:

„Ef maður tilgreinir eitthvað ranglega í opinberu skjali eða í bók eða í annars konar skjölum eða bókum, sem honum er skylt að gefa út eða rita, eða maður tilgreinir eitthvað ranglega í skjali eða bók, sem hann gefur út eða heldur í starfi, sem opinbera löggildingu þarf til að rækja, og það er gert til þess að blekkja með því í lögskiptum, þá varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum eða sektum, ef málsbætur eru."

Síðara hegningarlagaákvæðið, 262. gr., er í XXVII. kafla um „ýmis brot, er varða fjárréttindi". Greinin er þannig:

„Ef bókhaldsskyldur maður lætur hjá líða að halda lögskyldar bækur eða gerist sekur um stórfellda óreglusemi í bókhaldinu, þá varðar það sektum eða varðhaldi."

Í 25. gr. bókhaldslaga segir:

„Fyrir brot gegn lögum þessum skal refsað samkvæmt ákvæðum í almennum hegningarlögum."

Í 10. gr. laganna um löggilta endurskoðendur segir:

„Áritun löggilts endurskoðanda á reikningsskil þýðir, nema annað sé fram tekið með árituninni, að reikningsskilin og bókhaldið, sem þau eru byggð á, hafi verið endurskoðuð af honum og að reikningsskilin gefi, að hans mati, glögga mynd af hag og

afkomu aðila og að bókhaldið sé fært eftir viðurkenndum bókhaldsreglum.“

Í 17. gr. sömu laga segir eftir breytingu 1983:

„Brot gegn lögum þessum og reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, varðar sekt til ríkissjóðs, nema þyngri hegning liggi við að öðrum lögum.“

Í 138. gr. hegningarlaga, sem er í XIV. kafla laganna (brot í opinberu starfi), segir, að við tilteknar aðstæður skuli auka hegningu manns um allt að helming hennar, ef opinber starfsmaður misnotar stöðu sína.

Í þessum kafla ákæru er því haldið fram, að ákærðu hafi rangfært ársreikning Ávöxtunar sf. fyrir árið 1987 og að mikil óreiða hafi verið á bókhaldi sameignarfélagsins.

Bókhald Ávöxtunar sf. var fært á skrifstofu félagsins. Héraðsdómarar fjalla um það í tengslum við 3. lið I. kafla ákæru og geta þar um gagnrýni frá ákærða Reyni Ragnarssyni og Sigurði Tómassyni, löggiltum endurskoðanda. Var það skoðun dómsins, að bókhaldið hefði „að vísu verið fært nokkuð eftir á, en ekki sé unnt að telja, að mikil óreiða hafi beinlínis verið á því“. Ber að fallast á þessa niðurstöðu.

Ársreikningurinn var saminn á skrifstofu ákærða Reynis Ragnarssonar, löggilts endurskoðanda, í júní 1988 og undirritaður af honum 1. júlí. Bréf fylgdi með ýmsum fyrirvörum, og er það tekið upp í héraðsdóm. Undirritun ákærðu Péturs og Ármanns á reikninginn er ekki að sjá í skjölum, sem fyrir Hæstarétt hafa verið lögð. Hins vegar liggur frammi skattframtal, gert 1988, undirritað af þeim, og er ljóst, að ársreikningurinn er grundvöllur framtalsins. Í framburði sínum fyrir sakadómi sagði ákærði Pétur, að ársreikningurinn hefði fyrst og fremst verið skattframtal. Ákærði Ármann kvaðst ekki hafa átt hlut að bókhaldi og reikningsgerð sameignarfélagsins.

Svo sem fyrr segir, var Ávöxtun sf. sameignarfélag ákærðu Péturs og Ármanns, og þeir voru báðir starfandi stjórnendur þess. Ber að telja þá báða ábyrga vegna þeirra atriða, sem um er fjallað í þessum ákærulið.

Í héraðsdómi kemur fram, að dómendur telja, að tap Ávöxtunar sf. á árinu 1987 hafi numið 27.693.114 krónum, en ekki 4.078.340

krónum, eins og í ársreikningnum segir. Þá telja dómendur, að raunverulegar skuldir sameignarfélagsins umfram eignir hafi í árslok 1987 verið „ekki undir kr. 40.333.895", en ekki 4.011.701 króna, eins og segir í ársreikningi. Er það niðurstaða héraðsdóms, sem skipaður var sérfróðum meðdómsmönnum, að ársreikningurinn hafi gefið „mjög ranga mynd af rekstri félagsins á árinu 1987 og stöðu félagsins í árslok 1987". Þá telja héraðsdómendur sannað, að ákærðu „hefði átt að vera það ljóst, hefðu þeir viðhaft eðlilega aðgæslu".

Ákærði Reynir segir meðal annars í bréfinu, sem stílað var á eigendur Ávöxtunar sf., ákærðu Pétur og Ármann, og hann lét fylgja ársreikningnum, að eigendur og félög tengd þeim skuldi um 11.250.000 krónur af þeim rúmlega 70 milljónum, sem sameignarfélagið var talið eiga í skuldabréfum og kröfum. Hann kveður eignarhluti í félögum tilfærða á framreiknuðu verði, þó ekki hluti í Hirti Nielsen hf. „Ekki liggur fyrir, hvert sé markaðsvirði þessara hluta og hvort yfirleitt sé hægt að selja þá," segir í bréfinu. Um fasteignir, sem bókfærðar voru á 53.343.917 krónur, segir m.a., að þetta sé upphaflegt kaupverð að viðbættri hækkun samkvæmt byggingarvísitölu og áföllnum kostnaði við endurbyggingu. Þá segir: „Ljóst er, að erfitt er að gera sér grein fyrir, hvert sé markaðsvirði þessara fasteigna, auk þess sem leggja verður töluvert fé í að gera þær að eftirsóttri markaðsvöru. Að mínu áliti er hér um mjög áhættusama starfsemi að ræða ..." Þá segir í bréfi ákærða Reynis: „Ég tel með hliðsjón af framanrituðu og eins og fram kemur í áritun á reikningsskilum, að ársreikningurinn sýni ákveðna mynd af stöðu félagsins hinn 31.12. 1987 og af rekstri þess á árinu 1987, þannig að hægt sé að gera sér grein fyrir því, að staða þess er erfið og viðkvæm." Í árituninni sjálfri sagði endurskoðandinn: „Í bréfi okkar til eigenda félagsins í dag lýsum við framkvæmd endurskoðunarinnar og því, sem betur mætti fara. Þrátt fyrir þessa galla er það álit okkar, að ársreikningurinn sýni þá mynd af rekstri félagsins á árinu 1987 og stöðu þess í árslok 1987 miðað við venjulegar reikningsskilaaðferðir, að meta megi stöðu þess í árslok."

Í ákæru segir, að ákærðu sé „gefið að sök að hafa í sameiningu staðið að rangfærslu ársreiknings ... með því að ofmeta tekjur og eignir á ársreikningnum og leyna skuldastöðu ákærðu Péturs og

Ármanns og þeim tengdra og nákominna aðila við félagið. Þá er ákærðu Ármanni og Pétri gefin að sök mikil óreiða á bókhaldi þess ... ásamt skorti á afstemmingum". Eftir þetta er í ákæru frásögn af nokkrum atriðum í reikningnum og áliti skiptastjóra, ákvæði í sameignarfélagssamningnum um fasteignir, og síðar eru „í dæmaskyni" nefnd ýmis atriði, sem talin eru skýra það, sem að framan er rakið. Loks er ákærða Reyni gefið að sök að hafa rangfært tiltekna liði og áritað ársreikninginn fyrirvaralausri og fullri endurskoðunaráritun án þess að taka sjálfstæða afstöðu til verðmætis kröfueignar.

Þess er að gæta, að í lokaákvæði 21. gr. bókhaldslaga nr. 51/1968 segir, að verðbréf og útistandandi skuldir megi aldrei telja á hærra verði en ætla megi, að fyrir þær fáist. Verður að taka tillit til þess, að ársreikningur er saminn um mitt ár 1988.

Þegar litið er til þess, sem í héraðsdómi segir um bókhald og reikningsskil, svo og til þess, sem segir í bréfi ákærða Reynis, sem fylgdi reikningnum, sem hér er fjallað um, er sannað, að reikningurinn gaf ekki glögga mynd af rekstrarafkomunni 1987, svo sem vera bar eftir 1. mgr. 20. gr. bókhaldslaga, og að eignir voru ekki tilgreindar með þeirri fjárhæð, er raunverulega svaraði til verðmætis þeirra, svo sem vera bar eftir upphafsákvæði 21. gr. laganna og öðrum ákvæðum í greininni.

Þegar framanskráð er virt, er ljóst, að ákærðu tilgreindu ranglega tölur um hag Ávöxtunar sf. í ársreikningi fyrir 1987, en eigendum var skylt að gera slíkan reikning, og ákærði Reynir samdi reikninginn sem löggiltur endurskoðandi. Hlaut þetta að vera gert til að blekkja með því í lögskiptum við skattyfirvöld og bankaeftirlit. Brutu allir þeir þrír menn, sem ákærðir eru í þessum kafla, því gegn 1. mgr. 158. gr. hegningarlaga, sbr. 138. gr. sömu laga. Í greininni segir, að refsing geti orðið fangelsi allt að þremur árum. Verður þá ekki um það að ræða, að brot ákærða Reynis á lögum um löggilta endurskoðendur nr. 67/1976 sé fyrnt, sbr. 3. mgr. 81. gr. hegningarlaga, sbr. lög nr. 20/1981. Hefur hann einnig brotið þau ákvæði þeirra, sem greinir í ákæru.

Eins og á stendur, er rétt að telja, að 158. gr. tæmi sök gagnvart 262. gr. hegningarlaga.

III.

Í III. kafla ákæru er fjallað um það, „hvernig ákærðu Pétur, Ármann og Reynir höguðu reikningsskilum fyrir Verðbréfasjóð Ávöxtunar hf. fyrir árið 1987". Með þessu eru þeir Pétur og Ármann taldir hafa brotið 95., 96., 100. og 102. gr., sbr. 151. gr., laga um hlutafélög nr. 32/1978, sbr. lög nr. 69/1989. Reynir er talinn hafa brotið sömu ákvæði og að auki 86. gr. hlutafélagalaga og 10. gr., sbr. 17. gr., laga um löggilta endurskoðendur nr. 67/1976, allt sbr. 138. gr. hegningarlaga.

Hin tilgreindu ákvæði hlutafélagalaga eru eins og nú skal greint. Er textinn eins og hann var fyrir setningu laga nr. 69/1989:

„86. gr. Endurskoðendur skulu í samræmi við góða endurskoðunarvenju endurskoða ársreikninginn og í því sambandi kanna bókhaldsgögn félagsins og aðra þætti, er varða rekstur þess og stöðu. ...

95. gr. Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum og góðri reikningsskilavenju, bæði að því er varðar mat á hinum ýmsu liðum, uppsetningu, sundurliðun og heiti liða. Ákvæði 99., 101. og 102. gr. um eignarhluta í hlutafélögum gilda einnig um eignarhluta í öðrum félögum. Ársreikningi skulu fylgja skýringar á einstökum liðum í samræmi við ákvæði þessa kafla, sbr. 102. gr.

96. gr. Eignir, sem ekki eru ætlaðar til varanlegrar eignar eða notkunar fyrir félagið, þ.e. veltufjármuni, má ekki færa á hærra verði en kostnaðarverði eða raunvirði, ef það er lægra. Veltufjármuni má þó færa á hærra verði en kostnaðarverði í þeim tilvikum, sem það samræmist góðri reikningsskilavenju.

100. gr. ...

Hafi félag lánað verðmæti til hluthafa, stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra þess eða móður- eða dótturfélags, skal samanlögð fjárhæð þessara krafna færð sem sérstakur liður í efnahagsreikningi. Hafi félag sett veðtryggingu eða tekið á sig aðrar ábyrgðarskuldbindingar fyrir þá aðila, sem nefndir eru í þessari málsgrein, skal þess einnig sérstaklega getið í efnahagsreikningi eða í skýringum með honum.

Hafi félag sett veð eða tekið á sig ábyrgðarskuldbindingar fyrir þriðja aðila, án þess að það falli undir ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar

greinar, skal tilgreina heildarfjárhæð slíkra veðsetninga eða skuldbindinga á sama hátt.

102. gr. Í skýringum með ársreikningi skal gefa upplýsingar um eftirfarandi atriði með vísun til viðeigandi liða í ársreikningi, komi þau ekki greinilega fram í ársreikningnum sjálfum:

1. Eignahluta í öðrum félögum og annað áhættufé skal sundurliða. Þar skal greina nafn hvers félags, nafnverð eignahluta og bókfært verð í efnahagsreikningi. ...

4. Hafi einstakir veltufjármunir verið færðir á hærra verði en kostnaðarverði, skal það upplýst, ásamt fjárhæð mismunar.

5. Endurmatshækkun fastafjármuna, fjárhæð hennar og ráðstöfun. ...

15. Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar, sbr. 99. gr. ...

17. Ábyrgðarskuldbindingar vegna hluthafa, stjórnarmanna o.fl. aðila, sbr. 2. og 3. mgr. 100. gr.

151. gr. Það varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum:

1. Að skýra vísvitandi rangt eða villandi frá högum hlutafélags eða öðru, er það varðar, í opinberri auglýsingu eða tilkynningu, í opinberu boði í þátttöku í stofnun félags eða í útboði hluta, í skýrslum, ársreikningi eða yfirlýsingum til hluthafafundar eða forráðamanna félags eða í tilkynningum til hlutafélagaskrár. ...“

Önnur lagaákvæði, sem ákæra nefnir í þessum kafla, voru áður rakin.

Ársreikningurinn var undirritaður af ákærða Reyni 19. mars 1988. Stjórn félagsins undirritaði skýrslu sína, sem reikningnum fylgdi, 21. mars. Áritun endurskoðandans og bréf hans til stjórnar sjóðsins er að finna í héraðsdómi. Bréfsins er ekki getið í árituninni.

Héraðsdómendur telja ekki, að sjá hefði mátt fyrir, þegar ársreikningurinn var saminn, að tapaðar kröfur væru hærri en 222.880 krónur, sem færðar voru á ársreikninginn sem „ýmsar kröfur“, og 5.632.120 krónur af skuldabréfaeign. Þeir telja ekki unnt að leggja dóm á, hvaða kröfur, sem voru í innheimtu hjá lögmönnum, voru fyrirsjáanlega tapaðar. Héraðsdómendur telja, að rétt hefði verið, að fram kæmu betur í ársreikningi viðskipti við hluthafa, og þeir benda á, að endurskoðandinn hafi ekki metið sjálfstætt kröfueign verðbréfasjóðsins.

Ákærðu er gefið að sök að hafa í sameiningu staðið að villandi ársreikningi „með því að ofmeta stórlega tekjur og eignir (kröfueign) á ársreikningnum og leyna skuldastöðu ákærðu Péturs og Ármanns og þeim tengdra og nákominna aðila við hlutafélagið, en það mátti þeim ekki dyljast".

Reikningur sá, sem hér er fjallað um, átti að sýna rekstur og hag verðbréfasjóðs, sem tók við fé frá almenningi til ávöxtunar. Verður því að gera ríkar kröfur til nákvæmni í bókhaldi og ársreikningsgerð. Af héraðsdómi, sem fallast ber á að þessu leyti, má ráða, að dæmi eru um, að eignir séu ofmetnar, en fullkomin gögn til að framkvæma könnun um það atriði telja héraðsdómendur ekki fyrir hendi. Við gerð ársreikningsins var ekki, svo sem skylt var, framkvæmt mat á eignum verðbréfasjóðsins. Skuldastaða ákærðu Péturs og Ármanns og félaga, sem þeir áttu að öllu eða mestu, var ekki tilgreind með þeim hætti, sem skylt var. Viðskipti ákærðu og sjóðsins voru ólögleg, sbr. IV. kafla. Með þessu brutu þessir ákærðu og ákærði Reynir 95., 96., 100. og 102. gr. hlutafélagalaga. Ákærði Reynir hefur enn fremur brotið 86. gr. hlutafélagalaga og 10. gr. laga um löggilta endurskoðendur. Gat ákærðu ekki dulist, að um brot var að ræða, en þeir gengu engu að síður frá ársreikningnum með áritunum sínum. Hafa þeir því unnið til refsingar samkvæmt 151. gr. hlutafélagalaga og ákærði Reynir að auki samkvæmt 17. gr. laga um löggilta endurskoðendur. Í 151. gr. hlutafélagalaga er mælt fyrir, að refsing geti verið fangelsi allt að tveimur árum, og er því ekki um að ræða fyrningu sakar eftir lögum nr. 67/1976, sbr. 3. mgr. 81. gr. hegningarlaga, sbr. lög nr. 20/1981.

IV.

Í IV. kafla ákæru er fjallað um það, „hvernig ákærðu Pétur og Ármann hagnýttu sér og fyrirtækjum sínum fé úr verðbréfasjóðum Ávöxtunar hf.". Segir í ákæru, að ákærðu þyki „aðallega hafa brotið gegn 2. mgr., sbr. 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, en til vara gegn 249. gr. sömu laga og gegn 16. gr. laga nr. 27, 1986, um verðbréfamiðlun, sbr. nú 37. gr. laga nr. 20, 1989".

Í 247. gr. hegningarlaga segir:

„Dragi maður sér fjármuni eða önnur verðmæti, sem hann hefur

í vörslum sínum, en annar maður er eigandi að, án þess þó að verknaðurinn varði við 246. gr., þá skal hann sæta fangelsi allt að 6 árum.

Hafi maður notað peninga annars manns heimildarlaust í sjálfs sín þarfir, þá skal honum refsað fyrir það samkvæmt 1. mgr., hvort sem honum hefur verið skylt að halda peningunum aðgreindum frá sínu fé eða ekki."

Í 246. gr., sem vitnað er til, er fjallað um ólögmæta meðferð á fundnu fé.

Í 249. gr. hegningarlaga segir:

„Ef maður, sem fengið hefur aðstöðu til þess að gera eitthvað, sem annar maður verður bundinn við, eða hefur fjárreiður fyrir aðra á hendi, misnotar þessa aðstöðu sína, þá varðar það fangelsi allt að 2 árum, og má þyngja refsinguna, ef mjög miklar sakir eru, allt að 6 ára fangelsi."

Í 16. gr. laga nr. 27/1986 um verðbréfamiðlun sagði:

„Það varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum, hafi maður með höndum verðbréfamiðlun, sbr. 2. gr., eða rekstur verðbréfasjóðs, sbr. 3. gr., án leyfis viðskiptaráðherra eða brjóti gegn ákvæðum III. kafla laga þessara. Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverðar eftir því, sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

Með brot skv. 1. mgr. skal farið að hætti opinberra mála."

Lög nr. 20/1989 um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði leystu af hólmi lög nr. 27/1986. Hefur 37. gr. yngri laganna að geyma refsiákvæði.

Hér fyrir dómi var því haldið fram af verjendum ákærðu, að sýkna bæri af þessum kafla ákærunnar, þar sem í héraði væri sakfellt fyrir annað lagaákvæði en greint væri í ákæru, og í Hæstarétti krafist að þessu leyti staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Er um það að ræða, að ákærðu voru sekir fundnir um brot á 1. mgr. 247. gr. hegningarlaga, en ákært var fyrir brot á 2. mgr., sbr. 1. mgr. Um þetta er þessa að geta: Í 2. mgr. 247. gr. er sagt, að notkun peninga annars manns sé refsiverð eftir 1. mgr. við tilteknar aðstæður. Skilja ber þetta þannig, að refsing fari eftir 1. mgr., þegar verknaður beinist að þeim verðmætum, sem í 2. mgr. segir. Var því nóg að tilgreina 1. mgr. í niðurstöðu, eins og gert var í

héraðsdómi, þó að nákvæmara hefði verið að orða hana eins og orðum er hagað í ákæru. Þá er þess að gæta, að þetta atriði hefur ekki valdið því, að málið væri flutt, án þess að tækifæri væri til að koma að fullri vörn, sbr. meginreglu 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Verður ákærðu ekki dæmd sýkna með þeim rökum, sem verjendur hafa teflt fram og nú hefur verið fjallað um.

Verðbréfasjóður Ávöxtunar hf. rak viðskipti, sem hér eru ekki til athugunar nema að hluta. Í viðskiptunum voru stjórnendur félagsins bundnir af lögunum um verðbréfamiðlun frá 1986, sem áður eru nefnd. Félagið fékk til ávöxtunar fé frá ýmsum aðilum, enda var það í samræmi við tilgang þess og kynningu meðal almennings. Ávöxtun sf. annaðist daglegan rekstur verðbréfasjóðsins. Var Ávöxtun sf., sem fyrr segir, félag ákærðu Péturs og Ármanns, en verðbréfasjóðurinn að mestu þeirra eign. Er tilgangi og starfsemi sjóðsins nánar lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Í þessum ákærukafla er í fyrsta tölulið A-hluta ákært fyrir fjárdrátt, sem í ákæru er talinn hafa numið 52.753.437 krónum. Niðurstaða héraðsdómara er sú, að 1. mgr. 247. gr. hegningarlaga hafi verið brotin, með því að ákærðu hafi dregið sér 16.454.760 krónur. Um er að ræða fé, sem tekið var úr sjóði Verðbréfasjóðs Ávöxtunar hf. og notað í þágu Ávöxtunar sf. Niðurstaða í hinum áfrýjaða dómi um þetta atriði er á því byggð, að ákærðu hafi haft yfirdráttarheimild frá stjórn sjóðsins.

Verðbréfasjóður Ávöxtunar hf. mátti ekki lána nema með því að kaupa verðbréf, sbr. 3. gr. laga nr. 27/1986. Voru viðskiptin við Ávöxtun sf. á opnum reikningi ólögleg og fólu í sér fullframinn fjárdrátt, þegar fé kom til ráðstöfunar frá sjóðnum. Hafa ákærðu gerst brotlegir við 247. gr. hegningarlaga með þessum hætti, og verður, eins og mál þetta er lagt fyrir, að telja, að fjárhæð sú, sem þeir drógu sér og verða nú sakfelldir fyrir, nemi 35.197.216 krónum, þ.e. 52.753.437 krónum að frádregnum vöxtum, 17.556.221 krónu.

Í 2. tölulið A-hluta IV. kafla ákærunnar er ákærðu gefið að sök að hafa látið verðbréfasjóðinn kaupa tiltekinn kaupleigusamning af Ávöxtun sf., en leigutaki samkvæmt samningi þessum var Hughönnun hf., sem ákærðu áttu meiri hluta í og varð gjaldþrota síðla árs 1988. Viðskipti þessi fóru fram 30. júní 1988, en þá hlutu

ákærðu að sjá, að Hughönnun hf. myndi ekki geta staðið við skuldbindingar sínar eftir samningnum, að verðmæti hans væri lítið og að Ávöxtun sf. átti í mjög miklum fjárhagserfiðleikum. Var því um fullframinn fjárdrátt að ræða 30. júní 1988. Eins og málið liggur fyrir, verður talið, að sakfella beri ákærðu vegna 1.050.000 króna.

Í 3. tölulið er fjallað um sölu ákærðu í ágúst 1987 á eigin skuldabréfi til verðbréfasjóðsins. Þessi sala var óheimil samkvæmt 8. gr. laga nr. 27/1986 og 56. gr. hlutafélagalaga nr. 32/1978. Var hér um fjárdrátt að ræða og fjárhæðin 4.902.196 krónur.

Í B-hluta IV. kafla ákæru er fjallað um viðskipti fyrirtækja, sem ákærðu áttu, við Verðbréfasjóð Ávöxtunar hf. og Rekstrarsjóð Ávöxtunar hf. Í 1. tölulið ræðir um skuld á opnum reikningi hjá verðbréfasjóðnum, en skuldari var Hjörtur Nielsen hf., félag í eigu ákærðu. Þessi viðskipti voru ákveðin af ákærðu, og þau voru ólögleg, eins og fyrr segir um viðskiptin við Ávöxtun sf. Með tilvísun til héraðsdóms ber því að telja, að ákærðu hafi brotið 247. gr. hegningarlaga með viðskiptunum, og verður fjárdrátturinn talinn nema 5.133.066 krónum.

Í 2. og 3. tölulið er ákært fyrir kaup á skuldabréfum í september 1987 og janúar 1988. Með vísan til þess, sem segir um A-3 lið hér að framan, verður talið, að hér hafi verið um fjárdrátt að ræða. Fjárhæðirnar eru 2.244.888 krónur og 1.281.842 krónur.

Í 4. tölulið er ákært fyrir lán til Ragnarsbakarís, sem ákærðu áttu, úr Rekstrarsjóði Ávöxtunar hf. Var þessi lánastarfsemi ólögleg með sama hætti og fyrr er lýst, og braut ákærði Pétur 247. gr. hegningarlaga með þessari ráðstöfun. Nemur fjárdrátturinn 500.000 krónum. Ákærði Ármann hlaut að fá vitneskju um þetta lán sem stjórnarmaður í báðum félögunum og hefur því einnig brotið þetta lagaákvæði.

Í 5. og 6. tölulið B-hluta IV. kafla ákærunnar er fjallað um, að ákærðu létu verðbréfasjóðinn kaupa tvo víxla af Hirti Nielsen hf. 6. júlí og 8. ágúst 1988. Var það hlutafélag samþykkjandi, en ákærðu ábyrgðarmenn. Þessi viðskipti voru brot gegn 247. gr. hegningarlaga af sömu ástæðu og greint er, þar sem fjallað er um A-2 hér á undan, að breyttu breytanda. Fjárhæðirnar eru 401.067 krónur og 277.024 krónur.

Í 7. tölulið er fjallað um greiðslu til Ragnarsbakarís úr verðbréfa-

sjóðnum. Hinn 7. september 1988 nam skuld bakarísins á opnum viðskiptareikningi án vaxta 7.397.907 krónum. Verður ekki séð, að viðskipti með skuldabréf, sem rakin eru í ákæru, breyti því, að þessi fjárhæð var lánuð. Samkvæmt því, sem áður segir, var það lögbrot. Verður að telja, að ákærðu hafi gerst sekir um fjárdrátt sem þessari upphæð nemur.

Í C-hluta IV. kafla ákæru er ákært fyrir lán úr verðbréfasjóðnum til Kjötmiðstöðvarinnar hf., sem ákærðu áttu 45% í. Lánið var andstætt lögum. Fjárhæðin er samkvæmt ákæru 10.379.334 krónur, þar af vextir og kostnaður 5.551.105 krónur. Hér var um að ræða brot á 247. gr. hegningarlaga og fjárhæðin 4.828.229 krónur.

Samkvæmt framanskráðu hafa ákærðu Pétur og Ármann orðið sekir um fjárdrátt, sem nemur 63.213.435 krónum.

V.

Í V. kafla ákæru er um það fjallað, „hvernig ákærði Pétur hagnýtti sér og fyrirtækjum sínum fé úr verðbréfasjóðum Ávöxtunar hf". Sömu lagaákvæði eru talin hafa verið brotin og í IV. kafla.

Staðfesta ber það, sem í hinum áfrýjaða dómi segir um þennan kafla ákærunnar.

VI.

Í VI. kafla ákæru er um það fjallað, „hvernig ákærðu Pétur og Ármann ráðstöfuðu andvirði eigna Hughönnunar hf.". Er talið, að þeir hafi með þessu brotið 247. gr. hegningarlaga, en til vara 4. tl. 1. mgr. 250. gr. laganna.

Fram er komið, að ákærðu áttu 62% hlutafjár í félagi þessu. Þeir seldu muni þess og afnotarétt af hugbúnaði 10. október 1988. Þeir drógu sér söluverðið, bæði þær 300.000 krónur, sem greiddar voru í peningum, og víxla, sem kaupendur afhentu. Kaupsamningurinn hefur verið lagður fram í málinu, og segir þar, að seljandi sé Hughönnun hf., og eru ekki rök til að vefengja það.

Með þessu hafa ákærðu dregið sér 1.200.000 krónur og brotið 247. gr. hegningarlaga.

VII.

Í VII. kafla ákæru er fjallað um, „hvernig ákærðu Pétur og Ármann tilkynntu innborgun hlutafjár í Brauðgerð Suðurnesja hf. til Hlutafélagaskrár". Er ákærðu gefið að sök að hafa brotið ákvæði 2. tl. 1. mgr. 146. gr. laga um hlutafélög nr. 32/1978 og unnið sér til refsingar samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 151. gr. sömu laga, sbr. lög nr. 69/1989.

Fallast ber á það, sem segir í héraðsdómi um þennan ákærukafla.

VIII.

Í VIII. kafla ákæru eru ákærðu Ármann, Pétur og Hrafn ákærðir fyrir fjársvik við sölu muna fyrirtækisins Veitingamannsins, en það var í eigu Kjötmiðstöðvarinnar hf. og ákærðu í stjórn hennar. Talið er, að hér hafi verið um að ræða brot á 248. gr. hegningarlaga.

Ósannað er, að kaupendur Veitingamannsins hafi verið leyndir því, að meðal munanna, sem seldir voru, hafi verið tiltekin tæki, er seld höfðu verið á kaupleigu og háð voru eignarrétti tveggja fyrirtækja, er stunda slík viðskipti.

Með 5. gr. kaupsamnings aðila frá 29. mars 1988, sbr. 3. gr., var því slegið föstu, að allar skuldbindingar fyrirtækisins fyrir afhendingu væru á ábyrgð seljenda. Eins og greinir í hinum áfrýjaða dómi, var sú fjárhæð, sem eftir stóð af kaupleigunni, aðeins lítið brot af söluandvirði Veitingamannsins, ákærði Hrafn var persónulega ábyrgur fyrir efndum á kaupleigusamningnum við Glitni hf., og eftir söluna hélt Kjötmiðstöðin áfram að greiða af öllum samningunum fram á haust 1988. Það er því ósannað, að með ákærðu hafi hér búið ásetningur til fjársvika, og ber því að sýkna þá af þessum ákærulið.

IX.

Í IX. kafla ákæru er fjallað um, „hvernig ákærði Ármann skaut undan málverkum sínum", en með því er hann talinn hafa brotið gegn 4. tl. 1. mgr. 250. gr. hegningarlaga.

Staðfesta ber það, sem í héraðsdómi segir um þennan ákærukafla.

X.

Með brotum þeim, sem hér að framan eru rakin, hafa ákærðu Pétur Björnsson, Ármann Reynisson og Reynir Ragnarsson unnið til refsingar eftir þeim ákvæðum laga, sem þar er lýst.

Staðfesta ber refsiákvæði héraðsdóms, að því er varðar ákærðu Pétur og Ármann.

Ákærði Reynir sæti fangelsi þrjá mánuði, en fullnustu þeirrar refsingar skal fresta og hún falla niður að liðnum þremur árum frá uppsögu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Þá greiði ákærði Reynir 500.000 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti ella 60 daga varðhaldi.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um, að ákærði Pétur skuli sviptur leyfi til verðbréfamiðlunar.

Ákærði Reynir skal sviptur leyfi til að starfa sem löggiltur endurskoðandi í sex mánuði frá birtingu dóms þessa samkvæmt 1. mgr. 15. gr. laga nr. 67/1976.

Staðfesta ber ákvörðun héraðsdóms um fjárhæðir saksóknar- og málsvarnarlauna. Ákærðu Pétur, Ármann og Reynir greiði málsvarnarlaun verjenda sinna í héraði. Saksóknarlaunin og annar sakarkostnaður greiðist þannig: Pétur og Ármann greiði óskipt 80%, Reynir 15% og ríkissjóður 5%.

Saksóknar- og málsvarnarlaun í Hæstarétti og annar áfrýjunarkostnaður greiðist eins og segir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði Hrafn Bachmann á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Ákærði Pétur Björnsson sæti fangelsi tvö ár og sex mánuði.

Ákærði Ármann Reynisson sæti fangelsi tvö ár.

Ákærði Reynir Ragnarsson sæti fangelsi þrjá mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum þremur árum frá uppsögu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Þá greiði ákærði Reynir 500.000 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti ella 60 daga varðhaldi.

Ákvæði héraðsdóms um, að ákærði Pétur skuli sviptur leyfi til verðbréfamiðlunar, er staðfest.

Ákærði Reynir er sviptur leyfi til að starfa sem löggiltur endurskoðandi í sex mánuði frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu Pétur, Ármann og Reynir skulu greiða málsvarnarlaun verjenda sinna í héraði, og skal fjárhæð þeirra vera sú, sem í héraðsdómi segir. Málsvarnarlaun verjanda ákærða Hrafns fyrir sakadómi skulu vera svo sem í héraðsdómi segir og greiðast úr ríkissjóði. Annar sakarkostnaður í héraði, þar með talin saksóknarlaun Atla Gíslasonar hæstaréttarlögmanns, sem vera skulu þau, sem segir í héraðsdómi, greiðist þannig: Ákærðu Pétur og Ármann greiði óskipt 80%, ákærði Reynir 15% og ríkissjóður 5%.

Ákærðu Pétur, Ármann og Reynir greiði málsvarnarlaun verjenda sinna fyrir Hæstarétti, ákærði Pétur 400.000 krónur til Skarphéðins Þórissonar hæstaréttarlögmanns, ákærði Ármann 400.000 krónur til Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns og ákærði Reynir 350.000 krónur til Sigurðar G. Guðjónssonar hæstaréttarlögmanns. Málsvarnarlaun verjanda ákærða Hrafns, Jóns Magnússonar hæstaréttarlögmanns, greiðist úr ríkissjóði, og skulu þau vera 200.000 krónur.

Annar áfrýjunarkostnaður, þar með talin saksóknarlaun Atla Gíslasonar hæstaréttarlögmanns, 700.000 krónur, greiðist þannig: Ákærðu Pétur og Ármann greiði óskipt 80%, ákærði Reynir 15% og ríkissjóður 5%.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 22. október 1991.

Ár 1991, þriðjudaginn 22. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Pétri Guðgeirssyni, sakadómara og dómsformanni, og meðdómsmönnunum Sigurði Stefánssyni og Sigurði Pálssyni, löggiltum endurskoðendum, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 523-526/1991: Ákæruvaldið gegn Pétri Björnssyni, Ármanni Reynissyni, Reyni Ragnarssyni og Hrafni Bachmann, sem dómtekið var 25. f. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 6. mars 1991, á hendur Pétri Björnssyni, fyrrverandi meðeiganda Ávöxtunar sf. og verðbréfamiðlara, til heimilis að Þórustöðum, Vatnsleysustrandarhreppi, fæddum 2. desember 1943 í Keflavík, Ármanni Reynissyni, fyrrverandi meðeiganda Ávöxtunar sf., til heimilis að Laugavegi 63, Reykjavík, fæddum 2. desember 1951 í Reykjavík, Reyni Ragnarssyni, löggiltum endurskoðanda, til heimilis að Staðarseli 5, Reykjavík, fæddum 6. desember 1947 í Reykjavík, og Hrafni Bachmann, fyrrverandi stjórnarmanni og framkvæmdastjóra í Kjötmiðstöðinni hf., til heimilis að Hjarðarhaga 40, Reykjavík, fæddum 16. janúar 1943 í Reykjavík, „fyrir brot á lögum um sparisjóði nr. 69, 1941, sbr. nú lög nr. 87, 1985, lögum um viðskiptabanka nr. 86, 1985, lögum um verðbréfamiðlun nr. 27, 1986, sbr. nú lög nr. 20, 1989, lögum um bókhald nr. 51, 1968, lögum um hlutafélög nr. 32, 1978, sbr. nú lög 69, 1989, lögum um löggilta endurskoðendur nr. 67, 1976, lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti nr. 56, 1978, og almennum hegningarlögum nr. 19, 1940.

I. kafli.

Um það, hvernig ákærðu Pétur og Ármann náðu fé til lánastarfsemi Ávöxtunar sf. og sjóða hennar og varðveislu þess.

— — —

3.

Þá er ákærðu gefið að sök að hafa lokkað almenning með blekkingum til viðskipta við fyrirtæki sín, Ávöxtun sf. og Verðbréfasjóð Ávöxtunar hf. og Rekstrarsjóð Ávöxtunar hf., með auglýsingum í Morgunblaðinu á árinu 1987 og til 1. september 1988. Er ávöxtun ávöxtunarbréfanna kynnt þar með heilu eða broti úr prósenti og gengi þeirra með fjórum aukastöfum. Máttu viðskiptamenn af þessu ætla, að bak við gengistölurnar lægju nákvæmir og traustir útreikningar. Hins vegar höfðu ákærðu engin viðhlítandi gögn til að auglýsa og birta slíka útreikninga, bókhald lengst af fært eftir á, þ. e. ekki fært reglulega frá mánuði til mánaðar, ófullnægjandi tölvubókhalds- og verðbréfakerfi, eitt af fjórum milliuppgjörum hjá Verðbréfasjóði Ávöxtunar hf. á árinu 1987 talið sýna „marktæka stöðu“ og loks kröfur í bókhaldi og ársuppgjörum fyrir árið 1987 og síðar stórlega ofmetnar. Sama gildir um „ávöxtunarsamninga“ frá 16. september 1986, þar sem í mörgum tilvikum er lofað 12-15% ársvöxtum umfram verðtryggingu, en ákærðu gat ekki dulist, að við slík loforð gætu þeir ekki staðið.

Brot ákærðu samkvæmt 1. lið telst varða við 29. gr. laga nr. 69, 1941, um sparisjóði, sbr. nú lög nr. 87, 1985, 66. gr.

Brot ákærðu samkvæmt 2. lið telst varða við lög nr. 27, 1986, um verð-

bréfamiðlun, 16. gr., sbr. nú lög nr. 20, 1989, 37. gr. og 2. mgr. 26. gr., sbr. 52. gr. laga nr. 86, 1985.

Brot samkvæmt 3. lið telst varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og 27., sbr. 52. gr. laga nr. 56, 1978.

II. kafli.

Um það, hvernig ákærðu Pétur, Ármann og Reynir höguðu reikningsskilum fyrir Ávöxtun sf. fyrir árið 1987.

Ákærðu Pétri, Ármanni og Reyni, löggiltum endurskoðanda, er gefið að sök að hafa í sameiningu staðið að rangfærslu ársreiknings Ávöxtunar sf. 1987, sem áritaður er af endurskoðandanum 1. júlí 1988, með því að ofmeta tekjur og eignir á ársreikningum og leyna skuldastöðu ákærðu Péturs og Ármanns og þeim tengdra og nákominna aðila við félagið. Þá er ákærðu Ármanni og Pétri gefin að sök mikil óreiða í bókhaldi þess, sbr. kafla I 3, ásamt skorti á afstemmingum. Á efnahagsreikningi eru heildareignir (kröfur) félagsins tilfærðar á 139.208.270,00 kr. Að áliti skiptastjóra (bréf 17. maí 1989) er verðmæti þeirra áætlað ca. 35.000.000,00 kr., og eru í þeirri tölu innifaldar ca. 25 milljónir kr., er í júlí 1988 voru afhentar Verðbréfasjóði Ávöxtunar hf. Við reikningsskilin var því ekki gætt lögboðinna eða viðurkenndra aðferða, sbr. 4. gr. og 4. mgr. 21. gr. laga nr. 51, 1968. Þá er fjárfesting í fasteignum verðbætt í ársreikningi eftir vísitölu byggingarkostnaðar í ósamræmi við ákvæði 11. gr. sameignarfélagssamnings. Voru reikningsskilin til þess fallin, eins og á stóð, að villa um fyrir bankaeftirliti Seðlabanka Íslands og viðskiptamönnum félagsins og almenningi um efnahag þess og rekstrarafkomu. Skulu hér í dæmaskyni taldar nokkrar eignir, er ofmetnar voru að verulegu eða öllu leyti.

Krafa á Ármann Reynisson, er gjaldþrota varð 14. október 1988 (skuldunautar)	kr.	2.519.573,00
Krafa á Pétur Björnsson, er gjaldþrota varð 14. október 1988 (skuldunautar)	kr.	1.587.515,00
„Eignarhluti" í Kjötmiðstöðinni hf.	kr.	12.652.600,00
Krafa á sama, metin til lokaverðs	kr.	5.410.667,00
Krafa á sama, sem varð gjaldþrota 10. október 1988 (skuldunautar)	kr.	3.675.211,00
Krafa á Hughönnun hf., metin ofmetin til lokaverðs	kr.	8.419.334,00
Krafa á sama, sem gjaldþrota varð 1. desember 1988 (skuldunautar)	kr.	219.767,00
Kröfueign B. Stefánssonar hf., ofmetin	kr.	2.511.647,00
Krafa á Hjört Nielsen hf. (skuldunautar)	kr.	873.398,00

Krafa á sama, sem gjaldþrota varð 14. október 1988, metin til lokaverðs	kr.	8.621.006,00
Áætlaðar vaxtatekjur	kr.	1.200.000,00
Krafa á Benson, sem varð gjaldþrota 30. maí 1985	kr.	356.624,00
Kröfur á J. Stefánsson, marggjaldþrota	kr.	996.698,00
Oftalin uppfærsla skuldabréfa	kr.	12.716.397,00
Oftaldir áætlaðir vextir skuldunauta að langmestu leyti	kr.	3.332.380,00
Ofreiknaðir vextir á víxla að langmestu leyti	kr.	899.460,00
	kr.	65.992.277,00

Að því er tekur til dæma um ofmetnar tekjur í ársreikningi 1987, skal eftirfarandi talið:

Oftalin tekjufærsla á ofangreindri uppfærslu á skuldabréfum	kr.	12.716.397,00
Ofreiknað endurmat á „eignarhluta" í Kjötmiðstöðinni hf.	kr.	5.645.175,00
Oftalið endurmat á hlutabréfum í Verðbréfasjóði Ávöxtunar hf.	kr.	187.000,00
Ofreiknaðir vextir og verðbætur á B. Stefánsson hf.	kr.	2.511.647,00
Vextir svonefndra skuldunauta ofreiknaðir að langmestu leyti	kr.	3.332.380,00
Ofreiknaðir vextir af víxlum að langmestu leyti	kr.	899.460,00
Ógjaldfært fyrir lögfræðiþjónustu í september til desember 1987	kr.	300.000,00
Áætlaðar vaxtatekjur	kr.	1.200.000,00
	kr.	26.792.059,00

Með vísan til framanritaðs er öllum ákærðu gefið að sök, að ársreikningur fyrir árið 1987 sé markleysa ein.

Sérstaklega er ákærða Reyni gefið að sök að hafa sjálfur rangfært til tekna og eigna í bókhaldi og ársreikningi Ávöxtunar sf. ofangreinda liði, 3.332.380,00 kr., 899.460,00 kr. og 16.275.180,00 kr., að ófrádregnum 12.716.397,00 kr. Þá er honum einnig gefið að sök að hafa að aflokinni endurskoðun áritað ársreikninginn fyrir árið 1987, sem saminn var á skrifstofu hans, fyrirvaralausri og fullri endurskoðunaráritun, sbr. 8. og 10. gr. laga nr. 67, 1976, að því er tekur til tekju- og gjaldauppgjörs félagsins og uppgjörs og mats á kröfueign þess, en til verðmætis hennar tók

hann ekki óháða afstöðu eða aflaði sér sjálfstætt upplýsinga til að meta hana.

Háttsemi ákærðu Ármanns og Péturs samkvæmt því, er að framan greinir, telst varða við 1. mgr. 158. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og 262. gr. sömu laga, sbr. 25. gr. laga nr. 51, 1968, svo og 95., 96., 102., 16. tl., og 100. gr., 1. mgr., sbr. 151. gr. laga nr. 32, 1978, sbr. nú sömu greinar laga nr. 69, 1989, nema 17. tl. 102. gr.

Háttsemi ákærða Reynis telst varða við 1. mgr. 158. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sem og sömu greinar breyttra laga um hlutafélög og áður greinir auk 86. gr. þeirra beint eða per analogiam ásamt 10. gr., sbr. 17. gr. laga nr. 67, 1976, allt sbr. 138. gr. laga nr. 19, 1940.

III. kafli.

Um það, hvernig ákærðu Pétur, Ármann og Reynir höguðu reikningsskilum fyrir Verðbréfasjóð Ávöxtunar hf. fyrir árið 1987.

Ákærðu Pétri, Ármanni og Reyni, löggiltum endurskoðanda, er gefið að sök að hafa í sameiningu staðið að villandi gerð ársreiknings Verðbréfareiknings Ávöxtunar hf. 1987, sem undirritaður er af hinum löggilta endurskoðanda 19. mars 1988, með því að ofmeta stórlega tekjur og eignir (kröfueign) á ársreikningnum og leyna skuldastöðu ákærðu Péturs og Ármanns og þeim tengdra og nákominna aðila við hlutafélagið, en það mátti þeim ekki dyljast. Á efnahagsreikningi eru heildareignir hans taldar 253.075.329,00 kr. Að áliti skilanefndar 30. apríl 1990 nema þar af óinnheimtanlegar kröfur 100.548.000,00 kr. eða sem næst 40%. Við reikningsskilin var ekki gætt lögboðinna eða viðurkenndra aðferða, sbr. 4. gr. og 4. mgr. 21. gr. laga nr. 51, 1968, og 95. gr. og 96. gr. laga nr. 32, 1978. Þau voru, eins og á stóð, til þess fallin að villa um fyrir bankaeftirliti Seðlabanka Íslands, viðskiptamönnum hlutafélagsins og almenningi um efnahag þess og afkomu. Ofmat kröfueignarinnar kemur þannig fram, talið í þúsundum króna:

	Eignir pr. 31.12.1987	*Þar af talið óinnheimtanlegt á verðlagi 31.12.1987*
Sjóður og bankainnstæða	131	
Víxileign	40.131	3.309
Kaupsamningur	26.512	812
Kreditkort	32.086	
Ýmsar kröfur	55.701	35.497
Skuldabréf	89.890	58.808
Innheimtur hjá lögmönnum	8.625	2.122
Samtals	253.076	100.548

Þegar til þess er litið, að ýmsar stærstu kröfur félagsins voru lítt eða ekki tryggðar, ásamt því, að skuldarar þeirra voru í veikri fjárhagsstöðu, enda brátt gjaldþrota, bar brýna nauðsyn til að meta verðmæti krafnanna einstaklingsbundið, sem þó var látið hjá líða, en talið nægja að leggja til hliðar til afskrifta af þeim allt of lágar fjárhæðir.

Enn fremur er ákærða Reyni gefið að sök að hafa að aflokinni endurskoðun áritað ársreikninginn fyrir árið 1987, sem saminn var á skrifstofu hans, fyrirvaralausri og fullri endurskoðunaráritun, sbr. 10. gr. laga nr. 67, 1976, að því er tekur til tekju- og gjaldauppgjörs félagsins og uppgjörs og mats á kröfueign þess, en til verðmætis hennar tók hann ekki óháða afstöðu eða aflaði sér sjálfstætt upplýsinga til að meta hana.

Háttsemi stjórnarmanna, þeirra Péturs og Ármanns, samkvæmt því, er að framan greinir, telst varða við 95., 96., 100. og 102. gr., sbr. 151. gr. laga nr. 32, 1978, sbr. nú lög nr. 69, 1989.

Háttsemi ákærða Reynis telst varða við 86., 95., 96., 100. og 102. gr., sbr. 151. gr. laga nr. 32, 1978, sbr. nú lög 69, 1989, og 10. gr., sbr. 17. gr. laga nr. 67, 1976, allt sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

IV.

Um það, hvernig ákærðu Pétur og Ármann hagnýttu sér og fyrirtækjum sínum fé úr Verðbréfasjóðum Ávöxtunar sf.

Þá er ákærðu Pétri og Ármanni gefið að sök að hafa í ávinningsskyni sem einkaeigendur og forstöðumenn Ávöxtunar sf., er annaðist rekstur Verðbréfasjóðs Ávöxtunar hf. og Rekstrarsjóðs Ávöxtunar hf. frá upphafi starfsemi þeirra, Verðbréfasjóðs í janúar 1987 og Rekstrarsjóðs í janúar 1988, allt til 7. september 1988, þegar starfsemi þeirra var hætt, notað verulegan hluta af fjármunum sjóðanna í þágu einkafyrirtækis síns, Ávöxtunar sf., og í þágu fyrirtækja, sem nefnt einkafyrirtæki þeirra og/eða þeir persónulega áttu hlut í, allt andstætt 8. gr. laga um verðbréfamiðlun nr. 27, 1986, yfirlýstu markmiði sjóðanna og samþykktum stjórna þeirra, sem hinir ákærðu áttu báðir sæti í, og valda þannig þeim, sem keypt höfðu hlutdeildarbréf í sjóðunum, fjártjóni eða verulegri hættu á slíku tjóni.

A) Viðskipti Verðbréfasjóðs Ávöxtunar hf. við Ávöxtun sf., einkafyrirtæki ákærðu, sem úrskurðað var gjaldþrota 14. október 1988 um leið og ákærðu sjálfir.

1) Ákærðu ráðstöfuðu verulegum fjármunum frá Verðbréfasjóði til Ávöxtunar sf. og notuðu fjármunina að miklu leyti í þágu einkafyrirtækis síns. Þeir gerðu ekki upp einstök viðskipti milli lögaðilanna, heldur létu bóka þau í opinn viðskiptareikning. Hinn 7. september 1988 var skuld Ávöxtunar sf. við Verðbréfasjóðinn á opnum viðskiptareikningi án nokkurra veðtrygginga 52.753.437,46 kr.

2) Ákærðu létu Verðbréfasjóð kaupa af Ávöxtun sf. kaupleigusamning um tölvu, dags. 1. apríl 1988, Ávöxtun sf. leigusali, Hughönnun hf. leigutaki, fyrirtæki, sem ákærðu og Ávöxtun sf. áttu 62% hluta í og var úrskurðað gjaldþrota 1. desember 1988. Nafnverð kaupleigusamningsins var talið 1.271.619,00 kr., en kaupverð hans 1.050.000,60 kr., sem ákærðu létu bóka miðað við 30. júní 1988 Ávöxtun sf. til tekna á opna viðskiptareikningnum í bókhaldi Verðbréfasjóðs. Ákærðu létu Rekstrarsjóð síðan kaupa kaupleigusamninginn af Verðbréfasjóði, og var bókfærð skuld Hughönnunar hf. vegna kaupleigusamningsins 7. september 1988 1.336.830,33 kr.

3) Hinn 12. ágúst 1987 létu ákærðu Verðbréfasjóð kaupa skuldabréf, að fjárhæð 5.550.000,00 kr. út gefið 1. júlí 1987, af Ávöxtun sf., bundið lánskjaravísitölu, með sjálfskuldarábyrgð ákærðu, sem endurgreiðast átti á 12 mánuðum, í fyrsta skipti 5. september 1987, fyrir 4.902.196,00 kr.

Bókfærðar eftirstöðvar skuldabréfsins voru 7. september 1988 3.598.708,00 kr.

B. Viðskipti Verðbréfasjóðs Ávöxtunar hf. og Rekstrarsjóðs Ávöxtunar hf. við Hjört Nielsen hf., sem ákærðu og einkafyrirtæki þeirra áttu alla hluti í, svo og Ragnarsbakarí, sem Hjörtur Nielsen hf. rak um skeið. Félagið Hjörtur Nielsen hf. var úrskurðað gjaldþrota 14. október. 1988.

1) Ákærðu ráðstöfuðu verulegum fjármunum, einkum á árinu 1988, frá Verðbréfasjóði til Hjartar Nielsens hf. sem beinum peningalánum og létu bóka ásamt endurgreiðslum eða uppígreiðslum á opinn viðskiptareikning. Hinn 7. september 1988 nam skuld Hjartar Nielsens hf. við Verðbréfasjóð á opnum viðskiptareikningi án nokkurra veðtrygginga 6.106.475,54 kr.

2) Hinn 23. september 1987 létu ákærðu Verðbréfasjóð kaupa tvö skuldabréf af Hirti Nielsen hf., hvort að fjárhæð 1.200.000,00 kr., út gefin af Hirti Nielsen hf. sama dag, bundin lánskjaravísitölu, með sjálfskuldarábyrgð ákærðu, til endurgreiðslu á 12 mánuðum, fyrst 10. janúar 1988, fyrir samtals 2.282.876,00 kr. Bókfærðar eftirstöðvar skuldabréfanna 7. september 1988 námu 2.367.041,60 krónum.

3) Hinn 6. apríl og 12. apríl 1988 létu ákærðu í samræmi við lið 2.6. í kaupsamningi um Iðavelli 8, Keflavík, dagsettum 14. janúar 1988, Verðbréfasjóð kaupa og Rekstrarsjóð síðan yfirtaka tvö skuldabréf af Trausta Einarssyni, Lágmóa 2, Njarðvík, hvort að fjárhæð 711.532,00 kr., út gefin af Hirti Nielsen hf. 19. janúar 1988, með sjálfskuldarábyrgð ákærðu, bundin lánskjaravísitölu, er endurgreiðast eiga með sex afborgunum á sex mánaða fresti, fyrst 1. janúar 1989, fyrir samtals 1.281.842,30 kr.

4) Hinn 6. maí 1988 ráðstöfuðu ákærðu úr Rekstrarsjóðnum til Ragnarsbakarís skilmálalaust og án veðtrygginga, en létu bóka í viðskiptamanna-

reikning Ragnarsbakarís, þar sem skuldin stóð óbreytt 7. september 1988, 500.000,00 kr.

5) Hinn 6. júlí 1988 létu ákærðu Verðbréfasjóð kaupa af Hirti Nielsen hf. víxil, að upphæð 470.000,00 kr., samþykktan af Hirti Nielsen hf., til greiðslu 2. október 1988, út gefinn af ákærða Ármanni Reynissyni, ábektan af báðum ákærðu, fyrir 406.547,80 kr.

6) Hinn 8. ágúst 1988 létu ákærðu Verðbréfasjóð kaupa af Hirti Nielsen hf. víxil, að upphæð 310.000,00 kr., samþykktan af Hirti Nielsen hf., til greiðslu 5. október 1988, út gefinn af ákærða Ármanni Reynissyni, ábektan af báðum ákærðu, fyrir 280.933,00 kr.

7) Á árinu 1988 ráðstöfuðu ákærðu verulegum fjármunum frá Verðbréfasjóðnum til Ragnarsbakarís og létu bóka ásamt endurgreiðslum eða uppígreiðslum á opinn viðskiptareikning. Hinn 7. september 1988 nam skuld Ragnarsbakarís við Verðbréfasjóð á opnum viðskiptareikningi án nokkurra trygginga 7.929.697,00 kr.

Stofnað var til skuldar þessarar að hluta með þeim hætti sem hér segir:

Hinn 2. september 1987 létu ákærðu Verðbréfasjóð kaupa veðskuldabréf af Emerald hf., út gefið af Ósk Auðunsdóttur 15. ágúst 1987, að upphæð 200.000,00 kr., bundið lánskjaravísitölu, tryggt með veði í eystra húsi að Hamrahlíð 37, Reykjavík, fyrir 175.148,70 kr.

Hinn 31. desember 1987 létu ákærðu Verðbréfasjóðinn kaupa fimm veðskuldabréf af Ávöxtun sf., út gefin 17. desember 1987 af Sigríði Þrastardóttur, hvert að upphæð 400.000,00 kr., bundin lánskjaravísitölu, tryggð með veði í Holtagerði 32, Kópavogi, efri hæð, fyrir samtals 1.543.059,00 kr. Sölulaun námu 30.861,00 kr. og því greitt til seljanda 1.512.198,00.

Hinn 6. janúar 1988 létu ákærðu Verðbréfasjóð kaupa þrjú skuldabréf af ákærða Pétri, út gefin 23. desember 1987 af Kristínu Haraldsdóttur, hvert að upphæð 500.000,00 kr., bundin lánskjaravísitölu, tryggð með sjálfskuldarábyrgð tveggja einstaklinga, fyrir samtals 1.350.925,00 kr. Sölulaun og stimpilgjöld námu 49.518,00 kr. og því greitt til seljanda 1.301.407,00 kr. Samkvæmt kaupsamningi, dagsettum 14. janúar 1988, á milli Trausta Einarssonar, seljanda, og Hjartar Nielsens hf., kaupanda, létu ákærðu seljandann fá öll þessi skuldabréf, níu að tölu, í hendur sem hluta af greiðslu kaupverðs Iðavalla 8, Keflavík, og er verð þeirra í kaupsamningi talið:

1 veðskuldabréf að nafnverði kr. 200.000 = 225.886.

5 veðskuldabréf að nafnverði kr. 2.000.000 = 2.043.080.

3 skuldabréf að nafnverði kr. 1.500.000 = 1.507.875.

Í septembermánuði 1988 létu ákærðu loks bóka afhendingu á bréfum þessum frá Verðbréfasjóði og skuldfærðu Ragnarsbakarí fyrir þeim á opnum viðskiptareikningi miðað við 6. júní 1988, þannig:

1 veðskuldabréf að nafnverði kr. 200.000 = 175.148.
5 veðskuldabréf að nafnverði kr. 2.000.000 = 1.512.198.
3 veðskuldabréf að nafnverði kr. 1.500.000 = 1.301.407.

C) Viðskipti Verðbréfasjóðs Ávöxtunar hf. við Kjötmiðstöðina hf., sem ákærðu og einkafyrirtæki þeirra áttu 45% hluta í, en félagið var úrskurðað gjaldþrota 10. nóvember 1988.

Auk þess, sem kærðu létu Verðbréfasjóð kaupa sölunótur úr kreditkortaviðskiptum og svokallaðar geymsluávísanir af Kjötmiðstöðinni hf., ráðstöfuðu þeir verulegum fjármunum frá Verðbréfasjóði til Kjötmiðstöðvarinnar annaðhvort undir því yfirskini, að sjóðurinn keypti kröfur á hendur þriðja manni af Kjötmiðstöðinni hf., eða með beinum peningalánum til félagsins, en hvort tveggja létu þeir síðan bóka í opnum viðskiptareikningi. Hinn 7. september nam skuld Kjötmiðstöðvarinnar hf. við Verðbréfasjóð á opnum viðskiptareikningi 10.379.334,00 kr.

Með framangreindum hætti þykja ákærðu aðallega hafa brotið gegn 2. mgr., sbr. 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, en til vara gegn 249. gr. sömu laga og gegn 16. gr. laga nr. 27, 1986, um verðbréfamiðlun, sbr. nú 37. gr. laga nr. 20, 1989.

V. kafli.

Um það, hvernig ákærði Pétur hagnýtti sér og fyrirtækjum sínum fé úr verðbréfasjóðum Ávöxtunar hf.

Ákærða Pétri er gefið að sök að hafa með þeim hætti, sem lýst er í IV. kafla, notað verulegan hluta af fjármunum sjóðanna, einkum Verðbréfasjóðs, í eigin þágu eða í þágu fyrirtækja, sem hann átti hluti í, og valdið þannig þeim, sem keypt höfðu hlutdeildarbréf í sjóðunum, fjártjóni eða verulegri hættu á slíku tjóni.

A) Viðskipti Verðbréfasjóðs Ávöxtunar hf. og Hersis hf./Íslenskra matvæla hf., en ákærði Pétur átti 20% hluta í hvoru fyrirtækjanna og sat í stjórn þeirra. Íslensk matvæli hf. önnuðust rekstur Hersis hf., og í bókhaldi Verðbréfasjóðs eru viðskipti við félögin bókuð á einn og sama bókhaldsreikning.

1) Auk þess, sem ákærði lét Verðbréfasjóð kaupa reikninga á hendur þriðja manni af Íslenskum matvælum hf., ráðstafaði hann verulegum fjármunum frá sjóðnum til fyrirtækisins, aðallega sem skilmálalausum peningalánum, og lét síðan bóka í opinn viðskiptareikning félagsins hjá sjóðnum. Hinn 7. september 1988 nam skuld Hersis hf./Íslenskra matvæla hf. við Verðbréfasjóð á opnum viðskiptareikningi 9.736.887,00 kr.

2) Hinn 30. september 1987 lét ákærði Pétur Verðbréfasjóð kaupa skuldabréf, að upphæð 1.200.000,00 kr., bundið lánskjaravísitölu, af Íslenskum matvælum hf., undirritað sama dag af honum sjálfum með upphafsstöfum

eingöngu, sem endurgreiðast átti með sex mánaðarlegum afborgunum, í fyrsta skipti 5. desember 1987, fyrir 1.131.101,00 kr. Bókfærðar eftirstöðvar skuldabréfsins 7. september 1988 námu 1.049.527,00 krónum.

B) Viðskipti Verðbréfasjóðs Ávöxtunar hf. og Rekstrarsjóðs Ávöxtunar hf. við Ísleið hf., en ákærði Pétur átti 25% hluta í félaginu og sat í stjórn þess.

1) Ákærði Pétur lét Verðbréfasjóð kaupa viðskiptavíxla af Ísleið hf., einkum á árinu 1987, og lét bóka víxla, sem í vanskil fóru, Ísleið hf. til skuldar á viðskiptareikningi hjá sjóðnum. Í árslok 1987 nam bókfærð skuld Ísleiðar hf. á viðskiptareikningnum 2.676.076,00 kr. Hinn 27. júní 1988 lét ákærði Verðbréfasjóð kaupa skuldabréf, út gefið af Ísleið hf., að upphæð 3.650.000,00 kr., bundið lánskjaravísitölu, með ábyrgð þriggja einstaklinga, þeirra á meðal ákærða sjálfs, sem endurgreiða á með tíu mánaðarlegum afborgunum, í fyrsta skipti 5. september 1988, fyrir 3.386.345,00 kr., og lét færa andvirðið til lúkningar skuld Ísleiðar hf. við sjóðinn. Hinn 30. júní 1988 ráðstafaði ákærði bréfi þessu frá Verðbréfasjóði til Rekstrarsjóðs.

2) Hinn 18. júlí 1988 lét ákærði Verðbréfasjóð kaupa víxil, að upphæð 200.000 kr., af Ísleið hf., samþykktan til greiðslu 5. september 1988 af Ísleið hf. fyrir 183.941,50 kr.

C) Úttektir ákærða Péturs úr sjóði Verðbréfasjóðs í eigin nafni eða í nafni Karakters, verslunar, sem hann rak sem einkafyrirtæki.

1) Hinn 30. september 1987 lét ákærði Verðbréfasjóð kaupa af sér skuldabréf, talið út gefið af Ísleið hf. sama dag, að upphæð 1.800.000,00 kr., bundið lánskjaravísitölu, sem endurgreiða átti með átján mánaðarlegum afborgunum, í fyrsta skipti 5. október 1987, fyrir 1.645.847,00 kr.

Hinn 7. september 1988 námu bókfærðar eftirstöðvar skuldabréfsins 1.596.828,20 kr. Andvirði skuldabréfsins notaði ákærði til þess að auka hlutafé sitt í Ísleið hf., en nú er staðhæft, að Ísleið hf. sé raunverulegur skuldari, þ. e., eftir að ákærði seldi hlutafé sitt í fyrirtækinu.

2) Að fyrri hluta árs 1988 tók ákærði Pétur fé út úr Verðbréfasjóði, ýmist í eigin nafni eða í nafni verslunarinnar Karakters. Lét hann bóka úttektirnar á svokallaðan biðreikning svo og innborganir sínar, en 7. september 1988 nam skuld ákærða á biðreikningi þessum 1.116.413,00 krónum.

Brot ákærða telst varða við 2. mgr., sbr. 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, en til vara við 249. gr. sömu laga, auk þess sem brot ákærða varðar við 16. gr. laga nr. 27, 1986, sbr. 37. gr. laga nr. 20, 1989.

VI. kafli.

Um það, hvernig ákærðu Pétur og Ármann ráðstöfuðu andvirði eigna Hughönnunar hf.

Með kaupsamningi, dagsettum 10. október 1988, seldi Hughönnun hf., Skipholti 50 C, Reykjavík, Lögþingi hf., Laugavegi 18 A, s. st., eignir sínar að mestu leyti, en í kaupsamningunum eru þær tilgreindar þannig: „Allar þær innréttingar og lýsing, sem eru á staðnum og geta gengið til kaupanda, símkerfi með 7 stk. símtækja, ísskápur, eldhúsborð með stólum, afgreiðsludiskur í þremur hlutum, stór hilluskápur, 2 stk. skrifborð, 2 stk. skrifborðsstólar með tauáklæði. Afnotaréttur af alhliða verðbréfahugbúnaði, sem Hughönnun framleiðir fyrir almennan markað og verður til afhendingar eigi síðar en 1. maí 1989." Umsamið kaupverð, 300.000,00 kr. í peningum og 900.000,00 kr. í víxlum, var greitt við undirritun samnings. Ákærðu Ármanni Reynissyni og Pétri Björnssyni er gefið að sök að hafa sameiginlega með refsiverðum hætti tekið undir sig allt ofangreint andvirði eignanna og ráðstafað því í eigin þarfir, m. a. til greiðslu á skuldum sínum og fyrirtækja sinna, enda þótt þeim hlyti að vera ljóst, að takan myndi leiða til gjaldþrots Hughönnunar hf., en bú þess félags var tekið til gjaldþrotaskipta 1. desember 1988. Ákærðu ásamt félagi þeirra, Ávöxtun sf., áttu 62% hlutafjár í Hughönnun hf. og voru báðir prókúruhafar fyrir félagið og ákærði Ármann stjórnarformaður þess og ákærði Pétur í varastjórn.

Þessi háttsemi ákærðu þykir aðallega varða við 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, en til vara við 1. mgr., 4. tl., 250. gr. sömu laga.

VII. kafli.

Um það, hvernig ákærðu Pétur og Ármann tilkynntu innborgun hlutafjár í Brauðgerð Suðurnesja hf. til Hlutafélagaskrár.

Með tilkynningu til Hlutafélagaskrár, dagsettri 11. apríl 1988, tilkynntu ákærðu Ármann og Pétur um stofnun hlutafélags í Keflavík, er bæri heitið Brauðgerð Suðurnesja hf. Væri hlutafé félagsins að upphæð 11.100.000,00 kr. og allt greitt. Var félagið skrásett sem hlutafélag á grundvelli tilkynningarinnar og meðfylgjandi gagna. Síðar kom í ljós, að ekkert hlutafé var innborgað til hlutafélagsins. Ákærðu er gefið að sök að hafa ranglega greint frá innborgun hlutafjárins, sbr. 2. tl. 1. mgr. 146. gr. laga nr. 32, 1978, um hlutafélög, og unnið sér þar með til refsingar samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 151. gr. sömu laga, sbr. lög nr. 69, 1989.

VIII. kafli.

Um fjársvik stjórnar Kjötmiðstöðvarinnar hf., Ármanns, Péturs og Hrafns, við sölu muna Veitingamannsins.

Með kaupsamningi, dagsettum 29. mars 1988, seldu ofangreindir

stjórnarmenn Kjötmiðstöðvarinnar hf. fyrirtækið Veitingamanninn, sem var deild í hlutafélaginu. Allar skuldbindingar fyrirtækisins fyrir afhendingu hins selda voru á ábyrgð seljanda. Hluti samningsins var áhaldalisti yfir seld tæki. Meðal þess, er þar greinir, er að finna þessa muni, er hlutafélagið hafði fengið samkvæmt kjörum um kaupleigu frá Glitni hf.: grænmetiskvörn RG-6 (salatkvörn), tvo gufusuðupotta, 100 og 200 lítra, með hræru, gufusjóðara, rekka og grindur og hitaskáp GN 1/1, en allt var þetta að verðmæti samkvæmt innkaupareikningum 2.178.966,00 kr. Einnig hafði félagið á sömu kjörum frá Lind tvo djúpsteikingarpotta, að verðmæti 443.790,00 kr. samkvæmt innkaupareikningum.

Ákærðu samkvæmt þessum kafla er gefið að sök að hafa leynt kaupendur munanna því, að hlutafélagið hafði ekki eignarrétt á munununum samkvæmt kaupleigusamningunum og bakaði þeim með þessu verulegt tjón.

Háttsemi þessi telst varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

IX. kafli.

Um það, hvernig ákærði Ármann skaut undan málverkum sínum.

Ákærða Ármanni er gefið að sök að hafa fjarlægt af heimili sínu myndir, er honum mátti ekki dyljast 5. september 1988, að gjaldþrot hans vofði yfir, og komið í geymslu og leynt þeim, uns bústjóri þrotabús hans fékk í byrjun desember sama ár vitneskju um málverkin, allt í því skyni að skjóta þeim undan búsmeðferð, svo að kröfuhöfum nýttist ekki verðmæti þeirra. Myndirnar voru 37 að tölu og að mati Gallerís Borgar að verðmæti 1500 þúsund til 1750 þúsund, allt eins og hér segir:

	Matsverð kr.
Benedikt Gunnarsson: Við vatnafjöllin, vatnslitur, 1970, 13 x 13 cm	10-15.000,00
Benedikt Gunnarsson: Frá Mexico, olía á striga, 1974, 55 x 60 cm	40-50.000,00
G. Leonbianchi?: Grafik 29/50, 17 x 12 cm?	
Gunnar Örn: Model, pennateikn., 1981, 20 x 13 cm	10-15.000,00
Gunnar Örn: lítil vatnslitamynd, 1982, 10,5 x 8,5 cm	10-15.000,00

Gunnar Örn:
Maður,
olía á striga, 1982, 12 x 12 cm 15.000,00

Gunnar Örn:
Portrett,
olía á pappír, 1982, 6,2 x 6,2 cm 12.000,00

Gunnar Örn:
Figúra,
olía á striga, 1982, 35 x 30 cm 25-30.000,00

Gunnar Örn:
dúkrista, 1983, 12 x 14 cm 8.000,00

Gunnar Örn:
dúkrista, 1972, 16 x 20 cm 10.000,00

Gunnar Örn:
Nakin kona,
blýantur, 1981, 15 x 17 cm 15.000,00

Hafsteinn Austmann:
Form,
vatnslitur, 1982, 37 x 27 cm 25-30.000,00

Valgarður Gunnarsson:
Snara,
dúkrista, 1984, 12 x 17 cm 5.000,00

Þorbjörg Höskuldsdóttir:
Á stöllum,
blýantur, 1988, 26 x 37 cm 25.000,00

Stórval:
Landslag,
olía á mas., 1982, 35 x 46 cm 15.000,00

Stórval:
Herðubreið,
olía á mas., 1987, 50 x 70 cm 20.000,00

Zacharias Heinesen:
Frá Færeyjum,
vatnslitur, 1978, 12 x 18 cm 15-25.000,00

Peter J. Mönning?:
Bíll,
blönduð tækni, 40 x 28 cm ?

Antonio Virduzzo:
Litógrafía,
41/50, 1975, 49 x 34 cm 5-10.000,00

Karólína Lárusdóttir:

Abstraktion, olía á striga, 1982, 100 x 85 cm	90-100.000,00
Karólína Lárusdóttir: Grafík, æting, 14 x 21 cm	8-10.000,00
Valtýr Pétursson: Hin bláa Parísarn. olía á striga, 1950, 46 x 55 cm	50-60.000,00
Valtýr Pétursson: Hvít borg, olía á striga, 1950, 24 x 41 cm	25-30.000,00
Kári Eiríksson: Álfadans, blönduð tækni, 1975, 30 x 30 cm	20.000,00
Luda Lekinff?: Litógrafía, 32/100, (Christie's), 64 x 49 cm	?
Björg Þorsteinsdóttir: Línudans 2, pastel, 1987, 65 x 49 cm	40-50.000,00
Karl Kvaran: Gleði í svartnætti, gvass, 90 x 70 cm	50-60.000,00
Jóhanna Kr. Ingvadóttir: Grænlensk kona, olía á striga, 1986, 90 x 80 cm	75-85.000,00
Jóhannes Jóhannesson: Framkvæmdamaðurinn, olía á striga, 1980, 61 x 48,5 cm	60-70.000,00
Ágúst Petersen: Við sundin blá, olía á striga, 62 x 85 cm	120-140.000,00
Þorvaldur Skúlason: Sólstafir, olía á striga, 1980, 110 x 80 cm	250-300.000,00
Kristján Davíðsson: Kona með börn, olía á striga, 80 x 75 cm	120-130.000,00
Kristján Davíðsson: Flæðarmál, olía á striga, 1986, 95 x 80 cm	120-130.000,00

Kristján Davíðsson:	
Feneyjaminning,	
olía á pap., 1984, 35 x 50 cm	50-60.000,00
Kristján Davíðsson:	
Fiskar í búri,	
olía á mas., 25 x 25,5 cm	40.000,00
Kristján Davíðsson:	
Flæðarmál,	
olía á mas., 1984, 35 x 30 cm	50.000,00
Kristján Davíðsson:	
Einar sjómaður,	
olía á mas., 34 x 31 cm	70-90.000,00

Háttsemi ákærða telst varða við 4. tl. 1. mgr. 250. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

X. kafli.

Dómkröfur.

Þess er krafist:

„1. Að allir ákærðu verði dæmdir til refsingar samkvæmt framangreindum refsiákvæðum.

2. Að ákærði Reynir Ragnarsson verði sviptur leyfi til löggildingar endurskoðendastarfa samkvæmt 1. mgr. 15. gr., sbr. 7. gr. laga nr. 67, 1976, um löggilta endurskoðendur, sbr. 68. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, með áorðnum breytingum.

3. Að ákærði Pétur Björnsson verði með tilvísun til 17. gr. laga nr. 27, 1986, sbr. nú 38. gr. laga nr. 20, 1989, og 68. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sviptur leyfi til verðbréfamiðlunar.

4. Dæma skal um fjárkröfur, sem upp kunna að koma í máli þessu, samkvæmt XVII. kafla laga nr. 74, 1974, um meðferð opinberra mála.

5. Að ákærðu verði dæmdir til alls sakarkostnaðar."

Við meðferð málsins hefur ákæruvaldið fallið frá fébótakröfum á hendur ákærðu og lækkað brotaandlag í IX. kafla ákærunnar úr 1500 til 1750 þúsund kr. í 1200 þúsund kr.

Málavextir.

Sameignarfélagið Ávöxtun var stofnað 22. janúar 1983, og barst Firmaskrá Reykjavíkur tilkynning um félagsstofnunina 26. s.m. Upphaflega voru eigendur félagsins þrír. Auk ákærðu Ármanns og Péturs var Bjarni Stefánsson, Laufásvegi 46, Reykjavík, stofnandi félagsins, en með tilkynningu, sem Firmaskrá Reykjavíkur barst 16. janúar 1985, gekk hann úr félaginu,

og eftir það stóðu ákærðu einir fyrir félaginu. Var ákærði Ármann prókúruhafi. Í 1. gr. félagssamningsins segir, að stofnendur reki „í félagi fjármunastarfsemi í Reykjavík og öllu landinu undir firmanafninu Ávöxtun sf.“.

Komið hefur fram, að gerður hafi verið sérstakur númeraður samningur við hvern einstakling vegna hverrar færslu á svokallaða „ávöxtunarreikninga“ hjá félaginu, og hafi komið þar fram vaxtakjörin. Við endurgreiðslu fékk eigandi fjármunanna síðan sérstaka endurgreiðslukvittun. Fjármunum hvers viðskiptamanns var ekki haldið sérgreindum. Það fé, sem hér um ræðir, var að mjög miklu leyti notað til þess að kaupa ýmiss konar kröfur og til þess að standa straum af margs konar fjárfestingum, sem ákærðu lögðu út í sjálfir. Þeir keyptu í eigin nafni hlutabréf í ýmsum fyrirtækjum, þar sem þeir sjálfir voru skráðir hluthafar, þótt þessar fjárfestingar væru í mörgum tilvikum færðar í bókhaldi Ávöxtunar sf., eins og félagið sjálft ætti hlutaféð. Félagið keypti enn fremur umtalsverðan fjölda fasteigna, sem stjórnendur félagsins ætluðu að endurbæta og selja síðan aftur með hagnaði. Virðist hafa gætt lítillar fyrirhyggju í þeim viðskiptum og tap orðið á þeim. Hefur komið fram, að félagið hafi ekki leitað eftir neins konar ráðgjöf í slíkum viðskiptum, heldur hafi ákærðu tekið ákvarðanir um öll slík viðskipti sjálfir án utanaðkomandi aðstoðar.

Ávöxtun sf. varð gjaldþrota 14. október 1988 svo og þeir ákærðu Pétur og Ármann. Námu lýstar kröfur í Ávöxtun sf. kr. 292.403.014.

Ákærðu Pétur og Ármann stofnuðu í desember 1986 hlutafélagið Verðbréfasjóð Ávöxtunar. Ásamt þeim stóðu að félaginu Liselotte Gunnarsson og Olga Guðmundsdóttir, báðar á Látraströnd 56 á Seltjarnarnesi, og Reynir Ármannsson, Furugerði 19 í Reykjavík. Í stjórn voru kosnir Páll Sigurðsson prófessor, dr. jur., Hagamel 10 hér í borg, og ákærðu báðir. Hlutafé var 500.000 krónur. Tilgangur félagsins var í 3. gr. samþykkta þess sagður vera þessi:

„1. að auka almennt möguleika til betri ávöxtunar fjármuna með sem minnstri áhættu,

2. að fjárfesta í verðbréfum og öðrum eignum, sem stjórn félagsins telur heppilegar og auðseljanlegar,

3. að mynda sjóð þeirra verðmæta, er um ræðir í 2. tl., þannig að áhætta dreifist,

4. að nýta aðstöðu og þekkingu stjórnunaraðila og þess aðila, sem kann að fara með framkvæmdastjórn, við innkaup og umsýslu fjármuna félagsins.“

III.-V. kaflar samþykktanna eru svohljóðandi:

„III. *Skuldabréf félagsins.*

— — —

Á framhaldsstofnfundi, sem haldinn var 15. desember 1986, „var ákveðið að fela Ávöxtun sf., Laugavegi 97, Reykjavík, sem Pétur Björnsson og Ármann Reynisson veita forstöðu, framkvæmdastjórn fyrir hið nýstofnaða félag".

Umsvif Verðbréfasjóðs urðu brátt mikil. Nam sala ávöxtunarbréfa á árinu 1987 177.691.000 króna að nafnverði og á árinu 1988 t. o. m. 7. september 34.510.000 krónum umfram innlausnir. Allt að einu komst sjóðurinn í þrot árið 1988, og var sérstakri skilanefnd samkvæmt XIV. kafla hlutafélagalaga nr. 32, 1978, falið að slíta félaginu.

Ákærðu Pétur og Ármann stofnuðu 18. janúar 1988 hlutafélagið Rekstrarsjóð Ávöxtunar ásamt Liselotte Gunnarsson, Olgu Guðmundsdóttur og Reyni Ármannssyni. Í stjórn með ákærðu var kjörinn Gísli Gíslason héraðsdómslögmaður, sem var formaður, en framkvæmdastjórar voru ákærðu Pétur og Ármann. Hlutafé var 500.000 krónur.

Tilgangur félagsins var sagður hinn sami og Verðbréfasjóðs, og voru samþykktir þess hliðstæðar samþykktum Verðbréfasjóðs. Skuldabréf félagsins voru nefnd Rekstrarbréf, en starfsemi þess var, eftir því sem séð verður, algerlega hliðstæð starfsemi Verðbréfasjóðs.

Umsvif þessa félags urðu strax þó nokkur, þótt þau yrðu aldrei neitt í líkingu við umsvif Verðbréfasjóðs. Félagið komst einnig í þrot um sama leyti og Verðbréfasjóður og var fengið sömu skilanefnd til þess að slíta félaginu.

Í málinu er svofellt bréf skilanefndarinnar til þeirra, sem fé áttu hjá sjóðunum tveimur:

„Skilanefnd Rekstrarsjóðs Ávöxtunar hf. og Verðbréfasjóðs Ávöxtunar hf. hefur frá því í september 1988 unnið að því að slíta félögunum og breyta eignum þeirra í peninga, þannig að eignirnar geti komið til skipta milli eigenda ávöxtunar- og rekstrarbréfa, sem lýstu kröfum til skilanefndarinnar fyrir lok kröfulýsingarfrests.

Innheimta krafna sjóðanna hefur gengið erfiðlega og mun taka langan tíma af ýmsum ástæðum. Meiri hluti útistandandi krafna sjóðanna er í vanskilum og lögfræðilegri innheimtu. M. a. er í mörgum tilvikum um að ræða kröfur í þrotabú, þar sem óvíst er, hvenær skiptum lýkur. Skilanefndin hefur unnið að því að finna leiðir til þess að flýta útborgun til eigenda ávöxtunar- og rekstrarbréfanna. Hefur í því sambandi m. a. verið kannað, hvort selja megi eignir sjóðanna. Það virðist ekki fýsilegur kostur vegna þeirra miklu affalla, sem slíkt kostaði. Skilanefndin fór því þá leið að leggja mat á líklegt verðmæti eigna sjóðanna á núgildandi verðlagi. Varð niðurstaðan sú, að það væri u. þ. b. 125 m. kr. Í framhaldi af því óskaði skilanefndin eftir því, að sjóðunum yrði veitt lán gegn veði í öllum eignum þeirra. Hefur Landsbanki Íslands fallist á þessa beiðni fyrir milligöngu

Seðlabanka Íslands. Þannig hafa sjóðirnir sameiginlega fengið að láni 80 m. kr.

Málaferli standa yfir milli þrotabús Ávöxtunar sf. og Verðbréfasjóðs Ávöxtunar hf. Þar er deilt um það, hvort tilteknar eignir sjóðsins skuli teknar undir skipti í þrotabúi Ávöxtunar sf. Er það mat skilanefndar, að eignir sjóðsins rýrni um ca. 25 m. kr., ef kröfur þrotabúsins verða teknar til greina. Málið verður flutt í héraði í lok þessa mánaðar, en gera verður ráð fyrir þeim möguleika, að niðurstöðunni verði skotið til Hæstaréttar, og mun því sennilega líða töluverður tími enn, þar til niðurstaða fæst í málinu. Vegna þessara málaferla voru 25 m. kr. af eignum sjóðanna teknar undan veðsetningunni til Landsbankans.

Skilanefndin hefur tekið þá ákvörðun að greiða nú til eigenda rekstrar- og ávöxtunarbréfa samtals 100 m. kr. Skiptist fjárhæðin þannig, að 87.850.000 kr. greiðast til eigenda ávöxtunarbréfa, en 12.150.000 kr. til eigenda rekstrarbréfanna. Samkvæmt því fá eigendur ávöxtunarbréfa nú greidd 43,0% af nafnverði, en eigendur rekstrarbréfanna 40,6% af nafnverði.

Eins og fram kemur hér að framan, eru þessar greiðslur ekki lokauppgjör á verðbréfa- og rekstrarsjóðunum. Ólíklegt er, að mati skilanefndarinnar, að um verulegar greiðslur til viðbótar verði að ræða, nema hvað eigendur ávöxtunarbréfa geta vænst nokkurrar viðbótargreiðslu, ef niðurstaða dómsmálsins við þrotabú Ávöxtunar sf. verður Verðbréfasjóði Ávöxtunar hf. í hag. Tekið skal fram, að endanlegs uppgjörs sjóðanna er ekki að vænta á næstu mánuðum, og hugsanlega kunna að líða nokkur ár, þar til lokauppgjör getur farið fram."

Dómur í máli þessu gekk í bæjarþingi Reykjavíkur 24. júlí sl., og var Verðbréfasjóður sýknaður af kröfum þrotabúsins. Málinu hefur verið áfrýjað.

Ákærði Reynir hlaut löggildingu endurskoðanda 1. apríl 1975. Hann varð endurskoðandi Ávöxtunar sf. við stofnun félagsins 1983 og Verðbréfasjóðs Ávöxtunar hf. og Rekstrarsjóðs Ávöxtunar hf., þegar þau félög voru stofnuð.

I. kafli.
Ákærðu Pétur og Ármann.

— — —

3. Ákærðu neita því, að þeir hafi lokkað fólk með blekkingum til viðskipta við fyrirtæki sín, Ávöxtun sf., Verðbréfasjóð Ávöxtunar hf. og Rekstrarsjóð Ávöxtunar hf., með auglýsingum í Morgunblaðinu árið 1987 til 1. september 1988. Í gögnum málsins er að finna fjölmargar auglýsingar

úr Morgunblaðinu frá þessu tímabili, sem ákærðu hafa viðurkennt að hafa staðið að. Auglýsir Ávöxtun sf. þar m. a. „Ávöxtunarbréf" Verðbréfasjóðs Ávöxtunar hf. og frá og með 24. janúar 1988 einnig „Rekstrarbréf". Er ávöxtun þessara bréfa þar sögð vera allt frá 14% til 19,68% umfram verðbólgu og gengi „Ávöxtunarbréfanna" kynnt með fjórum aukastöfum. Koma þar fyrir fullyrðingar eins og, að bréfin bjóði áhyggjulausa og örugga „ávöxtun á óöruggum tímum", að Ávöxtun sf. standi „í dag traustum fótum", að bréfin séu góð fjárfesting.

Þegar til þess er litið, að Ávöxtun sf. hafði á þessum tíma bundið umtalsverðan hluta eigna sinna í lítt tryggðum kröfum, þar á meðal á hendur fyrirtækjum að hluta eða öllu leyti í eigu ákærðu Péturs og Ármanns, auk fasteigna og hlutabréfa, verður að telja fullyrðingar um, að Ávöxtun sf. stæði „traustum fótum", hæpnar á þessum tíma. Á sama hátt hafði Verðbréfasjóður Ávöxtunar hf. á þessum tíma bundið verulegan hluta eigna sinna í lítt tryggðum eða ótryggðum kröfum, og má því telja hæpið að auglýsa „örugga ávöxtun á óöruggum tímum". Þá höfðu ákærðu á þessum tíma, meðal annars vegna þess, að tölvubúnaði var áfátt, ekki tök á að reikna gengi ávöxtunarbréfa með nákvæmni, ef byggja átti það á raunverulegu verðmæti eigna Verðbréfasjóðs, eins og fyrir er mælt í samþykktum hans, og verður því að telja villandi að birta nákvæmar tölur um gengi bréfanna með þeim hætti, sem gert var.

Eins og ætluðum fjársvikum ákærðu er lýst í þessum lið ákærunnar, uppfyllir hún að því leyti ekki skilyrði 3. tl. 2. mgr. 115. gr. laga um meðferð opinberra mála. Skortir þar lýsingu á tileinkun fjár, sem er hugtaksatriði fjársvika, og alla nánari skilgreiningu á andlagi brotsins. Ber samkvæmt 3. mgr. 118. gr. sömu laga að sýkna ákærðu af ákæru fyrir fjársvik í þessum ákærulið.

Síðasti málsliður þessa ákæruliðar hljóðar svo: „Sama gildir um „ávöxtunarsamninga" frá 16. september 1986, þar sem í mörgum tilvikum er lofað 12-15% ársvöxtum umfram verðtryggingu, en ákærðu gat ekki dulist, að við slík loforð gætu þeir ekki staðið." Þykir þetta vera svo ófullnægjandi skilgreining sakarefnis, sbr. 3. tl. 2. mgr. 115. gr. laga um meðferð opinberra mála, að sýkna beri ákærðu af þessu ákæruatriði.

Aftur á móti hafa ákærðu með auglýsingum sínum í Morgunblaðinu, sem telja verður, að hafi verið fallnar til þess að hvetja fólk til viðskipta við fyrirtæki ákærðu, orðið sekir um brot gegn 1. mgr. 27. gr., sbr. 1. mgr. 2. gr., sbr. 52. gr. laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti nr. 56, 1978.

4. Með 3. tl. I. kafla og í II. kafla ákærunnar er ákærðu gefin að sök mikil bókhaldsóreiða, með því að bókhald Ávöxtunar sf. hafi lengst af verið fært eftir á, þ. e. ekki reglulega frá mánuði til mánaðar, tölvubókhalds-

og verðbréfakerfi verið ófullnægjandi og skort hafi á afstemmingar. Er þetta talið varða við 262. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 25. gr. laga um bókhald nr. 51, 1968.

Ákærði Pétur hefur sagt, að hann vissi ekki til þess, að bókhald Ávöxtunar sf. hefði verið í óreiðu. Eitthvað hefði þó getað skort á afsemmingar. Hann kannast við, að tölvubókhalds- og verðbréfakerfið, sem átti að vera samhæft, hafi valdið erfiðleikum. Færslur hafi átt til að týnast og það kostað mikla fyrirhöfn að finna þær.

Ákærði Ármann hefur neitað því, að bókhaldsóreiða hafi verið hjá félaginu, og sagt, að hann hafi ekki vitað betur en bókhaldið hafi verið komið í eðlilegt og gott horf undir lokin. Ákærði kveðst annars aldrei hafa fengist við bókhaldsstörf, en meðákærði, sem hafi verið sérfræðingur á því sviði, hafi séð um það ásamt starfsfólki félagsins. Þar hafi starfað tveir bókarar.

Komið hefur fram hjá ákærða Reyni, að bókhald Ávöxtunar sf. og sjóðanna hafi aldrei komist í viðunandi horf. Það hafi lengst af verið fært eftir á og margt ófrágengið í því. Þá hafi skort á afstemmingar og að kröfur væru vaxtareiknaðar. Til dæmis hafi hann ekki fengið bókhaldsgögn ársins 1987 fyrr en 10. júní 1988, og hann minnir, að bókhald ársins 1988 hafi aðeins verið fært upp stutt fram á það ár. Kveður hann þó of mikið sagt, að mikil óreiða hafi verið á bókhaldi félagsins.

Sigurður Tómasson, löggiltur endurskoðandi, sem gert hefur skýrslu í málinu fyrir bústjóra þrotabúsins, hefur lýst því, að bókhald Ávöxtunar sf. hafi verið ónákvæmt og mikið hafi borið á millifærslum og leiðréttingafærslum. Hann kveðst þó ekki geta fullyrt, hvort mikil óreiða hafi verið á bókhaldinu, þar sem hann hafi ekki athugað bókhaldið með það í huga að meta það.

Tryggvi Tryggvason viðskiptafræðingur, sem vann á skrifstofu Ávöxtunar sf. frá 1. nóvember 1987, hefur skýrt frá því, að ákærði Pétur hafi haft yfirumsjón með bókhaldi félagsins. Hefur hann sagt, að ekki hafi verið mikil óreiða á bókhaldinu. Það hafi að vísu verið fært eitthvað eftir á, en hann telur, að það hafi í sjálfu sér verið í nokkuð góðu horfi.

Angantýr Sigurður Hólm vann við bókhald hjá Ávöxtun sf. frá áramótum 1984-5, þar til yfir lauk hjá félaginu. Kveður hann það vera rétt, sem komið hefur fram hjá ákærða Reyni, að bókhald hafi lengst af verið fært á eftir og mikið hafi vantað á, að unnið hafi verið reglulega við leiðréttingar og afstemmingar á því. Tölvukerfi hafi verið gallað og ótraust. Mikið hafi verið um ófrágengin mál á viðskiptamannareikningum og innheimta og eftirlit með vanskilum ekki í nægilega góðu horfi. Tölvukerfi hafi ekki ráðið við að halda utan um skuldabréf og kröfueign, svo að auðvelt væri að núvirðisreikna eignir. Undir lokin hafi þetta þó verið komið í lag.

Bjarni Þórhallsson starfaði við bókhald Ávöxtunar sf. frá því um haustið

1987 undir stjórn þeirra ákærða Péturs og Angantýs Sigurðar. Kveður hann tölvukerfi félagsins hafa verið meingallað, en um það er yfir lauk, hafi þeir verið búnir „að ná upp færslum" í bókhaldinu.

Með hliðsjón af því, sem rakið hefur verið, og eftir að hafa athugað tölvuútskriftir úr bókhaldi félagsins, sem fylgja málinu, er það skoðun dómsins, að bókhald Ávöxtunar sf. hafi að vísu verið fært nokkuð eftir á, en ekki sé unnt að telja, að mikil óreiða hafi beinlínis verið á því. Ber því að sýkna ákærðu af þessu ákæruatriði.

II. kafli.

Ákærðu Pétur, Ármann og Reynir.

Skilja verður sakargiftir þessa kafla ákæru á þann veg, að þar séu ákærðu Pétur, Ármann og Reynir saksóttir fyrir að hafa staðið saman að því að rangfæra ársreikning Ávöxtunar sf. 1987 og gæta ekki lögboðinna og viðurkenndra aðferða við gerð hans, svo að ársreikningurinn varð með öllu marklaus, eins og rakið er hér á eftir.

A. Með því að ofmeta eftirtaldar eignir félagsins að verulegu eða öllu leyti:

— — —

Kr. 65.992.277

B. Með því að ofmeta tekjur félagsins sem hér segir:

— — —

Kr. 26.792.059

C. Með því að leyna skuldastöðu ákærðu Péturs og Ármanns og þeim tengdra og nákominna aðila við félagið.

Loks verður að skilja þennan kafla ákærunnar á þann veg, að þar sé ákærði Reynir auk þess saksóttur fyrir að hafa, þrátt fyrir fyrirvaralausa og fulla endurskoðandaáritun, hvorki tekið óháða afstöðu til né aflað sér sjálfstætt upplýsinga um tekju- og gjaldauppgjör félagsins og kröfueign þess.

Ákærðu neita þessum sakargiftum. Hefur ákærði Reynir, sem samdi reikninginn, auk þess sérstaklega neitað því, að áritun sín á ársreikninginn sé fyrirvaralaus, og kveður fyrirvara bæði felast í áritun á sjálfan ársreikninginn, dagsettan 1. júlí 1988, og í bréfi, sem þar sé vísað í og fylgt hafi ársreikningnum. Sjálf áritunin er svohljóðandi:

„Meðfylgjandi ársreikningur fyrir Ávöxtun sf. fyrir árið 1987, sem samanstendur af rekstrarreikningi ársins 1987, efnahagsreikningi hinn 31.12.1987 og fjármagnsstreymi ársins 1987 ásamt skýringum og sundurliðunum, er saminn á skrifstofu okkar eftir bókhaldi félagsins að aflokinni endurskoðun. Við endurskoðunina voru framkvæmdar þær kannanir á bókhaldi og bókhaldsgögnum, sem við töldum nauðsynlegar.

Í efnahagsreikningi er tilfærð eignarhlutdeild í öðrum félögum, 14.040.296 kr. Ekki liggur fyrir, hvert sé markaðsvirði þessara eignarhluta. Auk þess eru tilfærðar 53.343.917 kr., sem eru fjárfesting í fasteignum. Þessi fjárfesting er tilfærð á upphaflegu kaupverði að viðbættri hækkun skv. byggingarvísitölu.

Í bréfi okkar til eigenda félagsins í dag lýsum við framkvæmd endurskoðunarinnar og því, sem betur mætti fara. Þrátt fyrir þessa galla er það álit okkar, að ársreikningurinn sýni þá mynd af rekstri félagsins á árinu 1987 og stöðu þess í árslok 1987 miðað við venjulegar reikningsskilaaðferðir, að meta megi stöðu þess í árslok."

Bréf það, sem hér er vitnað til, er svohljóðandi:

„Meðfylgjandi er ársreikningur Ávöxtunar sf. fyrir árið 1987, sem við höfum samið eftir bókhaldi félagsins að aflokinni endurskoðun.

Við endurskoðunina komu fram ýmsir ágallar á bókhaldi félagsins og tölvukerfi, sem eru þessir helstir:

Bókhald félagsins var lengst af á eftir, þ. e. var ekki fært reglulega frá mánuði til mánaðar.

Mikið vantar á, að unnið sé reglulega við afstemmingar og leiðréttingar á bókhaldinu.

Tölvukerfi er gallað og óöruggt. Færslur eiga til að týnast, það er seinvirkt og kallar á of mikla sérfræðiaðstoð utan skrifstofu félagsins.

Of mikið er um ófrágengin mál á viðskiptareikningum, og innheimta og eftirlit með vanskilum eru ekki í nægilega góðu horfi.

Tölvukerfi félagsins ræður ekki við að halda utan um skuldabréfa- og kröfueign á þann veg, að auðvelt sé að núvirðisreikna eignina, reikna upp vexti og hafa eftirlit með vanskilum. Kerfið er í raun þrískipt, þ. e. tölvukerfi, sem heldur utan um ávöxtunarreikninga, bókhaldskerfi og kerfi, þar sem hægt er að reikna út virði krafna. Þessi kerfi eru ekki samtengd. Þau verða því að stemmast af hvert í sínu lagi, en það kostar mikla vinnu eftir á.

Brýna nauðsyn ber til að laga þessi atriði, og að mínu áliti verður það ekki gert nema með breyttum vinnubrögðum og starfsskipulagningu á skrifstofu félagsins. Félagið selur út skrifstofuþjónustu, s. s. bókhaldsþjónustu, til annarra, en að mínu áliti er varla nægjanlegur starfskraftur á skrifstofu félagsins til að sinna slíku. Ég tel nauðsynlegt að fá nýtt tölvukerfi, þ. e. tölvu-, bókhalds- og verðbréfakerfi. Með kerfi, sem réði við bæði að kaupa og selja verðbréf, og nýju bókhaldskerfi væri hægt að einfalda alla vinnu við bókhaldið, auk þess sem rétt staða verðbréfa væri alltaf til staðar í lok hvers mánaðar.

Samkvæmt ársreikningi félagsins er halli á rekstri ársins 1987 4.078.340 kr., og eigið fé í árslok er neikvætt um 4.011.701 kr. Veruleg óvissa er um mat á stöðu félagsins, þegar eftirfarandi atriði eru höfð í huga:

Af skuldabréfaeign og kröfum, 70.125.863 kr., eru eigendur félagsins og félög tengd þeim skuldarar að u. þ. b. 11.250 þús. kr. Mikil vanskil eru á víxileign, og eru víxlar, að fjárhæð u. þ. b. 2.000.000 kr., í innheimtu hjá lögmönnum. Lítil hreyfing er á skuldabréfum, og er töluverður hluti þeirra í vanskilum.

Eignarhlutar í félögum eru tilfærðir á framreiknuðu verði nema hluti í Hirti Nielsen hf., sem sundurliðast þannig:

Hjörtur Nielsen hf.	700.696
Verðbréfasjóður Ávöxtunar hf.	687.000
Kjötmiðstöðin hf.	12.652.600
	14.040.296

Ekki liggur fyrir, hvert sé markaðsvirði þessara hluta og hvort yfirleitt sé hægt að selja þá.

Félagið á fasteignir, að bókfærðu verði 53.343.917 kr. Hér er um að ræða upphaflegt kaupverð að viðbættri hækkun skv. byggingarvísitölu og þeim kostnaði við endurbyggingu, sem fallinn var á 31.12. 1987. Ljóst er, að erfitt er að gera sér grein fyrir, hvert sé markaðsvirði þessara fasteigna, auk þess sem leggja verður töluvert fé í að gera þær að eftirsóttri markaðsvöru. Að mínu áliti er hér um mjög áhættusama starfsemi að ræða, sem gæti leitt til mikilla vandræða fyrir félagið, t. d., ef samdráttur yrði í þjóðfélaginu. Þá hefur reynsla sl. ára sýnt, að fjárfestingar í fasteignum hafa ekki skilað sama arði og fjárfestingar í verðbréfum, auk þess sem telja verður, að eðlilegast sé að hafa eins mikla samsvörun á milli ávöxtunar reikninga og fjárfestinga og kostur er.

Skuldir félagsins nema í árslok u. þ. b. 143.200 þús. krónum. Þar af eru skuldir við eigendur ávöxtunarreikninga 81.500 þús. krónur, ógreitt skv. kaupsamningum 30.000 þús. krónur og skuld við Verðbréfasjóð Ávöxtunar 16.800 þús. krónur. Þá skuldar félagið veðlán vegna fasteigna, 7.600 þús. krónur, og skuldabréfalán til Verðbréfasjóðs Ávöxtunar, 4.600 þús. krónur. Skuldir félagsins eru, eftir því sem við á, reiknaðar til verðlags 31.12. 1987. Að mínu áliti er mjög óheppilegt, að á félagi í þessari starfsemi hvíli svo mikið af skuldbindingum með föstum gjalddögum; slíkt getur leitt til vanskila og greiðsluerfiðleika.

Eins og áður hefur komið fram, var töluvert af ófrágengnum málum, og ekki hafði verið unnið nægilega í bókhaldinu, kröfur vaxtareiknaðar o. fl. Við gerð ársreikningsins vaxtareiknuðum við viðskiptareikninga, víxla í vanskilum og skuldabréfaeign. Við höfðum engin tök á að sannreyna virði þessara krafna.

Ég tel með hliðsjón af framanrituðu og eins og fram kemur í áritun á reikningsskilum, að ársreikningurinn sýni ákveðna mynd af stöðu félagsins 31.12. 1987 og af rekstri þess á árinu 1987, þannig, að hægt sé að gera sér grein fyrir því, að staða þess er erfið og viðkvæm. Að mínu áliti er nauðsynlegt að losa fé með því að selja eignarhluti í félögum og fasteignir sem fyrst, svo að koma megi lausafjárstöðu félagsins í viðunandi horf."

Með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur 14. október 1988 var bú Ávöxtunar sf. tekið til gjaldþrotaskipta. Ráðnir voru bústjórar að búinu, hæstaréttarlögmennirnir Hákon Árnason og Sigurmar K. Albertsson. Að beiðni bústjóranna tók Sigurður Tómasson, löggiltur endurskoðandi, að sér að endurskoða bókhald félagsins árið 1988. Við endurskoðunina kom fljótlega í ljós, að rekja þurfti einstaka eignaliði til ársins 1987 og hvernig mati þeirra væri hagað í ársreikningi 1987. Hinn 20. janúar 1989 skilaði Sigurður Tómasson skýrslu til skiptaráðandans í Reykjavík og bústjóra þrotabúsins um ársreikning Ávöxtunar sf. fyrir árið 1987.

Ársreikningur Ávöxtunar sf. 1987 sýnir rekstrartekjur samtals 11.234.512 kr. og rekstrargjöld 15.312.852 kr., og er því tap á árinu samtals 4.078.340 kr. Eignir eru taldar samtals 139.208.270 kr. og skuldir samtals 143.219.971 kr., og eru því skuldir umfram eignir 4.011.701 kr.

Samkvæmt skýrslunni og öðrum gögnum málsins sundurliðast eignir Ávöxtunar sf. í árslok 1987 þannig:

— — —

Eignir alls	kr. 139.208.270

A. Hér á eftir verður farið lið fyrir lið yfir einstaka eignaliði, sem ákærðu eru saksóttir fyrir að ofmeta að verulegu eða öllu leyti í ársreikningi Ávöxtunar sf.

* Krafa á ákærða Ármann Reynisson 2.519.573 kr.:

Samkvæmt bókum er höfuðstóll kröfunnar 2.519.573 kr., og að auki hafa verið áætlaðir vextir á kröfuna 755.872 kr., en ekki er saksótt fyrir þá fjárhæð. Samkvæmt bókum Ávöxtunar sf. í september 1988 er höfuðstóll kröfunnar 3.194.925 kr. Ekki verður séð í gögnum málsins, að sjá hefði mátt fyrir, þegar ársreikningur Ávöxtunar sf. fyrir árið 1987 var saminn, að krafa þessi væri glötuð.

* Krafa á ákærða Pétur Björnsson 1.587.515 kr.:

Samkvæmt bókum samanstendur höfuðstóll kröfunnar af eftirtöldum bókhaldsreikningum:

Ávreikn. Búnaðarb. Ísl.	kr.	51
Hlr. 48 Iðnaðarb. Ísl.	—	209.614
Spsjbók 46400, SPRON	—	9.221
Biðr. Iðnb. Ísl. 45563	—	324.837
Hersir hf.	—	223.544
Cr. Fact. eign:		
Ísl. matvæli	—	878.955
Sv. Thoroddsson	—	53.314
Pétur Björnsson	—	1.466.359
	kr.	3.165.895
Frá upphæðinni er dregin innstæða á reikningi Ísl. matvæla	—	1.578.380
Nettó höfuðstóll kröfunnar	kr.	1.587.515

Að auki hafa verið áætlaðir vextir á kröfuna 476.255 kr., sem ekki er saksótt fyrir. Samkvæmt ofangreindum bókhaldsreikningum er höfuðstóll kröfunnar samkvæmt bókum í september 1988 5.639.662 kr. Ekki verður séð í gögnum málsins, að sjá hefði mátt fyrir, þegar ársreikningur Ávöxtunar sf. fyrir árið 1987 var saminn, að krafa þessi væri glötuð.

* Eignarhluti í Kjötmiðstöðinni hf. 12.652.600 kr.:

Þessi fjárhæð myndast með greiðslum fyrir 1.1. 1987, sem færðar hafa verið undir þessum lið í bókunum, samtals 7.007.425 kr. Í árslok 1987 er þessi fjárhæð endurmetin og hækkuð um 5.645.175 kr. Upplýst er í málinu, að ekki hafi verið gerðir ársreikningar fyrir Kjötmiðstöðina hf., eftir að hún var stofnuð 27. desember 1985, og því er ekki hægt að sjá, hvernig rekstur félagsins hefur gengið eða staða þess verið, þegar ársreikningur Ávöxtunar sf. fyrir árið 1987 var saminn. Þar sem ekki lá fyrir vitneskja um efnahag Kjötmiðstöðvarinnar hf., þegar endurmatið var framkvæmt, verður að telja, að hér sé um óraunhæfan lið að ræða og hann sé ofmetinn í ársreikningi Ávöxtunar sf. fyrir árið 1987. Endurmatið kveðst ákærði Reynir hafa byggt á upplýsingum um söluverð á tilteknum hluta hlutabréfa í félaginu, en hann hafi engar aðrar upplýsingar haft um fjárhagsstöðu Kjötmiðstöðvarinnar hf. Að þessu virtu verður að telja, að endurmatið hafi að engu leyti getað samrýmst góðum reikningsskilavenjum, sérstaklega ef litið er til þess, að endurmatshækkunin var að auki tekjufærð. Verður því að álíta þetta háttalag ákærða átöluvert. Ekki verður þó talið sannað, að sjá hefði mátt fyrir, að eignarhlutinn, 7.007.425 kr., væri tapaður, þegar ársreikningurinn var saminn.

* Krafa á Kjötmiðstöðina hf. 5.410.667 kr.:

Samkvæmt bókum er höfuðstóll kröfunnar..	kr. 4.233.472
Reiknaðir vextir og verðbætur eru.....	— 1.177.195
Samtals er saksótt fyrir.....	kr. 5.410.667

Samkvæmt bókum Ávöxtunar sf. í september 1988 er þessi krafa ekki fyrir hendi. Þessi krafa mun hafa verið gerð upp með skuldabréfi 1.5. 1988, sem Verðbréfasjóður Ávöxtunar hf. eignaðist. Ekki verður séð í gögnum málsins, að sjá hefði mátt fyrir, þegar ársreikningur Ávöxtunar sf. fyrir árið 1987 var saminn, að krafa þessi væri glötuð.

* Krafa á Kjötmiðstöðina hf. 3.675.311 kr.:

Samkvæmt bókum er höfuðstóll kröfunnar 3.675.311 kr., og að auki hafa verið áætlaðir vextir á kröfuna, 1.102.563 kr., en ekki er saksótt fyrir þá fjárhæð. Samkvæmt bókum Ávöxtunar sf. í september 1988 er höfuðstóll kröfunnar 671.955 kr. Ekki verður séð í gögnum málsins, að sjá hefði mátt fyrir, þegar ársreikningur Ávöxtunar sf. fyrir árið 1987 var saminn, að krafan væri glötuð.

* Krafa á Hughönnun hf. 8.419.334 kr.:

Samkvæmt bókum Ávöxtunar sf. er krafan á Hughönnun sf.:

Höfuðstóll kröfunnar er	kr. 6.259.640
Reiknaðir vextir og verðbætur eru	— 2.159.694
Samtals er saksótt fyrir	kr. 8.419.334

Samkvæmt bókum Ávöxtunar sf. í september 1988 er höfuðstóll kröfunnar 3.924.704 kr., þ. e. lækkar um 2.334.936 kr., en sú fjárhæð er færð á viðskiptareikning Verðbréfasjóðs Ávöxtunar hf. Sigurður Hjálmarsson, annar eigandi Hughönnunar sf., gaf út skuldabréf á árinu 1988, að nafnverði 4.203.626 kr., og er umrædd lækkun hluti skuldabréfsins. Komið hefur fram í málinu, að Elvar, meðeigandi Sigurðar í Hughönnun sf., hafi verið krafinn af þrotabúinu um hluta fjárhæðarinnar. Komið hefur fram í málinu, að höfuðstóll þessi varð til sem greiðsla á samningi við gerð hugbúnaðar fyrir Ávöxtun sf. Sú vinna, sem Hughönnun sf. var búin að inna af hendi fyrir Ávöxtun sf. upp í samninginn, hefur ekki verið dregin frá höfuðstól fjárhæðarinnar. Samkvæmt því verður að telja, að óeðlilegt hafi verið að reikna vexti á höfuðstól skuldarinnar, þar sem hér var um vinnusamning að ræða, og verður því að telja, að vaxtafjárhæðin, 2.159.694 kr., sé oftalin til eigna í ársreikningi 1987.

* Krafa á Hughönnun hf. 219.767 kr.:

Samkvæmt bókum er höfuðstóll kröfunnar 219.767 kr., og að auki hafa verið áætlaðir vextir á kröfuna, 65.930 kr., en ekki er saksótt fyrir þá upphæð. Samkvæmt bókum Ávöxtunar sf. í september 1988 er höfuðstóll kröfunnar 219.767 kr. Eins og áður hefur komið fram, er þessi skuld við Hughönnun sf., sem er sameignarfélag Sigurðar Hjálmarssonar og Elvars Steins Þorkelssonar. Ekki verður séð í gögnum málsins, að sjá hefði mátt fyrir, þegar ársreikningur Ávöxtunar sf. fyrir árið 1987 var saminn, að krafan væri glötuð.

* Krafa á B. Stefánsson hf. ofmetin, 2.511.647 kr.:

Samkvæmt bókum er höfuðstóll kröfunnar .	kr. 4.149.198
Reiknaðir vextir og verðbætur	— 4.924.434
Samtals með vöxtum og verðbótum	kr. 9.073.632

Samkvæmt bókum Ávöxtunar sf. í september 1988 er þessi krafa ekki fyrir hendi. Í febrúar 1988 mun þessi skuld hafa verið gerð upp þannig, að gefið var út skuldabréf, að fjárhæð 9.219.824 kr., en yfirfært á Verðbréfasjóð Ávöxtunar hf. sem 6.561.985 kr. Telja verður, að krafa á B. Stefánsson hf. hafi verið ofreiknuð í ársreikningi 1987 um 2.511.647 kr.

* Krafa á Hjört Nielsen hf. 873.398 kr.:

Samkvæmt bókum er höfuðstóll kröfunnar til kominn þannig:

Hjörtur Nielsen hf., sjóður	kr. 658.158
Hjörtur Nielsen, skuldunautur	— 215.540
	kr. 873.698

og að auki hafa verið áætlaðir vextir á kröfuna 262.019 kr., en saksótt er fyrir 873.398 kr.

Fyrir liggja í málinu ársreikningar fyrir Hjört Nielsen hf. árin 1986 og 1987. Ársreikningur fyrir árið 1987 er í tvennu lagi, annars vegar fyrir verslun og hins vegar Ragnarsbakarí (rekstur 6/12-31/12 1987). Reikningar þessir sýna skuldir umfram eignir í árslok 1987 1.040.812 kr. Félagið á engar fasteignir. Aðaleign félagsins er vörubirgðir, sem bókfærðar eru í árslok 1987 á 8.910.208 kr. Vörukaup á árinu 1987 eru tilgreind 3.960.926 kr. og á árinu 1986 3.189.933 kr. Samkvæmt þessu má ætla, að vörubirgðir í árslok 1986 og 1987 séu oftaldar að verulegu leyti. Ársreikningur fyrir Hjört Nielsen hf. 1987 er saminn af ákærða Reyni 24. júní 1988 og undirritaður af meðákærðu Ármanni og Pétri. Samkvæmt því hefði mátt sjá,

þegar ársreikningur Ávöxtunar sf. var gerður, að Hjörtur Nielsen hf. væri í reynd gjaldþrota.

* Krafa á Hjört Nielsen hf. 8.621.006 kr.:

Skv. bókum er höfuðstóll kröfunnar samtals	kr. 4.000.000
Reiknaðir hafa verið vextir á höfuðstól	— 4.621.006
	kr. 8.621.006

Samkvæmt bókum Ávöxtunar sf. í september 1988 er höfuðstóll kröfunnar samtals 4.000.000 kr.

Eins og fram kemur í liðnum hér að framan um Hjört Nielsen hf., var félagið í reynd orðið gjaldþrota í árslok 1987, en það var tekið til gjaldþrotaskipta 14. október 1988. Við gerð ársreiknings Ávöxtunar sf. fyrir árið 1987 hefði mátt sjá, að ofangreind krafa á hendur Hirti Nielsen hf. væri glötuð.

* Áætlaðar vaxtatekjur 1.200.000 kr.:

Fram hefur komið í málinu, að hér sé um áætlaða fjárhæð að ræða, án þess að bent hafi verið á þá kröfu, sem vextirnir tilheyrðu. Verður að telja, að fjárhæðin sé oftalin til eigna í ársreikningi 1987.

* Krafa á Benson 356.624 kr.:

Samkvæmt bókum er höfuðstóll kröfunnar 356.624 kr., og að auki hafa verið áætlaðir vextir á kröfuna 106.987 kr., en ekki er saksótt fyrir þá upphæð. Samkvæmt bókum Ávöxtunar sf. í september 1988 var höfuðstóll skuldarinnar 356.624 kr. Benson mun hafa verið tekið til gjaldþrotaskipta í maí 1985. Má því ætla, að sjá hefði mátt fyrir, að fjárhæðin væri glötuð, þegar ársreikningur Ávöxtunar sf. fyrir 1987 var gerður.

* Kröfur á J. Stefánsson 996.698 kr.:

Samkvæmt bókum er höfuðstóll kröfunnar hluti af vanskilavíxlum, að fjárhæð 1.108.272 kr. Samkvæmt bókum Ávöxtunar sf. í september 1988 er höfuðstóll vanskilavíxla 1.108.272 kr. Upplýst er í málinu, að J. Stefánsson sé marggjaldþrota aðili. Má því ætla, að sjá hefði mátt fyrir, að upphæðin væri glötuð, þegar ársreikningur Ávöxtunar fyrir árið 1987 var saminn.

* Oftalin uppfærsla skuldabréfa 12.716.397 kr.:

Upplýst er í málinu, að reiknaðir voru vextir og verðbætur á tilfærða

skuldabréfaeign í árslok 1987, samtals 16.275.205 kr., og eignfært á sérstakan reikning, „Áfallnir vextir og verðbætur". Í árslok 1986 voru færðar á þennan reikning áfallnar verðbætur og vextir, samtals 12.716.397 kr. Í árslok 1987 stendur þessi reikningur í 28.991.602 kr. Við gerð ársreiknings Ávöxtunar sf. fyrir árið 1987 láðist að færa þessa upphæð út á móti reiknuðum verðbótum og vöxtum 1987, þar sem upphæðin er innifalin í þeim útreikningi. Ákærði Reynir hefur borið fyrir sig, að hér hafi verið um vangá að ræða, og hafi hún stafað af því, að starfsmaður sinn hafi unnið vaxtauppreikninginn, og er það í sjálfu sér ekki vefengt. Hins vegar er á það að líta, að hin oftalda fjárhæð samsvarar um það bil 9% af öllum tilfærðum eignum Ávöxtunar sf. samkvæmt ársreikningnum, en það hefði ákærða Reyni ekki átt að geta dulist, hefði hann gætt eðlilegrar varkárni. Jafnframt verður að ætlast til þess, að starfsmenn löggiltra endurskoðenda á skrifstofum þeirra starfi á ábyrgð þeirra og undir þeirra eftirliti. Afsakanir ákærða verður því að telja léttvægar.

* Reiknaðir vextir v/skuldunauta 3.332.380 kr.:

Við gerð ársreiknings Ávöxtunar sf. fyrir árið 1987 hafa verið reiknaðir vextir af bókhaldsstöðu skuldunauta, eins og þeir stóðu í árslok 1987, þ. e. af 11.107.935 kr., og 30% meðalvextir notaðir. Tilfærðir vextir eru því 3.332.380 kr., og í skjölum málsins kemur fram, að þeir eru tilfærðir á eftirtalda skuldunauta:

Ármann Reynisson	kr.	755.872
Benson	—	106.987
Sjúkrasjóður Flugvfél. Ísl.	—	133.514
Hughönnun sf.	—	65.930
Kjötmiðstöðin	—	1.102.563
Lögmenn, Skipholti 50 B	—	429.240
Hjörtur Nielsen hf.	—	262.019
Pétur Björnsson	—	476.255
Samtals	kr.	3.332.380

Ekki verður séð í gögnum málsins, að sjá hefði mátt fyrir, þegar ársreikningur Ávöxtunar sf. fyrir árið 1987 var saminn, að kröfur á hendur nokkrum af ofangreindum aðilum væru glataðar, þ. e.:

Ármann Reynisson (vaxtaútreikningur	kr.	755.872)
Sjúkrasjóður Flugvfél. Ísl. (vaxtaútr.	—	133.514)
Hughönnun sf. (vaxtaútreikningur	—	65.930)
Kjötmiðstöðin (vaxtaútreikningur	—	1.102.563)

Pétur Björnsson (vaxtaútreikningur	— 476.255)
Vaxtareiknað samtals	kr. 2.534.134

Lækka verður ofangreinda fjárhæð í ákæru um 2.534.134 kr. Standa þá eftir 798.246 kr., sem telja má oftaldar sem eign.

* Áætlaðir ógreiddir vextir v/víxla, 899.460 kr.:

Samkvæmt bókum Ávöxtunar sf. í september 1988 virðast víxlar, sem til voru í árslok 1987, hafa greiðst að mestu upp á árinu 1988. Eftir standa vanskilavíxlar, 1.108.272 kr. (þar af á J. Stefánsson 996.698 kr.), og víxill á Þorfinn Egilsson, 39.614 kr. (lækkað úr 227.666 kr. frá því í árslok 1987). Af ofangreindum áætluðum ógreiddum vöxtum, 899.460 kr., eru áætlaðir vextir af vanskilavíxlum (sem voru 1.108.272 kr.) 443.309 kr. Má ætla þá upphæð offærða til eigna í ársreikningi Ávöxtunar sf. í árslok 1987.

Hér fer á eftir samanburður á A-lið sakargiftanna og þeim fjárhæðum, sem sannanlega hefði mátt sjá fyrir, að væru glataðar, þegar ársreikningur Ávöxtunar sf. var saminn.

	Fjárhæðir ákæru:	*Þær fjárhæðir, sem sannanlega mátti sjá fyrir:*
Krafa á Ármann Reynisson	kr. 2.519.573	
Krafa á Pétur Björnsson	— 1.587.515	
„Eignarhluti" í Kjötmiðstöðinni hf.	— 12.652.600	kr. 5.645.175
Krafa á Kjötmiðstöðina hf.	— 5.410.667	
Krafa á Kjötmiðstöðina hf.	— 3.675.211	
Krafa á Hughönnun sf.	— 8.419.334	— 2.159.694
Krafa á Hughönnun sf.	— 219.767	
Kröfueign B. Stefánsson hf.	— 2.511.647	— 2.511.647
Krafa á Hjört Nielsen hf.	— 873.398	— 873.398
Krafa á Hjört Nielsen hf.	— 8.621.006	— 8.621.006
Áætlaðar vaxtatekjur	— 1.200.000	— 1.200.000
Krafa á Benson	— 356.624	— 356.624
Kröfur á J. Stefánsson	— 996.698	— 996.698
Oftalin uppfærsla skuldabréfa	— 12.716.397	— 12.716.397
Oftaldir áætlaðir vextir skuldunauta að langmestu leyti	— 3.332.380	— 798.246
Ofreiknaðir vextir víxla að langmestu leyti	— 899.460	— 443.309
Samtals	kr. 65.992.277	kr. 36.322.194

B. Hér á eftir verður farið lið fyrir lið yfir einstaka tekjuliði, sem ákærðu eru saksóttir fyrir að ofmeta í ársreikningi 1987:

* Oftalin tekjufærsla á ofangreindri uppfærslu á skuldabréfum, 12.716.397 kr.:

Eins og fram kemur í umfjöllun um þennan lið hér að framan, er þessi liður oftalinn til tekna og eigna. Tekjur félagsins eiga því að lækka um þessa fjárhæð. Jafnframt er vísað til þess, sem áður sagði um sama lið í umfjöllun um eignaliði.

* Ofreiknað endurmat á „eignarhluta" í Kjötmiðstöðinni hf., 5.645.175:

Í árslok 1987 er eignarhluti í Kjötmiðstöðinni hf. hækkaður um 5.645.175 kr. sem endurmat á þeim eignarhlut, sem áður var tilfærður, og á móti er fjárhæðin færð sem tekjur. Eins og komið hefur fram hér að framan, er upplýst í málinu, að ekki hafi verið gerðir ársreikningar fyrir Kjötmiðstöðina hf., frá því að það félag var stofnað 27. desember 1985, og því engir möguleikar á að vita um eiginfjárstöðu félagsins. Verður því að telja, að óraunhæft hafi verið að endurmeta eignarhlutann, eins og gert var. Enn fremur er hér vísað til fyrri umfjöllunar um þetta endurmat, að því er reikningsskilavenjur varðar.

Rekstrarreikningur Ávöxtunar sf. fyrir árið 1987 sýnir ekki sérstaklega tekjur vegna endurmats eigna, sem gerðar voru í bókhaldinu, heldur falla undir aðra liði rekstrarreiknings. Í bókhaldi Ávöxtunar sf. 1987 er tekjureikningur, sem nefndur er Reikn-hækkun hlutabr. í félögum, samtals 6.332.838 kr. Reikningurinn virðist byggjast á eftirfarandi færslum:

Matshækkun á eignarhluta í Kjötmiðstöðinni hf.	kr.	5.645.175
Matshækkun hluta í Verðbréfasj. Ávöxtunar hf.	—	187.000
Matshækkun fasteigna (Uppreikn. fasteigna)	—	342.200
Söluhagnaði	—	158.463
Samtals	kr.	6.332.838

Í rekstrarreikningi kemur sérstaklega fram söluhagnaður, 158.463 kr. Í fjármagnsstreymi ársins 1987, sem fylgir ársreikningi Ávöxtunar sf., kemur fram undir liðnum Ráðstöfun fjármagns, að keypt hlutabréf eru 5.832.175 kr. Hér er ekki um keypt hlutabréf að ræða, heldur endurmat eignarhluta í Kjötmiðstöðinni hf. og endurmat hlutabréfa í Verðbréfasjóði Ávöxtunar hf. Í fjármagnsstreyminu átti fjárhæð þessi því að koma til leiðréttingar á liðnum Veltufé frá rekstri.

* Oftalið endurmat á hlutabréfum í Verðbréfasjóði Ávöxtunar hf., 187.000 kr.:

Í ársreikningi Verðbréfasjóðs Ávöxtunar hf. fyrir árið 1987 kemur fram, að til gjalda í rekstrarreikningi eru færðar 187.000 kr. sem endurmat hlutafjár og á móti undir eigið fé sama upphæð. Ársreikningur Verðbréfasjóðs Ávöxtunar hf. er gerður 19. mars 1988. Í ársreikningi Ávöxtunar sf. fyrir árið 1987 er hlutafé í Verðbréfasjóði Ávöxtunar hf. hækkað um 187.000 kr. á móti tekjum. Hér er um óeðlilega færslu að ræða, en ósannað er, að hún sé beinlínis röng.

* Ofreiknaðir vextir og verðbætur á B. Stefánsson hf., 2.511.647 kr.:

Samkvæmt því, sem segir um þennan lið í kafla A hér að framan, var þessi fjárhæð ofmetin til eigna, og eiga því tekjur félagsins að lækka um sömu upphæð.

* Vextir svonefndra skuldunauta ofreiknaðir að langmestu leyti, 3.332.380 kr.:

Með vísan til umfjöllunar um þennan lið í kafla A hér að framan má telja, að ofreiknaðir vextir skuldunauta hafi eigi verið lægri en 798.246 kr.

* Ofreiknaðir vextir af víxlum að langmestu leyti, 899.460 kr.:

Með vísan til umfjöllunar um þennan lið í kafla A hér að framan má telja, að ofreiknaðir vextir af víxlum hafi eigi verið lægri en 443.309 kr.

* Ógjaldfært fyrir lögfræðiþjónustu í september til desember 1987, 300.000 kr.

Samkvæmt bókhaldi Ávöxtunar sf. er innb. v/þóknunar til Lögm. Skipholti 50 B 300.000 kr. Fjárhæðin er ranglega talin til eigna sem inneign hjá lögmönnum í árslok 1987.

* Áætlaðar vaxtatekjur, 1.200.000 kr.:

Eins og fram hefur komið í málinu, er hér um áætlaða fjárhæð að ræða, án þess að bent hafi verið á þá kröfu, sem vextirnir tilheyra. Verður að telja, að fjárhæðin sé oftalin til tekna.

Samanburður á B-lið sakargiftanna og þeim fjárhæðum, sem sannanlega hefði mátt sjá, að væru offærðar sem tekjur eða vantaldar til gjalda við gerð ársreiknings Ávöxtunar sf. 1987:

	Fjárhæðir ákæru:	Fjárhæðir, sem telja má sannaðar:
Oftalin tekjufærsla á ofangreindri uppfærslu skuldabréfs	kr. 12.716.397	kr. 12.716.397
Ofreiknað endurmat á „eignarhluta" í Kjötmiðstöðinni hf.	— 5.645.175	— 5.645.175
Oftalið endurmat á hlutabréfum í Verðbréfasjóði Ávöxtunar hf.	— 187.000	
Ofreiknaðir vextir og verðbætur á B. Stefánsson hf.	— 2.511.647	— 2.511.647
Vextir svonefndra skuldunauta ofreiknaðir að langmestu leyti	— 3.332.380	— 798.246
Ofreiknaðir vextir af víxlum að langmestu leyti	— 899.460	— 443.309
Ógjaldfært fyrir lögfræðiþjónustu í sept. til des. 1987	— 300.000	— 300.000
Áætlaðar vaxtatekjur	— 1.200.000	— 1.200.000
Samtals	kr. 26.792.059	kr. 23.614.774

Eins og áður hefur komið fram, var rekstrartap Ávöxtunar sf. samkvæmt reikningum félagsins 1987 4.078.340 kr., en að viðbættum ofangreindum leiðréttingum í B-lið var raunverulegt tap 27.693.114 kr. Samkvæmt sömu ársreikningum Ávöxtunar sf. voru skuldir umfram eignir 4.011.701 kr., en að viðbættum ofangreindum leiðréttingum í A-lið voru raunverulegar skuldir umfram eignir ekki undir 40.333.895 kr. eða nær 30% af tilfærðum heildareignum í ársreikningi. Samkvæmt þessu gaf ársreikningur Ávöxtunar sf. fyrir árið 1987 lesendum reikningsins mjög ranga mynd af rekstri félagsins á árinu 1987 og stöðu félagsins í árslok 1987. Jafnframt verður að telja sannað, að ákærðu hefði átt að vera það ljóst, hefðu þeir viðhaft eðlilega aðgæslu.

C. Ekki kemur fram í ársreikningi Ávöxtunar sf. fyrir árið 1987, hver skuldastaða ákærðu Péturs og Ármanns og þeim tengdra og nákominna aðila var við félagið. Í bréfi ákærða Reynis kemur fram, að eigendur félagsins og félög tengd þeim skuldi u. þ. b. 11.250.000 kr. Samkvæmt bókum félagsins og fyrirliggjandi gögnum skulduðu eigendur og tengd félög, ásamt uppfærðum vöxtum og verðbótum, eftirtaldar fjárhæðir:

Ármann Reynisson	kr. 3.275.445
Kjötmiðstöðin hf.	— 4.777.774
Kjötmiðstöðin hf., skuldabréf	— 5.410.667

Hjörtur Nielsen hf.	—	1.135.417
Hjörtur Nielsen hf., skuldabréf	—	8.621.006
Pétur Björnsson	—	2.063.770
Samtals	kr.	25.284.079

sem er rúmlega tvöfalt hærri fjárhæð en segir í bréfinu. Ef tekið væri tillit til bókfærðs verðs hlutabréfaeignar í Kjötmiðstöðinni hf. og Hjartar Nielsens hf., samtals að upphæð 13.353.296 kr., voru bókfærðar skuldir eigenda og tengdra félaga ásamt umræddri hlutabréfaeign samtals 38.637.375 kr. eða tæp 28% af tilfærðri heildareign í efnahagsreikningi Ávöxtunar sf. Komið hefur fram í málinu, að ákærði Reynir lét reikna út vexti og verðbætur á skuldabréf og kröfur, og segist hann hafa gert það í samráði við eigendur félagsins.

Niðurstaða.

Ekki verður hjá því komist að skoða bréf ákærða Reynis, sem áður var tilfært, sem hluta af áritun hans á ársreikninginn. Áritun hans felur í sér, þannig skilin, mjög verulega fyrirvara um eigna- og tekjuliði ársreikningsins. Þá er í árituninni vakin sérstök athygli á því, að ákærðu Pétur og Ármann og fyrirtæki þeirra séu stórlega skuldug Ávöxtun sf., enda þótt skuldirnar væru, eins og rakið er hér að framan, mun hærri en þar segir. Verður að telja ósannað gegn neitun ákærðu, að þeir hafi af ásetningi og í blekkingarskyni rangfært ársreikning Ávöxtunar sf. 1987, og ber að sýkna þá alla af ákæru fyrir brot gegn 158. gr. almennra hegningarlaga.

Kemur þá til álita, hvort ákærðu hafi brotið gegn lögum um bókhald með sjálfri gerð ársreikningsins. Samkvæmt 25. gr. þeirra laga ber að refsa fyrir brot gegn þeim samkvæmt ákvæðum í almennum hegningarlögum. Í þeim lögum kemur hér aðeins til álita 262. gr. laganna, en þar er lögð refsing við því, ef bókhaldsskyldur maður lætur hjá líða að halda lögskyldar bækur eða gerist sekur um stórfellda óreglusemi í bókhaldinu. Hvorugt á hér við, og ber að sýkna ákærðu af ákæru fyrir sjálfstætt brot gegn bókhaldslögum samkvæmt II. kafla ákærunnar.

Upplýst er, að ákærði Reynir hafði sjálfur forgöngu um útlit og framsetningu ársreikningsins, að nokkru leyti í samráði við eigendur félagsins. Ljóst er, að ársreikningurinn gaf mjög villandi mynd af hag og afkomu félagsins og að ákærða Reyni hefði átt að vera það ljóst, hefði hann viðhaft eðlilega aðgát. Hefði honum því verið rétt, eins og á stóð, að lýsa því í áritun sinni á ársreikninginn, að hann teldi hann gefa villandi mynd af rekstri og efnahag, í stað þess að árita hann með fyrirvörum um einstök atriði. Þá er ársreikningurinn í áritun ákærða sagður hafa verið endur-

skoðaður. Verður að telja, að það sé ofsagt og að sú athugun ákærða, sem hann hefur lýst, fullnægi ekki þeim kröfum, sem gera verður til endurskoðunar. Varð hann með þessu brotlegur við 10. gr., sbr. 17. gr. laga um löggilta endurskoðendur og sbr. 4. gr. laga um bókhald. Áritun ákærða er, eins og áður segir, dagsett 1. júlí 1988. Rannsókn málsins hófst hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins þá um haustið að fyrirlagi ríkissaksóknara í bréfi 5. september, m. a. á ætluðum refsilagabrotum forráðamanna Ávöxtunar sf. Gáfu ákærðu allmargar skýrslur sem grunaðir, m. a. um ársreikning Ávöxtunar sf. Verður ekki séð, að rannsóknarlögreglustjóri eða löglærður fulltrúi hans hafi haft þá rannsókn með höndum. Ákærðu Pétur, Ármann og Reynir gáfu skýrslur um málefni Ávöxtunar sf. í skiptarétti Reykjavíkur í febrúar og mars 1989. Mál þetta var höfðað 6. mars 1991 og þingfest 30. apríl 1991. Brot gegn lögum um löggilta endurskoðendur varða samkvæmt 17. gr. þeirra sektum. Verður að telja, að rannsókn þessa sakarefnis hafi fallið niður um óákveðinn tíma og sé brotið því fyrnt samkvæmt 81. og 82. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 20, 1981, þegar málið var höfðað.

Lög um hlutafélög eru sérlög og taka samkvæmt hljóðan sinni aðeins til hlutafélaga, en um bókhald Ávöxtunar sf. var fjallað hér að framan í I. kafla, 4. tl.

III. kafli.

Ákærðu Pétur, Ármann og Reynir.

Skilja verður þennan kafla ákærunnar á þann veg, að þar séu ákærðu Pétur, Ármann og Reynir saksóttir saman fyrir að hafa ekki gætt lögboðinna og viðurkenndra aðferða við gerð ársreiknings Verðbréfasjóðs Ávöxtunar hf. 1987, sem ákærði Reynir áritaði 19. mars 1988, svo að þeim hafi ekki mátt dyljast, að reikningurinn varð við það villandi, eins og hér segir:

A. Með því að ofmeta stórlega tekjur og kröfueign félagsins sem hér segir (í þúsundum króna):

	Eignir pr. 31.12.1987:	Þar af talið óinnheimtanlegt á verðlagi 31.12.1987:
Sjóður og bankainnstæða	131	
Víxileign	40.131	3.309
Kaupsamningur	26.512	812
Kreditkort	32.086	
Ýmsar kröfur	55.701	35.497
Skuldabréf	89.890	58.808

Innheimta hjá lögmönnum	8.625	2.122
Samtals	253.076	100.548

B. Með því að leyna skuldastöðu ákærðu Péturs og Ármanns og þeim tengdra og nákominna aðila við hlutafélagið.

Þá verður að skilja þennan kafla ákærunnar á þann veg, að ákærði Reynir sé þar auk þess saksóttur fyrir að hafa, þrátt fyrir fyrirvaralausa og fulla áritun sína sem löggiltur endurskoðandi á ársreikninginn, sem saminn var á skrifstofu hans, hvorki aflað sér sjálfstætt upplýsinga um né tekið ákveðna afstöðu til tekju- og gjaldauppgjörs félagsins og kröfueignar þess.

Ákærðu neita allir sakargiftunum í þessum kafla ákærunnar.

Ákærði Reynir, sem samdi ársreikninginn, áritaði hann 19. mars 1988 með svofelldum orðum:

„Ársreikning þennan fyrir Verðbréfasjóð Ávöxtunar hf. hef ég endurskoðað. Ársreikningurinn, sem er á 10 bls., hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning ársins 1987, efnahagsreikning hinn 31.12.1987 og skýringar.

Við endurskoðunina voru gerðar þær kannanir á bókhaldi og bókhaldsgögnum, sem þóttu nauðsynlegar.

Það er álit mitt, að ársreikningurinn sé gerður samkvæmt lögum og góðri reikningsskilavenju og hann sýni rétta mynd af rekstri Verðbréfasjóðs Ávöxtunar hf. á árinu 1987 og stöðu hans í árslok."

Ársreikninginn sendi ákærði stjórn verðbréfasjóðsins með bréfi næsta dag. Var hann þá undirritaður af stjórn félagsins. Bréfið er svohljóðandi:

„Meðfylgjandi er ársreikningur Verðbréfasjóðs Ávöxtunar hf. fyrir árið 1987, sem ég hef endurskoðað.

Við endurskoðunina voru framkvæmdar þær kannanir á bókhaldi og bókhaldsgögnum sjóðsins, sem ég taldi nauðsynlegar.

Á árinu 1987 hafa verið gerð fjögur milliuppgjör, þ. e. pr. 31.3., 30.6., 30.9. og 31.10.; ég hef með öllum milliuppgjörunum sett fram ýmsar ábendingar um atriði, sem betur mættu fara. Eins og fram hefur komið í þessum bréfum, hefur bókhalds- og tölvukerfi sjóðsins verið áfátt. Bókhaldið var lengst af nokkuð á eftir í færslu, m. a. vegna fárra starfsmanna. Þetta leiddi það af sér, að aðeins uppgjörið 30.9. 1987 sýndi marktæka stöðu og var endurskoðað. Tölvukerfi verðbréfasjóðsins er ófullnægjandi. Það ræður einungis við fjárhagsbókhald og getur reiknað út virði krafna. Nauðsynlegt er, að tekin verði strax ákvörðun í tölvumálum verðbréfasjóðsins og fengið tölvukerfi, sem geti haldið utan um sjóðinn, reiknað upp virði heildareignar hans, hverjir séu skuldarar, ábyrgðarmenn, áætlað flæði innborgana o. fl.

Við þeim ábendingum, sem ég hef sett fram varðandi bókhaldið, hefur

verið brugðist, m. a. með aukningu á starfsfólki og bættri verkaskiptingu. Má segja, að nú sé bókhaldið komið í ágætt form og er fært frá degi til dags. Endurskoðun á bókhaldi félagsins hófst um mitt ár og var unnin þannig, að gerðar voru dreifikannanir á fylgiskjölum, könnuð var tilvist eigna, s. s. skuldabréfa, víxla og annarra verðmæta. Athugað var, hvort allir sætu ekki við sama borð varðandi vaxtakjör og aðra viðskiptaskilmála.

Ekki liggur fyrir nein ákveðin fjárfestingarstefna hjá verðbréfasjóðnum, en telja verður nauðsynlegt, að stjórn stjóðsins móti slíka stefnu fyrir ákveðið tímabil, þ. e., hvað á að fjárfesta í skuldabréfum, víxlum eða öðrum verðbréfum og á hvern hátt áhættudreifing eigi að vera. Nú liggja fyrir drög að frumvarpi til laga um starfsemi á fjármagnsmarkaði. Samkvæmt þeim drögum þarf að fara fram nokkur breyting á starfsemi Verðbréfasjóðs Ávöxtunar hf., ef þessi drög ná fram að ganga. Hér er einkum átt við viðskipti milli skyldra aðila. En eins og sést af ársreikningnum, eru tengd fyrirtæki stórir skuldarar í verðbréfasjóðnum.

Samkvæmt ársreikningi fyrir árið 1987 varð hagnaður af rekstri á árinu 1.161.168 kr., eftir að 3.581.040 kr. voru lagðar til hliðar til að mæta hugsanlegum vanhöldum; auk þess var hlutafé félagsins endurmetið um 187.000 kr. eða um sama stuðul og ávöxtunarbréfin. Eigið fé sjóðsins var 5.429.208 kr. í árslok.

Dreifing eigna sjóðsins var þannig:

Kröfur með sjálfskuldarábyrgð	81%
Kröfur með fasteignaveði	6%
Kröfur með bankaábyrgð	13%

Við uppgjör á sjóðnum og mat á eignum voru eignir sjóðsins núvirðisreiknaðar með sömu aðferðum og beitt er við kaup inn í sjóðinn. Allir vextir og dráttarvextir svo og verðbætur voru reiknaðar til 31.12. 1987 með hliðsjón af gildandi reikningsskilavenjum. Þá var, eins og áður sagði, færð sérstök niðurfærsla á eignum sjóðsins eins og hér segir:

Ýmsar kröfur	5%
Vanskil í unnheimtu hjá lögmönnum	5%
Víxileign	1%
Skuldabréf	1%

Samtals voru þetta 3.581.040 kr., sem þannig voru færðar, en þetta er gert í varúðarskyni, því að ekki er komin nein reynsla á, hvort um sé að ræða tapaðar kröfur. Hinn 31.12. 1987 var gengi ávöxtunarbréfa 1,374 samkvæmt auglýsingu sjóðsins. Þessi auglýsing getur staðist, eins og uppgjörið liggur fyrir, en samkvæmt því er gengi sjóðs 1,3833, þegar tekið hef-

ur verið tillit til niðurfærslu krafna, en 1,4045, ef ekki er tekið tillit til niðurfærslunnar.

Á árinu greiddi verðbréfasjóðurinn Ávöxtun sf. 2.508.052 kr. fyrir umsjón og skrifstofuþjónustu. Þóknun þessi er reiknuð 0,2% af heildarnafnverði sjóðsins í lok hvers mánaðar. Nauðsynlegt er að fenginni reynslu þessa fyrsta árs að kanna, hvort þetta sé nægilegt miðað við þá vinnu, sem þessi rekstur krefst."

Ársreikningur Verðbréfasjóðs Ávöxtunar hf. 1987 sýnir rekstrartekjur samtals 51.705.060 kr., rekstrargjöld samtals 46.775.852 kr., aukaafskriftir krafna 3.581.040 kr. og til endurmats hlutafjár 187.000 kr. Hagnaður til ráðstöfunar því 1.161.168 kr. Eignir eru taldar samtals 253.075.329 kr., skuldir samtals 247.646.121 kr. og aukaafskrift krafna 3.581.040 kr. Eignir umfram skuldir 1.848.168 kr., en í skýrslu stjórnar eru eignir umfram skuldir taldar 5.429.208 kr. Hér munar þeirri upphæð, sem varið er til aukaafskrifta krafna, 3.581.040 kr.

A. Hér á eftir verður farið lið fyrir lið yfir einstaka tekju- og eignaliði, sem ákærðu eru saksóttir fyrir að ofmeta stórlega í ársreikningi Verðbréfasjóðs Ávöxtunar hf.:

* Víxileign, 3.309.000 kr.:

Samkvæmt efnahagsreikningi 31.12. 1987 er víxileign talin 40.130.947 kr., og samkvæmt bókhaldi verðbréfasjóðsins í september 1991 er víxileign talin 7.303.892 kr. Ekki verður séð í gögnum málsins, hverjir séu skuldarar að ofangreindri upphæð, 3.309.000 kr. Ekki verður sannað af gögnum málsins, að sjá hefði mátt fyrir, þegar ársreikningur Verðbréfasjóðs var saminn, að þessi upphæð væri oftalin til eigna.

* Kaupsamningur, 812.000 kr.:

Samkvæmt efnahagsreikningi 31.12. 1987 eru kaupsamningar taldir vera 26.512.148 kr., og samkvæmt bókhaldi Verðbréfasjóðs í september 1991 er upphæðin 9.204.178 kr. Í ákærunni kemur ekki fram, hverjir séu skuldarar ofangreindrar upphæðar, 812.000 kr., en í gögnum málsins (Aðalbók Verðbréfasjóðs 30/4/90) má ætla, að átt sé við Kaups. Freyjug., Sigrún Guðm., 211.409 kr., og Kaups. Freyjug., Páll S. Vald., 600.500 kr. Ekki er unnt að ráða það af gögnum málsins, að sjá hefði mátt fyrir, þegar ársreikningurinn var saminn, að þessi upphæð væri oftalin til eigna.

* Ýmsar kröfur, 35.497.000 kr.:

Samkvæmt efnahagsreikningi 31.12. 1987 eru ýmsar kröfur 55.700.739 kr., og samkvæmt bókhaldi Verðbréfasjóðs í september 1991 eru viðskipta-

kröfur samtals 56.270.302 kr. Samkvæmt sundurliðun með ársreikningi Verðbréfasjóðs 31.12. 1987 sundurliðast þessi liður þannig:

Ávöxtun sf.	kr.	17.024.159
Efnakaup	—	1.823.104
Endurs. ávís.	—	48.495
Flóin	—	579.968
Glermassinn	—	590.722
G. Thorsteinsson og Johnson hf.	—	1.794.398
Íslensk matvæli hf.	—	4.812.697
Hjörtur Nielsen hf.	—	206.501
J. S. Halld. v/Porsche	—	1.517.803
Kjötmiðstöðin	—	13.500.244
Markús-Aðall	—	2.665.830
Dögun hf.	—	1.188.476
Íslensk-hollenska	—	5.209.798
Ísleið hf.	—	2.676.076
Stangarholt hf.	—	613.058
Scana hf.	—	1.284.006
Sverrir Þóroddsson hf.	—	148.925
Vöruloftið	—	16.379
Samtals	kr.	55.700.739

Ekki verður séð í gögnum málsins, að sjá hefði mátt fyrir, þegar ársreikningur Verðbréfasjóðs var saminn, að öll fjárhæðin, 35.497.000 kr., væri töpuð, og það þótt fullnægjandi trygging lægi ekki fyrir. Hins vegar hefði við athugun mátt ætla samkvæmt gögnum málsins, að eftirfarandi kröfur væru að mestu eða öllu leyti glataðar:

* Hjörtur Nielsen hf., 206.501 kr.:

Ársreikningur fyrir Hjört Nielsen hf. fyrir árið 1987 er saminn af ákærða Reyni. Reikningurinn virðist gerður í júní 1988, löngu eftir að ársreikningur Verðbréfasjóðs er saminn, og varð því ekki séð þá, hver afkoma Hjartar Nielsens hf. var á þeim tíma. Í gögnum málsins er ársreikningur fyrir Hjört Nielsen hf. fyrir árið 1986. Reikningurinn sýnir eigið fé í árslok 1986, 150.170 kr., og tap á því ári 184.755 kr. Af eignum félagsins eru 97,4% vörubirgðir, að fjárhæð 8.731.939 kr., en vörukaup á árinu námu aðeins 3.189.933 kr. og vörusala 6.486.056 kr. Má því ætla, að vörubirgðir hafi verið ofmetnar í ársreikningi og staða félagsins að því marki verri. Ákærðu Pétri, Ármanni og Reyni hefði því mátt vera ljóst, að félagið átti ekki fyrir skuldum.

* Vöruloftið, 16.379 kr.:

Fyrir liggur í málinu, að Vöruloftið hf. var tekið til gjaldþrotaskipta 1. sept. 1987. Samtals eru ofangreindar fjárhæðir 222.880 kr.

* Skuldabréf, 58.808.000 kr.:

Samkvæmt efnahagsreikningi 31.12. 1987 er skuldabréfaeign talin 89.889.512 kr., og samkvæmt bókhaldi Verðbréfasjóðs í september 1991 er skuldabréfaeign 141.626.886 kr. Í ársreikningi Verðbréfasjóðs fyrir árið 1987 er ekki að finna sundurliðun yfir skuldara skuldabréfa 31.12. 1987. Í skýrslu bankaeftirlits Seðlabanka Íslands er eftirfarandi yfirlit yfir skuldastöðu stærstu skuldara við Verðbréfasjóð í árslok 1987 og hvað af þeim skuldum taldist óinnheimtanlegt; er það byggt á mati skilanefndar 30. apríl 1990 (í þúsundum króna):

	Skuld pr. 31.12.1987:	*Þar af talið óinnheimtanlegt af skilanefnd skv. uppgjöri pr. 30.4.1990:*
Ávöxtun sf.	21.538	21.538
Dögun sf.	20.136	15.551
J. L. Byggingavörur sf.	6.674	3.847
Trésmiðjan Smiður hf.	3.476	2.824
Kjötmiðstöðin hf.	40.286	10.379
Hjörtur Nielsen hf.	14.584	2.573
Íslensk matvæli hf.	6.347	5.850
Markús-Aðall sf.	7.440	4.882
Halldór Kristinsson	5.432	5.432
Íslensk-hollenska hf.	6.719	2.315
Vöruloftið	3.668	3.282
Karakter hf.	2.437	1.887
	138.737	80.360

Fjárhæðin, 80.360 þús. kr., sem hér er talin óinnheimtanleg, sundurliðast þannig með tilliti til trygginga:

Engin formleg trygging	27.628
Persónuábyrgð ákærðu Péturs og Ármanns	23.904
Persónuábyrgðir einstaklinga	13.332
Veð í Bjarnaborg	15.496
Samtals	80.360

Hér er aðeins fjallað um skuldastöðu stærstu skuldara Verðbréfasjóðs. Af þessu má þó ráða, sem einnig hefur komið fram við meðferð málsins, að mikið hafi skort á, að nægar tryggingar væru fyrir hinum ýmsu kröfum sjóðsins. Ekki verður þó séð af gögnum málsins, að sjá hefði mátt fyrir, þegar ársreikningur Verðbréfasjóðs var saminn, að þessar kröfur væru tapaðar, að undanskildum kröfum á Hjört Nielsen hf., 2.573.000 kr., þó að frádregnum 206.501 kr., eða 2.366.499 kr., og kröfu á Vöruloftið, 3.282.000 kr., þó að frádregnum 16.379 kr., eða 3.265.621 kr. Samtals hefði því mátt ætla, að tapaðar kröfur næmu 5.632.120 kr.

* Innheimta hjá lögmönnum, 2.122.000 kr.:

Í ársreikningi Verðbréfasjóðs kemur fram, að kröfur eru til innheimtu hjá eftirtöldum lögfræðingum:

Ingólfi Friðjónssyni	kr.	1.608.086
Gísla Gíslasyni	—	4.118.219
Lögheimtunni	—	1.250.058
Þorfinni Egilssyni	—	1.434.558
Andra Backmann	—	214.453
Samtals	kr.	8.625.374

Ekki kemur nánar fram í gögnum málsins, hverjir séu skuldarar þessara fjárhæða, og því ekki hægt að leggja dóm á það, hvort sjá hafi mátt, að ofangreindar 2.122.000 kr. væru glataðar, þegar ársreikningur Verðbréfasjóðs fyrir árið 1987 var saminn.

B. Eins og áður segir, er liðurinn Ýmsar kröfur, 55.700.739 kr., sundurliðaður í ársreikningi félagsins, þar sem fram koma kröfur á tengda og nákomna aðila ákærðu, sem hér segir:

Ávöxtun sf.	kr.	17.024.159
Eign Ármanns og Reynis		
Íslensk matvæli hf.	—	4.812.697
Eignarhluti Péturs í félaginu 20%		
Hjörtur Nielsen hf.	—	206.501
Eign Ávöxtunar sf., Ármanns og Péturs		
Kjötmiðstöðin hf.	—	13.500.244
Eignarhluti Ávöxtunar sf., Ármanns og Péturs í félaginu 45%		
Ísleið hf.	—	2.676.076
Eignarhluti Péturs í félaginu 25%		
Samtals	kr.	38.219.677

eða 68,6% af liðnum Ýmsum kröfum.

Hins vegar liggur ekki fyrir í málinu, hverjir séu skuldarar skuldabréfaeignar, 89.889.512 kr., og því ekki unnt að fjalla um, hvort skuldum ákærðu og þeim nákominna og tengdra hafi verið leynt undir þeim lið.

Samkvæmt 2. mgr. 100. gr. laga nr. 32, 1978, um hlutafélög skal, ef hlutafélag hefur „lánað verðmæti til hluthafa, stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra þess", „samanlögð fjárhæð þessara krafna færð sem sérstakur liður í efnahagsreikningi". Tilgangur þessa er að vekja athygli lesenda ársreiknings sérstaklega á slíkum lánum. Hefði, eins og á stóð, verið rétt að fara svo að.

Ákærði Reynir hefur kannast við, að hann hafi ekki metið sjálfstætt kröfueign Verðbréfasjóðs. Kveðst hann hafa látið nægja að kanna, hvort kröfurnar væru til, enda hafi þessi starfsemi verið nýleg og torvelt að meta einstakar kröfur. Hann hafi hins vegar fullvissað sig um, að þær væru á fullnægjandi skuldaskjölum. Lítil vanskil hafi verið á þessum kröfum, og sumar þeirra hafi ekki einu sinni verið fallnar í gjalddaga. Sumar kröfurnar hafi verið auk þess mjög nýlegar, svo að hann hafi ekki talið þörf á því að skoða sérstaklega hverja einstaka kröfu og hvernig staða hvers skuldara væri. Kveðst hann hafa rætt við meðákærðu um verðmæti krafnanna og fengið skoðun þeirra á því.

Fyrir liggur, að nær allar eignir Verðbréfasjóðs voru kröfueignir, og á þessi lýsing á eignakönnun við endurskoðun því í reynd við um allar eignir sjóðsins, en þær nema samkvæmt ársreikningi 1987 samtals 253.075.329 kr.

Niðurstaða.

Eins og rakið var hér að framan, er liðurinn Ýmsar kröfur talinn hafa verið ofmetinn um 222.880 kr. og liðurinn Skuldabréf um 5.632.120 kr. eða 4,0% af tilfærðum heildarkröfu- og skuldabréfaeignum sjóðsins. Þá kemur fram, að í ársreikningnum eru tilgreindar kröfur, að fjárhæð 38.219.677 kr., á hendur ákærðu og þeim tengdum og skyldum aðilum eða 68,6% af liðnum Ýmsar kröfur í ársreikningnum. Að þessu athuguðu þykir ekki vera sannað gegn neitun ákærðu, að þeir hafi beinlínis vísvitandi gert ársreikning Verðbréfasjóðs villandi, svo að vísað sé til herts ásetningsskilyrðis 151. gr. laganna um hlutafélög. Ber því að sýkna ákærðu af ákærunni að þessu leyti.

Með vísan til þess, sem segir í II. kafla hér að framan, ber að sýkna ákærðu af ákæru fyrir sjálfstætt brot gegn bókhaldslögum samkvæmt III. kafla ákærunnar.

Í bréfi ákærða Reynis hér að framan er að finna fyrirvara bæði um bókhald Verðbréfasjóðs og reikningsskilin. Að bréfi þessu er þó ekki vikið í áritun hans á ársreikninginn. Er ekki unnt að líta á það sem hluta af árituninni, sem telja verður, að sé fyrirvaralaus.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 67, 1976, um löggilta endurskoðendur er tilgangur þeirra að „tryggja, að til sé í landinu á hverjum tíma stétt manna, sem hefur þekkingu til að gefa hlutlaust og áreiðanlegt álit á reikningsskilum til notkunar í viðskiptum". Lögin lýsa því síðan, hvernig gert er ráð fyrir að ná þessu takmarki. Löggiltum endurskoðendum ber að haga störfum sínum með tilliti til þessa, og skulu þeir enn fremur til áréttingar vinna heit að því að rækja endurskoðunarstarf sitt af kostgæfni og samviskusemi í hvívetna og halda lög og reglur, sem að starfinu og framkvæmd þess lúta. Þá segir svo enn fremur í 10. grein: „Áritun löggilts endurskoðanda þýðir, nema annað sé fram tekið með árituninni, að reikningsskilin og bókhaldið, sem þau eru byggð á, hafi verið endurskoðuð af honum og að reikningsskilin gefi, að hans mati, glögga mynd af hag og afkomu aðila ..... ." Allt miðar þetta að því að tryggja sjálfstæða stöðu stéttar löggiltra endurskoðenda og um leið að tryggja, að yfirlýsingar þeirra geti verið fyllilega marktækar og áreiðanlegar. Í fyrirvaralausri áritun endurskoðanda á ársreikning hlutafélags felst því, að hann staðfestir að hafa hagað vinnubrögðum sínum með tilliti til þessa. Í 86. gr. laga um hlutafélög eru þessi sjónarmið áréttuð, en þar segir, að ársreikning skuli endurskoða í samræmi við góða endurskoðunarvenju, og er þar átt við þær starfsaðferðir, sem hæfir og samviskusamir endurskoðendur viðhafa í störfum sínum.

Ákærði Reynir áritaði ársreikning Verðbréfasjóðs Ávöxtunar hf. fullri og fyrirvaralausri endurskoðunaráritun, en í henni felst yfirlýsing hans til lesenda ársreikningsins, þar á meðal eigenda ávöxtunarbréfa, að ekki leiki, að hans mati, teljandi vafi á því, að eignir sjóðsins standi undir því verðmæti, sem þær eru tilfærðar á. Sem áður segir, gerði ákærði enga sjálfstæða könnun á verðmæti eignanna, heldur tók aðeins trúanleg orð meðákærðu um það. Við hæfilega könnun af hans hálfu, má ætla, að í ljós hefði komið, hversu á skorti um eðlilegar tryggingar fyrir kröfueign sjóðsins. Þegar til þess er litið, að hér er um að ræða verðbréfasjóð, sem tók við fjármunum almennings til varðveislu og ávöxtunar, verður að gera ríkari kröfur til öryggis í eignavörslu og könnunar endurskoðanda á því sviði. Það er mat dómsins, að ákærði hefði ekki átt að árita ársreikning Verðbréfasjóðs Ávöxtunar hf. með fullri og fyrirvaralausri áritun, eins og hann gerði. Rétt hefði honum verið að gera skýran fyrirvara, þar sem fram kæmi, að ekki hefði verið gerð sjálfstæð könnun á verðmæti og innheimtanleika kröfueignar sjóðsins. Hefði hann talið, að slík könnun væri óframkvæmanleg, bar honum að lýsa slíkri takmörkun á endurskoðuninni með skýrum fyrirvara í áritun. Hefur ákærði þannig orðið sekur um brot gegn 10. gr., sbr. 8. gr. og 17. gr. laga um löggilta endurskoðendur og sbr. 86. gr. laga um hlutafélög.

Áritun ákærða er, eins og áður segir, dagsett 19. mars 1988. Rannsókn

hófst hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins þá um haustið, m. a. á ætluðum refsilagabrotum forráðamanna Verðbréfasjóðs í samræmi við bréf ríkissaksóknara til rannsóknarlögreglunnar 5. september. Gáfu ákærðu allmargar skýrslur sem grunaðir, m. a. um ársreikning Verðbréfasjóðs. Verður ekki séð, að rannsóknarlögreglustjóri eða löglærður fulltrúi hans hafi haft þá rannsókn með höndum. Mál þetta var höfðað með ákæru, dagsettri 6. mars 1991 og þingfestri 30. apríl 1991. Var brot ákærða því fyrnt, þegar ákæra var gefin út, samkvæmt 81. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 20, 1981, og ber að sýkna ákærða Reyni af ákærunni að þessu leyti.

IV. kafli.

A.

Ákærðu Pétur og Ármann.

1. Ákærðu Pétur og Ármann hafa ekki vefengt, að skuld Ávöxtunar sf. við Verðbréfasjóð Ávöxtunar hf. hafi í september 1988 numið 52.753.436,46 kr. á opnum viðskiptareikningi og engar tryggingar hafi verið settar við skuldinni. Ákærði Pétur hefur kannast við að hafa átt hlut að þessari ráðstöfun, og hafi fé þetta runnið til fjárfestinga hjá sameignarfélaginu. Hugsunin hafi verið sú með þessu verkefni að skila tryggum kröfum sem Verðbréfasjóður eignaðist, og „þetta myndi jafnast þannig út". Sala á fasteignum hafi hins vegar dregist mjög saman og fé verið bundið í þeim. Stjórn sjóðsins hafi vitað um tilvist skuldarinnar og ekki talið athugavert, að fjárhæðin færi fram úr því, sem til stóð.

Ákærði Ármann hefur gefið þá skýringu á skuld þessari, að hún sé lán upp í væntanleg viðskipti við Ávöxtun sf. Hann geti þó ekki nákvæmlega sundurliðað, til hvers fé rann, en það hafi að mestu leyti runnið til þess að standa undir fasteignaviðskiptum Ávöxtunar sf. Ákærði kveður þessa skuld hafa verið langt umfram það, sem stjórnin hefði samþykkt. Þá kveður ákærði þetta fé ekki hafa getað gefið þá ávöxtun, sem unnt hefði verið, ef það hefði verið notað á annan hátt.

Eins og áður segir, var Ávöxtun sf. falin framkvæmdastjórn Verðbréfasjóðs í ályktun stjórnarfundar 15. desember 1986. Ekki er að sjá af fundargerðum stjórnar félagsins, að lögskipti sameignarfélagsins og Verðbréfasjóðs hafi aftur borið á góma í stjórninni fyrr en 13. maí árið eftir. Var þá samþykkt að greiða Ávöxtun sf. 0,2% á mánuði af nafnverði ávöxtunarbréfa að viðbættum verðbótum fyrir skrifstofukostnaði. Á stjórnarfundi 29. september 1987 var ákveðið að „skerpa betur tengsl Verðbréfasjóðsins" við Ávöxtun sf. í nánu samráði við endurskoðanda félagsins, ákærða Reyni. Á fundi stjórnarinnar 28. október þetta ár var rætt „um hlaupandi reikning milli Ávöxtunar sf. og Kjötmiðstöðvarinnar annars vegar gagnvart Verðbréfasjóði Ávöxtunar hf.". Þá segir í fundargerð, að ákveðið hafi

verið „að veita Ávöxtun sf. heimild til 5% yfirdráttar af veltu hverju sinni", enda væri féð notað í þágu Verðbréfasjóðs, og fullir vextir kæmu fyrir féð. Á stjórnarfundi 26. apríl 1988 voru samþykktar eftirfarandi tillögur stjórnarformannsins, Páls Sigurðssonar prófessors:

„Stjórnin samþykkir, að frá næsta virkum degi og þar til annað verður ákveðið, gildi eftirfarandi um samskipti sjóðsins og þeirra, sem annast rekstur hans, þ. e. eigenda Ávöxtunar sf.:

a. Ávöxtun sf. hefur yfirdráttarheimild gagnvart sjóðnum um fjárhæð, sem eigi nemi meiru en sem svarar 5% af heildarupphæð sjóðsins hverju sinni, enda sé þess vandlega gætt, að það fé, sem Ávöxtun sf. þannig skuldar sjóðnum, beri vexti, er séu sambærilegir við það, sem á við um skuldir við einstaka viðskiptamenn sjóðsins.

b. Ávöxtun sf. er heimilt að kaupa fasteignir með endursölu fyrir augum og selja síðan sjóðnum kröfur sínar á kaupendur eignanna, sem nemur ógreiddum eftirstöðvum kaupverðs ásamt vöxtum.

c. Óheimilt er, umfram það sem segir í liðum a og b, að stofna til skuldaviðskipta milli sjóðsins og fyrirtækja, sem eigendur Ávöxtunar sf. tengjast sem eigendur, hluthafar eða stjórnarmenn."

Á stjórnarfundi 16. júní kom fram, að yfirdráttur Ávöxtunar sf. hjá Verðbréfasjóði var orðinn 72.613.687 kr. og stafaði af kaupum og viðgerðum húsnæðis, sem ætlað var til endursölu. Þá kom fram, að ríkt hefði mikil sölutregða á fasteignamarkaðinum, sem hefði meðal annars valdið þessum „uppsafnaða yfirdrætti".

Á næsta stjórnarfundi 29. sama mánaðar var yfirdrátturinn ræddur áfram. Á fundi þessum sagði formaðurinn sig úr stjórninni með svofelldu bréfi:

„Hér með skal stjórn Verðbréfasjóðs Ávöxtunar hf. gefið til kynna, að ég segi mig úr stjórninni frá þessum degi að telja.

Svo sem samstjórnarmönnum mínum er kunnugt, byggist þessi ákvörðun mín á ágreiningi milli mín og annarra stjórnarmanna, þ. m. t. framkvæmdastjóra sjóðsins, um tiltekin og að mínu mati veigamikil atriði varðandi fjárfestingarstefnu Verðbréfasjóðsins. Ber þar einkum að nefna, að ég hef ekki getað fellt mig við þau miklu fjármunatengsl, sem verið hafa milli Verðbréfasjóðsins annars vegar og þeirra aðila hins vegar, sem annast rekstur sjóðsins eða fyrirtækja, sem þeir eiga verulegan hlut í. Í því sambandi nægir að benda á, að á stjórnarfundi, sem haldinn var 13. þ. m., kom fram, að skuld Ávöxtunar sf. við sjóðinn var um það bil 72 milljónir kr., sem er margföld sú upphæð, sem heimiluð er sem „yfirdráttur" Ávöxtunar sf. gagnvart sjóðnum samkvæmt stjórnarsamþykktum þar um. Fyrir síðustu áramót var mótuð sú regla, að yfirdráttur þessi mætti vera allt að 5% af sjóðnum, eins og hann væri á hverjum tíma, og var þetta ítrekað

með stjórnarsamþykkt frá 27. apríl sl. Samkvæmt þessu mætti skuldin nú í allra hæsta lagi nema um 17 milljónum kr., en er orðin meira en fjórföld sú upphæð. Hafa ákvarðanir um þessa hækkun á síðustu mánuðum (um áramót var skuldin um 17 milljónir) ekki verið bornar undir stjórn sjóðsins, og get ég ekki staðið að þeirri ráðstöfun fjármuna sjóðsins. Hefur þessi skuldaþróun orðið þrátt fyrir eindregnar viðvaranir mínar og fyrirvara í sambandi við skuld að upphæð 25 milljónir kr., sem stofnað var til á síðasta hausti í nafni Kjötmiðstöðvarinnar hf., sem rekstraraðilar sjóðsins eiga stóran hlut í, en hér er um skyld málefni að ræða.

Þess er óskað, að frá þessum degi selji sjóðurinn eigi skuldabréf, sem beri mitt nafn meðal útgefenda.

Tilkynningu um afsögn mína úr stjórninni mun ég senda Hlutafélagaskrá, viðskiptaráðuneyti og bankaeftirliti."

Páll Sigurðsson hefur í skýrslum sínum hjá rannsóknarlögreglu og hér fyrir dómi borið á sama veg um yfirdráttarheimild Ávöxtunar sf. hjá Verðbréfasjóði.

Á aukaaðalfundi Verðbréfasjóðs 5. júlí þetta ár var Gísli Gíslason hdl. kosinn stjórnarformaður að samþykktum skilyrðum hans í sjö liðum. Eitt þeirra var, að Ávöxtun sf. yrði skuldlaus við Verðbréfasjóð um næstu áramót á eftir.

Á stjórnarfundi 18. júlí þetta ár var „ákveðið að ganga endanlega frá skuld Ávöxtunar sf. við Verðbréfasjóð Ávöxtunar hf."

Að tilhlutan formannsins yfirtók Verðbréfasjóður fasteignir, sem sameignarfélagið hafði keypt, til lækkunar á skuld þess við sjóðinn. Þá kveðst hann hafa lokað fyrir allan frekari yfirdrátt.

Í tilvitnaðri samþykkt stjórnar Verðbréfasjóðs 26. apríl 1988 um yfirdráttarheimild Ávöxtunar sf. er tekið fram, að þess skuli vandlega gætt, að yfirdrátturinn njóti sömu vaxta og sjóðurinn að öðru leyti nýtur. Þetta verður að skilja svo, að nefnd 5% séu hámark yfirdráttarins að vöxtum meðtöldum. Hinn 7. september var heildarfjárhæð útistandandi ávöxtunarbréfa sjóðsins með verðbótum og vöxtum 374.849.114 kr. og 5% yfirdráttarheimild því 18.742.456 kr. Á sama tíma nam yfirdrátturinn samtals 52.753.437 kr., 34.010.981 kr. umfram heimildina, en að vöxtum undanskildum, 16.454.760 kr.

Af því, sem rakið hefur verið, er ljóst, að skuld Ávöxtunar, sameignarfélags ákærðu Péturs og Ármanns, við Verðbréfasjóð Ávöxtunar hf. var langt umfram þá heimild, sem stjórn Verðbréfasjóðs hafði samþykkt, og í andstöðu við tilgang félagsins, eins og hann kemur fram í 3. gr. samþykkta þess, og auk þess fallin til þess að valda þeim, sem fé áttu í Verðbréfasjóði, hættu á fjártjóni. Ákærðu voru báðir stjórnarmenn og framkvæmdastjórar í Verðbréfasjóði Ávöxtunar hf. og bera jafna ábyrgð á

þessari ráðstöfun. Hafa þeir með því að draga sér framangreindar 16.454.760 kr. gerst brotlegir við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga.

2. Samkvæmt gögnum málsins keypti Verðbréfasjóður 30. júní 1988 kaupleigusamning Ávöxtunar sf. og hlutafélagsins Hughönnunar, sem ákærðu Pétur og Ármann hafa kannast við að hafa átt meiri hluta í. Kaupverð samnings þessa var 1.050.000 kr.

Ákærði Ármann kvaðst hjá rannsóknarlögreglu hafa vitað um þessa ráðstöfun, en fyrir dómi hefur hann sagt, að hann hafi ekki komið nálægt henni. Aftur á móti kemur fram hjá honum, að hann telji þetta ekki hafa verið óeðlileg viðskipti.

Ákærði Pétur hefur kannast við, að ekki hafi verið heimild til þessarar ráðstöfunar.

Eins og fram kom hér að framan, voru viðskipti af þessu tagi beinlínis óheimil samkvæmt stjórnarsamþykkt 26. apríl 1988. Hefur Páll Sigurðsson einnig borið hér fyrir dómi, að hann hafi aldrei vitað um þessi viðskipti. Þá verður að telja, að þau samrýmist ekki yfirlýstum tilgangi félagsins. Ákærðu, sem voru í senn stjórnarmenn og framkvæmdastjórar Verðbréfasjóðs, bera jafna ábyrgð á þessari ráðstöfun, sem telja verður misnotkun á stöðu þeirra. Hafa þeir með því orðið brotlegir við 249. gr. almennra hegningarlaga.

3. Ákærðu hafa kannast við að hafa í ágústmánuði 1987 selt Verðbréfasjóði Ávöxtunar hf. skuldabréf, að fjárhæð 5.500.000 kr., fyrir 4.902.196 kr. Var Ávöxtun sf. skuldari bréfsins, en ákærðu ábyrgðarmenn. Rann andvirði bréfsins, 4.818.946 kr., inn á tékkareikning sameignarfélagsins í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis. Kveðst Páll Sigurðsson stjórnarformaður ekki hafa haft vitneskju um bréf þetta. Ráðstöfun þessi, sem ákærðu bera báðir ábyrgð á, verður að telja, að hafi verið í andstöðu við markmið félagsins, og hafði hún aldrei verið borin upp í stjórn þess. Var hún jafnframt til þess fallin að valda þeim, sem fé áttu í Verðbréfasjóði, hættu á fjártjóni. Hafa ákærðu með þessu orðið brotlegir við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga.

B.

1. Ákærðu hafa kannast við að hafa látið umtalsvert fé renna frá Verðbréfasjóði Ávöxtunar hf. til hlutafélagsins Hjartar Nielsens, sem rak Ragnarsbakarí og ákærðu áttu að öllu leyti. Var fjárflæði þetta ásamt endurgreiðslum fært á viðskiptareikning. Ákærði Pétur kveður Verðbréfasjóð hafa keypt víxla og skuldabréf og aðallega kreditkortakröfur af Hirti Nielsen hf. Ákærði Ármann kveður það enn fremur hafa komið fyrir, að veitt væru peningalán til Hjartar Nielsens hf. upp í væntanleg kröfukaup. Ekki voru neins konar tryggingar fyrir þessari skuld, en ákærðu áttu hluta-

félagið einir. Telja þeir ástæðuna fyrir skuld þessari vera þá, að ekki hafi fengist „fyrirgreiðslur" í bönkum til þessara fyrirtækja.

Skuld Hjartar Nielsens hf. á opnum viðskiptareikningi 21173 var 7. september 1988 6.106.475 kr. Þá hafa vextir, að fjárhæð 973.409 kr., verið færðir á skuldina, sem að þeim frádregnum nemur 5.133.066 kr. Ekki verður séð, að skuldin sé til komin vegna annars en peningafyrirgreiðslu.

Fram hefur komið hjá Páli Sigurðssyni, að þessi viðskipti hafi verið með öllu heimildarlaus af hálfu stjórnar Verðbréfasjóðs. Voru þau frá og með 26. apríl 1988 beinlínis brot gegn samþykkt stjórnarinnar. Þá verður að telja, að þau hafi farið í bága við yfirlýst markmið félagsins, eins og það kemur fram í samþykktum þess, og til þess fallin að valda þeim, sem fé áttu í Verðbréfasjóði, hættu á fjártjóni. Hafa ákærðu með þessu orðið sekir um brot gegn 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga.

2. Ákærðu hafa viðurkennt að hafa í september 1987 látið Verðbréfasjóð kaupa tvö skuldabréf af Hirti Nielsen hf. Voru ákærðu sjálfir ábyrgðarmenn á bréfunum. Rann andvirði bréfanna, 2.244.888 kr., inn á tékkareikning Ávöxtunar sf. í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis. Ráðstöfun þessi, sem ákærðu bera báðir ábyrgð á, var ákærðu með öllu heimildarlaus af hálfu stjórnar Verðbréfasjóðs og í andstöðu við yfirlýstan tilgang félagsins. Þá var hún til þess fallin að valda þeim, sem fé áttu í sjóðnum, fjártjóni. Hafa ákærðu með þessu orðið sekir um brot gegn 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga.

3. Ákærðu létu í janúar 1988 Verðbréfasjóð Ávöxtunar hf. kaupa tvö skuldabréf af Trausta Einarssyni, Lágmóa 2 í Njarðvík, samtals á 1.281.842,30 kr. Kaup þessi voru hluti af kaupsamningi ákærðu og Trausta um húsnæði Ragnarsbakarís, fasteignina Iðavelli 8 í Keflavík, 14. janúar 1988 og voru út gefin 19. sama mánaðar af Hirti Nielsen hf. og með sjálfskuldarábyrgð ákærðu. Ákærði Pétur hefur skýrt frá því, að gengið hafi verið út frá því, að Trausti seldi bréfin öðrum, en það hafi gengið erfiðlega, og hafi hann nauðað í þeim hjá Ávöxtun, að þeir keyptu bréfin, sem þeir hafi síðan selt Rekstrarsjóði Ávöxtunar hf. Ákærði Ármann hefur kannast við, að bréf þessi séu til komin vegna kaupanna á Iðavöllum 8. Hafi þeir látið Rekstrarsjóð kaupa bréfin. Ráðstöfun þessi var ákærðu með öllu heimildarlaus af hálfu stjórnar Verðbréfasjóðs og í andstöðu við yfirlýstan tilgang félagsins. Þá var hún til þess fallin að valda þeim, sem fé áttu í sjóðnum, hættu á fjártjóni. Hafa ákærðu með þessu orðið brotlegir við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga.

Eins og ákæru er háttað, kemur hér ekki til álita ráðstöfun skuldabréfanna til Rekstrarsjóðs.

4. Samkvæmt gögnum málsins runnu 500.000 krónur úr Rekstrarsjóði Ávöxtunar hf. 6. maí 1988 til fyrirtækis ákærðu, Ragnarsbakarís. Var

skuldin færð í viðskiptareikning, en var hvorki tryggð með neinum hætti né bundin neinum skilmálum. Ákærði Pétur kveðst ekki muna sérstaklega eftir þessu, en telur, að á móti skuldinni hafi átt að koma víxlar, en það farist fyrir, líklega af gleymsku. Ákærði Ármann kveðst hafa verið staddur á Ítalíu, þegar þetta var, og ekkert vitað um þessa ráðstöfun. Hefur þeirri staðhæfingu hans ekki verið hnekkt. Fyrir liggur, að þessi ráðstöfun hafði aldrei verið borin undir undir stjórn Rekstrarsjóðs, og hefur ákærði Pétur viðurkennt, að hún hafi verið heimildarlaus. Í 3. gr. samþykkta Rekstrarsjóðs er tilgangur félagsins þessi:

„1. Að auka almennt möguleika til betri ávöxtunar fjármuna með sem minnstri áhættu.

2. Að fjárfesta í verðbréfum og fastafjármunum og taka þátt í atvinnulífinu á þann hátt, sem stjórn félagsins telur heppilegast á hverjum tíma.

3. Að mynda sjóð þeirra verðmæta, er um ræðir í 2. tl., þannig að áhætta dreifist.

4. Að nýta aðstöðu og þekkingu stjórnunaraðila og þess aðila, sem kann að fara með framkvæmdastjórn, við innkaup og umsýslu fjármuna félagsins."

Verður að telja, að fjárráðstöfun þessi hafi verið andstæð þessum tilgangi og til þess fallin að valda þeim, sem fé áttu í Rekstrarsjóði, hættu á fjártjóni. Að öllu þessu athuguðu ber að sýkna Ármann af þessum ákærulið, en fella ábyrgð á ákærða Pétur og sakfella hann fyrir brot gegn 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga.

5. Upplýst er, að ákærðu létu 6. júlí 1988 Verðbréfasjóð Ávöxtunar hf. kaupa víxil af fyrirtæki sínu, Hirti Nielsen hf., fyrir 401.067 kr. Var víxillinn að fjárhæð 470.000 kr., samþykktur af Hirti Nielsen hf., út gefinn af ákærða Ármanni og ábektur af ákærða Pétri. Fyrir liggur, að ráðstöfun þessi var ákærðu algjörlega heimildarlaus af hálfu stjórnar Verðbréfasjóðs og auk þess beint brot gegn ályktun stjórnarinnar 26. apríl 1988. Verður að telja, að hún hafi verið andstæð tilgangi félagsins og fallin til þess að valda þeim, sem fé áttu í Verðbréfasjóði, hættu á fjártjóni. Hafa ákærðu með þessu orðið sekir um brot gegn 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga.

6. Fyrir liggur, að ákærðu létu 8. ágúst 1988 Verðbréfasjóð Ávöxtunar hf. kaupa af fyrirtæki sínu, Hirti Nielsen hf., víxil, að fjárhæð 310.000 krónur, samþykktan af Hirti Nielsen hf., út gefinn af ákærða Ármanni og ábektan af ákærða Pétri, fyrir 277.024 krónur. Ráðstöfun þessi, sem ákærðu báru báðir ábyrgð á, var þeim öldungis heimildarlaus af hálfu stjórnar Verðbréfasjóðs og brot gegn ályktun stjórnarinnar 26. apríl 1988. Verður auk þess að telja, að hún hafi verið andstæð tilgangi félagsins, eins og hann birtist í samþykktum þess. Þá var ráðstöfunin fallin til þess að

valda þeim, sem fé áttu í Verðbréfasjóði, hættu á fjártjóni. Hafa ákærðu með þessu orðið sekir við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga.

7. Fyrir liggur, að á árinu 1988 runnu verulegar fjárhæðir frá Verðbréfasjóði Ávöxtunar hf. til Ragnarsbakarís, fyrirtækis ákærðu. Var skuld þessi færð á viðskiptareikning nr. 21177 og var í september 7.929.697 kr. ásamt vöxtum, 531.790 kr. Skuld þessi án vaxta nam því 7.397.907 krónum.

Ákærðu hafa skýrt frá því, að Verðbréfasjóður hafi keypt allar kröfur af bakaríinu fyrir fram og greitt upp í þær mánaðarlega til þesss m.a. að mæta launagreiðslum, en kröfurnar hafi ekki greiðst og skuld myndast á reikningnum. Engar tryggingar voru fyrir skuld þessari, en fyrir liggur, að hún er til komin fyrir beinar peningahreyfingar og töku skuldabréfa úr verðbréfaeign Verðbréfasjóðs. Í ákæru er að hluta til rakið, hvaða ráðstafanir leiddu til skuldar þessarar.

Ráðstafanir þessar voru ákærðu öldungis óheimilar af hálfu stjórnar Verðbréfasjóðs og frá og með 26. apríl 1988 brot gegn ályktun stjórnarinnar. Þá verður að telja, að þær hafi verið andstæðar markmiðum félagsins og til þess fallnar að valda þeim, sem fé áttu í Verðbréfasjóði, hættu á fjártjóni. Hafa ákærðu með þessu orðið brotlegir við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga.

C.

Ákærðu, sem áttu 45% hlutafjár og voru í stjórn Kjötmiðstöðvarinnar hf., hafa kannast við, að verulegar fjárhæðir hafi runnið frá Verðbréfasjóði Ávöxtunar hf. til Kjötmiðstöðvarinnar hf. Hefur komið fram hjá þeim, að þeir hafi í miklum mæli látið Verðbréfasjóð kaupa kröfur af Kjötmiðstöðinni hf. hafi saldó-listi um útistandandi kröfur Kjötmiðstöðvarinnar hf. legið fyrir hjá Verðbréfasjóði og kröfurnar verið keyptar eftir honum og sumpart greiddar fyrir fram, en skuldaskjölin verið áfram hjá Kjötmiðstöðinni til innheimtu. Aftur á móti hafi þetta æxlast þannig, að andvirði krafnanna hafi ekki skilað sér til Verðbréfasjóðs og hafi þannig myndast skuld á viðskiptareikningi Kjötmiðstöðvarinnar hjá sjóðnum. Engar tryggingar hafi verið fyrir þessari skuld, og Kjötmiðstöðin hafi enga fasteign átt. Samkvæmt gögnum málsins nam skuld þessi á viðskiptareikningi nr. 3520 10.379.334 kr. í september 1988. Þá höfðu verið færðir á reikning þennan vextir og þóknun, að fjárhæð 5.551.105 kr., á árunum 1987 og 1988, og nam skuldin því 2.378.592 kr. án vaxta og þóknunar.

Fyrir liggur, að viðskipti þessi voru ákærðu öldungis óheimil af hálfu stjórnar Verðbréfasjóðs og frá og með 26. apríl 1988 brot gegn ályktun stjórnarinnar. Þá verður að telja, að þau hafi verið andstæð yfirlýstum markmiðum félagsins og til þess fallin að valda þeim, sem fé áttu í Verð-

bréfasjóði, hættu á fjártjóni. Hafa ákærðu með þessu orðið sekir um brot gegn 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga.

Auðgunarbrot ákærðu Péturs og Ármanns samkvæmt þessum kafla ákærunnar má þá draga saman með eftirfarandi hætti:

Liður	A-1	Ávöxtun sf.	kr.	16.454.760
—	A-2	Ávöxtun sf.	—	1.050.000
—	A-3	Ávöxtun sf.	—	4.902.196
—	B-1	Hjörtur Nielsen hf.	—	5.133.066
—	B-2	Hjörtur Nielsen hf.	—	2.244.888
—	B-3	Hjörtur Nielsen hf.	—	1.281.842
—	B-4	Ragnarsbakarí	—	500.000
—	B-5	Hjörtur Nielsen hf.	—	401.067
—	B-6	Hjörtur Nielsen hf.	—	277.024
—	B-7	Ragnarsbakarí	—	7.397.907
—	C	Kjötmiðstöðin hf.	—	2.378.592
		Samtals	kr.	42.021.342

Miðað við almennar verðlagsbreytingar má áætla, að ofangreind heildarfjárhæð samsvari u. þ. b. 60 milljónum króna á núverandi verðlagi.

V. kafli.

Ákærði Pétur.

A.

Ákærði Pétur hefur borið, að fyrirtækin Íslensk matvæli hf. og Hersir hf. hafi að nokkru leyti verið rekin sem ein heild, en ákærði átti hlut í og var stjórnarformaður beggja félaganna. Kveður hann Verðbréfasjóð Ávöxtunar hf. hafa keypt kröfur af fyrirtækjunum, sem sumpart hafi verið greiddar fyrir fram. Einhver vanskil hafi svo orðið, og þá hafi myndast skuld á opnum viðskiptareikningi félaganna hjá Verðbréfasjóði. Hann kannast við, að engar tryggingar hafi verið fyrir skuldinni, sem í september 1988 nam 9.736.887 krónum. Höfðu þá verið færðir vextir á skuldina, að fjárhæð 1.885.019 kr., og skuldin því án vaxta 7.851.868 kr.

Fyrir liggur, að ákærða voru þessi viðskipti, sem voru hreinar peningahreyfingar, algerlega óheimil af hálfu stjórnar Verðbréfasjóðs og frá og með 26. apríl 1988 brot gegn ályktun stjórnarinnar. Verður og að telja, að þau hafi verið í andstöðu við tilgang félagsins og til þess fallin að valda þeim, sem fé áttu í sjóðnum, hættu á fjártjóni. Hefur ákærði með þessu orðið sekur við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga.

2. Ákærði kannast við að hafa látið Verðbréfasjóð Ávöxtunar hf. kaupa skuldabréf af Íslenskum matvælum hf., að fjárhæð 1.200.000 kr., sem

ákærði hafði gefið út f. h. þess félags. Ekki verður annað séð en bréf þetta hafi átt að vera greiðsla upp í skuldina samkvæmt 1. tl. hér næst á undan og að hér sé ekki til að dreifa sjálfstæðu broti hans. Ber samkvæmt því að sýkna ákærða af þessum ákærulið.

B.

1. Ætla má, að ákærði hafi látið Verðbréfasjóð Ávöxtunar hf. kaupa viðskiptavíxla af fyrirtækinu Ísleið hf. einhvern tíma árs 1987, en ákærði átti þar fjórðung hlutafjár og sat auk þess í stjórn. Vanskil munu hafa orðið á víxlum þessum og því orðið til skuld á viðskiptareikningi Ísleiðar hf. hjá sjóðnum, sem í árslok 1987 nam 2.676.076 krónum. Meðal gagna málsins er ódagsett skuldabréf Ísleiðar hf., að fjárhæð 3.650.000 kr., sem keypt var 27. júní 1988 og átti að vera greiðsla fyrir vanskilavíxlana. Nam kaupverðið 3.386.345 kr. Auk ákærða eru þar á tveir sjálfskuldarábyrgðarmenn, annar þeirra stjórnarmaður í Ísleið hf. Engin fasteignatrygging fylgir. Víxlar þessir fylgja ekki málsgögnum, og ekki er vitað, hverjir voru skuldarar þeirra. Ákærði man ekki eftir þessum viðskiptum. Þykir að því athuguðu ekki alveg óhætt að fullyrða, að viðskipti þessi hafi verið ákærða refsiverð, en ekki er unnt að líta á viðskiptin með bréfið sem sjálfstætt brot. Ber samkvæmt því að sýkna ákærða af þessum ákærulið.

2. Meðal gagna málsins er víxill, að fjárhæð 200.000 kr., samþykktur af Ísleið hf., sem Verðbréfasjóður Ávöxtunar hf. keypti 18. júlí 1988 af Ísleið hf. Ekki er að sjá, að nein trygging hafi verið fyrir víxlinum. Ákærði hefur ekki getað skýrt, hvaða viðskipti lágu hér að baki. Verður ekki betur séð af gögnum málsins en víxill þessi hafi gengið til greiðslu á skuld Ísleiðar við Verðbréfasjóð. Ber samkvæmt því að sýkna ákærða af þessum ákærulið.

C.

1. Ákærði hefur kannast við að hafa 30. september 1987 selt Verðbréfasjóði Ávöxtunar hf. 1.800.000 króna skuldabréf fyrir 1.645.847 kr., sem hann hafði gefið út í nafni Ísleiðar hf. og ábyrgst sjálfur. Segir hann bréf þetta vera svo til komið, að það hafi verið greiðsla sín á auknu hlutafé í Ísleið hf., sem Verðbréfasjóður myndi síðan kaupa. Kveðst hann hafa greitt af bréfinu til að byrja með.

Fyrir liggur, að ráðstöfun þessi var ákærða algerlega heimildarlaus af hálfu stjórnar Verðbréfasjóðs og í andstöðu við yfirlýstan tilgang sjóðsins. Var hún auk þess til þess fallin að valda þeim, sem fé áttu í sjóðnum, hættu á fjártjóni. Hefur ákærði með þessu orðið sekur um brot gegn 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga.

2. Fyrir liggur, að á tímabilinu janúar-maí 1988 runnu samtals 1.116.413

kr. úr Verðbréfasjóði Ávöxtunar hf. ýmist til ákærða sjálfs eða til verslunarinnar Karakters, sem ákærði fól að eigin sögn skrifstofu Ávöxtunar sf. að reka. Fyrir skuld þessari var engin trygging, en að sögn ákærða stóð til, að á móti henni kæmu „kreditkort". Þessar ráðstafanir, sem voru beinar peningahreyfingar og ákærði ber ábyrgð á, voru honum öldungis óheimilar af stjórn Verðbréfasjóðs og frá og með 26. apríl 1988 brot gegn ályktun stjórnarinnar. Verður að telja, að þær hafi verið í andstöðu við yfirlýstan tilgang félagsins og til þess fallnar að valda þeim, sem fé áttu í sjóðnum, hættu á fjártjóni. Hefur ákærði með þessu orðið sekur um brot gegn 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga.

Auðgunarbrot ákærða Péturs samkvæmt þessum kafla ákæru má þá draga saman með eftirfarandi hætti:

Liður	A-1	Ísl. matvæli hf. og Hersir hf.	kr. 7.851.868
—	C-1	Pétur Björnsson	— 1.645.847
—	C-2	Pétur Björnsson	— 1.116.413
			Kr. 10.614.128

Miðað við almennar verðlagsbreytingar má ætla, að ofangreind heildarfjárhæð samsvari u. þ. b. 15 milljónum króna á núverandi verðlagi.

VI. kafli.

Ákærðu Pétur og Ármann.

Hlutafélagið Hughönnun var stofnað 11. febrúar 1988. Formaður stjórnar var kjörinn ákærði Ármann, meðstjórnendur Sigurður Stefán Hjálmarsson og Tryggvi Tryggvason, en varamenn ákærði Pétur og Elvar Steinn Þorkelsson. Hlutafé var 4 milljónir króna, og átti Ávöxtun sf. 62% hlutafjárins, en Elvar Steinn afganginn.

Með samningi, dagsettum 10. október 1988, seldi Hughönnun hf. megnið af eignum fyrirtækisins Lögþingi hf. Kaupverðið var 1.200.000 krónur, þar af 300.000 krónur í reiðufé við undirritun samnings, en eftirstöðvar á fimm víxlum. Í samningnum er hið selda tilgreint svo:

„Allar þær innréttingar og lýsing, sem eru á staðnum og geta gengið til kaupanda, símkerfi með 7 stk. símtækjum, ísskápur, eldhússborð með stólum, afgreiðsludiskur í þremur hlutum, stór hilluskápur, 2 stk. skrifborð, 2 stk. skrifborðsstólar með tauáklæði; afnotaréttur af alhliða verðbréfahugbúnaði, sem Hughönnun framleiðir fyrir almennan markað og verður til afh. eigi síðar en 1. maí 1989."

Ákærðu Pétur og Ármann hafa viðurkennt að hafa tekið undir sig alla greiðsluna og ráðstafað henni í eigin þarfir. Hafi þeir skipt með sér peningunum, en víxlarnir hafi farið í að greiða fasteignasölunni Húsafelli sölulaun vegna annarra viðskipta.

Samkvæmt vottorði borgarfógetaembættisins í Reykjavík var Hughönnun hf. tekin til gjaldþrotaskipta 1. desember 1988.

Komið hefur fram við rekstur máls þessa fyrir dóminum, að fyrirtækinu Hughönnun sf., sameignarfélagi Elvars Steins Þorkelssonar og Sigurðar Stefáns Hjálmarssonar, hafi verið breytt í hlutafélag með þátttöku þeirra ákærðu Péturs og Ármanns. Hafi þetta verið gert vegna skuldar Hughönnunar sf. við Ávöxtun sf. Þegar munirnir voru seldir, er talið, að Sigurður Stefán hafi verið búinn að selja ákærðu hlut sinn. Um þetta eru þó engin óyggjandi gögn í málinu. Ekki eru heldur nein gögn um slit Hughönnunar sf., um skyldur samnefnds hlutafélags við Ávöxtun sf. eða hver hafi verið raunverulegur eigandi hinna seldu muna. Þá hefur komið fram hjá Elvari Steini, að þeir Sigurður Stefán hafi verið krafðir um skuld Hughönnunar sf. við Ávöxtun sf. Verður að álíta, að svo mjög vanti á sönnunarfærslu ákæruvalds um þetta sakarefni, að sýkna beri ákærðu af þessum kafla ákæru.

VII. kafli.
Ákærðu Pétur og Ármann.

Ákærðu stofnuðu 11. apríl 1988 hlutafélagið Brauðgerð Suðurnesja ásamt Olgu Guðmundsdóttur og Reyni Ármannssyni. Í stjórn voru kosnir ákærðu og Tryggvi Tryggvason. Í tilkynningu til Hlutafélagaskrár, sem barst næsta dag og stjórnarmenn undirrituðu allir, segir, að hlutaféð, 11.000.000 krónur, sé greitt. Ákærðu hafa aftur á móti gengist við því, að ekkert af hlutafénu hafi greiðst, og er því sannað, að tilkynning þeirra til Hlutafélagaskrár hafi verið vísvitandi röng. Hafa ákærðu með þessu orðið brotlegir við 151. gr., sbr. 146. gr. laga um hlutafélög nr. 32, 1978, sbr. lög nr. 69, 1989.

VIII. kafli.
Ákærðu Pétur, Ármann og Hrafn.

Samkvæmt tilkynningu ákærðu til Hlutafélagaskrár 24. september 1987 voru ákærðu þá allir kosnir í stjórn Kjötmiðstöðvarinnar hf. Var Ármann formaður stjórnar. Við sama tækifæri var ákveðið að auka hlutafé félagsins úr 80.000 í 8.000.000 króna. Samkvæmt vottorði Hlutafélagaskrár var ákærði Hrafn framkvæmdastjóri félagsins. Ein af deildum félagsins var fyrirtækið Veitingamaðurinn. Með kaupsamningi 29. mars 1988 seldu ákærðu hjónunum Ástu Tómasdóttur og Stefáni Jóhannssyni það fyrirtæki

fyrir 25.500.000 krónur. Meðal þess, sem selt var, voru öll áhöld og innanstokksmunir á sérstökum lista, þ. á m. hitaskápur, tveir gufusuðupottar, RG-6, gufusjóðari, rekkar og grindur og tveir djúpsteikingarpottar. Höfðu djúpsteikingarpottarnir verið fengnir á kaupleigu hjá kaupleigufyrirtækinu Lind hf. með samningi 6. maí 1987. Í þeim samningi segir, að leigumunir séu að öllu eign leigusala og leigutaka óheimilt að selja, lána, leigja, veðsetja eða leyfa aðför að þeim. Verðmæti þessara potta var samtals 443.790 krónur. Hinir munirnir höfðu verið fengnir með kaupleigu hjá kaupleigufyrirtækinu Glitni hf. með samningum, dagsettum 11. febrúar 1987 (grænmetiskvörn), 30. mars 1987 (gufusuðupottar), 6. maí 1987 (gufusjóðari, rekkar og grindur) og 2. júlí 1987 (hitaskápur). Í samningum þessum segir, að leigutaki megi ekki framselja hið leigða til annarra eða veita öðrum afnot af því eða afhenda það með öðrum hætti án samþykkis Glitnis hf. Verðmæti þessara hluta var samtals 2.178.966 krónur. Bar ákærði Hrafn persónulega ábyrgð á efndum þessara samninga. Eftirstöðvar kaupleigusamninganna voru um ein milljón króna, þegar kaupin fóru fram. Fyrir liggur, að Kjötmiðstöðin greiddi af samningunum eftir söluna á Veitingamanninum fram á haust 1988.

Stefán Jóhannsson hefur skýrt frá því, að þegar gengið hafi verið frá samningum, hafi verið spurt, hvort eitthvað hvíldi á tækjunum, og hafi einhver, líklega ákærði Hrafn, svarað því, að svo væri ekki. Hann kveðst ekki hafa séð, að tækin væru merkt kaupleigufyrirtæki.

Ásta Tómasdóttir kveður ákærða Hrafn hafa verið spurðan að því við undirritun samningsins, hvort nokkuð hvíldi á tækjunum, og hafi hann svarað, að svo væri ekki. Meðákærðu hafi verið viðstaddir auk Gísla Gíslasonar lögmanns og Þorláks Einarssonar fasteignasala. Enginn þeirra hafi gert athugasemd við svar Hrafns.

Ákærði Ármann hefur skýrt frá því, að stjórn Kjötmiðstöðvarinnar hf. hafi ákveðið að selja Veitingamanninn, en Hrafn Bachmann hafi séð um að gera það. Kveðst ákærði ekki hafa haft önnur afskipti af sölunni en skrifa undir samninginn, sem Hrafn og lögmaður þeirra hafi útbúið. Viðstaddir undirritun hafi verið meðákærðu og Þorlákur Einarsson. Ekki kveðst ákærði minnast þess, að rætt hafi verið um kvaðir á tækjunum. Ákærði kveðst hafa vitað, að Hrafn hefði keypt eitthvað af tækjum, m. a. á kaupleigu, en ekki vitað, hvaða tæki það væru. Hann hafi ekki vitað neitt um þessi tæki, sem þarna voru seld, eða kvaðir á þeim. Hafi hann treyst því, að rétt væri frá öllu gengið, enda hafi salan farið fram fyrir milligöngu lögmanns og fasteignasala. Hafi hann ekki kynnt sér áhaldalistann, sem fylgdi tækjunum.

Ákærði Hrafn gaf svohljóðandi skýrslu hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins um málið:

— — —

Hér fyrir dómi hefur ákærði Hrafn sagt, að sér hafi verið kunnugt um, að munirnir væru eign kaupleigufyrirtækjanna og hann hafi sagt Stefáni nákvæmlega frá þessu. Ákærði neitar því, að þau Þorlákur Einarsson fasteignasali og hjónin Ásta Tómasdóttir og Stefán Jóhannsson hafi spurt sig um kvaðir á munununum og hann svarað neitandi. Ákærði kveður kaupendur hafa fengið í hendur nokkur vikuleg uppgjör Veitingamannsins, áður en þau keyptu fyrirtækið, og hafi þar komið greinilega fram kaupleiguafborganir af munununum. Þá kveður ákærði munina hafa verið merkta kaupleigufyrirtækjunum með álímdum merkiplötum.

Ákærði Pétur hefur skýrt frá því, að stjórn Kjötmiðstöðvarinnar hf. hafi ákveðið að selja Veitingamanninn. Hafi ákærði Hrafn annast söluna og samið við kaupendur um verð og greiðsluskilmála. Kveðst hann ekki hafa vitað um kaupleigukvöðina. Þeir eigendurnir hafi svo komið saman til þess að rita undir samninginn. Ákærði kveðst ekki hafa heyrt orðaskipti við kaupendur um það, hvort eitthvað hvíldi á tækjunum. Kveðst hann ekki hafa verið á þessum fundi allan tímann, heldur aðeins komið inn til þess að undirrita samninginn. Ákærði segir Hrafn Bachmann hafa keypt inn tæki á kaupleigu fyrir Kjötmiðstöðina hf., en kveðst ekki vita, hvaða tæki það hafi verið né hvar þau voru notuð. Félagið hafi verið með rekstur á fjórum stöðum og tæki félagsins getað verið á hverjum þessara staða, sem var.

Þorlákur Einarsson fasteignasali telur ekki ótrúlegt, að einhver fundur hafi verið með kaupendum og seljendum Veitingamannsins um söluna, áður en gengið var frá samningunum. Hann minnist þess hins vegar ekki að hafa verið viðstaddur fund, þar sem rætt hafi verið um kaupleiguna. Telur hann, að engin undirmál hafi farið á milli kaupenda og seljenda um kvaðir á sölumununum. Álítur hann, að allt, sem samið hafi verið um, komi fram í samningnum. Ber nokkuð á milli vitnisins og kaupendanna um önnur atriði. Vitnið minnist þess ekki að hafa séð nein merki á hlutunum, og kveðst hann þó oft hafa komið í Veitingamanninn, bæði í fylgd ákærða Hrafns og síðar.

Gísli Gíslason héraðsdómslögmaður, sem var ákærða til ráðuneytis um söluna, hefur skýrt frá því, að hann hafi ekki haft önnur afskipti af þessu máli en votta undirritun samningsins. Hann kveðst hafa lesið yfir samninginn, sem legið hafi fyrir vélritaður, en staðið stutt við. Hann hafi ekkert heyrt talað um kvaðir á tækjunum, sem seld voru, enda hafi hann lítið fylgst með orðaskiptum annarra, og eins hafi samningsaðilar getað rætt saman, áður en hann hafi komið á fundinn. Lögmaðurinn, sem vann lítillega fyrir Kjötmiðstöðina, kveður ákærða Hrafn hafa séð um allan daglegan rekstur Veitingamannsins.

Halldór Hjalti Kristinsson, hluthafi í Kjötmiðstöðinni hf., var viðstaddur

fundinn, þegar skrifað var undir samninginn, og ritaði einnig undir hann. Ekki kveðst hann hafa heyrt orðaskipti um kvaðir á tækjunum. Hefur hann sagt, að ákærði Hrafn hafi verið „allt í öllu" í Veitingamanninum og allur daglegur rekstur verið undir stjórn hans.

Meðal gagna málsins er ljósrit af hluta af bls. 404 í símaskrá 1988, en þar kemur fram, að framkvæmdastjóri Veitingamannsins er ákærði Hrafn.

Niðurstaða.

Ákærðu Pétur og Ármann voru báðir stjórnarmenn í Kjötmiðstöðinni. Eru að vísu nokkrar líkur til þess, að þeir hafi vitað, að hinir seldu munir væru með kaupleigufyrirvara. Aftur á móti er upplýst, að þeir höfðu ekki með að gera daglega stjórn fyrirtækisins og stóðu í margvíslegum rekstri öðrum á þessum tíma. Þykir gegn neitun þeirra og þegar virt eru önnur gögn málsins, ekki vera sannað, að þeim hafi verið kunnugt um þennan meinbug á kaupunum, og ber því að sýkna þá af þessum kafla ákæru.

Ákærði Hrafn hefur verið óstöðugur í skýrslum sínum, og eru óneitanlega nokkrar líkur til þess, að hann hafi leynt þau Stefán Jóhannsson og Ástu Tómasdóttur því, að hinir seldu munir væru á kaupleigu. Á hitt er hins vegar að líta, að sú fjárhæð, sem eftir stóð af kaupleigunni, var aðeins lítið brot af söluandvirði Veitingamannsins, að ákærði Hrafn bar persónulega ábyrgð á efndum á kaupleigusamningnum við Glitni hf., að eftir söluna hélt Kjötmiðstöðin áfram að greiða kaupleigu af mununum, að alþekkt er í viðskiptum, að afnotaréttur kaupleigumuna gengur kaupum og sölum manna á milli, að kaupendurnir gætu haft hagsmuni af því að bera sakir þessar á ákærða, að ekki er fullt samræmi með skýrslum þeirra og Þorláks Einarssonar, og loks, að Þorlákur gæti vegna starfsskyldu sinnar haft hagsmuni af því að bera í málinu eins og hann hefur gert. Þykir af þessum ástæðum ekki vera gegn neitun ákærða alveg unnt að sakfella hann fyrir brot þetta, og ber að sýkna hann af ákæru í málinu.

IX. kafli.

Ákærði Ármann.

Við eftirgrennslan skiptaráðanda og bústjóra fyrir þrotabúi ákærða Ármanns kom í ljós, að fjarlægðar höfðu verið margar myndir af heimili hans á Smáragötu 5. Komust bústjórar á snoðir um, að myndunum hafði verið komið fyrir í geymslu hjá vini ákærða, Þórarni Stefánssyni, Bollagörðum 31, á Seltjarnarnesi. Var myndum þessum, 37 talsins, skilað til bústjóra. Voru þær síðan seldar fyrir 1.200.000 krónur, sem runnu til búsins.

Ákærði hefur kannast við að hafa 5. eða 6. september 1988 tekið af heimili sínu myndir þessar og komið þeim fyrir í geymslu hjá Þórarni Stefánssyni. Hefur hann skýrt svo frá, að eftir að skilanefnd verðbréfa-

sjóðanna tók við þeim, hafi hann átt von á, að komið gæti „til einhverra leiðinda" á heimili sínu, þar sem miklir hagsmunir væru í húfi í „ávöxtunarmálinu" og einhverjir gætu e. t. v. ráðist þar inn. Hafi hann þá ákveðið að koma þessum málverkum í örugga geymslu og beðið tvo menn að flytja þau til Þórarins, á meðan hann sjálfur var úti á landi. Ákærði kveðst hafa látið mála íbúðina síðar í mánuðinum og ekki látið verða af því fyrr en um mánaðamótin nóvember/desember að óska eftir því við Þórarin að fá myndirnar afhentar að nýju. Þórarinn hafi þá neitað að láta málverkin af hendi, nema ákærði greiddi sér út „ávöxtunarbréf", sem Þórarinn hafi átt. Kveðst ákærði þá hafa haft samband við Viðar Má Matthíasson lögmann og sagt honum, hvernig komið væri. Hafi lögmaðurinn þá sett sig í samband við bústjórana og sagt þeim frá málverkunum.

Ákærði kveðst hafa talið málverkin persónulega muni, sem hann ætti rétt til, og viljað, að yrðu látnir í friði. Hann hafi annars ekki haft þekkingu á því, hvað telja mætti persónulega muni og hvað ekki. Hann hafi litið á þetta sem öryggisráðstöfun vegna þess ástands, sem skapast hafi, þegar bankaeftirlitið hafi tekið Verðbréfasjóð að sér. Hafi fjölmiðlar og einstaklingar látið þannig, að hann hafi talið nauðsynlegt að koma myndunum í örugga geymslu. Hann hafi ekki ætlað sér að skjóta þeim undan.

Þórarinn Stefánsson hefur skýrt frá því, að ákærði hafi hringt til sín líklega sunnudaginn 4. september 1988. Hafi hann sagt, að nú væri breyting fram undan á rekstri Ávöxtunar, og óskað eftir því, að hann tæki fyrir sig í geymslu málverk, sem hann ætti. Ákærði hafi verið í miklu uppnámi og sagt, að fólk væri á ferli umhverfis hús sitt og vildi e. t. v. nálgast myndirnar. Ekki kveðst Þórarinn hafa skilið það á ákærða, að hann væri að skjóta myndunum undan skiptum, og hefði það ekki hvarflað að sér. Næsta kvöld hafi tveir menn komið með málverkin heim til sín. Hafi þetta verið maður, sem hafi haft þann starfa að skrautskrifa boðskort fyrir ákærða, og Arabi að nafni „Mr. Tafik", sem var kunnugur ákærða. Vitnið kveðst svo hafa komið myndunum fyrir í geymslu hjá tengdaforeldrum sínum sökum þrengsla heima fyrir.

Ákærði var úrskurðaður gjaldþrota 14. október 1988. Samkvæmt endurriti úr skiptabók Reykjavíkur var hann viðstaddur úrskurðinn, og var þýðing hans skýrð fyrir honum. Var sérstaklega brýnt fyrir honum, að hvers konar ráðstafanir á eignum eða réttindum búsins væru honum óheimilar og gætu varðað hann refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

Niðurstaða.

Af því, sem rakið hefur verið hér að framan um fjárhagsstöðu fyrirtækja ákærða og hans sjálfs, verður að telja tvímælalaust, að ákærða hafi verið ljóst, að gjaldþrot vofði yfir sér. Af framburði hans og Þórarins Stefáns-

sonar verður að ráða, að fyrir ákærða hafi vakað að koma í veg fyrir, að myndir sínar lentu í höndum annarra, enda hafi þær verið persónulegir munir hans, sem honum hafi verið annt um. Var þessi ráðstöfun ákærða fallin til þess að draga myndirnar undan skiptum. Hlaut honum og að vera ljóst, að myndirnar kæmu annars til skipta í þrotabúi sínu. Viðbárur hans um, að hann væri að koma myndunum fyrir á öruggum stað, eru með ólíkindablæ, og ber að hafna þeim. Hefur ákærði með því að taka myndirnar af heimili sínu og koma þeim fyrir í geymslu hjá Þórarni Stefánssyni fram að mánaðamótum nóvember/desember orðið sannur að skilasvikum og brotið gegn 4. tl. 1. mgr. 250. gr. almennra hegningarlaga.

X. kafli.

Viðurlög og sakarkostnaður.

Ákærði Pétur, sem hefur óverulegan sakferil, hefur með dómi þessum verið sakfelldur fyrir afar stórfelld og umfangsmikil auðgunarbrot, sem m. a. bitnuðu á sparifé margra einstaklinga. Nemur samanlagt andlag brotanna, reiknað til núvirðis, u. þ. b. 75 milljónum króna. Þykir refsing hans vera hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár og sex mánuði, og er þá einnig höfð hliðsjón af því, að hann hefur í skýrslum sínum leitast við að skýra greiðlega frá atvikum.

Ákærði Ármann, sem hefur ekki áður gerst sekur um refsilagabrot, hefur með dómi þessum verið sakfelldur fyrir afar stórfelld og umfangsmikil auðgunarbrot, sem m. a. bitnuðu á sparifé margra einstaklinga. Nemur samanlagt andlag brotanna, reiknað til núvirðis, u. þ. b. 60 milljónum króna. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár.

Að kröfu ákæruvalds og með heimild í 2. ml. 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga ber að svipta ákærða Pétur leyfi til verðbréfamiðlunar ævilangt frá 5. september 1988 að telja, en þá var hann með bréfi viðskiptaráðuneytisins sviptur leyfinu um stundarsakir.

Sakarkostnað að meðtalinni þóknun til skipaðs sækjanda, Atla Gíslasonar hæstaréttarlögmanns, 700.000 kr., en frátöldum málsvarnarlaunum greiði ákærðu Pétur og Ármann óskipt að 7/12 hlutum, en ríkissjóður að 5/12 hlutum.

Dæma ber ákærðu Pétur og Ármann hvorn um sig til þess að greiða verjendum sínum, Skarphéðni Þórissyni og Hilmari Ingimundarsyni hæstaréttarlögmönnum, 550.000 krónur í málsvarnarlaun. Þá ber að dæma ríkissjóð til þess að greiða verjanda ákærða Reynis, Sigurði G. Guðjónssyni hæstaréttarlögmanni, 450.000 krónur í málsvarnarlaun og verjanda ákærða Hrafns, Jóni Magnússyni hæstaréttarlögmanni, 120.000 krónur í málsvarnarlaun.

Dómsorð:

Ákærðu Reynir Ragnarsson og Hrafn Bachmann eru sýknir af ákæru í máli þessu.

Ákærði Pétur Björnsson sæti fangelsi í tvö ár og sex mánuði.

Ákærði Ármann Reynisson sæti fangelsi í tvö ár.

Ákærði Pétur er sviptur leyfi til verðbréfamiðlunar ævilangt frá 5. september 1988 að telja.

Ákærðu Pétur og Ármann greiði óskipt 7/12 hluta sakarkostnaðar að meðtalinni þóknun til sækjandans, Atla Gíslasonar hæstaréttarlögmanns, 700.000 krónum, en frátöldum málsvarnarlaunum og ríkissjóður 5/12 hluta af sama.

Ákærðu Pétur og Ármann greiði hvor um sig verjendum sínum, Skarphéðni Þórissyni og Hilmari Ingimundarsyni hæstaréttarlögmönnum, 550.000 krónur í málsvarnarlaun, ríkissjóður greiði verjanda ákærða Reynis, Sigurði G. Guðjónssyni hæstaréttarlögmanni, 450.000 krónur í málsvarnarlaun og verjanda ákærða Hrafns, Jóni Magnússyni hæstaréttarlögmanni, 120.000 krónur í málsvarnarlaun.

Fimmtudaginn 11. júní 1992.

Nr. 99/1989. **Skipaútgerð ríkisins**
(Árni Vilhjálmsson hrl.)
gegn
Vátryggingafélagi Íslands hf.
(Jón Finnsson hrl.).

Farmflutningar. Skaðabótamál. Takmörkun ábyrgðar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Sigurður Líndal prófessor.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. mars 1989 að fengnu áfrýjunarleyfi 6. sama mánaðar. Hann krefst þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þann veg, að kröfur sínar í héraði verði teknar til greina. Jafnframt krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Við flutning málsins fyrir Hæstarétti var því lýst yfir, að Vátryggingafélag Íslands hf. hefði tekið við varnaraðild máls þessa af Samvinnutryggingum gt. 1. janúar 1989.

Málsatvikum og málsástæðum aðila er lýst í héraðsdómi.

Kröfur hins stefnda vátryggingafélags í máli þessu eru byggðar á 25. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga, en félagið hefur greitt farmeiganda, Hraðfrystihúsi Dýrfirðinga, bætur vegna flatningsvélar, sem tók út af skipi áfrýjanda, ms. Esju, 7. nóvember 1986, þegar skipið var á siglingu fyrir Horn.

Fallast ber á það álit héraðsdóms, sem skipaður var sérfróðum samdómendum, að umbúnaður flatningsvélarinnar á þilfari ms. Esju hafi ekki verið fullnægjandi sjóbúnaður, einkum þegar litið er til árstíma og fyrirhugaðrar siglingaleiðar. Einnig ber að staðfesta þá úrlausn héraðsdóms, að ósannað sé, að samið hafi verið um að flytja vélina á þilfari og að áfrýjandi geti ekki borið fyrir sig þá undanþágu frá ábyrgð, er um ræðir í 3. lið skilmála á fylgibréfi, sem hann gaf út fyrir vélinni. Áfrýjanda hefur ekki tekist að sýna fram á, að tjón stefnda stafi af einhverjum þeim ástæðum, sem

raktar eru í 2. mgr. 68. gr. siglingalaga nr. 34/1985. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um, að áfrýjandi beri sem farmflytjandi bótaábyrgð á tjóni vegna óhappsins samkvæmt 1. mgr. sama ákvæðis.

Áfrýjandi hefur ekki sýnt fram á annað en það hafi verið afgreiðslumaður ms. Esju á Þingeyri og yfirmenn skipsins, sem tóku ákvörðun um að flytja flatningsvélina á þilfari. Þeir báru fulla stjórnunarábyrgð á þessari ráðstöfun gagnvart áfrýjanda. Meta verður það svo, að þetta hafi verið gert í umboði áfrýjanda sem farmflytjanda. Fram er komið, að 2. stýrimaður hafði verkstjórn, þegar skipið var sjóbúið. Hefur hann borið að hafa aðeins litið lauslega yfir umbúnað vélarinnar. Ekki hefur verið leitt í ljós, að hásetar þeir, sem gengu frá vélinni, hafi breytt gegn fyrirmælum yfirmanna eða því, er þeir höfðu látið viðgangast um búnað farms. Með venjulegri aðgæslu hlutu stjórnendur skipsins að gera sér grein fyrir, að tjón gæti hæglega hlotist af umbúnaði vélarinnar. Þetta aðgæsluleysi þeirra var stórfellt. Samkvæmt 6. mgr. 70. gr. laga nr. 34/1985 getur áfrýjandi því ekki borið fyrir sig ábyrgðartakmörkun samkvæmt öðrum ákvæðum greinarinnar. Ber þannig að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað, svo sem nánar greinir í dómsorði, og er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Skipaútgerð ríkisins, greiði stefnda, Vátryggingafélagi Íslands hf., 200.000 krónur í málskostnað.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. september 1988.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 8. september sl., höfðuðu Samvinnutryggingar gt., nnr. 7479-4203, Armúla 3, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, fram lagðri í dómi 29. október 1987, gegn Skipaútgerð ríkisins, nnr. 8164-7321, Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu, Reykjavík.

I.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 1.240.000 kr. auk [nánar tilgreindra vaxta og málskostnaðar].

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Til vara er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til greiðslu lægri fjárhæðar en krafist er í stefnu. A hvorn veginn, sem málið fer, krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

II.

Málavextir eru þeir, að 5. nóvember 1986 tók strandferðaskipið ms. Esja, sem er í eigu stefnda, flatningsvél af gerðinni Baader 440 á Þingeyri til flutnings til Reykjavíkur. Sendandi flatningsvélarinnar var Hraðfrystihús Dýrfirðinga á Þingeyri, og tryggði það vélina, meðan á flutningi stóð, hjá stefnanda fyrir 1.250.000 kr. með 10.000,00 króna eigin áhættu. Þegar vélin var tekin um borð í ms. Esju, var skipið á leið norður fyrir land og átti eftir að koma á hafnir á Vestfjörðum og Norðurlandi, áður en haldið yrði suður til Reykjavíkur, en ekki var áformað að koma til Þingeyrar í bakaleiðinni. Á Þingeyri tók stefndi við vélinni hjá afgreiðslumanni, sem annast afgreiðslu á skipum stefnda sem sjálfstæður aðili, og hafði plast verið breitt yfir vélina. Flatningsvélinni var komið fyrir á þilfari stjórnborðs megin úti við grindverk milli stýrishúss skipsins og fasts krana, en ekki mun hafa verið rými fyrir vélina í lest skipsins. Vélin var fest þannig, að tveimur keðjum var brugðið utan um hana í kross, þannig, að endum annarrar keðjunnar var kræKt í stólpa í grindverkinu með krókum, sem voru á endunum, en endum hinnar var kræKt í kengi, sem voru í þilfarinu við lestarkarminn. Keðjurnar voru strekktar með tveimu keðjustrekkjurum.

Um kl. 9.00 föstudagsmorguninn 7. nóvember 1986, er skipið var statt um 4,2 sjómílur út af Horni á leið frá Ísafirði til Siglufjarðar, fór flatningsvélin fyrir borð og hvarf í hafið. Samkvæmt leiðabók ms. Esju voru þarna norðaustan 9 til 10 vindstig, mikill sjór, og fékk skipið á sig sjóhnút. Orðrétt segir í leiðabókinni: „Kom hnútur á skipið, sem lagðist undan, og við veltuna losnaði flatningsvél, sem staðsett (sic) var í ganginum undir krananum. Kastaðist vélin á rekkverkið, sleit rekkverkið upp, og lenti vélin í sjónum. Einnig hefur vélin laskað bíl, sem er einnig í ganginum. Skipið erfiðar mikið í hinum þunga sjó og veltur mikið." Það, sem í leiðabókinni er nefnt „rekkverk", er í dóminum nefnt grindverk.

Þegar skipið kom til Siglufjarðar, tók lögreglan þar skýrslur af skipstjóra og fyrsta stýrimanni um atburðinn, og kemur þar fram, að skipið hafi fengið á sig að minnsta kosti þrjá sjóhnúta.

Þegar skipstjórinn hafi litið út um glugga í brú skipsins, eftir að hnútarnir höfðu riðið yfir, hafi komið í ljós, að grindverkið stjórnborðs megin við krana skipsins hafði rifnað frá og lafði út af síðu skipsins. Var grindverkið skemmt á 6 til 8 metra löngum kafla. Við skoðun kom í ljós, að flatningsvélin hafði farið fyrir borð.

Sjópróf vegna þessa atburðar fóru fram í bæjarþingi Reykjavíkur 13. nóvember 1986 að beiðni stefnda, og hefur endurrit þeirra verið lagt fram í málinu.

Skipstjóri í þessari ferð ms. Esju var Ólafur Ragnarsson. Í skýrslu sinni við sjóprófin sagði Ólafur, að hásetar og sennilega stýrimaður hefðu gengið frá vélinni, þegar hún var tekin um borð á Þingeyri. Vélin hafi verið „súrruð" með keðjum, en sér hafi ekki verið kunnugt um, hvernig gengið var frá keðjunum í smáatriðum. Við brottför skipsins frá Ísafirði hafi verið spáð slæmu veðri, austanátt og síðan norðaustanátt daginn eftir, og sagðist Ólafur því hafa beðið um, að sjóbúnaður yrði yfirfarinn og gengið vel frá vélinni. Þegar hann hafi farið í koju kvöldið fyrir óhappið, hafi hann gefið fyrirmæli um, að dregið yrði úr ferð skipsins, ef það færi að höggva eða erfiða. Skipið hafi verið keyrt á lítilli ferð um nóttina með sjálfstýringu, en þegar hann hafi komið upp um morguninn, hafi sjálfstýringin verið tekin af og maður settur á stýrið. Hann hafi þá séð, að fram undan voru ólög, og þá keyrt upp í brotin með stjórnborðsskrúfunni og skipið því verið komið á eins mikla ferð og mögulegt var. Aðspurður um, hvað hafi gefið sig, þegar vélin fór fyrir borð, sagði Ólafur, að veður hefði verið vont og hann hallaðist mest að því, að slinkur hefði komið á keðjuna, sem fest var inn á skipið, og hún hreinlega slitnað.

Í skýrslu Harðar S. Bachmann, fyrsta stýrimanns, kemur fram, að hann hafi ekki verið viðstaddur, þegar vélin var tekin um borð, en flatningsvélin hafi verið sjóbúin með tveimur svokölluðum 15 tonna keðjum. Hörður segir í skýrslu sinni, að hann hafi farið út á þilfar, eftir að vélin fór fyrir borð, og þá hafi grindverkið verið farið á um 4 metra bili og ein keðjan, sem hafði verið fest í keng úti við lunninguna, hafi hangið þar, en hinar verið farnar. Aðspurður sagði Hörður, að þessi keðja hefði ekki verið slitin. Hörður sagði, að algengt hefði verið að festa slíkar keðjur í stólpa í grindverkinu, og umræddur staður á þilfarinu hefði mikið verið notaður fyrir vélar af þessari stærð. Um það, hvort stólparnir kynnu að hafa gefið sig og vélin losnað af þeim sökum, sagði Hörður, að það kynni að vera mögguleiki, og einnig kynnu keðjurnar að hafa smokkast af, þar sem þær voru festar í grindverkið eða kengina.

Hreinn Sigurjónsson var annar stýrimaður á ms. Esju í þessari ferð, og í skýrslu hans kemur fram, að hann var á vakt, þegar flatningsvélin var tekin um borð á Þingeyri, en verið niðri í lest og gekk því ekki sjálfur frá henni. Hann hafi hins vegar litið lauslega á, hvernig gengið var frá vélinni, áður en lagt var af stað. Aðspurður, hvort honum væri kunnugt um, hvað hefði gefið sig, sagðist Hreinn vera smeykur um, að keðjurnar hefðu hreinlega slitnað, en þó væri hann ekki viss um það. Hann sagði og hugsanlegt, að keðjurnar hefðu smokkast af kengjunum, því að endarnir hefðu

ekki verið festir með lásum, heldur með krókum. Vera kynni og, að strekkjararnir hefðu gefið sig og los komið á keðju af þeim sökum og hún hrokkið af kengjunum. Ekki sagðist Hreinn þora að fara með, hvort stólpar í grindverkinu hefðu verið ætlaðir til að festa í við sjóbúnað og hvort þeir hefðu átt að þola slík átök.

Jóhann Þ. Skarphéðinsson, háseti á ms. Esju, vann við að ganga frá vélinni um borð. Í skýrslu hans við sjóprófin kemur fram, að vélin hafi verið fest með tveimur keðjum og keðjurnar ekki verið festar við vélina, en þær hafi ekki átt að detta niður af vélinni, þó að slinkur kæmi á vélina, þar sem þær hafi verið mikið strekktar. Timbur hafi verið sett undir fætur vélarinnar og við þá. Jóhann segir, að algengt hafi verið að festa í stólpa í grindverkinu, en fram kom hjá honum, að einnig hefði verið möguleiki að festa keðjurnar í kengi niðri við dekk hjá grindverkinu. Það hafi hins vegar ekki verið gert, þar sem þá hefði orðið svo skrýtin afstaða á keðjunum. Aðspurður sagði Jóhann, að krókar á keðjuendunum hefðu getað losnað úr kengjunum og úr grindverkinu, ef slaknaði á keðjunum.

Heimir Arnar Sveinbjörnsson, háseti á ms. Esju, vann með Jóhanni við að ganga frá vélinni um borð. Heimir sagði, að vélin hefði verið hífð um borð og timbur sett undir hana, því að fætur hennar hefðu verið úr járni eða áli. Keðjum hefði verið brugðið um vélina og þær strekktar með keðjustrekkjurum. Heimir sagði, að engar læsingar hefðu verið á krókum á keðjuendum og því hefðu þeir getað losnað, ef slaki kom á keðjurnar. Aðspurður um hugsanlega orsök þess, að vélin fór fyrir borð, sagði Heimir, að keðja hefði gefið sig og losnað af.

Fyrsti stýrimaður, Hörður Bachmann, gerði skýrslur til stefnda um tjón af því tilefni, að flatningsvélin fór fyrir borð, og vegna skemmda á bifreið, sem einnig var geymd á þilfarinu. Eru skýrslur þessar dagsettar 7. nóvember 1986, og voru þær lagðar fram við sjóprófin. Í skýrslu um flatningsvélina segir, að vélin hafi fallið útbyrðis í NA 10 út af Horni, og er nánar vísað til lögregluskýrslu, sem tekin var á Siglufirði. Um orsakir tjónsins segir í skýrslunni, að skipið hafi verið í miklu óveðri, og um orsakir tjóns á bifreiðinni segir í hinni skýrslunni, að skipið hafi verið í miklu óveðri, NA 10 vindstigum.

Málsaðilar eru sammála um að leggja til grundvallar, að þyngd flatningsvélarinnar hafi verið 1450 kg, og samkvæmt upplýsingum um vélar sömu tegundar, sem lagðar voru fram í dóminum, hefur vélin verið rúmir 4 metrar á lengd, 1 metri á breidd og 1,7 metrar á hæð. Í málinu hefur verið lagt fram ljósrit af fylgibréfi, er gilti sem farmsamningur milli sendanda vélarinnar, Hraðfrystihúss Dýrfirðinga, og stefnda. Á fylgibréfinu eru tilgreindar upplýsingar um brottfararstað, með hvaða skipi sé flutt, sendanda, viðtakanda og gjöld vegna flutningsins, og tekið er fram, að hið flutta sé

1. stk. vél, 1450 kg. Á framhlið fylgibréfsins er prentað: „Tryggið vörurnar. Flutningsákvæði á bakhlið." Í ákvæðum skilmála á bakhlið fylgibréfsins segir svo í 3. tölulið: „Vörur, sem fluttar eru á þilfari skv. farmsamningi eða venju, eru þar á ábyrgð eiganda. Á sama hátt ber eigandi ábyrgð á lifandi dýrum, sem flutt eru með skipi útgerðarinnar, hvort sem þau eru flutt í lest eða á þilfari."

Hinn 8. desember 1986 greiddi stefnandi Hraðfrystihúsi Dýrfirðinga vátryggingarbætur vegna flatningsvélarinnar, að fjárhæð 1.240.000,00, og höfðu 10.000,00 kr. þá verið dregnar frá vátryggingarupphæð vegna eigin áhættu vátryggingartaka. Með bréfi, dagsettu 1. september 1987, endurkrafði stefnandi stefnda um þær bætur, sem hann hafði greitt, þar sem hann taldi stefnda bera bótaábyrgð á tjóninu, sbr. 25. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga.

III.

Af hálfu stefnanda er á því byggt, að orsök þess, að flatningsvélin losnaði og skolaði fyrir borð, hafi ekki verið slæmt veður, heldur vanbúnaður og stórfellt gáleysi við frágang á festingum vélarinnar. Á þessu beri stefndi, Skipaútgerð ríkisins, bótaábyrgð sem farmflytjandi samkvæmt meginreglu 1. mgr. 68. gr. siglingalaga nr. 34/1985, og þar sem stefnandi hafi bætt vátryggðum tjónið, eigi hann endurkröfu á stefnda samkvæmt 25. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga. Stefnandi telur, að ljóst sé af rannsókn málsins, að slaknað hafi á þeim keðjum, sem notaðar voru til að festa vélina, hreyfing hafi komið á vélina, og við það hafi krókar á keðjuendunum losnað með þeim afleiðingum, að vélin hafi brotið sér leið gegnum grindverkið og skolað fyrir borð ásamt keðjunum. Stefnandi bendir á, að keðjum þeim, sem notaðar voru til að festa vélina, hafi aðeins verið krækt með opnum krókum, er hæglega gátu losnað, ef slaknaði á keðjunum, og þetta hafi skipverjar staðfest við sjóprófin. Þá hafi keðjurnar verið festar öðrum megin í það, sem skipverjar hafi við sjóprófin nefnt „burðarstólpa" eða „máttarstólpa", í grindverki á þilfarsbrún skipsins. Þetta hafi hins vegar ekki verið neinir „máttarstólpar" eða „burðarstólpar", heldur aðeins hluti af grindverki, sem ekki hafi verið ætlað til þess að festa í farm, sem komið væri fyrir á þilfari. Allt eins sé líklegt, að grindverkið hafi látið sig, og þá hafi komið slaki á keðjurnar og þær losnað. Þessi umbúnaður hafi allur verið með þeim hætti, að ekki geti talist fullnægjandi sjóbúnaður á farmi, sérstaklega ekki á þessum árstíma og þeirri siglingaleið, sem fara átti. Sú skýring skipstjóra skipsins, sem fram hafi komið við sjópróf, að trúlega hafi keðja slitnað, sé ekki líkleg, því að þá hefðu einhverjar leifar af keðjunum átt að verða eftir í skipinu; auk þess hafi skipverjar lýst því, að þær keðjur, sem notaðar voru, hafi átt

að þola allt að 15 tonna átak. Stefnandi telur og, að fram lagðar upplýsingar um gerð flatningsvélarinnar sýni, að hvarf hennar verði ekki rakið til þess, að vélin hafi fallið saman eða brotnað.

Stefnandi mótmælir þeirri málsástæðu stefnda, að hvarf vélarinnar megi eingöngu rekja til óveðurs, og telur, að lýsingar skipverja ms. Esju á miklu óveðri, þegar vélin fór fyrir borð, séu orðum auknar. Þó að þarna kunni að hafa verið 10 vindstig af norðaustri, sé það ekki meiri veðurhæð en svo, að sjómenn nefni það „brælu". Og stefnandi heldur því fram, að „ólög" af því tagi, sem ms. Esja fékk á sig í umrætt sinn, hafi ekki verið meiri en það, sem skip á þessum slóðum megi almennt eiga von á vetrarmánuðina. Þetta hafi ekki verið óveður, miðað við árstíma, og gera verði þá kröfu, að farmur íslenskra skipa sé sjóbúinn miðað við þessar aðstæður, en þess hafi ekki verið gætt við flatningsvélina.

Stefnandi bendir á, að í 1. mgr. 68. gr. siglingalaga nr. 34/1985 felist ströng skaðabótaábyrgð farmflytjanda. Farmsendandi þurfi ekki að sanna, að tjón sitt verði rakið til sakar farmflytjanda og farmflytjandi komist aðeins hjá ábyrgð, ef honum takist að sýna fram á, að hvorki hann né neinn maður, sem hann ber ábyrgð á, eigi sök á tjóninu eða einhverjar af undantekningum í 2. mgr. 68. gr. sömu laga eigi við. Í þessu máli sé ljóst, að skipverjar á ms. Esju, starfsmenn stefnda, hafi tekið við flatningsvélinni og sjóbúið hana með þeim hætti, sem lýst hafi verið hér að framan, og á þessum athöfnum starfsmanna sinna beri stefndi ábyrgð. Stefnandi mótmælir þeim málsástæðum stefnda, að ákvæði 2. mgr. 68. gr. laga nr. 34/1985 eigi við í máli þessu. Í fyrsta lagi séu reglur 2. mgr. 68. gr. undantekningarreglur, og þær beri að skýra þröngt. Ef beita ætti c-lið 2. mgr. 68. gr. um hættur og óhöpp, sem séu sérkennandi fyrir siglingar, jafnbókstaflega og stefndi haldi fram, þá yrði nánast aldrei um ábyrgð farmflytjanda að ræða. Þá verði ekki á það fallist, að p-liður 2. mgr. 68. gr. eigi að leysa stefnda undan ábyrgð, þar sem tjónið stafi af leyndum göllum á skipi, sem ekki hafi verið unnt að komast að raun um með eðlilegri árvekni. Hvarf flatningsvélarinnar verði ekki rakið til leynds galla á skipinu, því að grindverk það og stoðir, sem skipverjar hafi fest vélina í öðrum megin, hafi einfaldlega ekki verið ætlaðar til að festa í farm með þeim hætti, sem gert var. Það skipti í því efni engu máli, þó að grindverkið eða stólpar í því hafi í einhverjum mæli verið notaðir til að festa í farm, því að þeir hafi allan tímann verið ófullnægjandi festing. Þá beri og að hafa í huga, að farmflytjandi beri þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 68. gr. laga nr. 34/1985 ábyrgð á tjóni, er hlýst af óhaffærni skips.

Stefnandi tekur fram, að ekki séu gerðar sérstakar athugasemdir við, að flatningsvélin hafi verið flutt á þilfari, en hins vegar hafi farmsendandi ekki sjálfur afhent vélina, og þótt svo hefði verið, hefði hann enga sérþekkingu

á því, hvernig eigi að staðsetja vélina eða ganga frá henni. Þá mótmælir stefnandi því, að 3. töluliður í skilmálum þeim, sem skráðir voru á bakhlið fylgibréfs um flutning vélarinnar, eigi að leysa stefnda undan ábyrgð, og telur, að þetta ákvæði samrýmist ekki núgildandi siglingalögum, auk þess sem ekki sé til tekið í farmsamningi, að vélin verði flutt á þilfari.

Stefnandi byggir endurkröfu sína á ákvæðum 25. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga og telur, að vegna ákvæða 6. mgr. 70. gr. laga nr. 34/1985 eigi ekki að beita 2. mgr. 70. gr. laga nr. 34/1985 um takmörkun ábyrgðar farmflytjanda við 2 SDR fyrir hvert brúttókíló vörunnar í þessu tilviki. Í 6. mgr. 70. gr. komi skýrt fram, að farmflytjandi geti ekki borið fyrir sig ábyrgðartakmörkun samkvæmt greininni, ef það sannast, að hann hafi sjálfur valdið tjóninu eða skaðanum af ásetningi eða stórfelldu gáleysi og honum mátti vera ljóst, að tjón myndi sennilega hljótast af. Ljóst sé, að hvarf flatningsvélarinnar í hafið megi rekja til stórfellds gáleysis starfsmanna stefndu við frágang vélarinnar um borð og þeim hafi mátt vera ljóst, að festingar vélarinnar voru ekki nægjanlega tryggur búnaður. Aðeins standi eftir að skýra það orðalag ákvæðisins, „að hann hafi sjálfur" o.s.frv. Hér sé það spurningin, hvort þarna sé aðeins átt við farmflytjanda sjálfan eða hvort starfsmenn hans geti einnig fallið þar undir. Enga leiðbeiningu sé að finna í athugasemd við ákvæðið í greinargerð með frumvarpi til siglingalaga, en stefnandi telur með hliðsjón af skýringu á sambærilegu orðalagi í dómi Hæstaréttar frá 11. desember 1975 (Hrd. 1975, bls. 1011), að ákvæðið taki einnig til starfsmanna stefnda.

Verði það niðurstaða dómsins, að 2. mgr. 70. gr. 1. nr. 34/1985 eigi að takmarka bótaábyrgð stefnda, telur stefnandi, að miða eigi við gengi SDR, þegar greiðsla fer fram, eða breyta bótafjárhæðinni í íslenskar krónur miðað við gengi SDR á dómtökudegi. Stefnandi tekur fram, að vaxtakrafa sín styðjist við 7. og 15. gr., sbr. 10. gr. laga nr. 25/1987. Til stuðnings kröfu sinni um málskostnað úr hendi stefnda segir stefnandi, að stefndi hafi ekki viðurkennt neina bótaábyrgð og engar bætur boðið, og því hafi þessi málsókn verið nauðsynleg.

IV.

Stefndi gerir aðallega kröfu um að verða sýknaður af öllum kröfum stefnanda og byggir þá kröfu sína á því, að sýnt hafi verið fram á við sjóprófin, að sjóbúnaður flatningsvélarinnar hafi verið með eðlilegum hætti og í samræmi við venju og ekki hafi komið fram athugasemdir af hálfu farmsendanda. Því hafi farmsamningur aðila verið þess efnis, að varan hafi verið flutt á þilfari, og samkvæmt ákvæðum 3. töluliðar flutningsskilmála séu vörur þar á ábyrgð eiganda.

Stefndi bendir á, að við sjóprófin hafi komið fram, að ekki hafi verið

rúm fyrir vélina í lest skipsins, þegar hún var tekin um borð á Þingeyri. Vélinni hafi verið valinn staður á þilfari við krana skipsins, og hafi þessi staður oft verið notaður, þegar slíkir hlutir sem t. d. bílar voru fluttir á þilfari. Engar athugasemdir hafi verið gerðar við staðsetningu vélarinnar af hálfu sendanda, og þegar starfsmenn stefnda hafi tekið við vélinni, hafi verið búið að breiða plast yfir hana, þannig, að þeir, sem það gerðu, hafi gengið út frá því, að vélin yrði flutt á þilfari. Stefndi tekur sérstaklega fram, að umboðsmaður Skipaútgerðar ríkisins á Þingeyri sé ekki starfsmaður stefnda, heldur sjálfstæður aðili. Sjóbúnaður hafi verið í fullu samræmi við það, sem tíðkast hafi, eins og stýrimenn skipsins hafi lýst. Þegar fyrir lá, að spáð var vondu veðri, hafi allur frágangur verið yfirfarinn og strengt á keðjum. Vélin hafi auk þess verið á góðum stað á þilfari skipsins og í skjóli aftan við stýrishúsið. Þegar vélin hafi farið fyrir borð, hafi veður verið mjög slæmt samkvæmt leiðabók skipsins, og þar verði auk vindhæðar að hafa í huga, að mikill sjór hafi verið á þessum slóðum, eins og sjáist bæði í leiðabók og upplýsingum um veður á Hornbjargsvita, sem lagðar hafi verið fram, en klukkan 6 að morgni 7. nóvember hafi verið allmikill sjór þar. Öllum skipverjum, sem gefið hafi skýrslur, beri saman um, að veðrið hafi verið mjög slæmt og hnútar hafi komið á skipið. Samkvæmt skýrslum skipverjanna hafi vélin einmitt farið fyrir borð, þegar einn hnúturinn reið yfir skipið, en hins vegar liggi ekkert fyrir um, hvernig það hafi gerst. Skipverjar kunni ekki skýringu á því, hvað hafi gerst, og miðað við það átak, sem keðjurnar hafi átt að þola, sé ekki líklegt, að þær hafi látið sig. Umræddar keðjur og krókar á þeim hafi verið venjulegur búnaður til að sjóbúa slíka hluti, og þeir hafi verið festir í þar til gerðar festingar í þilfar og stólpa í grindverki, sem venja var að nota við þessar aðstæður. Hugsanlegt sé hins vegar, að vélin hafi sjálf fallið saman og því slaknað á keðjunum og vélin brotið sér leið fyrir borð.

Sýknukröfu sína byggir stefndi í fyrsta lagi á því, að samkvæmt 3. tölulið flutningsskilmála um flutning vélarinnar beri stefndi ekki ábyrgð á þeim vörum, sem fluttar séu á þilfari samkvæmt farmsamningi eða venju. Ekki hafi komið fram neinar athugasemdir hjá sendanda vegna flutnings vélarinnar á þilfari, og verði því að líta svo á, að hann hafi samþykkt, að vélin yrði flutt á þilfari. Stefndi mótmælir þeirri skoðun stefnanda, að undanþágan í 3. tölulið flutningsskilmálanna hafi ekki næga lagastoð í núgildandi siglingalögum. Heimild til slíkra samningsákvæða um undantekningu frá bótaábyrgð farmflytjanda í innanlandssiglingum hafi verið í 103. gr. siglingalaga nr. 66/1963 og sé nú í 118. gr. siglingalaga nr. 34/1985.

Sýknukröfu sína byggir stefndi enn fremur á því, að tilteknir stafliðir í 2. mgr. 68. gr. laga nr. 34/1985 leiði til þess, að farmflytjandi, stefndi, beri ekki ábyrgð í þessu tilviki. Vísar stefndi þar í fyrsta lagi til c-liðar

2. mgr. 68. gr. og bendir á, að fyrir liggi, að skipið hafi fengið á sig hnúta eða ólög, og slíkt hljóti að falla undir hættur og óhöpp, sem séu sérkennandi fyrir siglingar. Eins og áður hafi verið bent á, sé hugsanlegt, að vélin sjálf hafi fallið saman, og því eigi undantekningarákvæðið í m-lið 2. mgr. 68. gr. við, því að slíkt hljóti að teljast eigin ágalli vörunnar. Þá hafi vélin aðeins verið pökkuð í plast, þegar hún var afhent til flutnings af hálfu sendanda, og verði það að teljast ófullnægjandi pökkun í merkingu n-liðar 2. mgr. 68. gr. Stefndi byggir og á því, að ef það verði niðurstaða dómsins, að stólpar þeir í grindverkinu, sem keðjur voru festar í, hafi gefið sig, þá beri stefndi ekki ábyrgð á hvarfi vélarinnar samkvæmt p-lið 2. mgr. 68. gr., því að þá sé um að kenna leyndum göllum á skipi, sem ekki hafi verið unnt að komast að raun um með eðlilegri árvekni. Bendir stefndi sérstaklega á, að tæknideild útgerðarinnar hafi aldrei gert athugasemdir við, að vörur á þilfari væru festar í þessa stólpa.

Verði aðalkrafa stefnda um sýknu ekki tekin til greina, ber stefndi fyrir sig 2. mgr. 70. gr. laga nr. 34/1985 og krefst lækkunar á kröfu stefnanda. Í 2. mgr. 70. gr. laga nr. 34/1985 segi, að bætur samkvæmt 68. gr. sömu laga geti „ekki orðið hærri en 667 SDR fyrir hvert stykki eða flutningseiningu eða 2 SDR fyrir hvert brúttókíló vöru, sem skemmist, glatast eða afhendingu seinkar á". Samkvæmt ákvæðinu skuli miða við þá fjárhæð, sem hæst getur orðið samkvæmt þessari reglu. Stefndi byggir á því, að óumdeilt sé, að vélin, sem teljist hér ein flutningseining, hafi samkvæmt fylgibréfi verið 1450 kg, og því eigi að greiða 2 SDR fyrir hvert kíló, og gengi SDR eigi hér að miða við tjónsdag, 7. nóvember 1986, eða 48,81 kr. Verði talið, að bótagrundvöllur sé fyrir hendi, eigi þær bætur því að nema 2 x 1450 x 48,81 eða samtals 141.549,00 kr. Stefndi telur ótvírætt, að miða eigi við verðlag á tjónsdegi, og tekur fram, að ekki séu gerðar athugasemdir við vaxtakröfu stefnanda, þegar búið sé að breyta fjárhæð bótanna í íslenskar krónur miðað við gengi á tjónsdegi.

Stefndi mótmælir því, að ákvæði 6. mgr. 70. gr. laga nr. 34/1984 leiði í þessu tilviki til þess, að stefndi geti ekki borið fyrir sig ábyrgðartakmörkun samkvæmt 2. mgr. sömu greinar, eins og stefnandi haldi fram. Ákvæði 6. mgr. eigi aðeins við, þegar farmflytjandi eða starfsmenn hans hafi valdið tjóni af ásetningi eða stórfelldu gáleysi, og bætt sé við því skilyrði, að þeim hafi mátt vera ljóst, að tjón myndi sennilega hljótast af. Í þessu tilviki hafi skipverjar sjóbúið vélina með eðlilegum hætti og sérstaklega hert á festingum, þegar spáð var, að veður versnaði. Stefndi tekur og fram, að verði ekki fallist á sýknukröfu sína eða lækkun samkvæmt 2. mgr. 70. gr. laga nr. 34/1985, sé vátryggingarfjárhæð vélarinnar og þar með stefnukröfu stefnanda ekki mótmælt tölulega, og hið sama gildi um vaxtakröfu stefnanda.

Vegna málskostnaðarkröfu stefnanda tekur stefndi fram, að það sé ekki rétt, að engar bætur hafi verið boðnar fram af sinni hálfu. Í viðræðum þessara aðila hafi verið boðin fram greiðsla í samræmi við 2. mgr. 70. gr. laga nr. 34/1985, en stefnandi hafi eigi þegið það boð, og stefndi telji það því ekki skuldbindandi fyrir sig.

V.

Dómendur fóru á vettvang um borð í ms. Esju 7. júní sl., þar sem skipið lá í Reykjavíkurhöfn. Gert hafði verið við þann hluta grindverks á þilfarsbrún, sem hafði skemmst, er flatningsvélin fór fyrir borð, en gerð þess og útlit var hið sama og áður. Einnig skoðuðu dómendur sams konar keðjur og króka og notaðir höfðu verið, er flatningsvélin var sjóbúin. Flatningsvél þeirri, sem um er fjallað í máli þessu, var komið fyrir á þilfari ms. Esju, og í skýrslum sínum við sjópróf vegna hvarfs vélarinnar hafa skipverjar lýst því, hvernig vélin var sjóbúin.

Stefnandi byggir kröfu sína á 1. mgr. 68. gr. laga nr. 34/1985, en samkvæmt því ákvæði ber farmflytjanda að bæta tjón, sem hlýst af því, ef farmur skemmist eða glatast, meðan hann er í vörslu farmflytjanda, nema ætla megi, að hvorki hann né neinn maður, sem hann ber ábyrgð á, eigi sök á tjóninu. Það er álit hinna sérfróðu meðdómsmanna, að sá umbúnaður vélarinnar að festa enda annarrar keðjunnar í grindverk á þilfarsbrún skipsins og nota opna króka til að festa keðjurnar, hafi ekki verið fullnægjandi sjóbúnaður, sérstaklega á þessum árstíma og fyrirhugaðri siglingarleið skipsins, enda var grindverkið eða uppistöður þess ekki ætlaðar til þess að festa í þær farm, sem komið var fyrir á þilfari, með þeim hætti, sem gert var í umrætt sinn. Verður að telja, að hvarf flatningsvélarinnar megi rekja til framangreinds ágalla á sjóbúnaði vélarinnar af hálfu starfsmanna stefnda.

Af hálfu stefnda er á því byggt, að farmsamningur sinn og farmsendanda hafi verið þess efnis, að flatningsvélin yrði flutt á þilfari og samkvæmt 3. tl. þeirra skilmála, sem skráðir voru á bakhlið fylgibréfs þess, er gilti sem farmsamningur milli aðila, og hafi vélin verið flutt þar á ábyrgð eiganda, en ekki stefnda. Ákvæði 2. mgr. 118. gr. laga nr. 34/1985 heimila, að upp sé tekið í farmsamning ákvæði um undanþágu frá ábyrgð farmflytjanda samkvæmt 1. mgr. 68. gr. sömu laga vegna farms, sem samkvæmt farmsamningi á að flytja á þilfari og er raunverulega fluttur á þilfari. Skýra verður ákvæði þetta svo, að farmflytjandi geti því aðeins borið fyrir sig slíka undanþágu, að í farmsamningi aðila sé gagngert tekið fram, að farmurinn verði fluttur á þilfari. Í fylgibréfi því, sem stefndi vísar til, var þess eigi getið, að flytja ætti flatningsvélina á þilfari. Þá verður eigi talið, að farmsendandi hafi með því að gera ekki athugasemdir við flutning vélar-

innar á þilfari veitt samþykki sitt fyrir því, að vélin yrði flutt þar, enda hefur ekkert komið fram um, að fulltrúi farmsendanda hafi verið viðstaddur, er vélin var tekin um borð í ms. Esju og sjóbúin. Krafa stefnda um sýknu á grundvelli 3. tl. í skilmálum um flutning vélarinnar verður því eigi tekin til greina.

Stefndi styður og sýknukröfu sína með tilvísun í tiltekna stafliði í 2. mgr. 68. gr. laga nr. 34/1985. Áður hefur verið gerð grein fyrir því áliti dómsins, að hvarf flatningsvélarinnar megi rekja til ófullnægjandi sjóbúnaðar hennar, og verður því eigi talið, að stefndi hafi sýnt fram á, að hvarf vélarinnar hafi stafað af hættum eða óhöppum, sem séu sérkennandi fyrir siglingar, sbr. c-lið 2. mgr. 68. gr. laga nr. 34/1985. Þegar litið er til þeirra upplýsinga, sem fram hafa verið lagðar, um gerð og byggingu flatningsvélarinnar, verður eigi talið líklegt, að vélin hafi sjálf fallið saman, eins og stefndi heldur fram, eða hvarf hennar megi rekja til eigin ágalla í merkingu m-liðar 2. mgr. 68. gr. laga nr. 34/1985. Af hálfu stefnda hefur ekki verið sýnt fram á, að þörf hafi verið á að haga pökkun vélarinnar af hálfu farmsendanda með öðrum hætti en gert var, og af hálfu stefnda voru ekki gerðar athugasemdir við pökkun vélarinnar, þegar vélin var móttekin til flutnings. Stefndi hefur því eigi sýnt fram á, að n-liður 2. mgr. 68. gr. laga nr. 34/1985 leiði til sýknu á kröfu stefnanda. Eigi verður talið, að hvarf flatningsvélarinnar verði rakið til leynds galla á skipi í merkingu p-liðar 2. mgr. 68. gr. laga nr. 34/1985, enda var grindverk það eða uppistöður í því, sem önnur keðjan var fest í, ekki ætlað til þess að festa í farm með þessum hætti.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið hér að framan, hefur stefndi ekki sýnt fram á, að hvarf flatningsvélarinnar eigi sér orsakir, sem stefndi ber ekki ábyrgð á. Ber stefndi því samkvæmt 1. mgr. 68. gr. laga nr. 34/1985 ábyrgð á tjóni vegna hvarfs flatningsvélarinnar, en stefnandi hefur öðlast rétt á hendur stefnda samkvæmt 25. gr. laga nr. 20/1954.

Stefnandi krefur stefnda um greiðslu á 1.240.000 kr., en stefndi ber fyrir sig reglu 2. mgr. 70. gr. laga nr. 34/1985 um takmörkun ábyrgðar og gerir kröfu um, ef ábyrgð verði felld á sig, að fjárhæð bóta úr sinni hendi miðist við 2 SDR fyrir hvert kíló hinnar fluttu vöru. Stefnandi heldur því fram, að ákvæði 6. mgr. 70. gr. laga nr. 34/1985 leiði til þess, að stefndi geti ekki borið fyrir sig takmörkun ábyrgðar samkvæmt 2. mgr. sömu greinar.

Samkvæmt 6. mgr. 70 gr. laga nr. 34/1985 getur farmflytjandi ekki borið fyrir sig ábyrgðartakmörkun samkvæmt þeirri grein, „ef það sannast, að hann hafi sjálfur valdið tjóninu eða skaðanum af ásetningi eða stórfelldu gáleysi og honum mátti vera ljóst, að tjón myndi sennilega hljótast af". Samkvæmt orðalagi ákvæðisins á það aðeins við, ef það sannast, að farmflytj-

andi hafi sjálfur valdið tjóninu, og fullnægt er þeim hugrænu skilyrðum, sem tilgreind eru í ákvæðinu. Við flutning málsins var því lýst yfir af hálfu stefnda, að stefndi teldi sig bera ábyrgð á starfsmönnum sínum, og regla 6. mgr. 70. gr. laga nr. 34/1985 um sök farmflytjanda tæki því einnig til sakar starfsmanna sinna að skilningi stefnda. Verður að leggja þessa yfirlýsingu stefnda til grundvallar við úrlausn málsins. Áður hefur verið lýst þeirri niðurstöðu dómsins, að hvarf flatningsvélarinnar megi rekja til ágalla á sjóbúnaði vélarinnar af hálfu starfsmanna stefnda, og kemur því til skoðunar, hvernig beri að skýra hin hugrænu skilyrði 6. mgr. 70 gr. og hvort starfsmenn stefnda hafi valdið tjóninu af ásetningi eða stórfelldu gáleysi og þeim hafi mátt vera ljóst, að tjón myndi sennilega hljótast af.

Regla 6. mgr. 70. gr. var tekin upp í íslensk siglingalög með lögum nr. 34/1985. Í greinargerð með frumvarpi því, sem síðar varð að nefndum lögum, kemur fram, að með frumvarpinu séu ákvæði siglingalaga um farmsamninga samæmd svonefndum Haag-Visby-reglum og höfð almenn hliðsjón af þágildandi siglingalagaákvæðum Norðurlandaþjóðanna um farmflutninga (Alþt. 1984 A, bls. 1025-1026). Í athugasemd við 70. gr. frumvarpsins, síðar laga nr. 34/1985, segir, að 1. mgr. svari að mestu til 101. gr. laga nr. 66/1963, en að öðru leyti samsvari efni greinarinnar grein IV-5 í Haag-Visby-reglunum. Við samanburð á orðalagi hins tilvitnaða ákvæðis Haag-Visby-reglnanna frá 1968 og þeim ákvæðum norrænu siglingalaganna, er svara til 6. mgr. 70. gr. laga nr. 34/1985 og byggðar eru á Haag-Visby-reglunum annars vegar og hins vegar lokaorðum 6. mgr. 70. gr. laga nr. 34/1985, þ.e. „mátti vera ljóst, að tjón myndi sennilega hljótast af", sést, að eigi er fullt samræmi í orðalagi þessara ákvæða. Í grein IV-5 í Haag-Visby-reglunum frá 1968 hljóða lokaorð ákvæðisins svo: „with knowledge that damage would probably result", og í 6. mgr. 120. gr. dönsku siglingalaganna, nú nr. 141/1985, er notað orðalagið: „med forståelse af, at skade sandsynligvis ville blive forårsaget". Hliðstætt orðalag er í 5. mgr. 120. gr. norsku siglingalaganna. Í 5. mgr. 120. gr. sænsku siglingalaganna er ákvæði, er svarar til 6. mgr. 70. gr. laga nr. 34/1985, og er orðalag þess svohljóðandi: „med insikt att skada sannolikt skulle uppkomma". Sami munur er einnig á orðalagi ákvæða 143. gr., 2. mgr. 146. gr. og 176. gr. laga nr. 34/1985 og fyrirmyndum þessara ákvæða í Haag-Visby-reglunum og í norrænu siglingalögunum. Í 3. mgr. 72. gr. laga nr. 34/1985 er hins vegar notað orðalagið:„með vitund um það, að tjón væri fyrirsjáanlegt", en orðalag samsvarandi ákvæðum í Haag-Visby-reglunum og norrænu siglingalögunum er með sama hætti og lýst var varðandi fyrirmyndir að 6. mgr. 70. gr. laga nr. 34/1985.

Orðalag 6. mgr. 70. gr. laga nr. 34/1985 er samkvæmt framansögðu rýmra en orðalag þeirra fyrirmynda ákvæðisins, sem lýst var. Þegar virt

eru þau ummæli greinargerðar, að efni 70. gr. laga nr. 34/1985 samsvari grein IV-5 í Haag-Visby-reglunum, og þess gætt, að lögum nr. 34/1985 var ætlað að færa ákvæði íslensku siglingalaganna um farmflutninga til samræmis við Haag-Visby-reglurnar og norræna löggjöf á þessu sviði, þykir verða að skýra lokaorð 6. mgr. 70. gr. laga nr. 34/1985 til samræmis við orðalag greinar IV-5 í Haag-Visby-reglunum, þannig, að farmflytjandi missi því aðeins réttinn til að bera fyrir sig ábyrgðartakmörkunina, að það sannist, að hann hafi sjálfur valdið tjóninu af ásetningi eða stórfelldu gáleysi og hafi haft vitneskju um, að tjón myndi sennilega hljótast af.

Því er eigi haldið fram af hálfu stefnanda, að hvarf flatningsvélarinnar verði rakið til ásetnings af hálfu starfsmanna stefnda, heldur telur hann, að þeir hafi í störfum sínum sýnt af sér stórfellt gáleysi við sjóbúnað vélarinnar og þeim hafi mátt vera ljóst, að tjón myndi sennilega hljótast af, eins og tilskilið er í lok 6. mgr. 70. gr. laga nr. 34/1985.

Þegar virtar eru aðstæður á vettvangi og skýrslur starfsmanna stefnda við sjóprófin, verður að telja, að starfsmönnum og þá sérstaklega yfirmönnum á skipi stefnda, ms. Esju, hafi mátt vera ljóst, að grindverk á þilfarsbrún skipsins var ekki ætlað til að festa í þilfarsfarm, enda voru sérstakir kengir í þilfari skipsins úti við þilfarsbrún til að festa í keðjur eða annað, sem notað var til að sjóbúa farm á þilfari. Voru þetta sams konar kengir og voru í þilfari við lúgukarminn, en þeir kengir voru notaðir til að festa aðra keðju við sjóbúnað flatningsvélarinnar. Ekki verður fallist á þá skýringu skipverja, að þeir hafi ekki getað fest í kengi við þilfarsbrún, vegna þess að þá „hefði orðið svo skrýtin afstaða á keðjunni". Skipverjum mátti vera ljóst, að grindverkið var ekki nægjanlega traust festing fyrir þá keðju, sem brugðið var utan um vélina, og þá sérstaklega í því álagi, sem vænta mátti á fyrirhugaðri siglingarleið, Af skýrslum skipverja verður eigi annað ráðið en þeim hafi fyrir fram verið ljóst, að krókar á keðjuendunum gátu losnað, ef slaki kæmi á keðjurnar. Þegar virt er það, sem að framan greinir, verður að telja, að starfsmönnum stefnda hafi ekki getað dulist, að sennilegt væri, að tjón hlytist af, ef umræddur búnaður gæfi sig. Það er því niðurstaða dómsins, að starfsmenn stefnda hafi í umrætt sinn sýnt af sér stórfellt gáleysi og vitneskja þeirra hafi verið með þeim hætti, að fullnægt sé skilyrðum lokaorða 6. mgr. 70. gr. laga nr. 34/1985, eins og lögskýra verður þau. Samkvæmt þessari niðurstöðu getur stefndi ekki borið fyrir sig ákvæði 2. mgr. 70. gr. laga nr. 34/1985 um takmörkun á bótafjárhæð.

Niðurstaða málsins verður því sú, að stefndi, Skipaútgerð ríkisins, verður dæmdur til að greiða stefnanda, Samvinnutryggingum gt., stefnufjárhæðina, 1.240.000 kr,. ásamt þeim vöxtum, sem krafist er, enda hefur fjárhæðinni ekki verið mótmælt tölulega, og hið sama gildir um vaxtakröfuna.

Eftir þessum úrslitum málsins verður stefnda gert að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst 240.000 kr., þ. m. t. söluskattur.

Dóm þennan kváðu upp Tryggvi Gunnarsson, settur borgardómari, og meðdómsmennirnir Guðmundur Hjaltason skipstjóri og Hrafnkell Guðjónsson stýrimaður.

Dómsorð:

Stefndi, Skipaútgerð ríkisins, greiði stefnanda, Samvinnutryggingum gt., 1.240.000 kr. með 9% ársvöxtum frá 8. desember 1986 til 21. febrúar 1987, 11% ársvöxtum frá þeim degi til 1. maí 1987, 22,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1987, 24,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí 1987, 26,7% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1987, 31,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1987, 32,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október 1987, 33,3% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1987, en síðan með dráttarvöxtum, eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma af Seðlabanka Íslands, til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 240.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. söluskattur.

Fimmtudaginn 11. júní 1992.

Nr. 205/1992. **Ákæruvaldið**
gegn
Finnbirni Elíassyni,
Haraldi Hákonarsyni og
Kolbeini Valssyni.

Kærumál. Frávísunarkröfu hafnað. Ákæra.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Ákærðu hafa með kæru 14. apríl 1992 skotið máli þessu til Hæstaréttar að fengnu samþykki ríkissaksóknara 21. sama mánaðar, sbr. 3. mgr. 124. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Krefjast þeir þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og málinu vísað í heild frá sakadómi. Þá krefjast þeir þess, að sér verði dæmdur kærumálskostnaður svo og málsvarnarlaun.

Ríkissaksóknari krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur að niðurstöðu til.

Þegar litið er til ákvæða 238. og 243. gr. siglingalaga nr. 34/1985, verður að telja, að ríkissaksóknara hefði verið rétt að vísa til þeirra í ákæru auk þeirra lagaákvæða, sem þar eru tilgreind. Þá hefði og átt að gæta ákvæðis 242. gr. siglingalaga, þar sem kveðið er á um, að ákvörðun um málshöfðun samkvæmt XV. kafla laganna skuli tilkynnt samgönguráðuneyti.

Eins og atvikum er háttað, þykir rétt þrátt fyrir ofangreinda ágalla á málshöfðuninni að fallast á þá niðurstöðu héraðsdómara að hafna frávísunarkröfu verjanda ákærðu. Vörn ákærðu á ekki að verða áfátt af þessum sökum, og gefst verjanda kostur á að halda uppi vörnum í málinu með hliðsjón af ofangreindum lagaákvæðum, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974. Hinn kærði úrskurður verður því staðfestur.

Ekki verður dæmdur málskostnaður í þessum þætti málsins.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Ísafjarðar 9. apríl 1992.

Ár 1992, fimmtudaginn 9. apríl, er á dómþingi sakadóms Ísafjarðar, sem háð er að Hafnarstræti 1 af Jónasi Jóhannssyni héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður þessi.

Ríkissaksóknari hefur með ákæruskjali, út gefnu 14. janúar 1991, höfðað mál fyrir dóminum á hendur Finnbirni Elíassyni stýrimanni, Árvöllum 1, Hnífsdal, kt. 300965-5719, Haraldi Hákonarsyni vélstjóra, Túngötu 3, Ísafirði, kt. 010865-3019, og Kolbeini Valssyni skipstjóra, Árvöllum 12, Hnífsdal, kt. 310362-2719, „fyrir eftirgreind brot föstudaginn 7. september 1990:

I.

Akærðu er öllum gefið að sök að hafa verið ölvaðir við störf í mb. Hafdísi, ÍS-25, á siglingu skipsins frá Ísafjarðarhöfn um Skutulsfjörð að Arnarnesi og aftur til hafnar, ákærði Kolbeinn sem skipstjóri, ákærði Finnbjörn sem stýrimaður og ákærði Haraldur sem yfirvélstjóri.

Telst þetta varða við 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82,1969, sbr. lög nr. 52, 1978.

II.

Ákærða Kolbeini er einum jafnframt gefið að sök að hafa veitt áhöfn skipsins áfengi bæði fyrir og á siglingu skipsins og siglt skipinu greint sinn óhaffæru sökum ölvunar ofangreindra skipverja og Bjarnþórs Haralds Sverrissonar matsveins, kt. 030957-4669, en auk ofangreindra var Þórir H. Svavarsson vélstjóri, kt. 090766-5709, í áhöfn skipsins í greindri ferð.

Telst þetta varða við 3. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga, og 3. tl. 4. gr., sbr. 3. og 36. gr., laga nr. 51, 1987, um eftirlit með skipum.

Þess er krafist, að ákærðu verði allir dæmdir til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til réttindasviptingar, ákærðu Kolbeinn og Finnbjörn til sviptingar réttar til skipstjórnar og ákærði Haraldur rétti til vélstjórnar, allir samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengislaga, og ákærði Kolbeinn jafnframt samkvæmt 38. gr. laga um eftirlit með skipum".

Verjandi ákærðu, Hilmar Ingimundarson hæstaréttarlögmaður, krafðist þess á dómþingi 3. janúar síðastliðinn, að málinu yrði vísað frá dóminum, þar sem í ákæru væri eingöngu byggt á áfengislögum, að því er varðaði ætlaða ölvun ákærðu, en tilgreind ákvæði þeirra laga ættu ekki lengur við, heldur færi um hin ætluðu brot samkvæmt ákvæðum 2. og 3. mgr. 238. gr. siglingalaga nr. 34/1985, sbr. 2. mgr. 243. gr. sömu laga og V. kafla sjómannalaga nr. 35/1985.

Ríkissaksóknara var með bréfi, dagsettu 15. s. m., gerður kostur á að tjá sig um frávísunarkröfuna með vísan til 2. mgr. 124. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974. Ekki hefur borist svarbréf þar að lútandi.

Verður nú tekin afstaða til þeirra atriða, sem verjandi hefur sett fram kröfu sinni til stuðnings.

Það er álit verjanda ákærðu, að hið almenna ákvæði 1. mgr. 24. gr. áfengislaga, sem meðal annars kveður á um ölvun skipstjóra, stýrimanna og vélstjóra við stjórn skips eða vélar, hafi fallið niður með gildistöku siglingalaga frá 19. júní 1985, en þar er að finna í 2. og 3. mgr. 238. gr. sérákvæði um ölvun skipstjórnarmanna, sem var nýmæli á þeim tíma og felur í sér nokkra breytingu frá hliðstæðu ákvæði áfengislaga, bæði að því er varðar refsimörk og réttindasviptingu. Segir síðan í 2. mgr. 243. gr. siglingalaganna, að með gildistöku þeirra séu numin úr gildi eldri siglingalög „svo og önnur þau ákvæði í lögum, sem ekki fá samrýmst ákvæðum laga þessara".

Samkvæmt 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga, varðar ölvun við stjórn ýmissa tækja, þar á meðal skips, báts og vélar, sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að sex árum. Jafnframt skulu hinir brotlegu sviptir rétti til að stjórna viðkomandi tæki „ um stundarsakir, þó eigi skemur en 3 mánuði, eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru eða brot er ítrekað".

Samkvæmt 2. og 3. mgr. 238. gr. siglingalaga varðar það skipstjóra sektum eða varðhaldi, sem „neytir áfengis eða fíkniefna með þeim hætti, að hann reynist ófær um að gegna starfi sínu á fullnægjandi hátt". Enn fremur má í refsidómi, „ef sérstaklega miklar sakir eru, ákveða, að dómfelldi skuli sviptur rétti til skipstjórnar ákveðinn tíma, þó ekki í skemmri tíma en þrjá mánuði og allt að fimm árum eða ævilangt. Skal þá jafnframt tekið fram í dóminum, hvort dómfelldi megi gegna stýrimannsstöðu, meðan hann er sviptur skipstjóraréttindum".

Samkvæmt ofanrituðu er ljóst, að nokkurs ósamræmis gætir milli nefndra ákvæða áfengislaga og siglingalaga, og verður þeim að áliti dómsins ekki beitt samtímis, að því er varðar ölvun við stjórn skips. Lítur dómurinn svo, á, að nú beri að beita hinum sérhæfðu ákvæðum siglingalaga framar hinu almenna ákvæði áfengislaga, og eigi því 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. síðarnefndu laganna, ekki lengur við um ætlað brot ákærða Kolbeins samkvæmt I. kafla ákæruskjals. Er sú niðurstaða í samræmi við ákvæði 2. mgr. 243. gr. siglingalaga, og verður ákærði Kolbeinn því ekki dæmdur samkvæmt 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga, í máli þessu.

Þrátt fyrir þennan ágalla á málatilbúnaði ákæruvalds telur dómurinn þó ekki efni til frávísunar málsins frá dómi, enda verði verjanda ákærðu gerður kostur á að reifa málið með hliðsjón af þessu við efnismeðferð málsins, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74,1974.

Að því er varðar hin ætluðu ölvunarbrot ákærðu Finnbjarnar og Haralds, telur dómurinn hins vegar varhugavert að líta svo á, svo að óyggjandi sé, að 24. gr. áfengislaga hafi verið beinlínis felld úr gildi með gildis-

töku hinna nýju siglingalaga, og megi því enn beita umræddu lagaákvæði að þessu leyti við efnismeðferð málsins.

Af framansögðu verður krafa verjanda ákærðu um fávísun málsins frá dóminum ekki tekin til greina.

Úrskurðarorð:

Synjað er kröfu Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, verjanda ákærðu, Finnbjarnar Elíassonar, Haralds Hákonarsonar og Kolbeins Valssonar, um frávísun málsins frá dóminum.

Föstudaginn 12. júní 1992.

Nr. 373/1989. **Landsbanki Íslands**
(Stefán Pétursson hrl.)
gegn
þrotabúi Vatneyrar hf.
(Viðar Már Matthíasson hrl.).

Gjaldþrot. Skuldajöfnuður. Handveð. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein og Sigurður Líndal prófessor.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. september 1989. Hann gerir þær kröfur aðallega, að allar dómkröfur sínar í héraði verði teknar til greina og sér verði dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að sér verði aðeins gert að afhenda stefnda sparisjóðsbók nr. 320 við útibú Landsbanka Íslands á Patreksfirði með 342.781,65 króna innstæðu auk áfallinna vaxta frá 21. janúar 1988 til greiðsludags og að málskostnaður verði þá látinn falla niður.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjandi greiði stefnda 160.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Landsbanki Íslands, greiði stefnda, þrotabúi Vatneyrar hf., 160.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

S é r a t k v æ ð i
Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Í máli þessu er einkum á því byggt af hálfu áfrýjanda, að svo hafi um samist milli fyrirsvarsmanna Vatneyrar hf. og útibússtjóra

bankans á Patreksfirði, að sparisjóðsreikningur félagsins nr. 320 ætti að sæta sömu meðferð og ráðstöfunarheimildum af hálfu bankans og bundnir reikningar, sem tíðkað var að nota í tengslum við víxlakaup og önnur lánsviðskipti bankans við fyrirtæki í rekstri. Eins og högum félagsins var háttað á þessum tíma, virðist sennilegt, að fyrirsvarsmönnum þess hafi gengið fleira til en það eitt að veita bankanum tryggingu fyrir greiðslu á útistandandi lánum, þegar þeir ákváðu að fela honum vörslur sparisjóðsbókarinnar og umsjón með greiðslum af reikningnum. Jafnframt var reikningurinn ekki stofnaður með beinu tilliti til nýrra lánsviðskipta, og um var að ræða ráðstöfun á meginhlutanum af væntanlegum tekjum félagsins við óbreyttar aðstæður.

Með tilliti til þessara atvika og til framburðar fyrirsvarsmanna Vatneyrar hf. verður að telja ósannað, að um þessa stöðu sparisjóðsreikningsins hafi samist með ótvíræðum hætti. Af sömu ástæðum er og ósannað, að reikningurinn hafi átt að teljast hliðstæður hlaupareikningi við bankann, þannig að ákvæði um skuldajöfnuð í 20. gr. reglugerðar um bankann nr. 30/1962 gætu tekið til hans eftir orðanna hljóðan. Hefur áfrýjandi ekki sýnt fram á, að hann hafi öðlast handveðsrétt yfir hinum umdeilda reikningi né annan skuldajafnaðarrétt en þann, sem fyrirsvarsmennirnir hafa viðurkennt. Með þessum athugasemdum er ég samþykkur atkvæði annarra dómenda.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. september 1989.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af þrotabúi Vatneyrar h/f, nnr. 9161-7730, Patreksfirði, gegn Landsbanka Íslands, kt. 710169-3819, Austurstræti 11, Reykjavík, með stefnu, birtri 25. ágúst 1988.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að stefndi verði dæmdur til að afhenda stefnanda sparisjóðsbók nr. 320 við útibú Landsbanka Íslands á Patreksfirði ásamt innstæðu, 342.781,65 kr., auk áfallinna vaxta frá 21. janúar 1988 til greiðsludags.

2. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 536.682,85 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum].

3. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ og fram lögðum málskostnaðarreikningi. Þá er þess og krafist, að dæmdur máls-

kostnaður beri frá 15. degi eftir dómsuppsögu og til greiðsludags dráttarvexti skv. III. kafla l. nr. 25/1987, þ.m.t. vaxtavexti skv. 12. gr. laganna.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að hann verði sýknaður af þeirri kröfu stefnanda, að hann endurgreiði 536.682.85 kr. auk vaxta, svo og kröfu hans um málskostnað. Þá er gerð krafa um málskostnað úr hendi stefnanda.

Mál þetta var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi 3. mars sl. Það var síðan endurupptekið, endurflutt og dómtekið tvívegis, 4. júlí sl. og í dag.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

II.

Stefnandi lýsir málsatvikum svo, að bú hlutafélagsins Vatneyrar h/f, Patreksfirði, hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaráðandans í Barðastrandarsýslu 18. nóvember 1987. Viðar Már Matthíasson hrl. hafi verið ráðinn bústjóri til bráðabirgða 20. nóvember 1987 og kosinn skiptastjóri á skiptafundi í þrotabúinu 17. mars 1988.

Fjárhagsörðugleikar Vatneyrar h/f hafi byrjað fyrir mörgum árum, og hafi félagið verið starfrækt árum saman, þótt það hafi þá í raun þegar verið orðið gjaldþrota. Félagið hafi ekki haft starfsmenn frá árslokum 1985, og framkvæmdastjóri hafi ekki verið starfandi frá því um mitt sama ár. Ástæða þess, að félagið hafi ekki fyrr verið tekið til gjaldþrotaskipta, mun hafa verið sú, að fyrirsvarsmenn þess hafi vonast til, að leigusamningur, sem gerður hafi verið við Straumnes h/f, Patreksfirði, um leigu hraðfrystihússins á Vatneyri, myndi skila félaginu þeim tekjum, sem forðað gætu því frá gjaldþroti.

Aðalviðskiptabanki hins gjaldþrota félags hafi verið útibú Landsbanka Íslands á Patreksfirði. Meðal reikninga, sem félagið átti við bankann, hafi verið sparisjóðsbók nr. 320. Inn á þá bók hafi Straumnes h/f greitt umsamdar leigugreiðslur vegna fyrrnefnds leigusamnings við Vatneyri h/f. Hafi sparisjóðsbók þessi verið geymd í útibúi stefnda á Patreksfirði.

Í nóvember 1987 hafi fyrirsvarsmenn Vatneyrar h/f orðið þess varir, að bankinn hafði í tveimur tilvikum tekið út úr sparisjóðsbókinni fjárhæðir, samtals 536.682,85 kr., án þess að hafa til þess heimild þeirra. Um hafi verið að ræða úttektir 18. ágúst 1987 á 80.163,95 kr. og 10. september 1987 á 456.518,90 kr. Með bréfi, dags. 16. nóvember 1987, hafi stjórn Vatneyrar h/f krafist þess, að ofangreindar fjárhæðir yrðu án tafar lagðar inn á bókina aftur. Jafnframt hafi stjórnin upplýst, að farið hefði verið fram á, að bú félagsins yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Við þessari beiðni stjórnar Vatneyrar h/f hafi engin svör borist frá stefnda.

Hinn 13. janúar 1988 hafi bústjóri þrotabús Vatneyrar h/f ritað útibúi

stefnda á Patreksfirði bréf, þar sem hann hafi krafist þess, að öllum bankareikningum þrotabúsins yrði lokað þegar í stað, og jafnframt, að bankinn útskýrði þegar í stað áðurnefndar úttektir af sparisjóðsreikningnum nr. 320, hvaða heimild lægi til grundvallar úttektum og til hvers þeim hefði verið ráðstafað. Hafi ofangreindar kröfur þrotabúsins verið ítrekaðar með tveimur bréfum til stefnda, dags. 1. febrúar 1988. Engin svör hafi borist frá stefnda vegna bréfa þessara.

Á fyrsta skiptafundi, sem haldinn hafi verið 17. mars 1988, hafi lögmaður stefnda mótmælt kröfu þrotabúsins um endurgreiðslu þess fjár, sem bankinn hafi tekið af sparisjóðsreikningi stefnanda nr. 320, og lýst því jafnframt yfir, að bankinn myndi halda eftir því fé, sem inni á bókinni væri, að fjárhæð 342.781,65 kr.

Hinn 25. apríl 1988 hafi skiptastjóri stefnanda ritað stefnda enn eitt bréfið, þar sem hann hafi skorað á stefnda að greiða áðurnefndar kröfur, ella yrði höfðað mál til heimtu þeirra. Þar sem stefndi hafi ekki orðið við kröfum stefnanda né séð ástæðu til að svara bréfum hans, sé málsókn þessi óhjákvæmileg.

Stefndi muni hafa ráðstafað úttektunum af sparisjóðsreikningi stefnanda til þess að greiða afborganir af afurðaláni hans við bankann.

Málsástæður stefnanda eru þær, að einhliða taka stefnda á fé af sparisjóðsreikningi nr. 320 við útibúið á Patreksfirði hafi verið ólögmæt, þar sem samþykki Vatneyrar h/f til þeirrar ráðstöfunar hafi ekki legið fyrir. Það sé viðurkennd regla í kröfurétti, að bönkum sé óheimilt án samþykkis viðskiptamanna að nota innstæður þeirra til skuldajafnaðar, enda myndi slíkt, ef heimilt yrði talið, skapa óþolandi ójafnræði með bönkum annars vegar og öðrum kröfuhöfum hins vegar.

Mótmælt er þeirri málsástæðu stefnda, að gerður hafi verið handveðssamningur um greinda sparisjóðsbók. Í málinu liggi ekki fyrir formlegur handveðssamningur, og hafi því stefndi sönnunarbyrðina um það, að til slíks samnings hafi verið stofnað.

Þá sé hvorki í lögum nr. 86/1985 um viðskiptabanka né í reglugerð nr. 30/1962 um Landsbanka Íslands að finna heimild til að skuldajafna við sparisjóðsreikninga. Í 20. gr. áðurnefndrar reglugerðar sé hins vegar heimild handa bankanum til að ráðstafa fé af hlaupareikningi eða hliðstæðum reikningi til greiðslu gjaldfallinna skulda reikningseiganda við bankann. Gildi reglugerðarákvæðis byggist á því, að það hafi stoð í settum lögum. Þar sem ekki sé vikið að skuldajafnaðarrétti í lögum nr. 86/1985, fái ofangreint reglugerðarákvæði ekki staðist lagalega.

Þá verði heimild til skuldajafnaðar við innstæðu sparisjóðsbókarinnar ekki heldur byggð á ákvæði 32. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Meginreglan

sé sú, að hafi ekki verið hægt að beita skuldajöfnuði gagnvart skuldara sjálfum, þá sé það ekki heldur hægt gagnvart þrotabúinu.

Þá sé og á því byggt, að stefnanda sé heimildarlaust að halda eftirstöðvum reikningsins og svipta þannig aðra kröfuhafa þrotabúsins möguleikunum á að fá fullnustu í fénu. Stefnda hafi verið kunnugt um slæma fjárhagsstöðu stefnanda og að hann ætti í raun ekki fyrir skuldum. Með framferði sínu sé stefnandi í raun að skapa sér yfirburðaaðstöðu fram yfir aðra kröfuhafa. Stefnandi byggir málsókn sína á almennum reglum kröfuréttar.

Vaxtakröfu sína byggir stefnandi á auglýsingum Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um vaxtafót auk venju. Þá er og byggt á lögum nr. 25/1987 um vexti. Vaxtakrafan er byggð á 12. gr. laga nr. 25/1987.

Stefnandi styður málskostnaðarkröfu sína við 1. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 184. gr. sömu laga. Krafan um vexti af málskostnaði byggist á 3. mgr. 175. gr. síðastnefndra laga, sbr. 21. gr. laga nr. 54/1988.

Varðandi málsástæður og önnur atvik er tekið fram af hálfu stefnda, að um það leyti, sem leigusamningur Vatneyrar h/f og Straumness h/f um hraðfrystihúsið hafi verið gerður, nálægt 10. mars 1986, hafi forráðamenn Vatneyrar h/f, þeir Bolli Ólafsson og Guðfinnur Pálsson, komið að máli við útibússtjóra stefnda á Patreksfirði og tilkynnt honum um gerð samningsins. Hafi þeir farið þess á leit, að stofnuð yrði sparisjóðsbók á nafni Vatneyrar h/f til að leggja leigutekjurnar inn á. Hefði Landsbanki Íslands þannig handveð í bókinni og gæti, hvenær sem honum sýndist, tekið út úr bókinni til greiðslu inn á skuldir Vatneyrar h/f við bankann. Skuldirnar hafi þá verið komnar í vanskil að hluta og legið fyrir, að kröfurnar yrðu sendar lögfræðingadeild bankans til innheimtu. Sparisjóðsbókin hafi verið stofnuð og fengið númerið 320.

Stefndi byggir kröfur sínar í fyrsta lagi á almennum reglum veðréttarins svo og l. nr. 18/1887 um veð og að sér hafi verið heimilt að líta á umrædda sparisjóðsbók sem tryggingu fyrir skuldum. Fullnægt hafi verið meginskilyrðum til stofnunar handveðs. Stefndi hafi haft vörslur bókarinnar og yfirlýsingu forráðamanna Vatneyrar h/f um handveð í bókinni. Nægjanlegt sé, að handveðsyfirlýsing sé munnleg. Gjaldþrot félagsins hafi engin áhrif á handveðið. Handveðið sé utan skuldaraðar, og geti bankinn leitað fullnustu í veðinu án tillits til skiptanna, sbr. 34. gr. skiptalaga.

Í öðru lagi byggir stefndi á því, að sér sé heimilt að skuldajafna innstæðu á reikningum á móti skuldum skv. heimild í 20. gr. reglugerðar nr. 30/1962. Sú grein reglugerðarinnar hafi að vísu ekki beina stoð í lögum, en það geri hana ekki í sjálfu sér ógilda, en þessu ákvæði, sem viðskiptamenn bankans eigi að þekkja, megi jafna við samkomulag um skuldajöfnun, sem almennt gildi í ákveðnum bankaviðskiptum, án þess að um það sé gerður

sérstakur samningur. Heimild bankans byggist þannig á munnlegum handveðs- og skuldajöfnunarsamningi aðila. Stefnanda beri því að sýna fram á, að svo hafi ekki verið, ef hann vill byggja rétt sinn á því atriði.

Loks byggir stefndi á því, að sér hafi ekki verið heimildarlaust að halda eftirstöðvum reikningsins, sbr. 32. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Samkvæmt því lagaákvæði sé hverjum þeim, sem skuldar þrotabúi, heimilt að draga frá það, er hann á hjá því, hvernig sem skuld og gagnkröfu er farið. Af þessari grein megi sjá, að skuldajafnaðarréttur rýmkist verulega við gjaldþrotið. Stefndi fullnægi og öllum þeim skilyrðum, sem í greininni séu sett, til þess að skuldajöfnuði verði beitt.

Stjórnarmenn Vatneyrar h/f hafa gefið skýrslur fyrir dómi í máli þessu, þeir Hilmar Jónsson, Bolli Ólafsson og Guðfinnur Pálsson. Þá hefur og gefið skýrslu fyrir dómi Oddur Guðmundsson, útibússtjóri Landsbanka Íslands á Patreksfirði.

III.

Með leigusamningi, dags. 10. mars 1986, tók fyrirtækið Straumnes h/f á leigu hraðfrystihús Vatneyrar h/f á Vatneyri. Í 4. gr. leigusamningsins er kveðið á um það, að viðskiptabanka leigutaka skuli falið að sjá um, að leigugreiðslur berist leigusala, um leið og skilaverð afurða greiðist leigutaka. Leigugreiðslur voru lagðar inn á sparisjóðsbók Vatneyrar h/f nr. 320 við útibú Landsbanka Íslands á Patreksfirði, og var sú bók í vörslum bankans, svo sem fram er komið.

Í máli þessu greinir aðila á um það, hvort bankanum hafi verið heimilt að ráðstafa af innstæðu greindrar sparisjóðsbókar, svo sem gert var, og hvort bankanum sé heimilt að halda innstæðu bókarinnar vegna skulda Vatneyrar h/f við bankann. Af hálfu stefnda er á því byggt, að bankinn hafi haft handveð í sparisjóðsbókinni til tryggingar skuldum, auk þess sem skuldajöfnuður sé heimill á grundvelli 20. gr. reglugerðar nr. 30/1962 um Landsbanka Íslands, sbr. og 32. gr. laga nr. 6/1978 um gjaldþrot.

Ekki var gerður skriflegur handveðssamningur við bankann um greinda sparisjóðsbók, og forráðamenn Vatneyrar h/f hafa ekki kannast við fyrir dómi, að svo hafi um samist með aðilum, að bankinn hefði tryggingu eða ráðstöfunarrétt á innstæðu bókarinnar þrátt fyrir vörslur hennar. Verður því talið ósannað, að stofnast hafi til handveðs í sparisjóðsbókinni.

Þá verður ekki talið, að ákvæði 20. gr. reglugerðar nr. 30/1962 um Landsbanka Íslands feli í sér heimild til skuldajafnaðar í bankaviðskiptum sem þessum. Reglugerðarákvæði þetta hefur ekki lagastoð, að því er séð verður, auk þess sem það tekur ekki til sparisjóðsreikninga samkvæmt orðanna hljóðan.

Að því er varðar þá málsástæðu stefnda, að skuldajöfnuður sé heimill

á grundvelli 32. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, þá verður ekki talið, að það ákvæði verði túlkað svo rúmt, að til skuldajafnaðar geti stofnast gagnvart þrotabúi, þegar skuldajafnaðarréttur var ekki fyrir hendi gagnvart skuldara sjálfum fyrir gjaldþrot.

Með því að ekki er fallist á málsástæður stefnda samkvæmt framansögðu, ber að taka til greina kröfur stefnanda um afhendingu sparisjóðsbókar nr. 320 við útibú Landsbanka Íslands á Patreksfirði ásamt innstæðu og vöxtum. Að því er varðar endurgreiðslu vegna fyrrgreindra tveggja úttekta, verður að telja nægilega upplýst með yfirheyrslum fyrir dómi, að fyrir hafi legið samþykki forráðamanna Vatneyrar h/f við því, að ráðstafað væri úr bókinni greiðslu, að fjárhæð 80.163,95 kr., vegna útgerðarláns. Hafna ber því kröfu stefnanda um endurgreiðslu þeirrar úttektar, en dæma ber stefnda til að greiða stefnanda 456.518,90 kr. vegna einhliða og ósamþykktrar úttektar 10. september 1987. Frá þeim degi ber að reikna þá vexti, sem krafist er og nánar greinir í dómsorði.

Samkvæmt þessum úrslitum málsins ber að dæma stefnda til greiðslu málskostnaðar, sem telst hæfilega ákveðinn 165.000 kr. að meðtöldum söluskatti.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Landsbanki Íslands, skal afhenda stefnanda, þrotabúi Vatneyrar h/f, sparisjóðsbók nr. 320 við útibú Landsbanka Íslands á Patreksfirði ásamt innstæðu, 342.781,65 kr., auk áfallinna vaxta frá 21. janúar 1988 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 456.518,90 kr. með 42% dráttarvöxtum á ári frá 10. 9. 1987 til 1. 10. 1987, með 43,2% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1. 11. 1987, með 45,6% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1. 12. 1987, með 49,2% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1. 1. 1988, með 51,6% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1. 3. 1988, með 45,6% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1. 5. 1988, með 44,4% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1. 7. 1988, með 52,8% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1. 8. 1988, með 56,4% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 25.8. 1988, en frá þeim degi til greiðsludags með þeim dráttarvöxtum, sem Seðlabanki Íslands ákveður hverju sinni samkvæmt 10. gr. l. nr. 25/1987, og 165.000 kr. í málskostnað að meðtöldum söluskatti. Málskostnaðarfjárhæðin, án söluskatts, ber dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu.

Dráttarvextir leggjast við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 10. 9. 1988, í samræmi við 12. gr. síðastnefndra laga.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 15. júní 1992.

Nr. 265/1991. **Þórir hf.**

gegn

Landsbanka Íslands,
Byggðastofnun,
Sandfelli hf.,
Olíufélaginu hf.,
Samábyrgð Íslands á fiskiskipum,
Skagstrendingi hf.,
Hátækni hf.,
Stálsmiðjunni hf.,
Lind hf. og
Vestmannaeyjahöfn.

Frestur. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. júní 1991. Áfrýjað er öðru og síðara nauðungaruppboði á v/s Þóri Jóhannessyni, GK-116, sem fram fór 13. júní 1991. Málið var þingfest í Hæstarétti 2. október 1991, og fékk áfrýjandi þá frest til febrúar 1992. Málinu var síðan að hans ósk frestað fram í apríl og þá til 1. júní 1992. Er málið kom fyrir þann dag, óskaði áfrýjandi eftir fresti til reglulegs þingdags í október 1992 til framlagningar á dómsgerðum, ágripi og greinargerð.

Af hálfu stefnda Landsbanka Íslands hefur frestbeiðninni verið mótmælt og þess krafist, að málinu verði vísað frá Hæstarétti.

Af hálfu annarra stefndu var dómþingið ekki sótt.

Af hálfu stefnda Landsbanka Íslands er því haldið fram, að áfrýjandi hafi þegar fengið nægan frest, tvöfaldan þann tíma, sem lög ætla til ágripsgerðar.

Í greinargerð lögmanns áfrýjanda er því haldið fram, að hann hafi farið þess munnlega á leit við uppboðshaldara, skömmu eftir að áfrýjunarstefnan var gefin út, að fá afhentar dómsgerðir í málinu. Hafi hann ítrekað þá beiðni nú í byrjun sumars.

Lagt hefur verið fram vottorð Kristjáns Torfasonar, bæjarfógeta

í Vestmannaeyjum, 1. júní 1992, þar sem fram kemur, að áfrýjandi hafi fyrst óskað eftir dómsgerðum í málinu í maí sl. og ítrekað þá ósk 22. sama mánaðar.

Hinn 1. júní sl. voru liðnir rúmir 11 mánuðir, frá því að áfrýjunarstefna í máli þessu var gefin út. Áfrýjandi hefur ekki fært fram rök fyrir því, að frestir þeir, sem hann hefur þegar haft, hafi ekki verið nægilegir til að afla dómsgerða og gera ágrip þeirra. Ber því að synja frestbeiðni hans og vísa málinu frá Hæstarétti.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Þriðjudaginn 16. júní 1992.

Nr. 251/1992. **Ákæruvaldið**

gegn

Gunnlaugi Þór Briem.

Kærumál. Gæsluvarðhald. Geðheilbrigðisrannsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 11. júní sl., sem barst Hæstarétti 12. sama mánaðar. Krefst hann þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, en til vara, að gæsluvarðhaldstími verði styttur og sér verði ekki gert að sæta geðrannsókn.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur. Í úrskurði sakadóms Reykjavíkur, sem vísað er til í hinum kærða úrskurði, er svofelld lýsing málavaxta:

„Um kl. 21.50 síðastliðið þriðjudagskvöld [þ. e. 14. maí 1992] handtók sérsveit lögreglunnar í Reykjavík kærða fyrir utan húsið nr. 24 við Mávahlíð hér í borg, en um kl. 19.00 hafði lögregla verið kvödd að húsinu, þar sem þar væri sjúkrabifreið vegna slasaðs manns. Er lögreglumenn komu þangað, voru þar fyrir sjúkraliðsmenn, og maður, sem var blóðugur, vafraði um á götunni. Kváðu sjúkraliðsmennirnir, að skotið hefði verið á þá úr vesturglugga á annarri hæð framangreinds húss. Hinn slasaði, Valur Gautason að nafni, var fluttur á slysadeild til aðgerðar, en hann hafði orðið fyrir skoti í andlitið og hlotið af áverka. Ekki reyndist unnt að yfirheyra kærða um málavexti vegna annarlegs ástands hans fyrr en fyrir hádegi í dag, en kærði hefur nú viðurkennt að hafa skotið framangreindan mann í andlitið með svokallaðri markbyssu. Hafi atburður þessi átt sér stað í stigagangi framangreinds húss. Kveðst kærði hafa verið undir áhrifum fíkniefna, er hann skaut manninn, og má skilja framburð kærða svo, að um slysatilvik hafi verið að ræða...“

Í áverkavottorði háls-, nef- og eyrnadeildar Borgarspítala 13. maí sl. segir svo:

„Valur Gautason liggur á Borgarspítalanum eftir skot, sem hann varð fyrir í andlitið í gær. Kúlan hefur farið inn í munninn og hafnað í vinstri kinn, en farið síðan út um eyrað og tætt þar eyrnabrjóskið. Munnslímhúðin er tætt að innan og tyggingarvöðvi, en óvitað er um útfærslugang munnvatnskirtils, sem þarna er, eða ástand kirtilsins sjálfs. Afltaug kinnarinnar hefur að mestu leyti sloppið, en erfitt er að gera sér fullkomlega grein fyrir því, eins og ástandið er í dag. Kinnin er mjög bólgin, en líkamlegt ástand annars gott, og gert hefur verið að sárum hans."

Með skírskotun til hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 10. júní 1992.

Ar 1992, miðvikudaginn 10. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að Gunnlaugi Þór Briem, kt. 271269-3079, Mávahlíð 24, Reykjavík, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi frá lokum gæsluvarðhalds þess, er rennur út kl. 16.00 í dag, allt til miðvikudags 15. júlí nk. kl. 16.00.

Einnig er þess krafist, að kærða verði á gæsluvarðhaldstímanum gert að sæta sérfræðilegri rannsókn á geðheilbrigði sinni og sakhæfi.

Um málavexti vísast til úrskurðar sakadóms Reykjavíkur, sem kveðinn var upp 14. maí sl. Við frekari rannsókn málsins hefur ekkert annað komið fram af hálfu kærða en að um slysaatburð hafi verið að ræða. Brot það, sem kærði er hér grunaður um, getur varðað hann fangelsisrefsingu samkvæmt 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940.

Með vísan til framanritaðs svo og rannsóknargagna málsins og með skírskotun til 4. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, þykir rétt að taka kröfu RLR um áframhaldandi gæsluvarðhald yfir kærða til greina, eins og hún er fram sett.

Þegar virtur er alvarleiki hins ætlaða brots, þykir með skírskotun til dliðar 2. tl. 2. mgr. 75. gr. sömu laga rétt, að kærði skuli á gæsluvarðhaldstímanum gangast undir sérfræðilega rannsókn á geðheilbrigði sinni og sakhæfi.

Úrskurðarorð:

Kærði, Gunnlaugur Þór Briem, sæti áfram gæsluvarðhaldi frá lokum gæsluvarðhalds þess, er rennur út kl. 16.00 í dag, allt til miðvikudags 15. júlí nk. kl. 16.00.

Kærði skal á gæsluvarðhaldstímanum sæta sérfræðilegri rannsókn á geðheilbrigði sinni og sakhæfi.

Þriðjudaginn 16. júní 1992.

Nr. 30/1990. **Félag bókagerðarmanna**
(Guðmundur Markússon hrl.)
gegn
Páli Ásgeirssyni,
Guðrúnu Ásgeirsdóttur og
Ásgeiri Heiðari Ásgeirssyni
(Gestur Jónsson hrl.).

Lóðarréttindi. Félagsaðild. Hefð. Sýkna að svo stöddu.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Sigurður Líndal prófessor.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 24. janúar 1990. Hann krefst þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og teknar verði til greina þær dómkröfur, að stefndu verði gert skylt að fjarlægja af landareign áfrýjanda, Miðdal í Laugardal, sumarbústað sinn nr. 3 á lóð B 9, áfrýjanda að kostnaðarlausu og eigi síðar en innan 30 daga frá uppkvaðningu dóms að viðlögðum dagsektum, 1.000 krónum á dag, sem renni til áfrýjanda. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu gera þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur um annað en málskostnað og áfrýjandi dæmdur til að greiða sér málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í greinargerð áfrýjanda fyrir Hæstarétti er því lýst, að Hið íslenska prentarafélag (H.Í.P.) hafi sameinast öðrum félögum bókagerðarmanna á árinu 1980 og sé nú Félag bókagerðarmanna.

Stefndu eru niðjar Ásgeirs Guðmundssonar og leiða rétt sinn frá honum og eiginkonu hans, eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi. Stefndu Páll og Guðrún eru börn þeirra, en við flutning málsins fyrir Hæstarétti var upplýst, að stefndi Ásgeir Heiðar er sonarsonur hjónanna.

I.

Eins og um var dæmt með dómi Hæstaréttar 3. apríl 1992 í málinu nr. 316/1989, höfðu þeir félagsmenn Hins íslenska prentara-

félags, sem byggðu sér sumarbústaði í Miðdal í Laugardal á grundvelli samþykktar félagsins á aðalfundi 29. mars 1942, stöðu leigutaka þar. Eru þannig ekki skilyrði til að líta svo á, að um hefð geti verið að ræða í þessu máli, sbr. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 46/1905 um hefð, né annars konar stofnun eignarréttar stefndu að landi.

II.

Þegar Ásgeir Guðmundsson keypti hinn umrædda sumarbústað í Miðdal af Einari Einarssyni árið 1952, voru í gildi upphaflegar samþykktir Byggingarfélags prentara frá 7. júní 1942. Samkvæmt þeim var tilgangur félagsins sá að koma upp sumarbústöðum í Miðdal fyrir félaga sína í samræmi við fyrrgreinda aðalfundarsamþykkt, eins og til er vitnað í héraðsdómi. Tekið var fram, að einungis félagsmenn Hins íslenska prentarafélags gætu orðið meðlimir þess.

Í 8. gr. þessara samþykkta segir meðal annars svo: „Ef kvæntur félagsmaður deyr, skal ekkja hans njóta sömu réttinda og hann hafði í félaginu. Enginn má framleigja bústað sinn nema með leyfi félagsstjórnar." Þá segir í 9. gr.: „Við inngöngu í félagið skal hver félagsmaður skrifa undir skuldbindingu um, að hann sé háður samþykktum félagsins, eins og þær eru eða verða á hverjum tíma." Loks er svofellt ákvæði í 12. gr.: „Allir samningar, sem stjórnin gerir fyrir hönd félagsins samkvæmt samþykktum þess eða fundarályktun í félaginu, eru bindandi fyrir félagsheildina og hvern einstakan félagsmann. Stjórnin skuldbindur félagið ..." Síðarnefndu ákvæðin tvö gefa til kynna, að gert hafi verið ráð fyrir því í upphafi, að til frekari útfærslu vegna sumarbústaðabygginga í Miðdal þyrfti að koma með einum eða öðrum hætti.

Ásgeir Guðmundsson og Einar Einarsson voru báðir meðal stofnenda Byggingarfélags prentara. Ekki er fram komið, hvort þeir skrifuðu undir sérstaka skuldbindingu, eins og áskilið var í 9. gr., en þeir undirrituðu samþykktirnar sjálfar ásamt öðrum stofnendum.

Frá árinu 1963 hafa verið settar nokkrar reglugerðir á vegum Hins íslenska prentarafélags og áfrýjanda um lóðir og byggingar sumarhúsa í Miðdal. Í þeirri fyrstu frá 23. september 1963 var í 4. gr. ákvæði um, að „aðeins félagar í H.Í.P., ekkjur prentara og starfs-

mannafélög í prentsmiðjum geta átt sumarbústaði í Miðdal". Með reglugerð frá 19. maí 1966 var 4. gr. breytt þannig: „Aðeins félagar í H.Í.P., einstaklingar og starfshópar prentara, geta átt sumarbústað í Miðdal. Komi til þess, að sumarbústaður eða önnur verðmæti á lóð, sem félagsmanni hefur verið látin í té, falli í eigu annarra en prentara eða ekkju prentara við andlát, gjaldþrot eða aðra löggerninga, er afnotaréttur lóðar þar með fallinn úr gildi. ..." Slíkt ákvæði var í gildi, þegar Einar Einarsson afsalaði hinum umræddu sumarbústað formlega til Ásgeirs Guðmundssonar 7. janúar 1975. Í því afsali var ekkert ákvæði um lóðarréttindi. Árið 1977 var svo bætt við því ákvæði í reglugerð, að niðjar, sem ekki eru félagsmenn, skuli hafa rétt til lóðar í átta ár frá andláti félagsmanns eða maka hans. Það ákvæði er efnislega óbreytt í núgildandi samþykktum frá 11. maí 1985.

III.

Af framangreindum samþykktum og reglugerðum um sumarbústaðabyggingar og lóðir í Miðdal má ráða, að hvorki hafi í upphafi né síðar verið gert ráð fyrir því, að afnotaréttur lóða flyttist fyrir erfð til annarra en maka rétthafa. Verður að líta svo á, að bæði Einar Einarsson og Ásgeir Guðmundsson hafi átt afnotarétt að lóð undir hinn umræddu sumarbústað með slíkum takmörkunum og verið fullkunnugt um þær. Niðjar Ásgeirs Guðmundssonar, stefndu í þessu máli, geta ekki fengið betri rétt en hann sjálfur hafði.

Samkvæmt framansögðu verða stefndu að hlíta því, að afnotarétti þeirra að lóð undir sumarbústað í Miðdal ljúki með þeim hætti, sem fyrir er mælt í reglugerð um lóðir og byggingar í Miðdal frá 11. maí 1985. Í 5. gr. hennar segir, að falli afnotaréttur niður á þann veg, sem hér er um að ræða, skuli fjarlægja bústað eða selja hann Félagi bókagerðarmanna eða einhverjum félagsmanni þess. Þá segir, að um sölu og brottflutning svo og mat skuli fara eftir tveimur síðustu málsliðum 3. gr. Þeir hljóða þannig: „Komi til ógildingar á lóðarsamningnum vegna brota á honum eða reglugerð þessari, ber lóðarhafa að selja bústaðinn ... eða flytja hann burt af staðnum. Meta skal bústaðinn af dómkvöddum og óvilhöllum mönnum, ef ekki næst samkomulag um verð og greiðsluskilmála."

IV.

Ásgeir Guðmundsson lést í júnímánuði 1975 og ekkja hans, Guðríður Danía Kristjánsdóttir, lést í nóvember 1981. Framangreind ákvæði um átta ára afnotarétt niðja koma því eigi til álita hér fyrir dómi.

Í málinu er upplýst, að hinn umræddi sumarbústaður er byggður úr hleðslusteini, og verður hann ekki fjarlægður af lóðinni nema með niðurrifi. Stefndu halda því fram, að ókleift sé að flytja bústaðinn, án þess að hann verði eyðilagður og þeir verði fyrir verulegu tjóni. Áfrýjandi hefur ekki andmælt þessari staðhæfingu.

Hagsmunir áfrýjanda, sem er stéttarfélag, felast í því öðru fremur, að sumarbústaðahverfið í landi hans í Miðdal sé byggt félagsmönnum hans eða þeim, er njóta réttar til þess á hverjum tíma eftir gildandi samþykktum félagsins. Hins vegar verður ekki séð, að það sé sérstaklega í þágu áfrýjanda sjálfs, að hinn tiltekni bústaður verði nú fjarlægður úr grónu umhverfi. Stefndu hafa ekki til þessa viljað viðurkenna brottfall lóðarréttinda. Eins og aðdraganda málsins er háttað, hefur ekki nægjanlega á það reynt, hvort áfrýjandi geti leyst til sín bústaðinn eða hann verði seldur einhverjum félagsmanni áfrýjanda, sbr. 3. og 5. gr. reglugerðar um lóðir og byggingar í Miðdal frá 11. maí 1985. Þegar á allt er litið, verður að telja eðlilegt, að sú leið verði reynd, áður en til þess getur komið, að fallist verði á kröfu áfrýjanda um brottflutning bústaðarins. Verða stefndu því sýknuð að svo stöddu.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður, sbr. 178. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

V.

Mál þetta var þingfest á aukadómþingi Árnessýslu 3. júní 1987. Eftir að málinu hafði þrívegis verið frestað, var hinn 7. október 1987 ákveðið, að málið skyldi flutt munnlega. Því var hins vegar ekki hreyft í rúmlega tvö ár, til 19. október 1989. Þá lét héraðsdómari þess getið, að hann hefði fengið málið til meðferðar 16. fyrra mánaðar. Þessi dráttur af hendi sýslumannsins í Árnessýslu hefur ekki verið skýrður, og er hann óhæfilegur.

Dómsorð:

Stefndu, Páll Ásgeirsson, Guðrún Ásgeirsdóttir og Ásgeir Heiðar Ásgeirsson, skulu að svo stöddu vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Félags bókagerðarmanna.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadómþings Árnessýslu 6. desember 1989.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. f. m., er höfðað fyrir aukadómþinginu með stefnu, birtri 23. og 27. maí 1987 af Andra Árnasyni héraðsdómslögmanni f. h. Félags bókagerðarmanna, Hverfisgötu 21, Reykjavík, á hendur Guðrúnu L. Ásgeirsdóttur, Hjarðarhaga 15, Reykjavík, Páli H. Ásgeirssyni, Smáraflöt 9, Garðabæ, og Ásgeiri Heiðari Ásgeirssyni, Goðatúni 26, Garðabæ.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði gert skylt að fjarlægja af landareign stefnanda, Miðdal, Laugardal, sumarbústað sinn, sem þar er (sumarbústaður nr. 3 á lóð B 9), stefnanda að kostnaðarlausu og eigi síðar en innan 30 daga frá uppkvaðningu dóms í framangreinda átt að viðlögðum dagsektum, 1.000 kr. á dag, sem renni til stefnanda. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefndu að skaðlausu samkvæmt taxta LMFÍ.

Dómkröfur stefndu eru þær, að þau verði sýknuð af kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður að mati réttarins.

Sáttaumleitanir dómara báru ekki árangur.

II.

Á aðalfundi Hins íslenska prentarafélags 29. mars 1942 var samþykkt tillaga frá stjórn félagsins, og var upphaf hennar svohljóðandi: „Félagið gefur einstaklingum innan prentarastéttarinnar og starfsmannafélögum prentsmiðjanna kost á því að byggja sumarbústaði í landi jarðar félagsins, Miðdal í Laugardal, með eftirfarandi kostum: 1. Félagið leggur til ókeypis lóð undir bústaðina á þeim stað, sem skipulagður hefur verið í þessu augnamiði.“ ...

Í framhaldi af þessum aðalfundi var stofnað til Byggingarfélags prentara. Voru því félagi settar samþykktir á framhaldsstofnfundi þess 7. júní 1942, og hlutu þær staðfestingu stjórnar Hins íslenska prentarafélags 8. s. m.

Tilgangur byggingarfélagsins var samkvæmt 3. gr. samþykktanna „ að koma upp sumarbústöðum fyrir félaga sína á jörð Hins ísl. prentarafélags, Miðdal í Laugardal, í samræmi við samþykkt aðalfundar H.Í.P. 29. mars

1942". Í 4. gr. samþykktanna er tekið fram, að einungis félagsmenn Hins íslenska prentarafélags geti orðið meðlimir Byggingarfélags prentara.

Ofangreindar samþykktir Byggingarfélags prentara giltu um sumarbústaðalandið allt fram til 23. september 1963, en þá samþykkti stjórn Hins íslenska prentarafélags reglugerð um lóðir og byggingar í sumarbústaðalandi H.Í.P. í Miðdal. Í 1. gr. þeirrar reglugerðar segir m. a., að lóðirnar séu eign Hins íslenska prentarafélags og lóðarhöfum sé því óheimilt að veðsetja þær. Þá segir í 4. gr., að aðeins félagar í H.Í.P., ekkjur prentara og starfsmannafélög í prentsmiðjum geti átt sumarbústaði í Miðdal. Hliðstæð ákvæði voru sett í reglugerð, sem samþykkt var á framhaldsaðalfundi Hins íslenska prentarafélags 19. maí 1966, en sú reglugerð leysti eldri reglugerð af hólmi. Auk þess voru í hinni nýju reglugerð ákvæði þess efnis, að ekki mætti framselja afnotarétt lóðar eða byggingar öðrum en félagsmönnum H.Í.P. Þá segir m. a. í 4. gr. reglugerðarinnar: „Komi til þess, að sumarbústaður eða önnur verðmæti á lóð, sem félagsmanni hefur verið látin í té, falli í eigu annarra en prentara eða ekkju prentara við andlát, gjaldþrot eða aðra löggerninga, er afnotaréttur lóðar þar með fallinn úr gildi. Skal þessa ákvæðis getið í lóðarsamningi." Þá er í reglugerðinni bráðabirgðaákvæði þess efnis, að allir þeir, sem við gildistöku reglugerðarinnar eigi í byggingu eða fullbyggða sumarbústaði í landi Miðdals í Laugardal, hversu lengi sem þeir hafi átt þá, skuli undirrita lóðarsamning. Samkvæmt gögnum málsins féll reglugerðin frá 1966 úr gildi 7. maí 1977, en þann dag var ný reglugerð um lóðir og byggingar í sumarbústaðalandinu samþykkt á aðalfundi Hins íslenska prentarafélags.

Upphaflegur eigandi þess sumarbústaðar, sem mál þetta snýst um, var Einar Einarsson, en hann fékk úthlutað lóð úr umræddu landi árið 1942, og var bústaðurinn reistur þegar sama ár.

Með afsali, dagsetttu 7. janúar 1975, eignaðist Ásgeir Guðmundsson, faðir stefndu, sumarbústað þann, sem hér er um að tefla. Afsalsgjafi var áðurnefndur Einar Einarsson, en þeir Ásgeir voru félagsmenn í Hinu íslenska prentarafélagi. Ásgeir andaðist í júnímánuði árið 1975, og við skipti á dánarbúi eiginkonu hans, Guðríðar Daníu Kristjánsdóttur, sem lést 29. nóvember 1981, kom umræddur sumarbústaður í hlut stefndu og Danfríðar K. Ásgeirsdóttur að jöfnu. Danfríður afsalaði síðan sínum eignarhluta til stefndu með afsalsbréfi, dagsetttu 23. maí 1985.

Með bréfum, dagsettum 4. júlí 1986, var stefndu tilkynnt, að réttur þeirra til umræddrar lóðar væri fallinn úr gildi frá og með 1. ágúst 1986. Tæki uppsögnin gildi 1. febrúar 1987, og bæri stefndu fyrir þann tíma að flytja bústaðinn af lóðinni ellegar selja hann stefnanda eða fullgildum félagsmanni. Er til stuðnings uppsögninni vísað til reglugerðar um lóðir og byggingar í Miðdal.

Með bréfi, dagsettu 20. janúar 1987, svöruðu stefndu þessu bréfi stefnanda og mótmæltu því, að réttur þeirra til lóðarinnar væri fallinn úr gildi, þar sem aðili sá, sem þau leiði rétt sinn frá, hefði fengið lóðina ókeypis og kvaðalaust samkvæmt fyrrnefndri samþykkt frá 29. mars 1942.

Að mótteknu þessu bréfi stefndu og eftir að liðinn var frestur sá til 1. febrúar 1987, sem stefndu var gefinn í fyrrnefndu bréfi stefnanda frá 4. júlí 1986 til þess að selja bústaðinn eða flytja hann af lóðinni, var mál þetta síðan höfðað á hendur þeim.

Í stefnu er til þess vísað, að stefnandi sé nú eigandi jarðarinnar Miðdals, en hann hafi yfirtekið öll réttindi og skyldur Hins íslenska prentarafélags, sem hafi keypt jörðina árið 1941.

III.

Samkvæmt stefnu byggir stefnandi dómkröfur sínar á því, að þar sem stefndu séu ekki félagar í Félagi bókagerðarmanna, áður Hinu íslenska prentarafélagi, séu lóðarréttindi þeirra fallin niður samkvæmt samþykktum Byggingarfélags prentara. Stefnandi sem landeigandi hafi sett þá skilmála fyrir lóðarafnotum, að einungis félagsmenn geti átt sumarbústað í landi hans. Stefndu hafi samkvæmt þessu verið sagt upp lóðarafnotum með bréfi, dagsettu 4. júlí 1986, og skyldi uppsögnin taka gildi 1. febrúar 1987. Vísar stefnandi til þess, að upprunalegur lóðarhafi, Einar Einarsson, og Ásgeir Guðmundsson, faðir stefndu, hafi verið félagar í Hinu íslenska prentarafélagi og Byggingarfélagi prentara, og séu þeir bundnir af samþykktum og reglugerðum, settum af landeiganda. Samkvæmt 5. gr. reglugerðar um lóðir og byggingar í Miðdal frá 11. maí 1985 (sams konar ákvæði í eldri reglugerðum) skuli lóðarhafi, komi til þess, að afnotaréttur falli niður, fjarlægja bústaðinn eða selja hann stefnanda eða einhverjum félagsmanni. Það hafi stefndu ekki gert, og sé því málsókn þessi nauðsynleg.

Í greinargerð sinni vísar stefnandi til þess, að hann hafi sem landeigandi fulla heimild til að segja upp afnotum af landinu og setja þau skilyrði fyrir landnotum, sem hann kýs, enda hafi stefndu og þeim, sem þau leiða rétt sinn frá, ætíð verið kunnugt um eignarrétt stefnanda og m. a. það skilyrði, að aðeins félagar í Félagi bókagerðarmanna geti átt sumarbústað í landi félagsins í Miðdal. Reglur þær, sem gilt hafi um sumarbústaðalandið, séu til hagsbóta fyrir félagsmenn og megi teljast sanngjarnar og eðlilegar.

IV.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að þegar lóðum í sumarbústaðalandinu hafi verið úthlutað til félagsmanna í Hinu íslenska prentarafélagi árið 1942, hafi það verið gert án kvaða fyrir félagsmenn. Einn þeirra, sem úthlutun fékk, hafi verið Einar Einarsson. Hafi hann byggt bústað á lóð

sinni og verið aðili að Byggingarfélagi prentara við þá framkvæmd. Árið 1952 hafi hann síðan selt Ásgeiri Guðmundssyni, föður stefndu, bústaðinn, og hafi afsal verið gefið út og því þinglýst árið 1975. Leiði stefndu rétt sinn til eignarinnar frá föður sínum vegna erfða. Upphaflegur réttur Einars Einarssonar hafi þannig flust með lögmætum hætti til stefndu, og eigi þau óskoraðan að minnsta kost þann rétt, sem Einar átti. Enginn ofangreindra eigenda hafi nokkru sinni undirgengist nokkrar kvaðir á eigninni, sem breytt gætu ofanskráðu.

Stefndu byggja sýknukröfu sína á eftirfarnadi:

1. Stefndu eigi sumarbústað nr. 3. í landi Miðdals og ásamt honum afmarkaða landspildu svo og allan nauðsynlegan umferðarrétt. Málsástæðu þessa beri að skýra svo, að landeigandi, Hið íslenska prentarafélag, hafi afsalað sér eignarrétti að lóð þeirri, sem umræddur sumarbústaður stendur á.

2. Verði ekki á það fallist, telja stefndu, að vegna eignarhalds í fullan hefðartíma eigi þau eignarrét eða óskoraðan og óuppsegjanlegan afnotarétt af spildunni.

3. Verði á hvorugt framanritað fallist, halda stefndu því fram, að spildan hafi verið lán til eignar.

4. Að lokum vísa stefndu til þess, að krafa stefnanda um, að sumarbústaðurinn skuli fjarlægður af lóðinni stefnanda að kostnaðarlausu, standist ekki, heldur þurfi bætur til að koma. Þær séu hvorki nefndar né boðaðar í stefnu eða greinargerð stefnanda.

V.

Aðild Félags bókagerðarmanna að málsókn þessari hefur ekki verið vefengd sérstaklega af hálfu stefndu.

Við munnlegan flutning málsins byggðu stefndu sýknukröfu sína meðal annars á því, að hvað sem liði eignarrétti að lóðarspildu þeirri, sem umræddur sumarbústaður stendur á, sé átta ára afnotaréttur stefndu samkvæmt 2. mgr. 5. gr. reglugerðar um lóðir og byggingar í sumarbústaðalandi H.Í.P. í Miðdal frá 7. maí 1977 enn ekki liðinn. Í þessu sama þinghaldi vísuðu stefndu enn fremur til þess, að verði litið svo á, að uppsögn þessa réttar hafi verið stefnanda heimil, hafi ekki verið réttilega að henni staðið.

Af hálfu stefnanda hefur þessum málsástæðum verið mótmælt sem of seint fram komnum.

Framangreindum málsástæðum var ekki hreyft af hálfu stefndu fyrr en í þinghaldi 1. þ. m., þegar fram fór munnlegur flutningur málsins. Gegn mótmælum stefnanda verður að telja málsástæður þessar of seint fram komnar. Koma þær því ekki til álita við úrlausn málsins.

Ekkert hefur komið fram við meðferð máls þessa, sem virða ber á þann veg, að Hið íslenska prentarafélag eða stefnandi hafi afsalað sér eignarrétti að lóðarspildu þeirri, sem umræddur sumarbústaður stendur á.

Í málinu liggur frammi yfirlýsing, dagsett 2. desember 1942, þar sem staðfest er af stjórn Byggingarfélags prentara, að nánar tilgreindir aðilar séu eigendur að sumarbústöðum þeim, sem félagið hafi látið reisa á jörð Hins íslenska prentarafélags, Miðdal í Laugardal. Í yfirlýsingunni er Einar Einarsson tilgreindur eigandi þess sumarbústaðar, sem hér er um að tefla.

Samkvæmt ákvörðun aðalfundar Hins íslenska prentarafélags 29. mars 1942 lagði félagið til „ókeypis lóð undir bústaðina á þeim stað, sem skipulagður hefur verið í þessu augnamiði", eins og segir í fundargerð. Telja verður, að með þessari ákvörðun aðalfundar og samþykktum Byggingarfélags prentara frá 7. júní 1942, sem staðfestar voru af stjórn Hins íslenska prentarafélags 8. júní sama ár og giltu um sumarbústaðalandið og byggingar á því allt til ársins 1963, hafi Hið íslenska prentarafélag veitt sumarbústaðaeigendum afnotarétt að hluta jarðarinnar Miðdals. Stefnanda hefur ekki tekist að sýna fram á, að til þeirra umráða hafi verið stofnað með takmörkunum, þannig, að þýðingu hafi í því máli, sem hér er til úrlausnar.

Í áðurnefndu afsali frá 7. janúar 1975 er ákvæði þess efnis, að Ásgeir Guðmundsson hafi tekið við sumarbústað þeim, sem mál þetta snýst um, af Einari Einarssyni árið 1952 og greitt af honum skatta og skyldur frá þeim tíma. Samkvæmt tilvitnuðu ákvæði afsalsins, sem leggja má til grundvallar við úrlausn málsins, ber við það að miða, að Asgeir Guðmundsson hafi öðlast umráðarétt yfir umræddri lóðarspildu þegar árið 1952 og þá að því marki, sem þýðingu hefur í máli þessu, gengið inn í réttarstöðu fyrri umráðamanns. Umráð lóðarinnar voru samkvæmt þessu í höndum Ásgeirs Guðmundssonar í fullan hefðartíma, sbr. 1. mgr. 2. gr. hefðarlaga nr. 46, 1905.

Hinn 19. maí 1966 voru settar reglur um lóðir og byggingar í sumarbústaðalandinu á framhaldsaðalfundi Hins íslenska prentarafélags. Í 4. gr. þeirra er kveðið á um það, að komi til þess, að sumarbústaður eða önnur verðmæti á lóð, sem félagsmanni hafi verið látin í té, falli í eigu annarra en prentara eða ekkju prentara við andlát, gjaldþrot eða aðra löggerninga, sé afnotaréttur lóðar þar með fallinn úr gildi. Skuli þessa ákvæðis getið í lóðarsamningi. Í bráðabirgðaákvæði segir svo m.a.: „Allir þeir, sem við gildistöku reglugerðar þessarar eiga...fullbyggða sumarbústaði í landi Miðdals í Laugardal, - hversu lengi sem þeir hafa átt þá, - skulu undirskrifa lóðarsamning".

Þrátt fyrir ákvæði framangreindra reglna liggur ekkert fyrir um það, að Ásgeir Guðmundsson hafi talið, þá er hann öðlaðist umráð umræddrar lóðarspildu eða síðar, að skila bæri henni aftur til Hins íslenska prentara-

félags, þegar hans eða eiginkonu hans nyti eigi lengur við. Þá er eigi í ljós leitt, að umráð hans hafi verið með þeim hætti, að ekki hafi verið skilyrði til heföar á afnotarétti að margnefndri lóðarspildu undir sumarbústað þann, er í málinu greinir.

Eignarheimild stefndu styðst við skiptayfirlýsingu, dagsetta 10. nóvember 1982, og afsalsbréf frá 23. maí 1985. Með löggerningum þessum öðluðust stefndu þann rétt til sumarbústaðarins og lóðarinnar, sem föður þeirra bar.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, og með vísan til 7. gr. heföarlaga nr. 46, 1905, ber að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda.

Eftir atvikum og með hliðsjón af 178. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85, 1936, þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kvað upp Þorgeir Ingi Njálsson, settur héraðsdómari, sem fékk málið til meðferðar 16. september sl. Dómsuppsaga hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Stefndu, Páll Ásgeirsson, Guðrún Ásgeirsdóttir og Ásgeir Heiðar Ásgeirsson, eiga að vera sýkn af kröfum stefnanda, Félags bókagerðarmanna, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 19. júní 1992.

Nr. 52/1991. **Ólafur Hörður Sigtryggsson**
(Kristján Stefánsson hrl.)
gegn
Íslandsbanka hf.
(Garðar Garðarsson hrl.),
Brunabótafélagi Íslands,
Kaupfélagi Borgfirðinga,
Kreditkortum hf. og
Sindrastáli hf.

Nauðungaruppboð. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. janúar 1991. Eru dómkröfur hans þær aðallega, að hið áfrýjaða uppboð, sem fram fór á fasteigninni Holtsgötu 9, Sandgerði, 16. janúar 1991, „verði dæmt ógilt og uppboðsmálið fellt úr gildi í heild sinni". Til vara krefst hann þess, að uppboðið „verði ómerkt og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar í samræmi við dóm Hæstaréttar Íslands frá 11. desember 1990". Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu.

Af hálfu stefnda Íslandsbanka hf. er þess krafist, að öllum kröfum áfrýjanda verði hrundið og hin áfrýjaða uppboðsgerð staðfest. Jafnframt krefst hann málskostnaðar sér til handa úr hendi áfrýjanda, en verði önnur hvor krafa áfrýjanda tekin til greina, verði málskostnaður lagður á ríkissjóð.

Af hálfu annarra stefndu hefur ekki verið tekið til varna í málinu.

I.

Mál þetta var fyrst tekið fyrir í uppboðsrétti Gullbringusýslu 3. júní 1988, og var þá lögð fram beiðni Garðars Garðarssonar hæstaréttarlögmanns f. h. Útvegsbanka Íslands hf. um uppboð á þinglýstri eign áfrýjanda, Holtsgötu 9, Miðneshreppi. Ekki var þá mætt af hálfu áfrýjanda. Ákveðin var sala á eigninni 8. september 1988. Þann dag var mætt í uppboðsréttinum af hálfu áfrýjanda, og var

framgangi uppboðsins mótmælt. Var málinu síðan frestað tvívegis vegna greinargerða aðila og munnlegs málflutnings. Hinn 18. nóvember 1988 var kveðinn upp úrskurður um, að uppboð á ofangreindri eign skyldi fara fram 19. janúar 1989 að kröfu Útvegsbanka Íslands hf. Þessum úrskurði uppboðsréttarins skaut áfrýjandi til Hæstaréttar með stefnu 16. desember 1988. Var dæmt í málinu í Hæstarétti 11. desember 1990, og var það niðurstaða dómsins, að uppboð á eigninni skyldi fara fram.

Á meðan málið var rekið í Hæstarétti, var það tvívegis tekið fyrir í uppboðsrétti Gullbringusýslu. Hinn 19. október 1989 var lögð fram uppboðsbeiðni Lögfræðistofu Suðurnesja sf. vegna Miðneshrepps. Var vísað til fyrri auglýsinga í Lögbirtingablaðinu og auglýsingar í Víkurfréttum 12. október 1989. Mættir voru af hálfu uppboðsbeiðanda Ásbjörn Jónsson héraðsdómslögmaður, Ingi H. Sigurðsson héraðsdómslögmaður vegna Róberts Árna Hreiðarssonar og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hæstaréttarlögmaður fyrir Útvegsbanka Íslands hf. Ekki var mætt af hálfu áfrýjanda. Bókað var meðal annars:

„Uppboðshaldari kynnti skjöl málsins, þ. á m. uppboðsskilmála. Engar athugasemdir komu fram við framkvæmd eða undirbúning uppboðsins. Uppboðshaldari óskaði eftir boðum í framangreinda eign. Þessi boð komu fram: Ásbjörn Jónsson hdl. býður 100.000 kr. Hæstbjóðandi krefst útlagningar sér til handa sem ófullnægður veðhafi. Að kröfu uppboðsaðila var ákveðið, að annað og síðara uppboð færi fram á eigninni fimmtudaginn 30. 11. kl. 10 að undangenginni auglýsingu."

Hinn 7. desember 1989 var í uppboðsréttinum tekið fyrir „að selja á öðru og síðara nauðungaruppboði fasteignina Holtsgötu 9, Sandgerði, þinglýsta eign Ólafs Sigtryggssonar". Vísað var til auglýsingar í Víkurfréttum 30. nóvember 1989. Sömu voru mættir og á þinginu 19. október, og ekki var mætt af hálfu áfrýjanda. Bókað var meðal annars:

„Uppboðshaldari kynnti skjöl málsins, þ. á m. uppboðsskilmála. Engar athugasemdir komu fram við framkvæmd eða undirbúning uppboðsins. Að kröfu Inga H. Sigurðssonar hdl. v/Róberts Á. Hreiðarssonar hdl. fer fram önnur sala á eigninni. Uppboðshaldari óskaði eftir boðum í framangreinda eign. Þessi boð komu fram:

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl. býður 500.000 kr. v/Útvegsbanka Íslands. Hæstbjóðandi krefst útlagningar sér til handa sem ófullnægður veðhafi. Að kröfu uppboðsaðila var ákveðið, að þriðja og síðasta uppboð færi fram á eigninni."

Hinn 4. maí 1990 var í uppboðsrétti Gullbringusýslu tekið fyrir nauðungaruppboð á ofangreindri eign áfrýjanda að kröfu Ólafs Sigurgeirssonar héraðsdómslögmanns, og voru lögð fram skjöl, þingmerkt 1 - 4. Af hálfu uppboðsbeiðanda mætti Ásbjörn Jónsson héraðsdómslögmaður, en enginn af hálfu áfrýjanda. Ákveðin var sala á eigninni sjálfri 7. júní 1990.

Hinn 20. desember 1990 var tekið fyrir í uppboðsréttinum að ,,selja á nauðungaruppboði fasteignina Holtsgötu 9, Sandgerði, þinglýsta eign Ólafs Sigtryggssonar". Bókað var:

,,Skjöl málsins nr. 1 - 4 liggja frammi, en lagt er fram nr. 5, uppboðsbeiðni Gjaldskila sf., nr. 6, fjárnám, nr. 7, uppboðsbeiðni Bjarna Ásgeirssonar hdl., nr. 8, fjárnám, nr. 9 og 10, uppboðsbeiðnir Sigríðar Thorlacius hdl., nr. 11, uppboðsbeiðni Sigurðar J. Halldórssonar hdl., nr. 12, fjárnám. Máli þessu hefur verið frestað án auglýsingar 7. 6. 1990, 28. 6. 1990, 18. 10. 1990 og 6. 12. 1990. Uppboðið var auglýst í 35., 43. og 47. tbl. Lbbl. 1990 og blaðinu Víkurfréttum 13. 12. sl. Af hálfu uppboðsbeiðenda eru mættir Ingi H. Sigurðsson hdl. og Sigurður Skúli Bergsson. Uppboðsmál þetta er sameinað þriðju og síðustu nauðungarsölu á sömu eign, sem á að fara fram skv. dómi Hæstaréttar 11. desember sl., og verður uppboðsdagur ákveðinn síðar og tilkynntur uppboðsaðilum. Af hálfu uppboðsþola er mættur enginn."

Á uppboðsþingi, sem haldið var að Holtsgötu 9, Sandgerði, 16. janúar 1991, var tekið fyrir að ,,selja á þriðja og síðasta nauðungaruppboði fasteignina Holtsgötu 9, Sandgerði, þinglýsta eign Ólafs H. Sigtryggssonar". Voru þar lögð fram nokkur ný skjöl, þar á meðal dómur Hæstaréttar 11. desember 1990. Vísað var til auglýsingar á uppboðinu í 45., 56. og 61. tbl. Lögbirtingablaðsins 1988, í Víkurfréttum 10. janúar 1991 og DV 12. sama mánaðar. Bókað var síðan:

,,Af hálfu uppboðsbeiðenda eru mættir Garðar Garðarsson hrl. v/2., 3. og 5. veðréttar. Skjöl uppboðsmáls vegna sömu eignar, sem sameinað var þessu uppboði 20. desember sl., nr. 1-12, liggja frammi

í réttinum. Af hálfu uppboðsþola er mættur enginn. Uppboðshaldari kynnti skjöl málsins, þ. á m. uppboðsskilmála. Engar athugasemdir komu fram við framkvæmd eða undirbúning uppboðsins. Uppboðshaldari óskaði eftir boðum í framangreinda eign. Þessi boð komu fram: Kristján Stefánson býður 1.500.000 kr. v/Skipabrautarinnar hf., kt. 691289-3979, Fitjabraut 3, Njarðvík, Garðar Garðarsson hrl. býður 7.000.000 kr. fyrir Íslandsbanka hf. Hæstbjóðandi krefst útlagningar sér til handa sem ófullnægður veðhafi. Uppboðshaldari tekur sér allt að 14 daga frest til athugunar á fram komnum boðum í eignina, og verður hæstbjóðanda tilkynnt um samþykkt eða höfnun á boði sínu í símskeyti."

II.

Áfrýjandi styður aðalkröfu sína þeim rökum með vísan til II. kafla laga nr. 57/1949, einkum 2. mgr. 14. gr., að óheimilt hafi verið að taka uppboðsbeiðnir annarra stefndu en Útvegsbanka Íslands hf. til efnismeðferðar, fyrr en mál áfrýjanda og bankans væri til lykta leitt. Þannig sé önnur meðferð uppboðsréttar á Holtsgötu 9 allt fram til 20. desember 1990 ómerk og eigi að leiða til þess, að ógilda beri meðferð uppboðsréttar á málinu í heild sinni og fella uppboðið úr gildi.

Af hálfu stefnda Íslandsbanka hf. er því haldið fram, að heimilt hafi verið að taka fyrir kröfu Miðneshrepps í uppboðsréttinum þrátt fyrir orðalag 2. mgr. 14. gr. laga nr. 57/1949. Hafi réttarvenja skapast um, að heimilt sé að taka fyrir mál annarra uppboðsbeiðenda þrátt fyrir ágreining milli tiltekins uppboðsbeiðanda og uppboðsþola, sem um sé fjallað í sérstöku máli. Þá er á það bent af hálfu stefnda, að áfrýjanda hafi borið að mótmæla við uppboðshaldara, ef hann féllist ekki á málsmeðferð hans. Það hafi hann ekki gert, og séu mótmæli hans nú of seint fram komin.

III.

Þegar úrskurði uppboðsréttar 18. nóvember 1988 hafði verið áfrýjað til Hæstaréttar, bar uppboðshaldara að fresta uppboðsmálinu, uns málskotið væri til lykta leitt, sbr. 7. gr. laga nr. 57/1949. Andstætt fyrirmælum í þessu lagaákvæði hélt uppboðshaldari áfram rekstri málsins, og fóru fram sölutilraunir 19. október og 7.

desember 1989. Jafnframt þingfesti uppboðshaldari 4. maí 1990 nýtt uppboðsmál vegna sömu eignar samkvæmt uppboðsbeiðni 18. janúar 1990 og á grundvelli nýrrar auglýsingar í Lögbirtingablaði. Þessi aðgerð uppboðshaldara var andstæð ákvæði 2. mgr. 14. gr. laga nr. 57/1949.

Af ofangreindum sökum verður að ómerkja hina áfrýjuðu uppboðsgerð og meðferð málsins frá og með 19. október 1989 og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða uppboðsgerð, sem fram fór 16. janúar 1991 á fasteign áfrýjanda, Holtsgötu 9, Sandgerði, skal vera ómerk svo og meðferð málsins frá og með 19. október 1989, og er málinu vísað heim til löglegrar meðferðar.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Föstudaginn 19. júní 1992.

Nr. 290/1991. **Sigrún Daníelsdóttir og**
Ólafur Hörður Sigtryggsson
(Kristján Stefánsson hrl.)
gegn
Sparisjóði Reykdæla,
Álftaneshreppi, Mýrasýslu,
Ásgeiri Thoroddsen hæstaréttarlögmanni,
Búnaðarbanka Íslands
(Baldvin Jónsson hrl.),
Húsnæðisstofnun ríkisins
(Jón Þorsteinsson hrl.),
Íslandsbanka hf.
(Garðar Garðarsson hrl.),
Jakobi Kristjánssyni,
Kreditkortum hf.,
Landsbanka Íslands,
Olíuverslun Íslands hf.,
Othari Erni Petersen hæstaréttarlögmanni,
ríkissjóði,
Sigfúsi Guðmundssyni,
Stofnlánadeild landbúnaðarins
(Baldvin Jónsson hrl.) **og**
Vátryggingafélagi Íslands hf.

Nauðungaruppboð. Áfrýjun. Aðfinnslur. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Áfrýjandi Sigrún Daníelsdóttir skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. júlí 1991. Gerir hún þær dómkröfur, að þriðja uppboð, er fram fór á jörðinni Álftárósi, Álftaneshreppi, 12. júní 1991, „verði ómerkt og uppboðið dæmt ógilt og fellt úr gildi í heild sinni". Einnig er krafist málskostnaðar úr hendi stefndu.

Áfrýjandi Ólafur Hörður Sigtryggsson skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. júlí 1991. Krefst hann þess aðallega, að framangreindri uppboðsgerð „verði hrundið og hún ómerkt og úr

gildi felld, en til vara ..., að málsmeðferð uppboðshaldara á þriðja og síðasta nauðungaruppboði, höldnu 12. júní 1991, verði ómerkt og málinu vísað að nýju heim til héraðs til löglegrar meðferðar og uppkvaðning úrskurðar um fram komin mótmæli áfrýjanda á uppboðsþingi". Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefndu.

Af hálfu stefndu Sparisjóðs Reykdæla, Íslandsbanka hf. og Stofnlánadeildar landbúnaðarins er þess aðallega krafist, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að öllum kröfum áfrýjenda verði hrundið og hin áfrýjaða uppboðsgerð staðfest. Þá er krafist málskostnaðar þeim til handa úr hendi áfrýjenda. Stefnda Húsnæðisstofnun ríkisins gerir þær dómkröfur, að hin áfrýjaða uppboðsgerð verði staðfest og að áfrýjendur verði dæmdir til að greiða henni málskostnað fyrir Hæstarétti. Aðrir stefndu hafa ekki gert kröfur í málinu.

Að ákvörðun Hæstaréttar voru málin, sem áfrýjað hafði verið sínu í hvoru lagi, sameinuð, sbr. 19. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Er því hafnað frávísunarkröfu framangreindra stefndu, sem byggist á því, að ólögmætt hafi verið að skjóta hinu áfrýjaða uppboði til Hæstaréttar í tvennu lagi.

I.

Meðferð máls þessa hófst á uppboðsþingi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 6. desember 1990, en þá var tekið fyrir „að þingfesta nauðungaruppboð á Álftárósi, Álftaneshreppi, eigendur Ólafur Sigtryggsson og Sigrún Daníelsdóttir, eftir kröfu Lögheimtunnar hf. - Ásgeirs Thoroddsen, Ólafs Sigurgeirssonar hdl., Skúla Pálssonar hrl., Garðars Garðarssonar hrl., Vilhjálms H. Vilhjálmssonar hrl., innheimtumanns ríkissjóðs, Stofnlánadeildar landbúnaðarins, Landsbanka Íslands og Gjaldskila sf." Uppboðið hafði verið auglýst í 133., 142. og 146. tölublaði Lögbirtingablaðsins 1990. Mætt var í réttinum af hálfu uppboðsbeiðenda, en enginn mætti af hálfu uppboðsþola. Að kröfu uppboðsbeiðenda var ákveðin sala á eigninni 24. janúar 1991 kl. 10.00 í skrifstofu uppboðshaldara.

Þegar málið var tekið fyrir í uppboðsréttinum 24. janúar 1991, var bókað: „Með því að láðst hefur að birta auglýsingu um fyrstu sölu á eigninni, sem fram átti að fara nú, frestar uppboðshaldari málinu ex officio til fimmtudagsins 14. mars nk. kl. 10.00, og fer þá fram 1. sala á eigninni."

Hinn 14. mars var málið tekið fyrir og m. a. vísað til auglýsingar í DV 8. mars 1991. Mættur var af hálfu uppboðsbeiðenda Gísli Kjartansson héraðsdómslögmaður, en enginn af hálfu áfrýjenda. Kynnti uppboðshaldari skjöl málsins, þar á meðal uppboðsskilmála, og komu engar athugasemdir fram. Var óskað eftir boðum í eignina, og bauð Gísli Kjartansson 500.000 krónur f. h. Ásgeirs Thoroddsen hæstaréttarlögmanns. Krafðist hann útlagningar honum til handa sem ófullnægðum veðhafa. Ákveðið var, að annað og síðara uppboð færi fram á eigninni 16. maí 1991 að undangenginni auglýsingu.

Hinn 16. maí 1991 var málið tekið fyrir í skrifstofu uppboðshaldara og vísað m. a. til auglýsingar í DV 10. maí 1991. Mættir voru af hálfu uppboðsbeiðenda Gísli Kjartansson héraðsdómslögmaður og Einar Ole Pedersen, oddviti f. h. Álftaneshrepps og Innheimtustofnunar sveitarfélaga. Var óskað eftir boðum í eignina, eftir að lýst hafði verið eftir athugasemdum við framkvæmd eða undirbúning uppboðsins. Gísli Kjartansson bauð 500.000 krónur f. h. Ásgeirs Thoroddsen, en frekari boð komu ekki fram. Að kröfu Einars Ole Pedersen var ákveðið þriðja og síðasta uppboð á eigninni 12. júní 1991 kl. 14.00 að undangenginni auglýsingu.

Hinn 12. júní 1991 var málið tekið fyrir að Álftárósi í því skyni að halda þriðja og síðasta uppboð á eigninni, en samkvæmt bókun hafði uppboðið verið auglýst í DV 6. júní 1991. Lögð voru fram ýmis skjöl, þar á meðal afrit tilkynningar til gerðarþola og ljósrit símskeyta til uppboðsaðila. Bókað var:

„ ...

Mættur er uppboðsþoli, Ólafur H. Sigtryggsson, og leggur fram mótmæli við framkvæmd uppboðs, þingmerkt nr. 56, svohljóðandi:

„Ég undirritaður, Ólafur Hörður Sigtryggsson, mótmæli hér með 3ja og síðasta uppboði á jörðinni Álftárósi, sem fram á að fara í dag kl. 14.00 síðdegis.

Mótmæli mín eru á því byggð, að mér hefur ekki verið tilkynnt um uppboð þetta með löglegum fyrirvara skv. 3. mgr. 22. gr. laga nr. 57/1949, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 12/1987. Samkvæmt þessu lagaákvæði skal senda m. a. eiganda eigna uppboðsauglýsingu í ábyrgðarbréfi eða tilkynningu um uppboð með öðrum tryggum

hætti eigi síðar en 14 dögum fyrir uppboð. Tilkynningin barst mér ekki fyrr en að kvöldi dags. 10. þ. m.“

Ólafur H. Sigtryggsson (sign.).

...

Garðar Garðarsson hrl. mótmælir fram komnum mótmælum af hálfu uppboðsþola og telur hann geta gætt hagsmuna sinna á uppboðsstað.

Uppboðsþoli óskar eftir úrskurði um mótmæli sín.

Hlöðver Kjartansson hrl. tekur undir mótmæli Garðars Garðarssonar hrl. og bendir á, að svo virðist sem allar tilkynningar hafi verið sendar með löglegum fyrirvara á löglegan hátt, og fer fram á, að salan fari fram.

Undir þessi mótmæli uppboðsbeiðenda tóku Gísli Kjartansson hdl., Bragi Björnsson hdl. og Helgi Guðmundsson hdl.

Uppboðshaldari tók málið til úrskurðar og kvað upp svofelldan úrskurð:

Úrskurðarorð:

Mótmæli uppboðsþola eru ekki tekin til greina.

Uppboðshaldari kynnti fram lögð gögn, þar á meðal uppboðsskilmála, sem engar athugasemdir voru gerðar við.

...

Uppboðshaldari leitaði þá tilboða í eignina.

Gísli Kjartansson hdl. býður 3,2 milljónir f. h. Stofnlánadeildar landbúnaðarins og krefst útlagningar.

Bjarni Þór Óskarsson hdl. býður 5 milljónir f. h. Ásgeirs Thoroddsen hrl.

Friðrik Arngrímsson hdl. býður 10,5 milljónir kr. f. h. Landsbanka Íslands, Sandgerði, og krefst útlagningar, ef skilyrði eru fyrir hendi.

Bjarni Þór Óskarsson hdl. býður 10,6 milljónir kr. f. h. Ásgeirs Thoroddsen hrl.

Friðrik Arngrímsson hdl. býður 10,9 milljónir kr. f. h. Landsbanka Íslands, Sandgerði, og krefst útlagningar, ef skilyrði eru fyrir hendi.

Bjarni Þór Óskarsson hdl. býður 11 milljónir f. h. Ásgeirs Thoroddsen hrl.

Fleiri boð bárust ekki, og var sölutilraunum hætt.
Uppboðshaldari tók sér frest til að kanna fram komin boð."

II.

Lagt hefur verið fram í Hæstarétti bréf sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu til lögmanns stefnda Íslandsbanka hf., dagsett 6. janúar 1992. Segir þar, að tilkynningar til áfrýjenda í máli þessu hafi ætíð verið sendar í tæka tíð í ábyrgðarbréfi á nöfn þeirra beggja að Álftárósi, Álftaneshreppi, og að Holtsgötu 9, Sandgerði, en þau hafi bæði verið með lögheimili að Álftárósi samkvæmt þjóðskrá, þangað til lögheimili mannsins var flutt að Holtsgötu 9, Sandgerði, 14. febrúar 1991. Um annað heimilisfang konunnar en að ofan getur hafi aldrei verið tilkynnt. Þá segir, að tilkynning um þriðja og síðasta nauðungaruppboð á jörðinni hafi verið send áfrýjendum í ábyrgðarbréfi, dagsettu 22. maí 1991, og einnig hafi þeim verið send símskeyti rétt fyrir uppboðið. Þessum upplýsingum sýslumanns fylgdu endurrit úr bréfabók embættisins og úr þjóðskrá.

III.

Af hálfu áfrýjenda hefur komið fram, að þau hafi verið í hjónabandi, en slitið samvistir á árinu 1989. Hafi konan verið ábúandi á jörðinni Álftárósi til 1990, en þá hafi hún flust af jörðinni að Hömluholti í Eyjahreppi. Maðurinn hafi búið að Holtsgötu 9 í Sandgerði.

Af hálfu áfrýjenda er á því byggt, að þeim hafi aldrei verið sendar tilkynningar um sölu jarðarinnar á nauðungaruppboði eða um fyrirtekt málsins í uppboðsrétti. Með þessu hafi verið skýlaust brotið gegn ákvæðum 22. gr. laga nr. 57/1949, sbr. 4. gr. laga nr. 12/1987 um skyldu uppboðshaldara að tilkynna eiganda eignar um uppboðsauglýsingu. Hafi áfrýjendur fyrst fengið vitneskju um uppboðsmeðferð og sölu eignarinnar með skeyti sýslumanns 5. júní 1991, sem áfrýjanda Sigrúnu hafi borist 6. sama mánaðar og áfrýjanda Ólafi 10. sama mánaðar.

Varakrafa áfrýjanda Ólafs er byggð á því, að hann hafi mætt á söluþingi 12. júní 1991 og mótmælt framgangi uppboðs vegna ófullnægjandi tilkynninga til sín. Hafi hann, sem er ólöglærður, ekki notið leiðbeininga af hálfu uppboðshaldara. Uppboðshaldari

hafi kveðið upp órökstuddan úrskurð, og hafi falist í honum synjun við að taka mótmæli þessi til efnismeðferðar og úrskurðar.

Af hálfu stefndu er því mótmælt, að áfrýjendur geti borið fyrir sig, að þau hafi ekki fengið vitneskju um uppboðið. Gögn málsins beri með sér, að þeim hafi verið sendar tilkynningar vegna uppboðsins, og eigi fullyrðingar áfrýjenda við rök að styðjast, stafi það af því, að þau sæki ekki póst sinn eða lesi hann ekki. Stefndu eigi ekki að gjalda þess. Ljóst sé einnig, að áfrýjendur hafi fengið símskeyti frá 5. júní 1991 í hendur og hafi því getað mætt og látið gæta hagsmuna sinna við uppboðið 12. júní.

IV.

Með hliðsjón af fram lögðum gögnum sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, sem áður voru rakin, ber á því að byggja, að áfrýjendum hafi með fullnægjandi hætti verið tilkynnt um uppboðsmeðferð á jörðinni Álftárósi í Álftaneshreppi, sbr. 3. mgr. 6. gr. og 3. mgr. 22. gr. laga nr. 57/1949, sbr. 4. gr. laga nr. 12/1987. Eru engin efni til að fallast á kröfu þeirra um, að hin áfrýjaða uppboðsgerð 12. júní 1991 verði felld úr gildi.

Varakrafa áfrýjanda Ólafs H. Sigtryggssonar um ómerkingu uppboðsgerðarinnar 12. júní 1991 lýtur að meðferð uppboðshaldara á mótmælum hans á uppboðsþinginu, en þau voru byggð á því, að honum hefðu ekki verið sendar tilkynningar um uppboðið með lögmætum hætti. Svo sem áður er fram komið, kvað uppboðshaldari upp forsendulausan úrskurð um þessi mótmæli. Samkvæmt 3. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði bar honum að láta forsendur fylgja úrskurðarorði. Þegar hins vegar er litið til þess, sem að framan er sagt um, að tilkynningar til áfrýjanda Ólafs hafi verið fullnægjandi, þykja ekki efni til að taka varakröfu hans til greina. Ber og að hafa í huga, að hann var mættur á uppboðsþinginu, þar sem hann gat gætt hagsmuna sinna, og ekki er sýnt fram á, að hann hafi orðið fyrir réttarspjöllum vegna þessa. Eins og hér stóð á, verður ekki talið, að skortur á leiðbeiningum til áfrýjanda hafi komið að sök.

Samkvæmt framansögðu verður hin áfrýjaða uppboðsgerð staðfest.

Áfrýjun uppboðsgerðar þessarar er ófyrirsynju og til þess eins

fallin að tefja framgang nauðungarsölu, sem ekki sætti efnislegum andmælum við málsmeðferð í héraði. Þetta verður að átelja.

Samkvæmt 1. tl. 2. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936 er rétt, að áfrýjendur sameiginlega greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir. Við ákvörðun málskostnaðar er ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða uppboðsgerð er staðfest.

Áfrýjendur, Sigrún Daníelsdóttir og Ólafur Hörður Sigtryggsson, greiði óskipt stefnda Íslandsbanka hf. 100.000 krónur, stefndu Stofnlánadeild landbúnaðarins og Húsnæðisstofnun ríkisins, hvorri um sig, 50.000 krónur og Sparisjóði Reykdæla 25.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Föstudaginn 19. júní 1992.

Nr. 236/1992. **Gísli Gíslason og**
Lára Stefánsdóttir
gegn
Byggingarsamvinnufélagi ungs fólks,
Reykjavík.

Kærumál. Þinglýsing. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 14. maí 1992. Kæruheimild er í 3. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978. Kærð er synjun Bergþóru Sigmundsdóttur, fulltrúa yfirborgarfógetans í Reykjavík, 28. apríl 1992 að þinglýsa sem eign sóknaraðila bílastæði nr. 23 í bílageymsluhúsi að Seylugranda 1-3 í Reykjavík. Kæra ásamt kærugögnum barst Hæstarétti 4. júní sl.

Sóknaraðili krefst þess, að „þinglýsing eignaskiptasamnings Byggungs frá 10. apríl 1990 um bílgeymslur að Seylugranda 1-3 varðandi bílastæði nr. 23 í bílgeymslu verði ómerkt og að framangreint bílastæði verði skráð eign kærenda í samræmi við afsal þeirra, dags. 27. apríl 1987, er þinglýst var 13. maí 1987".

Frá varnaraðila hefur ekki borist greinargerð í kærumálinu.

Varnaraðili byggði fjölbýlishús nr. 1 og 3 við Seylugranda í Reykjavík samkvæmt lóðarsamningi við Reykjavíkurborg. Bílageymsla er áföst húsunum. Í henni eru 35 tölusett bílastæði.

Hinn 25. apríl 1987 undirritaði varnaraðili yfirlýsingu þess efnis, að Jóhann Þórsson og Laufey Jóhannsdóttir væru eigendur fimm herbergja íbúðar nr. 0503 í húsinu nr. 1 við Seylugranda. Bílastæðis tilheyrandi íbúðinni er ekki getið í yfirlýsingunni. Henni var þinglýst 28. sama mánaðar.

Hinn 27. apríl 1987 gáfu Jóhann og Laufey út afsal til sóknaraðila fyrir nefndri íbúð. Í afsalinu segir, að íbúðinni fylgi meðal annars hlutdeild í bílhýsi. Neðan máls á afsalið er svofelld ódagsett áritun undirrituð af varnaraðila: „Það staðfestist hér með, að Byggung mun afhenda bílskýli..." Hvorki er tekið fram, hvenær

afhending fari fram né hvort hún sé háð skilyrðum. Afsali þessu var þinglýst 13. maí 1987.

Hinn 10. apríl 1990 var þinglýst skjali, sem ber yfirskriftina: „Bílageymsla að Seylugranda 1-3". Er það dagsett 28. september 1989 og undirritað af varnaraðila. Í skjali þessu segir meðal annars svo: „Eftirtöldum íbúðum fylgir réttur til þartilgreindra bílastæða, er verður þinglýst á íbúa, þegar fullnaðarupppgjör hefur farið fram." Meðal íbúða, sem þarna eru tilgreindar, er íbúð sóknaraðila. Er henni ætlað bílastæði nr. 23.

Af hálfu sóknaraðila er frá því greint, að við athugun þeirra vorið 1991 af tilefni uppboðsauglýsinga, er tengdust bílageymsluhúsi varnaraðila við Seylugranda, hafi þeim fyrst orðið ljóst, hvernig háttað var þinglýsingu bílastæða í því og að bílastæði, er tilheyrði íbúð þeirra, væri enn skráð eign varnaraðila. Hafi þeir þá farið þess á leit við varnaraðila, að þessu yrði breytt. Á þá málaleitun hafi ekki verið fallist, þar eð fyrri eigendur íbúðar þeirra skulduðu varnaraðila eftirstöðvar af byggingarkostnaði. Við svo búið sneru sóknaraðilar sér til borgarfógetaembættisins og óskuðu þess, að þinglýsingu á umræddu bílastæði yrði breytt, með vísan til 27. gr. þinglýsingalaga. Því var hafnað.

Sóknaraðilar reisa kröfur sínar í kærumálinu á því, að með afsali að íbúð sinni hafi þau eignast hlutdeild í umræddu bílageymsluhúsi. Afsalið hafi verið gefið út með samþykki varnaraðila og áritun, er staðfesti afhendingu bílastæðis. Af hálfu varnaraðila hafi enginn fyrirvari verið gerður um ólokin skuldaskil vegna íbúðarinnar. Sóknaraðilar hafi staðið í þeirri trú, að þau væru til lykta leidd. Sú staðreynd, að svo reyndist ekki vera, sé algerlega mál milli varnaraðila og fyrri eigenda íbúðarinnar og komi sóknaraðilum ekki við.

Sjónarmið varnaraðila gagnvart kröfugerð sóknaraðila koma fram í bréfi lögmanns hans til þinglýsingardómara 18. desember 1991, þar sem mótmælt er kröfu sóknaraðila. Leggur varnaraðili þar áherslu á, að hann hafi hvorki afsalað umræddu bílastæði til sóknaraðila né fyrri eigenda að íbúð þeirra. Áritun hans á afsal sóknaraðila beri þetta glöggt með sér, og í eignarheimild fyrri eigenda sé ekki minnst á bílageymslu, enda hafi framkvæmdum við bílageymsluhúsið þá ekki verið lokið og því ekki verið hægt að

ganga frá endanlegu kostnaðaruppgjöri vegna byggingar þess. Með afsali sínu hafi sóknaraðilar ekki öðlast meiri rétt til fyrirhugaðs bílastæðis vegna íbúðar sinnar en heimildarmenn þeirra að íbúðinni áttu, er þeir gáfu út afsal fyrir henni.

Þinglýsingardómari hefur samkvæmt 3. gr. þinglýsingalaga sent Hæstarétti rök sín og ástæður fyrir hinni kærðu úrlausn. Þar er m. a. vísað í bréf, sem þinglýsingardómari ritaði lögmanni sóknaraðila. Í þessum gögnum segir m. a. svo:

„Borgarfógetaembættið í Reykjavík telur ekki fært að skrá bílstæði nr. 23 að Seylugranda 1-3 sem þinglýsta eign Gísla Gíslasonar og Láru Stefánsdóttur.

Sú regla hefur ætið tíðkast við embættið, að lóðarhafi eða eigandi lóðar er talinn eigandi alls þess, sem á lóðinni stendur, þar til hann hefur afsalað því sérstaklega til annars aðila. Á þetta einnig við um bílskúra og bílgeymslur.

Ýmist er bílskúrum (bílstæðum) afsalað sérstaklega eða þeir eru sérstaklega tilgreindir í heildarafsali um íbúð og bílskúr (bílstæði). Það þarf því að liggja fyrir þinglýst eignarheimild fyrir bílskúr. ...

Byggung bsvf., Rvík, hefur gefið út yfirlýsingu, sem getur um, hvaða íbúð fylgir réttur til stæðis í bílgeymslu ... Í því skjali er sérstaklega tekið fram, að ekki sé um að ræða eignarheimild fyrir stæðunum. Við þinglýsingu skjalsins var þess sérstaklega gætt af hálfu embættisins, hvort Byggung hefði áður gefið út eignarheimildir til einhverra aðila varðandi umrædd stæði. Í þeim tilvikum, sem slíkt hafði verið gert, voru stæðin tilgreind með viðkomandi íbúð í bókum embættisins...

Byggung hafði í einstaka tilvikum getið þess sérstaklega í eignarheimild fyrir íbúð, að stæði fylgdi, eða gefið út sérstaka eignarheimild fyrir stæði í bílgeymslunni. Ekki lá fyrir slíkt varðandi stæði nr. 23. Embættið hefur því aldrei skráð umrætt stæði á íbúð né litið svo á, að annar en Byggung væri þinglýstur eigandi þessa stæðis.

Ekki kemur fram í eignarheimild um íbúð Laufeyjar Jónsdóttur og Jóhanns Þórissonar (sic), að stæði nr. 23 sé afsalað um leið. Aðili getur ekki afsalað meiru en hann á samkv. þinglýstum skjölum þrátt fyrir orðalag afsals til Gísla Gíslasonar og Láru Stefánsdóttur. Byggung áritaði skjalið með athugasemd og því ekki talið nauðsyn-

legt af hálfu embættisins, að skjalinu væri þinglýst með athugasemd.

Athugsemd Byggungs á afsal til Gísla og Láru þess efnis, að það muni afhenda umrætt bílskýli, ber ekki að skilja svo, að um afsal á nefndu bílstæði sé að ræða. Þegar af þeirri ástæðu tel ég ekki fært að telja, að um þinglýsta eignarheimild sé að ræða til Gísla Gíslasonar og Láru Stefánsdóttur að stæði nr. 23 að Seylugranda 1-3."

Eins og atvikum máls þessa er háttað, ber með skírskotun til röksemda þinglýsingardómara að hafna að svo stöddu kröfu sóknaraðila um skráningu bílastæðis nr. 23 við Seylugranda 1-3 í Reykjavík sem þinglýstri eign þeirra.

Á kærumálskostnað reynir ekki.

Af bréfi þinglýsingardómara, er fylgdi kærugögnum til Hæstaréttar, verður ekki séð, að gætt hafi verið lokaákvæðis 27. gr. og ákvæðis 1. mgr. 28. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Vakin var athygli borgarfógetaembættis á þessari gölluðu málsmeðferð, án þess að úr væri bætt. Þessi vanræksla embættisins er ámælisverð.

Dómsorð:

Hin kærða dómsathöfn er staðfest.

Föstudaginn 19. júní 1992.

Nr. 240/1992. **Loftur Jónsson**

gegn

samgönguráðherra vegna
Siglingamálastofnunar ríkisins og
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 27. maí 1992, er hingað barst 9. júní. Kærður er frávísunardómur bæjarþings Reykjavíkur 18. maí 1992. Kæruheimild er í b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Sóknaraðili krefst þess, að frávísunardóminum verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómarann að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðilar krefjast staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Lögð hafa verið fram í máli þessu á annað hundrað skjöl. Sýnt er, að mörg þessara skjala eru ýmist álitaefni málsins óviðkomandi eða tengjast því ekki með þeim hætti, að ástæða hafi verið til framlagningar þeirra. Gagnaöflun í málinu hefur því orðið miklum mun umfangsmeiri en efni voru til og málatilbúnaður í senn flókinn, óskýr og afar óaðgengilegur. Af þessu hefur og leitt, að reifun málsins af hálfu sóknaraðila er ómarkviss og hefur drepist mjög á dreif. Er fallist á með héraðsdómara, að málatilbúnaður sóknaraðila sé í veigamiklum atriðum andstæður þeim ákvæðum laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sem vísað er til í héraðsdómi. Samkvæmt því ber að staðfesta hinn kærða frávísunardóm.

Rétt er, að sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Það er athugavert við hinn kærða dóm, að vaxtakrafa sóknaraðila er tekin upp óstytt, en hún nær yfir tólf blaðsíður í dóminum. Þar sem um frávísunardóm er að ræða, var nægjanlegt að geta

vaxtakröfu. Þá hefur umfjöllun héraðsdómara um atvik málsins og málsástæður aðila umfram nauðsyn lengt dóminn úr hófi.

Það athugast, að í greinargerð varnaraðila í héraði er fjallað mjög ýtarlega um margvísleg efnisatriði í málatilbúnaði sóknaraðila með þeim hætti, að um skriflegan málflutning er að ræða.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Loftur Jónsson, greiði varnaraðilum, samgönguráðherra vegna Siglingamálastofnunar ríkisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, sameiginlega 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. maí 1992.

1.0.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úskurðar að loknum munnlegum málflutningi um frávísunarkröfu stefndu mánudaginn 27. apríl sl., hefur Loftur Jónsson, kt. 100436-4739, Blikanesi 19, Garðabæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, þingfestri 27. júní 1991, á hendur samgönguráðherra vegna Siglingamálastofnunar ríkisins, kt. 560269-1029, Hringbraut 121, Reykjavík, og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs.

Dómkröfur stefnanda eru eftirgreindar:

Aðallega, að riftun stefnanda á húsaleigusamningi stefnanda og Siglingamálastofnunar ríkisins um húsnæði á 4. og 5. hæð að Hringbraut 121, Reykjavík, dagsettum 1. október 1980, sem fram fór m. a. með bréfi, birtu 31. október 1986, verði staðfest með dómi, enn fremur, að stefndu verði gert að greiða stefnanda 10.496.000 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum].

Til vara krefst stefnandi, að stefndu verði gert að greiða stefnanda 2.231.377 kr. eða lægri fjárhæð samkvæmt mati dómsins með [nánar tilgreindum vöxtum].

Loks krefst stefnandi, að stefndu verði gert að greiða stefnanda málskostnað [.....].

Dómkröfur stefndu eru þær, að málinu verði vísað frá dómi.

Um efnishlið málsins eru dómkröfur stefndu aðallega, að stefndu verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að stefnukröfur verði lækkaðar mjög verulega.

Þá krefjast stefndu málskostnaðar úr hendi stefnanda [.....].

Stefnandi hefur krafist þess, að frávísunarkröfunni verði hrundið og

málið dæmt að efni til. Til vara krefst hann, að aðeins þeim kröfum, sem talið kynni að vera ábótavant, verði vísað frá dómi. Jafnframt krefst hann málskostnaðar í þessum þætti málsins úr hendi stefndu ásamt virðisaukaskatti í ríkissjóð.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

— — —

7.0. *Forsendur og niðurstaða.*

Að framan hafa verið raktar kröfur aðila og önnur atvik, sem þörf þykir að rekja samhengis vegna, sbr. 193. gr. laga nr. 85/1936. Þar sem leysa þarf úr ágreiningi um formhlið málsins, er óhjákvæmilegt að vitna í töluröð einstakra dómskjala. Skal nú vikið að þeim málsástæðum stefndu, að málatilbúnaður stefnanda brjóti í veigamiklum atriðum gegn ákvæðum laga nr. 85/1936.

Fallast verður á það með stefndu, að stefna sé andstæð staflið d í 1. tölulið 88. gr. eml. Skjal þetta er ekki stuttort, gagnort og skýrt, svo sem tilskilið er í d-lið. Þá er greinargerð stefnanda andstæð 105. gr., 2. og 3. málslið 1. töluliðar, þar sem hún hefur ekki að geyma kröfur og aðra þá málsútlistun, sem tilvitnuð lagaákvæði ætlast til.

Framsetning stefnanda á kröfu um vexti og vaxtavexti er flókin, en þó ekki órökræn, og fyrir sérfræðinga mun tæknilega framkvæmanlegt að reikna út vaxtavexti, ef dæmdir yrðu, svo sem stefnandi ætlast til. Á hinn bóginn er mikið talnager bæði í aðal- og varakröfu, sem endar á 1. maí 1991. Þá er ekki gerð grein fyrir, hvernig fara skuli með vexti og vaxtavexti í apríl 1987, en 14. apríl 1987 er eftir kröfum stefnanda skipt frá mánaðarvöxtum í ársvexti. Allt gerir þetta kröfugerð óglögga. Hefði og verið til hagræðis fyrir málsaðila og dóminn, ef útreikningur þessara vaxta og vaxtavaxta hefði verið framkvæmdur fyrir fram og lagður fram í málinu og kröfur stefnanda síðan gerðar í einfaldara formi í samræmi við þann útreikning.

Á það verður fallist með stefndu, að málatilbúnaður stefnanda brjóti gegn meginreglu 109. gr. laga nr. 85/1936, að mál skuli munnlega flytja, en ekki skriflega. Hefur stefnandi lagt fram mörg skjöl, sem alls ekki geta talist sönnunargögn, heldur hluti skriflegs málflutnings. Er hér átt við eftirgreind bréf til lögmanns stefnanda: bréf, dags. 4. maí 1987, á dómskjali nr. 42, bréf, dags. 1. júní 1987, á dómskjali nr. 47, bréf, dags. 18. september 1987, á dómskjali nr. 52, bréf, dags. 1. október 1987, á dómskjali nr. 53, bréf, dags. 5. október 1987, á dómskjali nr. 54, bréf, dags. 9. október 1987, á dómskjali nr. 56, bréf, dags. 15. október 1987, á dómskjali nr. 57. Framangreind skjöl eru til viðbótar fjölmörgum öðrum dómskjölum, þar sem málsástæður stefnanda eru skýrðar, en hin síðarnefndu

eru þó þess eðlis, að ekki þykir ástæða til að líta á þau sem skriflegan málflutning eingöngu. Óeðlilegt verður að teljast, að greinargerð stefnanda sé fólgin í ótöldum síðar fram lögðum málskjölum og því fram sett með óskipulega hætti, sem því fylgir.

Það athugist, að í greinargerð segir, að dómskjöl þessi að undanteknu dómskjali nr. 38 séu frá Lofti Jónssyni hf., þótt þau virðist vera frá stefnanda. Á dómskjali nr. 38, sem sagt er vera bréf Jóns Loftssonar hf., er í raun bréf JL-hússins hf., og talar höfundur þess sem kröfuhafi og viðsemjandi stefndu. Í greinargerð stefnanda eða málskjölum liggur ekki fyrir skýring á þessu eða útlistun vegna samhengis málsins, þótt hún hafi að nokkru komið fram við munnlegan flutning málsins um frávísunarkröfu.

Fallast verður á það sjónarmið stefndu, að þessi ruglingslega framsetning gefi jafnvel tilefni til að efa, að málsaðild stefnanda sé rétt, þ.e., að stefnandi eigi ekki öll þau meintu kröfuréttindi, sem hann kallar eftir efndum á í málinu og byggir riftunarkröfur sínar á.

Réttara hefði verið, að fram lagðar töflur á dómskjölum nr. 66 til 78 hefðu verið einfaldaðar og gerðar þannig hluti greinargerðar, en hér er á ferðinni hluti af málsútlistun stefnanda. Hér er ekki á ferðinni útreikningur í skilningi 4. mgr. 110. gr. laga nr. 85/1936, enda gerir sú málsgrein ráð fyrir útreikningi í greinargerðum aðila.

Viðskiptareikningar vegna aðalkröfu á dómskjali nr. 80 og vegna varakröfu á dómskjali nr. 81 eru upp settir af stefnanda og ekki raunverulegir viðskiptareikningar eða yfirlit. Þessi skjöl eru því einnig hluti skriflegs málflutnings, en ekki bókhaldsútskriftir, eins og ætla mætti við fyrstu sýn.

Samkvæmt framansögðu er málatilbúnaður stefnanda flóknari og viðameiri en efni standa til. Málatilbúnaður stefnanda brýtur gegn meginreglum einkamálalaga um skýran og greiðan málflutning, sbr. meðal annars 88. og 105. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 10. gr. laga nr. 54/1988 og 32. gr. laga nr. 28/1981. Enn fremur felur málatilbúnaður stefnanda í sér viðamikinn skriflegan málflutning, sem brýtur m. a. gegn 1. mgr. 109. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 14. gr. laga nr. 54/1988.

Þegar allir framangreindir ágallar eru virtir í heild, er það niðurstaða dómsins, að vísa beri málinu frá samkvæmt fram kominni kröfu stefndu.

Við málskostnaðarákvörðun verður að gæta að því, að stefndu voru jafnframt til neyddir að skila umfjöllun sinni um efnishlið málsins. Þau mótmæli stefnanda, að krafa stefndu um virðisaukaskatt á málskostnað sé of seint fram komin, eru ekki tekin til greina. Eftir atvikum þykir málskostnaður hæfilega ákveðinn 80.000 kr., þ. m. t. virðisaukaskattur. Ber málskostnaður dráttarvexti, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Jón L. Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Loftur Jónsson, greiði stefndu, samgönguráðherra vegna Siglingamálastofnunar ríkisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, 80.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskatt. Vextir af málskostnaði án virðisaukaskatts reiknist samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir uppkvaðningu dóms þessa til greiðsludags.

Dómi þessum ber að fullnægja innan fimmtán daga frá lögbirtingu hans að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 22. júní 1992.

Nr. 397/1988. **Jón Sigurðsson**
(Magnús Thoroddsen hrl.)
gegn
Helgu Gunnólfsdóttur,
Helgu Árnadóttur,
Helgu Bylgju Gísladóttur og
Gunnlaugu Árnadóttur
(Tómas Gunnarsson hrl.).

Kaupsamningur. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 9. desember 1988 að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Dómkröfur hans eru þær, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt, aðallega á þá leið, „að staðfest verði riftun hans á samningi, dagsettum 20. september 1986, um kaup hans á versluninni Stjörnunni, Hafnargötu 34, Keflavík, af stefndu, enn fremur, að stefndu verði dæmdar til að endurgreiða honum óskipt 320.500,00 kr., til að skila honum tveimur víxlum, hvorum að fjárhæð 110.250,00 kr., samþykktum af honum á gjalddögum 15/3 og 15/5 1987, og til að greiða honum óskipt bætur, að fjárhæð 300.353,00 kr. Þá krefst hann 27% ársvaxta af 100.000,00 kr. frá 30/9 til 15/11 1986, af 210.250,00 kr. frá þeim degi til 15/1 1987, af 320.500,00 kr. frá þeim degi til stefnubirtingardags 13. 2. 1987 og dráttarvaxta samkvæmt 10. gr. laga nr. 25, 1987, sbr. lög nr. 67/1989, af 620.853,00 kr. frá þeim degi til greiðsludags og að dráttarvextir verði lagðir við höfuðstól á 12 mánaða fresti samkvæmt 12. gr. laga nr. 25, 1987, sbr. lög nr. 67/1989, í fyrsta sinn 13. 2. 1988".

Til vara krefst hann þess, „að stefndu verði dæmdar til að greiða honum óskipt skaðabætur eða afslátt af kaupverði, að fjárhæð 1.250.000,00 kr., og til greiðslu kostnaðar, 257.223,00 kr., auk 27% ársvaxta af 1.250.000,00 kr. frá 30/9 1986 til stefnubirtingardags

13. 2. 1987 og dráttarvaxta samkvæmt 10. gr. laga nr. 25, 1987, af 1.507.223,00 kr. frá þeim degi til greiðsludags og að dráttarvextir verði lagðir við höfuðstól á 12 mánaða fresti samkvæmt 12. gr. vaxtalaga nr. 25, 1987, sbr. lög nr. 67/1989, í fyrsta sinn 13. 2. 1988".

Enn fremur krefst áfrýjandi þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð, er fram fór í fógetarétti Njarðvíkur 30. nóvember og 7. desember 1988 í eignum sínum, verði úr gildi felld. Þá verði stefndu gert að greiða sér málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og hinni áfrýjuðu fjárnámsgerð og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lagðar dómsgerðir úr vitnamáli, sem háð var á bæjarþingi Keflavíkur 25. september 1989. Við flutning málsins hér fyrir dómi hefur áfrýjandi fallið frá þeirri málsástæðu, að stefndu hafi brostið heimild til að selja hina umdeildu verslun í eigin nafni.

Atvikum málsins er skilmerkilega lýst í hinum áfrýjaða dómi. Við flutning þess hafa málsaðilar ekki reynt að afla vitnisburðar Gunnólfs Árnasonar, er átti verslunarhúsnæðið að Hafnargötu 34, en hann er sonur stefndu Helgu Gunnólfsdóttur og bróðir og móðurbróðir annarra stefndu.

Áfrýjanda voru afhent umráð verslunarinnar Stjörnunnar í beinu framhaldi af undirritun kaupsamnings þess, er hann gerði við stefndu um eignir hennar, réttindi og viðskiptavild. Af efni og aðdraganda samningsins má ráða, að áframhaldandi leiguréttur að húsnæði verslunarinnar um sem næst fjögur ár hafi verið meðal forsendna fyrir kaupunum af hálfu áfrýjanda. Stefndu halda því fram, að hann hafi tekið að sér að ganga frá leigumálanum við húseiganda á eigin ábyrgð. Áfrýjandi hefur ekki sannað, að afhending víxla vegna kaupanna hafi átt að vera tengd þeim frágangi. Hann kveðst ekki hafa rætt sjálfur við húseiganda, áður en kaupsamningurinn var undirritaður. Jafnframt er ljóst, að hann lét ekki á það reyna, áður en hann afréð að hverfa frá kaupunum, hvort fyrirstaða væri á því af hálfu húseigandans að ljúka gerð leigusamnings. Verða kröfur hans ekki á því byggðar, að þessi forsenda hafi brugðist. Að þessu athuguðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með vísan til forsendna hans.

Í fógetarétti Njarðvíkur var 30. nóvember 1988 tekin fyrir beiðni stefndu um fjárnám í eignum áfrýjanda til tryggingar skuld hans samkvæmt hinum áfrýjaða dómi. Lýsti fógeti yfir fjárnámi í tilteknum eignum samkvæmt ábendingum áfrýjanda. Málinu var haldið áfram 7. desember 1988, og voru eignirnar þá teknar til virðingar að kröfu gerðarbeiðanda. Eftir umfjöllun um það efni lýsti fógeti yfir, að hið umbeðna fjárnám væri árangurslaust að hluta.

Hér fyrir dómi hafa aðilar ekki haft uppi sérstök mótmæli gegn framkvæmd þessarar fjárnámsgerðar, heldur aðeins deilt um fjárnámsheimildina. Er rétt við svo búið, að gerðin verði staðfest.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefndu sameiginlega 180.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti. Við ákvörðun hans er ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð á að vera óröskuð.

Áfrýjandi, Jón Sigurðsson, greiði stefndu, Helgu Gunnólfsdóttur, Helgu Árnadóttur, Helgu Bylgju Gísladóttur og Gunnlaugu Árnadóttur, sameiginlega 180.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Keflavíkur og Njarðvíkur 16. maí 1988.

I. Mál þetta, sem tekið var til dóms 26. f. m., hefur Jón Sigurðsson, nnr. 5183-5018, Háseylu 11, Njarðvík, höfðað með stefnu, birtri 13. 2. 1987, gegn Helgu Gunnólfsdóttur, nnr 3905-2105, Vesturgötu 34, Keflavík, Helgu Árnadóttur, nnr. 3886-7431, Bjarnavöllum 12, Keflavík, Helgu Bylgju Gísladóttur, nnr. 3901-4289, Holtsgötu 36, Sandgerði, og Gunnlaugu Árnadóttur, nnr. 3422-5516, Suðurgarði 12, Keflavík.

Aðalkrafa stefnanda er, að staðfest verði riftun sín á samningi, dagsettum 20. september 1986, um kaup sín á versluninni Stjörnunni, Hafnargötu 34, Keflavík, af stefndu, enn fremur, að stefndu verði dæmdar til að endurgreiða sér óskipt 320.500 kr., til að skila sér tveimur víxlum, hvorum að fjárhæð 110.250 kr., samþykktum af sér, á gjalddögum 15/3 og 15/5 1987 og til að greiða sér óskipt bætur, að fjárhæð 300.353 kr. Þá krefst hann 27% dagvaxta á ári af 100.000 kr. frá 30/9 til 15/11 1986, af 210.250 kr. frá þeim degi til 15/1 1987, af 320.500 kr. frá þeim degi til stefnubirtingardags og ársvaxta samkvæmt 10. gr. laga nr. 25, 1987, af 620.853 kr. frá

þeim degi til greiðsludags og að dráttarvextir verði lagðir við höfuðstól á tólf mánaða fresti samkvæmt 12. gr. laga nr. 25, 1987. Varakrafa stefnanda er, að stefndu verði dæmdar til að greiða sér óskipt skaðabætur eða afslátt af kaupverði, að fjárhæð 1.250.000 kr., og til greiðslu kostnaðar, 257.223 kr., auk 27% dagvaxta á ári af 1.250.000 kr. frá 30/9 1986 til stefnubirtingardags og ársvaxta samkvæmt 10. gr. laga nr. 25, 1987 af 1.507.223 kr. frá þeim degi til greiðsludags og að dráttarvextir verði lagðir við höfuðstól á tólf mánaða fresti samkvæmt 12. gr. laga nr. 25, 1987.

Stefndu hafa krafist sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans.

Með stefnu, birtri 8. apríl 1987, höfðuðu stefndu gagnsök.

Dómkröfur gagnstefnenda eru þær, að gagstefnda verði gert að greiða sér 2.209.000 kr. ásamt 17,5% ársvöxtum frá 1. september 1986 til 1. apríl 1988, þ. e. 612.070 kr., einnig 2,5% dráttarvexti fyrir hvern byrjaðan mánuð af 1.505.070 kr. frá 1. apríl 1977 til greiðsludags og 17,5% ársvexti af 1.316.000 kr. frá 1. apríl 1988 til greiðsludags. Þá krefjast gagnstefnendur málskostnaðar úr hendi gagnstefnda.

Dómkröfur gagnstefnda í gagnsök eru þessar: aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnstefnenda og þær dæmdar til að greiða sér málskostnað að skaðlausu, til vara, að krafa gagnstefnenda verði lækkuð um 1.250.000 kr. í samræmi við varakröfu stefnanda í aðalsök og að málskostnaður verði felldur niður.

II. Með kaupsamningi, dagsettum 20. september 1986, gerðum fyrir milligöngu Hjartar Zakaríassonar, Fasteignaþjónustu Suðurnesja, lofuðu aðalstefndu að selja og aðalstefnandi að kaupa verslun og myndbandaleigu, Stjörnuna, Hafnargötu 34, Keflavík. Nánar tiltekið var hið selda: „1) allar vörubirgðir verslunarinnar samkvæmt talningu, 2) innréttingar og öll þau tæki, sem tilheyra rekstri verslunarinnar, þ. m. t. sjónvarp, 4 myndbandstæki, örbylguofn, útvarp, ísskápur, 3 ölkistur, ísvél, pylsupottur, reiknivél og búðarkassi, 3) viðskiptavild verslunarinnar, aðstaða, nafn og réttindi öll, hverju nafni sem nefnast og gengið geta til kaupanda lögum samkvæmt, þ. á m. leiguréttindi á þeim 1800 titlum, sem eru til staðar í versluninni, en leigutíminn er almennt 2 ár". Umsamið kaupverð er tilgreint 2.209.000 kr. og 541.000 kr. vegna endurleigu á myndböndum, sem aðalstefnandi skuldbatt sig til að greiða þannig:

„Við undirskrift samningsins	kr.	100.000
Með víxli pr. 15. nóvember 1986	—	110.250
" " " 15. janúar 1987	—	110.250
" " " 15. mars 1987	—	110.250
" " " 15. maí 1987	—	110.250

Með yfirtöku veðskuldabréfa (4) við Útvegsbanka Íslands með gjalddögum fyrsta hvers mánaðar, í fyrsta skipti 1. október 1986 (47 greiðslur). Vextir eru 17,5% og breytast í samræmi við almenna bankavexti. Kaupandi ber vexti frá 1. september 1986	kr. 2.209.000
	Kr. 2.750.000".

Af öðrum ákvæðum kaupsamningsins verður eftirfarandi tilgreint:

„Allt framangreint selst í núverandi ástandi, sem kaupandi hefur kynnt sér rækilega og sættir sig við."

„Afhending alls hins selda fer fram við undirskrift samnings þessa."

„Kaupandi hefur kynnt sér húsaleigusamning varðandi verslunina."

Aðalstefnandi hafði fimm dögum fyrir gerð kaupsamnings gert kauptilboð, sem aðalstefndu höfnuðu. Hljóðaði það um kaupverð að fjárhæð 2.700.000 kr. og hafði að geyma það skilyrði fyrir kaupum, að leigusamningur fengist til fimm ára. Í upphafi viðræðna um hugsanleg kaup höfðu aðalstefnanda verið kynntar verðhugmyndir aðalstefndu, sem voru um söluverð 3.000.000 kr. Áður en samningur var gerður, lágu fyrir upplýsingar aðalstefndu um þriggja mánaða veltu, þ.e. 540.000 kr., fyrir júní 1986, 660.000 kr. fyrir júlí og 730.000 kr. fyrir ágúst. Ekkert lá hins vegar fyrir um mat á innréttingum, tækjum og vörubirgðum eða upplýsingar um bókfært verð þeirra.

Leigusamningur, sem vitnað var til í kaupsamningi, var á milli Gunnólfs Árnasonar, Lágmóa 5, Njarðvík, sem leigusala og Stjörnunnar hf., Hafnargötu 34, Keflavík, sem leigutaka norðurhluta neðri hæðar Hafnargötu 34, Keflavík, til verslunarrekstrar með söluturn, myndbandaleigu og skyldar vörur. Hann gilti frá 20. mars 1985 og var uppsegjanlegur miðað við 20. mars og 20. september með sex mánaða fyrirvara, þó í fyrsta skipti 20. október 1987. Á eintak samningsins, sem frammi liggur í málinu, er áritað svofelld óundirrituð yfirlýsing: „Leigusali heimilar framleigu á samningi þessum í fjögur ár frá 20. september 1986. Að öðru leyti gilda ákvæði samningsins." Vitnið Hjörtur Zakaríasson, Freyjuvöllum 5, Keflavík, kvaðst hafa skráð yfirlýsinguna. Hann bar, að munnlegt samþykki leigusalans, Gunnólfs Árnasonar, hefði verið fyrir því, að aðalstefnandi yfirtæki reksturinn í húsnæðinu. Aðalstefnandi hafði ekki að fyrra bragði samband við Gunnólf, sem kom til hans nokkru eftir gerð kaupsamningsins með skuldabréf vegna húsaleigu á Hafnargötu 34, Keflavík. Það var bundið lánskjaravísitölu og skyldi endurgreiða með 48 mánaðarlegum afborgunum. Af undirskrift aðalstefnanda varð ekki, og hefur hann borið, að eftir það hafi hann ekki talað við Gunnólf um leigumála.

Aðalstefnandi hóf rekstur verslunarinnar þegar eftir gerð kaupsamnings. Hann var í fullu starfi sem trésmiður og hafði ekki áður starfað við verslun, en naut aðstoðar eiginkonu sinnar og mágkonu.

Hinn 30. september 1986 kvaddi aðalstefnandi aðalstefndu til fundar, þar sem þeim var afhent yfirlýsing um riftun kaupanna. Sem ástæður riftunar voru tilgreindar rangar upplýsingar við samningsgerð um veltu fyrirtækisins og birgðir af myndböndum, ófullnægjandi upplýsingar um ástand myndbanda og brostnar forsendur tilboðs varðandi leigusamning. Aðalstefndu mótmæltu riftuninni og áréttuðu mótmælin með bréfi, dags. 2. október 1986. Þar lýsa þær yfir, að þær telji sig hafa í hvívetna gefið réttar upplýsingar, og vísa á bug fullyrðingum um, að þær hafi haft rangt við.

Aðalstefnandi hélt áfram rekstri verslunarinnar til 7. október 1986, er fram fór talning vörubirgða að viðstöddum lögreglumanni. Aðalstefndu sinntu ekki áskorun um að vera við talninguna og taka að henni lokinni við lyklum verslunarinnar. Farið var með lyklana til heimilis stefndu, Gunnlaugar, sem var fjarverandi, en aðalstefndu afhentu þá síðan á lögreglustöðinni í Keflavík. Eftir það gerði aðalstefnandi nauðsynlegar ráðstafanir í kjölfar innbrots og vátryggði vörubirgðir og innréttingar. Einnig gerði hann tilraunir til að fá kaupanda að versluninni, sbr. fram lagða dagblaðsauglýsingu 18. desember 1986. Þá var af hálfu aðalstefnanda gerð tilraun til að ná sáttum við aðalstefndu á fundi 26. nóvember 1986, og kom þar fram boð af hálfu hans um, að kaupverð eignanna yrði talið 1.750.000 kr., en af hálfu aðalstefndu var sett fram hugmynd um, að verðið yrði lækkað í 2.450.000 kr.

Hlutafélagið Stjarnan hafði verið stofnað á árinu 1985 um rekstur umræddrar verslunar. Aðalstefndu höfðu áður keypt hana í eigin nafni, og þær voru einar aðilar að hlutafélaginu, er viðskipti aðila málsins fóru fram. Samþykktu þær á hluthafafundi 8. október 1986 að breyta nafni félagsins í Vattnar hf.

Af hálfu aðalstefndu hefur tvívegis verið lögð fram beiðni í fógetarétti Njarðvíkur um löghald í eignum aðalstefnanda til tryggingar ætluðum kröfum þeirra samkvæmt kaupsamningi. Í fyrra málinu, þar sem krafist var tryggingar fyrir kröfum, að fjárhæð 2.209.000 kr., var beiðni synjað með úskurði 4. desember 1986. Síðara málinu lauk með sátt.

III. Aðalstefnandi rökstyður aðalkröfu sína í aðalsök með verulegum vanefndum aðalstefndu og að forsendur tilboðs hans hafi verið rangar. Aðalstefndu hafi gefið rangar upplýsingar við samningsgerð um veltu verslunarinnar, svo að miklu nemi, og að auki vanrækt upplýsingaskyldu um seldar eignir. Upplýsingar um veltu hafi verið ákvörðunarástæða aðalstefnanda um að gera kaupin og eins varðandi tilboðsverð. Hin selda eign hafi verið

verulega gölluð. Venja sé, að við mat á viðskiptavild sé miðað við veltu. Hafi samningurinn verið mjög ósanngjarn og hann og öll samningsgerðin verið andstæð góðum viðskiptavenjum. Einnig er krafan rökstudd með vanheimild aðalstefndu. Þær hafi ekki verið eigendur verslunarinnar, heldur Stjarnan hf. Þær hafi því ekki haft heimild til sölu verslunarinnar í eigin nafni.

Þá reisir aðalstefnandi kröfu sína á brostnum forsendum varðandi leigusamning. Tilgreint skilyrði við kaup hafi verið óbreyttur leigusamningur til fjögurra ára. Leigusamningur hafi ekki verið kominn á við undirritun kaupsamnings. Afhending víxla hafi ekki átt að fara fram, fyrr en leigusamningur væri kominn á, og hafi afhending (af hálfu fasteignasalans) og móttaka þeirra fyrir þann tíma verið ólögmæt. Leigusamningur hafi ekki komist á, þar sem leigusali hafi gert að skilyrði, að leiga fyrir allt tímabilið yrði greidd með útgáfu verðtryggðs skuldabréfs.

Bótakrafa aðalkröfu er um vangildisbætur vegna málskostnaðar í tveimur fógetaréttarmálum. Varakröfu sína rökstyður aðalstefnandi með því, að hin selda eign hafi verið gölluð, hana hafi skort áskilda kosti. Aðalstefndu hafi vísvitandi gefið rangar upplýsingar um veltu, sem hafi verið ákvarðandi fyrir kaup aðalstefnanda og kaupverð eignarinnar, jafnframt því að vanrækja upplýsingaskyldu um eignirnar og ástand þeirra. Krafa um afslátt er byggð á sömu sjónarmiðum um, að hin selda eign hafi verið gölluð og kaupverðið allt of hátt. Samningurinn hafi verið ósanngjarn og andstæður góðri viðskiptavenju, ef efna ætti hann óbreyttan. Í varakröfu er krafa um kostnað vegna fógetaréttarmáls, þar sem synjað var um löghald með úrskurði fógetaréttar.

Til stuðnings kröfum sínum vísar aðalstefnandi til reglna kröfuréttar um stofnun samninga, efndir og vanefndaúrræði. Vísað er til laga nr. 39, 1922, einkum 42., 45., 25. og 57. gr., III. kafla laga nr. 7, 1936, einkum 36. gr., og til venja um kaup fyrirtækja.

Aðalstefndi rökstyður kröfu sína í aðalsök með því, að kaupsamningur aðila hafi verið góður og gildur og ekkert staðfest komið fram um, að hann væri ekki réttmætur í alla staði. Er vísað til meginreglna laga um lausafjárkaup nr. 39, 1922. Á það er bent, að samningurinn taki til mikils fjölda muna, þ. e. tækja, innréttinga og birgða. Ógerlegt sé að láta riftun ná fram að ganga vegna þess, að ekki liggi nákvæmlega fyrir, hvaða muni var um að ræða og ástand þeirra. Að hluta séu aðstæður einnig breyttar. Myndbönd, sem hafi verið góð söluvara í september 1986, séu mörg hver ekki eins eftirsótt nú. Ógerlegt sé því fyrir aðalstefnanda að skila þeim munum, sem hann fékk, en það sé meginatriði í riftunarmálum.

Í gagnsök rökstyðja gagnstefnendur kröfu sína með því, að þær hafi staðið við sinn hluta kaupsamningsins að fullu, en á það skorti sem

svarar kröfum þeirra, að gagnstefnandi hafi staðið við hann að sínum hluta.

Gagnstefndi rökstyður aðalkröfu sína í gagnsök með því, að kaupsamningi, sem gagnstefnendur byggi kröfur sínar á, hafi verið rift af sinni hálfu 30. september 1986. Varakrafa gagnstefnda er reist á skuldajöfnuði vegna varakröfu hans í aðalsök.

IV. Fullyrðing aðalstefnanda um, að aðalstefndu hafi gefið rangar upplýsingar við samningsgerð um veltu verslunarinnar, er studd því, að eftir kaupin aflaði hann söluskattsskýrslna, sem tilgreindu veltu í júní 1986 344.410 kr., í júlí 430.085 kr. og í ágúst 474.447 kr. Aðalstefndu hafa borið, að vegna fjárskorts hafi söluskattsskýrslur þessar verið rangar, en þær hafi síðar, þ. e. í október eða nóvember sama ár, leiðrétt söluskattsgreiðslur með viðbótarsöluskattsskýrslum, sem lagðar hafa verið fram í málinu. Þar er viðbótarvelta tilgreind samtals 673.150 kr. og heildarvelta mánaðanna júní-ágúst samkvæmt söluskattsskýrslum því 1.922.092 kr. Þá hefur aðalstefnandi vísað til fram lagðra söluskattsskýrslna Stjörnunnar hf. fyrir mánuðina janúar-maí 1986 og sín sjálfs fyrir hluta mánaðanna september og október 1986, en velta þessara tímabila er samkvæmt þeim hlutfallslega lægri en veltutölur þær, sem aðalstefndu gáfu upp við kaupin. Ekki eru efni til þess í dómi þessum að kveða af eða á um réttmæti framangreindra söluskattsskýrslna. Við úrlausn málsins hlýtur áhersla hins vegar að liggja á því, að aðalstefnandi óskaði ekki eftir afriti söluskattsskýrslna eða neinna upplýsinga úr bókhaldi, áður en kaupin voru gerð. Aðalstefnandi þykir þannig ekki hafa fært sönnur að því, að aðalstefnendur hafi gefið rangar upplýsingar um veltu. Eigi að heldur hefur hann sýnt fram á, að hinar seldu eignir hafi verið gallaðar eða að aðalstefndu hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína. Hann verður ekki talinn geta reist kröfur á því, að myndbönd reyndust vera 1589 við talningu 7. október 1986, m. a. vegna skorts á upplýsingum um útleigu og skil myndbanda þann tíma, sem hann annaðist reksturinn. Fullyrðing í riftunaryfirlýsingu um ófullnægjandi upplýsingar um ástand myndbanda er engum gögnum studd.

Aðalstefnandi hefur ekki fært sönnur að vanheimild aðalstefndu eða að hann hafi af þeim sökum ekki öðlast þau réttindi og þær eignir, sem honum báru samkvæmt kaupsamningi.

Sú málsástæða aðalstefnanda, að tilgreint skilyrði við kaupin hafi verið óbreyttur húsaleigusamningur til fjögurra ára, hlýtur ekki fullnægjandi stoð í gögnum málsins né heldur staðhæfing um, að afhending víxla hafi ekki átt að fara fram, fyrr en leigusamningur væri kominn á. Aðalstefndu slepptu öllu tilkalli til leigusamnings, en ábyrgðust ekki, að um semdist með leigusala og aðalstefnanda. Um leigumála virðist öðru fremur hafa skort frumkvæði og fyrirhyggju af hálfu aðalstefnanda.

Dómurinn telur ekki, að fallast beri á kröfur aðalstefnanda með því, að kaupsamningur aðila málsins hafi verið ósanngjarn eða að það sé andstætt góðri viðskiptavenju, ef efna ætti hann óbreyttan.

Niðurstaða dómsins verður samkvæmt framangreindu sú í aðalsök, að sýkna ber aðalstefndu af kröfum,- aðalkröfu og varakröfu,- aðalstefnanda.

Krafa gagnstefnanda styðst við ákvæði kaupsamningsins og er reist á ákvæði hans, sem gagnstefndi hefur ekki efnt, um yfirtöku veðskuldabréfa. Með vísan til þeirrar niðurstöðu dómsins, að gildi samningsins hafi ekki verið hnekkt og að ekki beri að taka til greina varakröfu aðalstefnanda í aðalsök, verður krafa gagnstefnanda tekin til greina að fullu.

Dæma ber aðalstefnanda til að greiða gagnstefnanda málskostnað, sem ákveðst í einu lagi í aðalsök og gagnsök 200.000 kr.

Aðfararfrestur samkvæmt 6. mgr. 193. gr. laga nr. 85, 1936, sbr. 41. gr. laga nr. 28, 1981, og 4. mgr. 194. gr. sömu laga, ákveðst 15 dagar.

Dóm þennan kveða upp Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari og samdómendurnir Jón G. Briem lögfræðingur og Reynir Ólafsson, löggiltur fasteignasali.

Dómsorð:

Aðalstefndu, Helga Gunnólfsdóttir, Helga Árnadóttir, Helga Bylgja Gísladóttir og Gunnlaug Árnadóttir, skulu vera sýknar af kröfum aðalstefnanda, Jóns Sigurðssonar.

Gagnstefndi greiði gagnstefnendum 2.209.000 kr. ásamt 17,5% ársvöxtum af 2.209.000 kr. frá 1. september 1986 til 1. apríl 1988, þ. e. 612.070 kr., 2,5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð af 1.505.070 kr. frá 1. apríl 1988 til greiðsludags og 17,5% ársvöxtum af 1.316.000 kr. frá 1. apríl 1988 til greiðsludags.

Aðalstefnandi greiði gagnstefnendum málskostnað, 200.000 kr.

Aðfararfrestur er 15 dagar.

Fjárnám fógetaréttar Njarðvíkur 30. nóvember 1988.

„Ár 1988, miðvikudaginn 30. nóvember, er fógetaréttur Njarðvíkur settur og haldinn í dómsal embættisins, Vatnsnesvegi 33, Keflavík, af Árna Hauki Björnssyni fulltrúa að viðstöddum vottum.

Fyrir er tekið: Fógetaréttarmálið Helga Gunnólfsdóttir, Helga Árnadóttir, Gunnlaug Árnadóttir og Helga B. Gísladóttir gegn Jóni Sigurðssyni, kt. 050951-2519.

Með gerðarþola er mættur Halldór Magnússon. Fyrir gerðarbeiðanda mætir Tómas Gunnarsson hrl. og leggur fram nr. 1, dóm bæjarþings, dags. 16. maí 1988, og krefst fjárnáms fyrir 2.209.000 kr. ásamt 17,5% ársv. af 2.209.000 kr. frá 1. sept. 1986 til 1. apríl 1988, þ. e. 612.070 kr., 2,5%

drv. f. hvern byrjaðan mánuð af 1.505.070 kr. frá 1. apríl 1988 til greiðsludags og 17,5% ársvöxtum af 1.316.000 kr. frá 1. apríl 1988 til greiðsludags, einnig til tryggingar málskostnaði 200.000 kr., kostn. við birtingu dóms þessa, 1.110 kr., ritunar fjárnámsbeiðni þessarar og alls annars kostnaðar við fjárnámið og eftirfarandi uppboð. Fjárnámsgerðin á að fara fram á ábyrgð gerðarbeiðanda, umbj. lögmannsins.

Gerðarþoli, Jón Sigurðsson, er mættur í fógetaréttinum skv. boðun með símskeyti, og er gætt leiðbeiningarskyldu gagnvart mætta. Fógeti skorar á mætta að greiða umkrafða skuld, en hann kveðst ekki geta greitt. Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta gerir fógeti fjárnám í: Ö-4216, Fiat 132, árgerð 1980, R-72751, Peugeot, árgerð 1985, auk lagers, sem á að vera í vörslu lögreglunnar í Keflavík, myndbönd, sælgæti, áhöld, tæki tilheyrandi versluninni Stjörnunni, sem var að Hafnargötu 34, Keflavík. Þá bendir mætti á til fjárnáms hluta sinn í skuldabréfi, að upphæð 3.700.000 kr., út gefnu af Stefáni Friðrikssyni, en greiðandi að bréfinu er Sigurður Friðriksson. Bréfið kveður mætti vera í vörslu Stefáns Sigurðssonar, Eyrarlandsvegi 8, Akureyri, en bréfið er til fimm ára með föstum 6,5% vöxtum, verðtryggt.

Lýst er yfir fjárnámi í ofangreindum eignum.

Fógeti skýrir þýðingu gerðarinnar.

Fulltrúi gerðarbeiðanda óskar eftir virðingu.

Gerðinni er frestað til miðvikudagsins 7. desember kl. 9.30, og verður henni fram haldið í dómsal embættisins að Vatnsnesvegi 33, Keflavík."

Þriðjudaginn 23. júní 1992.

Nr. 108/1991. **Rafn Hagan Steindórsson**
gegn
Hampiðjunni hf.
og til réttargæslu
Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

Læknaráð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Í málinu liggur fyrir mat Jónasar Hallgrímssonar læknis frá 3. apríl 1989 á örorku áfrýjanda, sem þá hafði verið metinn meira en 75% öryrki hjá Tryggingastofnun ríkisins um nokkurt skeið. Í mati sínu leggur læknirinn til, að áfrýjanda verði metin 50% varanleg örorka vegna reykmengunar, sem varð í Hampiðjunni hf. 2. nóvember 1981, þegar þar kviknaði eldur í blýpotti.

Þá liggja fyrir bréf dr. Vilhjálms Rafnssonar yfirlæknis frá 29. september 1988 og greinargerð sama aðila 11. júlí 1989.

Loks eru í málinu tvö bréf Davíðs Gíslasonar læknis, sérfræðings í lyflækningum og ofnæmissjúkdómum, frá 11. október 1988 og 24. apríl 1989 og tvö vottorð Kristjönu Kjartansdóttur heilsugæslulæknis 1. júní og 31. júlí 1989.

Allir framangreindir læknar hafa gefið skýrslur fyrir bæjarþingi Reykjavíkur. Þar og í framangreindum gögnum virðast koma fram mismunandi sjónarmið um hugsanlegt orsakasamband milli sjúkdóms áfrýjanda og atburðarins í Hampiðjunni hf. 2. nóvember 1981.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur var kveðinn upp 13. desember 1990. Hann skipuðu Jón L. Arnalds borgardómari og meðdómsmennirnir Jakob Kristinsson, dósent í eiturefnafræði, og Tryggvi Ásmundsson læknir, sérfræðingur í lungnasjúkdómum. Á bæjarþingi 31. október 1990 lýstu lögmenn aðila yfir, að þeir óskuðu ekki eftir umsögn læknaráðs.

Mál þetta var fyrst flutt fyrir Hæstarétti um formhlið 3. apríl

1992. Við flutning um efnisatriði málsins 3. júní 1992 kom lögmönnum aðila ásamt um að gefnu tilefni frá Hæstarétti að óska þess, að leitað yrði umsagnar læknaráðs í málinu. Þeir hafa í sameiginlegu bréfi til Hæstaréttar 4. júní 1992 tilgreint þau atriði, er þeir æskja umsagnar um.

Áður en dómur verður lagður á mál þetta, þykir rétt með vísun til 1. og 2. mgr. 2. gr., sbr. 4. mgr. 6. gr., laga nr. 14/1942 um læknaráð að æskja þess, að læknaráð láti uppi rökstutt álit um eftirfarandi á grundvelli læknisfræðilegra gagna málsins og umfjöllunar í héraðsdómi:

1. Telur læknaráð unnt að líta svo á, að rekja megi örorku áfrýjanda að nokkru eða öllu til þess atburðar, er varð í Hampiðjunni hf. 2. nóvember 1981?

2. Ef svo er, fellst læknaráð þá á örorkumat Jónasar Hallgrímssonar læknis?

3. Ef ekki, hvernig ber þá að meta varanlega örorku áfrýjanda vegna hins umrædda atburðar?

Á l y k t a r o r ð:

Læknaráð láti í té umsögn samkvæmt framangreindu.

Þriðjudaginn 23. júní 1992.

Nr. 131/1992. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Ómari Egilssyni og
Sævari Erlendssyni
(Brynjólfur Kjartansson hrl.).

Blekking. 261. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. mars 1992 að ósk ákærðu, en einnig af hálfu ákæruvalds til sakfellingar samkvæmt ákæru og refsiákvörðunar. Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar á bótaákvæði hins áfrýjaða dóms.

Í málinu er eingöngu ákært fyrir brot á 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ákvæði laga um leigubifreiðar nr. 77/1989 og reglugerðar nr. 121/1990 koma því ekki til álita við mat á þeirri háttsemi ákærðu, sem ákæran tekur til.

Þegar atvik málsins eru virt, verður að telja ósannað, að auðgunartilgangur hafi legið að baki þeirri háttsemi, sem ákærðu höfðu í frammi gagnvart Haraldi Kjartanssyni og lýst er í hinum áfrýjaða dómi. Eru því ekki efni til að sakfella þá fyrir brot gegn 248. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 243. gr. laganna. Á hinn bóginn brutu ákærðu með háttsemi sinni gegn 261. gr. almennra hegningarlaga. Ber að sakfella þá eftir þeirri lagagrein samkvæmt heimild í 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, enda gafst kostur á því við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti að reifa málið og koma að vörn með hliðsjón af 261. gr.

Refsing hvors hinna ákærðu þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin 12.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi þriggja daga varðhald í stað sektar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um skaðabætur og sakarkostnað.

Dæma ber ákærðu til að greiða óskipt allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærðu, Ómar Egilsson og Sævar Erlendsson, greiði hvor 12.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi þriggja daga varðhald í stað sektar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um skaðabætur og sakarkostnað er staðfest.

Ákærðu greiði óskipt allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Brynjólfs Kjartanssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 10. febrúar 1992.

Ár 1992, mánudaginn 10. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 59-60/1992: Ákæruvaldið gegn Ómari Egilssyni og Sævari Erlendssyni, sem tekið var til dóms 3. febrúar sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 30. desember sl., á hendur ákærðu, Ómari Egilssyni, Tunguvegi 1, Hafnarfirði, fæddum 30. nóvember 1949, fæðingarnúmer 441, og Sævari Erlendssyni, Asparfelli 12, Reykjavík, fæddum 1. apríl 1946, fæðingarnúmer 201, ,, fyrir að hafa að kvöldi mánudagsins 13. maí 1991 fengið Harald Kjartansson til að aka þeim í sendibifreiðinni GR 030 frá Garðastræti 38, Reykjavík, og út á Grandagarð og þaðan að veitingahúsinu Ölveri í Glæsibæ við Álfheima og þar horfið úr bifreiðinni án þess að greiða áfallið ökugjald, 3.000 krónur.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar auk skaðabóta".

Málavextir eru þessir:

Mánudaginn 13. maí sl. kl. 21.50 var beðið um aðstoð lögreglu að Ölveri, Glæsibæ, sökum þess að sendibílstjóri væri í vandræðum með tvo menn, sem neituðu að borga fyrir akstur í greiðabíl. Lögreglumenn fóru á staðinn og höfðu tal af kæranda, Haraldi Kjartanssyni, kt. 160756-3579, en hann

var ökumaður sendibifreiðarinnar GR 030. Kvaðst hann hafa ekið ákærðu um borgina, og hefðu þeir farið inn á skemmtistaðinn og neitað að greiða fyrir aksturinn, en að sögn kæranda stóð gjaldmælirinn í 3.000 krónum. Lögreglumenn höfðu tal af ákærðu, sem báðir eru leigubifreiðarstjórar að atvinnu, og kváðu þeir kæranda ekki hafa heimild til fólksflutninga gegn gjaldi, og neituðu þeir að greiða áfallið ökugjald.

Ákærði Ómar skýrði svo frá fyrir dómi, að hann væri leigubifreiðarstjóri, og kvað hann stétt sína hafa átt í erjum við greiðabílstjóra vegna aksturs þeirra á fólki. Kvað ákærði þetta hafa margoft verið kært til lögreglu, en ekkert verið aðhafst í málinu. Ákærði kvaðst umrætt sinn hafa verið staddur í húsi við Garðastræti ásamt meðákærða og Grími Grímssyni leigubifreiðarstjóra, og hafi þeir rætt þessi mál. Ákærði kvað, að þeir hefðu ákveðið að gera eitthvað róttækt í málinu. Ákærði kvaðst hafa hringt á greiðabílastöð og spurt, hvort þeir ækju fólki, og kvað ákærði því hafa verið játað. Kvað ákærði þá hafa pantað bifreið, og hefði verið ákveðið að aka að Kaffivagninum á Grandagarði og hringja þaðan á lögreglu úr bílasíma leigubifreiðar, sem þar var stödd. Ákærði kvað, að þeim hefði verið tjáð, að ekki væri tími til að sinna þessu máli, og hefði því verið ákveðið að aka að veitingahúsinu Ölveri. Ákærði kvað, að þeir hefðu beðið bifreiðarstjórann að bíða, en honum hefði ekki verið tjáð, að þeir væru að reyna að ná sambandi við lögreglu. Ákærði kvað, að bifreiðarstjórinn hefði skömmu síðar komið inn á veitingastaðinn og þeir þá spurt hann, hvort hann hefði heimild til að aka fólki, og jafnframt hefðu þeir tjáð honum, að þeir myndu ekki greiða fyrir aksturinn. Kvað ákærði, að bifreiðarstjórinn hefði þá hringt í lögregluna, sem hefði komið strax á vettvang. Ákærði kvað, að ekkert hefði verið rætt við bifreiðarstjórann við upphaf ferðarinnar um pakkaflutning með bifreiðinni.

Ákærði Sævar skýrði frá aðdraganda málsins fyrir dómi á sama hátt og ákærði Ómar. Ákærði kvað meðákærða hafa hringt á greiðabílastöð og spurt, hvort þeir ækju fólki, og kvað ákærði því hafa verið játað. Kvaðst ákærði þá hafa pantað bifreið, og hefði verið ákveðið að aka að Kaffivagninum á Grandagarði og hringja þaðan á lögreglu úr bílasíma leigubifreiðar, sem þar var stödd. Ákærði kvað, að þeim hefði verið tjáð, að ekki væri tími til að sinna þessu máli, og hefði því verið ákveðið að aka að veitingahúsinu Ölveri. Ákærði kvað, að þeir hefðu beðið bifreiðarstjórann að bíða, en honum hefði ekki verið tjáð, að þeir væru að reyna að ná sambandi við lögreglu. Ákærði kvað, að bifreiðarstjórinn hefði skömmu síðar komið inn á veitingastaðinn og þeir þá spurt hann, hvort hann hefði heimild til að aka fólki, og jafnframt hefðu þeir tjáð honum, að þeir myndu ekki greiða fyrir aksturinn. Kvað ákærði, að bifreiðarstjórinn hefði þá hringt í lögregluna, sem hefði komið strax á vettvang. Ákærði kvað, að

ekkert hefði verið rætt við bifreiðarstjórann við upphaf ferðarinnar um pakkaflutning með bifreiðinni.

Ákærði kvaðst ekki hafa tekið eftir mælisstöðu, og hann kvað, að bifreiðarstjórinn hefði ekki nefnt neina fjárhæð við sig, heldur hefði hann tjáð lögreglunni, hver skuldin var.

Vitnið Haraldur Kjartansson, kt. 160756-3579, Skógargerði 9, Reykjavík, sendibílstjóri, kærandi í máli þessu, skýrði svo frá fyrir dómi, að það hefði verið pantað fyrir Ómar að húsi við Garðastræti. Vitnið kvaðst hafa farið á vettvang, og hefðu tveir menn komið inn í bifreiðina, sem er sendibifreið, svokölluð greiðabifreið. Vitnið kvað ekkert hafa verið talað um tilgang ferðarinnar, hvorki pakkaflutning né fólksflutning eingöngu. Vitnið kvað, að þeir hefðu beðið um akstur að Granda, og kvað vitnið, að þeir hefðu farið inn í Kaffivagninn þar. Vitnið kvaðst ekki hafa vitað, að mennirnir hefðu verið að reyna að ná sambandi við lögreglu. Vitnið kvað mennina hafa komið aftur inn í bifreiðina. Kvaðst vitnið hafa ekið þeim um bæinn, og hefðu þeir beðið um akstur að veitingahúsinu Ölveri, þar sem þeir fóru inn. Sögðust þeir ætla að skreppa þar inn og ekkert verið rætt um, að akstri væri lokið. Vitnið kvaðst hafa beðið þarna smástund, en síðan farið inn og haft tal af mönnunum og krafið þá um greiðslu, en mælirinn hefði verið kominn í 3.000 krónur. Vitnið kvað mennina hafa neitað greiðslu og tjáð vitninu, að það hefði ekki heimild til að aka fólki gegn greiðslu. Vitnið kvaðst síðan hafa hringt á lögreglu, sem hefði komið fljótlega á vettvang.

Vitnið kvaðst ekki vera í Trausta, félagi sendibifreiðarstjóra, en kvaðst vera félagi í Afli, félagi sendibifreiðarstjóra Sendibíla hf. Vitnið kvað, að Afl væri stéttarfélag, og kvaðst vitnið greiða stéttarfélagsgjald þangað. Vitnið kvað, að sú gjaldskrá, sem notuð væri, væri svokallaður greiðabílataxti, sem kominn væri frá Trausta. Vitnið kvaðst ekki geta svarað því, hvers vegna það væri ekki félagi í Trausta, og ekki kvaðst vitnið hafa séð bréf samgönguráðuneytisins, þar sem segir, að frá og með 20. mars 1990 sé öllum, sem þá stundi leiguakstur á sendibifreið frá viðurkenndri stöð, skylt að vera í Trausta.

Vitnið kvaðst eiga umrædda greiðabifreið, en hún væri skráð á kunningja sinn af sérstökum ástæðum, en vitnið kvað kunningja sinn ekki hafa arð af rekstri bifreiðarinnar.

Vitnið Kjartan Ólafsson Andrésson, kt. 020434-2959, Melabraut 10, Seltjarnarnesi, leigubifreiðarstjóri, skýrði svo frá dómi, að það hefði umrætt sinn verið beðið að fara að Garðastræti 38, og þar kvað vitnið, að Grímur Grímsson leigubifreiðarstjóri hefði komið inn í bifreiðina og beðið um akstur um bæinn, og kvað vitnið, að ekið hefði verið að Granda, þar sem umrædd greiðabifreið var. Vitnið kvað, að Grímur hefði tjáð sér,

að ætlunin væri að fá lögregluna til að sinna þessum málum, og kvað vitnið, að Grímur hefði hringt til lögreglunnar úr bílasíma vitnisins. Vitnið kvað, að lögreglan hefði ekki viljað sinna þessu, og hefði verið skellt á Grím. Vitnið kvaðst ekki hafa heyrt svör þess, sem svaraði af hálfu lögreglunnar. Vitnið kvaðst síðan hafa ekið Grími heim til hans og ekkert frekar geta borið um mál þetta.

Vitnið Grímur Aðalbjörn Grímsson leigubifreiðarstjóri, kt. 270751-2359, Kambsvegi 1 A, Reykjavík, skýrði svo frá fyrir dómi, að það hefði umrætt sinn verið statt í húsi við Garðastræti ásamt ákærðu, og hefðu þeir rætt um mál greiðabílstjóra, sem að staðaldri aka fólki gegn gjaldi. Kvað vitnið, að ekkert hefði verið gert í þessum málum af hálfu yfirvalda. Vitnið kvað, að greiðabifreið hefði verið pöntuð á staðinn, og kvað vitnið, að ekkert hefði verið rætt um tilgang ferðarinnar, er bifreiðin var pöntuð, en þó minnti vitnið, að spurt hefði verið, hvort bifreiðin væri ekki fyrir fleiri en tvo farþega. Vitnið kvað, að greiðabifreiðin hefði komið á staðinn, en vitnið kvaðst ekki vita, hvað ákærðu og bifreiðarstjóranum fór á milli. Kvað vitnið mál hafa þróast þannig, að ekið hefði verið að Granda, þar sem vitnið kvaðst hafa hringt í lögreglu úr bílasíma leigubifreiðar, sem vitnið var farþegi í. Kvaðst vitnið hafa beðið um lögreglu á staðinn, en sér verið tjáð, að þeir hefðu ekkert um þessi mál að segja og það væri ekki í sínum verkahring að sinna þessu. Vitnið kvaðst hafa hringt aftur og ítrekað beiðni sína um aðgerðir, en allt komið fyrir ekki, og hefði síðan verið skellt á vitnið. Vitnið kvaðst eftir þetta hafa farið heim.

Ákærðu var 18. desember sl. boðið að ljúka máli þessu með dómsátt, en þeir höfnuðu því. Ákæra í máli þessu var send dóminum með bréfi ríkissaksóknara, dagsettu 30. desember sl., og segir í bréfinu m. a., að af ákæruvaldsins hálfu þyki eigi efni til frekari aðgerða á hendur kæranda í máli þessu.

Niðurstaða.

Í máli þessu er upplýst, að ákærðu, sem báðir eru leigubifreiðarstjórar að atvinnu, fengu kæranda til að aka sér í umræddri greiðabifreið um borgina, eins og rakið er í ákæruskjali, og jafnframt er upplýst, að í upphafi hafi vakað fyrir þeim að greiða ekki fyrir aksturinn. Hafa ákærðu borið, að tilgangur sinn hafi verið sá að koma lögum yfir greiðabílstjóra, en þeim sé óheimilt að aka fólki gegn gjaldi. Hafi mikið verið reynt að fá yfirvöld til aðgerða, en það ekki tekist. Kærandi hefur borið, að ákærðu hafi ekkert rætt við sig um tilgang ferðarinnar, hvorki hvort um pakkaflutning væri að ræða eða fólksflutning eingöngu. Þá hnígur framburður ákærðu og vitnisins Gríms í sömu átt.

Kærandi var bifreiðarstjóri sendibifreiðar og hafði sem slíkur heimild til

flutnings á vörum fyrir tiltekið gjald, sbr. 1. gr. laga nr. 77/1989. Samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 121/1990 er heimilt, þegar nauðsyn krefur, að flytja í sendibifreið umsjónarmenn þeirrar vöru, sem flutt er. Þegar litið er til þess, að ákærðu upplýsa kæranda ekkert um tilgang ferðarinnar, verður að ætla, að ekki sé loku fyrir það skotið, að hann kynni að hafa staðið í þeirri trú, að pakkaflutningur stæði fyrir dyrum frá einhverjum öðrum stað en upphafsstað ferðarinnar. Þykja ákærðu með þessum hætti hafa hagnýtt sér þess óljósu hugmynd kæranda um atvik. Með vísan til framanritaðs telst því sannað, að ákærðu hafi gerst sekir um háttsemi þá, sem þeim er gefin að sök í ákæruskjali og varðar við 248. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt sakavottorði ákærða Ómars hefur hann á árunum 1968 til 1977 fjórum sinnum sæst á sektargreiðslur fyrir brot gegn almennum hegningarlögum, umferðarlögum og áfengislögum.

Samkvæmt sakavottorði ákærða Sævars hefur hann hlotið eftirtalda refsidóma:

1977 19/4 13.900 króna sekt fyrir brot gegn 19. gr. áfl.
1979 7/6 150.000 króna sekt fyrir brot gegn 215. gr. alm. hgl. og 49. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi 10 mán.

Auk þessa hefur ákærði Sævar á árunum 1966 til 1987 fjórum sinnum sæst á sektargreiðslur fyrir brot gegn almennum hegningarlögum, umferðarlögum og áfengislögum.

Með hliðsjón af málavöxtum öllum þykir mega ákveða, að fresta skuli ákvörðun um refsingu ákærðu, og skal hún niður falla að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærðu hvor um sig almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Kærandi hefur krafist greiðslu á áföllnu ökugjaldi, 3.000 kr., en mál þetta hefur snúist um neitun ákærðu á greiðslu gjaldsins. Kærandi hefur að vísu engin gögn lagt fram til stuðnings kröfu sinni, en óumdeilt er, að ákærðu notfærðu sér þjónustu kæranda, sem hann þykir eiga rétt á greiðslu fyrir. Þykir fjárhæð kröfunnar ekki óeðlileg miðað við þá þjónustu, sem kærandi innti af hendi í þágu ákærðu. Verður krafa kæranda því tekin til greina að fullu og ákærðu dæmdir til að greiða kæranda 3.000 kr. in solidum.

Þá ber að dæma ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar in solidum, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Péturs Kjerúlf hdl., 25.000 kr.

Dómsorð:

Ákvörðun um refsingu ákærðu, Ómars Egilssonar og Sævars Erlendssonar, er frestað, og skal hún niður falla að liðnum þremur

árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærðu hvor um sig almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærðu greiði Haraldi Kjartanssyni, Skógargerði 9, Reykjavík, 3.000 kr. in solidum.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað in solidum, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Péturs Kjerúlf hdl., 25.000 kr.

Þriðjudaginn 23. júní 1992.

Nr. 247/1992. **Gunnar Hólm Guðbjartsson**
gegn
Ágústu Ingibjörgu Hólm,
Guðjóni Guðbjartssyni,
Ólafi Guðbjartssyni,
Önnu Margréti Guðbjartsdóttur,
Hólmfríði Guðbjartsdóttur,
Steinunni Guðbjartsdóttur og
Guðbjarti Guðbjartssyni.

Kærumál. Skipti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 3. júní 1992 og vísar um kæruheimild í 2. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Málið barst Hæstarétti 10. júní sl. Kröfur sóknaraðila eru þær, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og að kröfur hans verði teknar til greina, þ.e. aðallega, að svo verði kveðið á, að lögleg búskipti hafi aldrei farið fram eftir fyrri eiginkonu Guðbjarts Hólm Guðbjartssonar, Ólafíu Jónsdóttur, er andaðist 31. ágúst 1953, og búi hans nú verði því skipt, svo sem hann hefði setið í óskiptu búi eftir fyrri eiginkonu, og tekið tillit til þess við skiptin, að sóknaraðili eigi móðurarf sinn inni í búinu. Til vara krefst hann þess, að ef talið verði, að lögleg búskipti hafi farið fram árið 1954, verði allt að einu staðfest, að sóknaraðili hafi aldrei fengið móðurarf sinn greiddan úr búinu, og eigi hann því arfinn inni í búinu, og verði tekið fullt tillit til þess við skiptin nú.

Af hálfu varnaraðila hafa engar kröfur verið hafðar uppi fyrir Hæstarétti.

Hinn kærði úrskurður skiptaréttar Kjósarsýslu lýtur annars vegar að kröfu sóknaraðila um, að bú foreldra sinna, Guðbjarts Hólm Guðbjartssonar og fyrri eiginkonu hans, Ólafíu Jónsdóttur, verði tekið til skipta, en hins vegar að þeirri kröfu hans, að við skipti

á dánar- og félagsbúi fyrrgreinds Guðbjarts Hólm og síðari eiginkonu hans, Gunnleifar Kr. Sveinsdóttur, fái hann móðurarf sinn greiddan úr búinu. Þegar litið er á málsefnið í heild og með hliðsjón af 2. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973, þykir rétt þrátt fyrir ákvæði b-liðar sama töluliðar að telja kæru úrskurðarins heimila.

Eins og rakið er í hinum kærða úrskurði, andaðist móðir sóknaraðila 31. ágúst 1953. Samkvæmt skiptasamningi 3. maí 1954 og erfðafjárskýrslu sama dag fóru fram skipti á dánar- og félagsbúi hennar og Guðbjarts Hólm Guðbjartssonar, en gögn þessi voru athugasemdalaust móttekin af sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu og greiddur erfðafjárskattur í samræmi við þau. Verður að meta þetta svo, að skiptaráðandi hafi samþykkt, að einkaskipti færu fram á búinu, sbr. 74. gr. laga nr. 3/1878 um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl., og hann hafi jafnframt litið svo á við móttöku skjalanna, að skiptum væri þar með lokið. Guðbjartur Hólm mun skömmu síðar hafa stofnað til hjúskapar að nýju. Þegar á þetta er litið ásamt því, hversu langur tími leið, áður en sóknaraðili setti fram kröfur sínar, þykja ekki lagaskilyrði til að taka til greina kröfur sóknaraðila í kærumáli þessu. Verður hinn kærði úrskurður því staðfestur.

Ekki reynir á kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður skiptaréttar Kjósarsýslu 22. maí 1992.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi, sem fram fór 30. apríl 1992.

Sóknaraðili málsins er Gunnar Hólm Guðbjartsson, Lyngási, Kjalarneshreppi. Hann gerir þá réttarkröfu aðallega, að því verði slegið föstu með úrskurði skiptaréttar, að lögleg búskipti hafi aldrei farið fram eftir lát Ólafíu Jónsdóttur, er andaðist 31. ágúst 1953, fyrri eiginkonu arfláta, Guðbjarts Hólm Guðbjartssonar, og bú hans verði því skipt, svo sem hann hefði setið í óskiptu búi eftir fyrri eiginkonu, og tekið tillit til þess við skiptin, að sóknaraðili eigi móðurarf sinn inni í búinu. Til vara krefst sóknaraðili þess, ef skiptarétturinn kemst að þeirri niðurstöðu, að lögleg búskipti hafi farið fram árið 1954, að því verði allt að einu slegið föstu,

að sóknaraðili hafi aldrei fengið móðurarf sinn greiddan úr búinu, og þess vegna eigi hann móðurarf sinn inni, og við skiptin nú verði tekið fullt tillit til þeirrar staðreyndar. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar að skaðlausu úr hendi varnaraðila in solidum.

Varnaraðilar eru Ágústa Ingibjörg Hólm, Drápuhlíð 22, Reykjavík, Guðjón Guðbjartsson, Króki, Kjalarneshreppi, Ólafur Guðbjartsson, Steinagerði 8, Reykjavík, Anna Margrét Guðbjartsdóttur, Austurbrún 25, Reykjavík, Hólmfríður Guðbjartsdóttir, Kleppi, starfsmannahúsi, Reykjavík, Steinunn Guðbjartsdóttir, Breiðumörk 18, Hveragerði, og Guðbjartur H. Guðbjartsson, búsettur í Þýskalandi. Varnaraðilar gera þá réttarkröfu að verða sýknaðir af öllum kröfum sóknaraðila. Jafnframt er þess krafist, að sóknaraðili verði úrskurðaður til að greiða varnaraðilum, annaðhvort hverjum fyrir sig eða öllum saman, allan kostnað þeirra af ágreiningsmáli þessu með hliðsjón af 2. og 3. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Sáttaumleitanir dómara hafa ekki borið árangur.

II.

Aðdragandi máls þessa er sá, að 6. nóvember 1989 lést Guðbjartur Hólm Guðbjartsson, síðast til heimilis að Króki, Kjalarneshreppi. Hinn 10. janúar 1990 var móttekin beiðni Gunnars Hólm Guðbjartssonar, sóknaraðila, um opinber skipti á búi hins látna. Var beiðni þessi tekin fyrir hjá skiptaréttí Kjósarsýslu 9. febrúar 1990, og hófust þá upphafsaðgerðir opinberra skipta.

Arfláti var tvíkvæntur, og eru erfingjar dánarbúsins börn af báðum hjónaböndum hins látna. Erfingjar hafa gengist við arfi og skuldum hins látna. Á skiptafundi 18. október 1991 kom upp ágreiningur milli erfingja, hvort dánarbússkipti hefðu farið fram eftir Ólafíu Jónsdóttur, fyrri eiginkonu arfláta. Var því ákveðið að reka sérstakt skiptaréttarmál, og er það mál hér til úrskurðar.

III.

Málavextir eru þeir, að 21. október 1944 gekk arfláti, Guðbjartur Hólm Guðbjartsson, að eiga Ólafíu Jónsdóttur, sem lést 31. ágúst 1953. Eignuðust hjónin þrjú börn, þau Gunnar, Ólaf og Guðjón. Jafnframt tóku hjónin sér kjördóttur, Ágústu Ingibjörgu.

Guðbjartur Hólm stofnaði að nýju til hjúskapar með Gunnleifu Kr. Sveinsdóttur, en hún lést 27. janúar 1973. Börn þeirra hjóna voru Anna Margrét, Hólmfríður, Guðbjartur og Steinunn. Hinn 25. júlí 1973 fékk arfláti heimild skiptaráðanda til setu í óskiptu búi með börnum af síðara hjónabandi, sem hann og gerði til dánardægurs. Guðbjartur Hólm Guð-

bjartsson fékk heimild til setu í óskiptu búi með börnum af fyrra hjónabandi 8. desember 1953. Sama dag var Guðjón Hólm hdl., föðurbróðir barnanna, skipaður fjárhaldsmaður þeirra.

Meðal málsgagna er að finna skiptasamning (réttarskjal nr. 5), og er meginmál hans svohljóðandi:

Ár 1954, mánudaginn 3. maí, var skiptafundur haldinn í félagsbúi hjónanna Ólafíu sál. Jónsdóttur frá Króki á Kjalarnesi og eftirlifandi manns hennar, Guðbjarts Hólm Guðbjartssonar, Króki, Kjalarnesi, en maður hennar hefur setið í óskiptu búi, en óskar nú eftir að skipta búinu, og hefur hann ákveðið ásamt skipuðum fjárhaldsmanni barnanna, Guðjóni Hólm hdl., að skipta búinu einkaskiptum.

Á fundi, sem haldinn var í húsinu nr. 8 við Aðalstræti, Reykjavík, var maðurinn sjálfur mættur ásamt skipuðum fjárhaldsmanni barnanna, Guðjóni Hólm hdl., en börnin eru Ágústa 10 ára, Gunnar 8 ára, Guðjón 5 ára og Ólafur 1 árs.

Ekkillinn lagði fram skrá yfir eigur búsins, sem fjárhaldsmaður barnanna samþykkti að öllu leyti. Samkvæmt henni eru eignir:

1.	Hálf jörðin Krókur	kr.	5.650,00
2.	Eignir skv. landbúnaðarskýrslu	—	26.500,00
3.	Verkfæri og áhöld	—	1.600,00
4.	Innanstokksmunir	—	3.000,00
5.	Inneign í stofnsjóði	—	1.400,00
6.	Verðbréf og útistandandi skuldir	—	1.500,00
		Samtals kr.	39.650,00
	Frá dregst jarðarfararkostnaður	—	3.655,95
	Afgangs skuldum verða	—	35.994,05
	Þar frá dregst búshelmingur ekkils	—	17.997,03
		kr.	17.997,02

Til skipta koma þá 17.997,02 kr. Þar af er arfshluti ekkils 1/4, 4.499,25 kr., og arfahluti Ágústu, Gunnars, Guðjóns og Ólafs, hvers um sig, 3.374,31 krónur.

Ekkillinn heldur búinu gegn greiðslu á arfahluta barnanna í verðtryggðu skuldabréfi. Erfðafjárskattinn greiðir ekkillinn til skiptaráðanda nú næstu daga.

Undirskrift aðila hér undir gildir sem kvittun fyrir framangreindu uppgjöri.

Guðbjartur Hólm (sign.).
Guðjón Hólm (sign.).

Vottar:
S. Sigurjónsson.
J. Hansen.

Skiptasamningur þessi var móttekinn til þinglýsingar á jörðina Krók, Kjalarneshreppi, 18. júní 1954.

Frammi liggur erfðafjárskýrsla, dags. 3. maí 1954 (réttarskjal nr.6). Erfðafjárskýrslan er undirrituð af Guðbjarti Hólm Guðbjartssyni og Guðjóni Hólm hdl. Samkvæmt skýrslu þessari voru hreinar eignir búsins 17.997,02 kr. og erfðafjárskattur samtals 286,19 kr. Á skýrslu þessa er ritað: „Greitt 18/6 '54", og er ágreiningslaust með aðilum, að þá hafi erfðafjárskattur verið greiddur.

Í málinu hefur verið lagt fram myndrit af afriti skuldabréfs, dags. 3. maí 1954 (réttarskjal nr. 9). Samkvæmt myndriti þessu er skjalið hvorki undirritað né vottað. Í meginmáli þess gengst Guðbjartur Hólm Guðbjartsson við því að skulda börnum sínum, þeim Ágústu, Gunnari, Guðjóni og Ólafi, 13.497,24 kr., sem hann lofar að greiða á næstu 10 árum með jöfnum árlegum afborgunum, 1.349,72 kr. í hvert sinn, 3. maí ár hvert og í fyrsta sinn 3. maí 1955. Samkvæmt myndritinu átti skuldin að bera 5% ársvexti, og til tryggingar greiðslu átti að veðsetja hálfa jörðina Krók, Kjalarneshreppi. Ekki liggur frumrit skjalsins frammi í málinu, og fyrir liggur, að skjali þessu var ekki þinglýst á jörðina.

Fyrir réttinn hefur komið Guðjón Hólm hdl. og gefið vitnaskýrslu. Vitnið kvaðst hafa gengið frá skiptum eftir Ólafíu Jónsdóttur, fyrri eiginkonu Guðbjarts Hólm Guðbjartssonar. Kvaðst vitnið ekki muna, hvort fengið hefði verið skriflegt leyfi skiptaráðanda til að skipta búinu einkaskiptum, en taldi ástæðu til að ætla, að slíkt skjal væri glatað. Fullvíst væri þó, að skipti hefðu farið fram með samþykki skiptaráðanda. Vitnið kvaðst ekki minnast þess, að uppskrift á eignum búsins hefði farið fram.

Vitnið kvaðst aldrei hafa fengið í sínar hendur peninga eða verðmæti vegna skiptanna, enda hefði hann framkvæmt skiptin í greiðaskyni. Kvaðst vitnið hafa annast skjalagerð vegna skiptanna, en ekkillinn hefði greitt erfðafjárskattinn hjá skiptaráðanda. Vitnið kvaðst ekki muna, hvort fram lagt skuldabréf (réttarskjal nr. 9) hefði verið undirritað á lögmannsstofu sinni.

Sóknaraðili, Gunnar Hólm Guðbjartsson, hefur komið fyrir réttinn og gefið aðilaskýrslu.

IV.

Af hálfu sóknaraðila er aðalkrafa hans á því byggð, að skipti eftir móður sóknaraðila hafi ekki farið fram með lögmætum hætti í samræmi við

ákvæði skiptalaga nr. 3/1878. Samkvæmt a-lið 1. mgr. 5. gr. laganna hafi borið skylda til að skipta búinu opinberum skiptum, en slíkt hafi ekki verið gert. Jafnframt hafi ekki farið fram uppskrift og virðing á eignum búsins samkvæmt 15. gr., sbr. 16. gr., sem sé skilyrði þess, að lögmæt skipti geti farið fram. Hafi Guðbjartur heitinn ásamt hálfbróður sínum, Guðjóni Hólm, er gætti hagsmuna barnanna, ákveðið að skipta búinu einkaskiptum, en heimild til slíks hafi ekki verið fyrir hendi, sbr. 1. mgr. 74. gr. áðurgreindra laga.

Sóknaraðili telur, að í stað þess, að jörðin Krókur hafi verið metin eins og lög kveð á um, byggi fram lagður skiptasamningur á 12 ára gömlu fasteignamati, 11.300,00 kr., frá árinu 1942. Til samanburðar megi líta til þess, að fasteignamat jarðarinnar hafi árið 1957 verið 52,800,00 krónur.

Sóknaraðili heldur því fram, að ástæður þess, að reki var gerður að því að skipta dánarbúi Ólafíu Jónsdóttur, hafi verið þær, að faðir sinn, Guðbjartur Hólm, hugðist kvænast að nýju skömmu eftir lát fyrri konu sinnar. Því hafi nauðsyn borið til, að dánarbúi hennar yrði skipt. Þar sem lögmæt skipti hafi ekki farið fram á dánarbúinu, beri nú við skipti á dánar- og félagsbúi Guðbjarts Hólm og síðari eiginkonu, Gunnleifar Kr. Sveinsdóttur, að líta svo á, að hann hafi setið í óskiptu búi með börnum fyrri eiginkonu. Verði því við skipti á dánarbúi Guðbjarts Hólm að taka fullt tillit til þess, að sóknaraðili eigi rétt á arfi eftir móður sína, sem aldrei hafi verið greiddur. Í þessu sambandi verði að líta til þess, að eign dánarbús Guðbjarts Hólm sé einkum hálf jörðin Krókur ásamt búnaði öllum, en sú eign hafi verið fyrir hendi við andlát Ólafíu Jónsdóttur.

Sóknaraðili telur augljóst, verði ekki fallist á aðalkröfu sína, að taka beri varakröfuna til greina, þar sem sóknaraðili hafi aldrei fengið móðurarf sinn greiddan og hann standi ennþá inni í dánarbúi föður síns, Guðbjarts Hólm.

V.

Af hálfu varnaraðila er á því byggt, að skipti á búi Ólafíu Jónsdóttur hafi í hvívetna farið fram að lögum, þeim hafi verið lokið og allra forms- og efnisskilyrða gætt. Hafi búinu verið skipt einkaskiptum, og hafi skiptaráðandi ekki hafnað tillögum fjárhaldsmanns barnanna, þar sem hann hafi ekki talið þær skjólstæðingum sínum í óhag, sbr. 50. gr. skiptalaga nr. 3/1878. Telja varnaraðilar, að sannað hafi verið með fram lagðri skiptagerð, erfðafjárskýrslu, skipun fjárhaldsmanns og öðru, að skiptin hafi farið fram árið 1954. Fyrir liggi upplýsingar um, hvernig staðið hafi verið að uppgjöri móðurarfsins til barna Ólafíu, á fram lögðu skuldabréfi, dags. 3. maí 1954 (réttarskjal nr. 9). Ekki sé að finna lagaheimild til að hrófla

við skiptum þessum nú, og telji sóknaraðili sig ekki hafa fengið uppgjör úr hendi fjárhaldsmanns síns, beri honum að beina kröfum að fjárhaldsmanninum. Telji hann, að stjórnvöldum hafi orðið á mistök við meðferð þeirra þátta málsins, sem að þeim hafi snúið 1954, beri honum að gera skaðabótakröfur á hendur ríkissjóði vegna greindra stjórnvaldsathafna.

Við munnlegan flutning málsins taldi lögmaður varnaraðila, að uppskrift og virðingargerð samkvæmt 15. gr., sbr. 16. gr., skiptalaga nr. 3 /1878, væri ekki fortakslaust skilyrði dánarbússkipta, þar sem skipt væri dánarbúi milli maka og ófjárráða erfingja. Nægjanlegt væri að byggja á eignaframtölu langlífari maka, ef erfingjar og fjárhaldsmenn tækju hana gilda, sbr. 59. gr. sömu laga. Í slíkum tilvikum sé heimilt að framselja dánarbú til einkaskipta samkvæmt 74. gr. laganna, telji skiptaráðandi slíkt í samræmi við hagsmuni ófjárráða erfingja. Taldi lögmaðurinn, að skiptin á dánarbúi Ólafíu Jónsdóttur hefðu farið fram í samræmi við ofangreint. Auk þess hafi þau samrýmst 62. gr. laganna, enda hefði skiptagerðinni frá 3. maí 1954 verið þinglýst á aðaleign búsins og veð verið veitt í þeirri eign.

Fram kemur hjá varnaraðilum, að þegar skipti hófust á dánar- og félagsbúi Guðbjarts Hólm Guðbjartssonar 9. febrúar 1990, hafi sóknaraðili ekki gert athugasemdir þess efnis, að hið eldra dánarbú væri óskipt. Slíkar athugasemdir hafi fyrst komið fram á skiptafundi 18. október 1991. Þessu hafi þegar verið mótmælt og vísað til þess, að skipti hefðu farið fram árið 1954. Þegar athugasemdir sóknaraðila komu fram, hefðu verið liðin 37 ár frá andláti móður hans og um það bil 25 ár, frá því að sóknaraðili varð lögráða. Allan þennan aldarfjórðung og einnig fyrstu tvö árin eftir, að skipti hófust, hafi hann látið sem skipti eftir móður sína hefðu farið fram, og hann gerði engar athugasemdir við þau skipti. Telja varnaraðilar, að með þessu tómlæti hafi sóknaraðili viðurkennt gildi skiptanna frá 1954.

Um varakröfu sóknaraðila er því haldið fram af hálfu varnaraðila, að í raun sé um að ræða greiðslukröfu á hendur dánarbúi Guðbjarts Hólm og sú krafa eigi ekki undir skiptaréttinn. Breyti engu þar um, þótt hún sé orðuð þannig, að krafist sé viðurkenningar á því, að sóknaraðili hafi ekki fengið uppgjör á móðurarfi sínum. Sóknaraðili hafi sjálfur lagt fram sönnunargögn um, að uppgjör hafi farið fram. Óviðkomandi sé dánarbúi Guðbjarts Hólm, hvort fjárhaldsmaður sóknaraðila hafi staðið í skilum.

Af hálfu varnaraðila er vísað til þess, að samkvæmt fræðikenningum sé líklegra, að kröfugerðaraðili verði að snúa sér til almennra dómstóla en skiptaréttar, því lengra sem liðið er frá skiptalokum. Jafnframt verði minnst eitt eftirgreindra atriða að vera fyrir hendi: svik, nýjar eignir eða nýr erfingi. Ekkert af þessu eigi við í máli þessu, og allt of langur tími sé liðinn, frá því að sóknaraðili gat hafist handa, til að unnt sé að taka tillit til kröfu hans.

Varnaraðilar telja, að málshöfðun sóknaraðila sé að óþörfu og tilgangur hennar að tefja skipti á dánarbúi Guðbjarts Hólm Guðbjartssonar. Slíkt valdi varnaraðilum kostnaði, og því sé þess krafist, að tillit verði tekið til ákvæða 2. og 3. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, þegar málskostnaður verði ákveðinn. Dómsathöfnin sé þarflaus og þýðingarlaus, og vegna þess, hve sakir séu miklar, beri að úskurða álag á málskostnað.

VI.

Ágreiningur máls þessa kom upp við skipti á dánarbúi Guðbjarts Hólm Guðbjartssonar, sem sat í óskiptu búi eftir síðari eiginkonu sína, Gunnleifu Kr. Sveinsdóttur, og varðar skipti á dánarbúi Ólafíu Jónsdóttur, fyrri konu hans.

Sóknaraðili, Gunnar Hólm Guðbjartsson, er sonur Guðbjarts og Ólafíu, en önnur börn þeirra hjóna eru varnaraðilar í máli þessu ásamt börnum Guðbjarts og síðari eiginkonu.

Ólafía Jónsdóttir lést 31. ágúst 1953. Eftirlifandi maki hennar fékk heimild skiptaráðanda til setu í óskiptu búi 8. desember sama ár, og var Guðjón Hólm hdl., hálfbróðir hans sammæðra, skipaður fjárhaldsmaður barna hjónanna. Hinn 3. maí 1954 var gerður samningur um skipti búsins, sem undirritaður er af eftirlifandi maka og fjárhaldsmanninum fyrir hönd barnanna. Um eignir búsins kemur fram í samningi þessum, að byggt sé á eignaframtölu makans, sem fjárhaldsmaðurinn samþykki að öllu leyti. Skiptasamningur þessi var lagður inn til þinglýsingar á jörðina Krók, Kjalarnesi, 18. júní 1954. Sama dag var erfðafjárskýrsla afhent og erfðafjárskattur greiddur. Fullt samræmi er milli erfðafjárskýrslunnar og skiptasamningsins. Ekki liggur annað fyrir en gögn þessi hafi athugasemdalaust verið móttekin af sýslumanninum í Kjósarsýslu. Þegar framangreint er virt, þykir ótvírætt, að skiptaráðandi hafi framselt erfingjum dánarbúið til einkaskipta, sbr. 74. gr. skiptalaga nr. 3/1878, og að slík skipti hafi farið fram. Verða röksemdir þær, sem sóknaraðili færir fram fyrir aðalkröfu sinni, ekki taldar leiða til þess, að svo verði litið á, að dánarbúinu hafi ekki verið skipt, og er því þeirri kröfu hans hafnað.

Varakrafa sóknaraðila byggist á þeirri forsendu, að hann hafi aldrei fengið móðurarf sinn greiddan, og því beri að taka tillit til þess við skipti á dánarbúi Guðbjarts Hólm og síðari eiginkonu hans. Verður krafa þessi ekki skilin á annan hátt en þess sé krafist, að endurupptekin verði dánarbússkipti eftir Ólafíu Jónsdóttur og að framhaldsskipti á því búi fari fram samhliða og í tengslum við yfirstandandi skipti.

Á það verður að fallast með sóknaraðila, að skiptameðferð á dánarbúi Ólafíu Jónsdóttur var að nokkru leyti ábótavant, einkum þegar litið er til

þess, að um ólögráða erfingja var að ræða. Fór ekki fram uppskrift og virðing á eignum búsins, heldur var stuðst við ónákvæma eignaframtölu eftirlifandi maka. Jafnframt var fjárhaldsmaður ófjárráða erfingja miður heppilegur til starfans vegna tengsla sinna við makann. Til þess ber þó að líta, að dánarbússkipti þessi sættu fyrst andmælum af hálfu sóknaraðila 18. október 1991, en þá voru liðin 25 ár, frá því að hann öðlaðist fjárræði. Ástæða hefði verið fyrir sóknaraðila að gera fyrr athugasemdir við skiptin, og þykir hann með þessu athafnaleysi hafa sýnt af sér stórkostlegt tómlæti.

Skiptum á dánarbúi Ólafíu Jónsdóttur lauk með þeim hætti, að ekkillinn tók undir sig eignir búsins gegn greiðslu á tiltekinni fjárhæð til ólögráða barna. Til staðfestingar þessu átti að gefa út skuldabréf, tryggt með veði í jörðinni Króki, Kjalarnesi. Skiptalok þessi eiga sér stoð í 62. gr. skiptalaga nr. 3/1878. Þrátt fyrir það að líkur hafi verið leiddar að því, að fjárskuldbinding þessi hafi aldrei verið efnd og að sóknaraðili hafi því ekki fengið móðurarf sinn greiddan, verður hvorki fallist á, að unnt sé að endurupptaka dánarbússkipti eftir Ólafíu Jónsdóttur né hafa nú uppi kröfur gegn dánarbúi Guðbjarts Hólm Guðbjartssonar. Með vísan til framangreinds er varakröfu sóknaraðila hafnað.

Hæfilegt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðilum 70.000,00 kr. í málskostnað að virðisaukaskatti með töldum. Eins og atvikum máls þessa er háttað, verður ekki fallist á kröfu varnaraðila um álag á málskostnað, sbr. 3. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Benedikt Bogason, settur héraðsdómari, kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Hafnað er þeirri kröfu sóknaraðila, Gunnars Hólm Guðbjartssonar, að viðurkennt verði með úskurði, að lögleg búskipti hafi aldrei farið fram eftir Ólafíu Jónsdóttur, fyrri eiginkonu arfláta, Guðbjarts Hólm Guðbjartssonar, og búi hans verði því skipt, svo sem hann hefði setið í óskiptu búi eftir fyrri eiginkonu, og tekið tillit til þess við skiptin, að sóknaraðili eigi móðurarf sinn inni í búinu.

Varakröfu sóknaraðila um, að því verði slegið föstu með úrskurði, að taka beri tillit til þess við skipti á dánarbúi Guðbjarts Hólm Guðbjartssonar, að sóknaraðili eigi móðurarf sinn inni, er einnig hafnað.

Sóknaraðili greiði varnaraðilum 70.000,00 kr. í málskostnað að með töldum virðisaukaskatti, og beri málskostnaðarfjárhæðin að frá töldum virðisaukaskatti dráttarvexti samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 7. júní 1992 til greiðsludags.

Miðvikudaginn 24. júní 1992.

Nr. 22/1992. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Jóhönnu Laufeyju Óskarsdóttur
(Árni Vilhjálmsson hrl.).

Tolllagabrot. Aðfinnslur. Verjandi. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. janúar 1992 að ósk ákærðu, en einnig af hálfu ákæruvalds til þyngingar refsingu.

I.

Ákærða var borin sökum vegna brota, sem voru framin á árunum 1986 og 1987. Ákærða gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu 19. maí 1987, en kom fyrst fyrir sakadóm 22. september 1989.

Í héraðsdómi er ekki getið framburðar Péturs Daníels Vilbergssonar og Guðna Ragnars Eyjólfssonar hjá rannsóknarlögreglu, en þeir voru stýrimenn á m/s Álafossi og skipsfélagar ákærðu á þeim tíma, er hér skiptir máli. Voru þeir yfirheyrðir í maí 1987, grunaðir um áfengis- og tolllagabrot 1986 og 1987.

Pétur Daníel kvaðst geta fullyrt með nokkurri vissu, að sjö skipverjar á m/s Álafossi, sem hann nafngreindi, hefðu ekki stundað smygl á áðurnefndu tímabili. Er ákærða í þeim hópi.

Guðni Ragnar Eyjólfsson kvaðst vita, að sextán skipverjar á m/s Álafossi, er hann nafngreindi, hefðu á þessu tímabili „staðið í smygli á áfengi til Íslands". Er ákærða ekki meðal þeirra.

Hvergi í gögnum málsins sér þess stað, að menn þessir hafi verið yfirheyrðir fyrir dómi.

Hinn 10. apríl 1991 ritaði héraðsdómari tollgæslustjóra bréf og falaðist eftir upplýsingum. Meðal annars var þess óskað, „að kannað verði, hvort tollgæslan hafi í þeim 17 ferðum ákærðu með Álafossi á þessu tímabili (16 árið 1986 og 3. maí 1987) fundið hjá henni áfengi, sem ætla megi, að hún hafi flutt ólöglega til Íslands".

Í svarbréfi tollgæslustjóra 17. júlí sama ár segir meðal annars: „Þar sem alllangt er, síðan hinir kærðu atburðir áttu sér stað, hefur reynst vandkvæðum bundið að afla sumra þeirra gagna og upplýsinga, sem um er beðið, ... Tiltæk gögn sendast hér með.“ Eigi verður séð, að þau gögn, sem héraðsdómara voru send samkvæmt bréfinu, hafi gagnast honum í málinu.

II.

Við dómsrannsókn hefur ákærða afdráttarlaust neitað sakargiftum. Í héraðsdómi er gerð grein fyrir því, að hvaða leyti hún ber brigður á framkvæmd yfirheyrslu, er hún gaf skýrslu hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins. Þar er og rakinn framburður rannsóknarlögreglumanna, er að þessu lýtur, en dómskýrslur voru ekki teknar af þeim fyrr en 8. apríl 1991. Óvissa er um, hvort ákærðu var kynntur framburður hennar að yfirheyrslu lokinni, svo og, hvort vottur var að yfirheyrslunni, sbr. 37. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Dómskýrslna vitna, sem báru ákærðu í vil við lögregluranns6kn, var ekki aflað í málinu, sbr. 75. gr. laga nr. 74/1974. Vitnið Finnbogi Aðalsteinsson bryti, sem bar ákærðu í óhag fyrir rannsóknarlögreglu, kvaðst fyrir dómi ekki geta staðið við þann framburð. Dráttur á málsmeðferð olli því, að gagna frá tollgæslu til framlagningar í málinu var ekki kostur, þegar eftir þeim var leitað.

Vegna alls þessa er slík óvissa um sekt ákærðu, að telja verður, að eigi sé nægilega fullnægt lagaskilyrðum til sakfellingar, sbr. 108. gr. laga nr. 74/1974. Ber því að sýkna ákærðu af kröfum ákæruvalds í málinu.

Allur sakarkostnaður í héraði og áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun, eins og í dómsorði greinir.

Lögregluranns6kn í máli þessu hófst í maí 1987 og virðist hafa lokið þá um vorið. Ákæra var þó ekki gefin út fyrr en 5. nóvember 1990. Á meira en þriggja ára tímabili var ekkert aðhafst í málinu, svo að séð verði, þegar frá er talið þinghald, sem háð var 22. september 1989, er ákærðu var boðið að ljúka málinu með dómsátt, sem hún hafnaði. Þessi óhæfilega langi dráttur á málsmeðferð, sem í engu hefur verið réttlættur, er ámælisverður. Við héraðsdómara er þó ekki að sakast.

Það athugast, sbr. XI. kafla laga nr. 74/1974, að Árni Vilhjálmsson hæstaréttarlögmaður, sem skipaður var verjandi ákærðu með bréfi sakadóms Reykjavíkur 26. nóvember 1990, var hvorki mættur í þinghaldi sakadóms 8. apríl 1991, þegar vitni voru yfirheyrð, né 16. október s. á., er málið var munnlega flutt af verjanda hálfu, heldur fulltrúi hans.

Dómsorð:

Ákærða, Jóhanna Laufey Óskarsdóttir, skal vera sýkn af kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Allur sakarkostnaður í héraði og áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu í héraði og fyrir Hæstarétti, Árna Vilhjálmssonar hæstaréttarlögmanns, samtals 70.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 16. október 1991.

Ár 1991, miðvikudaginn 16. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Símoni Sigvaldasyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 518/1991: Ákæruvaldið gegn Jóhönnu Laufeyju Óskarsdóttur, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 5. nóvember 1990, á hendur ákærðu, Jóhönnu Laufeyju Óskarsdóttur, til heimilis að Hæðargarði 18, Reykjavík, kt. 140824-2169, „fyrir áfengis- og tolllagabrot með því að hafa við alls 16 komur ms. Álafoss til Reykjavíkur frá Hamborg árið 1986 smyglað hingað til lands samtals 64 0,75 lítra flöskum af vodka og enn fremur við komu skipsins á sömu áætlunarleið 3. maí 1987 smyglað til landsins fjórum sams konar flöskum, en ákærða var þerna á skipinu í öll skiptin.

Telst þetta varða við 1. mgr. 123. gr., sbr. 1. mgr. 124. gr., tollalaga nr. 55, 1987, sbr. áður 60. gr., sbr. 61. gr., laga um tollheimtu og tolleftirlit nr. 59, 1969, 3. gr., sbr. 33. gr., áfengislaga nr. 82, 1969, sbr. 5. gr. laga nr. 52, 1978, og 1. gr., sbr. 15. gr., laga um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf nr. 63, 1969.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Málavextir.

Hinn 20. janúar 1987 barst RLR bréf tollgæslustjóra með beiðni um rannsókn á ætluðu tolllagabroti skipverja á ms. Álafossi á árinu 1986 og

í maímánuði árið 1987, en tollgæsluyfirvöld höfðu þá í höndum upplýsingar frá tollyfirvöldum í Hamborg um það, að afhendingarseðlum og reikningum bæri ekki alltaf saman. Samkvæmt skipsáhafnarskrám var ákærða á skipinu í öllum þeim ferðum, er að framan greinir.

Ákærða var yfirheyrð um málið hjá RLR 19. maí 1987, og viðurkenndi hún við yfirheyrslur að hafa við 16 komur ms. Álafoss frá Hamborg til Reykjavíkur á árinu 1986 smyglað hingað til lands 64 0,75 lítra flöskum af vodka. Þá hefði hún við komu ms. Álafoss frá Hamborg 3. maí 1987 smyglað fjórum sams konar flöskum af vodka. Áfengi þetta hefði ákærða gefið vinum og vandamönnum.

Ákærðu var á dómþingi 22. september 1989 gefinn kostur á að ljúka málinu með dómsátt, en þeim málalokum hafnaði hún. Á dómþingi þann dag neitaði hún að hafa flutt áfengi ólöglega til landsins. Er borin var undir hana skýrsla sú, er hún gaf hjá RLR 19. maí 1987, neitaði hún að hafa ritað upphafsstafina J Ó á skjal 5, bls. 47. Jafnframt væri ekki um undirskrift sína að ræða undir skýrsluna.

Ákærðu var birt ákæra í máli þessu 26. nóvember 1990, og gaf hún skýrslu á dómþingi 22. janúar 1991. Fyrir dómi mótmælti ákærða efni ákærunnar og neitaði því þá að hafa smyglað áfengi til landsins frá Hamborg á árinu 1986 og 3. maí 1987. Kvaðst hún að jafnaði hafa keypt áfengi af bryta ms. Álafoss, er skipið var statt í Hamborg, en þess hefði hún neytt, áður en skipið kom til Íslands. Þó hefði hún ætíð flutt til landsins eina flösku af áfengi, er heimilt væri að flytja inn við hverja komu til landsins. Viðurkenndi hún fyrir dómi að hafa verið yfirheyrð hjá RLR vegna þessa máls 19. maí 1987. Á hinn bóginn hefði hún ekki sagt eitt orð af því, er fram kæmi í lögregluskýrslum. Þá væru á dskj. nr. 5, bls. 47, upphafsstafir sínir, er hún hefði ekki ritað á skjalið. Á hinn bóginn kannaðist ákærða þá við undirritun sína undir lögregluskýrsluna á dskj. nr. 5, bls. 48. Þá tók ákærða fram, að aðeins einn rannsóknarlögreglumaður hefði rætt við sig og að vottur sá, er ritað hefði undir skýrsluna, hefði ekki verið staddur við yfirheyrslur. Þá hefði framburður sinn ekki verið lesinn fyrir sér, áður en hún undirritaði lögregluskýrsluna.

Fyrir dóminn hafa komið vitnin Sigurbjörn Víðir Eggertsson, deildarfulltrúi hjá RLR, Yrsufelli 20, Reykjavík, Gunnleifur Kjartansson, lögreglufulltrúi hjá RLR, Glitbergi 7, Hafnarfirði, og Finnbogi Aðalsteinsson bryti, Eskiholti 14, Garðabæ. Verður nú gerð grein fyrir framburði ofangreindra vitna.

Vitnið Sigurbjörn Víðir Eggertsson kvaðst hafa tekið framburðarskýrslu af ákærðu hjá RLR 19. maí 1987. Staðfesti vitnið, að umrædd lögregluskýrsla væri í samræmi við framburð ákærðu fyrir RLR þann dag. Hefði hún þar viðurkennt að hafa smyglað áfengi til landsins í 16 ferðum ms.

Álafoss á árinu 1986 og við komu til landsins 3. maí 1987. Í lok yfirheyrslunnar hefði ákærða ritað upphafsstafi sína á lögregluskýrslu þá, er merkt væri dskj. 5, bls. 47, og hefði hún því næst undirritað skýrsluna sjálfa. Vottur að undirritun skýrslunnar, Gunnleifur Kjartansson rannsóknarlögreglumaður, hefði verið kvaddur til, áður en undirritun fór fram. Vitnið kvað hugsanlegt, að það hefði ekki lesið fyrir ákærðu framburð hennar, áður en hún hefði undirritað skýrsluna, en ef svo hefði verið, þá hefði það verið vegna þess, að ákærða hefði sjálf lesið yfir skýrsluna. Þá kvað vitnið það fráleitt, að einhver annar en ákærða hefði ritað upphafsstafi á fyrri blaðsíðu lögregluskýrslunnar.

Fyrir dóminn kom vitnið Gunnleifur Kjartansson, lögreglufulltrúi hjá RLR. Staðfesti vitnið, að það hefði unnið að rannsókn málsins. Ekki kvaðst það nú muna, hvort það hefði verið vottur að sjálfri yfirheyrslunni yfir ákærðu eða aðeins vottað undirritun ákærðu á lögregluskýrsluna. Á þeim tíma hefði ekki tíðkast að geta þess sérstaklega, hvaða hlutverki vottar gegndu. Þá kvaðst vitnið ekki muna eftir yfirheyrslunni sem slíkri yfir ákærðu, en kvað, að í tilvikum sem þessum, er það var kallað til sem vottur að skýrslutöku, hefði það verið að votta ritun upphafsstafa á öll skýrslublöð og undirritun í lok framburðar.

Vitnið Finnbogi Aðalsteinsson bryti var yfirheyrt hjá RLR 10. maí 1987. Fyrir lögreglu bar vitnið, að ákærða hefði smyglað áfengi hingað til lands. Vitnið kom fyrir dóminn 8. apríl 1991. Fyrir dómi kvaðst vitnið ekki geta haldið við fyrri framburð sinn, en það hefði á sínum tíma staðið í þeirri trú, að ákærða hefði staðið að smygli á áfengi með öðrum í áhöfn skipsins. Ekki hefði það séð ákærðu bera áfengi frá borði, og ekki hefði hún rætt við vitnið um það, að hún smyglaði áfengi. Staðfesti vitnið sem rétta framburðarskýrslu sína hjá RLR frá 10. maí 1987 með þeim athugasemdum, er komu fram fyrir dómi.

Niðurstöður.

Ákærða hefur fyrir dómi staðhæft, að framburður sá, er skráður er í lögregluskýrslu, dagsettri 19. maí 1987, sé ekki í samræmi við þær yfirlýsingar, er hún gaf hjá lögreglu þann dag. Hafi hún aldrei játað þann verknað, er hún er nú ákærð fyrir.

Sannað er með játningu ákærðu og framburði vitnanna Sigurbjörns Víðis Eggertssonar og Gunnleifs Kjartanssonar, að ákærða ritaði undir þá lögregluskýrslu, er hún gaf hjá RLR 19. maí 1987. Þeir ágallar á rannsókn málsins hjá RLR, að óljóst sé, hvort framburður ákærðu hafi verið lesinn í heyranda hljóði að viðstöddum votti, þykja ekki slíkir, að ekki megi byggja á lögreglurannsókn málsins, sbr. að sínu leyti 37. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74, 1974. Þá er framburður ákærðu fyrir dómi

sumpart á reiki og um margt ótrúverðugur. Ekki verður byggt á framburði vitnisins Finnboga Aðalsteinssonar í máli þessu sökum þess, hve misvísandi hann er.

Með vísan til ofanritaðs og framburðar lögreglumannanna Sigurbjörns Viðis Eggertssonar og Gunnleifs Kjartanssonar þykir sannað þrátt fyrir neitun ákærðu á sök fyrir dómi, að hún hafi gerst sek um þá háttsemi, er henni er gefin að sök í ákæruskjali. Varðar þessi háttsemi hennar við 1. mgr. 123. gr. tollalaga nr. 55, 1987, 3. gr. áfengislaga nr. 82, 1969, og 1. gr. laga um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf nr. 63, 1969.

Sakaferill.

Samkvæmt sakavottorði ákærðu hefur hún ekki sætt refsingum, svo að kunnugt sé.

Refsing.

Við ákvörðun refsingar í máli þessu þykir mega hafa hliðsjón af aldri ákærðu og þess, að hún hefur ekki áður orðið uppvís að refsiverðri háttsemi. Samkvæmt þessu og með vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, þykir refsing ákærðu hæfilga ákveðin 50.000 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiða skal innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins, en ella sæti ákærða varðhaldi í 45 daga.

Sakarkostnaður.

Dæma ber ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna Vilhjálmssonar hrl., sem þykja hæfilega ákveðin 35.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærða, Jóhanna Laufey Óskarsdóttir, greiði 50.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi í stað sektarinnar varðhald í 45 daga, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins.

Ákærða greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna Vilhjálmssonar hrl., 35.000 krónur.

Miðvikudaginn 24. júní 1992.

Nr. 261/1992. **Ákæruvaldið**

gegn

Þórhalli Gauta Bárðarsyni.

Kærumál. Dómsátt felld úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Ríkissaksóknari hefur með heimild í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 16. júní 1992. Krefst hann þess, að hin kærða dómsátt verði úr gildi felld.

Varnaraðila var kynnt krafa ríkissaksóknara fyrir sakadómi Reykjavíkur 23. júní 1992. Tók hann undir kröfuna og taldi ekki ástæðu til að leggja fram greinargerð í málinu.

Í bréfi ríkissaksóknara er málsatvikum lýst svo:

„Kærði er sakaður um að hafa aðfaranótt föstudagsins 9. mars 1990 undir áhrifum áfengis stjórnað bifreiðinni V-2402, sem önnur bifreið dró áfram austur Borgartún í Reykjavík. Magn alkóhóls í blóðsýni úr kærða, sem tekið var í þágu rannsóknar málsins, reyndist 1,78‰.

Kærði gekkst undir hina kærðu dómsátt í sakadómi Reykjavíkur 20. maí 1992. Með dómsáttinni var honum gert að sæta greiðslu sektar og sakarkostnaðar auk sviptingar ökuleyfis í 12 mánuði. Þar sem refsing sú, er kærði taldist hafa unnið til, fór ekki fram úr sektum, var brot hans hins vegar fyrnt, þegar dómsáttin var gerð, samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 81. gr. almennra hegningarlaga..."

Af gögnum málsins verður eigi séð, að fyrningu sakar varnaraðila hafi verið slitið. Samkvæmt því og með vísan til röksemda ríkissaksóknara ber að fella hina kærðu dómsátt úr gildi.

Dómsorð:

Hin kærða dómsátt er felld úr gildi.

Dómsátt sakadóms Reykjavíkur 20. maí 1992.

Árið 1992, miðvikudaginn 20. maí, er dómþing sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Birnu Björnsdóttur ftr.

Fyrir er tekið: Kæra á hendur Þórhalli Gauta Bárðarsyni fyrir umferðarlagabrot.

Dómarinn leggur fram eftirgreind skjöl, sem fylgja í frumriti: Nr. 1, bréf ríkissaksóknara, dags. 4. 2. '92, nr. 2, skjalaskrá ásamt fskj., nr. 3, sakavottorð.

Kl. 9.45 kemur í dóminn kærði. Nafn: Þórhallur Gauti Bárðarson, staða: atvinnulaus, heimili: heimilislaus, kennitala: 130241-2989, fæðingarstaður: Ísafjörður.

Kærða er kunngert sakarefnið og jafnframt gætt ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974.

Kærði játar, að efni kærunnar sé rétt, sem er ölvunarakstur 9. mars 1990.

Dómarinn skýrir nú kærða frá því, að í blóðsýni því, sem úr honum var tekið í umrætt skipti, hafi alkóhól mælst 1,78‰.

Samkvæmt heimild í 112. gr. laga nr. 74/1974 býður dómarinn kærða að ljúka málinu þannig, að hann fallist á að greiða 30.000 kr. í sekt til ríkissjóðs samkvæmt 100. gr. umferðarlaga og sæta því jafnframt að vera sviptur ökuréttindum í 12 mánuði samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga, en brot hans þykir efnislega varða við 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. umfl.

Kærði samþykkir að ljúka málinu á þann veg, og greiðist sektin fyrir 5. nóv., en ella sæti kærði í hennar stað varðhaldi í 10 daga.

Kærði samþykkir að greiða málskostnað, kr. 3.543 kr., fyrir sama tíma.

Kærða er gert ljóst, að ökuleyfissviptingin gildir frá 20. 5. 1992.

Framangreint brot hefur ítrekunaráhrif á síðara brot skv. 71. gr. laga nr. 19/1940.

Þriðjudaginn 30. júní 1992.

Nr. 257/1992. **Vilhjálmur Þórhallsson hrl.,**
skiptastjóri í þrotabúi
Jóhanns L. Arasonar og Sjófisks sf.,
gegn
Ara A. Sigurðssyni og
Sigurborgu Garðarsdóttur.

Kærumál. Gjaldþrotalög. Frávísun frá héraðsdómi. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 9. júní sl. samkvæmt heimild í b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Kæran ásamt gögnum barst réttinum 16. s. m.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða frávísunardómi verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Hann gerir og kröfu um kærumálskostnað.

Varnaraðilar krefjast staðfestingar dómsins og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Þegar virt eru atvik málsins, sem rakin eru í hinum kærða frávísunardómi, verður að líta svo á, að bústjóri hafi átt þess nægan kost fyrir 22. apríl 1991 að kynna sér nauðsynleg gögn til að geta metið lagaskilyrði fyrir höfðun riftunarmáls. Verður því að líta svo á, að sex mánaða frestur til málshöfðunar samkvæmt 1. mgr. 68. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 hafi verið liðinn, er stefna í máli þessu var birt 22. október 1991.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn kærða frávísunardóm um annað en málskostnað, sem ákveðst 40.000 krónur.

Sóknaraðili greiði varnaraðilum sameiginlega kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Það athugast, að engar skýringar hafa komið fram á því, hvers vegna auglýstur skiptafundur 14. mars 1991 var ekki haldinn. Þar sem ekki varð af því og látið var hjá líða að auglýsa síðari skiptafundi, kom ekki til þess, að skiptastjóri yrði kosinn, sbr. 90. gr. gjaldþrotalaga. Af þessu leiddi og, að eigi reyndi á ákvörðunarvald

skiptafundar um höfðun riftunarmáls, sbr. 4. mgr. 96. gr. laganna. Í greinargerð sóknaraðila kemur fram, að bústjóri hafði ekki samráð við kröfuhafa utan skiptafundar um höfðun riftunarmáls, og eigi verður séð, að hann hafi borið ákvörðun sína um það undir skiptaráðanda, sbr. 1. mgr. 93. gr. laganna og 105. gr. in fine. Þessa annmarka á málsmeðferð verður að átelja.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur er staðfestur um annað en málskostnað.

Sóknaraðili, Vilhjálmur Þórhallsson hrl., bústjóri í þrotabúi Jóhanns L. Arasonar og Sjófisks sf., greiði varnaraðilum, Ara A. Sigurðssyni og Sigurborgu Garðarsdóttur, sameiginlega 40.000 krónur í málskostnað í héraði og 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Dómur bæjarþings Keflavíkur og Njarðvíkur 15. maí 1992.

1. Með stefnu, birtri 22. október 1991, höfðaði Vilhjálmur Þórhallsson hrl., skiptastjóri í þrotabúum Jóhanns L. Arasonar, kt. 080457-3839, Hringbraut 136 E, Keflavík, og Sjófisks sf., kt. 520687-1149, Keflavík, mál þetta gegn Ara A. Sigurðssyni, kt. 110533-4469, Háaleiti 7, Keflavík, og Sigurborgu Garðarsdóttur, kt. 250362-2429, Hringbraut 136 E, Keflavík, til riftunar á gjöf Jóhanns L. Arasonar, er felist í samkomulagi þeirra, dags. 28. 11. 1989, um framsal á kaupsamningi Jóhanns og stefndu, Sigurborgar, um húseignina nr. 136 E við Hringbraut í Keflavík til stefnda, Ara, og jafnframt á ráðstöfun á útborgunargreiðslum Jóhanns vegna sölu á Mávabraut 2 E. Gegn stefnda, Ara A. Sigurðssyni, var málið jafnframt höfðað til endurgreiðslu, aðallega 2.188.585 kr., til vara 1.719.345 kr., til þrautavara 919.345 kr., í öllum tilvikum ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 75/1987 frá 28. 11. 1989 til greiðsludags. Þá var þess krafist, að stefndi, Ari A. Sigurðsson, yrði dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, er bæri dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Af hálfu stefndu eru í greinargerð þessar dómkröfur gerðar: aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, til vara, að þau verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda, til þrautavara, að endurgreiðslukrafan verði lækkuð

verulega og vextir einungis dæmdir samkvæmt 7. gr. laga nr. 25/1987 og upphafstími þeirra ákveðinn þingfestingardagur málsins, 30. 10. 1991. Í öllum tilvikum er málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ til handa stefndu, hvoru um sig, krafist úr hendi stefnanda og þess jafnframt, að málskostnaðurinn beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Að loknum munnlegum málflutningi um aðalkröfu stefndu 14. f. m. var málið tekið til dóms eða úrskurðar. Dómkröfur stefndu eru þær, að málinu verði vísað frá dómi og þeim tildæmdur málskostnaður samkvæmt gjaldskrá LMFÍ. Stefnandi krefst sýknu af kröfum stefndu og hæfilegs málskostnaðar úr hendi þeirra.

2. Samkvæmt afsali, útg. 12. janúar 1989, varð Jóhann L. Arason eigandi íbúðar í fasteigninni nr. 2 E við Mávabraut í Keflavík. Með kaupsamningi, dags. 1. júní 1989, seldu Jóhann og sambýliskona hans, stefnda, Sigurborg, íbúðina. Þau keyptu íbúðina að Hringbraut 136 E í Keflavík með kaupsamningi, undirrituðum 13. júní 1989. Hinn 28. nóvember 1989 undirrituðu Jóhann og stefnda, Sigurborg, samkomulag við seljanda greindrar íbúðar um það, að vegna vanefnda þeirra kaupendanna framseldu þau Ara Sigurðssyni, föður Jóhanns, kaupsamninginn með þeim réttindum og skyldum, sem hann segði til um.

Sameignarfélagið Sjófiskur sf., eign Ólafs Arnbjörnssonar, Sveinbjörns Bjarnasonar og Jóhanns L. Arasonar, var skráð í firmaskrá Keflavíkur 11. júní 1987. Með bréfi, dags. 27. júní 1990, óskuðu nefndir eigendur eftir því við skiptaráðandann í Keflavík, að bú Sjófisks sf. yrði tekið til gjaldþrotaskipta sem og bú þeirra sjálfra. Beiðnin var tekin fyrir næsta dag í skiptarétti Keflavíkur, og með úrskurði, upp kveðnum 20. nóvember 1990, voru bú framangreindra aðila tekin til gjaldþrotaskipta.

Samkvæmt innköllun, útg. 24. nóvember 1990, var auglýst, að „skiptafundur verður haldinn í dómsal embættisins, Vatnsnesvegi 33, Keflavík, fimmtudaginn 14. mars 1991 kl. 11. Á skiptafundinum verður lögð fram skrá yfir lýstar kröfur í þrotabúið og ákvarðanir teknar um málefni, sem búið varða, þ. m. t. kosningu skiptastjóra svo og um höfðun riftunarmála, ef því er að skipta". Um fund þennan er ekki bókað. Kröfulýsingarfresti lauk 27. febrúar 1991, og þann dag var stefnandi ráðinn bústjóri til bráðabirgða samkvæmt upplýsingum hans.

Fyrsti bókaði skiptafundur í þrotabúunum er haldinn 23. apríl 1991, án þess að fram komi, að hann hafi verið auglýstur í samræmi við 2. tl. 96. gr. laga nr. 6/1978 eða til hans boðað á nokkurn annan hátt, og verður að ályktа, að hann hafi verið ákveðinn af skiptaráðanda á skiptafundi 14. mars. Stefnandi var skipaður skiptastjóri á fundi þessum, sem var frestað til 21. maí s. á. Á þeim fundi var lögð fram kröfulýsingarskrá og fundi

frestað til 2. júlí s. á. Þá var lögð fram „skýrsla bústjóra" og fundi frestað til 10. september s. á. Á þeim fundi fékk hæstaréttarlögmaður afhent bókhald Sjófisks sf. til rannsóknar vegna krafna umbjóðanda síns og fundinum frestað til 22. október. Um frekari bókanir er ekki að ræða. Á engum bókaðra skiptafunda var tekið fyrir að ákveða höfðun riftunarmála. Þess skal getið, að samkvæmt því, sem bókað var, er ýmist, að fundirnir varða gjaldþrotamál Sjófisks sf. og nafngreindra eigenda, gjaldþrotamálin Sjófiskur sf. og eigendur eða aðeins þrotabú Sjófisks sf. Uppskrift á eignum búanna fór ekki fram, svo að séð verði. Samþykktar almennar kröfur í þrotabú Sjófisks sf. nema 14.871.402 kr., en umdeildar forgangskröfur 6.807.684 kr. Lýstar kröfur í þrotabú Jóhanns L. Arasonar nema 2.161.480 kr. Skýrslur í skiptarétti vegna gjaldþrotanna voru teknar af aðilum og vitnum í maí og júní 1991. Af Jóhanni L. Arasyni var tekin skýrsla 3. maí, af stefnda, Ara A. Sigurðssyni, 28. maí og af stefndu, Sigurborgu Garðarsdóttur, 6. júní.

3. Stefndu styðja kröfu sína um frávísun málsins þeim rökum, að til þess að koma fram riftun á grundvelli laga nr. 6/1978 þurfi að höfða mál innan 6 mánaða, frá því að sá, sem með skipti fer, eigi þess kost að gera kröfuna, sbr. 68. gr. laganna. Á því er byggt, að þessi frestur hafi verið liðinn, þegar mál þetta var höfðað. Upphafsdagur frestsins hafi verið 27. febrúar 1991, er kröfulýsingarfresti lauk, þar sem stefnandi hafi ekki lagt fram nein gögn um, að hann hafi ekki þá þegar átt þess kost að gera riftunarkröfuna.

Af hálfu stefnanda er fært fram, að fyrst við skýrslutökur í maí 1991 hafi fengist upplýsingar, er tekið hafi af allan vafa um ýmsa gerninga eigenda Sjófisks sf. til að skjóta eignum undan aðför kröfuhafa. Í þinghaldi 14. f. m. lagði stefnandi fram svofellda bókun: „Í greinargerð lögmanns stefndu á dskj. nr. 42 beinir hann til mín svofelldri áskorun:

„Skorað er á skiptastjóra að gefa nákvæmar upplýsingar um, hvenær hann fékk vitneskju um sölu íbúðarinnar á Hringbraut til stefnda, Ara".

Kaupsamninga Jóhanns Arasonar og stefndu, Sigurborgar, um Mávabraut 2 E og Hringbraut 136 E ásamt samkomulagi þeirra og stefndu, Ara, fékk ég í hendur einhvern tímann á tímabilinu 27. 2. 1991, þegar ég var ráðinn bústjóri, og þar til skýrslutökur hófust í skiptarétti 3. maí 1991. Get ég ekki tímasett það nákvæmar.

Í skiptarétti neitaði stefndi, Ari, að láta mér í té kvittanir fyrir útborgunargreiðslum í Hringbraut 136 E. Þessr kvittanir fékk ég um miðjan júlí 1991 frá Hilmari Péturssyni fasteignasala, sbr. dskj. nr. 16 og 17. Kvittanir fyrir útborgunargreiðslum vegna sölu Jóhanns og stefndu, Sigurborgar, á Mávabraut 2 E fékk ég frá Ásbirni Jónssyni hdl. á sama tíma."

4. Málshöfðunarfrestur samkvæmt 1. tl. 68. gr. gjaldþrotalaga nr.

6/1978 er ákvarðaður af tilliti til hagsmuna viðsemjanda þrotamanns og öryggis viðskiptalífs.

Ljóst er af skýrslutöku af Jóhanni L. Arasyni 3. maí 1991, að skiptastjórinn hafði þá undir höndum þau gögn öll í meginatriðum, sem málshöfðunin er byggð á.

Það er regla íslensks réttar, sbr. H. 1988, 590, að upphaf sex mánaða málshöfðunarfrests til að koma fram riftun samkvæmt 68. gr. gjaldþrotalaganna teljist vera sá dagur, er kröfulýsingarfresti lauk, eða síðari dagur, ef sérstök tilvik leiða til þess, að sá, sem með skipti fer, á þess þá fyrst kost að gera riftunarkröfuna.

Í máli þessu eru þær einar dagsetningar, sem til álita koma í þessu efni, 27. febrúar 1991, er kröfulýsingarfresti lauk, og 14. mars s. á., er löglega auglýstur fundur skyldi haldinn eða var haldinn til að taka ákvörðun um höfðun riftunarmála. Frestur til málshöfðunar var því liðinn 22. október 1991, er mál þetta var höfðað.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, er fallist á kröfu stefndu um að vísa málinu frá dómi. Þá er fallist á kröfu þeirra um málskostnað, sem ákveðst 120.000 kr.

Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari kveður upp dóminn.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Vilhjálmur Þórhallsson hrl., skiptastjóri þb. Jóhanns L. Arasonar og Sjófisks sf., greiði stefndu, Ara A. Sigurðssyni og Sigurborgu Garðarsdóttur, málskostnað, 120.000 kr.

1281

Þriðjudaginn 30. júní 1992.

Nr. 258/1992. **Þrotabú Sjófisks sf.**

gegn

Reyni Ólafssyni.

Kærumál. Gjaldþrotalög. Frávísun frá héraðsdómi. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 9. júní sl. samkvæmt heimild í b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Kæran ásamt gögnum barst réttinum 16. s. m.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða frávísunardómi verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Hann gerir og kröfu um kærumálskostnað.

Frá varnaraðila hefur ekki borist greinargerð í kærumálinu.

Þegar virt eru atvik málsins, sem rakin eru í hinum kærða frávísunardómi, verður að líta svo á, að bústjóri hafi átt þess nægan kost fyrir 14. apríl 1991 að kynna sér nauðsynleg gögn til að geta metið lagaskilyrði fyrir höfðun riftunarmáls. Verður því að líta svo á, að sex mánaða frestur til málshöfðunar samkvæmt 1. mgr. 68. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 hafi verið liðinn, er stefna í máli þessu var birt 14. október 1991.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn kærða frávísunardóm um annað en málskostnað, sem ákveðst 40.000 krónur. Á kærumálskostnað reynir ekki í máli þessu.

Það athugast, að engar skýringar hafa komið fram á því, hvers vegna auglýstur skiptafundur 14. mars 1991 var ekki haldinn. Þar sem ekki varð af því og látið var hjá líða að auglýsa síðari skiptafundi, kom ekki til þess, að skiptastjóri yrði kosinn, sbr. 90. gr. gjaldþrotalaga. Af þessu leiddi og, að eigi reyndi á ákvörðunarvald skiptafundar um höfðun riftunarmáls, sbr. 4. mgr. 96. gr. laganna. Í greinargerð sóknaraðila kemur fram, að bústjóri hafði ekki samráð við kröfuhafa utan skiptafundar um höfðun riftunarmáls, og eigi verður séð, að hann hafi borið ákvörðun sína um það undir

skiptaráðanda, sbr. 1. mgr. 93. gr. og 105. gr. in fine laganna. Þessa annmarka á málsmeðferð verður að átelja.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur er staðfestur um annað en málskostnað.

Sóknaraðili, þrotabú Sjófisks sf., greiði varnaraðila, Reyni Ólafssyni, 40.000 krónur í málskostnað í héraði.

Dómur bæjarþings Keflavíkur og Njarðvíkur 20. maí 1992.

1. Með stefnu, birtri 14. október 1991, höfðaði Vilhjálmur Þórhallsson hrl., skiptastjóri í þrotabúum Sjófisks sf., kt. 520687-1149, Keflavík, Ólafs Arnbjörnssonar, kt. 220257-3399, Blikabraut 8, Keflavík, Sveinbjörns Bjarnasonar, kt. 180457-0039, Hátúni 20, Keflavík, og Jóhanns L. Arasonar, kt. 080457-3839, Hringbraut 136 E, Keflavík, mál „fyrir hönd þrotabúsins" gegn Reyni Ólafssyni, kt. 080648-4569, viðskiptafræðingi, Heiðarbakka 1, Keflavík.

Stefnukröfur eru þessar: 1) að rift verði með dómi greiðslu skuldar stefnanda við stefnda, að fjárhæð 1.167.425 kr., með afhendingu Baader-188-flökunarvélar nr. 880177, Baader-421-hausara nr. 042107015 og Oddgeirshausara HC 1988-22, 6. nóvember 1989, 2) að stefndi verði dæmdur til þess að endurgreiða stefnanda 1.167.425 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 6. nóvember 1989 til greiðsludags, 3) að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, er beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Í þinghaldi 31. mars sl. varð að samkomulagi, að heiti málsins skyldi vera: Þrotabú Sjófisks sf. gegn Reyni Ólafssyni. Felur það jafnframt í sér samkomulag um breytingu sóknaraðildar.

Af hálfu stefnda eru í greinargerð þessar dómkröfur gerðar:

aðallega, að máli þessu verði vísað frá dómi og stefnda verði tildæmdur málskostnaður samkvæmt gjaldskrá LMFÍ eða síðar fram lögðum málskostnaðarreikningi og að tildæmdur málskostnaður beri dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags, til vara, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu og tildæmdur málskostnaður samkvæmt gjaldskrá LMFÍ eða síðar fram lögðum málskostnaðarreikningi og að tildæmdur málskostnaður beri dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Til þrautavara er þess krafist, komi til þess, að riftunarkrafa nái fram að ganga og með endurgreiðslukrafa og/eða skaða-

bótakrafa stefnanda, að kröfufjárhæð verði lækkuð og verði aldrei hærri en 774.009,00 kr., og jafnframt, að upphafsdagur vaxta verði 14.10. 1991 eða við birtingu stefnu í málinu, svo og, að málskostnaður verði í því tilviki felldur niður.

Að loknum munnlegum málflutningi um aðalkröfu stefnda 24. f. m. var málið tekið til dóms eða úrskurðar. Dómkröfur stefnda eru þær, að málinu verði vísað frá dómi, sér verði tildæmdur málskostnaður samkvæmt gjaldskrá LMFÍ og að tildæmdur málskostnaður beri dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Stefnandi gerir þær kröfur, að frávísunarkröfu verði hafnað og að sér verði dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnda, er beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

2. Stefndi er viðskiptafræðingur að mennt og rekur fyrirtæki í Njarðvík, sem heitir Skattskýrslan sf. og veitir m. a. aðstoð við bókhald og uppgjör og gerð skattframtala. Allt frá stofnun Sjófisks sf. árið 1987 fram til ársins 1990 annaðist stefndi reikningslega aðstoð fyrir félagið. Á haustmánuðum 1989 kom til uppgjörs milli stefnda og Sjófisks sf. á ógreiddum reikningum vegna starfa stefnda. Samkomulag varð með aðilum um kaup stefnda á tækjum, sem urðu Sjófiski sf. óþörf vegna breyttra vinnsluaðferða, en þau eru tilgreind í stefnu. Kaupsamningur er undirritaður 6. nóvember 1989. Heildarkaupverð var 1.400.000 kr., greitt með peningum 232.575 kr., með viðskiptaskuld og með því að greiða upp skuldabréf, sem Sjófiskur sf. hafði gefið út til stefnda vegna vinnu hans.

Sameignarfélagið Sjófiskur, eign Ólafs Arnbjörnssonar, Sveinbjörns Bjarnasonar og Jóhanns L. Arasonar, var skráð í firmaskrá Keflavíkur 11. júní 1987. Með bréfi, dags. 27. júní 1990, óskuðu nefndir eigendur eftir því við skiptaráðandann í Keflavík, að bú Sjófisks sf. yrði tekið til gjaldþrotaskipta sem og bú þeirra sjálfra. Beiðnin var tekin fyrir næsta dag í skiptarétti Keflavíkur, og með úrskurði, upp kveðnum 20. nóvember 1990, voru bú framangreindra aðila tekin til gjaldþrotaskipta.

Samkvæmt innköllun, út gefinni 24. nóvember 1990, var auglýst, að: „Skiptafundur verður haldinn í dómsal embættisins, Vatnsnesvegi 33, Keflavík, fimmtudaginn 14. mars kl. 11 1991. Á skiptafundinum verður lögð fram skrá yfir lýstar kröfur í þrotabúinu og ákvarðanir teknar um málefni, sem búið varða, þ. m. t. kosningu skiptastjóra, svo og um höfðun riftunarmála, ef því er að skipta.“ Um fund þennan er ekki bókað. Kröfulýsingarfresti lauk 27. febrúar 1991, og þann dag var Vilhjálmur Þórhallsson hæstaréttarlögmaður ráðinn bústjóri til bráðabirgða samkvæmt upplýsingum hans.

Fyrsti bókaði skiptafundur í þrotabúunum er haldinn 23. apríl 1991, án þess að fram komi, að hann hafi verið auglýstur í samræmi við 2. tl. 96.

gr. laga nr. 6/1978 eða til hans boðað á annan hátt, og verður að álykta, að hann hafi verið ákveðinn af skiptaráðanda á skiptafundi 14. mars. Vilhjálmur Þórhallsson hrl. var skipaður skiptastjóri á fundi þessum, sem var frestað til 21. maí s. á. Á þeim fundi var lögð fram kröfulýsingarskrá og fundi frestað til 2. júlí s. á. Þá var lögð fram „skýrsla bústjóra" og fundi frestað til 10. september s. á. Á þeim fundi fékk hæstaréttarlögmaður afhent bókhald Sjófisks sf. til rannsóknar vegna krafna umbjóðanda síns og fundinum frestað til 22. október. Um frekari bókanir er ekki að ræða. Á engum bókaðra skiptafunda var tekið fyrir að ákveða höfðun riftunarmála.

Skýrslur í skiptarétti vegna gjaldþrotanna voru teknar af aðilum og vitnum í maí og júní 1991. Af stefnda var skýrsla tekin 3. maí. Vilhjálmur Þórhallsson hrl. var þar bókaður mættur sem skipaður bústjóri til bráðabirgða.

3. Stefndi styður kröfu sína um frávísun málsins þeim rökum, að frestur til höfðunar riftunarmáls samkvæmt 68. gr. laga nr. 6/1978, sbr. 103. gr. laga nr. 85/1936, hafi verið liðinn, er málið var höfðað fyrir bæjarþingi Keflavíkur með birtingu stefnu 14. október 1991.

Af hálfu stefnanda er fært fram, að á atvik málsins hafi fyrst verið varpað ljósi við skýrslutökurnar í maí 1991. Bókhaldsgögn hafi ekki verið afhent fyrr en í byrjun júnímánaðar s. á. og verið óaðgengileg. Vitanlega hafi þurft umtalsverða gagnaöflun, áður en skýrslutökur fóru fram. Þá hafi fjármunir ekki fundist til þess að láta löggiltan endurskoðanda athuga bókhaldið.

4. Málshöfðunarfrestur samkvæmt 1. tl. 68. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 er ákvarðaður af tilliti til hagsmuna viðsemjanda þrotamanns og öryggis viðskiptalífs.

Það er regla íslensks réttar, sbr. H. 1988, 590, að upphaf sex mánaða málshöfðunarfrests til að koma fram riftun samkvæmt 68. gr. gjaldþrotalaga teljist vera sá dagur, er kröfulýsingarfresti lauk, eða síðari dagur, ef sérstök tilvik leiða til þess, að sá, sem með skipti fer, á þess þá fyrst kost að gera riftunarkröfuna.

Í máli þessu eru þær einar dagsetningar, sem til álita koma í þessu efni, 27. febrúar 1991, er kröfulýsingarfresti lauk, og 14. mars s. á., er löglega auglýstur fundur skyldi haldinn eða var haldinn til að taka ákvörðun um höfðun riftunarmála. Með vísan til ákvæða XII. og XIII. kafla gjaldþrotalaga um starfsskyldur skiptaráðanda og bústjóra/skiptastjóra eru ekki efni til þess, að skýrslutökur og haldlagning bókhaldsgagna eftir tilgreind tímamörk skuli marka upphafsdag málshöfðunar.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, er fallist á kröfu stefnda um að vísa málinu frá dómi. Þá er fallist á kröfu hans um málskostnað, sem ákveðst 120.000 kr., ásamt vöxtum, eins og í dómsorði greinir.

Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari kveður upp dóminn.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, þrotabú Sjófisks sf., greiði stefnda, Reyni Ólafssyni, málskostnað, 120.000 kr., ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Fimmtudaginn 2. júlí 1992.

Nr. 271/1992. **Ákæruvaldið**
gegn
Stefáni Karli Lúðvíkssyni og
Sigurði John Lúðvíkssyni.

Kærumál. Dómsátt felld úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Ríkissaksóknari hefur með heimild í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 23. júní 1992. Hann krefst þess, að hin kærða dómsátt verði úr gildi felld.

Varnaraðilum var kynnt kæra ríkissaksóknara á dómþingi sakadóms Seltjarnarness 29. júní sl. Þeir gera ekki kröfur í málinu.

Af hálfu ákæruvalds er gerð svofelld grein fyrir málavöxtum:

„...aðfaranótt sunnudagsins 5. janúar sl. stöðvaði lögreglan í Reykjavík akstur bifreiðarinnar FA-797 í Hörgshlíð í Reykjavík. Ökumaður bar einkenni ölvunar, og reyndist magn alkóhóls í blóðsýni úr honum 1,54‰. Hann kvaðst heita Sigurður John Lúðvíksson, til heimilis að Lambastaðabraut 7, Seltjarnarnesi, og undirritaði skýrslu hjá varðstjóra sömu nótt með því nafni. Hann mætti svo til lögreglunnar í Reykjavík 15. janúar sl. og ritaði sama nafn undir vottorð um, að sér hefði verið kunngerð ákvörðun lögreglustjóra um bráðabirgðasviptingu ökuréttinda, og undir skýrslu í rannsóknardeild lögreglunnar, þar sem hann viðurkenndi brotið. Hinn 21. janúar sl. gekkst hann svo undir að ljúka málinu með hinni kærðu dómsátt, þar sem honum var gert að greiða 30.000 kr. í sekt og sæta sviptingu ökuréttinda í 12 mánuði frá 15. janúar 1992. Hinn 10. maí sl. var Sigurður John stöðvaður við akstur bifreiðarinnar F-48145, grunaður um akstur án ökuréttinda. Sigurður John kannaðist ekki við að vera sviptur ökuréttindum og taldi bróður sinn, Stefán Karl Lúðvíksson, til heimilis á sama stað, hafa notað nafn sitt í óleyfi, sem Stefán Karl svo viðurkenndi við yfirheyrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík 29. maí sl. Það liggur því fyrir, að með hinni kærðu dómsátt hefur saklaus maður verið

látinn undirgangast greiðslu sektar og sæta sviptingu ökuréttinda."

Með vísan til þess, er að framan greinir, og samkvæmt 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 1. mgr. 199. gr. laga nr. 19/1991, er tóku gildi 1. júlí 1992, ber að fella hina kærðu dómsátt úr gildi.

Dómsorð:

Hin kærða dómsátt er úr gildi felld.

Dómsátt í sakadómi Seltjarnarness 21. janúar 1992.

Ár 1992, þriðjudaginn 21. janúar, er dómþing sakadóms Seltjarnarness háð á skrifstofu dómsins að Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Höllu Bachmann Ólafsdóttur héraðsdómara.

Fyrir er tekið sakadómsmálið nr. 119/92: Ölvun við akstur bifreiðarinnar FA-797.

Dómarinn leggur fram dskj. nr. 1-2, sem fylgja í frumriti. Kl. 16.00 mætir í dóminn kærði, Sigurður John Lúðvíksson starfsmaður, Lambastaðabraut 7, Seltjarnarnesi, kt. 271168-6089, fæddur á Englandi.

Kærða er kunngert sakarefnið, og jafnframt er gætt ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974. Kærði viðurkennir að hafa ekið bifreiðinni FA-797 undir áhrifum áfengis úr miðbæ Reykjavíkur, uns lögregla stöðvaði frekari akstur kærða í Hörgshlíð aðfaranótt 5. janúar sl. Dómarinn skýrir nú kærða frá því, að í blóðsýni því, sem honum var tekið í umrætt skipti, hafi alkóhól mælst 1,54‰. Samkvæmt heimild í 112. gr. laga nr. 74, 1974, sbr. lög nr. 32, 1988, og með vísan til 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, býður dómarinn kærða að ljúka málinu þannig, að hann greiði 30.000 kr. í sekt til ríkissjóðs samkvæmt 100. gr. umferðarlaga, 4.513 kr. í málskostnað og sæti jafnframt sviptingu ökuréttinda í 12 mánuði samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga, en brot hans þykir efnislega varða við 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Kærði samþykkir að ljúka málinu á þann veg, og greiðist sektin fyrir 1.4.1992, en ella sæti kærði í hennar stað varðhaldi í 10 daga.

Málskostnaður greiðist fyrir sama tíma.

Kærða er gert ljóst, að ökuleyfissvipting gildir frá 15.1.1992.

Fimmtudaginn 2. júlí 1992.

Nr. 286/1992. **Ákæruvaldið**
gegn
Hans Erni Viðarssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Varnaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 26. júní 1992 samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, en kæran barst hingað ásamt skjölum málsins 29. sama mánaðar.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldinu verði markaður styttri tími.

Af hálfu ákæruvaldsins er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Staðfesta ber hinn kærða úrskurð með skírskotun til forsendna hans, sbr. og a- og c-liði 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, sem gildi tóku 1. júlí 1992. Við framkvæmd gæsluvarðhaldsins ber að fara eftir ákvæðum 108. gr., sbr. 2. mgr. 202. gr. sömu laga.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 25. júní 1992.

Ár 1992, fimmtudaginn 25. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Símoni Sigvaldasyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur gert kröfu þess efnis, að Hans Erni Viðarssyni, kt. 101174-3529, til heimilis að Eyjahrauni 3, Þorlákshöfn, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi í 42 daga, allt til miðvikudagsins 6. ágúst nk. kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 244. gr. og 155. gr. almennra hegningarlaga.

Málavextir eru þeir, að RLR vinnur nú að rannsókn á innbrotsþjófnaði í fyrirtækið Jöfur, Nýbýlavegi 2, Kópavogi, en lögreglu hafa borist tékkar og ljósrit tékka, er seldir hafa verið og reynst við innlausn í banka falsaðir, en með framsali kærða, Hans Ernis Viðarssonar. Kærði hefur við rannsókn viðurkennt að hafa notað allmarga tékka úr tékkhefti, er hvarf úr innbrotinu í Jöfur.

Kærði hefur einnig viðurkennt að hafa staðið að fölsun og sölu tékka úr tékkhefti Sigmundar Rúnars Rafnssonar á Íslandsbanka, en lögreglu hefur borist fjöldi ljósrita af tékkum, er seldir hafa verið og reynst við innlausn í banka falsaðir, en með framsali kærða.

Þá hefur kærði jafnframt viðurkennt að hafa brotist inn í fyrirtækið Kóral sf., Vesturgötu 55, Reykjavík, og stolið þaðan tékkhefti og peningum. Jafnframt hefur kærði viðurkennt að hafa falsað tékka úr greindu tékkhefti.

Rannsókn framangreindra mála er á frumstigi, og enn þarf að ná til nafngreindra aðila, er staðið hafa að brotum með kærða. Auk framangreindra mála eru hjá RLR átta kærumál vegna þjófnaðar og skjalafals á hendur kærða.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, og skírskotun til 1. og 5. tl. 67. gr. laga nr. 74, 1974, þykir rétt að taka kröfu RLR til greina, en ætla má, að kærði, svo sem hátterni hans er farið, haldi áfram brotum, verði hann látinn laus. Brot þau, er hann er undir rökstuddum grun um að hafa framið, geta varðað hann fangelsisrefsingu skv. XVIII. og XXVI. kafla almennra hegningarlaga. Skal kærði samkvæmt því sæta gæsluvarðhaldi samkvæmt kröfu RLR allt til miðvikudagsins 6. ágúst nk. kl. 16.00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Hans Ernir Viðarsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 6. ágúst 1992 kl. 16.00.

Föstudaginn 31. júlí 1992.

Nr. 320/1992. **Ákæruvaldið**
gegn
Hilmari Ögmundssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 21. júlí sl., sem barst Hæstarétti 27. s. m. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður héraðsdóms Reykjaness 21. júlí 1992.

Ár 1992, þriðjudaginn 21. júlí, er í héraðsdómi Reykjaness kveðinn upp úrskurður þessi.

Fyrir héraðsdómi Reykjaness er rekið opinbert mál á hendur Hilmari Ögmundssyni, Stekkjarkinn 7, Hafnarfirði, kt. 300569-4049, fyrir ætlaða tilraun til manndráps, og hefur hann verið ákærður fyrir brot gegn 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga. Mál þetta var þingfest 17. júlí sl., og verður aðalmeðferð þess í byrjun september nk.

Samkvæmt ákærunni er Hilmar ákærður „fyrir tilraun til manndráps með því að hafa aðfaranótt föstudagsins 3. apríl 1992 stungið Gunnar Óskarsson, kt. 250567-4059, með hnífi í hægra brjóst á heimili Gunnars að Smyrlahrauni 62 í Hafnarfirði, og gekk hnífurinn 16-18 sm inn í brjóstholið og í slagæð innanvert við bringubein. Voru blæðingar í brjóstholi Gunnars stöðvaðar samdægurs með skurðaðgerð á Borgarspítalanum".

Við þingfestingu málsins og ákærubirtingu gerði ákærði ekki athuga-

semdir við ákæruna að öðru leyti en því, að hann mótmælti heimfærslu brots undir 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði hefur sætt gæsluvarðhaldi, frá því að hann var handtekinn, eftir að hann framdi brotið. Hann játaði strax að hafa veitt nefndum Gunnari stungusár það, sem í ákæru er lýst. Hann gat ekki nefnt ástæðu, en taldi langvarandi neyslu sína á hormóna- og steralyfjum hafa haft áhrif á skapgerð sína, einkum í tengslum við áfengisneyslu.

Ákærði er sakaður um mjög alvarlegt brot, sem varða kann við 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga, þar sem hámarksrefsing er meiri en 10 ára fangelsi.

Með tilliti til almannahagsmuna verður að telja skv. 2. mgr. 103. gr. laga nr. 91/1991 nauðsynlegt, að hann sæti áfram gæsluvarðhaldi, en síðasta gæsluvarðhald hans rennur út 22. þ. m. kl. 16.00. Ber því að taka kröfu ríkissaksóknara til greina, að hann sæti áfram gæsluvarðhaldi, uns dómur gengur í máli hans í héraði, en þó eigi lengur en til miðvikudagsins 30. september 1992 kl. 16.00.

Finnbogi H. Alexandersson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Hilmar Ögmundsson skal sæta gæsluvarðhaldi áfram, er fyrra gæsluvarðhald rennur út 22. júlí 1992 kl. 16.00, uns dómur gengur í máli ákæruvaldsins á hendur honum í héraði, en þó eigi lengur en til miðvikudagsins 30. september 1992 kl. 16.00.

Miðvikudaginn 12. ágúst 1992.

Nr. 252/1992. **Níels Adolf Ársælsson**
og Sigurlaug Guðmundsdóttir
gegn
sjávarútvegsráðuneytinu.

Kærumál. Fjárnám. Hjón.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðilar skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. júní sl. Samkvæmt 3. mgr. 107. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 5. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991 um breyting á ýmsum lögum vegna aðskilnaðar dómsvalds og umboðsvalds í héraði, hefur eftir 1. júlí sl. verið farið með málið sem kærumál. Sóknaraðilar gera þær kröfur, að hið kærða fjárnám „frá 14. maí 1992 verði dæmt ógilt og fellt úr gildi í heild sinni". Þá krefjast þau kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að hið kærða fjárnám verði dæmt gilt að öllu leyti og sér dæmdur kærumálskostnaður.

Með dómi aukadómþings Barðastrandarsýslu 5. febrúar 1990 var sóknaraðili Níels Adolf Ársælsson dæmdur til að greiða varnaraðila 1.004.329 krónur ásamt dráttarvöxtum og málskostnaði. Skuld þessi byggðist á skuldabréfi, tryggðu með veði í fiskiskipinu Geir, BA-326, en það hafði Níels selt, þegar málið var höfðað. Með dóminum var hinum nýju eigendum gert að þola staðfestingu veðréttar í skipinu. Þáverandi lögmaður Níelsar gerði skuldina upp við lögmann varnaraðila samkvæmt greiðslukvittun 20. desember 1990. Var uppgjörið byggt á útreikningi lögmanns varnaraðila. Með greiðsluáskorun, birtri 13. júní 1991, skoraði hann þó á Níels að ljúka dómskuldinni að viðlögðu fjárnámi. Árangurslaust fjárnám fór fram hjá Níelsi 3. desember 1991, eftir að hann hafði lýst sig eignalausan. Lögmaður varnaraðila gerir þá grein fyrir þessum innheimtuaðgerðum, að við uppgjörið hafi villa slæðst inn í útreikning sinn á eftirstöðvum dómskuldarinnar. Hún sé í því fólgin, að tvisvar hafi verið tekið tillit til 160.000 króna innborgunar 28. júní 1989 og jafnhárrar innborgunar 10. júlí sama ár. Hafi tillit verið tekið

til innborgana þessara í dóminum og svo aftur í útreikningi hans. Þetta staðfestir þáverandi lögmaður Níelsar. Með bréfi 4. maí sl. krefst varnaraðili þess, að sýslumaður Barðastrandarsýslu endurupptaki fjárnám í eignum Níelsar fyrir 406.769 krónum ásamt dráttarvöxtum frá 19. desember 1990 og kostnaði, alls að fjárhæð 583.151 krónu. Málið var tekið fyrir í fógetadómi Barðastrandarsýslu 14. maí sl. Af hálfu gerðarþola kom þá fyrir dóminn sóknaraðilinn Sigurlaug Guðmundsdóttir, eiginkona Níelsar. Síðan er bókað:

„Mætta kveðst aðspurð ekki greiða kröfu gerðarbeiðanda. Fógeti áminnir mættu um sannsögli og skorar á hana að benda á eignir til uppskriftar og fjárnáms. Bent er á lausafé.

Að kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mættu lýsir fógeti yfir fjárnámi í eign mættu, bifreiðinni Mazda, árg. 1987, fastnr. IG-225, staðsettri við Kirkjubraut í Njarðvík, í vörslu Sigríðar Jónsdóttur, og eignum gerðarþola, Pioneer-hljómflutningstækjum: plötuspilara PL-880, útvarpi F-551L, kassettutæki CT-880, tónjafnara GR-555, geislaspilara DO-7050, magnara A-331, öllu í svörtum viðarkassa með glerhurð, 2 hátölurum CS-780 og fjarstýringu CU-Pd008, öllu staðsettu að Hamraborg, Tálknafirði.

Fallið er frá virðingu. Fógeti skýrir þýðingu gerðarinnar fyrir mættu og brýnir meðal annars fyrir henni, að ekki megi ráðstafa hinu fjárnumda. Fógeti mun tilkynna gerðarþola um gerðina með ábyrgðarbréfi.“

Eins og á stendur í máli þessu, verður ekki talið, að fullnaðaruppgjör hafi farið fram 20. desember 1990.

Samkvæmt 25. gr. laga nr. 20/1923 um réttindi og skyldur hjóna ber sóknaraðili Sigurlaug Guðmundsdóttir ekki ábyrgð á dómskuld sóknaraðila Níelsar Adolfs Ársælssonar, þeirri sem leitað er fjárnáms fyrir í máli þessu. Sigurlaug er ólögfróð. Fógeta bar því eftir 114. gr., sbr. 238. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sem þá giltu, að leiðbeina henni um, að hún væri eigi ábyrg fyrir dómskuldinni og henni væri óskylt að benda til fjárnáms á bifreiðina, sem óumdeilt er, að var hjúskapareign hennar sjálfrar. Bókun fógeta í fógetabók bendir til, að hann hafi ekki leiðbeint sóknaraðila Sigurlaugu á þennan veg. Af þessu leiðir, að sóknaraðili

Sigurlaug Guðmundsdóttir er ekki bundinn af fjárnámsgerðinni, að því er bifreiðina varðar. Við fjárnámið benti hún hins vegar á hljómflutningstækin sem eign sóknaraðila Níelsar. Ekki hefur komið fram næg sönnun fyrir öðru, og ber því að staðfesta fjárnámið, að því er hljómflutningstækin varðar.

Rétt þykir, að hver aðili beri sinn kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hin kærða fjárnámsgerð er úr gildi felld, að því er varðar bifreiðina IG-225, Mazda, árgerð 1987. Hin kærða fjárnámsgerð er staðfest að öðru leyti.

Fimmtudaginn 13. ágúst 1992.

Nr. 294/1992. **Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar**
gegn
Reykjavíkurborg.

Kærumál. Frávísun frá Félagsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hrafn Bragason, Pétur Kr. Hafstein og Þór Vilhjálmsson.

Hinn 24. júní sl. kærði sóknaraðili til Hæstaréttar frávísunardóm, sem kveðinn hafði verið upp í Félagsdómi 22. júní. Kröfur hans eru, að frávísunardómurinn verði felldur úr gildi og að lagt verði fyrir Félagsdóm að taka málið til efnisúrlausnar. Þá er krafist kærumálskostnaðar. Um kæruheimild er vísað til 1. tl. 67. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar.

Um málsatvik vísast til hins kærða dóms.

Fyrir Hæstarétti liggur ekki að skera úr deilu málsaðila um vikulegan vinnutíma sjúkraþjálfara, heldur að segja til um, hvort Félagsdómur eigi að lögum að fjalla um deiluna. Í 26. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna segir, að Félagsdómur dæmi í „málum, sem rísa á milli samningsaðila um: ... 3. Ágreining um skilning á kjarasamningi eða gildi hans". Í 10. gr. sömu laga segir, að kjarasamningar skuli vera skriflegir, sbr. og 6. gr. laga nr. 80/1938. Þegar af þeirri ástæðu, að í máli þessu er ekki deilt um skilning á skriflegum samningsákvæðum, verður að telja, að ekki sé um ágreining um kjarasamning að ræða í skilningi laganna frá 1986 og að Félagsdómur eigi þess vegna ekki lögsögu í málinu.

Hinn kærði frávísunardómur verður því staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur Félagsdóms 22. júní 1992.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Björn Helgason, Ingibjörg Benediktsdóttir, Freyr Ófeigsson og Eiríkur Helgason.

Málið, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 12. þ. m. um fram komna frávísunarkröfu, er höfðað með stefnu, birtri 8. maí sl.

Stefnandi er Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar, Grettisgötu 89, Reykjavík.

Stefndi er Reykjavíkurborg, Ráðhúsi Reykjavíkur.

Dómkröfur stefnanda eru, að viðurkennt verði, að sjúkraþjálfarar, sem eru félagar stefnanda og starfa á Borgarspítalanum, þ. m. t. yfirsjúkraþjálfari, fullnægi dagvinnuskyldu sinni með því að vinna 37,5 vinnustundir á viku og að uppsögn stefnda á þessu kjaraatriði 25. mars 1992 verði dæmd ólögmæt.

Þá krefst stefnandi og málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá dómi. Til vara krefst hann sýknu af kröfum stefnanda. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Í þessum þætti málsins er þess krafist af hálfu stefnanda, að frávísunarkröfunni verði hrundið og að stefnda verði gert að greiða málskostnað.

— — —

IV.

Kjarasamningar aðila máls þessa eru skriflegir, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 94/1986. Í núgildandi kjarasamningi þeirra eru í 2. kafla ákvæði um vinnutíma. Upphafsákvæði kaflans og þau, sem hér skipta máli, eru svohljóðandi:

2.1.1. „Vinnuvika borgarstarfsmanna í fullu starfi skal vera 40 stundir, nema um skemmri vinnutíma sé sérstaklega samið. Heimilt er að semja við starfsmannafélagið um tilflutning vinnuskyldu milli vikna eða árstíða.

2.1.2. Heimilt er að haga vinnu með öðrum hætti en í kafla þessum greinir með samkomulagi starfsmanna og forráðamanna stofnunar og með skriflegu samþykki samningsaðila."

Ágreiningslaust er með málsaðilum, að viðvera sjúkraþjálfara í dagvinnu á Borgarspítalanum hafi um nokkurt árabil verið innan við 40 dagvinnustundir. Ljóst er þó, að um vinnutíma þann, sem stefnandi krefst viðurkenningar á, hefur hvorki stofnast skriflegur kjarasamningur milli aðila máls þessa í merkingu 1. mgr. 10. gr. laga nr. 94/1986 né ígildi slíks samnings. Ekki er heldur fyrir hendi „skriflegt samþykki samningsaðila" skv. gr. 2.1.2. í kjarasamningi aðila um vinnutímann. Verður því krafa stefnanda eigi borin undir Félagsdóm, sbr. 3. tl. 1. mgr. 26. gr. nefndra laga.

Ber því að taka frávísunarkröfu stefnda til greina, en rétt þykir, að hvor málsaðila beri sinn málskostnað.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Félagsdómi.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði

Eiríks Helgasonar.

Ég tel, að fyrir langa framkvæmd samningsaðila á lengd dagvinnutíma sjúkraþjálfara hafi stofnast ígildi skriflegs kjarasamnings milli þeirra, og beri því að hafna frávísunarkröfu stefnda.

Ég er samþykkur meiri hluta dómsins um málskostnað.

Fimmtudaginn 27. ágúst 1992.

Nr. 332/1992. **Barð hf.**
gegn
Lífeyrissjóði Vestfirðinga,
Hólmi hf.,
Steinbjörgu hf. og
uppboðshaldaranum í
Barðastrandarsýslu o.fl.

Kærumál. Nauðungaruppboð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Hrafn Bragason.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 6. júlí 1992, sem barst réttinum 13. ágúst sama ár. Hann krefst þess, að dæmd verði ógild sú ákvörðun uppboðshaldara Barðastrandarsýslu að hafna boði hans í m/b Eleseus, BA-328, á uppboðsþingi 25. júní 1992 og uppboðshaldara verði jafnframt dæmt skylt að taka boð kæranda til athugunar og samþykktar. Þá krefst hann þess, að sér verði dæmdur málskostnaður úr hendi varnaraðila að viðbættum virðisaukaskatti og að málskostnaðarfjárhæðin beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Varnaraðili Hólmur hf. hefur krafist þess, að dómkröfum sóknaraðila verði hafnað og hin kærða ákvörðun sýslumanns Barðastrandarsýslu staðfest. Til vara krefst hann þess, að verði hinni kærðu ákvörðun hrundið, verði uppboðshaldara gert skylt að halda áfram nauðungaruppboði á skipinu, þar sem frá var horfið, og varnaraðila gefinn kostur á að gera frekari boð í skipið og neyta réttar síns sem ófullnægður veðhafi. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi sóknaraðila og að málskostnaðurinn beri dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Uppboðshaldari Barðastrandarsýslu krefst þess, að höfnun sín á boði Barðs hf. í m/b Eleseus, BA-328, á uppboðsþingi 25. júní 1992 verði staðfest og sóknaraðili greiði allan kærumálskostnað.

Frá öðrum varnaraðilum hafa hvorki borist kröfur né greinargerðir.

Hinn 25. júní sl. var háð uppboð á m/b Eleseus, BA-328, í uppboðsrétti Barðastrandarsýslu. Á því uppboði mætti Hjörleifur Guðmundsson, stjórnarformaður sóknaraðila, fyrir hönd gerðarþola Steinbjörgu hf. Á uppboðsþingi lagði hann fram umboð frá gerðarþola. Uppboðshaldari bókar því næst, að þar sem Hjörleifur sé ólöglærður, sé hann leiðbeiningarskyldur gagnvart honum. Fram komu mótmæli um, að uppboðið færi fram samkvæmt kröfu Hólms hf., og var þess þá óskað af hálfu Lífeyrissjóðs Vestfirðinga, að uppboðið færi fram í hans nafni.

Uppboðshaldarinn úrskurðaði svo, að mótmæli Steinbjargar hf. væru ekki tekin til greina og uppboðið færi fram. Var það rökstutt með því, að Hólmur hf. væri ekki eini uppboðsbeiðandinn. Hjörleifur Guðmundsson mótmælti úrskurði þessum og kvaðst myndu áfrýja honum. Af hálfu Lífeyrissjóðs Vestfirðinga var þess krafist, að uppboðið færi fram þrátt fyrir yfirlýsingu um áfrýjun. Varð uppboðshaldari við þeirri ósk. Komu fram nokkur boð í eignina frá Fiskveiðasjóði, Hólmi hf. og Byggðastofnun, síðast 27.500.000 krónur frá Hólmi hf., og var krafist útlagningar. Hjörleifur Guðmundsson bauð þá 28.000.000 krónur fyrir hönd Íshafs og upplýsti, að það væri einkafyrirtæki Níelsar Ársælssonar. Krafist var upplýsinga um tryggingar, og kvað Hjörleifur þær ekki fyrir hendi. Uppboðshaldari hafnaði þá boðinu. Bauð Hjörleifur þá sömu fjárhæð fyrir hönd sóknaraðila. Var krafist tryggingar af hálfu eins uppboðsbeiðanda. Er þá bókað á uppboðsþingi:

„Hjörleifur segir, að hann hafi ekki aðrar tryggingar en fiskibátinn Ísborgu, BA-477, sem er skuldsett fyrir 15 - 18 millj. kr.

Uppboðshaldari hafnar boðinu."

Hjörleifur Guðmundsson lýsti þá yfir, að hann myndi kæra bæði höfnun boðs Íshafs og Barðs hf. Uppboðshaldari tók sér síðan 14 daga frest til að athuga boð Hólms hf.

Samkvæmt 5. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu ber að ljúka máli þessu hér fyrir dómi samkvæmt ákvæðum laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð.

Samkvæmt 8. gr. laga nr. 57/1949 var sóknaraðili ekki aðili uppboðs, og átti því Hjörleifur Guðmundsson ekki rétt á sérstakri

leiðbeiningarskyldu uppboðshaldara, þegar hann kom fram fyrir sóknaraðila á uppboðinu. Enginn aðila uppboðsins samkvæmt 8. gr. laga um nauðungaruppboð hefur tekið undir kröfur hans. Skilja verður bókun uppboðshaldara svo, að hann hafi hafnað boðinu, þar sem hann hafi ekki talið sóknaraðila geta fullnægt uppboðsskilmálum. Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. sömu laga á hann ekki heimtingu á því, að honum sé slegin eignin. Kröfur sóknaraðila eru þegar af þessum ástæðum ekki teknar til greina.

Rétt er, að sóknaraðili greiði varnaraðila Hólmi hf. 35.000 krónur í kærumálskostnað. Uppboðshaldari Barðastrandarsýslu beri sinn kærumálskostnað sjálfur.

Dómsorð:

Hafnað er kröfum sóknaraðila.

Sóknaraðili, Barð hf., greiði varnaraðila Hólmi hf. 35.000 krónur í kærumálskostnað.

Miðvikudaginn 2. september 1992.

Nr. 345/1992. **Ákæruvaldið**
gegn
Jóni Sigurðssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Varnaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála með kæru 25. ágúst sl., sem barst Hæstarétti 31. sama mánaðar. Krefst varnaraðili þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, en til vara, að gæsluvarðhaldi hans verði markaður styttri tími en kveðið er á um í hinum kærða úrskurði. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Skriflegar athugasemdir vegna kærumálsins hafa borist Hæstarétti frá embætti lögreglustjórans í Reykjavík, sbr. 3. mgr. 145. gr. laga nr. 19/1991. Þar er sett fram sú krafa, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Varnaraðili er undir rökstuddum grun um brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. og 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Að þessu athuguðu, en að öðru leyti með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður héraðsdóms Reykjavíkur 25. ágúst 1992.

— — —

Með skírskotun til framanritaðs verður að telja, að kominn sé fram rökstuddur grunur um, að kærði hafi framið þau brot, sem hann er nú borinn sökum. Brot þessi geta varðað hann fangelsisrefsingu.

Rannsókn málsins er á frumstigi, og eru líkur taldar standa til þess, að fleiri aðilar en X og Jón hafi staðið að þeim innflutningi á fíkniefnum, sem hér um ræðir, þar sem um mikið magn er að ræða. Er eftir að rannsaka

fjármagnshlið málsins svo og, hvort og hvenær X og Jón hafa farið til útlanda undanfarna mánuði. Ætla má, að sakborningur muni torvelda rannsókn málsins, m. a. með því að hafa áhrif á hugsanleg vitni eða hugsanlega samseka í máli þessu, fari hann frjáls ferða sinna.

Með vísan til alls þessa og skírskotun til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 þykir rétt að taka kröfu lögreglustjórans í Reykjavík til greina, þó þannig, að kærði sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 9. september nk. kl. 15.00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Jón Sigurðsson, sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 9. september nk. kl. 15.00.

Föstudaginn 4. september 1992.

Nr. 348/1992. **Ákæruvaldið**

gegn

Gunnlaugi Þór Briem.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson.

Ákærði hefur með heimild í 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 27. ágúst 1992, sem barst Hæstarétti 1. september sl. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Skriflegar athugasemdir vegna kærumálsins hafa borist Hæstarétti frá embætti ríkissaksóknara, sbr. 3. mgr. 145. gr. laga nr. 19/1991. Þar er sett fram sú krafa, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Í málinu liggur frammi geðheilbrigðisrannsókn, sem Hannes Pétursson yfirlæknir framkvæmdi á ákærða, dagsett 6. júlí 1992. Þar kemur fram, að ákærði beri merki um alvarlega efnafíkn og áfengissýki og sé haldinn persónuleikatruflunum, en að öðru leyti séu ekki merki um geðræna kvilla, og teljist hann því sakhæfur.

Þá liggur fyrir í málinu áverkavottorð Páls M. Stefánssonar læknis, dagsett 14. júlí 1992, þar sem segir svo um áverka þá, sem ákærði veitti Þórði Val Gautasyni: „Áverkinn telst meiri háttar og sköddun orðið á munnvatnskirtli vi. megin. Mikil blæðing var samfara áverkanum. Líklegt er, að um framtíðarmein á vi. kinn og munnvatnskirtli vi. megin verði að ræða, enda þótt ekki sé hægt að úrskurða um það endanlega á þessari stundu."

Samkvæmt 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 og með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður héraðsdóms Reykjavíkur 27. ágúst 1992.

Ár 1992, fimmtudaginn 27. ágúst, er á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík af Ragnheiði Bragadóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Ákæruvaldið hefur krafist þess, að Gunnlaugi Þór Briem, kt. 271269-3079, með lögheimili að Mávahlíð 24, Reykjavík, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi frá lokum gæsluvarðhalds þess, er rennur út kl. 16.00 á morgun, þar til er dómur hefur gengið í málinu og afstaða tekin til áfrýjunar, en þó eigi lengur en til föstudagsins 27. nóvember nk. kl. 16.00.

Um málavexti vísast til úrskurðar sakadóms Reykjavíkur, sem kveðinn var upp 14. maí sl.

Rannsókn málsins er nú að fullu lokið, og hefur ríkissaksóknari gefið út ákæru á hendur kærða.

Kærði er ákærður fyrir tilraun til manndráps, en til vara fyrir stórfellda líkamsárás. Brot þetta varðar við 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19. 1940, en til vara við 2. mgr. 218. gr. sömu laga, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981. Einnig er kærði ákærður fyrir brot gegn 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga.

Brot það, er kærði er grunaður um að hafa framið, getur varðar hann 10 ára fangelsi eða meira.

Með vísan til framanritaðs svo og rannsóknargagna málsins og með skírskotun til 2. mgr. 103. gr. l. nr. 19/1991 verður að telja nauðsynlegt með tilliti til almannahagsmuna, að kærði sæti áframhaldandi gæsluvarðhaldi. Ber því að taka til greina kröfu ákæruvaldsins um áframhaldandi gæsluvarðhald yfir kærða, eins og hún er fram sett.

Úrskurðarorð:

Kærði, Gunnlaugur Þór Briem, sæti áfram gæsluvarðhaldi frá lokum gæsluvarðhalds þess, er rennur út kl. 16.00 á morgun, þar til er dómur hefur gegnið í málinu og afstaða tekin til áfrýjunar, en þó eigi lengur en til föstudagsins 27. nóvember nk. kl. 16.00.

Mánudaginn 7. september 1992.

Nr. 296/1992. **Gunnar Sæmundsson**

gegn

Byggingarsamvinnufélagi ungs fólks, Reykjavík.

Kærumál. Þinglýsing. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson og Guðmundur Skaftason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 27. júní 1992 með heimild í þágildandi 3. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978. Gögn málsins bárust réttinum 6. júlí sl. Hann krefst þess, að lagt verði fyrir þinglýsingardómara að afmá af þinglesinni eignarheimild sinni fyrir íbúð að Víkurási 4 í Reykjavík, auðkenndri 02.05, eftirfarandi áritun:

„Fyrirvari. Vakin er athygli á því, að Byggung b.s.v.f. hefur ekki fallið frá forkaupsrétti vegna eignar þessarar.

Fyrirvari um, að eignin sé háð ákvæðum laga um b.s.v.f." Hann krefst og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Af hálfu varnaraðila hafa ekki borist kröfur eða greinargerð í máli þessu.

Í greinargerð þinglýsingardómara 30. júní sl. segir m.a: „Samkvæmt endurriti úr Uppboðsbók Reykjavíkur var eignin Víkurás 4, 02.05, seld á nauðungaruppboði 14. maí 1990. Hinn 28. maí 1991 var Íslandsbanka hf. lögð út sem ófullnægðum veðhafa eignin að Víkurási 4, 02.05, með öllum sama rétti og fyrri eigandi átti. Afmá bar af veðmálaskrá eignarinnar allar þinglýstar veðkröfur aðrar en skuldir við Byggingarsjóð ríkisins á 1. og 2. veðrétti. Endurrit þetta var lagt inn til þinglýsingar 29. maí 1992 sjá skjal nr. A-12187/91.

Með vísan til uppboðsafsals vegna umræddrar eignar var Íslandsbanki hf. bær til að gefa út afsal vegna eignar þessarar, og því taldi þinglýsingardómari ekki unnt að vísa frá þinglýsingu afsali frá Íslandsbanka hf. til Gunnars Sæmundssonar hrl. samkv. 7. gr. l. nr. 39/1978 um þinglýsingu, sbr. 24. gr. sömu laga.

Í þeim tilvikum, þegar byggingarsamvinnufélag reisir íbúðarhús-

næði, hefur þess verið sérstaklega getið sem kvaðar á eigninni í þinglýsingabókum, að eignin sé háð ákvæðum laga um byggingarsamvinnufélög.

Samkvæmt 122. gr. l. nr. 86/1988 um Húsnæðisstofnun ríkisins verður stjórn byggingarsamvinnufélagsins að hafna forkaupsrétti fyrstu fimm árin eftir lóðarúthlutun, enda hafi lokauppgjör farið fram.

Þá hefur það tíðkast við embættið, að yfirlýsing komi frá byggingarsamvinnufélagi, þegar skilyrðum þessum hefur verið fullnægt um, að kvöð um, að eignin sé háð ákvæðum laga um byggingarsamvinnufélög, falli niður og þá jafnframt forkaupsréttur stjórnar félagsins. Slík yfirlýsing hefur ekki borist vegna Víkuráss 4, 02.05."

Viðurkennt er af sóknaraðila, að aðili sá, sem fengið hafði íbúðina á vegum varnaraðila, hafi gefið út til félagsins tvö skuldabréf fyrir skuldum á byggingarreikningi, en þau síðan komist í eigu Íslandsbanka hf. og orðið grundvöllur útlagningar íbúðarinnar til hans.

Sóknaraðili byggir á því, að forkaupsréttur byggingarsamvinnufélags að íbúð eftir 1. málslið 1. mgr. 122. gr. laga nr. 86/1988 taki einvörðungu til frjálsrar sölu á henni, en ekki nauðungarsölu. Því hafi hin þinglýsta kvöð um forkaupsrétt varnaraðila fallið niður við útgáfu uppboðsafsalsins til Íslandsbanka hf. 28. maí 1991. Þá bendir hann á þá aðalreglu samkvæmt ofangreindu lagaákvæði, að forkaupsréttur byggingarsamvinnufélags falli niður, þegar fimm ár séu liðin frá lóðarúthlutun. Undantekning frá henni, að því er varðar forkaupsréttartímann, sé gerð, hafi lokauppgjör ekki farið fram. Reglu þessari telur hann ætlað að tryggja rétt byggingarsamvinnufélags gagnvart þeim, sem fengið hafa íbúð að tilhlutan félagsins, en ekki gagnvart öðrum, sem á engan hátt eru skuldbundnir því. Vísar hann um þetta til forsögu ákvæðisins.

Í gögnum málsins koma fram eftirfarandi sjónarmið varnaraðila um forkaupsréttinn:

„Umbj. minn, Byggung b.s.v.f., hefur litið svo á, að félagið hafi forkaupsrétt að umræddri íbúð, sbr. 1. og 2. mgr. 122. gr. laga nr. 86/1988 og 17. gr. samþykkta félagsins.

Það er skoðun umbj. míns, að sú kvöð, að eignin sé háð ákvæðum laga um byggingarsamvinnufélög, hafi aldrei fallið niður. Því

sé ekkert um það að ræða, að hún vakni aftur. 9. gr. uppboðslaga nr. 57/1949 tekur aðeins til þess, að ekki er hægt að nýta sér forkaupsrétt á sjálfu uppboðsþinginu, nema heimild sé sérstaklega til þess í lögum. Það þýðir hins vegar ekki, að ofangreind kvöð falli niður. Þvert á móti falla aðeins niður veðskuldir, sem ekki fást greiddar af uppboðsandvirði. Má í þessu sambandi t.d. nefna, að ýmsar aðrar kvaðir, svo sem vegna umferðarréttar o. fl., falla ekki niður við uppboðssöluna. Má í þessu sambandi vísa til uppboðsafsalsins, þar sem þetta kemur skýrt fram.

Í veðbókarvottorði, dags. 25. apríl 1990, sem lá frammi við uppboðssöluna, koma greinilega fram þær kvaðir, sem eignin er háð, þ. m. t. sú kvöð, að lög um byggingarsamvinnufélög skuli gilda um hana. Uppboðskaupanda mátti því vera það ljóst, að þannig var háttað um eignina og að eignarheimild hans myndi takmarkast af því.

Samkv. framangreindu má það vera ljóst, að umbj. minn hefur fullan rétt til að nýta sér fyrrnefndan forkaupsrétt. Þess vegna ber að hafna kröfu Gunnars Sæmundssonar hrl. um þinglýsingu á afsali fyrir nefndri íbúð."

Af framangreindu er ljóst, að hinn eiginlegi ágreiningur aðila málsins snýst um það, hvort forkaupsréttur varnaraðila sé virkur og hvort umrædd eign sé enn háð ákvæðum laga um byggingarsamvinnufélög. Af niðurstöðu þessa álitaefnis leiðir, hvort hinar umdeildu áritanir skuli standa eða ekki. Ágreiningur um þetta verður ekki leiddur til lykta í þinglýsingarmáli. Verður því ekki hjá því komist að vísa málinu frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti

Mánudaginn 7. september 1992.

Nr. 315/1992. **Samvinnulífeyrissjóðurinn**

gegn

þrotabúi Kaupfélags Norður-Þingeyinga.

Kærumál. Gjaldþrotaskipti. Forgangskrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson og Guðmundur Skaftason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru, dagsettri 3. júlí 1992 með heimild í 2. mgr. 191. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti. Sóknaraðili krefst þess, að krafa sín, að fjárhæð 6.151.433 krónur, verði metin sem forgangskrafa í þrotabú varnaraðila, og til vara, að hluti kröfunnar, 2.719.922 krónur, verði metinn sem forgangskrafa í þrotabúið. Hann krefst málskostnaðar auk virðisaukaskatts úr hendi varnaraðila í öllum tilvikum.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og málskostnaðar auk virðisaukaskatts í héraði og fyrir Hæstarétti.

Með tilvísun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Rétt þykir að dæma sóknaraðila til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, 50.000 krónur, og er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

Sóknaraðili, Samvinnulífeyrissjóðurinn, greiði varnaraðila, þrotabúi Kaupfélags Norður-Þingeyinga, 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður skiptaréttar Þingeyjarsýslu 8. júní 1992.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 19. f. m. að undangengnum munnlegum málflutningi þann dag, var þingfest í skiptarétti Þingeyjarsýslu 6. desember 1990, en 21. janúar 1991 vék hinn reglulegi skiptaráðandi sæti í máli þessu, og 1. febrúar s. á. var skipaður setuskiptaráðandi.

Sóknaraðili máls þessa er Samvinnulífeyrissjóðurinn, og er lögmaður sóknaraðila Sveinn H. Valdimarsson hrl., og varnaraðili máls þessa er þrotabú Kaupfélags Norður-Þingeyinga, og fer Björn Jósef Arnviðarson hdl., sem er bústjóri varnaraðila, með forsvar málsins.

Krafa sóknaraðila er, að 6.151.433 kr. verði metnar sem forgangskrafa í bú varnaraðila, og til vara er þess krafist, að hluti kröfunnar, alls 2.719.922 kr., verði talinn forgangskrafa í bú varnaraðila. Í báðum tilfellum er krafist málskostnaðar úr hendi varnaraðila skv. gjaldskrá LMFÍ og að mati réttarins auk virðisaukaskatts.

Krafa varnaraðila er sú, að hafnað verði aðalkröfu sóknaraðila og staðfest sú afstaða varnaraðila, að aðalkrafa sóknaraðila teljist almenn krafa í búið. Varakröfu sóknaraðila hafnar varnaraðili að öðru leyti en því, að hann fellst á, að viðurkennd verði sem forgangskrafa í búið iðgjöld til sóknaraðila í nóvember 1988, 270.135 kr., í desember s. á. 240.763 kr., iðgjöld í september 1989 10.265 kr. og dráttarvextir 1989 63.938 kr. Alls samþykkir varnaraðili sem forgangskröfu 585.101 kr.

Sóknaraðili sundurliðar aðalkröfu sína, sem er lífeyrissjóðsiðgjöld varnaraðila og óumdeilt er, að sé forgangskrafa í búið sem slík, þannig:

Iðgjöld fyrir sept.-des. 1987	kr.	890.124
Vextir til 29. 6. 1990	kr.	1.198.295
Iðgjöld jan.-des.1988	kr.	2.191.895
Vextir til 29.6. 1990	kr.	1.796.916
Iðgjöld 1. 11. 1988 - 30. 4. 1990	kr.	10.265
Vextir á sama hátt	kr.	63.938
	Kr.	6.151.433

Varakröfu sína sundurliðar sóknaraðili tölulega þannig:

Iðgjöld 1. 11. 1988 - 30. 4. 1990	kr.	1.969.720
Vanskilavextir frá gjalddaga iðgjalds til 29. 6. 1990	kr.	750.202
	Kr.	2.719.922

Verða nú raktar málsástæður og lagarök aðila svo og atvik, eins og málið gefur tilefni til.

Kaupfélag Norður-Þingeyinga tryggði starfsmenn sína hjá sóknaraðila, en aðdragandi að gjaldþroti varnaraðila er svofelldur af hans hálfu:

A. Lögð fram beiðni um greiðslustöðvun	19. 12. 1988
B. Úrskurður um greiðslustöðvun í 3 mán. uppkv.	20. 12. 1988
C. Greiðslustöðvun framlengd til	20. 4. 1989
D. Lögð fram beiðni um nauðasamninga	17. 4. 1989

E. Úrskurður um heimild til nauðasamninga 12. 5. 1989
F. Nauðasamn. staðfestur af skiptaráðanda 6. 12. 1989
G. Lögð fram beiðni um gjaldþrotaskipti 21. 5. 1990
H. Upp kveðinn úrskurður um gjaldþrot 29. 6. 1990

Sóknaraðili telur, að skv. þessum dagsetningum, sem eru óumdeildar, sé frestdagur vegna búskiptanna 19. desember 1988, og njóti því kröfur sínar forgangs 18 mánuði aftur í tímann frá þeim degi og vísar í því sambandi til 1. gr. 1. tl. laga nr. 6, 1978, um gjaldþrot, sbr. skiptalög nr. 3, 1878, 8. kafla. Um nánari rökstuðning fyrir aðalkröfu sóknaraðila vísar hann, eins og áður greinir, til 1. gr. gjaldþrotalaga. Í staflið a greinarinnar segi, að frestdagur merki þann dag, þegar skiptaráðandi fær ósk eða kröfu um greiðslustöðvun, nauðsasamninga eða gjaldþrotaskipti, og í lok töluliðarins segi svo: Ef fleiri dagar en einn geta verið frestdagar, skal hinn fyrsti þeirra vera það. Í 2., 3. og 4. tl. 1. gr. sé síðan fjallað um, hvort eitthvað geti breytt því, hvað réttilega ætti að teljast fyrsti frestdagur. Í ljósi þessarar greinar telur sóknaraðili einsýnt, að frestdagur í máli þessu sé 19. 12. 1988, þ. e., þegar beiðni um greiðslustöðvun var lögð fram, sbr. 2. tl. Eðlilegt framhald sé í þessu máli á milli 2. og 3. tl. 1. gr. (á milli greiðslustöðvunar og nauðasamninga) og einnig á milli 3. og 4. tl. (á milli nauðasamninga og gjaldþrots), og leiði því allt til sömu niðurstöðu um frestdaginn. Sóknaraðili vekur sérstaklega athygli á orðalagi 3. tl. greinarinnar um, hvað geti valdið því, að móttökudagur beiðni um nauðasamninga teljist ekki frestdagur, en þau tilvik, sem þar eru upp talin, eigi ekki við um mál þetta. Sama gildi um 46. gr. laga um nauðasamninga nr. 19, 1924. Þar sé talað um „lok nauðasamninga", sem í þessu máli hefðu átt að þýða, þegar nauðasamningum hefði verið fullnægt, eða þá daginn, sem sett var fram ósk um gjaldþrotaskipti. Í þessu sambandi beri til þess að líta, að þar sem bera kunni á milli laga um nauðasaminga og gjaldþrotalaga, gildi yngri lögin.

Varakröfu sína styður sóknaraðili þeim rökum, að teljist frestdagurinn ekki 19. 12. 1988, geti ekki verið um annan frestdag að ræða en 21. 5. 1990, er beiðni var fram lögð um gjaldþrotaskipti, og þar með hljóti iðgjaldaskuldir síðustu 18 mánuði fyrir þann tíma að teljast til forgangskrafna.

Sóknaraðili vekur athygli á dskj. nr. 10-13, sem eru bókhaldsgögn hans, þar sem fram koma greiðslur varnaraðila til sóknaraðila árabilið 1987 til 1990. Sóknaraðili telur það rétta bókhaldsfærslu að telja inngreiðslur í raun minnka elstu skuldir, þó að hann hafi með fyrirvara lýst kröfunni á annan hátt í upphaflegri kröfulýsingu sinni frá 18. 9. 1990, enda þótt bókhaldsgögnin sýni uppgjörsmáta aðila á annan hátt.

Varnaraðili mótmælir þeirri málsástæðu sóknaraðila, að frestdagur í máli þessu sé 19. 12. 1988, og telur, að annar frestdagur en 21. 5. 1990 komi

ekki til greina. Byggir hann afstöðu sína á 1. gr. gjaldþrotalaganna, þar sem segi í 1. tl., hverjir séu mögulegir frestdagar, og jafnframt segi í lokamálsgrein, að ef fleiri en einn þessara daga gæti verið frestdagur, skuli hinn fyrsti þeirra vera það. Að mati varnaraðila séu hér forsendur fyrir túlkun greinarinnar, því að í tl. 2 og 3 sé því svarað, hvað þurfi til að koma, svo að móttökudagur greiðslustöðvunarbeiðni eða nauðasamningabeiðni gæti talist frestdagur. Er þetta sé skoðað, megi ljóst vera, að ef ákvæðum þessum væri beitt, þyrfti að vera til staðar stöðugt samhengi í meðferð mála þrotamanns fyrir skiptarétti, áður en til gjaldþrots kæmi. Sé samhengi þetta byggt á því, að eitt stig taki við af hinu næsta á undan innan þriggja vikna, svo að keðjan rofni ekki. Þannig þurfi krafa um nauðasamninga eða gjaldþrot að koma fram innan þriggja vikna, eftir að lögverkun greiðslustöðvunar lýkur skv. 2. tl., og gjaldþrotaskiptakrafa þurfi að koma fram innan þriggja vikna, eftir að krafa um nauðasamninga var afturkölluð, henni hafnað eða nauðasamningatilraunum var hætt. Einmitt í þessu máli slitni keðjan á þessum punkti, því að ekkert það gerist, sem 3. tl. greini. Þvert á móti hafi nauðasamningar náðst og verið staðfestir af skiptaráðanda 6. desember 1989. Verði að skýra 1. gr. gjaldþrotalaganna sem eina heild, sem byggist á því, að einn hlekkur taki við af öðrum. Vegna þess að undangengnar ráðstafanir hafi mistekist og atburðarásin leiði til gjaldþrots, þannig að einn þáttur taki við af öðrum innan þriggja vikna, frá því að í ljós kom, að næsti hlekkur á undan í keðjunni brast. Hér í þessu falli hafi hins vegar náðst nauðasamningar, og gjaldþrotabeiðni hafi ekki borist skiptaráðanda fyrr en 5 1/2 mánuði síðar, þ. e. 21. maí 1990, sem varnaraðili segir, að sé ótvírætt frestdagur í máli þessu. Varnaraðili bendir á, að ef fallist væri á sjónarmið sóknaraðila og lögskýring hans viðurkennd, væru engin sjáanleg takmörk fyrir því, hve langur tími mætti líða frá nauðasamingi, þar til er gjaldþrotaskipta væri krafist, án þess að frestdagur breyttist. Slíkt myndi valda réttaróvissu og glundroða, sem hafi ekki getað verið ætlun löggjafans. Rök varnaraðila fyrir höfnun varakröfu sóknaraðila að öðru leyti en því, sem varnaraðili hefur fallist á, byggir hann á þeim gögnum, er sóknaraðili hefur sjálfur lagt fram, þ. e. dskj. nr. 10, 11 og 12, þar sem fram komi, að Kaupfélag Norður-Þingeyinga hafi greitt sóknaraðila iðgjöld skv. skilagreinum árið 1989 til aprílloka 1990 fyrir utan þær fjárhæðir, sem varnaraðili hefur samþykkt og fram koma á dskj. nr. 1 sem málsskjal, þ.e. bréf sóknaraðila, dags. 17. ágúst 1990. Um hafi verið að ræða greiðslur skv. skilagreinum fyrir tiltekin iðgjaldatímabil þessara ára, og hafi þau verið kreditfærð þannig í bókhaldi sóknaraðila, að því er séð verði, athugasemdalaust, meðan eldri skuldir stóðu óhreyfðar. Megi því ljóst vera, að aðilar hafi verið sammála um, að hér hafi verið um að ræða greiðslu nýrra iðgjalda, en ekki verið að greiða upp í eldri skuldir.

Í upphaflegri kröfulýsingu sóknaraðila sé líka á þessu byggt og engum kröfum lýst fyrir árin 1989 og 1990. Að vísu geri sóknaraðili fyrirvara um þetta atriði í kröfulýsingu sinni, en ekki sé unnt að fallast á, að honum sé þrátt fyrir það heimilt að breyta síðar einhliða forsendum kröfugerðar sinnar, þar sem ljóst sé, að skuldarinn hafi verið að greiða tilteknar skuldir og kröfuhafa þá ekki heimilt skv. almennum reglum kröfuréttarins að taka slíkar tilteknar greiðslur til greiðslu annarra skulda skuldarans. Í þessu falli eigi þessi meginregla við um kröfugerð sóknaraðila.

Álit dómsins.

Um þá kröfu sóknaraðila, að frestdagur í máli þessu skuli vera 19. 12. 1988, er þrotamaður beiddist greiðslustöðvunar, fellst dómurinn ekki á það sjónarmið hans. Eins og gangur mála er rakinn hér að framan, áður en gjaldþrota var óskað 21. 5 1990, lauk greiðslustöðvuninni frá 19. 12. 1988 með staðfestingu skiptaráðanda á nauðasamningi 6. 12. 1989. Skv. 22. gr. laga nr. 19, 1924, um nauðasamninga, sbr. 46. gr. sömu laga, hafa nauðasamningar sömu réttarverkun og dómsátt væri milli skuldunautar og samningsmanns, ef kröfur hafa verið viðurkenndar í nauðasamingnum. Í þessu tilfelli hefur því komist á samningur um skuldaskil milli skuldarans og kröfuhafa við staðfestingu nauðasamningsins 6. 12. 1989, og var því upp hafin réttarverkunin frá greiðslustöðvuninni 19. 12. 1988, og er því ekki fallist á sjónarmið sóknaraðila um túlkun á 1. gr. gjaldþrotalaganna nr. 6, 1978, um upphaf frestdags, heldur verður að miða frestdaginn við þann dag, sem skiptaráðandi fær ósk um gjaldþrotaskipti, sbr. a-lið 1. mgr. 1. gr. gjaldþrotalaga, þ. e. 21. maí 1990. Samkvæmt þessu er því ekki fallist á aðalkröfu sóknaraðila.

Kemur þá til athugunar varakrafa sóknaraðila með tilliti til niðurstöðu um frestdaginn. Eins og sóknaraðili setur kröfu sína fram, þ. e. ógreidd iðgjöld tímabilið 1. 11. 1988 til 30. 4 1990, 1.969.720 kr., auk vanskilavaxta frá gjalddaga til 29. 6. 1990, 750.202 kr., ber á það að líta, að skv. dskj. nr. 10-12, þ. e., bókhaldsgögnum sóknaraðila, hefur gjaldþroti staðið í skilum við sóknaraðila síðustu 18 mánuði fyrir frestdag að undanskildum þeim tölulegu leiðréttingum, sem fram eru komnar og vanaraðili samþykkir.

Verður að fallast á sjónarmið varnaraðila, að sóknaraðila sé ekki stætt á því að krefja um greiðslu tiltekinna skulda, sem gjaldþroti hefur greitt síðustu 18 mánuði fyrir frestdag, og telja þær greiðslur hafa gengið til greiðslu eldri skulda gjaldþrota við sóknaraðila, þrátt fyrir það að bókhaldsgögn sóknaraðila beri nákvæmlega með sér, hvaða skuldir voru greiddar.

Samkvæmt þessari niðurstöðu er því viðurkennd sem forgangskrafa í

þrotabú Kaupfélags Norður-Þingeyinga krafa sóknaraðila, Samvinnulífeyrissjóðsins, að fjárhæð 585.101 kr. Rétt þykir eftir atvikum, að hvor aðili um sig beri málskostnað.

Úrskurð þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson héraðsdómari, setuskiptaráðandi í máli þessu.

Úrskurðarorð:

Viðurkennd er sem forgangskrafa í þrotabú Kaupfélags Norður-Þingeyinga krafa Samvinnulífeyrissjóðsins, að fjárhæð 585.101 kr.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 8. september 1992.

Nr. 77/1991. **Guðmundur Pétursson**

gegn

Gjaldheimtunni í Reykjavík.

Kærumál. Lögtak. Fyrning. Skattar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Máli þessu áfrýjaði sóknaraðili til Hæstaréttar með stefnu 20. febrúar 1991, en með stefnu 7. mars sama ár var málinu gagnáfrýjað af hálfu varnaraðila. Samkvæmt 3. mgr. 107. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 5. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991, sætir málið meðferð kærumála fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992.

Sóknaraðili gerir þær dómkröfur, að hinum kærða úrkurði verði hrundið. Jafnframt krefst hann úr hendi varnaraðila málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og að sóknaraðili verði dæmdur til að greiða sér málskostnað í héraði og kærumálskostnað fyrir Hæstarétti.

Atvik málsins eru rakin í hinum kærða úrskurði. Eins og þar greinir, voru slit Líftryggingamiðstöðvarinnar hf. samþykkt á hluthafafundi 25. febrúar 1988, sem haldinn var að frumkvæði skilanefndar í félaginu, er þá hafði lokið störfum. Samdægurs var samin tilkynning um félagsslitin til Hlutafélagaskrár, en hún birtist í Lögbirtingablaði, sem út kom 18. maí sama ár.

Samkvæmt 3. mgr. 93. gr. laga nr. 75/1981 um tekju- og eignarskatt skulu framtalsskyldir lögaðilar skila framtali til skattstjóra eða umboðsmanns hans eigi síðar en 31. maí ár hvert. Hátt í þrír mánuðir voru því eftir af skilafresti á skattframtali lögaðila 10. mars 1988, þegar lög nr. 10/1988 um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum gengu í gildi, en þau kváðu á um, að tekjuskattur lögaðila skyldi vera 48% af tekjuskattsstofni í stað 45%, sem áður var.

Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram, að ákvæði 3. mgr. 22. gr. laganna, er mæli fyrir um afturvirkni þeirra, fái eigi staðist, og

er í því efni vísað til 27. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 og laga nr. 64/1943 um birtingu laga og stjórnvaldaerinda.

Lög nr. 10/1988 voru sett á stjórnskipulegan hátt og birt sama dag og þau voru sett. Eigi eru efni til að fallast á það með sóknaraðila, að lögin séu afturvirk með þeim hætti, að í bága fari við tilvitnað ákvæði stjórnarskrárinnar eða lög nr. 64/1943.

Sóknaraðili mótmælir því sérstaklega, að um sé að ræða ábyrgð skilanefndarmanna Líftryggingamiðstöðvarinnar hf. á greiðslu umræddrar skattkröfu, og færir fram þau rök gegn því í fyrsta lagi, að skattar félagsins hafi verið greiddir að fullu við slit þess, en í öðru lagi geti ekki reynt á greiðsluábyrgð skilanefndarmanna samkvæmt 4. mgr. 114. gr. laga nr. 75/1981, nema þeir hafi bakað sér skaðabótaábyrgð með saknæmri háttsemi við störf sín að skattalegu uppgjöri vegna félagsslitanna. Er í því efni vísað til 7. mgr. 118. gr. laga nr. 32/1978 um hlutafélög, sbr. 54. gr. laga nr. 69/1989.

Samkvæmt 1. mgr. 95. gr. laga nr. 75/1981 skal skattstjóri leggja tekjuskatt og eignarskatt á skattaðila eftir framtali hans, og samkvæmt 1. mgr. 98. gr. laganna skal álagningu skatta lokið eigi síðar en 30. júní ár hvert. Skilanefnd Líftryggingamiðstöðvarinnar hf. var í störfum sínum háð þessum lagaákvæðum og var þess ekki umkomin að sjá um útreikning á sköttum félagsins, sem væri endanlegur gagnvart varnaraðila. Bar skilanefndinni að haga slitum félagsins í samræmi við þetta og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja rétt skil á sköttum félagsins samkvæmt álagningu skattyfirvalda 1988. Jafnframt var samkvæmt 4. mgr. 114. gr. laga nr. 75/1981 óheimilt að slíta félaginu, fyrr en allir skattar þess höfðu verið greiddir. Vanræksla skilanefndar í þessu efni olli því samkvæmt lagaákvæði þessu, að skilanefndarmenn báru ábyrgð á skattgreiðslunum. Haggar tilvitnað ákvæði í lögum nr. 32/1978, sem fjallar um skaðabótaábyrgð, ekki þeirri niðurstöðu.

Þótt skilanefndarmenn væru þrír, fór svo, að málsókn í héraði beindist að lokum að sóknaraðila einum. Þessum hætti á málsaðild hefur ekki verið andmælt sérstaklega.

Af hálfu sóknaraðila er vakin athygli á því, að varnaraðili hafi tekið við greiðslu skatta frá skilanefnd Líftryggingamiðstöðvarinnar hf. 23. febrúar 1988 án þess að gera nokkurn fyrirvara um kröfu

til frekari skatta síðar. Fyllsta ástæða hafi verið til slíks, þar eð varnaraðila hafi mátt vera ljóst, að greiðsla skattanna þá væri innt af hendi á þeirri forsendu, að um endanlegt uppgjör væri að ræða. Þetta út af fyrir sig standi því í vegi, að krafa varnaraðila nái fram að ganga.

Fram til þess, að álagningu skatta 1988 var lokið, gátu skilanefndarmenn ekki treyst því, að útreikningur á sköttum Líftryggingamiðstöðvarinnar hf., er þeir stóðu fyrir, yrði í samræmi við álagningu skattyfirvalda. Þeir höfðu því ekki heldur gilda ástæðu til að ætla, að greiðslan, sem þeir inntu af hendi til varnaraðila, væri endanleg. Málsástæða þessi á því ekki við rök að styðjast.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, telst skattlagning sú, sem um er deilt í málinu, hafa verið lögmæt og skilanefndarmenn Líftryggingamiðstöðvarinnar hf. ábyrgir fyrir greiðslu á lagðra skatta, eins og á stóð.

Er þá komið að því að fjalla um þá málsástæðu sóknaraðila, að lögtaksréttur hafi verið fyrndur, er krafa um lögtak hjá skilanefndarmönnum fyrir á lögðum sköttum Líftryggingamiðstöðvarinnar hf. 1988 var tekin fyrir í fógetarétti Reykjavíkur. Er þessi málsástæða reifuð í hinum áfrýjaða úrskurði. Henni er eins og öðrum málsástæðum sóknaraðila mótmælt af varnaraðila.

Af gögnum, sem varnaraðili hefur lagt fram, verður ráðið, að álagning skatta á Líftryggingamiðstöðina hf. 1988 hafi legið fyrir 14. júlí á því ári. Samkvæmt 1. mgr. 110. gr. laga nr. 75/1981 skal tekjuskattur af öðrum tekjum en launatekjum svo og eignarskattur greiddur á tíu gjalddögum á ári hverju. Eru gjalddagar fyrsti dagur hvers mánaðar nema mánuðina janúar og júlí. Samkvæmt 2. mgr. 110. gr. ber gjaldendum fram að álagningu að greiða á hverjum gjalddaga ákveðinn hundraðshluta af sköttum næstliðins árs. Skattskuld eftir álagningu ber samkvæmt 4. mgr. 110. gr. að greiða með sem næst jöfnum greiðslum á þeim gjalddögum, sem eftir eru á árinu, þegar álagning fer fram. Samkvæmt þessu voru gjalddagar eftirstöðva skatta, sem lagðir voru á Líftryggingamiðstöðina hf. 1988, 1. ágúst, 1. september, 1. október, 1. nóvember og 1. desember á því ári.

Samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 29/1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar fylgir lögtaksréttur kröfu

varnaraðila í málinu. Samkvæmt 2. gr. laganna helst sá réttur, þar til tvö ár eru liðin frá gjalddaga. Með lögum nr. 83/1947 var bætt við 2. gr. laga nr. 29/1885 svofelldu ákvæði: „Séu gjalddagar lögtakskröfu fleiri en einn, skal þó telja frestinn frá síðari eða síðasta gjalddaga."

Þegar mál þetta hófst með því, að lögtakskrafa varnaraðila var tekin fyrir í fógetarétti Reykjavíkur 19. nóvember 1990, voru ekki liðin full tvö ár frá síðasta gjalddaga umræddrar skuldar, 1. desember 1988. Lögtaksréttur fyrir kröfu varnaraðila er því ekki fyrndur.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðila 30.000 krónur í kærumálskostnað fyrir Hæstarétti. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Guðmundur Pétursson, greiði varnaraðila, Gjaldheimtunni í Reykjavík, 30.000 krónur í kærumálskostnað fyrir Hæstarétti.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 13. febrúar 1991.

I.

Lögtaksmál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 6. þ. m. Sóknaraðili, Gjaldheimtan í Reykjavík, krefst þess, að heimilað verði lögtak hjá varnaraðila, Guðmundi Péturssyni, kt. 060546-2909, héraðsdómslögmanni, Granaskjóli 12, Reykjavík, sem einum af skilanefndarmönnum Líftryggingamiðstöðvarinnar hf., kt. 540771-0149, til tryggingar ógreiddum opinberum gjöldum félagsins, á lögðum 1988, 88.273,00 kr., ásamt á föllnum dráttarvöxtum pr. 27. 11. 1990, 53.271,00 kr., samtals 141.544,00 kr. Jafnframt er krafist þess, að lögtakið tryggi áfallandi kostnað og dráttarvexti, reiknaða í samræmi við ákvæði 112. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, 41. gr. laga nr. 91/1989 um tekjustofna sveitarfélaga og III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989 um breyting á þeim lögum. Enn fremur krefst sóknaraðili málskostnaðar að mati réttarins.

Varnaraðili, Guðmundur Pétursson, krefst þess, að synjað verði um umbeðið lögtak. Þá krefst hann málskostnaðar að mati réttarins.

II.

Með beiðnum 29. 3. 1989, 28. 4. 1989 og 6. 9. 1989 fór sóknaraðili, Gjaldheimtan í Reykjavík, þess á leit, að gert yrði lögtak hjá Líftryggingamiðstöðinni hf. til tryggingar greiðslu opinberra gjalda félagsins gjaldárin 1988 og 1989. Beiðnin var tekin fyrir í fógetarétti 16. okt. 1989. Valdimar Ólafsson, löggiltur endurskoðandi, og Guðmundur Pétursson hdl. sóttu þing, og vegna rökstuddra mótmæla þeirra var lögtaksgerðinni frestað. Föstudaginn 29. júní 1990 var síðan tekið fyrir í fógetarétti lögtaksmálið nr. 3/1990: Gjaldheimtan í Reykjavík gegn Líftryggingamiðstöðinni hf. Þingað var síðan 1. okt. og 5. og 15. nóv. s. á., en þá lýstu aðilar gagnaöflun lokið. Munnlegur flutningur var ákveðinn 19. s. m. Hinn 19. nóvember féll sóknaraðili frá kröfum sínum, og með úrskurði fógeta 21. s. m. var málinu lokið. Guðmundi Péturssyni hdl. var dæmdur málskostnaður úr hendi sóknaraðila.

Í framhaldi af þinghaldi í lögtaksmálinu nr. 3/1990: Gjaldheimtan í Reykjavík gegn Líftryggingamiðstöðinni hf. 19. nóv. sl., var tekin fyrir í fógetarétti beiðni Gjaldheimtunnar í Reyjavík um að gera lögtak „hjá skilanefndarmönnum Líftryggingamiðstöðvarinnar hf., kt. 540771-0149, þeim Gísla Ólafssyni forstjóra, Fornuströnd 16, Seltjarnarnesi, og Guðmundi Péturssyni héraðsdómslögmanni, Kleifarvegi 10, Reykjavík, vegna félagsins til tryggingar ógreiddum opinberum gjöldum, á lögðum 1988, nú að eftirstöðvun 88.273,00 kr., ásamt á föllnum dráttarvöxtum pr. 19. 11. 1990, 53.271,00 kr., samtals 141.544,00 kr., auk alls kostnaðar og áfallandi dráttarvaxta".

Guðmundur Pétursson hdl. mótmælti lögtaksgerðinni, en kvaðst einungis sækja þing fyrir sig persónulega. Gerðinni var þá frestað. Miðvikudaginn 5. desember sl. var síðan tekið fyrir í fógetarétti lögtaksmál þetta. Guðmundur Pétursson sótti þing fyrir sig persónulega, en enginn af hálfu Gísla Ólafssonar og Valdimars Ólafssonar. Þinghald var síðan 12. desember og 24. janúar sl., en þá lýstu sóknaraðili og Guðmundur Pétursson gagnaöflun lokið.

III.

Í greinargerð Guðmundar Péturssonar hdl., rskj. no. 4, segir m.a.: „Á hluthafafundi í Líftryggingamiðstöðinni hf., sem haldinn var 20. ágúst 1987 og mættir voru hluthafar með 95,37% atkvæðamagn, var samþykkt að slíta félaginu og kosin skilanefnd. Í skilanefnd voru kosnir Gísli Ólafsson forstjóri, Guðmundur Pétursson hdl. og Valdimar Ólafsson, löggiltur

endurskoðandi. Nefndin fékk löggildingu starfans með bréfi, dags. 31. 8. 1987.

Í samræmi við ákvæði hlutafélagalaga nr. 32/1978 birtist síðan innköllun vegna félagsslitanna í Lögbirtingablaði nr. 111, sem út kom 23. 9. 1987. Kröfulýsingarfrestur rann því út 23. desember 1987, og kom fram ein krafa frá Gjaldheimtunni í Reykjavík vegna á lagðra skatta 1987, og var hún greidd.

Hinn 25. febrúar 1988 var svo haldinn hluthafafundur, og voru þar mættir hluthafar fyrir 95,01% hlutafjár í félaginu. Þar voru endanleg slit félagsins samþykkt, og skyldi það afmáð úr Hlutafélagaskrá, og var skilanefnd falið að sjá um greiðslur til hluthafa í samræmi við útborgunarskrá, sem lá fyrir.

Sama dag, 25. febrúar 1988, gekk skilanefnd frá tilkynningu til Hlutafélagaskrár, sem var móttekin og birt í Lögbirtingablaði, dags. 18. maí 1988.

Þá höfðu verið greiddir skattar fyrirtækisins, 1.444.144,00 kr. Valdimar Ólafsson, löggiltur endurskoðandi og skilanefndarmaður, fór með endurskoðaða ársreikninga fyrir félagið vegna ársins 1987 á Skattstofuna í Reykjavík og óskaði eftir því, að skattar fyrirtækisins yrðu reiknaðir út vegna slita félagsins.

Þessari málaleitan endurskoðandans var hafnað, og fengust skattar því ekki reiknaðir út af Skattstofunni í Reykjavík. Ekki var þá um annað að ræða en endurskoðandinn reiknaði sjálfur út skattana m. v. þá álagningarprósentu, er í gildi var á þeim tíma, þ. e. 45%. Það var gert, og hljóðaði útreikningur endurskoðandans upp á 1.444.144,00 kr., og var sú fjárhæð greidd Gjaldheimtunni í Reykjavík fyrir slit félagsins.

Með lögum nr. 10 frá 4. mars 1988, sem birtust í A-deild Stjórnartíðinda, dags. 10. mars 1988, er hins vegar ákveðið skv. 13. gr. IV. kafla laganna, að tekjuskattur lögaðila skuli vera 48% af tekjuskattsstofni.

Í 3. gr. VI. kafla laganna segir, að ákvæði IV. kafla, sem áður er getið, skuli koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatt á árinu 1988 vegna tekna á árinu 1987 og eigna í lok þessa árs."

Með bréfum 25. ágúst og 16. ágúst 1989 kærði Endurskoðunarmiðstöðin hf. - N. Manscher vegna Líftryggingamiðstöðvarinnar hf. á lagðan tekjuskatt samkvæmt gjaldheimtu- og álagningarseðli 1988 og 1989. Með bréfi 30. okt. 1989 er kæra vegna gjalda gjaldárið 1988 afgreidd af skattstjóra. Þar segir m.a.: „Gerð er sú krafa, að á lagður tekjuskattur verði tekinn til endurákvörðunar, þannig, að fjárhæð tekjuskatts verði 45% af skattstofni í stað 48%. Kærandi byggir kröfu sína á því, að félaginu hafi verið slitið 24. febrúar 1988 og við reikningsuppgjör hafi verið stuðst við þann skattstiga, sem þá hafi verið í gildi varðandi tekjur á árinu 1987, eða 45%

í tekjuskatt af skattgjaldstekjum samkvæmt lagaákvæðum, sem tóku gildi, eftir að félaginu var slitið, sé um að ræða afturvirkni skattalaga, sem ekki fái staðist.

Úrskurður skattstjóra.

Með lögum nr. 10 frá 4. mars 1988 um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum 1988 er tekjuskattur lögaðila lögboðinn 48% af tekjuskattsstofni skv. 13. grein IV. kafla. Í 3. mgr. 22. greinar VI. kafla segir, að ákvæði IV. kafla laganna skuli koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1988 vegna tekna á árinu 1987 og eigna í lok þess árs.

Litið er svo á, að skattstjóra beri að haga álagningu samkvæmt gildandi skattstiga gjaldársins, þegar álagning fer fram.

Með vísan til ofanritaðs er kæru synjað".

Úrskurður skattstjóra var síðan staðfestur með vísan til forsendna hans af ríkisskattanefnd 4. okt. 1990.

IV.

Sóknaraðili heldur því fram, að rétt og löglega hafi verið staðið að álagningu á Líftryggingamiðstöðina hf. vegna gjaldársins 1988, og vísar í því sambandi til úrskurðar skattstjórans í Reykjavík frá 30. okt. 1989. Hann telur, að skattlagning sé eðli málsins samkvæmt afturvirk stjórnvaldsathöfn, og vitnar til Hrd. 1980, 1732, í því samhengi. Hann bendir á, að framtalsfrestur skv. 2. mgr. 93. laga nr. 75/1981 sé 15. mars ár hvert, og skv. 98. gr. sömu laga eigi skattstjórar að hafa lokið álagningu 30. júní ár hvert. Hann telur það ekki standast, að skattaðilar ákveði skatta sína sjálfir, þó að þeir geri það samkvæmt lögum, og raunar sé ekki unnt að greiða þá með endanlegum hætti fyrr en eftir álagningu skattstjóra.

Sóknaraðili heldur fram, að lögtaksréttur sé ekki fyrndur, þó að lögtaksbeiðnin hafi verið tekin fyrir í fógetarétti 19. nóv. sl., en þá hafi ekki verið full tvö ár liðin frá síðasta gjalddaga, skv. 2. gr. laga um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar nr. 29/1885 skv. 1. gr. laga nr. 83/1947. Heimild sína til að ganga að skilanefndarmönnum Líftryggingamiðstöðvarinnar hf. kveðst hann byggja á 4. mgr. 114. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt svohljóðandi: „Óheimilt er að slíta félagi, fyrr en allir skattar þess hafa verið að fullu greiddir. Hafi félagi verið slitið, án þess að skattar hafi verið greiddir, bera skilanefndarmenn búskipta ábyrgð á skattgreiðslum." Mælt er fyrir um lögtaksrétt í 5. mgr. sömu greinar.

Varnaraðili, Guðmundur Pétursson, ber fyrir sig fyrningu lögtaksréttar með vísan til 5. mgr. 110. gr. laga nr. 75/1971 skv. 2. gr. laga nr. 29/1885.

Hann heldur því fram, að eindagi umdeildra gjalda hafi í síðasta lagi

verið 15. ágúst 1988, þar sem álagning hafi farið fram 14. júlí 1988 og ekkert hafi verið greitt upp í gjöldin. Hann mótmælir því, að 4. mgr. 114. gr. laga nr. 75/1981 eigi við í þessu máli þegar af þeirri ástæðu, að skattar Líftryggingamiðstöðvarinnar hf. hafi að fullu verið greiddir, þegar félaginu var slitið. Hann telur auk þess, að persónuleg ábyrgð skilanefndarmanna miðist við skaðabótaskylda athöfn eða athafnaleysi varðandi skattalegt uppgjör þess félags, sem slitið sé, en engu slíku sé til að dreifa um slit Líftryggingamiðstöðvarinnar hf.

Guðmundur heldur því fram, að þar sem lög nr. 10 frá 4. mars 1988 hafi verið samþykkt, eftir að Líftryggingamiðstöðinni hf. var slitið, geti ákvæði þeirra laga ekki komið til álita í þessu máli. Hann vísar til 27. gr. stjórnarskrár og laga nr. 64/1943 um, að 3. mgr. 22. gr. VI. kafla laga nr. 10/1988 fái ekki staðist, að því er mál þetta varði. Hann bendir á, að samkvæmt 7. mgr. 110. gr. laga nr. 75/1981 sé ekki með öllu lokað fyrir, að skattstofur leggi á skatta samkvæmt umsókn, svo að unnt sé að ganga endanlega frá opinberum gjöldum á hvaða tíma árs, sem er, enda mæli öll verklags- og sanngirnissjónarmið með því.

V.

Ekki er tölulegur ágreiningur í þessu máli.

Í greinargerð og við munnlegan flutning málsins féll sóknaraðili frá kröfu um lögtak hjá Gísla Ólafssyni og Valdimar Ólafssyni skilanefndarmönnum af réttarfarsástæðum. Láðist að bóka um það í þinghaldinu 6. þ. m.

Fógeti telur, að ákvæði 5. mgr. 110. gr. laga nr. 75/1981 sé ætlað að veita aðhald um greiðslu opinberra gjalda á réttum tíma og til að auðvelda og einfalda opinbera innheimtu, en ekki til að veita þeim hagstæðari stöðu um fyrningu, sem ekkert greiða. Hann lítur því svo á, að upphaf fyrningarfrests lögtaksréttar í þessu tilviki beri að reikna frá 1. desember 1988, enda er það í samræmi við venju. Í þessu sambandi má einnig líta til þess, að kærumeðferð lauk ekki fyrr en með úrskurði ríkisskattanefndar 4. okt. sl.

Fógeti telur, að varnaraðili, Guðmundur Pétursson beri með þátttöku sinni í skilanefnd Líftryggingamiðstöðvarinnar hf. ábyrgð samkvæmt 4. mgr. 114. gr. laga nr. 75/1981 á greiðslu umdeildra opinberra gjalda félagsins, þar sem skilanefnd tók þá ákvörðun að bíða ekki eftir álagningu, heldur greiða í samræmi við þágildandi reglur, sem fullkomin óvissa var um, að stæðu óbreyttar, er álagning vegna tekjuársins 1987 færi fram, óhjákvæmilega með atbeina réttra stjórnvalda. Hann fellst ekki heldur á, að ákvæði 3. mgr. 22. gr. 6. kafla laga nr. 10/1988 fái ekki staðist, að því er mál þetta varði.

Þykir því verða að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar að kröfu sóknaraðila og á ábyrgð hans.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.
Páll Þorsteinsson borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Lögtak skal ná fram að ganga eftir kröfu sóknaraðila og á hans ábyrgð. Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 8. september 1992.

Nr. 346/1991. **Þórður Thors,**
Richard Thors,
dánarbú Thors R. Thors,
dánarbú Unnar Thors,
Jóna Íris Thors,
Páll G. Jónsson og
Óttar Yngvason
gegn
Eyjahreppi.

Kærumál. Lögtak. Fyrning. Fasteignaskattar. Vítur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Jón Magnússon sýslumaður kvað upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðilar skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. ágúst 1991. Samkvæmt 3. mgr. 107. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 5. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991, hefur eftir 1. júlí sl. verið farið með mál þetta sem kærumál.

Hinn 7. janúar sl. lést sóknaraðilinn Unnur Thors, og hefur dánarbú hennar tekið við aðild málsins.

Sóknaraðilar gera þær kröfur, að úrskurði fógetaréttar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu frá 6. ágúst 1991 verði hrundið og synjað verði hins umbeðna lögtaks. Þá verði varnaraðila gert að greiða sóknaraðilum óskipt málskostnað í fógetarétti og fyrir Hæstarétti, hvort tveggja að við bættum virðisaukaskatti.

Varnaraðili krefst þess, að úrskurðurinn verði staðfestur að öðru leyti en því, að í stað lögtaks, sem krafist var í beiðni, verði úrskurðað, að fram fari fjárnám til tryggingar fasteignagjöldunum í samræmi við 9. tl. 1. gr. aðfararlaga nr. 90/1989, sem nú hafa tekið gildi. Þá krefst varnaraðili, að sóknaraðilar verði einn fyrir alla og allir fyrir einn dæmdir til að greiða kærumálskostnað fyrir Hæstarétti.

Snemma árs 1987 lagði varnaraðili fasteignaskatt á þær eignir

sóknaraðila, sem grein er gerð fyrir í fyrrgreindum úrskurði. Var það gert með vísan til b-liðar 2. mgr. og 3. mgr. 3. gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga, er í gildi voru á þeim tíma. Gjaldstofn var fasteignamat eignanna 1. janúar 1987. Var álagningin tilkynnt eigendum með álagningarseðlum 2. og 14. mars 1987, þar sem gjalddagar voru tilgreindir 1. apríl og 1. ágúst sama ár.

Lögmaður varnaraðila ritaði sýslumanninum í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 25. janúar 1989 og krafðist lögtaks fyrir fasteignaskatti ársins 1987, sem varnaraðili hafði þá hækkað með vísan til úrskurðar yfirfasteignamatsnefndar 16. júní 1988. Var beiðnin fyrst tekin fyrir í fógetarétti 10. október 1989 og málið tekið til úrskurðar um þá kröfu sóknaraðila, að hinn reglulegi dómari viki sæti í málinu. Úrskurður um það efni var ekki kveðinn upp fyrr en 29. janúar 1991. Næst var málið tekið fyrir 6. ágúst 1991 og þá kveðinn upp úrskurður sá, sem hér liggur fyrir. Voru þá liðin rétt rúm fjögur ár frá síðari gjalddaga fasteignaskatts 1987. Mjög skorti því á það frá upphafi, að rekstur málsins væri með hæfilegum hraða, sbr. ákvæði 2. gr. laga nr. 29/1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar. Var því lögtaksréttur fallinn niður fyrir fyrningu, er úrskurðurinn var kveðinn upp. Ber að fella hann úr gildi.

Framangreindir ágallar á málsmeðferð í héraði eru vítaverðir.

Það athugast, að í hinum kærða úrskurði er þess ekki getið, að það var fyrirsvarsmaður varnaraðila, sem skaut til Fasteignamats ríkisins kröfu um hækkun á fasteignamati umræddra eigna.

Varnaraðili greiði sóknaraðilum óskipt málskostnað í fógetarétti og kærumálskostnað fyrir Hæstarétti, samtals 100.000 krónur, og er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur, og synjað framgangs hins umbeðna lögtaks.

Varnaraðili, Eyjahreppur, greiði sóknaraðilum, Þórði Thors, Richard Thors, dánarbúi Thors R. Thors, dánarbúi Unnar Thors, Jónu Írisi Thors, Páli G. Jónssyni og Óttari Yngvasyni, óskipt samtals 100.000 krónur í málskostnað í fógetarétti og kærumálskostnað fyrir Hæstarétti.

Úrskurður fógetaréttar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 6. ágúst 1991.

Með beiðni, dagsettri 25. september 1988, fór Jóhann H. Níelsson hrl. þess á leit, að gert yrði lögtak í fasteigninni Haffjarðará fyrir eftirstöðvum á lagðs fasteignaskatts fyrir árin 1986 og 1987, samtals 344.970 kr.

Hinn 25. janúar 1989 sendi Jóhann Níelsson hrl. nýja lögtaksbeiðni og afturkallaði um leið eldri beiðni frá 25. september 1988. Krafan skv. nýrri beiðninni hljóðar upp á 190.276 kr. Málið var tekið fyrir 10. október 1989. Þar mættu lögmenn aðila og lögðu fram gögn í málinu. Lögmaður gerðarþola krafðist þess, að hinn reglulegi dómari viki sæti í málinu. Var sú krafa studd 36. gr., 7. tl. i.f., laga nr. 85/1936. Hinn 29. janúar sl. var svo kveðinn upp úrskurður, þar sem hinn reglulegi dómari hafnar fram kominni kröfu um að víkja sæti.

— — —

Úrskurðarorð:

Hin umbeðna lögtaksgerð fari fram. Málskostnaður vegna málflutnings í fógetarétti fellur niður.

Þriðjudaginn 8. september 1992.

Nr. 351/1991. **Þórður Thors,**
Richard Thors,
dánarbú Thors R. Thors,
dánarbú Unnar Thors,
Jóna Íris Thors,
Páll G. Jónsson og
Óttar Yngvason
gegn
Kolbeinsstaðahreppi.

Kærumál. Lögtak. Fyrning. Fasteignaskattar. Vítur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Jón Magnússon sýslumaður kvað upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðilar skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. ágúst 1991. Samkvæmt 3. mgr. 107. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 5. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991, hefur eftir 1. júlí sl. verið farið með mál þetta sem kærumál.

Hinn 7. janúar sl. lést sóknaraðilinn Unnur Thors, og hefur dánarbú hennar tekið við aðild málsins.

Sóknaraðilar gera þær kröfur, að úrskurði fógetaréttar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu frá 6. ágúst 1991 verði hrundið og synjað verði hins umbeðna lögtaks. Þá verði varnaraðila gert að greiða sóknaraðilum óskipt málskostnað í fógetarétti og fyrir Hæstarétti, hvort tveggja að við bættum virðisaukaskatti.

Varnaraðili krefst þess, að úrskurðurinn verði staðfestur að öðru leyti en því, að í stað lögtaks, sem krafist var í beiðni, verði úrskurðað, að fram fari fjárnám til tryggingar fasteignagjöldunum í samræmi við 9. tl. 1. gr. aðfararlaga nr. 90/1989, sem nú hafa tekið gildi. Þá krefst varnaraðili, að sóknaraðilar verði einn fyrir alla og allir fyrir einn dæmdir til að greiða kærumálskostnað fyrir Hæstarétti.

Snemma árs 1987 lagði varnaraðili fasteignaskatt á þær eignir sóknaraðila, sem grein er gerð fyrir í fyrrgreindum úrskurði. Var

það gert með vísan til b-liðar 2. mgr. og 3. mgr. 3. gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga, er í gildi voru á þeim tíma. Gjaldstofn var fasteignamat eignanna 1. janúar 1987. Var álagningin tilkynnt eigendum með álagningarseðli 16. mars 1987, þar sem gjalddagar voru tilgreindir 1. apríl og 1. ágúst sama ár.

Lögmaður varnaraðila ritaði sýslumanninum í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 25. janúar 1989 og krafðist lögtaks fyrir fasteignaskatti ársins 1987, sem varnaraðili hafði þá hækkað með vísan til úrskurðar yfirfasteignamatsnefndar 16. júní 1988. Var beiðnin fyrst tekin fyrir í fógetarétti 10. október 1989 og málið tekið til úrskurðar um þá kröfu sóknaraðila, að hinn reglulegi dómari viki sæti í málinu. Úrskurður um það efni var ekki kveðinn upp fyrr en 29. janúar 1991. Næst var málið tekið fyrir 6. ágúst 1991 og þá kveðinn upp úrskurður sá, sem hér liggur fyrir. Voru þá liðin rétt rúm fjögur ár frá síðari gjalddaga fasteignaskatts 1987. Mjög skorti því á það frá upphafi, að rekstur málsins væri með hæfilegum hraða, sbr. ákvæði 2. gr. laga nr. 29/1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar. Var því lögtaksréttur fallinn niður fyrir fyrningu, er úrskurðurinn var kveðinn upp. Ber að fella hann úr gildi.

Framangreindir ágallar á málsmeðferð í héraði eru vítaverðir.

Það athugast, að í hinum kærða úrskurði er þess ekki getið, að það var fyrirsvarsmaður varnaraðila, sem skaut til Fasteignamats ríkisins kröfu um hækkun á fasteignamati umræddra eigna.

Varnaraðili greiði sóknaraðilum óskipt málskostnað í fógetarétti og kærumálskostnað fyrir Hæstarétti, samtals 100.000 krónur, og er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur og synjað framgangs hins umbeðna lögtaks.

Varnaraðili, Kolbeinsstaðahreppur, greiði sóknaraðilum, Þórði Thors, Richard Thors, dánarbúi Thors R. Thors, dánarbúi Unnar Thors, Jónu Írisi Thors, Páli G. Jónssyni og Óttari Yngvasyni, óskipt samtals 100.000 krónur í málskostnað í fógetarétti og kærumálskostnað fyrir Hæstarétti.

Úrskurður fógetaréttar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 6. ágúst 1991.

Með beiðni, dagsettri 25. september 1988, fór Jóhann H. Níelsson hrl. þess á leit, að gert yrði lögtak í fasteigninni Haffjarðará fyrir eftirstöðvum á lagðs fasteignaskatts fyrir árin 1986 og 1987, samtals 344.970 kr.

Hinn 25. janúar 1989 sendi Jóhann Níelsson hrl. nýja lögtaksbeiðni og afturkallaði um leið eldri beiðni frá 25. september 1988. Krafan skv. nýrri beiðninni hljóðar upp á 202.600 kr. Málið var tekið fyrir 10. október 1989. Þar mættu lögmenn aðila og lögðu fram gögn í málinu. Lögmaður gerðarþola krafðist þess, að hinn reglulegi dómari viki sæti í málinu. Var sú krafa studd 36. gr., 7. tl. i.f., laga nr. 85/1936. Hinn 29. janúar sl. var svo kveðinn upp úrskurður, þar sem hinn reglulegi dómari hafnar fram kominni kröfu um að víkja sæti.

— — —

Úrskurðarorð:

Hin umbeðna lögtaksgerð fari fram. Málskostnaður vegna málflutnings í fógetarétti fellur niður.

1329

Þriðjudaginn 8. september 1992.

Nr. 26/1990. **H. H. Leasing & Finans A/S**

gegn

Hf. Eimskipafélagi Íslands.

Kærumál. Innsetningargerð. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Gunnar M. Guðmundsson og Garðar Gíslason og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Máli þessu áfrýjaði sóknaraðili til Hæstaréttar með stefnu 17. janúar 1990. Samkvæmt 3. mgr. 107. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 5. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991, sætir málið meðferð kærumála fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og sóknaraðila „verði fengin umráð andvirðis 240 fiskkara, 660 lítra að stærð hvers, sem varðveitt er á stofnskírteini Sparileiðar 2 í Íslandsbanka nr. 201307, sem er í vörslum kærða, Hf. Eimskipafélags Íslands". Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst staðfestingar úrskurðarins og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt samkomulag, sem málsaðilar gerðu með sér í júní 1991. Samkvæmt því samþykkti varnaraðili, að sóknaraðili seldi tilgreindum aðila þau 240 fiskkör, sem um er fjallað í hinum kærða úrskurði. Fór salan fram, en um það var samið, að söluandvirðið skyldi lagt inn á bankareikning, eins og gerð er grein fyrir í kröfugerð sóknaraðila.

Eftir þessa ráðstöfun á andlagi kröfu sóknaraðila um innsetningargerð eru brostnar lagaforsendur fyrir rekstri máls þessa, og ber að vísa því sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Máli þessu er sjálfkrafa vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 20. október 1989.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 3. október sl.

Gerðarbeiðandi í máli þessu, H. H. Leasing & Finans A/S, Danmörku, gerir þá kröfu, að 240 fiskkör, 660 lítrar að stærð hvert, sem nú séu í vörslu Eimskipafélags Íslands hf., verði tekin úr umráðum þess félags og fengin gerðarbeiðanda í hendur. Þá gerir gerðarbeiðandi kröfu um málskostnað úr hendi gerðarþola að mati réttarins.

Gerðarþoli í máli þessu, Eimskipafélag Íslands hf., gerir þær kröfur, að hin umbeðna innsetning nái ekki fram að ganga og að varnaraðila verði úrskurðaður málskostnaður úr hendi gerðarbeiðanda samkvæmt gjaldskrá LMFÍ og vöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir úrskurðardag til greiðsludags.

— — —

Niðurstaða.

Óumdeilt er í máli þessu, að gerðarbeiðandi er eigandi þeirra muna, sem krafist er innsetningar í. Þá er ekki deilt um málavexti. Samkvæmt þeim flutti gerðarþoli fisk á ákvörðunarstað erlendis og aftur til landsins ker þau, sem um er deilt í málinu.

Það er álit réttarins, að gerðarþola hafi verið heimilt að halda eftir kerunum til tryggingar ógreiddum gjöldum vegna flutninganna, sbr. 63. gr. laga nr. 34/1985, sbr. lög nr. 21/1986, enda ker þessi óumdeilanlega hluti þess farms, sem krafa gerðarþola byggist á. Gerðarbeiðanda hefur ekki tekist að sýna fram á, að réttur hans til keranna eigi að ganga framar haldsrétti gerðarþola skv. 63. gr. laga nr. 34/1985, sbr. lög nr. 21/1986. Samkvæmt því verður að synja um hina umbeðnu gerð.

Rétt þykir, að gerðarbeiðandi greiði gerðarþola 30.000 kr. í málskostnað innan 15 daga frá uppkvaðningu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir úrskurðardag.

Úrskurðarorð:

Krafa gerðarbeiðanda í máli þessu, H. H. Leasing & Finans A/S, Danmörku, að vera settur inn í umráð 240 stk. 660 lítra plastkera, sem nú eru í vörslu Eimskipafélags Íslands hf., er ekki tekin til greina.

Gerðarbeiðandi greiði gerðarþola 30.000 kr. í málskostnað innan 15 daga frá uppkvaðningu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir úrskurðardag.

Þriðjudaginn 8. september 1992.

Nr. 321/1992. **Gylfi Sigfússon**
gegn
þrotabúi Ólafs Þórs Ólafssonar.

Kærumál. Gjaldþrotaskipti. Forgangskrafa. Launakrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson og Guðmundur Skaftason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 2. mgr. 191. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. með kæru 9. júlí 1992, er barst Hæstarétti 27. sama mánaðar. Krefst hann þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og breytt á þá leið, að forgangsréttur launakröfu sinnar á hendur varnaraðila verði viðurkenndur.

Engar kröfur eru hafðar uppi af hálfu varnaraðila.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður skiptaréttar Kjósarsýslu 16. júní 1992.

I.

Mál þetta er tekið til úrskurðar eftir framlagningu greinargerðar af hálfu sóknaraðila máls þessa 12. júní 1992.

Í máli þessu krefst Kjartan Ragnars hrl. þess f. h. Gylfa Sigfússonar, kt. 230261-3699, Huldulandi 9, Reykjavík, að launakrafa umbjóðanda hans, að fjárhæð 565.551 kr., verði viðurkennd sem forgangskrafa í þrotabú Ólafs Þórs Ólafssonar samkvæmt 1. tl. 84. gr. laga nr. 3/1878.

II.

Aðdragandi máls þessa er sá, að með úrskurði skiptaréttar Kjósarsýslu, upp kveðnum 20. febrúar 1992, var bú Ólafs Þórs Ólafssonar, kt. 170761-5619, Víðiteigi 2 C, Mosfellsbæ, tekið til gjaldþrotaskipta að kröfu Kjartans Ragnars hrl. f. h. Hauks Leóssonar, kt. 301037-3339, Neðstaleiti 1,

Reykjavík, en beiðni hans barst skiptarétti Kjósarsýslu 20. nóvember 1991, sem telst frestdagur í þrotabúinu. Innköllun var gefin út, og birtist hún í fyrra sinn í Lögbirtingablaði nr. 38 10. mars 1992. Almennar kröfur í búið námu 2.511.141 kr. auk vaxta og kostnaðar eftir upphaf skipta. Einni forgangskröfu var lýst í búið, frá sóknaraðila máls þessa, að fjárhæð 565.551 kr., skv. kröfulýsingu, er barst 27. mars 1992. Í þinghaldi 6. maí 1992 lýsti þrotamaður sig eignalausan með öllu, og þar sem ekki er vitað um eignir í búi þessu, hefur verið ákveðinn skiptafundur 30. júní nk. til skiptaloka á grundvelli 120. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978.

Skiptaráðandi gerði skrá yfir lýstar kröfur í búið 11. maí 1992 í samræmi við ákvæði 108. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Í skránni kom fram, að ekki væri tekin afstaða til almennra krafna. Afstaða skiptaráðanda til forgangskröfunnar var sú, að henni var hafnað sem forgangskröfu á þeim forsendum, að hún uppfyllti ekki skilyrði 84. gr. skiptalaga nr. 3/1878. Krafan var hins vegar samþykkt sem almenn krafa, þar sem í skýrslutöku 6. maí 1992 kom fram, að skiptaþoli sagði kröfuna rétta. Þessi afstaða skiptaráðanda var tilkynnt Kjartani Ragnars hrl. f. h. Gylfa Sigfússonar í ábyrgðarbréfi, dagsettu 14. maí 1992 (réttarskjal nr. 2), þar sem bent var á, að krafan uppfyllti ekki 18 mánaða frestskilyrði 84. gr. laga nr. 3/1878, auk þess sem 6. tl. 84. gr. sömu laga ætti ekki við um kröfu hans. Jafnframt var á það bent, að hefði kröfuhafi athugasemdir fram að færa við afstöðu skiptaráðanda, þá skyldi hann koma þeim á framfæri, í síðasta lagi á boðuðum skiptafundi 21. maí 1992. Með bréfi, dagsettu 19. maí 1992 (réttarskjal nr. 3), mótmælti Kjartan Ragnars hrl. afstöðu skiptaráðanda f. h. Gylfa Sigfússonar og óskaði jafnframt eftir því, að ágreiningnum yrði ráðið til lykta með úrskurði. Kjartan Ragnars hrl. mætti á skiptafund 21. maí 1992 f. h. Gylfa Sigfússonar og ítrekaði kröfur sínar. Aðrir voru ekki mættir á skiptafund þennan. Í samræmi við 3. tl. 110. gr., sbr. 134. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, var ákveðið, að skiptaráðandi myndi kveða upp úrskurð um ágreiningsefnið eftir framlagningu greinargerðar frá sóknaraðila. Eins og atvikum var háttað í máli þessu, þótti ekki þörf á því að boða til nýs skiptafuñdar, eins og ráðgert er í 2. og 3. tl. 110. gr. ívitnaðra laga.

III.

Í greinargerð sóknaraðila kemur fram, að við ákvörðun gjalddaga launakröfu hans verði að leggja til grundvallar gjalddaga í sáttinni á rskj. nr. 8, en þeir eru 11. október 1990, 4. nóvember 1990 og 4. desember 1990. Samkvæmt þessu telur sóknaraðili ótvírætt, að krafan skuli njóta forgangsréttar í þrotabúinu, þar sem hún sé örugglega innan 18 mánaða frestsins í 1. tl. 84. gr. laga nr. 3/1878. Hann vekur athygli á því, að launakrafa sé venjuleg einkaréttarleg krafa, sem aðilar geti samið um að vild, þ. á m.

um gjalddaga. Engin lagaákvæði bindi hendur aðila í þessu tilliti, og því verði skiptarétturinn að leggja til grundvallar samning málsaðila á rskj. nr. 8 við ákvörðun gjalddagans.

Sóknaraðili segir, að hafa beri í huga, að hann hafi höfðað mál til heimtu kröfunnar með stefnu, dags. 23. mars 1990, sbr. rskj. nr. 5, en málið hafi verið þingfest 5. apríl 1990, stefndi hafi tekið til varna í málinu, og sé greinargerð hans á rskj. nr. 7, þar sem hann hafi fært fram ýmsar sýknuástæður. Með sáttinni á rskj. nr. 8 sömdu málsaðilar um greiðslu kröfunnar að undangengnum viðræðum, og hafi báðir málsaðilar gefið eftir. Samkvæmt þessu sé ljóst, að með sáttinni hafi komist á nýtt kröfuréttarsamband með málsaðilum, þó að krafan sé í eðli sínu og per definitionem enn sem fyrr launakrafa, sbr. 1. tl. 84. gr. laga nr. 3/1878.

Í annan stað reisir sóknaraðili réttarkröfu sína á því, að hann hafi með framlagningu fjárnámsbeiðni í fógetarétti Reykjavíkur í desember 1990 slitið 18 mánaða frestinum í 1. tl. 84. gr. laga nr. 3/1878. Eins og í öðrum frestum í réttarfarslögum hljóti með einhverjum hætti að vera hægt að slíta 18 mánaða frestinum í 1. tl. 84. gr. laga nr. 3/1878. Eðlilegast væri að miða við birtingu stefnu, en ákvæði 6. tl. 84. gr. laga nr. 3/1878 virðist þó girða fyrir þá lögskýringu, en í þessum tölulið virðist vera gert ráð fyrir, að dómur hljóti að ganga um launakröfu, sé á annað borð höfðað mál til heimtu hennar. Ljóst virðist, að höfundur textans hafi ekki hugsað málið til enda, eða þá, að prentvilla sé í lagatextanum og að í stað „og" í töluliðnum eigi að standa „eða" og að lagatextinn hefði þá átt að hljóða svo: „.... mál verið höfðað til heimtu þeirra innan 18 mánaða frá gjalddaga eða dómur gengur .....". Ákvæði 6. tl. 84. gr. sé annars mjög torskilið, þ. e. skilyrðið um, að dómur gangi á síðustu sex mánuðum fyrir upphaf skipta eða síðar, því að vitaskuld ráðist það af ýmsum atvikum og sé ýmsum tilviljunum háð, hvenær dómur er kveðinn upp í dómsmálum. Sóknaraðili telur reyndar, að skýra verði orðið „dómur" í töluliðnum rúmt, þannig, að það taki beinlínis til fjárnámsgerðar og að skilyrði töluliðarins sé því uppfyllt. Í þessu sambandi sé vert að hafa í huga athugasemdir við 6. tl. 84. gr. laga nr. 3/1878, sbr. frumvarp til laga, sem lagt hafi verið fram á 94. löggjafarþingi, þskj. nr. 28, 27. mál, e.d., en þar segi á þessa leið: „Í 4. tl. er heimilað, að þær kröfur séu forgangskröfur, sem stofnast hafi með sama hætti og kröfur eftir 1.-3. tl., þó að þær séu eldri en svo, að þær falli undir þessa töluliði. Eigi þetta við, ef ekki verði talið, að atvik, sem launþegi hafði á valdi sínu, hafi valdið töfum á innheimtu launa, svo sem nánar segi í tillögugreininni." Þessar athugasemdir séu í fullu gildi, þó að lögin hafi sætt breytingum síðar, svo að allir frestir séu nú rýmri. Sóknaraðili hafi fylgt kröfu sinni eftir af mikilli festu, og engar tafir hafi orðið af hans völdum á innheimtu kröfunnar. Skuldarinn hafi hins vegar

reynt eftir mætti að tefja innheimtu skuldarinnar eftir gjalddaga sáttarinnar á rskj. nr. 8, m. a. hafi hann farið huldu höfði, ekki sinnt kvaðningum í fógetarétt, og þurft hafi lögreglu til að færa hann þangað. Þá hafi hann krafist úrskurða og lýst yfir því, að hann myndi áfrýja þeim. Eigi þetta framferði skuldarans að leiða til þess, að sóknaraðili missi forgangsrétt launakröfu sinnar, gengi sú niðurstaða þvert á hugsun og tilgang laganna. Þetta verði að hafa í huga, þegar texti 6. tl. sé skýrður, þ.e.a.s., ef ekki verður fallist á þann skilning sóknaraðila, sem sé sjálfsagður og eðli málsins samkvæmur, að gjalddagi sáttarinnar ráði úrslitum í máli þessu og að sóknaraðili hafi slitið 18 mánaða frestinum í 1. tl. 84. gr. laga nr. 3/1878 með fyrirtöku í fógetarétti.

IV.

Af hálfu kröfuhafa, annarra en sóknaraðila, hefur ekki verið sótt þing í máli þessu. Með vísan til 118. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 135. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, verður að fella úrskurð á mál þetta eftir fram komnum skjölum og skilríkjum.

Í fyrri málsástæðu sinni gerir sóknaraðili ráð fyrir því, að gjalddaga launakröfu hans í skilningi 1. tl. 84. gr. skiptalaga nr. 3/1878 skuli miða við gjalddaga réttarsáttar, sem komist hafi á milli sóknaraðila og skiptaþola.

Í réttarskjölum nr. 5 og 6 kemur fram, að launakrafa þessi sé til komin vegna vinnu, sem sóknaraðili máls þessa vann hjá skiptaþola í október og nóvember 1989, auk þess sem hann fer fram á þriggja mánaða laun í uppsagnarfresti frá desember 1989 til febrúar 1990 skv. gildandi kjarasamningi Verslunarmannafélags Reykjavíkur, sem gilti milli aðila. Samkvæmt þessu fékk sóknaraðili greidd laun mánaðarlega, og umræddar launakröfur féllu því í gjalddaga fyrsta virka dag næsta mánaðar, eftir að vinna var innt af hendi. Sé við það miðað, að upphaf skipta hafi fyrst getað byrjað 20. nóvember 1991 (frestdag) með móttöku gjaldþrotaskiptabeiðni, þá má ljóst vera, að kröfurnar hafa fallið í gjalddaga fyrir þann tíma, sem 1. tl. 84. gr. laga 3/1878 tekur til. Samningur aðila um nýja gjalddaga kröfunnar verður ekki talinn bindandi að þessu leyti, enda myndi slík afstaða geta opnað leið til málamyndagerninga í því skyni að skapa forgangsrétt fyrir kröfum þessum.

Síðari málsástæðu sína byggir sóknaraðili á því, að verði gjalddagar kröfunnar ekki taldir vera samkvæmt sáttinni í réttarskjali nr. 8, eigi 6. tl. 84. gr. skiptalaga nr. 3/1878 við um kröfu þessa, þar sem sóknaraðili hafi rofið fyrningu með framlagningu fjárnámsbeiðni í fógetarétti Reykjavíkur í desember 1990.

Tilvitnað lagaákvæði í 6. tl. 84. gr. laga nr. 3/1878 er undantekningar-

ákvæði, sem kveður á um, að með uppfylltum vissum skilyrðum megi framlengja fyrningartíma 1.-5. tl. 84. gr. sömu laga. Í úrlausn Hæstaréttar í máli frá 1987 á blaðsíðu 970 í dómasafni Hr. kemur fram, að ákvæði þetta verði hvorki túlkað rýmkandi skýringu né beitt með lögjöfnun. Í dóminum segir m. a.: „Verður því að skýra ákvæði þetta eftir orðanna hljóðan þannig, að hugtökin „mál hefur verið höfðað" og „dómur" taki ekki til meðferðar lögtaksmála fyrir fógetarétti." Með vísan til þess, sem segir í dómi Hr., verður framlagning fjárnámsbeiðni í fógetarétti ekki talin uppfylla skilyrði 6. tl. 84. gr. laga nr. 3/1878 um, að mál sé höfðað.

Samkvæmt því, sem fram er komið, brestur kröfu sóknaraðila lagastoð í 84. gr. skiptalaga nr. 3/1878 til þess að verða viðurkennd sem forgangskrafa, og verður því að hafna henni.

Málskostnaður í máli þessu fellur niður.

Bogi Hjálmtýsson, fulltrúi skiptaráðanda Kjósarsýslu, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfu sóknaraðila, Gylfa Sigfússonar, um viðurkenningu á launakröfu hans sem forgangskröfu í þrotabú Ólafs Þórs Ólafssonar, er hafnað.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 8. september 1992.

Nr. 347/1992. **Önundur Ásgeirsson,**
Eva Ragnarsdóttir,
Gréta Önundardóttir,
Ásgeir Önundarson og
Páll Torfi Önundarson
gegn
Alpan hf.

Kærumál. Frávísun frá héraðsdómi. Aðild.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðilar skutu máli þessu til Hæstaréttar með kæru 9. júlí 1992. Þeir krefjast þess, að hinn kærði frávísunardómur verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdóm að kveða upp efnisdóm í málinu. Þeir krefjast og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði frávísunardómur verði staðfestur og sóknaraðilar dæmdir til að greiða kærumálskostnað fyrir Hæstarétti.

Kröfur sóknaraðila í máli þessu beinast meðal annars að hagsmunum þeirra, sem keyptu hluti í Alpan hf., eftir að hlutafé félagsins var hækkað eftir lækkun þess, eins og lýst er í hinum kærða frávísunardómi. Þeim hefur ekki verið stefnt til aðildar að málinu, svo sem nauðsyn bar til. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með vísan til forsendna frávísunardómsins ber að staðfesta hann um annað en málskostnað. Sóknaraðilar greiði varnaraðila málskostnað í héraði og kærumálskostnað fyrir Hæstarétti, samtals 80.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðilar, Önundur Ásgeirsson, Eva Ragnarsdóttir, Gréta Önundardóttir, Ásgeir Önundarson og Páll Torfi Önundarson, greiði varnaraðila, Alpan hf., málskostnað í

héraði og kærumálskostnað fyrir Hæstarétti, samtals 80.000 krónur.

Dómur aukadómþings Árnessýslu 30. júní 1992.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. þ. m., er höfðað fyrir aukadómþinginu af Önundi Ásgeirssyni, kt. 140820-3349, Kleifarvegi 12, Evu Ragnarsdóttur, kt. 140722-2949, Kleifarvegi 12, Grétu Önundardóttur, kt. 281048-3339, Kleppsvegi 142, Ásgeiri Önundarsyni, kt. 101150-7719, Kögurseli 48, Páli Torfa Önundarsyni, kt. 300355-4049, Kleifarvegi 12, öllum í Reykjavík, á hendur Alpan hf., kt. 590384-0389, Eyrarbakka. Er Jóni Búa Guðlaugssyni, stjórnarformanni hins stefnda hlutafélags, stefnt fyrir hönd félagsins.

Aðalkrafa stefnenda er eftirfarandi: 1) að ákvörðun hluthafafundar í Alpan hf. 28. desember 1989 um lækkun hlutafjár úr 50.592.000 krónum í 25.296.000 krónur eða verðgildi hvers þáverandi hlutar úr 136.000 krónum í 68.000 krónur verði dæmd ógild, 2) að ákvörðun hluthafafundar 28. desember 1989 um hækkun hlutafjár um 29.988.000 krónur og eftirfarandi áskrift og framkvæmd hennar verði dæmd ógild eða úr gildi felld, en lagt fyrir stjórn Alpan hf. f. h. félagsins að boða til hluthafafundar til ákvörðunar um hlutafjáraukningu, ef þurfa þykir, þar sem löglegum eigendum hluta í félaginu, er skráðir voru 28. desember 1989, verði veittur kostur á að neyta forkaupsréttar síns samkvæmt félagssamþykktum og hlutafélagalögum og að áskrift hluta fari fram í samræmi við samþykktir og lög.

Til vara gera stefnendur kröfu til þess, að dómurinn kveði á um það, að ákvörðun hluthafafundar 28. desember 1989 um lækkun hlutafjár taki ekki til hlutafjáreignar stefnenda í máli þessu, eins og hún var skráð í bókum félagsins við upphaf fundarins.

Þá gera stefnendur kröfu til þess, að þeim verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnda samkvæmt mati dómsins auk virðisaukaskatts og að tildæmdur málskostnaður beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25, 1987, frá 15. degi eftir uppkvaðningu dóms til greiðsludags.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnenda og að þeim verði gert að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25, 1987, frá 15. degi eftir uppkvaðningu dóms til greiðsludags.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

II.

Hið stefnda hlutafélag var stofnað árið 1984. Upphaflegt hlutafé félagsins var 30.000.000 króna, en 28. desember 1989 var hlutafé þess 50.592.000

krónur. Skiptist hlutaféð í 372 jafnstóra hluti, hver að fjárhæð 136.000 krónur. Voru stefnendur máls þessa eigendur að 44 hlutum.

Á aðalfundi félagsins, sem haldinn var 28. desember 1989, lagði stjórn þess fram eftirfarandi tillögu: „Hluthafafundur samþykkir að lækka hlutafé félagsins úr 50.592.000 kr. í 25.296.000 kr. Hver hlutur er 136.000 kr. fyrir lækkun, en verður 68.000 kr. eftir lækkun. Lækkun hlutafjár er gerð skv. 42. gr., 1. tl. 2. mgr., l. nr. 32, 1978, til jöfnunar taps ....." Eftir að tillaga þessi hafði verið borin upp á aðalfundinum og hlotið að mati stefnda samþykki tilskilins meiri hluta hluthafa, lagði stjórn félagsins fram tillögu um hækkun hlutafjár með sölu nýrra hluta. Í þeirri tillögu segir m. a.: „Hluthafafundur samþykkir að auka hlutafé félagsins að lágmarki um 19.992.000 kr. að nafnverði, en að hámarki um 29.988.000 kr. að nafnverði. Hver hlutur er 68.000 kr. að nafnverði, og verður aukningin að lágmarki 294 hlutir, en að hámarki 441 hlutir (sic). ..... Eftir aukninguna verða fæst 666 hlutir, en flestir 813, hver að nafnverði 68.000 kr. Hlutafé verður að lágmarki 45.288.000 kr., en að hámarki 55.284.000 kr." Að mati stefnda hlaut þessi síðari tillaga stjórnar samþykki tilskilins meiri hluta hluthafa.

Undir rekstri málsins var upplýst, að hin fyrirhugaða hlutafjáraukning hefði að fullu gengið eftir og nýir hlutir verið seldir að því hámarki, sem tillaga stjórnar kvað á um.

Krafa stefnenda í máli þessu um ógildingu eða niðurfellingu framangreindra ákvarðana hluthafafundar er aðallega á því reist, að ekki hafi verið skilyrði til lækkunar hlutafjár í félaginu á þeim forsendum, sem lækkunin byggðist á, það er til jöfnunar taps. Þá eru dómkröfur stefnenda enn fremur studdar þeim rökum, að ekki hafi verið gætt ákvæða hlutafélagalaga við boðun aðalfundar 28. desember 1989, tillögur stjórnar um lækkun og hækkun hlutafjár hafi ekki hlotið tilskilinn atkvæðafjölda, við framkvæmd áskriftar að nýjum hlutum hafi eigi verið fylgt fyrirmælum V. kafla hlutafélagalaga og umræddar ákvarðanir aðalfundar hafi ekki verið tilkynntar Hlutafélagaskrá innan lögmætra tímamarka.

III.

Í 2. tölulið dómkrafna stefnenda er þess meðal annars krafist, að ákvörðun hluthafafundar í hinu stefnda hlutafélagi frá 28. desember 1989 um hækkun hlutafjár um 29.988.000 krónur og eftirfarandi áskrift og framkvæmd hennar verði dæmd ógild eða úr gildi felld.

Yrði krafa þessi tekin til greina, myndi dómur í málinu óhjákvæmilega binda þá aðila, sem þátt tóku í umræddri hlutafjáraukningu og keyptu hina nýju hluti, sbr. 4. mgr. 79. gr. hlutafélagalaga nr. 32, 1978. Myndi slík niðurstaða bitna harkalega á hinum nýju hluthöfum, sem bundið hafa fé

sitt í félaginu og tekið þátt í störfum þess í hálft þriðja ár, en ekki er ágreiningur um, að hagur félagsins hefur stórbatnað á þeim tíma.

Stefnendur hafa ekki gefið hinum nýju hluthöfum kost á að gæta hagsmuna sinna í málinu. Var stefnendum þó vandalaust að stefna hluthöfunum, þar sem allir hlutir í félaginu eru skráðir á nafn. Þá hefur aðeins fáum hluthöfum verið tilkynnt um málshöfðunina.

Þegar litið er til þess, á hvern hátt stefnendur hafa lagt mál þetta fyrir dóminn að þessu leyti, verður að svo komnu ekki lagður dómur á 2. tölulið í dómkröfum þeirra. Þá þykir slíkt samhengi vera á milli 1. og 2. töluliðar aðalkröfu, að dómur verði ekki lagður á fyrri töluliðinn, án þess að jafnframt verði skorið úr um þær dómkröfur, sem í síðari tölulið aðalkröfu greinir. Verður af þessum sökum ekki hjá því komist að vísa dómkröfum stefnenda í heild frá dómi án kröfu.

Rétt þykir, að stefnendur greiði hinu stefnda hlutafélagi óskipt 150.000 krónur í málskostnað. Að kröfu stefnda og með vísan til 3. mgr. 175. gr. laga nr. 85, 1936, sbr. 21. gr. laga nr. 54, 1988, skal tildæmdur málskostnaður bera dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25, 1987, frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Þorgeir Ingi Njálsson, settur héraðsdómari, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Stefáni Svavarssyni, löggiltum endurskoðanda, og Sigurði T. Magnússyni skrifstofustjóra.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi án kröfu.

Stefnendur, Önundur Ásgeirsson, Eva Ragnarsdóttir, Gréta Önundardóttir, Ásgeir Önundarson og Páll Torfi Önundarson, greiði óskipt stefnda, Alpan hf., 150.000 krónur í málskostnað. Skal tildæmdur málskostnaður bera dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25, 1987, frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Greiðsla málskostnaðar fari fram innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 9. september 1992.

Nr. 285/1992. **Páll Árnason**

gegn

Jóni Eysteinssyni bæjarfógeta.

Kærumál. Dómarar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Með kæru 24. júní 1992 hefur Ragnar Halldór Hall hæstaréttarlögmaður vegna sóknaraðila kært varnaraðila, Jón Eysteinsson, bæjarfógeta í Keflavík, „fyrir að hafa í dómarastarfi gert á hluta Páls". Kæran er byggð á heimild í 2. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands, sbr. nú 3. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Kæran ásamt gögnum barst réttinum 29. júní sl.

Sóknaraðili krefst þess aðallega, að varnaraðili verði dæmdur til að greiða sekt til ríkissjóðs, en til vara, að hann verði áminntur. Hann gerir og kröfu um kærumálskostnað.

Varnaraðili hefur ekki sent réttinum greinargerð, en fulltrúi hans, Þorsteinn Pétursson, hefur sent bréf, dagsett 29. júní 1992, þar sem gangur málsins er skýrður af embættisins hálfu.

I.

Samkvæmt skýrslu sóknaraðila og gögnum málsins eru málsatvik þau, að 2. ágúst 1989 var í fógetarétti Keflavíkur gert árangurslaust fjárnám hjá sóknaraðila að honum viðstöddum fyrir kröfu, samtals að fjárhæð u. þ. b. 100.000 krónur. Hinn 1. nóvember sama ár barst bæjarfógetanum í Keflavík krafa um, að bú sóknaraðila yrði tekið til gjaldþrotaskipta á grundvelli hins árangurslausa fjárnáms. Skiptastefna var gefin út 17. nóvember sama ár á hendur Páli Árnasyni, Faxabraut 28, Keflavík, og var málið þingfest í skiptarétti Keflavíkur 30. nóvember. Af hálfu varnaraðila var ekki mætt, og var málinu frestað tvívegis, þar til krafan um töku búsins til gjaldþrotaskipta var tekin til úrskurðar 29. mars 1990. Úrskurður um gjaldþrotaskipti var kveðinn upp í skiptaréttinum 9. október 1991.

Innköllun til skuldheimtumanna var birt í Lögbirtingablaði 1.

nóvember 1991, en sóknaraðili kveðst enga vitneskju hafa fengið um það fyrr en í janúarmánuði 1992, er starfsmaður í banka í Keflavík benti honum á það. Þá var sóknaraðili lögreglumaður í lögregluliði Keflavíkur og því starfsmaður hjá varnaraðila. Hann sneri sér til embættisins til þess að fá þar upplýsingar um, hvað gerst hefði. Þegar hann krafðist skýringa á meðferð gjaldþrotamáls síns, urðu viðbrögð varnaraðila að sögn hans þau, að honum var sagt upp starfi í lögreglunni með bréfi 17. febrúar 1992.

Sóknaraðili leitaði til lögmanns, er aðstoðaði hann við uppgjör við þá, er lýst höfðu kröfum í bú hans, og var því lokið innan fárra vikna. Var sóknaraðila afhent búið til frjálsra umráða að nýju 3. mars 1992.

II.

Í kæru kveðst sóknaraðili reisa kröfur sínar á hendur Jóni Eysteinssyni bæjarfógeta á því, að löglærðir fulltrúar hans, sem starfi á hans ábyrgð, hafi gert á hluta sinn við meðferð kröfu um gjaldþrotaskipti á búi sínu í eftirtöldum atriðum:

1. Sóknaraðila hafi aldrei verið birt tilkynning um, að fram væri komin krafa um, að bú hans yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Fyrirmæli um slíka birtingu séu í 2. mgr. 18. gr. þágildandi gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Í beiðninni sé heimilisfang hans sagt vera að Faxabraut 28 í Keflavík. Þar hafi hann hins vegar aldrei átt heima.

2. Fjallað hafi verið um gjaldþrotaskiptakröfuna á dómþingum, án þess að sá, sem stýrði þinghaldi hverju sinni, hafi gengið úr skugga um, að fyrirkall samkvæmt 18. gr. laganna væri birt.

3. Gjaldþrotaskiptakrafan hafi legið hjá bæjarfógetanum í Keflavík frá 29. mars 1990, allt þar til úrskurður um töku búsins var kveðinn upp 9. október 1991, í meira en 18 mánuði. Hafi þá verið liðin meira en tvö ár og tveir mánuðir, frá því að hið árangurslausa fjárnám var gert, sem gjaldþrotaskiptakrafan studdist við.

4. Eftir uppkvaðningu úrskurðarins um gjaldþrotaskipti hafi honum aldrei verið tilkynnt um úrskurðinn. Hann hafi ekki haft ástæðu til að fylgjast með málum af því tagi með reglubundnum lestri Lögbirtingablaðs. Svokölluð skiptameðferð bús hans hefði því að öllum líkindum farið algerlega fram hjá honum, ef athygli hans hefði ekki verið vakin á innköllun í bú hans í Lögbirtingablaði.

Sóknaraðili tekur fram, að sér sé ljóst, að almennur kærufrestur

til Hæstaréttar sé tvær vikur frá lokum þeirrar dómsathafnar, sem kærð er, sbr. 22. gr. laga nr. 75/1973. Sá kærufrestur geti ekki átt við kæru eins og þessa, enda hér ekki um einstaka, tiltekna dómsathöfn að ræða.

III.

Eins og að ofan greinir, tekur sóknaraðili fram í kæru sinni, að varnaraðili sé kærður fyrir að hafa í dómarastarfi gert á hluta sinn. Engin þeirra ávirðinga, sem sóknaraðili ber á varnaraðila, varða dómarastörf hans, enda upplýst og ágreiningslaust, að hann hafi þar hvergi nærri komið. Þegar af þessari ástæðu eru eigi efni til að taka til greina kröfur sóknaraðila í máli þessu.

Varnaraðili hefur ekki krafist kærumálskostnaðar.

Dómsorð:

Kröfur sóknaraðila, Páls Árnasonar, á hendur varnaraðila, Jóni Eysteinssyni bæjarfógeta, eru eigi teknar til greina.

Miðvikudaginn 9. september 1992.

Nr. 435/1990. **Magnús Bergs**
gegn
Andrési Árnmarssyni og
Einari Þ. Haukssyni.

Kærumál. Innsetningargerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. nóvember 1990. Samkvæmt 3. mgr. 107. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 5. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991, sætir málið meðferð kærumála fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992.

Sóknaraðili gerir þær dómkröfur, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og að hin umbeðna innsetningargerð nái fram að ganga. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti auk virðisaukaskatts.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti auk virðisaukaskatts.

I.

Eins og lýst er í hinum kærða úrskurði, keypti sóknaraðili vélbátinn Dagnýju, SU-114, af varnaraðilum með kaupsamningi og afsali 1. maí 1990. Varnaraðili Andrés Árnmarsson lýsti yfir riftun á samningnum 21. sama mánaðar, og næsta dag mótmælti sóknaraðili riftuninni. Þar sem varnaraðilar neituðu að skila sóknaraðila bátnum, höfðaði hann innsetningarmál það, sem hér er til úrlausnar.

Varnaraðilar höfðuðu mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur til ógildingar framangreindum kaupsamningi og afsali aðila frá 1. maí 1990. Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt endurrit úr dómabók héraðsdóms Reykjavíkur í því máli, en dómur var kveðinn upp 21. júlí sl. Var krafa varnaraðila tekin til greina og kaupsamningurinn og afsalið dæmt ógilt og óskuldbindandi fyrir varnaraðila. Sóknaraðili hefur skotið þeim dómi til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 28. ágúst sl.

Samkvæmt framansögðu er réttur sóknaraðila til hins umdeilda báts ekki svo ótvíræður og skýlaus, að beita megi réttarfarshagræði beinnar fógetagerðar. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

Sóknaraðili greiði varnaraðilum samtals 40.000 krónur í kærumálskostnað, og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

Sóknaraðili, Magnús Bergs, greiði varnaraðilum, Andrési Árnmarssyni og Einari Þ. Haukssyni, samtals 40.000 krónur í kærumálskostnað fyrir Hæstarétti.

Úrskurður fógetaréttar Suður-Múlasýslu 13. nóvember 1990.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi 9. nóvember 1990.

Með beiðni, dagsettri 28. júní 1990, hefur Magnús Guðlaugsson hdl. krafist þess fyrir hönd Magnúsar Bergs, kt. 270856-7569, Lálandi 21, Reykjavík, að gerðarbeiðandi verði settur inn í vörslur vélbátsins Dagnýjar, RE-282, áður Dagný, SU-114, skipaskrárnúmer 6633, sem er í vörslu gerðarþola Andrésar Árnmarssonar, kt. 120145-1909, Heiðarvegi 17, Reyðarfirði. Þá krefst gerðarbeiðandi málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands með vöxtum skv. 175. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði og virðisaukaskatts á málflutningsþóknun. Gerðarþolar hafa tekið til varna í málinu og krafist þess, að kröfu gerðarbeiðanda um innsetningu í vélbátinn Dagnýju, RE-282, verði hafnað. Þá gerir lögmaður gerðarþola kröfu um, að gerðarbeiðanda verði gert skylt að greiða gerðarþolum málskostnað að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ að viðbættum 24,5% virðisaukaskatti. Þá krefjast gerðarþolar þess, að tildæmdur málskostnaður beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir uppkvaðningu úrskurðar. Þá er þess krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti.

Málavextir.

Málavextir eru þeir, að með kaupsamningi afsali, dagsettu 1. maí 1990, keypti gerðarbeiðandi af gerðarþolum vélbátinn Dagnýju, SU-114, skipaskrárnúmer 6633, sem er 3,86 tonna plastbátur, árg. 1985, með Mitsubishidísilvél, 30 hö., árg. 1969, ásamt tækjum og búnaði, þar með talið lóran,

„plotter", sjálfstýring, litadýptarmælir, 2 talstöðvar, elliða-lína og netaspil, 2-12 volta ellíða-færavindur, 2-12 volta „alternatorar", miðstöð og allt annað, sem fylgir og fylgja ber. Veiðiheimild bátsins fylgir með í kaupum þessum. Báturinn afhendist á Reyðarfirði með nýtt skoðunarvottorð.

Kaupverð bátsins skyldi vera 1.600.000 krónur, sem gerðarbeiðandi hefur greitt að fullu. Með símskeyti, dagsettu 21. maí 1990, lýsti gerðarþoli yfir, að hann rifti sölunni á bátnum, og bar fyrir sig ákvæði III. kafla samningalaga nr. 7/1936, sbr. lög nr. 11/1936. Með símskeyti, dags. 22. maí 1990, sendi gerðarbeiðandi gerðarþola símskeyti, þar sem hann mótmælti riftun á sölu bátsins. Með símskeyti, dags. 6. júní 1990, krafðist gerðarbeiðandi afhendingar bátsins. Hinn 4. maí 1990 var báturinn skráður á nafn gerðarbeiðanda hjá Siglingamálastofnun ríkisins, skipaskrá. Gerðarþoli hefur ekki skilað bátnum, og í framhaldi af riftunarskeyti hans „ deponeraði" hann 601.500 kr. í Landsbanka Íslands á Reyðarfirði sem endurgreiðslu á þeim fjármunum, sem gerðarbeiðandi hafði greitt í bátnum. Gerðarbeiðandi hefur ekki fallist á þessa riftun. Með ódagsettu bréfi til rannsóknarlögreglustjóra ríkisins hefur lögmaður gerðarþola lagt fram kæru á hendur gerðarbeiðanda og skipasölunni Bátum og búnaði. Vegna grunsemda lögmannsins um, að með háttsemi þeirri, sem m. a. hér er lýst, hafi gerðarbeiðandi brotið gegn 253. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1990, af þeirri ástæðu, að verðmæti þeirra hagsmuna, sem gerðarbeiðandi fékk afsalað til sín, hafi verið að mun meira en hann greiddi fyrir. Fógeti hefur ekki séð ástæðu til að fresta framgangi málsins af þessu tilefni.

Málsástæður og lagarök.

Gerðarbeiðandi reisir kröfur um afhendingu bátsins á því, að 1. maí 1990 hafi komist á bindandi samningur milli aðila um kaup á bátnum, sem hann hafi að fullu staðið við. Hann eigi því skýlausan rétt til þess að fá bátinn afhentan og riftun sú, er gerðarþoli lýsti yfir 21. maí 1990, hafi verið með öllu ólögmæt, enda engum riftunarástæðum verið til að dreifa. Þá bendir hann á, að engum þvingunum hafi verið beitt við samningsgerðina, gerðarþoli hafi sjálfur valið sér skipasölu og ákveðið, hvaða verð skyldi sett á bátinn. Mjög vafasamt hafi verið, að frumvarp að lögum um fiskveiðistjórnun yrði að lögum á þeim tíma, sem samningar um bátakaupin fóru fram. Frumvarp þetta hafi þó legið fyrir, en verið jafnaðgengilegt báðum aðilum. Þá tók hann fram, að upplýsingar Fiskifélags Íslands um aflabrögð fiskiskipa séu öllum opnar og gerðarbeiðandi hafi ekki á nokkurn hátt meiri aðgang að upplýsingum en gerðarþoli.

Varðandi kröfu gerðarþola um riftun telur gerðarbeiðandi, að það sé ekki á valdi fógetaréttarins að úrskurða um riftun á afsali því, sem um er fjallað.

Gerðarþoli reisir kröfu sína um, að innsetningu í bátinn verði hafnað, á því, að 18. maí 1990 hafi tekið gildi ný lög um stjórnun fiskveiða, sem muni gera það að verkum, að verðmæti bátsins með fiskveiðikvóta verði að líkindum allt að fjórum sinnum meira en það kaupverð, sem um var samið milli aðila.

Gerðarþoli heldur því fram, að þegar samningur var gerður, hafi honum ekki verið kunnugt um það, hver áhrif hin nýju lög um stjórnun fiskveiða myndu hafa á verðmæti bátsins, en hins vegar sé augljóst, að yfir þeirri vitneskju hafi gerðarbeiðandi búið sem og skipamiðlari sá, sem gekk frá sölunni.

Gerðarþolar hafa lagt fram gögn, sem sýna, að gerðarbeiðandi hafi gert tilboð í og kaupsamninga um fleiri báta á svipuðum tíma, en hann hafi ekki fram að þessu fengist við útgerð, svo að kunnugt sé.

Gerðarþolar halda því fram, að tvímælalaust sé um að ræða riftunarrétt af þeirra hálfu á grundvelli III. kafla samningalaga nr. 7/1936, sbr. lög nr. 11/1986, einkum á grundvelli 31. gr., 33. gr. og 36. gr. tilvitnaðra laga. Þannig hafi gerðarbeiðandi notfært sér betri þekkingu sína á þeim lögum, sem voru í burðarliðnum, er samningurinn var gerður, til þess að afla sér og áskilja hagsmuni, sem sýnilega eru margfalt meira virði en það verð, sem hann greiddi fyrir þá.

Jafnvel þó að ekki verði talið sannað, að um vísvitandi misneytingu hafi verið að ræða af hálfu gerðarbeiðanda, halda gerðarþolar því fram, að engu að síður sé um riftunarheimild að ræða á grundvelli 36. gr. samningalaga, eins og hún er nú eftir breytinguna með lögum nr. 11/1986, þar sem heimilt er að láta atvik, sem til koma eftir samningagerð, hafa áhrif á skuldbindingargildi samnings.

Meginskilyrði þess, að innsetning megi ná fram að ganga, er, að réttur gerðarbeiðanda sé ótvíræður og skýr. Þessu skilyrði sé ekki til að dreifa í þessu máli. Hér sé um það að ræða, að gerð hafi verið kaup, sem haldin hafi verið annmarka, sem gerði það að verkum, að þeim mætti rifta, svo að löglegt væri. Það hafi nú verið gert með lögmætum hætti og mál höfðað til að knýja fram staðfestingu dómstóla á þeim gjörningi. Beinar fógetagerðir séu réttarúrræði, sem feli í sér frávik frá almennri dómstólameðferð, heimildir til að beita slíkum úrræðum verði að skýra þröngri lögskýringu.

Álit réttarins.

Aðilar málsins eru sammála um málsatvik, og einnig er óumdeilt, að komist hafi á bindandi samningur á milli gerðarbeiðanda og gerðarþola um kaup á bátnum Dagnýju, SU-114, með útgáfu afsals, dagsettu 1. maí 1990.

Hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins er til meðferðar kæra vegna þeirra at-

vika, sem í máli þessu greinir. Þá hafa gerðarþolar höfðað riftunarmál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur.

Hér fyrir rétti verður ekki tekin afstaða til þess, hvort gerðarbeiðandi hafi í viðskiptum þessum gerst sekur um refsiverða háttsemi eða hvort nokkrar þær ástæður séu fyrir hendi, sem valda kynnu ógildingu þessa löggernings, samkvæmt þeim lagaákvæðum, sem til er vitnað, eða hvort háttsemi gerðarbeiðanda, sem hér er lýst, var gerð í þeim tilgangi einum að hagnast óeðlilega á kostnað gerðarþola í þessum viðskiptum. Á hinn bóginn verður á það að líta, að hagsmunir gerðarþola eru mjög miklir á móti tiltölulega litlum hagsmunum gerðarbeiðanda, en grundvelli yrði kippt undan lífsafkomu gerðarþola, ef hann missir bátinn.

Gerðarþoli hefur endurgreitt (deponerað) til gerðarbeiðanda það, sem hann hafði greitt, gerðarbeiðandi hefur ekki í hyggju að hefja útgerð, ekki er útilokað, að gerðarbeiðandi hafi beitt gerðarþola misneytingu, og ekki er heldur óhugsandi, að riftunarkrafa gerðarþola nái fram að ganga í dómsmáli því, sem rekið er í Reykjavík, og ekki er bersýnileg hætta á réttarspjöllum, þótt gerðarbeiðandi fái ekki vörslu bátsins, á meðan dómsmálið í Reykjavík gengur í gegnum kerfið. Að öllu ofanrituðu athuguðu og virtu þykir réttur gerðarbeiðanda ekki svo ótvíræður og skýr eða hagsmunir hans svo miklir, að rétt sé, að gerð þessi nái fram að ganga að svo stöddu.

Rétt er, að málskostnaður falli niður.

Úrskurð þennan kveður upp Sigurður Eiríksson, sýslumaður í Suður-Múlasýslu.

Úrskurðarorð:

Hin umbeðna innsetningargerð nær ekki fram að ganga. Málskostnaður fellur niður.

1348

Miðvikudaginn 9. september 1992.

Nr. 465/1990. **Ásgeir Kristján Mikkaelsson**

gegn

Óla Pétri Gunnarssyni.

Kærumál. Innsetningargerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. desember 1990. Samkvæmt 3. mgr. 107. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 5. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991, sætir málið meðferð kærumála fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992.

Sóknaraðili gerir þær dómkröfur, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og breytt á þann veg, að sér verði með beinni fógetagerð fengin umráð yfir dráttarvél af gerðinni STEYR 8110, árgerð 1987, skráðri með föstu númeri, ZG-049, en dráttarvélin er nú í umráðum varnaraðila. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi sóknaraðila auk virðisaukaskatts.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Rétt er, að sóknaraðili greiði varnaraðila 30.000 krónur í kærumálskostnað, og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Ásgeir Kristján Mikkaelsson, greiði varnaraðila, Óla Pétri Gunnarssyni, 30.000 krónur í kærumálskostnað fyrir Hæstarétti.

Úrskurður fógetaréttar Árnessýslu 21. nóvember 1990.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að undangengnum munnlegum málflutningi 16. þ. m.

Sóknaraðili, Ásgeir Mikkaelsson, kt. 271261-3739, Fremri-Breiðadal, Flateyrarhreppi, V.-Ísafjarðarsýslu, gerir þá dómkröfu, að sér verði með beinni fógetagerð fengin umráð yfir dráttarvél af gerðinni Steyr 8110, árgerð 1987, en vélin er nú í vörslum varnaraðila. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi varnaraðila samkvæmt gjaldskrá LMFÍ auk 24,5% virðisaukaskatts.

Varnaraðili, Óli Pétur Gunnarsson, kt. 250656-2389, Litlu-Sandvík, Sandvíkurhreppi, Árnessýslu, gerir þá kröfu aðallega, að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu gerðar og að sóknaraðili verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ. Er þess jafnframt krafist, að tildæmdur málskostnaður beri dráttarvexti frá 15. degi eftir uppsögu úrskurðar til greiðsludags. Nái gerðin fram að ganga, krefst varnaraðili þess, að sóknaraðila verði gert að setja tryggingu fyrir greiðslu skaðabóta, að eigi lægri fjárhæð en 5.000.000 kr.

II.

Sóknaraðili lýsir málavöxtum svo, að í desember 1987 hafi hann keypt dráttarvél þá, sem mál þetta snýst um, af Boða hf. í Hafnarfirði. Hafi vélin verið skráð á sitt nafn 12. janúar 1988. Eftir að kaupin voru gerð og kaupverðið, 2.231.375 kr., hafði verið greitt að fullu, hafi orðið að samkomulagi á milli sóknaraðila og Boða hf. að rifta kaupunum. Skyldi fyrirtækið endurgreiða sóknaraðila kaupverðið að fullu, þar með talinn söluskatt, að fjárhæð 446.275 kr. Boði hf. hafi hins vegar orðið gjaldþrota, áður en kaupverðið var að fullu endurgreitt. Riftun hafi því aldrei náð fram að ganga. Þá hafi aldrei komið til þess, að sóknaraðili gæfi út afsal fyrir vélinni til Boða hf. eða einhvers annars aðila.

Sóknaraðili segir svo frá, að áður en samningar um riftun hófust, hafi vélin verið flutt til Reykjavíkur. Hinn 4. apríl 1988 hafi það síðan gerst, að vélin var skráð í ökutækjaskrá á nafn varnaraðila, Óla Péturs Gunnarssonar. Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram, að sú skráning sé marklaus. Sóknaraðili sé einn réttur og löglegur eigandi umræddrar dráttarvélar, og skráning vélarinnar á nafn varnaraðila felli ekki niður skýran eignarrétt sóknaraðila að henni. Við skráningu vélarinnar á nafn varnaraðila hafi verið stuðst við yfirlýsingu, sem sóknaraðili hafi engan þátt átt í að semja, né heldur hafi hann samþykkt þá ráðstöfun, sem í henni felst. Hvergi sé getið um gerðarbeiðanda í yfirlýsingunni eða um rétt hans til vélarinnar.

Að mati sóknaraðila er það skilyrði umskráningar í framangreinda átt,

að skráður eigandi ökutækis veiti heimild til hennar. Að öðrum kosti sé skráningin lögleysa. Af þessum sökum sé sóknaraðili þess máls, sem hér er til meðferðar, ekki bundinn af þeirri skráningu, sem varnaraðili reisir á rétt sinn til vélarinnar. Vísar sóknaraðila hér um til 3. mgr. 47. gr. þinglýsingalaga nr. 39, 1978, sbr. 7. gr. laga nr. 63, 1988.

III.

Af hálfu varnaraðila er því haldið fram, að fyrirtækið Boði hf. hafi gert pöntun á dráttarvél þeirri, sem mál þetta fjallar um, hjá norska fyrirtækinu Nor-tec a.s., og hafi Boða verið gerður reikningur vegna þess 30. júlí 1987. Dráttarvélin hafi verið send til Íslands með skipi, en frumrit farmbréfs verið sent Landsbanka Íslands. Vélin hafi síðan verið afhent Boða hf., án þess að framvísað væri greiðslustimpluðum farm- eða innflutningspappírum, enda hafi þeir verið í vörslum Landsbankans, ógreiddir. Framkvæmdastjóri Nor-tec a.s., Tore Larsen, hafi verið hér á landi um mánaðamótin mars/apríl 1988, enda hafi hann fengið rökstuddan grun um, að búið væri að afhenda vélina og reyndar aðra vél til, án þess að andvirði þeirra hefði verið greitt. Við skoðun í afgreiðsluporti skipadeildar SIS í Hafnarfirði hafi komið í ljós, að umræddar vélar voru nýkomnar í afgreiðslu flutningsaðila, eftir að hafa verið í notkun hér á landi í nærfellt hálft ár. Þetta hafi sést á mælum vélanna og útliti þeirra.

Bú Boða hf. var tekið til skiptameðferðar sem gjaldþrota á árinu 1988. Heldur varnaraðili því fram, að hvorki framangreindar dráttarvélar né heldur aðrar vélar, sem verið hafi ógreiddar, hafi verið taldar til eigna búsins, enda frumrit allra pappíra eða heimildarskjala í vörslum Landsbanka Íslands. Allar þessar vélar, þar á meðal vél sú, sem nú er krafist innsetningar í, hafi verið seldar varnaraðila af umboðsmanni löglegs eiganda þeirra, Fokus Bank í Noregi, er þá hafi átt kröfu á hendur Nor-tec a.s. vegna gjaldþrots fyrirtækisins. Allt hafi þetta verið gert með fullri vitund skiptastjóra Boða hf.

Krafa varnaraðila um synjun hinnar umbeðnu gerðar er á því reist, að réttur sóknaraðila til slíkrar gerðar sé alls ekki fyrir hendi eða í öllu falli afar óljós. Það sé frumskilyrði beinnar fógetagerðar, að réttur gerðarbeiðanda sé ótvíræður, glöggur og skýr, svo skýr, að jafna megi til aðfararhæfs dóms. Skráning vélarinnar á nafn sóknaraðila 12. janúar 1988 vegna mistaka eða sviksamlegs athæfis forsvarsmanna Boða hf. veiti honum engan sjálfstæðan, lögvarinn rétt til vélarinnar. Það hafi og enga þýðingu, þar sem kaupunum hafi verið rift.

Um lagarök fyrir kröfum sínum vísar varnaraðili til 1. og 12. gr. laga nr. 19, 1887, og Norsku laga Kristjáns V. 15. apríl 1687, VI. bók, 14. kap., 6. gr. Málskostnaðarkröfu sína reisir varnaraðili á 177. gr. laga nr. 85,

1936. Krafa hans um, að tildæmdur málskostnaður beri dráttarvexti, styðst við 3. mgr. 175. gr. sömu laga, sbr. 21. gr. laga nr. 54, 1988. Varakrafa varnaraðila byggist síðan á 12. gr. laga nr. 18, 1949, per analogiam.

IV.

Aðila greinir á um eignarrétt að dráttarvél þeirri, sem mál þetta snýst um. Með vísan til þess, sem rakið hefur verið hér að framan, og fram lagðra málsskjala verður réttur sóknaraðila til vélarinnar eigi talinn svo ótvíræður og skýlaus, að beita megi réttarfarshagræði beinnar fógetagerðar. Ber mál þetta því eigi undir fógetarétt. Af þeim sökum verður að synja um framgang hinnar umbeðnu gerðar.

Rétt þykir að gera sóknaraðila að greiða varnaraðila málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn 60.000 krónur. Að kröfu varnaraðila og með vísan til 3. mgr. 175. gr. laga nr. 85, 1936, sbr. 21. gr. laga nr. 54, 1988, skal málskostnaðarfjárhæðin bera dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25, 1987, frá 15. degi eftir uppkvaðningu úrskurðar þessa til greiðsludags.

Þorgeir Ingi Njálsson dómarafulltrúi kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Synjað er um framgang hinnar umbeðnu gerðar.

Sóknaraðili, Ásgeir Mikkaelsson, greiði varnaraðila, Óla Pétri Gunnarssyni, 60.000 krónur í málskostnað, og skal málskostnaðarfjárhæðin bera dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25, 1987, frá 15. degi eftir uppkvaðningu úrkurðar þessa til greiðsludags.

Úrskurði þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 9. september 1992.

Nr. 179/1991. **Orkubú Vestfjarða**

gegn

Bifreiðastöð Þórðar Þ. Þórðarsonar,
Gunnari og Ebeneser hf.,
bæjarfógetanum á Akranesi,
Vátryggingafélagi Íslands hf. og
Búnaðarbanka Íslands.

Kærumál. Nauðungaruppboð. Uppboðsafsal.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. apríl 1991 að fengnu áfrýjunarleyfi 27. mars 1991. Samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu hefur eftir 1. júlí sl. verið farið með málið sem kærumál. Sóknaraðili gerir þær kröfur, að uppboðsafsal bæjarfógetans á Akranesi 18. janúar 1991 á bifreiðinni Í-4402 og úthlutun á uppboðsandvirði bifreiðarinnar verði úr gildi felld og viðurkennt verði með dómi, að fjárnámskrafa kæranda á 2. veðrétti í bifreiðinni, 241.709,45 krónum, hafi forgangsrétt til uppboðsandvirðisins á undan haldsréttarkröfu varnaraðila Bifreiðastöðvar Þórðar Þ. Þórðarsonar, 186.432 krónum, og lögveðskröfu ríkissjóðs vegna bifreiða- og kílógjalds, 55.844 krónum.

Varnaraðilinn Bifreiðastöð Þórðar Þ. Þórðarsonar krefst þess, að fyrrgreint uppboðsafsal og úthlutunargerð verði staðfest og sóknaraðili dæmdur til að greiða sér kærumálskostnað.

Af hálfu varnaraðila innheimtumanns ríkissjóðs, nú sýslumannsins á Akranesi, er þess krafist aðallega, að við úthlutun uppboðsandvirðis bifreiðarinnar Í-4402 verði viðurkennt, að lögveðskrafa hans, 70.768 krónur, komi til úthlutunar næst á eftir uppboðskostnaði og þar með á undan öðrum kröfum og veðum, sem á bifreiðinni hvíla. Til vara krefst hann þess, að uppboðsafsalið verði staðfest og sá þáttur úthlutunargerðar á uppboðsandvirði, er varðar

úthlutun á 55.844 krónum til hans. Í báðum tilvikum er krafist kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Varnaraðilinn Vátryggingafélag Íslands hf., sem tekið hefur við rekstri Samvinnutrygginga gt., tekur undir þá kröfu sóknaraðila, að uppboðsafsalið og úthlutunargerðin verði úr gildi felld og viðurkenndur forgangsréttur fjárnámsveðhafa til uppboðsandvirðis bifreiðarinnar Í-4402.

Varnaraðilinn Búnaðarbanki Íslands tekur undir kröfur sóknaraðila og krefst þess jafnframt, að úthlutun fari fram að nýju, þar sem honum gefist kostur á að koma kröfum sínum að.

Ekki hafa borist kröfur frá öðrum varnaraðilum. Hins vegar hafa borist athugasemdir uppboðshaldarans á Akranesi við greinargerð sóknaraðila.

I.

Hinn 21. nóvember 1986 sendi Arnar G. Hinriksson héraðsdómslögmaður fyrir hönd sóknaraðila bæjarfógetanum á Ísafirði kröfu um nauðungarsölu á bifreið varnaraðila Gunnars og Ebenesers hf., Í-4402, ásamt annarri bifreið og fasteign hans. Grundvöllur beiðninnar var fjárnámsgerð, er fram fór í fógetarétti Ísafjarðar 14. október 1986. Bæjarfógetinn á Ísafirði framsendi uppboðsbeiðnina bæjarfógetanum á Akranesi 15. maí 1990, þar sem uppboðsþoli hafði upplýst, að umrædd bifreið væri þar.

Mál þetta var tekið fyrir í uppboðsrétti Akraness 30. nóvember 1990 af Jóni Vilberg Guðjónssyni, fulltrúa bæjarfógeta. Segir í bókun, að til uppboðsins hafi verið boðað með auglýsingu í Skagablaðinu 22. sama mánaðar. Í réttinum mættu Sigurbjörn Guðmundsson vegna Arnars G. Hinrikssonar héraðsdómslögmanns og Tryggvi Bjarnason héraðsdómslögmaður vegna varnaraðila Bifreiðastöðvar Þórðar Þ. Þórðarsonar. Lagði hann fram bréf, dagsett sama dag, þar sem lýst var haldsrétti í áðurnefndri bifreið vegna kröfu um geymslukostnað vegna hennar frá 15. nóvember 1988, samtals að fjárhæð 186.432 krónur. Var þess krafist í bréfinu, að fjárhæð þessi yrði greidd af uppboðsandvirði bifreiðarinnar.

Í veðbókarvottorði bifreiðarinnar, sem lagt var fram á uppboðsþinginu, kom fram, að þinglýst hafði verið tveimur fjárnámsgerðum á bifreiðina auk fjárnáms sóknaraðila, þ. e. fjárnámi Samvinnu-

trygginga gt. 20. maí 1983 vegna kröfu, að fjárhæð 20.994,35 krónur, og fjárnámi Búnaðarbanka Íslands 14. október 1987 vegna kröfu, að fjárhæð 191.849,10 krónur.

Um nauðungarsöluna sjálfa var eftirfarandi bókað í uppboðsbók:

„Fram komu eftirtalin boð:

Hæstbjóðandi: Þórður Þórðarson f. h. Bifreiðastöðvar Þ.Þ.Þ., 260.000 kr., - og krefst útlagningar, ef skilyrði eru fyrir hendi.

Næsthæstbjóðandi: Sigurbjörn Guðmundsson f. h. Arnars G. Hinrikssonar hdl., 250.000 kr., - og krefst útlagningar, ef skilyrði eru fyrir hendi.

Fleiri boð komu ekki fram."

Uppboðshaldari gaf út uppboðsafsal 18. janúar 1991 til hæstbjóðanda, og samkvæmt því skyldi uppboðsandvirði úthlutað þannig:

A.	Uppboðskostnaður	38.513 krónur.
B.	Haldsréttarkrafa Bifreiðastöðvar Þ.Þ.Þ.	186.432 krónur.
C.	Lögveðskrafa ríkissjóðs vegna bifreiða- og kílógjalds	55.844 krónur.
	Samtals	280.789 krónur.

Ekkert skyldi því samkvæmt þessu greiða til framangreindra fjárnámshafa.

II.

Haldsréttarkrafa sú, sem lýst var við nauðungarsölu bifreiðarinnar Í-4402 30. nóvember 1990, er sögð byggð á geymslu bifreiðarinnar hjá varnaraðilanum Bifreiðastöð Þórðar Þ. Þórðarsonar frá 15. nóvember 1988 til uppboðsdags. Í málinu nýtur engra annarra gagna en ófullkominnar reikningsgerðar vegna þessarar geymslu, og ekkert liggur fyrir um það, hvernig til hennar var stofnað. Er krafan því mjög vanreifuð. Þrjú eldri aðfararveð hvíldu á bifreiðinni, og er ljóst, að a. m. k. tveir veðhafanna, sem ekki áttu fulltrúa við uppboðið, vissu ekki af haldsréttarkröfunni. Verður og ekki séð af gögnum málsins, að þessum veðhöfum hafi verið tilkynnt um uppboðið, sbr. 3. mgr. 38. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð, sem þá voru í gildi. Álitamál hlaut að vera, hvernig með kröfu þessa skyldi fara, og líkur á, að ágreiningur yrði um réttmæti hennar gagnvart öðrum veðkröfum, ef eigendum þeirra hefði gefist kostur

á að taka afstöðu til hennar. Bar, eins og hér stóð á, brýna nauðsyn til, að uppboðshaldari gerði veðhöfum grein fyrir hugmyndum sínum um úthlutun uppboðsandvirðis. Þar sem þessa var ekki gætt, er óhjákvæmilegt að fella áðurgreint uppboðsafsal og úthlutunargerð úr gildi.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Felld eru úr gildi uppboðsafsal uppboðshaldarans á Akranesi og úthlutun hans á uppboðsandvirði bifreiðarinnar Í-4402 frá 18. janúar 1991.

Fimmtudaginn 10. september 1992.

Nr. 331/1992. **Bæjarsjóður Ísafjarðar**

gegn

þrotabúi Kristínar Hálfdánardóttur og Gunnars Þórðarsonar og einkafyrirtækis þeirra, Ísvers, Ísafirði.

Kærumál. Gjaldþrotaskipti. Forgangskrafa. Lögveð. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson og Guðmundur Skaftason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 2. mgr. 191. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. með kæru 27. júlí 1992, sem barst Hæstarétti 13. ágúst sama ár. Hann krefst þess, að aukavatnsskattur samkvæmt lið III 2 í kröfuskrá í þrotabúinu verði samþykktur sem lögveðskrafa með forgang fyrir veðkröfum í fasteigninni Sindragötu 1 á Ísafirði. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í 1. mgr. 8. gr. þágildandi laga nr. 93/1947 um aðstoð til vatnsveitna segir: „Til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna skal sveitarstjórn heimilt, ef vatn er eigi selt eftir mæli, að heimta vatnsskatt af öllum húseignum, er vatnsins njóta. Vatnsskatt skal miða við fasteignamatsverð húseigna, ...“ Í 5. mgr. sömu greinar er sagt: „Vatnsskatt skal ákveða í reglugerð. Vatnsskatt má taka lögtaki. Í reglugerð má ákveða, að hann skuli tryggður með lögveðsrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgöngurétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.“ Ákvæði þessi, að því er varðar lögveðsréttinn, þykir eigi mega skýra rýmra en í þeim segir berum orðum, en af þeim er ekki nægilega ljóst, að lögveðsrétturinn nái til vatns, sem selt er eftir mæli.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, 30.000 krónur, og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Í þinghaldi 18. mars 1992 var rætt um að reka sérstakt skiptaréttarmál um ágreining þann, sem kærumál þetta fjallar um, en eigi verður séð, að formleg ákvörðun hafi verið um það tekin. Endurrit úr skiptabók leiða í ljós nokkra aðra hnökra á málsmeðferð í skiptarétti. Hið sérstaka skiptaréttarmál er ekki aðgreint frá aðalmálinu með því að gefa því númer og tilgreina aðila þess. Fjárhæðar þeirrar, sem krafist er, er ekki getið. Eigi kemur fram, að sátta hafi verið leitað í málinu. Málið var skriflega flutt, án þess að séð verði, að formleg ákvörðun væri tekin um það. Samkvæmt þessu hefur verið farið nokkuð á svig við réttarfarsreglur við málsmeðferð í héraði, sbr. 109. gr., 110. gr. og 193. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 135. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Ber að átelja þetta.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

Sóknaraðili, bæjarsjóður Ísafjarðar, greiði varnaraðila, þrotabúi Kristínar Hálfdánardóttur og Gunnars Þórðarsonar og einkafyrirtækis þeirra, Ísvers, 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður skiptaréttar Ísafjarðar 30. júní 1992.

Mál þetta er þannig til komið, að í skiptamálinu neitaði skiptastjóri að taka til greina kröfu bæjarsjóðs Ísafjarðar um, að aukavatnsskattur, sem Ísver, kt. 690684-0129, skuldaði, skyldi teljast forgangskrafa.

Að loknum skriflegum málflutningi 25. maí 1992 var málið tekið til flutnings. Hvað þennan þátt skiptamálsins varðar, er bæjarsjóður Ísafjarðar sóknaraðili og þrotabúið varnaraðili.

Sóknaraðili krefst þess, að aukavatnsskattur, sem hann krafðist að fá greiddan úr þrotabúinu, skuli samþykktur sem lögveðskrafa með forgang á veðkröfur í fasteigninni Sindragötu 1, Ísafirði. Einnig krefst hann málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Varnaraðili gerir þær kröfur, að hafnað verði dómkröfum sóknaraðila um, að vatnsskatturinn umdeildi verði samþykktur sem lögveðskrafa með forgang á veðkröfur í fasteigninni Sindragötu 1, Ísafirði. Hann krefst málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Málavextir.

Málavextir eru þeir í stuttu máli, að 25. október 1991 voru varnaraðilar úrskurðaðir gjaldþrota af skiptaráðandanum á Ísafirði.

Varnaraðilar, þau hjónin Gunnar Þórðarson og Kristín Hálfdánardóttir, ráku rækjuverksmiðjuna Ísver að Sindragötu 1, Ísafirði, og var hún því meðal eigna þrotabúanna.

Tryggvi Guðmundsson hdl. lýsti með bréfi, dagsettu 3. desember 1991, kröfu í þrotabú varnaraðila f. h. sóknaraðila, að fjárhæð samtals 2.916.758 kr., vegna ógreidds aukavatnsskatts fyrir 4. ársfjórðung 1989, allt árið 1990 og 1.-3. ársfjórðung 1991. Leit lögmaðurinn jafnframt svo á samkvæmt bréfi hans, að krafan væri lögveðskrafa. Þessari skoðun sóknaraðila var hafnað af hálfu skiptastjóra þrotabúanna, sbr. kröfuskrá á dskj. nr. 4, en jafnframt samþykkt, að krafan kæmist að sem almenn krafa.

Þar sem ekki náðist samkomulag milli sóknaraðila og varnaraðila, var ákveðið að reka sérstakt skiptaréttarmál um ágreining þennan.

— — —

Niðurstaða.

Í málinu er deilt um það, hvort svokölluðum aukavatnsskatti fylgi lögveð í þeirri eign, þar sem vatnsnotkun fer fram, eða ekki.

Í 5. mgr. 8. gr. laga nr. 93/1947 er afdráttarlaust kveðið upp úr með það, að vatnsskattur nýtur lögveðs í eign. Í Alþingistíðindum 1946 er ekki að finna, hvorki í frumvarpi, athugasemdum við það né í umræðum, neina vísbendingu um það, hvort lögveð í eign skuli bundið við þann hluta endurgjalds fyrir vatnsnotkun, sem 1. mgr. 8. gr. tekur til, eður eigi. Þar er endurgjaldið ákvarðað sem viðmiðun fasteignamatsverðs húseigna og heimilt að setja lágmark, hvort tveggja án tillits til vatnsnotkunar.

Í 2. mgr. 8. gr. laga nr. 93/1947 er kveðið á um heimild til sölu vatns samkvæmt gjaldskrá, er ráðherra staðfestir. Í lok málsgreinarinnar er heimild til gjaldtöku, að nokkru með vatnsskatti og að nokkru samkvæmt vatnsmæli, eftir reglum, sem ráðherra setur. Í 3. málsgrein 8. greinar er rætt um sérstakt aukagjald, sem leggja megi á verksmiðjur, baðhús, iðnaðarfyrirtæki og önnur atvinnufyrirtæki og aðra, er nota vatn til annars en heimilisþarfa, svo og þá, er hafa vatnshana utan húss.

Í 13. gr. reglugerðar nr. 218/1972 er fjallað um vatnsskatt og tilgreint, að skatturinn miðist við ákveðinn hundraðshluta af fasteignamatsverði húseignar, sbr. 1. málsgrein. Í 4. mgr. er talað um aukavatnsskatt, án þess að hugtakið sé skýrt nánar. Í 5. mgr. kemur fram sú aðalregla, að aukavatnsskattur skuli greiddur samkvæmt mældri notkun, og í 6. mgr., að sé það ekki gert, skuli vatnsveitan áætla vatnsmagn.

Í 14. gr. reglugerðarinnar er fjallað um gjalddaga og greiðslur. Þar er gerður skýr greinarmunur á vatnsskatti og aukavatnsskatti.

Í 3. mgr. 14. gr. er tiltekið sérstaklega, að vatnsskatt megi taka lögtaki, en samsvarandi ákvæði er ekki um aukavatnsskatt.

Með lögveði er rétthafa tryggður sérstaklega forgangur til innheimtu krafna sinna. Réttur hans í þessu tilviki gengur fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði samkvæmt 5. mgr. 8. gr. laga nr. 93/1947. Þá kröfu verður því að gera, að réttarheimildin sé skýr. Ljóst er, að löggjafinn notar ekki hugtakið aukavatnsskattur, enda gert ráð fyrir því, að þá sé miðað við notkun samkvæmt mæli. Í reglugerðinni er, sem fyrr segir, gert ráð fyrir mælingu á notkun eða ákvörðun vatnsveitu, þegar um aukavatnsskatt er að ræða.

Samkvæmt framansögðu verður því að telja, að aukavatnsskattur sé ekki tryggður með lögveðsrétti í eigninni, sem vatnsnotkun fer fram í. Ber því að synja kröfu sóknaraðila, bæjarsjóðs Ísafjarðar.

Málskostnaður fellur niður.

Ólafur Helgi Kjartansson bæjarfógeti kvað upp úrskurð þennan, og hefur uppkvaðning dregist vegna mikilla embættisanna vegna undirbúnings aðskilnaðar dómsvalds og framkvæmdavalds 1. júlí 1992.

Úrskurðarorð:

Synjað er kröfu bæjarsjóðs Ísafjarðar um, að aukavatnsskattur samkvæmt lið III 2 í kröfuskrá skiptastjóra verði samþykktur sem lögveðskrafa með forgang á veðkröfur í fasteigninni Sindragötu 1 á Ísafirði.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 10. september 1992.

Nr. 408/1989. **Jóhanna Tryggvadóttir**
f.h. Heilsuræktarinnar
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík.

Kærumál. Nauðungaruppboð. Fasteignagjöld. Lögveð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Garðar Gíslason og Guðmundur Skaftason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu upphaflega til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu, út gefinni 20. október 1989. Málið sætir nú kærumeðferð samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu, og hafa aðilar skilað í því sókn og vörn.

Sóknaraðili krefst þess, að felldur verði úr gildi úrskurður uppboðsréttar Reykjavíkur frá 26. september 1989, að fram fari önnur og síðari sala á fasteigninni Álfheimum 74, Reykjavík, talinni eign sóknaraðila, til lúkningar skuld á fasteignagjöldum, samtals að höfuðstól 382.663 krónur. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst aðallega staðfestingar hins kærða úrskurðar, en til vara, að hann verði staðfestur, að því er varðar ákvörðun um aðra og síðari sölu á fasteigninni Álfheimum 74, Reykjavík, eign kæranda, og þá til lúkningar höfuðstól, að fjárhæð 131.731 krónu, „ásamt dráttarvöxtum eins og dæmdir voru í hinum kærða úrskurði". Hann krefst í báðum tilvikum kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Uppboðskröfur vegna fasteignagjalda áranna 1987 og 1988 styðjast við lög nr. 49/1951 um sölu lögveða án undangengins lögtaks. Sóknaraðili átti þess kost að láta reyna á lögmæti úrskurðar yfirfasteignamatsnefndar í bæjarþingsmáli, en kaus ekki að fara þá leið, heldur láta uppboðsréttinum eftir að meta gildi hans. Verður nú við svo búið að sitja.

Meðal uppboðskrafna, sem styðjast við lög nr. 49/1951, er söluskattur á árunum 1987 og 1988, 4.820 krónur, samkvæmt lögum nr. 10/1960 og brunavarnargjald 1988, 767 krónur, samkvæmt lögum nr. 74/1982. Í tilgreindum lögum er ekki að finna lögveðsheimild.

Aukavatnsskattur fyrir árin 1987 og 1988 nemur 43.177 krónum, en hér mun vera um að ræða skatt af vatnssölu eftir mæli. Í 1. mgr. 8. gr. þágildandi laga nr. 93/1947 um aðstoð til vatnsveitna segir: „Til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna skal sveitarstjórn heimilt, ef vatn er eigi selt eftir mæli, að heimta vatnsskatt af öllum húseignum, er vatnsins njóta. Vatnsskatt skal miða við fasteignamatsverð húseigna, ...“ Í 5. mgr. sömu greinar er sagt: „Vatnsskatt skal ákveða í reglugerð. Vatnsskatt má taka lögtaki. Í reglugerð má ákveða, að hann skuli tryggður með lögveðsrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgöngurétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.“ Ákvæði þessi, að því er varðar lögveðsréttinn, þykir eigi mega skýra rýmra en í þeim segir berum orðum, en af þeim er ekki nægilega ljóst, að lögveðsrétturinn nái til vatns, sem selt er eftir mæli.

Samkvæmt framansögðu nemur höfuðstóll fasteignagjaldanna 333.699 krónum, sem gild uppboðsheimild er fyrir. Verður hinn kærði úrskurður staðfestur með þessari breytingu.

Það athugast, að í hinum kærða úrskurði er ekki lagður dómur á vaxtakröfur varnaraðila, en málinu var ekki gagnáfrýjað af hans hálfu.

Sóknaraðili greiði varnaraðila 40.000 krónur í kærumálskostnað, og er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Krafa varnaraðila, Gjaldheimtunnar í Reykjavík, að fram fari önnur og síðari sala á eignarhluta sóknaraðila, Heilsuræktarinnar, í fasteigninni nr. 74 við Álfheima í Reykjavík til lúkningar skuld á fasteignagjöldum, samtals að höfuðstól 333.699 krónur, er tekin til greina.

Sóknaraðili greiði varnaraðila 40.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður uppboðsréttar Reykjavíkur 26. september 1989.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 19. þ. m.

Sóknaraðili er Gjaldheimtan í Reykjavík, Tryggvagötu 21, Reykjavík, kennit. 570169-0849.

Varnaraðili er Heilsuræktin, Álfheimum 74, Reykjavík, kennit. 600169-5729.

Krafa sóknaraðila er, að fram fari nauðungaruppboð á eignarhluta varnaraðila í húseigninni Álfheimum 74, Reykjavík, aðallega til lúkningar fasteignagjöldum, á lögðum 1986, 1987 og 1988, samtals að höfuðstól 382.463 kr., en til vara til lúkningar fasteignagjöldum fyrir sama tímabil að frádregnum fasteignaskatti, að höfuðstól 131.731 kr. Í báðum tilvikum er gerð krafa um dráttarvexti, á fallna og áfallandi, frá gjalddaga hverrar kröfu til greiðsludags, reiknaða í samræmi við reglur, sem á hverjum tíma gilda um dráttarvexti af fasteignagjöldum. Þá gerir sóknaraðili kröfu um málskostnað úr hendi varnaraðila í máli þessu samkvæmt mati dómsins.

Af hálfu varnaraðila er þess krafist, að synjað verði um framgang uppboðsins, auk þess sem gerð er krafa um málskostnað til varnaraðila úr hendi sóknaraðila eftir mati uppboðsréttar.

II.

Með uppboðsbeiðnum, dags. 17. júlí og 9. desember 1987, krafðist sóknaraðili uppboðs á eignarhluta varnaraðila í húseigninni nr. 74 við Álfheima í Reykjavík. Uppboðsins var krafist á grundvelli tveggja lögtaksgerða, dags. 6. nóvember 1987, til tryggingar fasteigna- og brunabótagjöldum fyrir árið 1986, og áskorunar um greiðslu fasteignagjalda fyrir árið 1987, dags. 10. júní 1987. Með uppboðsbeiðni, dags. 21. júlí 1988, krafðist sóknaraðili uppboðs á sömu eign til lúkningar ógreiddum fasteignagjöldum 1988, og byggðist hún einnig á áskorun um greiðslu fasteignagjalda, dags. 9. júlí 1988.

Sóknaraðili gekk inn í uppboð, er þegar hafði verið beðið um í eigninni. Önnur og síðari sala eignarinnar var fyrirhuguð 26. september 1989.

Með bréfi, dags. 23. maí 1989, var af hálfu varnaraðila mótmælt uppboðskröfu Gjaldheimtunnar í Reykjavík. Mótmæli þessi voru tekin fyrir af uppboðshaldara 30. maí sl., og voru þau þá ítrekuð. Ákveðið var að reka um ágreininginn uppboðsréttarmál þetta, þar sem Gjaldheimtan í Reykjavík væri sóknaraðili.

Aðdragandi ágreinings þessa er sá, að á árunum 1986 til og með árinu 1988 var fasteignaskattur meðal þeirra fasteignagjalda, er lögð voru á varnaraðila vegna húseignarinnar nr. 74 við Álfheima. Varnaraðili hefur mótmælt greiðsluskyldu sinni á þeim skatti.

Með bréfi, dags. 5. maí 1988, til yfirfasteignamatsnefndar óskaði frú Jóhanna Tryggvadóttir, stjórnarformaður varnaraðila, eftir úrskurði nefndarinnar um niðurfellingu fasteignagjalda vegna umræddrar eignar.

Krafa varnaraðila byggðist á því, að hann fullnægði skilyrðum 5. gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofn sveitarfélaga, þar sem fjallað er um undanþágu greiðslu fasteignaskatts, m. a. fyrir endurhæfingarstöðvar.

Yfirfasteignamatsnefnd kvað upp úrskurð sinn 19. apríl 1989. Í úrskurði nefndarinnar kemur fram, að fyrir henni liggi m. a. leyfisbréf heilbrigðis- og tryggingaráðuneytisins, dags. 10. nóvember 1987, til varnaraðila, en þar segir: „Í samræmi við umsögn og meðmæli landlæknis heimilar ráðuneytið hér með starfrækslu þjálfunar- og endurhæfingardeildar í húsakynnum Heilsuræktarinnar að Álfheimum 74, Reykjavík. Leyfi þetta er bundið því skilyrði, að við meðferð sjúklinga starfi sjúkraþjálfari með starfsréttindi og að öll meðferð sé eftir fyrirmælum læknis, sem stofnunin ræður til starfa við deildina."

Yfirfasteignamatsnefnd kannaði, hvernig framangreindum skilyrðum ráðuneytisins hefði verið fullnægt, og taldi ljóst, að þeim hefði verið fullnægt frá og með 29. nóvember 1985.

Í úrskurði nefndarinnar segir síðan: „Á meðal þeirra fasteigna, sem undanþegnar eru fasteignaskatti skv. 5. gr. l. 73/1980 og 6. gr. rg. 320/1972, eru endurhæfingarstöðvar. Undanþágan er þó bundin þessum skilyrðum:

1) að húsnæðið sé í eigu þess aðila, sem tilgreinda starfsemi annast,

2) að ekki sé um rekstur í ágóðaskyni að ræða,

3) undanþágan nái ekki til húsnæðis, sem notað er til atvinnurekstrar (o. fl. upp talið). Tekið skal þó fram, að leggja má fasteignaskattinn á hlutfallslega miðað við afnot, ef húsnæðið er bæði notað til atvinnurekstrar og starfsemi, sem undanþegin er fasteignaskatti ....."

Í úrskurði yfirfasteignamatsnefndar er gerð grein fyrir mati nefndarinnar á því, hvort skilyrðum þessum hafi verið fullnægt, m. a. með athugun á bókhaldi varnaraðila. Um það atriði segir í úrskurði nefndarinnar, að bókhald virðist ekki hafa verið fært með eðlilegum hætti í nokkur ár. Þegar rekstrarreikningar varnaraðila fyrir árin 1986 og 1987 hafi borist nefndinni í janúar 1989, hafi þeir borið með sér, að starfsemin hafi verið smá í sniðum. Þá segir í niðurlagi úrskurðarins: „Ætla verður, að tilgangur löggjafans með undanþágu frá fasteignaskatti hafi verið sá, að aðeins eðlilega reknar stofnanir nytu fullrar undanþágu, þegar litið er yfir nokkur ár. Því er óhjákvæmilegt, að ótraust bókhald og upplýsingar um slaka nýtingu húsnæðis í allmörg ár hafi veruleg áhrif á niðurstöðu þessa úrskurðar. Heimildarákvæðið til undanþágu frá fasteignaskatti í lögum nr. 73/1980 ber samkvæmt eðli málsins að túlka þröngt. Það er skoðun yfirfasteignamatsnefndar, að með endurhæfingu sé í lögum þessum einkum átt við einstaklingsbundna meðferð sjúklinga með skaddað hreyfikerfi af völdum slysa eða sjúkdóma. Af leyfisbréfi ráðherra svo og öðrum þeim gögnum,

sem frammi liggja í máli þessu, þykir mega ráða, að starfsemi Heilsuræktarinnar í Glæsibæ falli að hluta til undir þá þröngu túlkun laganna. Með hliðsjón af gögnum málsins og því, sem hér hefur verið rakið, fellst nefndin á, að Heilsuræktin í Glæsibæ njóti undanþágu frá fasteignaskatti að 1/3 frá þeim tíma, er áður tilvitnuðum skilyrðum í leyfisbréfi heilbrigðis- og tryggingaráðuneytisins telst vera fullnægt."

Í úrskurðarorði nefndarinnar var varnaraðila síðan gert að greiða 2/3 hluta fasteignaskatts af fasteign sinni í Álfheimum 74, Reykjavík, fyrir árin 1986, 1987 og 1988.

Af hálfu sóknaraðila er á því byggt, að fasteignaskattur af húseign varnaraðila hafi verið lækkaður í samræmi við úrskurð yfirfasteignamatsnefndar og á fallnir dráttarvextir lækkaðir í réttum hlutföllum. Borgarstjórn hafi að sínu leyti fallist á þessa niðurstöðu yfirfasteignamatsnefndar, og sé uppboðskrafan nú einvörðungu miðuð við eftirstöðvar á lagðra fasteignaskatta auk annarra fasteignagjalda, sem uppboðsbeiðnir taki einnig til og ekki vitað til, að ágreiningur sé um. Af hálfu sóknaraðila er vísað til röksemda, sem fram koma í úrskurði yfirfasteignamatsnefndar til stuðnings kröfugerð hans. Sóknaraðili vísar til 43. gr. laga nr. 73/1980, sbr. 3. gr. laga nr. 95/1982, III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989, vaxtakröfu sinni til stuðnings.

Af hálfu varnaraðila er á því byggt, að varnaraðili sé sjálfseignarstofnun, sem ekki sé rekin í ágóðaskyni og starfræki endurhæfingarstöð fyrir fatlaða og aldraða í eigin húsnæði að Álfheimum 74, Reykjavík. Stofnunin hafi tilskilin leyfi til starfrækslu sjúkraþjálfunar- og endurhæfingarstöðvar og fullnægi þeim skilyrðum, sem í leyfunum eru sett um þá starfsemi.

Kröfur varnaraðila séu á því byggðar, að húseign varnaraðila eigi að vera undanþegin fasteignaskatti samkvæmt skýlausum ákvæðum þeirra laga. Eignin sé helguð starfrækslu endurhæfingarstöðvar í merkingu 5. gr. laganna og því undanþegin skattinum.

Í úrskurði yfirfasteignamatsnefndar frá 19. apríl sl. sé viðurkennt fullum fetum með vísan til starfsleyfa stofnunarinnar og annarra aðstæðna, að varnaraðili starfræki endurhæfingarstöð, sem fullnægi settum skilyrðum, og eigi þannig rétt á undanþágu frá fasteignaskatti. Hins vegar sé sú niðurstaða nefndarinnar, að undanþágan skuli einungis ná til 1/3 hluta af fasteignaskatti umdeildra ára, bersýnilega röng og á misskilningi byggð, bæði um lagatúlkun og málsatvik. Varnaraðili mótmælir því, að sér beri að svara 2/3 af skattinum. Þá byggir varnaraðili á því, að uppboðsrétturinn sé óbundinn af þessum úrskurði við úrlausn málsins.

Sannleikurinn sé sá, að umrætt húsnæði varnaraðila hafi verið helgað starfsemi á sviði endurhæfingar allan þann tíma, sem hér skiptir máli, og ekki notað til annarrar atvinnustarfsemi. Í ljósi þess sé það röng og óleyfi-

leg forsenda í úrskurðinum, að möguleikar hafi verið á annarri notkun húsnæðisins. Starfsemi stofnunarinnar hafi meðal annars beinst að endurhæfingunni einni, vegna þess að hún hafði ekki stærra húsnæði. Hið sama gildir um þá staðhæfingu, að starfsemin hafi verið „smá í sniðum", þar sem það atriði sé tengt utanaðkomandi aðstæðum og fjárhagslegum stakki stofnunarinnar á þessum tíma, en ekki innra tilgangi og eðli starfseminnar. Á hinn bóginn beri að viðurkenna, að skýrt bókhaldsuppgjör um starfsemina hafi ekki legið fyrir í upphafi málsmeðferðar hjá nefndinni, en úr því hafi verið bætt, meðan á málinu stóð, og felist ekki nein réttlæting á niðurstöðunni í þeirri vöntun. Þvert á móti verði sú forsenda hjáróma, þegar litið sé til þess mikla stuðnings, sem forstöðumaður stofnunarinnar hefur veitt henni með framlögum á vinnu og fé á undanförnum árum, og hafi nefndinni láðst að taka tillit til þess við mat sitt á rekstrinum. Þá virðist nefndin hafa beitt óeðlilega þröngri túlkun á hugtakinu „endurhæfing" í úrskurði sínum, þar sem hugtakið taki m. a. ekki einungis til læknisfræðilegrar endurhæfingar, heldur felist einnig í því félagslegir og menntunartengdir þættir. Nefndin hafi lagt ofurþunga sönnunarbyrði á varnaraðila í umræddu kærumáli og þá sumpart vegna fremur einstrengingslegrar afstöðu af hálfu Reykjavíkurborgar.

III.

Sóknaraðili krefst uppboðs á fasteign varnaraðila vegna vangoldinna fasteignagjalda ársins 1986 á grundvelli lögtaka, er fram fóru 6. nóvember 1987. Þessum uppboðsheimildum hefur ekki verið hnekkt og eru hér ekki til endurskoðunar.

Uppboðsheimildir sóknaraðila fyrir fasteignagjöldum áranna 1987 og 1988 byggjast á áskorun um greiðslu fasteignagjalda, sbr. heimild í 1. gr. laga nr. 49/1951 um sölu lögveðs án undanfarins lögtaks. Uppboðsheimildir sóknaraðila eru þó allar reistar á úrskurði yfirfasteignamatsnefndar frá 19. apríl sl., en réttmæti þess úrskurðar er dregið í efa af varnaraðila. Um þann úrskurð var ekki fjallað í fógetarétti 6. nóvember 1987, og verður að telja, að uppboðsréttur hafi innan vissra marka um hann úrskurðarvald.

Skilja verður málatilbúnað varnaraðila svo, að einvörðungu sé mótmælt framgangi uppboðs á fasteigninni Álfheimum 74 vegna kröfu sóknaraðila um fasteignaskatt af eigninni. Þá málsástæðu sína reisir varnaraðili á ákvæði 5. gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga, sem undanþiggur m. a. endurhæfingarstöðvar greiðslu slíks skatts. Telur varnaraðili starfsemi þá, er fram fer á vegum varnaraðila í húsnæði hans, heyra undir skilgreiningu þessa lagaákvæðis, og sé því skattlagning sú, er sóknaraðili reisir uppboðskröfu sína á, ekki í samræmi við lög um fasteignaskatt.

Álagning fasteignaskatts, sem er hluti svonefndra fasteignagjalda, á sér

stoð í 3. gr. laga nr. 73/1980, en þar segir, að á allar fasteignir, sem metnar séu í fasteignamati, sbr. þó 5. gr., skuli árlega leggja skatt til sveitarfélags, þar sem fasteign er. Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laganna annast sveitarstjórn álagningu og innheimtu skattsins.

Í 3. mgr. 4. gr. laganna segir, að verði ágreiningur um gjaldskyldu eða gjaldstofn, skeri yfirfasteignamatsnefnd ríkisins úr. Úrskurður nefndarinnar er fullnaðarúrskurður, sbr. 3. mgr. 24. gr. laga nr. 94/1976. Honum má þó skjóta til dómstóla skv. beinni heimild í niðurlagi 3. mgr. 4. gr. l. 73/1980. Varnaraðili rekur nú ágreining um úrskurð yfirfasteignamatsnefndar fyrir uppboðsrétti og telur úrskurðinn bersýnilega rangan og á misskilningi byggðan, bæði um lagatúlkun og málsatvik.

Úrskurð sinn reisir yfirfasteignamatsnefnd á túlkun 5. gr. laga nr. 73/1980, sbr. reglugerð um fasteignaskatt nr. 320/1972.

Af hálfu uppboðsréttar er ekki fallist á, að yfirfasteignamatsnefnd beiti ólögmætum sjónarmiðum við túlkun á lagaatriðum í úrskurði sínum.

Úrskurður yfirfasteignamatsnefndar byggist öðrum þræði á mati nefndarinnar á staðreyndum.

Það er ekki hlutverk uppboðsréttar að endurskoða þetta mat yfirfasteignamatsnefndar, enda ekki séð, að það sé bersýnilega rangt. Leiðir þetta af þeirri aðalreglu um málsmeðferð fyrir uppboðsrétti, að henni ber að hraða, og gagnaöflun verður þar ekki leyfð nema að takmörkuðu leyti.

Af hálfu varnaraðila er ekki gerður ágreiningur í máli þessu á útreikningum og sundurliðun sóknaraðila á uppboðskröfunni. Þá er ekki gerður ágreiningur um réttarfarsatriði né um uppboðsbeiðnirnar. Þar sem krafa sóknaraðila telst að öðru leyti fullnægja skilyrðum laga til að teljast traustur uppboðsgrundvöllur, skal hið umbeðna nauðungaruppboð fara fram.

Rétt þykir, að varnaraðili greiði sóknaraðila málskostnað, sem þykir hæfilegur 30.000 krónur.

Valtýr Sigurðsson borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Krafa sóknaraðila, Gjaldheimtunnar í Reykjavík, að fram fari önnur og síðari sala á fasteigninni Álfheimum 74, Reykjavík, eign varnaraðila, Heilsuræktarinnar, Álfheimum 74, til lúkningar skuld á fasteignagjöldum, samtals að höfuðstól 382.663 kr., er tekin til greina.

Varnaraðili greiði sóknaraðila 30.000 kr. í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðarins að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 11. september 1992.

Nr. 476/1991. **Sigrún Edda Gunnarsdóttir**
gegn
Ara Ísberg f. h.
Elsu M. Tómasdóttur,
Guðbjargar Tómasdóttur og
Karenar Tómasdóttur.

Kærumál. Nauðungaruppboð. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Garðar Gíslason og Guðmundur Skaftason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu upphaflega til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu, út gefinni 26. nóvember 1991. Málið sætir nú kærumeðferð samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu, og hafa aðilar skilað í því sókn og vörn.

Sóknaraðili krefst þess, „að synjað verði um hið umbeðna uppboð" og sér verði dæmdur málskostnaður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar ásamt sýknu af öllum kröfum sóknaraðila fyrir Hæstarétti auk kærumálskostnaðar.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar er hann staðfestur.

Sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, 50.000 krónur, og er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Árétta ber aðfinnslur héraðsdómara í forsendum hins kærða úrskurðar.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Sigrún Edda Gunnarsdóttir, greiði varnaraðila, Ara Ísberg f. h. Elsu M. Tómasdóttur, Guðbjargar Tómasdóttur og Karenar Tómasdóttur, 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður uppboðsréttar Garðabæjar 4. október 1990.

I.

Mál þetta var þingfest 28. september sl. Munnlegur málflutningur fór fram 1. október sl., og að honum loknum var málið tekið til úrskurðar.

Sóknaraðili krefst þess, að fyrirhugað þriðja og síðasta nauðungaruppboð á fasteigninni Blikanesi 13, Garðabæ, nái ekki fram að ganga og sér verði úrskurðaður málskostnaður skv. gjaldskrá LMFÍ.

Varnaraðili krefst þess, að fram komin mótmæli verði ekki tekin til greina og fyrirhugaðri nauðungarsölu á fasteigninni verði fram haldið. Hann krefst einnig málskostnaðar auk lögmælts virðisaukaskatts.

II.

Fimmtudaginn 27. september sl. skyldi fara fram þriðja og síðasta nauðungaruppboð á fasteigninni Blikanesi 13, Garðabæ, þinglýstri eign sóknaraðila. Þar var þá mættur Steingrímur Þormóðsson hdl. f. h. uppboðsþola og lagði fram eftirfarandi skrifleg mótmæli gegn uppboðinu:

„Efni: Mótmæli við uppboði á Blikanesi 13, Garðabæ.

Hér með vil ég fyrir hönd uppboðsþola mótmæla þeirri uppboðsheimild, sem byggist á veðskuldabréfi, út gefnu 28. des. 1984 af Sigrúnu Gunnarsdóttur, að nafnverði 1.666.666,67 kr., á 1. veðrétti eignarinnar.

Mótmælin byggjast á því, að skuldabréfið beri ekki rétta grunnvísitölu, þ. e. þá vísitölu, sem í gildi var, þegar bréfið var út gefið, eins og vera ber skv. Ólafslögum 13/1979. Einnig er byggt á því sjálfstætt, að Sigrún Gunnarsdóttir hafi aldrei fengið tilkynningu um, að uppboð þetta væri fyrirhugað.

Varðandi mótmæli þessi er vísað til 2. mgr. 14. gr. nul."

III.

Tildrög þessa máls eru þau, að Gjaldheimtan í Garðabæ sendi uppboðshaldaranum í Garðabæ beiðni um nauðungaruppboð á fasteigninni Blikanesi 13, dags. 20. ágúst 1987. Síðar bárust uppboðshaldara fleiri uppboðsbeiðnir, frá 5 aðilum auk Gjaldheimtunnar í Garðabæ. Uppboðið var auglýst í 122., 127. og 129. tbl. Lögbirtingablaðs 1987. Þingfest var málið 11. des. sama ár. Var þá ákveðið fyrra uppboð 25. mars 1988, og fór það fram þá og annað og síðara uppboð ákveðið 27. júní 1988. Öðru og síðara uppboði var síðan frestað mjög oft, 11 sinnum. Fór það fram 4. september 1990, og var þá ákveðið, að þriðja og síðasta uppboð færi fram 27. september sl.

Hinn 29. desember 1989 beiddist varnaraðili þessa máls nauðungaruppboðs á fasteigninni Blikanesi 13 með þremur uppboðsbeiðnum. Uppboðheimildirnar eru þrjú veðskuldabréf, öll út gefin 28. desember 1984, hvert

að höfuðstól 1.666.666,67 kr. Bréfin voru upphaflega með veði í Víðimýri, hluta úr Úlfarsárlandi, Mosfellshreppi, Kjósarsýslu, en með þremur veðflutningssamningum, dags. 12. febr. 1986, var veðið flutt yfir á fasteignina Blikanes 13. Skuldabréfunum var þinglýst, móttekin til þinglýsingar 21. jan. 1985, og veðflutningssamningunum einnig, mótteknir til þinglýsingar 10. febr. 1987.

IV.

Verða nú raktar málsástæður sóknaraðila og lagarök, sem verða ekki við þær skilin:

Við þingfestingu máls þessa féll sóknaraðili frá einni hinna þriggja málsástæðna, sem tilgreindar voru í mótmælum hans á uppboðsþinginu 27. sept., þeirri, að uppboðsþoli hefði aldrei fengið tilkynningar um, að uppboð væri fyrirhugað. Eftir standa þá tvær ástæður mótmælanna:

1. Veðskuldabréfin beri ekki rétta grunnvísitölu, þ. e. þá vísitölu, sem í gildi var , þegar bréfin voru út gefin, svo sem vera beri skv. 4. tl. a 1. mgr. 39. gr. laga nr. 13/1979.

2. Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. laga um nauðungaruppboð hafi varnaraðili ekki verið uppboðsbeiðandi fram á uppboðsþing 17. september sl. Við þingfestingu tók sóknaraðili fram, að hann héldi fast við þessa málsástæðu, þótt hún væri ekki nefnd í greinargerð hans.

Auk þess sem sóknaraðili byggir á tveimur þeirra málsástæðna, sem fram komu í mótmælunum á uppboðsþinginu 27. sept., ber hann í greinargerð fram fleiri málsástæður. Þær eru þessar:

3. Á skorti skv. texta skuldabréfanna, að um ótvíræða samninga sé að ræða. Sóknaraðili telur, að í fram lögðum skuldabréfum ,, hefði fyrst átt að vísa til 15. gr. lögtakslaga um aðför án dóms og síðan hefði átt að vísa til 1. gr. laga nr. 57/1949, sbr. 39. gr. 1. nr. 68/1984 og 3. gr. 1. nr. 18/1887. Í fram lögðu skuldabréfi er hins vegar hvergi vísað beint í 1. gr. laga nr. 57/1949. Þá er einnig vísað til laga um veð frá 4. nóv 1887."

4. Sóknaraðili ,,byggir á því sjálfstætt, að sá veðsamningur, sem í ,,skuldabréfunum" felist, sé ekki gildur, þar sem veðið skv. ,,skuldabréfunum" sé ekki nægilega tilgreint og að ekki hafi mátt veðsetja hlunnindi jarðar í heild og síðan einhvern lítinn hluta jarðarinnar með". Þá sé veðsamningurinn milli sóknaraðila og varnaraðila Guðbjargar Tómasdóttur ógildur, ,,þar sem engir vottar eru að dagsetningu, undirskrift og fjárræði veðþolans, eins og krafist er í þinglýsingalögum".

5. Þá byggir sóknaraðili á því ,,sjálfstætt, að eiginmaður veðþola hafi þurft að samþykkja veðsamninginn, til þess að hann öðlaðist gildi". Það hafi hann ekki gert.

6. Enn byggir sóknaraðili á því ,,sjálfstætt, að þótt kröfuréttindin séu

aðeins ógild að hluta, þá séu veðréttindin ógild í heild sinni, þar sem til stofnunar samningsveðs þurfi gilt loforð og ljóst þurfi að vera skv. tilgreiningarreglunni, hver sú fjárhæð sé, sem veðið á að tryggja".

7. Enn kveðst sóknaraðili byggja á því sjálfstætt, að sjálfstæður veðsamningur, aðskilinn frá veðskuldabréfinu, liggi til grundvallar 1. veðrétti í fasteigninni Blikanesi 13. Það fyrirkomulag fullnægi ekki þeim kröfum, sem 1. gr. laga um nauðungaruppboð geri til beinna uppboðsheimilda.

Í málflutningi sínum bar lögmaður sóknaraðila enn fram málsástæður:

8. Í uppboðsbeiðnum væri ekki tilgreint, hverjir væru uppboðsbeiðendur, og ekki væri heldur tilgreind þar fjárhæð uppboðskröfu, og því væru beiðnirnar ekki í samræmi við 6. gr. laga nr. 57/1949, sbr. 1. gr. l. nr. 12/1987.

9. Veðflutningsskjölin, sem fylgdu veðskuldabréfunum sem uppboðsheimildir, hafi ekki verið lögð fram í málinu í frumriti, og sé það eitt sér nægilegt, til að uppboð eigi ekki að ná fram að ganga.

V.

Þegar við þingfestingu máls þessa var því mótmælt af hálfu varnaraðila, að aðrar málsástæður fengju að komast að í máli þessu en þær, sem formlega voru hafðar uppi á uppboðsþinginu 27. september. Mótmælum þessum til stuðnings vísaði varnaraðili í málflutningi til 88. gr. laga nr. 85/1936.

Af hálfu sóknaraðila var því haldið fram í málflutningi, sbr. málsástæðu nr. 2 hér að framan, að varnaraðili hefði fyrst orðið uppboðsbeiðandi, þegar Gjaldheimtan í Garðabæ hefði afturkallað uppboðsbeiðnir sínar á uppboðsþinginu 27. sept. sl., sbr. 21. gr. nauðungaruppboðslaga. Þá hafi uppboðshaldara borið að meta beiðnir sínar skv. 13. gr. sömu laga. Því séu málsástæður í greinargerð sóknaraðila ekki of seint fram komnar.

Tilkynningar uppboðshaldara um uppboðsbeiðnir varnaraðila voru sendar sóknaraðila 9. janúar 1990. Eftir það er annað og síðara uppboð á Blikanesi 13 tekið fyrir fimm sinnum í uppboðsrétti Garðabæjar, 15. janúar, 12. mars, 19. mars, 29. maí og 4. september, en þá fer annað og síðara uppboð fram. Í tvö skipti af þessum fimm er mætt af hálfu sóknaraðila. Af hans hálfu hafa ekki verið bókaðar í uppboðsbók neinar athugasemdir né mótmæli gegn uppboði, hvorki um uppboðsbeiðnir né uppboðsheimildir. Hafði hann þó mjög ríflega fresti fram að þriðja og síðasta uppboði til að koma þeim að. Þegar sóknaraðili hafði lagt fram skrifleg mótmæli sín á uppboðsþingi 27. september, er málinu frestað til næsta dags til framlagningar greinargerða beggja aðila. Er ekki annað að sjá en gengið hafi verið út frá því, að þá væru fram komnar þær málsástæður, sem sóknaraðili ætlaði að byggja á og varnaraðili að verjast. Með vísan til framanritaðs og 113. gr. laga nr. 85/1936, sbr. til hliðsjónar d-lið 88.

greinar s. l., sbr. l. nr. 28/1981 og l. nr. 54/1988, sbr. 4. gr. l. nr. 57/1949, ber að taka mótmæli varnaraðila til greina.

Á það ber þó að líta, að í málsástæðum nr. 3, 8 og 9 hér að framan er vikið að atriðum, sem varða kunna ákvarðanir uppboðshaldara án kröfu, og verður því að þeim vikið sérstaklega í forsendum hér á eftir.

VI.

Verður nú nánar vikið að lagarökum aðila:

1. Sóknaraðili heldur því fram, að skuldabréfin þrjú séu ekki gildar uppboðsheimildir, því að grunnvísitala þeirra sér ekki rétt. Vísar hann í þessu sambandi til 4. tl. a í 1. mgr. 39. gr. laga nr. 13/1979, en þar segir: „Það eru skilyrði verðtryggingar samkvæmt lögum þessum: ....4. að grundvöllur verðtryggingar sé sem hér segir: a. miðað sé við opinbera skráða vísitölu eða vísitölur eins og þær eru reiknaðar á hverjum tíma.“ Sóknaraðili telur, að orðasambandið: „eins og þær eru reiknaðar á hverjum tíma“, beri að skilja svo, að grunnvísitala skuldabréfs skuli vera vísitala, sem er í gildi á útgáfudegi bréfsins. Þessu til stuðnings vitnar sóknaraðili til tilkynningar Seðlabanka Íslands til innlánsstofnana, dags. 8. apríl 1983, sbr. 2. mgr. fyrrnefndrar 39. gr., en þar segir um lán með verðtryggingu miðað við lánskjaravísitölu: „Grunnvísitala skal vera lánskjaravísitala sú, sem í gildi er, þegar lán er veitt.“ Telur sóknaraðili, að önnur túlkun á lagaákvæðinu gæti leitt til hringlandaháttar, svo að ekki væri ávallt ljóst, hver kröfuupphæð skuldabréfs væri.

Af hálfu varnaraðila er mótmælt þeim skilningi á 4. tl. a 39. gr. laga nr. 13/1979, að skylt sé að hafa í skuldabréfi þá grunnvísitölu, sem í gildi er á útgáfudegi bréfsins. Hann bendir á, að í greinargerð með frumvarpi til umræddra laga sé engin sérstök athugasemd um þennan tölulið og engin um 2. mgr. 39. gr. Hann heldur því fram, að tilkynning Seðlabanka Íslands til innlánsstofnana 8. apríl 1983 eigi eingöngu við um lánveitingar innlánsstofnana. Meginheimildin um það, hvernig beita skuli lánskjaravísitölu, sé hins vegar auglýsing Seðlabanka Íslands frá 29. maí 1979 um verðtryggingu lána utan innlánsstofnana, en einnig séu heimildir um þetta í auglýsingu bankans um lánskjaravísitölu skv. 39. gr. laga nr. 13/1979 frá 29. maí 1979 og frá 26. ágúst 1983. Varnaraðili vísar einkum til 2. tl. II. kafla fyrrnefndu auglýsingarinnar frá 29. maí 1979, en þar segi í a-lið það eitt, sem hér skipti máli: „ Höfuðstóll skuldabréfanna miðist við lánskjaravísitölu.“ Enn bendir varnaraðili á, að grunnvísitala bréfanna, sem hér er um deilt, sé hagstæðari sóknaraðila en vísitala útgáfudags. Varnaraðili telur enn fremur, að jafnvel þótt sóknaraðili hefði rétt fyrir sér um þessa málsástæðu, leiddi það ekki til þess, að skuldabréfin væru ónýtar uppboðsheimildir, heldur einungis til þess, að krafa varnaraðila í uppboðsandvirði yrði hærri en ella.

2. Greint er frá rökstuðningi sóknaraðila fyrir málsástæðu þessari hér að framan. Af hálfu varnaraðila er mótmælt þeirri túlkun á 2. mgr. 14. gr. og 21. gr. laga nr. 57/1949, sem þar kemur fram.

VII.

1. Fallast ber á rökstuðning varnaraðila fyrir því, að ákvæði skuldabréfanna þriggja, sem hér er um deilt, um grunnvísitölu fari ekki í bága við 4. tl. a 39. gr. laga nr. 13/1979. Orðasambandið: „eins og þær eru reiknaðar á hverjum tíma", verður ekki túlkað svo, að skylt sé að hafa í skuldabréfi þá grunnvísitölu, sem í gildi er á útgáfudegi þess. Verður ekki séð, að það sé andstætt lögum, að kröfuhafi og skuldari semji um, að grunnvísitala skuldabréfs sé hærri og þar með hagstæðari skuldara en sú, sem gilti á útgáfudegi, svo sem til háttar í þessu máli.

Þá ber einnig að fallast á þá skoðun varnaraðila, að skuldabréfin þrjú verði ekki ógild sem uppboðsheimildir, þótt skilningur sóknaraðila á 39. gr. laga nr. 13/1979 væri réttur. Af því leiddi einungis, að krafa varnaraðila í uppboðsandvirði yrði hærri en ella.

2. Samkvæmt ótvíræðu orðalagi 21. gr. laga nr. 57/1949 varð varnaraðili uppboðsbeiðandi, þegar Gjaldheimtan í Garðabæ afturkallaði uppboðsbeiðnir sínar á uppboðsþinginu 27. september sl.

Sú réttarframkvæmd hefur lengi tíðkast, að uppboðshaldari kannar uppboðsbeiðni og fylgigögn hennar, sbr. 13. gr. nauðungaruppboðslaga, svo fljótt sem verða má, eftir að hann veitir henni viðtöku. Ef hann telur henni ekki vera áfátt, sendir hann út skyldugar tilkynningar skv. 22. gr. sömu laga, sbr. 4. gr. laga nr. 12/1987, og er þar þess getið, hvenær næst verður þingað í uppboðsmálinu og að hin nýja beiðni verði þá tekin fyrir. Þessi tilhögun virðist í góðu samræmi við þær skyldur, sem nauðungaruppboðslögin leggja uppboðshaldara á herðar í þessum efnum.

VIII.

Verður nú fjallað sérstaklega um þær málsástæður sóknaraðila, sem tölusettar eru nr. 3, 8 og 9 hér að framan:

3. Í texta margnefndra þriggja skuldabréfa segir, að með tilteknum skilyrðum megi „ selja veðið á opinberu uppboði, sbr. 39. gr. laga nr. 68/1984 og lög um nauðungaruppboð nr. 57/1949, sbr. lög um veð frá 4. nóv. 1987, 3. gr. . . . " Þótt hér gæti ónákvæmni og ritvillu í tilvitnunum til lagaákvæða, getur það ekki orðið til að ógilda samningsákvæði bréfanna um heimild kröfuhafa til að láta bjóða veðið upp án undangengins dóms eða sáttar eða aðfarar.

8. Í fyrstu uppboðsbeiðninni af þremur, sem fram hafa verið lagðar í máli þessu, stendur: „Hjálagt sendi ég yður, hr. bæjarfógeti, myndrit af

veðskuldabréfi, útg. 28. 12. 1984 af Sigrúnu Eddu Gunnarsdóttur, kt. 240438-3489, Blikanesi 13, Garðabæ, til Guðbjargar Tómasdóttur, Grenimel 41, Reykjavík, að fjárhæð . . .“ Í myndriti veðskuldabréfsins, sem með fylgir, er skráð nafn Guðbjargar Tómasdóttur sem kröfuhafa. Hliðstæðar klausur standa í hinum tveimur uppboðsbeiðnunum, en kröfuhafar eru aðrir, og eru nöfn þeirra skráð sem kröfuhafar á skuldabréfin, sbr. meðfylgjandi myndrit. Uppboðsbeiðnirnar eru skráðar á eyðublöð, merkt Ara Ísberg hdl., og skrifar hann undir eigin hendi. Geta ber þess, að í einni uppboðsbeiðninni er heimili kröfuhafa, Elsu M. Tómasdóttur, sagt vera í Noregi, en í meðfylgjandi uppboðsheimild í myndriti er það nánar greint. Upplýsingar þær, sem í skjölum þessum koma fram, fullnægja kröfum, sem gerðar eru í 6. gr. nauðungaruppboðslaga, sbr. 1. gr. laga nr. 12/1987, enda nægja þær til, að uppboðshaldari gegni skyldu sinni skv. 3. mgr. 22. gr. s. l., sbr. 4. gr. laga nr. 12/1987.

9. Frumrit veðflutningssamninganna þriggja hafa ekki verið lögð fram í uppboðsmálinu. Hinn 29. maí 1990 eru lögð fram í uppboðsrétti Garðabæjar ljósrit þeirra, og hefur uppboðshaldari annast ljósritunina. Er svo að sjá, að ljósritað hafi verið eftir afritum þeim, sem þinglýsingardómur heldur eftir að lokinni þinglýsingu. Á þau afrit hefur Hafsteinn Baldvinsson hrl. skrifað eigin hendi: „Hef móttekið frumrit skjals þessa 23/7 1987. Hafsteinn Baldvinsson (sign.).“ Hafsteinn var lengi og allt til dauðadags lögmaður maka sóknaraðila, Sigurjóns Ragnarssonar. Að honum látnum tók sonur hans, Baldvin Hafsteinsson hdl., við því starfi. Hann er nú um sinn erlendis og einnig Ari Ísberg hdl. Að svo komnu verður að ganga út frá því, að frumrit veðflutningsskjalanna séu í höndum sóknaraðila eða maka hans eða umboðsmanns þeirra.

IX.

Á grundvelli framanskráðra forsendna ber að synja kröfu sóknaraðila. Rétt þykir, að sóknaraðili greiði málskostnað, 1.500 kr. í vottagjöld, og málsvarnarlaun lögmanns varnaraðila, og ákveðst hann 24.900 kr. að meðtöldum virðisaukaskatti.

X.

Í máli þessu þykir sóknaraðili hafa seilst helst til langt eftir ósannlegum málsástæðum. Er slíkt eingöngu fallið til að auka uppboðshaldara erfiði og tefja framgang uppboðsmálsins. Ber að átelja þetta.

Af hálfu sóknaraðila flutti mál þetta Steingrímur Þormóðsson hdl., en Pétur Þór Sigurðsson hdl. af hálfu varnaraðila.

Finnur Torfi Hjörleifsson, settur héraðsdómari, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Umbeðið þriðja og síðasta nauðungaruppboð á fasteigninni Blikanesi 13, Garðabæ, skal fara fram.

Sóknaraðili greiði 26.400 kr. í málskostnað, þar af 24.900 kr. í málsvarnarlaun lögmanns varnaraðila, að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 11. september 1992.

Nr. 303/1990. **Ingvar Björgvinsson**
gegn
Landsbanka Íslands.

Kærumál. Fjárnám. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og Garðar Gíslason og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. ágúst 1990 að fengnu áfrýjunarleyfi 19. júlí sama ár. Hann gerði upphaflega þær dómkröfur, að fjárnámsgerð fógetaréttar Hafnarfjarðar 27. febrúar 1990 í fasteign hans að Stuðlabergi 78, Hafnarfirði, yrði ómerkt og úr gildi felld. Þá krafðist hann málskostnaðar úr hendi varnaraðila fyrir Hæstarétti ásamt virðisaukaskatti. Samkvæmt 3. mgr. 107. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 5. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991, sætir málið meðferð kærumála fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992. Í nýrri greinargerð sóknaraðila fyrir Hæstarétti 31. ágúst sl. gerir sóknaraðili eingöngu kröfu um kærumálskostnað auk virðisaukaskatts.

Varnaraðili krefst staðfestingar fjárnámsgerðarinnar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi sóknaraðila.

Með úrskurði skiptaréttar Hafnarfjarðar 2. nóvember 1990 var bú sóknaraðila tekið til gjaldþrotaskipta. Samkvæmt bréfi skiptaráðandans í Hafnarfirði 8. janúar 1991 var sóknaraðila heimilað að reka mál þetta áfram á eigin kostnað.

I.

Hinn 27. febrúar 1990 var að kröfu varnaraðila gert fjárnám í húseign sóknaraðila að Stuðlabergi 78 í Hafnarfirði til tryggingar dómskuld hans við varnaraðila, að fjárhæð 709.257,10 krónur, auk vaxta frá 1. mars 1989, málskostnaðar og annars kostnaðar við gerðina. Fjárnámið var móttekið til þinglýsingar 26. mars 1990 og innfært á fasteignina Stuðlaberg 78, Hafnarfirði, 28. sama mánaðar með eftirfarandi athugasemd: „Á fasteignina hefur verið þinglýst kaupsamn., dags. 28/2 '90, þar sem gerðarþoli selur til Sveins Val-

þórs Sigþórssonar og Baldvinu S. Sverrisdóttur.“ Sóknaraðili seldi framangreindum aðilum fasteignina með kaupsamningi 28. febrúar 1990, og var þeim samningi þinglýst daginn eftir, 1. mars.

Sóknaraðili fór þess á leit við varnaraðila, að hann aflýsti framangreindri fjárnámsgerð af fasteigninni, og taldi, að réttur hans sem fjárnámshafa væri fallinn niður, þar sem framangreindum kaupsamningi um eignina var þinglýst, áður en fjárnámi varnaraðila var þinglýst. Varnaraðili neitaði að aflýsa fjárnáminu og benti á, að engin rök hefðu komið fram til ómerkingar þess. Sóknaraðili áfrýjaði þá fjárnámsgerðinni, eins og að framan greinir.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð eftirfarandi yfirlýsing skiptaráðandans í Hafnarfirði, dagsett 6. febrúar 1991: „Með úrskurði skiptaréttar Hafnarfjarðar, upp kveðnum 2. nóvember 1990, var bú Ingvars Björgvinssonar, kt. 210543-3259, Stuðlabergi 78, Hafnarfirði, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur var 16. ágúst 1990.

Ingvar er þinglýstur afsalshafi að fasteigninni nr. 78 við Stuðlaberg, Hafnarfirði. Óskast yfirlýsingu þessari þinglýst á viðkomandi fasteign, en jafnframt óskast fullnustugerðum á hendur nefndum þrotamanni frá síðustu sex mánuðum fyrir frestdag aflýst, sbr. 58. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978.“

Samkvæmt ofangreindu hefur fjárnámsgerð þeirri, sem mál þetta fjallar um, verið aflýst af fasteign sóknaraðila, og hefur hann fallið frá kröfu sinni um ómerkingu fjárnámsins. Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti.

Eins og mál þetta er vaxið, þykir rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðila 35.000 krónur í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Ingvar Björgvinsson, greiði varnaraðila, Landsbanka Íslands, 35.000 krónur í kærumálskostnað fyrir Hæstarétti.

Mánudaginn 14. september 1992.

Nr. 224/1990. **Hólagarður hf.**
gegn
tollstjóranum í Reykjavík.

Kærumál. Lögtak. Skattar. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. júní 1990. Samkvæmt 3. mgr. 107. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 5. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991, sætir málið meðferð kærumála fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992.

Sóknaraðili krefst þess aðallega, að úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur verði ómerktur frá og með réttarhaldi 29. maí 1990 og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar. Til vara krefst hann þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og synjað lögtaks, en til þrautavara, að lögtak nái aðeins fram að ganga fyrir 12.958.124 krónum án álags og vaxta. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst staðfestingar framangreinds úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

I.

Í hinum kærða úrskurði er aðdragandi hans stuttlega rakinn, en ekkert fjallað um ágreiningsefni málsaðila.

II.

Sóknaraðili reisir aðalkröfu sína í fyrsta lagi á því, að málsmeðferð fógetaréttar sé ólögmæt, þar sem þar hafi verið látið við það sitja að kanna örfá formskilyrði fyrir lögtaki. Samkvæmt lögum nr. 29/1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar og aldagamalli dómaframkvæmd hafi fógeta verið lögskylt að leggja rökstuddan úrskurð á allan efnislegan ágreining í lögtaksmálinu, þar sem vörnum var haldið uppi gegn réttmæti fjárkröfu

varnaraðila og lögtaksrétti fyrir henni. Fógetarétturinn hafi í máli þessu verið alveg hliðstæður héraðsdómi í almennu einkamáli um efnistök á ágreiningi málsaðila. Málsástæður og rök sóknaraðila varði ágreining um vandmeðfarin og viðkvæm lagaatriði á sviði skatta- og stjórnsýsluréttar, en jafnframt eigi sóknaraðili mikla fjárhagsmuni í húfi. Fái málið efnismeðferð fyrir Hæstarétti, verði dæmt um ágreining málsaðila á einu dómstigi, en það sé andstætt grundvallarreglu réttarfars um tvö dómstig og fari jafnframt í bága við 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu.

III.

Í 1. mgr. 13. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt segir, að þeir, sem ekki vilja sætta sig við ákvörðun skattstjóra á söluskatti, geti kært ákvörðunina til hans. Í 2. mgr. segir, að úrskurði skattstjóra megi áfrýja til ríkisskattanefndar, sem kveði upp fullnaðarúrskurð. Í 14. gr. laganna segir, að ágreining um skattskyldu og skatthæð megi bera undir dómstóla innan sex mánaða, frá því að ríkisskattanefnd úrskurðaði í málinu.

Í 1. mgr. 16. gr. laga nr. 10/1960 segir m.a., að ríkisskattstjóri skuli hafa eftirlit með störfum skattstjóra. Í 2. mgr. segir, að ríkisskattstjóri og skattrannsóknarstjóri geti af sjálfsdáðum rannsakað hvert það atriði, er varðar framkvæmd laganna, og skuli rannsóknardeild við embætti ríkisskattstjóra hafa með höndum rannsóknir samkvæmt lögunum. Í 3. mgr. er kveðið svo á, að telji ríkisskattstjóri ástæðu til að breyta ályktun skattstjóra um söluskattsákvörðun, geti hann gert aðila söluskatt að nýju. Heimilt sé að kæra slíka álagningu til ríkisskattanefndar eftir ákvæðum 13. gr.

Í 26. gr. laga nr. 10/1960 er fjallað um málsmeðferð fyrir ríkisskattanefnd. Þar segir m. a., að við meðferð mála hjá nefndinni skuli gæta ákvæða 100. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem við eigi.

Í 100. gr. laga nr. 75/1981, sem ber yfirskriftina: Kærur til ríkisskattanefndar, eru ýtarleg ákvæði um málsmeðferð fyrir nefndinni. Í 7. mgr. segir, að telji nefndin mál ekki nægilega upplýst, geti hún beint til málsaðila að afla frekari gagna eða upplýsinga máli til skýringar. Samkvæmt 9. mgr. skulu úrskurðir ríkisskattanefndar rökstuddir þannig, að aðilar megi sjá, á hvaða kæruatriðum og skattheimildum skattstofn eða álagning sé reist. Í 11. mgr. segir,

að úrskurður ríkisskattanefndar sé fullnaðarúrskurður um skattfjárhæð, en ágreining um skattskyldu og skattstofna megi bera undir dómstóla.

Í 1. mgr. 28. gr. laga nr. 10/1960 segir, að um þau atriði, sem ekki séu sérstök ákvæði í lögunum, fari samkvæmt lögum nr. 75/1981, eftir því sem við eigi.

Lög nr. 10/1960 voru felld úr gild frá og með 1. janúar 1990 með lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt. Ákvæði laga nr. 10/1960 taka því að öllu leyti til þeirra álitaefna, sem um er fjallað í máli þessu.

IV.

Til grundvallar úrskurði ríkisskattstjóra 3. október 1989, sem kröfugerð í hinum kærða lögtaksúrskurði byggist á, lá mjög ýtarleg rannsókn, sem rannsóknardeild ríkisskattstjóra annaðist. Kröfum sóknaraðila í kæru til ríkisskattstjóra á þessum úrskurði var að öllu leyti hafnað með úrskurði ríkisskattstjóra 13. nóvember sama ár.

Þeim úrskurði áfrýjaði sóknaraðili til ríkisskattanefndar, að því er virðist, 27. nóvember 1989. Ríkisskattanefnd kvað upp úrskurð 27. desember 1991. Í þessum úrskurði, sem er rúmar 12 þéttskrifaðar blaðsíður, eru kröfur og greinargerðir málsaðila raktar á 11 blaðsíðum, og er það efni allt innan tilvitnunarmerkja. Forsendur úrskurðarins, sem þá taka við, eru svohljóðandi:

„Eigi verður annað ráðið af kröfugerð kæranda en að hann viðurkenni, að söluskattsskyld velta hafi verið verulega vantalin á söluskattsskýrslum vegna rekstraráranna 1985, 1986 og 1987. Með vísan til þessa og málatilbúnaðar kæranda að öðru leyti þykir hann eigi hafa gert þá grein fyrir kröfum sínum, að unnt sé að taka efnislega afstöðu til þeirra.

Að svo vöxnu verður eigi hjá því komist að vísa kærunni frá vegna vanreifunar."

Í hinum kærða lögtaksúrskurði er alveg látið hjá líða að fjalla um kröfur sóknaraðila og málsástæður andstætt því, sem fyrir er mælt í 8. gr. laga nr. 29/1885.

V.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, hafði sama ríkisstofnun á hendi rannsókn í söluskattsmáli sóknaraðila og uppkvaðningu

úrskurðar á grundvelli þeirrar rannsóknar. Sóknaraðili fékk ekki komið fram endurskoðun á þeim efniságreiningi, sem uppi er í málinu, hvorki með kæru til æðra stjórnvalds né í lögtaksmáli því, sem hér er til endurskoðunar. Með þessu móti var mál hans leitt til lykta á einu stjórnsýslustigi. Þessi málsmeðferð var svo andstæð meginreglum stjórnsýsluréttar um rétt borgaranna til endurskoðunar á stjórnvaldsúrskurði fyrir æðra stjórnvaldi og meginreglum réttarfars um efnislega úrlausn réttarágreinings fyrir dómstólum, að ómerkja ber hinn kærða úrskurð ex officio og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir atvikum þykir rétt, að varnaraðili greiði sóknaraðila málskostnað í héraði og kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur og málinu vísað frá héraðsdómi.

Varnaraðili, tollstjórinn í Reykjavík, greiði sóknaraðila, Hólagarði hf., samtals 150.000 krónur í málskostnað í héraði og kærumálskostnað fyrir Hæstarétti.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 29. maí 1990.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 15. maí sl.

Gerðarbeiðandi er tollstjórinn í Reykjavík, Tryggvagötu 19, Reykjavík.

Gerðarþoli er Hólagarður hf., kt. 461284-0279, Lóuhólum 2-6, Reykjavík.

Kröfur gerðarbeiðanda eru þær, að gert verði lögtak hjá gerðarþola til tryggingar söluskattsskuld, 30.154.442 kr., auk dráttarvaxta og kostnaðar við lögtaksgerðina og eftirfarandi uppboðs, ef til kemur.

Kröfur gerðarþola eru þær aðallega, að hið umbeðna lögtak nái ekki fram að ganga, en til vara, að það fari fram til tryggingar 12.958.124 kr. Í báðum tilvikum krefst gerðarþoli hæfilegs málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda.

II.

Með úrskurði, dags. 3. október 1989, og með heimild í 16. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt, sbr. 11. gr. laga nr. 10/1974, ákvað ríkisskattstjóri

að gera gerðarþola að greiða viðbótarsölugjald fyrir rekstrarárin 1985, 1986 og 1987, samtals að fjárhæð 31.154.442 kr.

Í úrskurði ríkisskattstjóra kemur fram, að rannsóknardeild ríkisskattstjóra hafi gert athugun á bókhaldi, tekjuskráningu og söluskattsskilum gerðarþola fyrir umrætt tímabil auk skattframtala hans gjaldárin 1986, 1987 og 1988. Í skýrslu rannsóknardeildar kom fram, að deildin telur, að söluskattsskyld velta gerðarþola hafi verið vantalin um samtals 64.442.270 kr. umrætt tímabil.

Af hálfu gerðarþola var skilað inn athugasemdum til ríkisskattstjóra, sem raktar eru í úrskurðinum. Í úrskurðinum er með rökstuddum hætti tekið á þeim efnisatriðum, sem gerðarþoli hefur uppi. Í niðurstöðu hans segir: „Gjaldandi greiði viðbótarsölugjald fyrir árið 1985, 1.979.055 kr., fyrir árið 1986 4.566.363 kr. og fyrir árið 1987 6.412.706 kr. Þá greiði gjaldandi álag á ofangreindar fjárhæðir, sem reiknað er fram til 16. október 1989, 17.196.318 kr. Viðbótarsölugjald auk álags verður því 30.154.442 kr.".

Gerðarþoli kærði úrskurð ríkisskattstjóra og gerði þá kröfu aðallega, að fallið yrði frá áætlun á viðbótarveltu til söluskatts, en til vara, að ekki yrði beitt álagi á vangreiddan söluskatt. Úrskurður ríkisskattstjóra er þess efnis, að kærunni er hafnað og sölugjald áranna 1985, 1986 og 1987 ásamt álagi standi óbreytt.

Í kjölfar þessarar niðurstöðu lagði skattstjórinn í Reykjavík framangreint viðbótarsölugjald ásamt álagi á gerðarþola. Lögtaksúrskurður var kveðinn upp 21. desember 1989 og birtur 23. sama mánaðar í Morgunblaðinu. Af hálfu gerðarþola var úrskurður ríkisskattstjóra kærður til ríkisskattanefndar.

Hinn 31. janúar 1990 var tekin fyrir í fógetarétti beiðni gerðarbeiðanda um lögtak hjá gerðarþola. Gerðarþoli mótmælti þá skattskyldunni og því, að gerðin færi fram, þar sem kæra vegna álagningarinnar væri til meðferðar hjá skattyfirvöldum. Gerðinni var því næst frestað til að reka um ágreining þennan sérstakt fógetaréttarmál. Aðilar hafa skilað greinargerðum.

Af hálfu gerðarþola er á því byggt, að málatilbúnaði gerðarbeiðanda sé svo áfátt og málið svo vanreifað, að ótækt sé að úrskurða lögtak á grundvelli hans. Málsástæðna og lagaraka sé ekki getið, svo að ekki verði af sóknarskjölum ráðið, á hverju hann reisi kröfur sínar. Fari þessi málatilbúnaður í bága við 105. gr. laga nr. 85/1936, og beri því að synja lögtaks.

Í annan stað reisir gerðarþoli aðalkröfu sína á því, að úrskurður ríkisskattstjóra sé byggður á ólögmætum sjónarmiðum, þar sem ekki hafi verið við álagninguna gætt réttra aðferða, og beri einnig af þeim sökum að synja lögtaks. Fógetaréttur sé úrskurðarbær um það, hvort úrskurður ríkisskattstjóra sé lögmætur eða hvort gætt hafi verið réttra aðferða við gerð hans.

Varakrafa gerðarþola er á því reist, að fella eigi niður álag á skattálagningar ríkisskattstjóra samkv. 6. mgr. 21. gr. laga nr. 10/1960, sbr. 7. mgr. 38. gr. rg. nr. 488/1982. Telur gerðarþoli, að hann hafi gildar ástæður sér til afsökunar fyrir því, að söluskattsskyld velta hans sé að einhverju leyti vantalin árin 1985-1987.

III.

Ríkisskattstjóri hefur ákvarðað gerðarþola viðbótarsölugjald vegna rekstrar félagsins fyrir árin 1985, 1986 og 1987 auk álags fyrir sama tímabil, samtals 30.154.442 kr. Ákvörðun ríkisskattstjóra er byggð á heimild í 3. mgr. 16. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt. Við þá ákvörðun var fylgt fyrirmælum 16. gr. laganna. Gerðarþoli hefur kært ákvörðun ríkisskattstjóra til ríkisskattanefndar samkvæmt heimild í sömu grein, sbr. lög nr. 10/1974. Samkvæmt 5. mgr. 13. gr. laga nr. 10/1960 frestar ágreiningur um skattskyldu eða deila um skattskyldu ekki eindaga skattsins né leysir undan neinum þeim viðurlögum, sem lögð eru við vangreiðslu hans. Ákvörðun ríkisskattanefndar má bera undir dómstóla innan sex mánaða, frá því að ríkisskattanefnd úrskurðaði málið, svo sem segir í 14. gr. Ekki er í lögunum hliðstæð heimild, hvað varðar úrskurði ríkisskattstjóra.

Af hálfu fógetaréttar verður ekki séð, að ríkisskattstjóri hafi beitt ólögmætum sjónarmiðum við túlkun á lagaatriðum í úrskurði sínum, þannig, að synja eigi um gerðina.

Samkvæmt ákvæðum laga nr. 10/1960 sér gerðarbeiðandi um innheimtu söluskatts, og má taka þann skatt lögtaki.

Þar sem krafa gerðarbeiðanda telst að öðru leyti fullnægja skilyrðum laga til að teljast lögtakskræf, skal hið umbeðna lögtak fara fram.

Af hálfu gerðarbeiðanda er ekki gerð krafa um málskostnað í máli þessu.

Valtýr Sigurðsson borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Krafa gerðarbeiðanda, tollstjórans í Reykjavík, að fram fari lögtak hjá gerðarþola, Hólagarði hf., fyrir ákvörðuðu viðbótarsölugjaldi fyrir árin 1985, 1986 og 1987 auk álags, samtals 30.154.442, kr., skal ná fram að ganga.

Mánudaginn 14. september 1992.

Nr. 491/1991. **Bæjarsjóður Kópavogs,**
Íslandsbanki hf. og
Lífeyrissjóður starfsmanna
Kópavogskaupstaðar
gegn
Sigurði H. Ólasyni.

Kærumál. Uppboð. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og Garðar Gíslason og Guðmundur Skaftason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðilar skutu máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu, út gefinni 6. desember 1991. Málið sætir kærumeðferð samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu, og hafa aðilar skilað í því sókn og vörn.

Af hálfu sóknaraðila er þess krafist, „að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og allar kröfur fyrir uppboðsréttinum verði teknar til greina". Þeir krefjast málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar að niðurstöðu til og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Af gögnum málsins er ljóst, um hvað ágreiningur aðilanna snýst, sem og hitt, að þeim hafa gefist næg tækifæri til að koma að röksemdum sínum í uppboðsréttinum. Ágreiningurinn er um það, hvort uppboðsandlagið í málinu sé fasteignin Auðbrekka 1 í Kópavogi með eða án svonefnds „ofanábyggingarréttar". Geta ber þess, að byggingarleyfi til að byggja ofan á húsið féll úr gildi 22. mars 1991.

Bæjarsjóður Kópavogs óskaði síðast eftir nauðungarsölu 19. júní 1991 fyrir ógreiddum fasteignagjöldum ásamt dráttarvöxtum, 1.733.778 krónum. Um uppboðsheimild er vísað til laga nr. 49/1951. Íslandsbanki hf. byggir uppboðskröfu sína, 16.893.193 krónur, á veðskuldabréfi í eigninni, út gefnu 19. apríl 1988, og fjárnámsgerð 13. júní 1991, 696.250 krónum. Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogskaupstaðar byggir uppboðskröfu sína, 7.998.789 krónur, á veðskuldabréfi, út gefnu 19. ágúst 1988. Í veðskuldabréf-

unum er tekið fram, að veðið sé „Auðbrekka 1 í Kópavogi, þ. e. tveim neðstu hæðunum, en án ofanábyggingarréttar".

Hinn umdeildi „ofanábyggingarréttur" er þáttur í hinum almenna umráðarétti og hagnýtingu fasteignarinnar. Í málinu eru engin gögn, er sýni, að byggingarrétturinn hafi verið seldur eða skilinn frá eigninni á annan hátt. Fasteignin Auðbrekka 1 með öllu, sem fylgir og fylgja ber, stendur óskorað til tryggingar lögveðs- og fjárnámskröfunum. Takmarkanir á veðréttindum veðskuldabréfanna skerða ekki rétt lögveðs- og fjárnámshafanna til uppboðsandlagsins. Brestur því skilyrði til að selja byggingarréttinn sérstaklega við sölu á nauðungaruppboðinu.

Eftir þessum úrslitum telst rétt, að varnaraðili greiði sóknaraðilum óskipt samtals 80.000 krónur í málskostnað í héraði og kærumálskostnað fyrir Hæstarétti, og er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Það athugast, að rökstuðningur hins kærða úrskurðar er með öllu ófullnægjandi.

Dómsorð:

Sala á fasteigninni nr. 1 við Auðbrekku í Kópavogskaupstað að meðtöldum svonefndum „ofanábyggingarrétti" skal fara fram til lúkningar framangreindum uppboðskröfum.

Varnaraðili, Sigurður H. Ólason, greiði sóknaraðilum, bæjarsjóði Kópavogs, Íslandsbanka hf. og Lífeyrissjóði starfsmanna Kópavogskaupstaðar, óskipt 80.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og kærumálskostnað fyrir Hæstarétti.

Úrskurður uppboðsréttar Kópavogs 15. nóvember 1991.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 29. október sl.

Sóknaraðili, Sigurður H. Ólason, Heiðnabergi 4, Reykjavík, gerir þá kröfu, að við sölu fasteignarinnar Auðbrekku 1, Kópavogi, á nauðungaruppboði verði ofanábyggingarréttur, sem tilheyri fasteigninni, boðinn upp sérstaklega án aðildar þeirra, sem ekki eiga veðrétt í byggingarréttindum; þetta kveður hann eiga við um veðhafa 1., 2. og 5. veðréttar, en samkvæmt yfirlýsingum rétthafa 3., 4. og 6. veðréttar standi engar kröfur að baki þeim veðréttum.

Varnaraðili gerir þá kröfu, að eignin verði seld, án þess að byggingarréttur sé sérstaklega undanskilinn. Jafnframt krefst hann málskostnaðar.

Sóknaraðili byggir kröfur sínar á því, að ofanábyggingarréttur sé undanskilinn í þeim áhvílandi veðskuldabréfum, sem kröfur séu á bak við. Ofanábyggingarrétturinn sé verðmætur og óveðsettur. Réttur þessi sé ekki svo óaðskiljanlegur hluti eignarinnar, að ekki sé hægt að selja hann sérstaklega.

Varnaraðili byggir kröfur sínar á því, að ofanábyggingarrétturinn verði ekki skilinn frá eigninni og að hann standi að veði fyrir fasteignagjöldum til bæjarsjóðs Kópavogs.

Niðurstaða.

Í máli þessu liggur ekki annað fyrir um fyrrgreindan ofanábyggingarrétt en sala hans samkvæmt óþinglýstum kaupsamningi milli Sigurðar Elíassonar hf. og Guðmundar Franklíns Jónssonar, en Guðmundur hefur framselt réttindi sín til sóknaraðila, og að rétturinn er undanskilinn í veðsetningum áhvílandi veðskuldabréfa. Líta verður svo á, að hér sé um óviss réttindi að ræða og ekki liggi ljóst fyrir, að réttur þessi sé til staðar, og því verði hann ekki sérstaklega seldur með eigninni. Telja verður, að það heyri ekki undir uppboðsréttinn að taka afstöðu til þess, hvort rétturinn sé til staðar eða hverjum hann þá tilheyri. Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Guðgeir Eyjólfsson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Við sölu fasteignarinnar Auðbrekku 1, Kópavogi, verður ofanábyggingarréttur eigi seldur með.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 15. september 1992.

Nr. 323/1992. **Róbert Árni Hreiðarsson**
gegn
Gjaldheimtunni á Seltjarnarnesi.

Kærumál. Lögtak. Ómerking. Heimvísun. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 7. júlí 1992. Telst það heimilt með lögjöfnun frá 3. mgr. 107. gr. laga nr. 90/1989, sbr. 5. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991. Sóknaraðili krefst þess, að úrskurði fógetaréttar Reykjavíkur 22. júní 1992 verði hrundið, málsmeðferðin ómerkt og málinu vísað til héraðsdóms Reykjavíkur til löglegrar meðferðar. Hann krefst og málskostnaðar fyrir fógetarétti og kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti. Beri málskostnaður dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir uppsögu dóms til greiðsludags.

Frá varnaraðila hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Hinn 27. mars 1985 var að kröfu varnaraðila gert lögtak í bifreið sóknaraðila, R-61157, af gerðinni Chevy Van, árgerð 1974, fyrir ógreiddum þinggjöldum og útsvari hans árin 1983 og 1984, samtals 283.049 krónum. Var gerðarþoli, sóknaraðili í máli þessu, viðstaddur gerðina. Með uppboðsbeiðni varnaraðila 28. júlí 1987 til sýslumannsins í Árnessýslu var þess krafist, að bifreiðin yrði seld á nauðungaruppboði til lúkningar skuld sóknaraðila, sem þá var sögð nema 219.092 krónum, þegar frá hafði verið dregin greiðsla hans, 100.000 krónur. Mótmæli komu fram af hálfu uppboðsþola, og var um þau rekið uppboðsréttarmál. Uppboðsréttur Árnessýslu ákvað með úrskurði, upp kveðnum 4. nóvember 1988, að uppboðið skyldi ná fram að ganga. Lögmaður varnaraðila sendi sóknaraðila 22. október 1991 áskorun um að greiða framangreinda skuld sína ásamt opinberum gjöldum ársins 1985. Var skuldin sögð nema 878.471 krónu, er tekið hafði verið tillit til greiðslu sóknaraðila, að fjárhæð 181.566 krónur. Var greiðsluáskorunin birt sóknaraðila

með stefnuvottum. Lögmaður varnaraðila sendi borgarfógetanum í Reykjavík 11. desember 1991 beiðni um lögtak hjá sóknaraðila, og fylgdu með úrskurður uppboðsréttar Árnessýslu og greiðsluáskorunin. Var krafan nú sögð nema 924.308 krónum, er tekið hafði verið tillit til framangreindra greiðslna sóknaraðila. Tók lögmaðurinn fram, að endurupptaka væri nauðsynleg, vegna þess að bifreiðin R-61157 væri ónýt.

Málið var fyrst tekið fyrir í fógetarétti Reykjavíkur 29. janúar 1992, og eftir að veittir höfðu verið nokkrir frestir, boðaði Halldór Halldórsson, fulltrúi yfirborgarfógeta, til þinghalds 22. júní 1992 með lögmanni varnaraðila (gerðarbeiðanda) og sóknaraðila (gerðarþola). Er bókun fulltrúans um það, sem fram fór í þinghaldi þessu, og hinn kærði úrskurður svohljóðandi:

„Aðspurður kveðst gerðarbeiðandi gera þá kröfu, annað tveggja að gert verði nýtt lögtak í eignum gerðarþola eða að hann upplýsi, hvar andlag fyrra lögtaks sé niður komið, þ. e., að hægt sé að koma því á uppboðsstað og sannreyna, hvers virði eignin sé.

Á grundvelli varnarskjala og yfirlýsingar gerðarþola er sú krafa gerð, að hin lögtekna bifreið verði færð á uppboðsstað, til að unnt sé að sannreyna verðmæti hennar. Annars, ef upplýst er, að bifreiðin sé verðlaus, fari fram lausnargerð, áður en nýtt lögtak verði lagt á.

Gerðarþoli mótmælir þessu og telur þetta slíka breytingu á kröfugerð, að ekki sé unnt að taka hana til greina, þegar flytja á málið. Þessi breyting á kröfugerð sé of seint fram komin.

Gerðarþoli mótmælir handrituðum breytingum á réttarskjali nr. 1, sem fyrst hafa verið kynntar gerðarþola nú í réttinum.

Aðilar tjá sig stuttlega um, hvort hér sé um svo breytta kröfugerð að ræða, að ekki sé unnt að taka málið til úrskurðar.

Ágreiningsatriði þetta er tekið til úrskurðar.

Var þá varðandi kröfuna kveðinn upp svofelldur úrskurður:

Krafa gerðarbeiðanda um, að vörslusvipting skuli fara fram, ef upplýst er, að eignin sé einhvers virði, er í eðlilegu framhaldi af beiðni um lögtaksendurupptöku, enda felst það í lögtakinu sjálfu frá 27. 5. 1985 og í úrskurði uppboðsréttar Árnessýslu frá 4. nóvember 1988.

Því telur rétturinn, að gerðarbeiðanda sé heimilt að krefjast nú

vörslusviptingar á hinni lögteknu eign til að koma fram uppboði, enda er það í samræmi við 2. mgr. 57. gr. l. nr. 19/1887. Þetta telst ekki svo ósamrýmanleg breyting á kröfugerð, að hún komist ekki að í málinu nú.

Úrskurðarorð:

Gerðarbeiðanda er heimilt að krefjast vörslusviptingar á bifreiðinni R-61157, sem gert var lögtak í 27. 5. 1985."

Kröfugerð gerðarbeiðanda, eins og hún kom fram í þinghaldi þessu, er bæði óskýr og ómarkviss og niðurstaða hins kærða úrskurðar ekki í samræmi við kröfugerðina.

Þegar vegna þessara galla á kröfugerð og málsmeðferð verður ekki hjá því komist að ómerkja hinn kærða úrskurð og vísa málinu til löglegrar meðferðar í héraði.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Rekstur máls þessa í héraði af hendi lögmanns varnaraðila og sóknaraðila var um margt afbrigðilegur. Málið var látið velkjast á áttunda ár fyrir fógeta- og uppboðsrétti í þremur lögsagnarumdæmum, uns það var lagt í úrskurð með ótækri kröfugerð. Ber að átelja þetta.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur, og er málinu vísað til löglegrar meðferðar í héraði.

Þriðjudaginn 15. september 1992.

Nr. 392/1989. **Árni Matthías Sigurðsson**

gegn

Norðurfiski hf.

Kærumál. Lögbann. Innsetning. Einkaleyfi. Skaðabótakröfu vísað frá.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og Garðar Gíslason og Guðmundur Skaftason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili áfrýjaði máli þessu með stefnu 11. október 1989. Málið sætir nú kærumeðferð samkvæmt 3. mgr. 107. gr. laga 90/1989, sbr. 5. tl. 102. gr. laga 92/1991, með lögjöfnun, og hafa aðilar skilað í því sókn og vörn.

Sóknaraðili gerir þessar kröfur:

„1. að lagt verði lögbann við notkun og tilbúningi varnaraðila, Norðurfisks hf., á vél þeirri til að aðskilja sundmaga frá hryggjum fisks, sem lýst er í einkaleyfisumsókn varnaraðila á urskj. nr. 5. ...,

2. að sóknaraðili verði settur inn í umráð vélarinnar gegn greiðslu andvirðis vélarinnar eða skuldajöfnuði skaðabóta við andvirði hennar,

3. að sóknaraðila verði dæmdar skaðabætur að álitum úr hendi varnaraðila. Jafnframt verði varnaraðila gert að greiða sóknaraðila málskostnað fyrir Hæstarétti að mati Hæstaréttar, en til vara, að málskostnaður verði felldur niður."

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Það athugast, að skaðabótakrafan í málinu á ekki undir lögsögu fógetaréttarins, og ber að vísa henni frá. Að öðru leyti ber að staðfesta hinn kærða úrskurð með vísun til forsendna.

Sóknaraðili greiði varnaraðila 35.000 krónur í kærumálskostnað, og er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður að öðru en því, að skaðabótakröfunni er vísað frá fógetaréttinum.

Sóknaraðili, Árni Matthías Sigurðsson, greiði varnaraðila, Norðurfiski hf., 35.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 12. júlí 1989.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 29. júní sl. að loknum munnlegum málflutningi.

Gerðarbeiðandi, Árni Matthías Sigurðsson, Norðurvangi 24, Hafnarfirði, krefst þess, að lagt verði lögbann við notkun og tilbúningi gerðarþola á vél, sem sér um (sic) að aðskilja sundmaga í fiski frá öðrum hlutum hans. Gerðarbeiðandi gerir auk þess þá kröfu að verða settur inn í umráð vélar þessarar gegn endurgreiðslu á andvirði hennar. Jafnframt krefst hann skaðabóta fyrir tjón það, er hann telur sig hafa orðið fyrir vegna tilbúnings og notkunar gerðarþola á vélinni. Þá krefst hann, að sér verði úrskurðaður málskostnaður að mati réttarins.

Gerðarþoli, Norðurfiskur hf., Hagamel 38, Reykjavík, krefst þess, að synjað verði um hinar umbeðnu gerðir og að synjað verði um kröfu til skaðabóta. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

II.

Málavextir eru á þá leið, að gerðarbeiðandi lagði 19. maí 1988 inn umsókn um einkaleyfi á hugmynd að vél, sem ætluð er til að „skera sundmaga frá dálki". Umsókn gerðarbeiðanda um umrætt einkaleyfi var auglýst 28. nóvember 1988 í 8. tbl. Vörumerkja- og einkaleyfatíðinda. Hinn 19. júlí 1988 lagði gerðarþoli inn beiðni um einkaleyfi fyrir vél til að „aðskilja sundmaga frá hryggjum fisks". Auglýsing um þá umsókn birtist síðar. Aðilar eru sammála um, að hér sé um að ræða vélar, sem séu sama eðlis eða a. m. k. mjög svipaðar.

Gerðarbeiðandi reisir kröfu sína um lögbann á því, að hér sé um að ræða vélar, sem séu nákvæmlega eins, og því sé hér um eftirlíkingu gerðarþola á vél gerðarbeiðanda að ræða. Hann telur sig hafa öðlast einkarétt á þessari uppgötvun umfram gerðarþola og vísar máli sínu til stuðnings í 2. mgr. 3. gr. l. 12/1923 um einkaleyfi, þar sem segir, að ef fleiri en einn beiðast einkaleyfis fyrir sömu eða nálega sömu uppgötvun, gangi sá fyrir, sem fyrr eða fyrst hefur borið upp beiðni um það. Þar sem viðurkennt sé, að um sömu uppfinningu sé að ræða, verði að miða við þann tíma, er umsókn var lögð inn. Sú lausn sé í samræmi við eðli máls, þar sem erfitt gæti reynst að ná fram rétti sínum síðar á grundvelli almennra skaðabótareglna, eins og kveðið er á um í 21. gr. sömu laga. Gerðarbeiðandi telur, að hér geti

ekki verið um að ræða svokallaðan samnýtingarrétt skv. 6. gr. laganna, þar sem gerðarþoli er tiltölulega nýfarinn að nota umrædda vél.

Gerðarbeiðandi reisir kröfu sína um innsetningu og skaðabætur á 21. gr. laganna, þar sem segir, að munir þeir, er ólöglega hafi verið tilbúnir, skuli látnir af hendi gegn því, að andvirði þeirra sé greitt eða það sé látið koma upp í þær skaðabætur, er kunna að koma til.

Gerðarþoli krefst synjunar lögbanns á þeim forsendum, að skilyrðum 26. gr. l. 18/1949 um kyrrsetningu og lögbann sé ekki til að dreifa, þar sem gerðarbeiðandi eigi ekki betri rétt en gerðarþoli.

Að mati gerðarþola er umsókn um einkaleyfi fyrst opinberuð, þegar búið er að auglýsa hana í Vörumerkja- og einkaleyfatíðindum, sbr. 13. og 14. gr. l. 12/1923. Útilokað sé að leggja á lögbann á grundvelli umsóknar um einkaleyfi, heldur verði einkaleyfið að liggja fyrir. Þótt vera kunni, að gerðarbeiðanda verði síðar veitt einkaleyfi fyrir uppfinningu sinni, verði því ekki beitt gegn gerðarþola, sbr. ákvæði 1. mgr. 6. gr. l. 12/1923, þar sem segir, að einkaleyfi verði ekki beitt gegn þeim, er farinn var að nota uppgötvunina hér á landi eða búið hafði sig undir það til hlítar, áður en beiðni um einkaleyfi var borin upp.

Hvað varði innsetningarkröfuna, telur gerðarþoli hana ekki á rökum reista, þar sem gerðarbeiðandi hafi aldrei séð vélina og geti því ekki fullyrt um, að hún sé til.

III.

Óumdeilt er, að vélar þær, er hér um ræðir, eru mjög svipaðs eðlis og ætlaðar til að vinna nákvæmlega sama verkið. Við mat á því, hvort leggja beri lögbann við notkun á vél gerðarþola, verður að leggja til grundvallar ákvæði l. 12/1923 um einkaleyfi. Gerðarbeiðandi hefur vitnað í 2. mgr. 3. gr. og byggt rök sín á því, að réttur sinn gangi fyrir rétti gerðarþola, þar sem hann hafi sannanlega lagt umsókn sína fyrr inn. Það er hins vegar mat fógetaréttarins, að greinina verði að skilja svo, að hún eigi við í þeim tilfellum, þegar endanlega er komið að því að veita einkaleyfið og tvær eða fleiri umsóknir, sem allar uppfylla skilyrði um veitingu leyfis, liggja fyrir. Fallast verður á það með gerðarþola, að skilyrði fyrir því, að umsókn skapi rétt, er það, að hún hafi verið auglýst með tilskildum hætti, sbr. ákvæði 13. og 14. gr. laganna. Að því virtu verður að telja, að umsókn gerðarbeiðanda sem slík geti ekki veitt honum þann rétt, er hann hyggst tryggja með lögbanni. Taka ber því til greina kröfu gerðarþola um synjun á umbeðinni lögbannsgerð.

Gerðarbeiðandi hefur jafnframt krafist þess að verða settur inn í umráð vélar þeirrar, sem gerðarþoli hefur búið til, og byggir rétt sinn á 21. gr. l. 12/1923. Í samræmi við það, sem að ofan greinir, verður að telja, að

umrædd lagagrein miðist við tilvik, þar sem einkaleyfi hefur þegar verið veitt. Þegar af þeirri ástæðu þykir ekki koma til álita að taka til greina kröfu gerðarbeiðanda um innsetningu.

Krafa gerðarbeiðanda um skaðabætur er ekki tekin til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Helga Jóna Benediktsdóttir, fulltrúi yfirborgarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Krafa gerðarbeiðanda, Árna Matthíasar Sigurðssonar, að lagt verði lögbann við notkun og framleiðslu gerðarþola, Norðurfisks hf., á vél til að aðskilja sundmaga í fiski frá öðrum hlutum hans, er ekki tekin til greina.

Kröfu gerðarbeiðanda um innsetningu í sömu vél er synjað.

Kröfu gerðarbeiðanda um skaðabætur úr hendi gerðarþola er synjað.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 16. september 1992.

Nr. 514/1991. **Grétar Haraldsson**

gegn

Gjaldheimtunni í Reykjavík,
Lífeyrissjóði málm- og skipasmiða og
Íslandsbanka hf.

Kærumál. Nauðungaruppboð. Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein og Guðmundur Skaftason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 30. desember 1991. Samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu sætir málið meðferð kærumála fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992.

Í áfrýjunarstefnu er áfrýjað til Hæstaréttar „nauðungaruppboði, er fram fór 28. september 1990 í uppboðsrétti Reykjavíkur, á hl. Kleppsvegi 150, þ. e. hluta í 1. hæð og kjallara, talið 50,75% eignarinnar, þinglesinni eign Gunnars Ólafssonar, Ólafs B. Ólafssonar, Jóns Ægis Ólafssonar, Ásgeirs Ólafssonar, Guðlaugar Ólafsdóttur og Grétars Haraldssonar".

Í greinargerð fyrir Hæstarétti krefst sóknaraðili þess, „að öll málsmeðferð uppboðsréttar Reykjavíkur vegna nauðungarsölu á Kleppsvegi 150, 1. hæð og kjallara, 50,75% eignarinnar, verði ómerkt og málinu annaðhvort vísað frá uppboðsrétti eða vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar". Þá krefst hann þess, að kærðu verði in solidum gert að greiða sér kærumálskostnað. Það athugast, að krafa sóknaraðila um frávísun frá uppboðsrétti var fyrst sett fram í greinargerð hans 1. apríl 1992, en kom ekki fram í áfrýjunarstefnu.

Varnaraðilar Gjaldheimtan í Reykjavík og Íslandsbanki hf. krefjast staðfestingar hins kærða uppboðs og að sóknaraðili greiði þeim kærumálskostnað fyrir Hæstarétti.

Af hálfu varnaraðila Lífeyrissjóðs málm- og skipasmiða hafa engar kröfur verið settar fram fyrir Hæstarétti.

I.

Mál þetta var þingfest í uppboðsrétti Reykjavíkur 8. mars 1990. Í endurriti úr uppboðsbók og ágripi málsins kemur fram, að þá hafi verið tekið fyrir að selja nauðungarsölu hina umræddu fasteign. Uppboðið skyldi fara fram eftir kröfu Steingríms Eiríkssonar héraðsdómslögmanns fyrir hönd Lífeyrissjóðs málm- og skipasmiða. Aðrir höfðu þá ekki krafist uppboðs á eigninni. Í þinghaldinu er bókað, að „eigandi eignarinnar" sé ekki mættur. Hins vegar er ekkert bókað um, að mætt sé af hálfu uppboðsbeiðanda.

Við fyrstu nauðungarsölu á eigninni 22. maí 1990 var fært til bókar, að mættur væri Magnús Brynjólfsson fyrir hönd Steingríms Eiríkssonar hdl., og bauð hann í eignina. Eigendur voru ekki mættir og enginn af þeirra hálfu. Við annað og síðara nauðungaruppboð 3. september 1990 mætti Magnús Brynjólfsson aftur fyrir Steingrím Eiríksson, en enginn vegna eigenda. Magnús bauð einn í eignina, en bað engu að síður um, að fram færi þriðja og síðasta uppboð. Það fór fram 28. september 1990. Þá mætti Steingrímur Eiríksson sjálfur fyrir hönd Lífeyrissjóðs málm- og skipasmiða. Magnús Brynjólfsson mætti að þessu sinni fyrir Gjaldheimtuna í Reykjavík og Guðlaug B. Ólafsdóttir vegna Íslandsbanka hf., en hinir tveir síðasttöldu gerðust nú fyrst aðilar að uppboðsmálinu. Af hálfu eigenda var enn ekki mætt. Hæstbjóðandi varð Íslandsbanki hf. með boð að fjárhæð 18.000.000 krónur. Uppboðshaldari tók sér fjórtán daga frest til þess að taka ákvörðun um fram komin boð.

Málinu var upphaflega áfrýjað 8. október 1990 sem máli nr. 366/1990, en var vísað frá Hæstarétti með dómi 9. desember 1991. Því var enduráfrýjað á grundvelli 36. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

II.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt embættisvottorð þáverandi yfirborgarfógeta í Reykjavík, Jóns Skaftasonar, dags. 2. apríl 1992, sem gefið var vegna þessa máls. Þar segir m. a.: „Það staðfestist hér með, að Hilmar Garðarsson hdl. var mættur í réttarhaldi 8. mars 1990 við fyrirtöku uppboðsmálsins á Kleppsvegi 150, Reykjavík, eign Gunnars Ólafssonar og fleiri, fyrir Steingrím Eiríksson hdl. Samkvæmt þingbók þeirri, sem notuð var í umræddu réttarhaldi, má glögglega sjá, að Hilmar Garðarsson hdl. var bæði

mættur í næstu málum á undan og á eftir þessari fyrirtöku vegna Kleppsvegar 150. Hins vegar hefur láðst að bóka það í þessu einstaka máli, að Hilmar hafi verið mættur þar.“ Sóknaraðili bendir á, að Hilmar Garðars héraðsdómslögmaður sé og hafi verið starfsmaður Gjaldheimtunnar í Reykjavík, en hún hafi ekki verið orðin aðili að þessu máli 8. mars 1990, og því hafi ekki verið ástæða fyrir hann að mæta þá.

III.

Framangreint embættisvottorð yfirborgarfógetans í Reykjavík er eigi stutt nokkrum gögnum og veitir út af fyrir sig ekki nægjanlega sönnun um réttmæti þeirrar fullyrðingar, að af hálfu uppboðsbeiðanda hafi verið mætt í uppboðsrétti Reykjavíkur 8. mars 1990, er mál þetta skyldi þingfest. Eins og hér stendur á, verður að leggja til grundvallar endurrit úr þingbók uppboðsréttarins. Það ber ekki með sér, að nokkur hafi mætt fyrir uppboðsbeiðanda, Lífeyrissjóð málm- og skipasmiða. Samkvæmt 1. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 4. gr. laga um nauðungaruppboð nr. 57/1949, mátti þingfesting þessa máls eigi fara fram við svo búið. Ber því þegar af þeirri ástæðu að ómerkja alla uppboðsmeðferðina ex officio og vísa málinu frá sýslumanninum í Reykjavík, sbr. nú 1. tl. 15. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu, sbr. og 2. tl. 94. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Af gögnum málsins verður ekki séð, að sóknaraðili hafi gætt réttar síns í héraði með þeim hætti, sem honum var þó kostur. Þá hefur hann að ófyrirsynju tafið framgang málsins fyrir Hæstarétti, sbr. dóma Hæstaréttar 9. desember 1991 og 13. febrúar 1992. Þykir því rétt, að kærumálskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hin kærða uppboðsmeðferð vegna Kleppsvegar 150, Reykjavík, 1. hæð og kjallara, 50,57% fasteignarinnar, þinglesinnar eignar Grétars Haraldssonar, Gunnars Ólafssonar, Ólafs B. Ólafssonar, Jóns Ægis Ólafssonar, Ásgeirs Ólafssonar og Guðlaugar Ólafsdóttur, er ómerkt og málinu vísað frá sýslumanninum í Reykjavík.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 16. september 1992.

Nr. 297/1992. **Ákæruvaldið**

gegn

Jens Gíslasyni.

Kærumál. Ákæru vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 3. júlí 1992 samkvæmt heimild í a-lið 2. mgr. 142. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991, sbr. áður 3. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974. Er þess krafist af ákæruvaldsins hálfu, að hinn kærði frávísunardómur verði felldur úr gildi og héraðsdómi Reykjaness dæmt skylt að halda rannsókn málsins áfram og kveða síðan upp efnisdóm í málinu samkvæmt ákæruskjali 19. ágúst 1991.

Af hálfu ákærða er þess krafist, að hinn kærði frávísunardómur verði staðfestur og verjanda ákærða dæmd málsvarnarlaun í Hæstarétti.

Svo sem rakið er í hinum kærða dómi, er ákærða gefið að sök að hafa árin 1987 - 1989 og fram í maí 1990 dregið sér samtals 7.592.992,70 krónur af fjármunum Bóksölu stúdenta, og er sú fjárhæð sundurliðuð þannig í ákærunni, að tilgreind er heildarfjárhæð ætlaðs fjárdráttar á hverju ári fyrir sig. Af rannsóknargögnum málsins, sem fylgdu ákærunni, verður ráðið, að rannsókn Rannsóknarlögreglu ríkisins beindist að ætluðum fjárdrætti ákærða, sem nam talsvert hærri fjárhæð en ákært var fyrir. Var nauðsynlegt, að ákæran bæri greinilega með sér, til hvaða tilvika hún tæki. Verknaðarlýsingu ákærunnar að öðru leyti er og verulega ábótavant. Samkvæmt þessu fullnægði ákæran ekki ákvæðum 2. mgr. 115. gr. þágildandi laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974.

Á það má auk þess fallast með héraðsdómara, að á það skorti við frumrannsókn málsins, að aflað væri skýrslna og gagna frá kærandanum, Félagsstofnun stúdenta, og forsvarsmönnum hans, meðal annars um bókhald og fjárvörslu hjá Bóksölu stúdenta.

Að því samanlögðu, sem hér hefur verið rakið, þykir málatilbún-

aði ákæruvaldsins í máli þessu svo áfátt, að staðfesta beri hinn kærða frávísunardóm.

Rétt þykir að dæma ríkissjóð til að greiða skipuðum verjanda ákærða kærumálskostnað, 30.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur er staðfestur.

Ríkissjóður greiði skipuðum verjanda ákærða, Arnmundi Backman hæstaréttarlögmanni, 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Dómur sakadóms Kópavogs 10. júní 1991.

Ár 1992, þriðjudaginn 30. júní, er á dómþingi sakadóms Kópavogs, sem háð er að Auðbrekku 10 af Ólöfu Pétursdóttur héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 51/1991: Ákæruvaldið gegn Jens Gíslasyni, en það var dómtekið í dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 19. ágúst 1991, á hendur „Jens Gíslasyni, Víðigrund 45, Kópavogi, fæddum 17. júlí 1949, fæðingarnúmer 413, fyrir fjárdrátt með því að hafa árin 1987-1989 og fram í maí 1990, þá starfsmaður Bóksölu stúdenta og verslunarstjóri þar frá því í september 1989, en bóksalan er hluti af Félagsstofnun stúdenta, Stúdentaheimilinu við Hringbraut í Reykjavík, dregið sér samtals 7.592.992,70 kr. af fjármunum bóksölunnar, og sundurliðast fjárhæðin þannig eftir árum:

Árið 1987	kr. 189.434,00
— 1988	— 1.097.074,70
— 1989	— 1.327.952,00
— 1990	— 4.978.531,40
	Kr. 7.592.992,70(?)

Telst þetta varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Niðurstöður.

— — —

Aðdragandi máls þessa er sá, að stjórnarformaður Félagsstofnunar stúdenta kærði ákærða til Rannsóknarlögreglu ríkisins 12. júní 1990 fyrir

fjárdrátt. Kom fram í skýrslu hans hjá RLR, að vaknað hefðu grunsemdir hjá stjórnendum Bóksölu stúdenta, sem sé hluti af Félagsstofnun stúdenta, að ekki væri allt með felldu um fjárreiður ákærða, fyrrum bóksölustjóra bóksölunnar. Hinn 6. júní 1990 hafi ákærði viðurkennt að hafa dregið sér allt að 1.838.607 krónum úr sjóðum bóksölunnar, en kvað fjárhæðina þó geta verið eitthvað hærri. Tveimur dögum síðar hafi ákærði viðurkennt að hafa dregið sér samtals 3.897.466 kr. úr sjóðum bóksölunnar. Hinn 10. júní s. á. á ákærði að hafa tjáð fjármálastjóra Félagsstofnunar stúdenta, að eftir sinni bestu vitund væri sú fjárhæð, sem að ofan greinir, sú fjárhæð, sem hann vissi til að hafa dregið sér, en útilokaði þó ekki þann möguleika, að um hærri fjárhæð væri að ræða, e. t. v. um 500.000 kr. Taldi stjórnarformaður Félagsstofnunar stúdenta því hugsanlegt, að heildarfjárhæð sú, sem ákærði hefði dregið sér úr sjóðum Bóksölu stúdenta, gæti verið u. þ. b. 4.500.000 kr. Af hálfu Félagsstofnunar stúdenta væri í gangi athugun í því skyni að finna, hversu há þessi viðbótarfjárhæð gæti verið. Degi síðar, 11. júní 1990, berst Félagsstofnun stúdenta greiðsla, að fjárhæð 3.050.000 kr., frá ákærða, sem ætluð sé til endurgreiðslu hluta þess fjár, sem hann hafi viðurkennt að hafa dregið sér. Lét ákærði þess getið í bréfi til stjórnar Félagsstofnunar stúdenta, að hann myndi standa skil á eftirstöðvum innan skamms.

Ekki lét ákærði þess getið í nefndu bréfi til stjórnar Félagsstofnunar stúdenta, hver fjárhæð eftirstöðva væri. Ekki kom heldur fram í skýrslu stjórnarformanns Félagsstofnunar stúdenta hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins, hversu háa fjárhæð talið væri, að ákærði hefði dregið sér að áliti stjórnar Félagsstofnunar stúdenta.

Í skjölum málsins er að finna skjal, sem nefnt er „Samkomulag um greiðslu til Ólafs Garðarssonar hdl.“. Er það dagsett 6. júní 1991 og undirritað af ákærða og Ólafi Garðarssyni. Viðurkennir Ólafur Garðarsson að hafa veitt viðtöku vegna skulda Jens Gíslasonar samtals 11.820.356 kr. Eftirstöðvar, sem nemi u. þ. b. 1.100.000 kr., greiðist innan þriggja mánaða. Ekki verður af þessu skjali ráðið, hverjum ákærði skuldi fé. Af bréfi til RLR, dags. 7. ágúst 1991, má hins vegar ráða, að hér sé um skuld ákærða við Félagsstofnun stúdenta að ræða. Samkomulag er gert milli Félagsstofnunar stúdenta og ákærða, dagsett 23. september 1991, þar sem fram kemur, að samkomulag um fullnaðaruppgjör á skuldinni, 12.000.000 kr., hafi tekist, og hafi sú fjárhæð verið greidd að fullu með tilliti til höfuðstóls og áfallinna dráttarvaxta. Málið sé því að fullu uppgert milli aðila. Jafnframt kom fram, að samkvæmt fyrstu samantekt virtist höfuðstóll kröfu Félagsstofnunar stúdenta á hendur ákærða vegna áranna 1987 til og með 1990 losa 6 milljónir.

Hvorki verður ráðið af ofangreindu samkomulagi né öðrum gögnum,

hvernig fjárhæðin 6 milljónir er fundin. Þá er ekki heldur að finna í skjölum málsins neina skilgreiningu á því, hvernig sú fjárhæð, 12.000.000 kr., sem ákærði greiddi Félagsstofnun stúdenta, er reiknuð. Við flutning málsins gat verjandi ekki gert grein fyrir því. Þá er þess að geta, að ekki er samræmi milli þeirrar fjárhæðar, sem ákært er fyrir annars vegar, og hins vegar þeirrar, sem greinir í ofangreindu samkomulagi.

Við frumrannsókn málsins hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins eru hvorki teknar skýrslur af stjórnarmönnum Félagsstofnunar stúdenta né fjármálastjóra. Við athugun á gögnum málsins kemur í ljós, að þegar ákærði játar fjárdrátt, þá liggja oftast nær fyrir gögn, er styðja játninguna. Í öðrum tilvikum ræðst ákæran einvörðungu af einhliða framburði ákærða. Virðist oft tilviljun ráða því, hvort hann telji líklegt, að um fjárdrátt hafi verið að ræða eða ekki. Sjaldnast eru gögn í málinu, sem styðja annaðhvort framburð ákærða eða ákæruna í þessum vafatilvikum. Telur dómurinn, að nauðsynlegt hefði verið að yfirheyra forsvarsmenn Félagsstofnunar stúdenta og leggja fram bókhaldsgögn Bóksölu stúdenta svo og önnur gögn til þess að staðreyna, eftir því sem kostur væri, hinn raunverulega fjárdrátt ákærða. Hafa verður það í huga, að gera verður þá kröfu til ákærunnar, að hún sé sem sönnust spegilmynd þess sakarefnis, sem rannsókn málsins hefur gefið tilefni til.

Þá er ákæra máls þessa ekki talin svo skilríik sem fyrir er mælt í 115. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Í ákæru er ákærða gefinn að sök fjárdráttur með því að hafa árin 1987-1989 og fram í maí 1990 dregið sér samtals 7.592.992,70 kr. af fjármunum bóksölunnar. Heildarfjárhæðin er sundurliðuð í samtalsfjárhæðir eftir árum. Hvorki eru einstök tilvik, sem ákært er fyrir, tilgreind í ákæruskjali né vísað til þeirra skjala frá Rannsóknarlögreglu ríkisins, sem veita yfirsýn yfir ákæruna í einstökum liðum.

Ákæran í máli þessu er reist á rannsókn, sem eigi þykir fullnægja skilyrðum laga til málshöfðunar og sjálf ákæran eigi fullnægja lagaskilyrðum. Ber því að vísa ákærunni frá dómi.

Ekki leiddi annan sakarkostnað af máli þessu en málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, 70.000 kr., sem greiðist úr ríkissjóði.

Dómsuppsaga hefur dregist vegna mikilla embættisanna dómarans, m. a. við undirbúning aðskilnaðar dómsvalds og framkvæmdavalds 1. júlí nk.

Ólöf Pétursdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá sakadómi.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Arnmundar Backman hrl., 70.000 kr., greiðist úr ríkissjóði.

Miðvikudaginn 16. september 1992.

Nr. 276/1990. **Guðmundur Guðmundsson**
gegn
Kreditkortum hf.

Kærumál. Fjárnámsgerð felld úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Garðar Gíslason og Guðmundur Skaftason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu upphaflega til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu, út gefinni 17. júlí 1990, að fengnu áfrýjunarleyfi 25. júní sama ár. Málið sætir nú kærumeðferð samkvæmt 3. mgr. 107. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 5. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991, og hafa aðilar skilað í því sókn og vörn.

Sóknaraðili krefst þess, að hinni kærðu fjárnámsgerð „verði hrundið og hún ómerkt og úr gildi felld" og varnaraðila gert að greiða sér kærumálskostnað fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst þess, að hin kærða fjárnámsgerð verði staðfest fyrir 51.195 krónum með vöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 17. maí 1988 til greiðsludags auk alls kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð, ef til kemur. Hann krefst kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila fyrir Hæstarétti.

Sóknaraðili heldur því m. a. fram, að dómskuld sú, sem í málinu greinir. hafi endanlega og að fullu verið upp gerð 9. maí 1988. Varnaraðili telur, að svo hafi ekki verið, og megi rekja það til mistaka, er orðið hafi á skrifstofu lögmanns þess, er kröfuna hafði til innheimtu, við útreikning á eftirstöðvum skuldarinnar.

Áskorunarstefnan, sem hin kærða fjárnámsgerð er byggð á, var árituð um aðfararhæfi 15. desember 1986. Með henni var gerð aðfararhæf skuld, að fjárhæð 114.462,89 krónur, ásamt 2,25% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 17. nóvember 1986 auk stimpilgjalds, 450 króna, og afsagnarkostnaðar, 205 króna, og málskostnaðar, 17.000 króna. Grundvöllur þessara krafna var tryggingarvíxill, samþykktur af Sigrúnu Guðmundsdóttur, en út gefinn af varnaraðila 17. október 1986, að fjárhæð 180.000 krónur. Hinn 9. maí 1988 greiddi sóknaraðili á skrifstofu lögmanns varnaraðila

140.419,26 krónur, er hann var krafinn um sem eftirstöðvar skuldarinnar. Fékk sóknaraðili þá í hendur ljósrit af áðurgreindum tryggingarvíxli með svofelldri áritun lögmanns kröfuhafa: „Það vottast hér með, að víxill þessi var lagður fram í bæjarþingi Reykjavíkur þann 2. 12. 1986 og er þar með eign bæjarþingsins. Víxill þessi er að fullu greiddur af Guðmundi Guðmundssyni fyrir hönd Sigrúnar Guðmundsdóttur.“ Greiðsluáskorun var birt sóknaraðila 26. október 1989, en fjárnáms var beiðst í framhaldi af henni. Fór það fram 15. nóvember 1990.

Telja verður, að sóknaraðili hafi 9. maí 1988 fengið fullnaðarkvittun fyrir kröfum þeim, er gerðar voru aðfararhæfar með áskorunarstefnunni 15. desember 1986. Ber því að fella hina kærðu fjárnámsgerð úr gildi.

Varnaraðili greiði sóknaraðila 40.000 krónur í kærumálskostnað, sem ákveðinn er án tillits til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hin kærða fjárnámsgerð er úr gildi felld.

Varnaraðili, Kreditkort hf., greiði sóknaraðila, Guðmundi Guðmundssyni, 40.000 krónur í kærumálskostnað.

Miðvikudaginn 16. september 1992.

Nr. 384/1990. **Kristín Kjartansdóttir**

gegn

Ásgeiri Thoroddsen,
Byggingarsjóði ríkisins,
dánarbúi Magnúsar Fr. Árnasonar,
dánarbúi Sigurðar Ármanns Magnússonar,
Ferðaþjónustunni hf.,
Gjaldheimtunni í Reykjavík,
Íslandsbanka hf.,
Lífeyrissjóði Sóknar,
Lífeyrissjóði verslunarmanna,
Ólafi Grímssyni,
Páli H. Pálssyni og
Tryggingastofnun ríkisins.

Kærumál. Nauðungaruppboð. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Gunnar M. Guðmundsson og Garðar Gíslason og Guðmundur Skaftason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. október 1990. Samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu sætir málið meðferð kærumála fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992. Málið hefur verið sótt og varið skriflega, og hefur sóknaraðili flutt mál sitt sjálf.

Hinn 9. júní 1992 lést varnaraðilinn Magnús Fr. Árnason, og hefur dánarbú hans tekið við rekstri málsins.

Sóknaraðili krefst þess, að „uppboðsgerð sú, er fram fór hinn 26. september 1990 á eignarhluta mínum í húseigninni Mímisvegi 4 í Reykjavík, þ. e. neðri hæð hússins m. m., verði dæmd ógild og ómerk jafnhliða því, sem uppboðsmálinu verði vísað frá uppboðsréttinum".

Af hálfu varnaraðilanna Ásgeirs Thoroddsen og Lífeyrissjóðs Sóknar er krafist staðfestingar hins kærða uppboðs og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Af hálfu Byggingarsjóðs ríkisins, dánarbús Sigurðar Ármanns Magnússonar, Gjaldheimtunnar í Reykjavík og Íslandsbanka hf. er þess aðallega krafist, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hið kærða uppboð verði staðfest. Krafist er kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Aðrir varnaraðilar hafa ekki sent Hæstarétti greinargerðir í málinu.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Hinn 8. mars 1990 var tekin fyrir í uppboðsrétti Reykjavíkur krafa varnaraðilans Ásgeirs Thoroddsen um nauðungarsölu á framangreindri eign sóknaraðila. Jafnframt voru þá lagðar fram fleiri uppboðsbeiðnir. Ákveðin var sala á eigninni 23. maí 1990. Í þinghaldi þann dag fór fram sölutilraun, en málinu var frestað til 31. ágúst s. á. Þá fór fram annað og síðara uppboð. Að lokinni sölutilraun í því þinghaldi var málinu frestað til 26. september s. á., og fór þá fram þriðja og síðasta uppboð. Allmörg boð voru þá gerð í eignina, og var hið hæsta frá Sonju Egilsdóttur, að fjárhæð 9.250.000 krónur.

Sóknaraðili reisir kröfu sína á því, að uppboðsbeiðni varnaraðilans Ásgeirs Thoroddsen sé vanreifuð, þar sem hún beri ekki með sér, hvernig krafa hans er til komin. Þá sé vaxtareikningur ófullkominn, og sundurliðaðan reikning vanti að baki málskostnaðarkröfu. Hið sama eigi við að meira eða minna leyti um aðrar uppboðsbeiðnir í málinu. Málið í heild sé því vanreifað.

Jón Gunnar Sæmundsson mætti í málinu fyrir Hæstarétti sem eiginmaður sóknaraðila, er mál þetta var þingfest þar 3. desember 1990, svo og við síðari fyrirtökur málsins, en því var frestað til munnlegs málflutnings í maí 1991. Hann hafði og mætt í uppboðsrétti nema í fyrsta þinghaldi, en þá var ekki mætt af hálfu sóknaraðila (uppboðsþola).

Krafa sumra varnaraðila um frávísun málsins frá Hæstarétti er rökstudd með skírskotun til 2. mgr. 5. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur. Er jafnframt vitnað til bréfs Friðgeirs Björnssonar, þáverandi yfirborgardómara í Reykjavík, dags. 16. apríl 1991, en þar er staðfest, að sóknaraðili og Jón Gunnar Sæmundsson hafi fengið leyfi til skilnaðar að borði og sæng 20. febrúar 1991. Í yfirlýsingu þeirra, dags. 2. maí 1991, segir, að þrátt fyrir skilnaðarleyfið búi þau enn saman sem hjón.

Eigi verður talið, að slíkir lagaannmarkar hafi verið á því, eins og hér stóð á, að Jón Gunnar Sæmundsson sækti þing í málinu af hálfu sóknaraðila, að varða eigi frávísun málsins frá Hæstarétti.

Af hálfu sóknaraðila var engum athugasemdum hreyft við kröfugerð eða málatilbúnaði í héraði. Eiginmaður sóknaraðila sótti þing, og kemur fram í endurriti úr uppboðsbók, að uppboðshaldari hafi rækt leiðbeiningarskyldu gagnvart honum. Sóknaraðili hefur og engin haldbær rök fært fram til stuðnings kröfu sinni hér fyrir dómi. Áfrýjun málsins var því ófyrirsynju og bersýnilega til hennar stofnað í þeim tilgangi einum, að málalok drægjust á langinn. Ber að átelja þetta harðlega.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hið kærða uppboð.

Eftir atvikum er rétt, að sóknaraðili greiði þeim varnaraðilum, sem tilgreindir eru í dómsorði, kærumálskostnað fyrir Hæstarétti, eins og þar greinir.

Dómsorð:

Sala framangreinds eignarhluta sóknaraðila, Kristínar Kjartansdóttur, í fasteigninni Mímisvegi 4 í Reykjavík á þriðja og síðasta uppboði, er fram fór 26. september 1990, á að vera óröskuð.

Sóknaraðili greiði varnaraðilunum Ásgeiri Thoroddsen, Byggingarsjóði ríkisins, dánarbúi Sigurðar Ármanns Magússonar, Gjaldheimtunni í Reykjavík, Íslandsbanka hf. og Lífeyrissjóði Sóknar 25.000 krónur hverjum í kærumálskostnað fyrir Hæstarétti.

Fimmtudaginn 17. september 1992.

Nr. 346/1992. **Stjórn og skilanefnd Sölusamtaka íslenskra matjurtaframleiðenda**

gegn

Lífeyrissjóði bænda.

Kærumál. Gjaldþrotaskipti. Félög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson.

Sóknaraðili kærði 13. ágúst sl. úrskurð skiptaréttar Reykjavíkur um, að bú Sölusamtaka íslenskra matjurtaframleiðenda (S.Í.M.) skyldi tekið til gjaldþrotaskipta, en hann hafði verið kveðinn upp 30. júní. Kveðst lögmaður sóknaraðila ekki hafa fengið vitneskju um úrskurðinn, fyrr en innköllun til lánardrottna birtist 31. júlí. Um kæruheimild er vísað til 2. mgr. 191. gr., sbr. 179. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991, sbr. 144. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Þess er krafist, að hinum kærða úrskurði verði hrundið, og einnig er krafist kærumálskostnaðar. Kæra þessi er nægilega snemma fram komin.

Af hálfu varnaraðila er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Hinn kærði úrskurður er þannig:

„Bú Sölusamtaka íslenskra matjurtaframleiðenda, kt. 651185-0339, Reykjavík, er tekið til gjaldþrotaskipta."

Samkvæmt skjölum málsins voru Sölusamtök íslenskra matjurtaframleiðenda skráð í firmaskrá í Reykjavík 10. mars 1986. Nafngreindir sex menn voru í tilkynningu sagðir stofnendur með ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum samtakanna. Félagssamningur var sagður dagsettur 25. nóvember 1985, skattaðild var sögð sjálfstæð, fjórir stjórnarmenn voru sagðir rita firmað sameiginlega, en prókúruhafar tveir nafngreindir menn.

Í samþykktum samtakanna, sem lagðar eru fram í málinu, segir í 2. gr. meðal annars þetta um tilgang þeirra:

„S.Í.M. selur afurðir félagsmanna sinna og annast sölu á hvers konar öðrum framleiðsluvörum félagsmanna, þeirra er þess óska ...

S.Í.M. skulu starfa sem almenn hagsmunasamtök matjurtaframleiðenda og gæta réttar félagsmanna sinna í hvívetna.

S.Í.M. er heimilt að eiga hús og aðra muni fyrir starfsemi sína, og jafnframt er samtökunum heimilt að annast innflutning og vörusölu.

Enn fremur er S.Í.M. heimilt í sambandi við matjurtasöluna að reka aðra starfsemi, er dregið getur úr rekstarkostnaði samtakanna og verið til hagsbóta fyrir félagsmenn."

Í 3. gr. samþykktanna segir meðal annars:

„Félagsmenn geta allir orðið, sem rækta matjurtir og framleiða skyldar afurðir..."

Í 6. gr. samþykktanna segir, að halda skuli eftir nokkrum hluta af andvirði seldra matjurta til að standa undir rekstrarkostnaði samtakanna. Fari um það eftir nánari reglum, sem stjórnin setji.

Í 7. gr. eru reglur um ábyrgð félagsmanna á eigin framleiðslu. Þá segir, að annað ófyrirséð tjón samtakanna skuli greitt af félagsmönnum í hlutfalli við framleiðsluverðmæti þeirra matjurta, sem þeir hafa falið samtökunum að selja.

Í 8. gr. segir, að 1/2% af framleiðendaverði renni í séreignasjóð, sem teljist lán til samtakanna.

Í 9. gr. segir, að aðalfundir og aukafundir fari með æðsta vald í málefnum samtakanna. Skv. 10. gr. skal stjórn kosin á aðalfundi. Skv. 11. gr. hefur hver félagsmaður eitt atkvæði á fundum.

Í 14. gr. segir, m.a.:

„Allir samningar, er stjórnin eða framkvæmdastjórar gera fyrir hönd S.Í.M. samkv. lögum þessum, eru bindandi fyrir félagsheildina og hvern einstakan félaga ..."

Í 17. gr. segir, að samþykktunum megi breyta með 2/3 hlutum atkvæða á aðalfundi.

Um úrsögn segir í 18. gr.:

„Hver félagi á rétt á að segja sig úr S.Í.M., enda tilkynni hann það stjórninni skriflega fyrir 1. mars, og miðast úrsögnin við lok ársins. Þó er enginn félagsmaður laus við skuldbindingar sínar við S.Í.M., fyrr en birgðir yfirstandandi reikningsárs eru seldar og reikningsskilum lokið..."

Í kæru Árna Vilhjálmssonar hæstaréttarlögmanns 13. ágúst 1992 segir meðal annars:

„Hinn 4. desember 1989 var síðasti aðalfundur samtakanna haldinn og þar ákveðið, þar sem gjaldþrotaúrræðið var ekki tækt, að kjósa þriggja manna skilanefnd fyrir samtökin, og kaus fundurinn af sinni hálfu í nefndina Árna Vilhjálmsson hrl. og Guðjón Eyjólfsson, löggiltan endurskoðanda, en landbúnaðarráðuneytið tilnefndi Guðmund Sigþórsson skrifstofustjóra. Í samþykkt fundarins var tekið fram, að skilanefndin ætti að leysa stjórnina frá störfum og freista þess að slíta samtökunum. Ekki var unnt að tilkynna þessa skipan til firmaskrár eða í Lögbirtingablað, þar sem hér var verið að gera tilraun til þess að skipta eignum samtakanna með frjálsum samningum við lánardrottna."

Í kæru segir, að hún sé á því reist, að skv. 3. tl. 13. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 verði sameignarfélög aðeins tekin til skipta ásamt búum eigenda. Samtökin, sem hér sé fjallað um, séu hvorki hluta- né samvinnufélag eftir lögum nr. 32/1978 eða 46/1937. Verði því að líta svo á, að sölusamtökin séu sameignarfélag með ótakmarkaðri ábyrgð 204 matjurtaframleiðenda og af þeim sökum ekki skilyrði til að úrskurða þau gjaldþrota.

Af hálfu varnaraðila hefur Ingi Ingimundarson hæstaréttarlögmaður sent greinargerð, þar sem segir m.a., að samþykktir S.Í.M. beri ekki ótvírætt með sér, að félagsmenn beri ótakmarkaða ábyrgð, og því sé ekki um sameignarfélag að ræða í skilningi 3. tl. 13. gr. laga nr. 6/1978. Beri að taka bú félagsins til gjaldþrotaskipta eftir síðari málslið þessa töluliðar.

Fallast verður á það með lögmanni varnaraðila, að samþykktir sóknaraðila kveði ekki ótvírætt á um persónulega ábyrgð félagsmanna á skuldbindingum samtakanna. Slík ábyrgð verður ekki byggð á þeirri tilkynningu til firmaskrár, sem fyrr er lýst, enda er því ekki haldið fram í málinu. Hún verður ekki heldur leidd af lagareglum. Af þessum ástæðum er rétt að taka bú sóknaraðila til gjaldþrotaskipta.

Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Rétt er, að sóknaraðili greiði varnaraðila 40.000 krónur í kærumálskostnað.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, stjórn og skilanefnd Sölusambands íslenskra matjurtaframleiðenda, greiði varnaraðila, Lífeyrissjóði bænda, 40.000 krónur í kærumálskostnað.